Nd. **1. Frumvarp til laga** **[1. mál]**

um breyting á lögum nr. 85 15. des. 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa greiðslufrest til 15. október 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja.

Tímabilið frá gildistöku laga þessara til 15. október 1949 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 85 15. desember 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð oss, að 1. júlí 1949 renni út, samkvæmt 4. gr. laga nr. 85 1948, greiðslufrestur á skuldum útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð hafa fengið samkvæmt 2. gr. téðra laga. Nú sé skuldaskilum síldarútvegsmanna ekki lokið og til þess að gera þeim kleift að hefja síldveiðar á þessu sumri vegna útvegunar reksturslána o. fl., beri brýna nauðsyn til að framlengja framangreindan greiðslufrest til 15. október 1949.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa greiðslufrest til 15. október 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja.

Tímabilið frá gildistöku laga þessara til 15. október 1949 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. júní 1949.

Emil Jónsson. Jón Pálmason. Árni Tryggvason.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 2. Tillaga til þingsályktunar [2. mál]

um innflutning heimilisvéla.

Flm.: Kristín Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að á næsta ári verði fluttar til landsins, í samráði við félagssamtök húsmæðra, nýtízku heimilisvélar, sem í senn létta störf heimilanna og auka þægindi þeirra.

Verði innflutningsmagn þessara tækja miðað við að fullnægja eftirspurninni, eftir því sem framast má verða.

Greinargerð.

Eftir því sem rafvirkjun hefur aukizt hér á landi og fólki hefur lærzt að notfæra sér hin auknu lífsþægindi, er rafmagnið veitir, hefur aukizt þörfin fyrir rafmagnstæki til heimilisnotkunar, svo sem eldavélar, þvottavélar, ísskápa, hrærivélar, strauvélar, ryksugur, þvottapotta o. fl.

Innflutningur á þessum heimilisvélum hefur verið það lítill, að flest heimili hafa ekki enn getað aflað sér þeirra, nema þá að litlu leyti.

Húsmæðrafélag Reykjavíkur og ýmis fleiri félagssamtök kvenna hafa hvað eftir annað farið fram á aukinn innflutning þessara tækja. Það er og alkunnugt, að húsmæður hafa yfirleitt þreytandi og erfiðum störfum að gegna, meðal annars vegna þess, að hjálparstúlkur eru nær ófáanlegar. Virðist því sanngjarnt, að óskum þeirra um aukinn innflutning heimilisvéla sé sinnt.

Sþ. 3. Breytingartillaga [2. mál]

við till. til þál. um innflutning heimilisvéla.

Frá Páli Zóphóníassyni og Hannibal Valdimarssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um, að á næsta ári verði fluttar til landsins eldavélar, olíuvélar, ofnar, lampar og önnur heimilistæki, sem tilfinnanleg vöntun hefur verið á úti um byggðir landsins, þar sem raforkan hefur enn ekki verið tekin í þjónustu heimilanna, — enn fremur rafmagnseldavélar, þvottavélar, hræri-

vélar, ísskápar, ryksugur og fleiri nýtízku rafmagnstæki, sem í senn létta störf heimilanna og auka þægindi þeirra.

Verði innflutningsmagn þessara tækja miðað við að fullnægja eftirspurninni og látið njóta sams konar tilkalls til gjaldeyris sem nauðsynlegustu rekstrarvörur til atvinnuveganna.

Nd. 4. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Kristín Sigurðardóttir.

1. gr.

f-liður 30. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögunum um dýrtíðarráðstafanir, sem Alþingi samþykkti í lok síðast liðins árs, voru teknar upp nokkrar nýjar tekjuöflunarleiðir til þess að afla tekna fyrir dýrtíðarsjóð. Þar á meðal eru í 30. gr. laganna ákvæði um viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi á ýmsum vörum, og í f-lið greinarinnar segir, að greiða skuli í viðbótargjöld „af innflutningsleyfum fyrir rafmagnstækjum til heimilisnota, öðrum en eldavélum og þvottavélum, 100% af leyfisfjárhæð, en af leyfum fyrir þvottavélar 50%".

Frumvarp það, sem hér er flutt, felur í sér, ef að lögum yrði, að þessi háu gjöld á rafmagnstæki til heimilisnota falli með öllu niður.

Eins og alkunnugt er, eiga húsmæður nú mjög erfitt með að fá nægjanlega húshjálp, en þeim er að sjálfsögðu til hins mesta hagræðis að geta fengið nýtízku heimilisvélar til margvíslegra þæginda og vinnu á heimilum. Hafa húsmæður því lagt áherzlu á, að aukinn væri innflutningur slíkra tækja, en jafnframt er með öllu óverjandi, að verðlagi þeirra sé ekki í hóf stillt, svo sem verða má. Þess vegna er þetta frumvarp flutt, og verður nánar gerð grein fyrir því í framsögu.

Ed. 5. Frumvarp til laga [4. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

a. Liðurinn B. 50 í 2. gr. laganna orðist svo:
Snæfjallastrandarvegur: Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Sandeyri.

b. Á eftir B. 51 í sömu gr. kemur nýr liður:
Reykjarfjarðarvegur: Af Ögurvegi frá Eyri í Ísafirði um Reykjarfjörð — með afleggjara í Reykjanes — um Þúfnadal — með afleggjara í Vatnsfjörð — til Skálavíkur í Mjóafirði.

c. Á eftir B. 55 í sömu gr. kemur nýr liður:
Seyðisfjarðarvegur: Frá Súðavík fyrir Álftafjarðarbotn um Sjötúnahlíð og Kambsneshál inn fyrir Seyðisfjörð að Hesti í Hestfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að Snæfjallastrandarvegur, sem nú er í þjóðvegatölu að Bæjum á Snæfjallaströnd, lengist út ströndina til Sandeyrar. Í annan stað er hér lagt til, að vegur um meginhluta Reykjarfjarðarhrepps liggi út með Ísafirði að skólasetrinu Reykjanesi, fyrir Reykjarfjörð, um þveran Þúfnadal með afleggjara að Vatnsfirði og þaðan að Skálavík við Mjóafjörð. — Er það álit flutningsmanns þessa frumvarps, að þessum vegi um byggðir Reykjarfjarðarhrepps beri að hraða sem mest má verða. Þriðja efnisatriði þessa frumvarps fjallar um veg um byggðina í Álftafirði og Seyðisfirði.

Væri þá mikil bót ráðin í samgöngumálum Inndjúpsins, er þessir vegir hefðu verið lagðir, þó að samfellt vegakerfi um Norður-Ísafjarðarsýslu yrði að bíða betri tíma.

Nd. 6. Frumvarp til laga [5. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

1. Á eftir C. 3 í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
   a. *Vesturárdalsvegur:* Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár um Kollafoss að Húki.
   b. *Heggstaðanesvegur:* Af Norðurlandsvegi vestan Miðfjarðarár um flugvöll á Miðfjarðarsandi að Bálkastöðum.
   c. *Austursíðuvegur:* Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár um brú á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg.
   d. *Austurárdalsvegur:* Frá Austurárbrú um Hnausakot að Aðalbóli.
2. Á eftir C. 6 í sömu gr. koma nýir liðir:
   a. *Ásabæjarvegur:* Af Vesturhópsvegi hjá Þorfinnsstöðum að Stóru-Borg.
   b. *Fitjavegur:* Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Hrísa að Fremri Fitjum.
   c. *Víðidalsvegur:* Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Víðidalstungu og brú á Víðidalsá að Kolugili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til, að nokkrir vegakaflar í Vestur-Húnavatnssýslu verði teknir í tölu þjóðvega. Í þeim sveitum, sem vegir þessir eiga að liggja um, eru margar góðar jarðir og möguleikar til aukinnar framleiðslu. En þar er þörf fyrir vegabætur, og því er frumvarp þetta fram borið.

Nd. 7. Frumvarp til laga [6. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna, tilkynningarskylda o. fl.

1. gr.

Lög þessi ná til sérhverrar starfrækslu, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.

Undanþegin lögum þessum eru:

1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða.

Ráðherra getur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, skuli þó vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Verkamaður merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Vinnuveitandi merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri verkamenn.

Sé fyrirtæki, sem lög þessi ná til, starfrækt af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins annar eða einn þeirra vinnuveitandi samkvæmt þessum lögum, en hinn eða hinir teljast vera verkamenn, enda vinni þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver sé talinn vinnuveitandi.

Framkvæmdastjóri félags telst vinnuveitandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst vinnuveitandi sá, er umsjón hefur með starfrækslunni, og skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver það er.

3. gr.

Sérhvert fyrirtæki, sem lög þessi ná til (sbr. 1. gr.), skal tilkynna öryggiseftirlitinu starfrækslu sína áður liðinn er hálfur mánuður frá því hún hófst. Tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfræksluna, hvers konar og hve mikil orka er notuð, hve margir verkamenn vinni þar að jafnaði og annað það, er máli kann að skipta og krafizt verður.

Þegar gerð er breyting á fyrirtæki, skal senda öryggiseftirlitinu sams konar tilkynningu og um getur í 1. málsgr. þessarar greinar strax og breytingum er lokið.

Eigandi farandvélar skal tilkynna öryggiseftirlitinu, hvar vélin er í notkun á hverjum tíma.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli öryggismálastjóra og vinnuveitanda um það, hvort lög þessi nái til starfrækslu, má skjóta ágreiningnum til öryggisráðs, og kveður það upp úrskurð um hann.

II. KAFLI
Almenn ákvæði um tilhögun á vinnustað.

5. gr.

Vinnuveitanda ber að sjá um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu verndaðir gegn slysum og sjúkdómum eftir því, sem föng eru frekast til.

Vinnuveitanda ber að sjá svo um, að verkamenn fái vitneskju um, ef hætta fylgir störfum þeirra og á hvern hátt bezt sé að forðast hana. Sérstaklega skal leiðbeina óvönum verkamönnum, nemum og ungum verkamönnum í þessu efni.

6. gr.

Verkamenn skulu stuðla að því eftir megni, að allt, sem gert er til að vernda þá gegn slysum og sjúkdómum, komi að sem beztum notum, þeim ber og að stunda reglusemi og nauðsynlega varkárni á vinnustað.

Verkamenn skulu sérstaklega gæta þess, að vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, sé í góðu lagi, og skulu þeir lagfæra þá galla, sem á kunna að verða, ef unnt er, en annars tilkynna þá yfirmanni sínum.

Verði verkamaður fyrir slysi við vinnu sína, ber honum að tilkynna það yfirmanni sínum svo fljótt sem verða má. Eigi má hann taka upp vinnu sína á ný, fyrr en það hefur verið lagfært, sem kann að hafa verið í ólagi.

Þegar verkamönnum er ætluð sérstök matstofa, sem öryggiseftirlitið hefur viðurkennt, er þeim óheimilt að neyta matar síns annars staðar á vinnustað.

7. gr.

Trúnaðarmaður verkamanna (sbr. 45. gr.) skal reglulega líta eftir því, að allur öryggisútbúnaður sé í góðu lagi og hann notaður á réttan hátt. Verði hann var einhverra ágalla, skal hann tilkynna það vinnuveitanda. Verði trúnaðarmaðurinn þess var, að hægt sé að bæta um öryggisútbúnaðinn á einhvern hátt, ber honum að vekja athygli vinnuveitanda á því. Sömuleiðis skal trúnaðarmaðurinn vekja áhuga verkamanna á notkun alls þess, er til öryggis má verða, og leiðbeina þeim um allt það, er að öryggisútbúnaðinum lýtur.

Trúnaðarmaður skal, í samráði við verkstjóra, hafa gát á því, að óviðkomandi menn séu ekki á ferli á vinnustað.

8. gr.

Þegar um vinnu er að ræða, sem hefur í för með sér óvenjulega mikla hættu fyrir líf, limi eða heilbrigði verkamanna eða er óvenjulega erfið, getur ráðherra sett reglur í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð um öryggisútbúnað umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Í þeim reglum geta verið ákvæði um takmörkun vinnutímans, að verkamenn innan 18 ára aldurs séu eigi látnir framkvæma verkið og eigi heldur verkamenn, sem hafi annaðhvort ekki nægilegt líkamlegt eða andlegt atgervi til vinnunnar.

9. gr.

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma til muna. Vinnuveitandinn er skyldur að gefa verkamönnunum frí frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að skoðunin geti farið fram.

10. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, að gefa út reglugerðir og aðrar reglur um tilhögun á vinnustað, starfsháttu og önnur atriði, er varða heilbrigði og velferð verkamanna, svo og um öryggisútbúnað til að forðast

slys og sjúkdóma af völdum vinnunnar, allt innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða.

Ef vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, er þannig gerður, að nauðsynlegt sé að sannreyna styrkleika hans eða önnur gæði eða rannsaka hann á annan hátt, ber seljandinn eða eigandinn allan eða nokkurn hluta kostnaðarins af rannsókninni eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

11. gr.

Sérhver, sem ætlar að reisa eða starfrækja verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, er máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.

Vilji hlutaðeigandi ekki una úrskurði öryggismálastjóra, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar öryggisráðs.

III. KAFLI

Sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna.

12. gr.

Um verksmiðjur, verkstæði, verzlunarstaði og skrifstofur gilda eftirfarandi ákvæði, enda séu þessi fyrirtæki starfrækt að staðaldri á sama stað:

1. *Lofthæð.* Þar, sem unnið er, skal eigi vera lægra undir loft en 2.5 m, en sé hiti mikill, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, sem eigi er hægt að fjarlægja, skal lofthæð vera a. m. k. 3 m.
2. *Loftrúm.* Við vinnu skal hver verkamaður hafa a. m. k. 15 m^3 loftrúm. Þó má minnka loftrúmið niður í 10 m^3 fyrir hvern verkamann, ef sérstök loftræsting er fyrir hendi, enda samþykki öryggismálastjóri það. En sé hins vegar óhjákvæmilega mikill hiti á vinnustaðnum, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, getur öryggismálastjóri krafizt þess, að loftrúmið sé aukið allt upp í 25 m^3. Þegar reiknað er út loftrúm, skal eigi taka tillit til hæðar, sem er yfir 4 m.
3. *Gólf.* Á vinnustað skulu gólfin vera úr því efni, er bezt hentar hverju sinni, og efnisvalið fara eftir vinnu þeirri, sem að er unnið.
4. *Þak, veggir og loft.* Á vinnustað skal þak, veggir og loft vera nægilega þétt og hlý. Málningu skal haldið vel við, þar sem málað er, en sé vinnustaðurinn kalkaður, skal kalka á hæfilegum fresti. Öryggismálastjóri getur bannað að nota veggfóður á loft og veggi, ef hann telur það óhentugt af heilbrigðis- eða hreinlætisástæðum.
5. *Lýsing.* Sérhver verkamaður skal hafa þá birtu við vinnu sína, er bezt hentar hverju sinni, svo að sjón hans sé ekki hætta búin.
6. *Hreingerning.* Vinnustaðir skulu vera tilhlýðilega hreinsaðir. Hreingerningu skal lokið a. m. k. ¼ klst. áður en vinna hefst.
7. *Hiti.* Upphitun skal vera nægileg á vinnustað og í matstofu að dómi trúnaðarmanns verkamanna og öryggismálastjóra, og fari eftir því, hver vinna er stunduð.
8. *Drykkjarvatn.* Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilegu og góðu drykkjarvatni, og skal svo vera um búið, að hægt sé að gæta nægilegs hreinlætis, þegar þess er neytt.
9. *Handþvottur og böð.* Á sérhverjum vinnustað skulu vera nægilega margar handlaugar eða annar hentugur útbúnaður með sápu eða öðru þvottaefni

fyrir verkamenn til að þrífa sig. Skal þeim haldið tilhlýðilega hreinum. Handlaugarnar skulu vera í eða fast við búningsherbergi, ef það er fyrir hendi, en annars í vinnuherbergi. Telji öryggismálastjóri það nauðsynlegt af þrifnaðareða heilbrigðisástæðum, getur hann krafizt þess, að heitt vatn sé tiltækilegt til notkunar við þvottinn. Af sömu ástæðum getur hann krafizt þess, að sérstök bað- eða þvottaherbergi séu til afnota, og eru verkamenn þá skyldugir að nota þau.

10. *Búningsherbergi o. fl.* Þegar vinnu er þannig háttað, að nauðsynlegt sé að hafa fataskipti áður en vinna hefst og að henni lokinni, skulu verkamenn hafa aðgang að búningsherbergi, er sé nálægt vinnustað þeirra og hæfilega útbúið, m. a. að því leyti, að hægt sé að geyma fatnaðinn, svo að vel fari. Eigi má geyma fatnaðinn þar, sem matazt er, nema öryggismálastjóri hafi gefið leyfi til þess, eigi heldur í vinnuherbergjum verkstæða og verksmiðja, nema í skápum, sem til þess eru sérstaklega gerðir. Hægt er að krefjast þess, að fatnaður sá, sem verkamenn nota við vinnu sína, sé geymdur annars staðar en fatnaður sá, sem þeir nota ekki við vinnu, enda sé vinnu þannig háttað, að eigi verði hjá því komizt, að vinnufatnaður óhreinkist verulega. Reiðhjól og önnur svipuð farartæki, sem verkamenn nota til og frá vinnu, skal vera hægt að geyma á tryggum og hagkvæmum stað, meðan á vinnu stendur. Frá þessu síðastnefnda ákvæði getur öryggismálastjóri þó gefið undanþágu þeim fyrirtækjum, sem tekin eru til starfa, er lög þessi öðlast gildi, enda sé það verulegum vandkvæðum bundið að koma slíku skýli fyrir.

11. *Vinnufatnaður o. fl.* Verkamenn skulu vera í vinnufötum, sem vel henta fyrir vinnuna. Sé af heilbrigðisástæðum nauðsynlegt að nota sérstök vinnuföt, má krefjast þess, að vinnuveitandinn láti þau í té og annist hreinsun þeirra. Verði ekki hjá því komizt að vinna í miklum hita eða raka, getur öryggismálastjóri lagt svo fyrir, að verkamönnum sé gefinn kostur á því að skipta um föt og fá fatnað sinn þurrkaðan.

12. *Matstofa og dvalarstofa.* Verkamenn skulu hafa aðgang að matstofu eða öðrum hentugum stað til að matast. Þar skal vera hægt að hita upp mat og drykk. (Sbr. enn fremur síðustu málsgr. 6. gr.)

13. *Salerni.* Hæfilega mörg vatnssalerni skulu vera til afnota fyrir verkamenn. Þau skulu vera nálægt vinnustað og tilhlýðilega frá þeim gengið. Þar sem 5 kvenmenn eða fleiri vinna að staðaldri, skal þeim ætlað sérstakt salerni.

14. *Stólar.* Þegar verkamönnum er ætlað að vinna sitjandi, skulu þeir hafa til afnota hentuga stóla. Sé þeim hins vegar ætlað að vinna standandi, má krefjast þess, að þeir fái til afnota sæti, sem þeir geta notað, þegar tækifæri gefst við vinnuna.

15. *Loftræsting.* Á vinnustað skal andrúmsloftið endurnýjað nægilega og á þann hátt, er bezt hentar viðkomandi starfrækslu. Þó skal þess gætt, að skaðlegur súgur sé ekki, þar sem unnið er.

16. *Reykur, gufa, eitraðar og sprengifimar gastegundir o. fl.* Gastegundir, sem óhollusta eða sprengihætta stafar af, svo og reykur, gufa, hitasvækja og óþefur, sem myndast í einstökum vinnustofum, skal leitt burt frá stað þeim, þar sem það myndast, eftir því sem frekast er unnt, en þess ætíð gætt, að það berist ekki í aðrar vinnustofur. Þar sem ekki er hægt að komast hjá óhreinindum í andrúmsloftinu, sem hætta stafar af, skal verja verkamenn gegn áhrifum þeirra á viðeigandi hátt. Verkamenn skal verja eftir megni gegn áhrifum mikils hita.

17. *Skaðlegur raki.* Ef vinnuaðferðin hefur í för með sér, að hið venjulega rakastig loftsins breytist til muna, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn áhrifum rakans.

18. *Ryk.* Aðferðum við vinnuna skal eftir mætti hagað þannig, að ryk myndist ekki. Verði ekki hjá því komizt, að ryk berist í andrúmsloftið, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þess.
19. *Eitruð efni og önnur efni hættuleg heilsu manna.* Alls staðar þar, sem framleidd eru eitruð efni eða önnur efni, sem eru hættuleg heilsu manna, slík efni myndast, eru notuð, vegin, búið er um þau eða með þau farið á annan hátt, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þeirra. Sé þess nokkur kostur, skal nota miður hættuleg efni eða hættulaus efni í stað hinna hættulegu, enda hafi það ekki verulegt óhagræði í för með sér fyrir starfræksluna. Í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð getur ráðherra bannað framleiðslu eða notkun sérstaklega hættulegra efna eða sett þau skilyrði fyrir leyfi á notkun þeirra, að sérhvert ílát eða umbúðir, sem efnin eru í hrein eða blönduð öðrum efnum, beri þess greinileg merki.
20. *Smithætta.* Ef sérstök hætta er á, að verkamenn geti smitazt af sjúkdómum við vinnu sína, skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að verja þá smitun.
21. *Hlífðarútbúnaður verkamanna o. fl.* Verkamönnum skal látinn í té sérstakur hlífðarútbúnaður, svo sem grímur, hanzkar, gleraugu, eyrnahlífar og öndunaráhöld, þeim til varnar gegn skaðlegum áhrifum, ef ekki er á annan hátt hægt að verja þá gegn þeim. Kostnaðinn af slíkum hlífðarútbúnaði ber vinnuveitandinn. Verkamönnum ber að nota þennan hlífðarútbúnað, þegar þeir eru við slíka vinnu.
22. *Náttból.* Ef vinnustaður er svo afskekktur, að örðugt sé fyrir verkamenn að útvega sér náttból, skal vinnuveitandi láta verkamönnum í té tilhlýðilegan og ef þörf krefur upphitaðan næturdvalarstað, þar sem karlar og konur geta dvalið hvort í sínu lagi.

13. gr.

Eigi vinnuveitandi að sjá verkamönnum fyrir húsnæði, skal það vera svo rúmgott, að hver verkamaður hafi eigi minna loftrými, þar sem sofið er, en 7 m^3. Hver verkamaður skal hafa hæfilega stórt hvílurúm fyrir sig. Bil milli rúma skal eigi vera minna en 1 m, en liggi rúm samhliða hvort hjá öðru, skal vera þétt skilrúm á milli þeirra. Konur skulu hafa svefnklefa sérgreinda frá svefnklefum karla.

Gera má rúmaraðir tvöfaldar, efri og neðri rúm, en þá má hæð undir loft hvergi vera minni en 2.65 m.

Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilega rúmgóðu eldhúsi og hafa til umráða hentuga matargeymslu, enda sjái vinnuveitandi þeim eigi fyrir fæði. Þá skulu þeir og hafa aðgang að nægilega rúmgóðri borðstofu.

Að öðru leyti gilda ákvæði 12. gr. þessara laga um húsnæði verkamanna eftir því, sem við á og ráðherra ákveður í reglugerð í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð.

Sé vinna stunduð aðeins skamma hríð á sama stað, getur öryggismálastjóri gefið undanþágu frá einstökum ákvæðum þessarar greinar.

14. gr.

Ef vinna fer fram að nokkru eða öllu leyti undir berum himni, í opnum skúrum, undir hlífðarþaki eða á annan svipaðan hátt, gilda ákvæði 12. gr. þessara laga að svo miklu leyti, sem við getur átt.

15. gr.

Um starfrækslu, sem ákvæði 12. gr. þessara laga ná ekki til, t. d. byggingavinnu, fermingu og affermingu skipa, mannflutninga og aðra flutninga, matsölustaði, gistihús, skemmtistaði, landbúnað og garðyrkju, ákveður ráðherra samkvæmt tillögum öryggismálastjóra og öryggisráðs, að hve miklu leyti ákvæði 12. gr. skuli ná til slíkrar starfrækslu.

Rísi ágreiningur um það, hvort einhver starfræksla falli undir ákvæði 12. gr. eða þessarar greinar, sker öryggisráð úr ágreiningnum.

IV. KAFLI
Ráðstafanir til að verjast slysum.

16. gr.

Byggingar allar og önnur mannvirki, sem lög þessi ná til, svo og vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður skal vera tryggilega gerður, og skal hann notaður og honum haldið við á tilhlýðilegan hátt. Þar sem byggingarsamþykktir eru í gildi, skal farið eftir ákvæðum þeirra, enda séu ekki gerðar strangari kröfur í lögum þessum. Ef nauðsynlegt er, skal vinnuveitandi láta fram fara rannsókn á því, hvort frágangur sé tryggilegur.

Þegar fyrirkomulag bygginga og annarra mannvirkja er ákveðið, skal þess gætt, að gangar, stigar og útgöngudyr séu nægilega greiðfærar, ef eldsvoða ber að höndum. Hættulegar gryfjur, skurðir og annað þess háttar skal vera nægilega varið. Gólfum skal haldið þannig við, að ekki sé sérstök hætta við falli á þeim. Hvarvetna þar sem umferð er, skal vera séð fyrir nægilegri birtu.

Útbúnaður, sem gerður er til varnar slysum, skal vera eins hentugur og frekast eru föng á og settur upp á réttan hátt. Honum skal haldið nægilega vel við.

17. gr.

Enginn framleiðandi eða seljandi má láta af hendi vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, nema ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé tryggilega fullnægt, og skal allur nauðsynlegur öryggisútbúnaður fylgja vélunum.

Sá, sem setur upp vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, ber ábyrgð á því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skerða þó á engan hátt ábyrgð þá, sem hvílir á vinnuveitanda samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra getur ákveðið, að hver sá, sem lætur af hendi aflvélar, verkfæri eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, skuli tilkynna það öryggismálastjóra. Lætur öryggiseftirlitið þá í té ókeypis eyðublöð fyrir tilkynningarnar.

Raforkuver skulu láta öryggiseftirlitinu í té upplýsingar um sölu þeirra á raforku, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

18. gr.

Á sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, skal vera tiltækilegur útbúnaður til hjálpar í viðlögum, og skal útbúnaðurinn vera í samræmi við nánari fyrirmæli öryggismálastjóra. Sömuleiðis getur öryggismálastjóri krafizt þess af stærri fyrirtækjum, að þau búi út sérstakar slysastofur eftir nánari fyrirmælum hans.

Í fyrirtækjum, þar sem slysahætta er veruleg, skal einn eða fleiri af verkamönnunum hafa tekið þátt í námskeiði í hjálp í viðlögum, og hafi þá sá eða þeir verkamannanna einir umráð yfir útbúnaði þeim, sem er fyrir hendi til hjálpar í viðlögum.

19. gr.

Sérhver vél, allur búnaður hennar, undirstöður og festing skal vera fulltraust og þannig frá öllu gengið, að notkun vélarinnar hafi sem minnsta slysahættu í för með sér. Ef nauðsynlegt er, skal vélin vera með hentugum öryggisbúnaði, sem byggður sé með henni, sé þess nokkur kostur.

Ef öryggismálastjóri telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum, getur hann

krafizt þess, að þannig sé frá vél og öryggisbúnaði hennar gengið, að eigi sé hægt að nota vélina, nema öryggisbúnaður hennar sé í fullu lagi.

Eigi má taka öryggisbúnað af vél meðan hún er í notkun.

Gangar ætlaðir til umferðar í vélarúmum eða öðrum stöðum, þar sem vélar eru í notkun, skulu vera svo breiðir og háir, að umferð þar sé hættulaus. Önnur bil milli véla skulu vera lokuð, meðan önnur hvor eða báðar vélarnar eru í gangi, og á þann hátt, er öryggismálastjóri kann að segja fyrir um.

Meðan vél er í gangi má eigi leggja á hana reim, snúru eða annað þess háttar, hreinsa hana, smyrja eða gera annað svipað við hana, nema það sé óumflýjanlega nauðsynlegt og þá því aðeins, að gætt sé ýtrustu varkárni, t. d. þess, að viðkomandi verkamaður sé eigi þannig klæddur, að fötin auki hættuna.

Þegar eigi verður hjá því komizt, t. d. vegna viðgerðar eða annars þess háttar, að unnið sé nálægt eða við hættulegar vélar, skal þeim haldið kyrrum og þannig vera frá þeim gengið, að þær verði eigi settar í gang, unz vinnunni er lokið.

Eigi má nota hanzka, vettlinga eða annað þess háttar við vörzlu véla, ef það kann að auka slysahættu.

20. gr.

Aflvélar skulu vera þannig gerðar, að ræsa megi þær hættulaust, sé gætt venjulegrar varkárni. Öryggismálastjóri getur sett nánari reglur um þetta atriði.

Þegar vélar eru tengdar aflvélinni, má ekki ræsa hana, fyrr en gefið hefur verið greinilegt merki um það, og skal merkið heyrast alls staðar þar, sem þess er þörf. Frá þessu ákvæði getur öryggiseftirlitið gefið undanþágu, ef slysahætta eykst ekki við það að þess áliti.

21. gr.

Frá öllum drifbúnaði skal tryggilega gengið og settar um hann hlífar allt eftir nánari fyrirmælum öryggismálastjóra.

22. gr.

Frá vinnuvélum skal þannig gengið, að hægt sé að stöðva þær fljótt og hættulaust frá vinnustað, enda telji öryggiseftirlitið þá varúðarráðstöfun ekki ónauðsynlega.

Ef vinnuvél er reimknúin frá hreyfli eða drifás og ekki er hægt að ræsa, þegar vinnuvélin er í tengslum, skal vera þannig frá henni gengið, að hún verði á öruggan hátt tekin úr tengslum með búnaði, er öryggismálastjóri samþykkir.

23. gr.

Ílát með gufu eða öðrum gastegundum, sem eru með yfirþrýstingi, skulu vera nægilega sterk og þannig frá þeim gengið að öðru leyti, að sem minnst hætta stafi af þeim. Sérstaklega skal þess gætt, að þrýstingsaukning í þeim hafi ekki verulega aukna hættu í för með sér.

24. gr.

Gæzlu gufukatla og suðukatla, sem eru með yfirþrýstingi, má aðeins fá í hendur reglumönnum og áreiðanlegum mönnum, sem eru fullra 18 ára að aldri.

Sá, sem stendur fyrir gæzlu eða gætir á eigin ábyrgð gufuketils með hitafleti, sem er 30 m^2 eða meira, skal hafa vélstjórapróf eða hafa notið annarrar menntunar, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, telur fullnægjandi.

Þeir, sem gæta á eigin ábyrgð annarra gufukatla en þeirra, er getur í 2. málsgr. þessarar greinar, þurfa að hafa notið þeirrar menntunar, er öryggismálastjóri tekur gilda, eða að sanna á annan hátt fyrir honum kunnáttu sína, t. d. með því að ganga undir próf hjá honum eða fulltrúa hans.

Verði gæzlumaður gufuketils sannur að sök um óreglu í starfi eða vítaverða óvarkárni, getur öryggismálastjóri svipt hann rétti til gæzlu gufuketils. Úrskurði öryggismálastjóra má áfrýja til öryggisráðs.

Ef ómögulegt er af óviðráðanlegum ástæðum að útvega til gæzlu gufuketils mann, sem hefur réttindi til þess, getur vinnuveitandi falið gæzluna manni, sem hann telur vel til þess fallinn, enda þótt hann hafi eigi rétt til gæzlu gufuketils. Þessi ráðstöfun skal strax tilkynnt öryggiseftirlitinu, og tekur það ákvörðun um, hversu lengi hún megi haldast. Eigi má haga gæzlu gufuketils eins og segir í þessari málsgrein lengur en hálfan mánuð, nema samþykki öryggismálastjóra komi til.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum öryggisráðs og öryggismálastjóra, veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar fyrir einstaka gufukatla eða sérstakar gerðir gufukatla.

25. gr.

Ker og önnur ílát, sem soðið er í eða brætt, svo og ílát með ætandi efnum eða öðrum hættulegum efnum, skulu vera þannig útbúin og þannig frá þeim gengið, að hættan af þeim sé svo lítil, sem verða má.

26. gr.

Lyftitæki, gálgar, hengibrautir og önnur slík verkfæri skulu vera sterkbyggð og þannig gerð, að sem minnst hætta stafi af þeim fyrir verkamenn. Á þeim skal sérstaklega athuga:

1. hvort allir burðarhlutar (útleggjarar, keðjur, strengir og annað þess háttar) séu nægilega sterkir og sé vel haldið við;
2. að ofhleðsla eigi sér ekki stað;
3. að byrðin sé fest og losuð á öruggan hátt, og
4. að byrðin setji mann ekki í hættu, meðan hún er á lofti.

Um fermingu og affermingu skipa gilda eftirfarandi sérstök ákvæði: Á flutningsstykki, sem eru 1000 kg að þyngd með umbúðum eða meira og fermd eru í íslenzkri höfn, skal þunginn vera greinilega merktur og þannig, að merkingin máist ekki brátt af. Sé ómögulegt eða illgerlegt að ákveða þungann nákvæmlega, getur öryggiseftirlitið leyft, að ágizkaður þunginn sé merktur á umbúðirnar. Að öðru leyti setur ráðherra reglur um fermingu og affermingu skipa í samræmi við ákvæði þessara laga.

27. gr.

Sé hætta á falli húsa, reykháfa, brúa, geyma eða annarra mannvirkja, falli eða skriðufalli moldarbakka, sands, malar, vörustafla eða annars þess háttar, skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á slysum á mönnum.

Þegar unnið er í brunnum, námum, gryfjum, kötlum, geymum eða öðru þess háttar, sömuleiðis þegar unnið er með eitruð efni, sprengifim efni eða efni, sem eru hættuleg á annan hátt, skal gera nægilegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á, að menn kafni, eitrist, verði fyrir slysi af völdum sprengingar eða slasist á annan hátt.

28. gr.

Ef eigi er hægt að veita verkamönnum nægilega vernd gegn slysum eða sjúkdómum með öðrum hætti, skal gera sérstakar öryggisráðstafanir, þar sem því verður við komið, t. d. nota hentugasta fatnað, öryggisbelti eða hlífðarútbúnað þann, sem nefndur er í 21. tölulið 12. greinar.

Verkamenn eru skyldir að nota þann öryggisútbúnað, sem nefndur er í 1. málsgrein þessarar greinar, þegar þeir þarfnast hans við vinnu sína.

29. gr.

Komi fyrir slys á vinnustað, svo að dauði verkamanns hljótist af, eða verði verkamaður fyrir slysi, sem er þess eðlis, að gera megi ráð fyrir að dómi læknis, að Almannatryggingarnar verði bótaskyldar, skal vinnuveitandi tilkynna það öryggiseftirlitinu svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en að einum sólarhring liðnum. Öryggiseftirlitið skal krefjast rannsóknar á orsökum slyssins.

Verði verkamaður veikur af sjúkdómi, sem stafar af atvinnu hans, skal tilkynna það á sama hátt og þegar um slys er að ræða (sbr. 1. málsgr. þessarar greinar).

30. gr.

Hafi læknir verkamann til lækninga, sem þjáist af atvinnusjúkdómi (sbr. 49. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar), skal læknirinn tilkynna sjúklinginn og sjúkdóminn til héraðslæknis, er síðan tilkynnir það öryggiseftirlitinu.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, nánari reglur um ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar. Þar getur hann og ákveðið, að tilkynningarskyldan nái til fleiri sjúkdóma en þeirra, er 1. málsgr. þessarar greinar nær til, enda geti þeir stafað af aðbúnaði á vinnustað eða öðru, er vinnuna snertir.

V. KAFLI

Lágmarkshvíldartími verkamanna o. fl.

31. gr.

Vinnu skal þannig hagað, að sérhver verkamaður geti notið samfelldrar hvíldar frá vinnu sinni, er eigi sé skemmri en 8 klst. á sólarhring.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar ná þó eigi til:

1. hvers konar björgunarstarfs;
2. björgunar hvers konar framleiðslu frá skemmdum;
3. annars konar vinnu, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, kann að tiltaka í reglugerð.

Þegar undantekningarákvæði 2. málsgr. þessarar greinar eru í gildi, skal haga vinnu þannig, að verkamenn geti notið samanlagðs lágmarkshvíldartíma á þrem sólarhringum.

32. gr.

Bifreiðastjórar, sem flytja fólk, og stjórnendur véla, sem mönnum getur stafað hætta af, skulu eigi hafa lengri vinnutíma en 12 klst. á sólarhring.

33. gr.

Meðan vinna stendur yfir skulu verkamenn fá hæfilega langa hvíldartíma með hæfilegu millibili. Getur ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, gefið út nánari reglur um ákvæði þessarar greinar.

VI. KAFLI

Eftirlit með framkvæmd laganna.

34. gr.

Eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða settum samkvæmt þeim sé framfylgt, hefur sérstakt öryggiseftirlit, sem stjórnað er af öryggismálastjóra. Ráðherra skipar öryggismálastjóra og fasta starfsmenn öryggiseftirlitsins.

Ráðherra setur öryggiseftirlitinu starfsreglur í samráði við öryggisráð.

35. gr.

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmaður, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 37. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

Öryggiseftirlitið hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna.

Trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins er kennari við Háskóla Íslands í heilsufræði.
Eigi mega starfsmenn öryggiseftirlitsins hafa eftirlit í fyrirtækjum, þar sem þeir hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

36. gr.

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmaður skulu vera véla- eða efnafræðingar, en skoðunarmenn skulu færa sönnur á, að þeir hafi nægilega þekkingu að dómi öryggismálastjóra og öryggisráðs.
Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar koma þó ekki til framkvæmda að því er snertir núverandi starfsmenn véla- og verksmiðjueftirlitsins.
Aðalmenn og varamenn öryggisráðs geta ekki jafnframt verið starfsmenn öryggiseftirlitsins.

37. gr.

Ráðherra skiptir landinu í eftirlitsumdæmi í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð og skipar skoðunarmenn í hvert þeirra. Umdæmisskoðunarmenn eru umboðsmenn öryggiseftirlitsins hver í sínu umdæmi, og framkvæma þeir vandaminni skoðanir undir eftirliti öryggiseftirlitsmanna og öryggismálastjóra.

38. gr.

Þar sem slysahætta er mikil eða vinna þess eðlis, að sérstök hætta er á, að verkamenn bíði tjón á heilsu sinni, skal starfrækslan skoðuð reglulega samkvæmt nánari ákvörðun öryggismálastjóra og öryggisráðs. Önnur starfræksla skal skoðuð, þegar öryggiseftirlitið álítur þess þörf eða ef sérstakt tilefni er til, t. d. vegna breytinga, slysa, er orðið hafa, eða samkvæmt beiðni. Öll stærri fyrirtæki skulu þó skoðuð a. m. k. einu sinni á ári.
Starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu fylgjast með því eftir föngum, að lög þessi séu haldin, en jafnframt skulu þeir beita áhrifum sínum í þá átt, að samvinna takist milli vinnuveitenda, verkstjóra og verkamanna til eflingar aukinnar varkárni sérhvers verkamanns, að öryggisútbúnaður og aðrar ráðstafanir til aukins öryggis komi að sem beztu gagni og að umbætur verði gerðar á öryggisútbúnaði. Verkamönnum og trúnaðarmönnum þeirra er heimilt að bera fram kvartanir við öryggiseftirlitið og gera tillögur til umbóta á öryggisútbúnaði. Sé trúnaðarmönnum verkamanna kunnugt um, að eigi sé farið eftir ákvæðum laga þessara, er þeim skylt að tilkynna það öryggiseftirlitinu. Með allar slíkar umkvartanir eða tilkynningar skal fara sem trúnaðarmál.

39. gr.

Öryggiseftirlitið skal beita sér fyrir rannsóknum á útbreiðslu atvinnusjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra.
Trúnaðarlæknir er öryggiseftirlitinu til aðstoðar í öllum þeim málum, sem snert geta heilbrigði verkamanna, og leita skal álits hans áður en læknisskoðun er fyrirskipuð samkv. 9. gr. þessara laga.
Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, nánari reglur um starfssvið trúnaðarlæknisins.

40. gr.

Öllum starfsmönnum öryggiseftirlitsins skal hvenær sólarhrings sem er heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, enda geri þeir vinnuveitanda ekki ónæði utan venjulegs vinnutíma, nema nauðsyn krefji. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga starfi sínu viðkomandi af vinnuveitanda og sérhverjum verkamanni, sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði. Þeim er og heimilt að skoða skjöl þau og skilríki, sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt þessum lögum.
Starfsmenn öryggiseftirlitsins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfræksluna en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að

verða nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýsingar um starfræksluna, verkamenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

41. gr.

Ef öryggiseftirlitið hefur krafizt þess með hæfilegum fyrirvara af einhverju fyrirtæki, að öryggisútbúnaður verði lagfærður eða nýjum öryggisútbúnaði komið fyrir og lagfæringin hefur eigi verið gerð, þegar frestur sá er liðinn, sem öryggiseftirlitið hefur gefið til framkvæmdanna, getur öryggismálastjóri látið framkvæma lagfæringarnar á kostnað fyrirtækisins. Slíkan kostnað má innheimta jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir lögtaksréttur þeim kröfum.

Telji öryggiseftirlitið sérstaka hættu á ferðum fyrir líf eða heilbrigði verkamanna eða annarra, getur það krafizt þess, að strax sé bætt úr því, sem ábótavant er, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfrækslunnar, sem þannig er á sig kominn.

42. gr.

Ákvörðunum öryggismálastjóra skv. 41. gr. þessara laga má innan hálfs mánaðar áfrýja til ráðherra, sem kveður upp úrskurð um deiluefnið í samráði við öryggisráð.

Áfrýjun samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar frestar ekki framkvæmd aðgerða eftir ákvæðum 2. málsgr. 41. gr. þessara laga.

43. gr.

Öryggismálastjóri gerir, í samráði við öryggisráð, útdrátt úr þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Útdrætti þessa skal festa upp á vinnustað, eftir því sem við á, og skal þannig frá þeim gengið, að verkamenn eigi auðvelt með að kynna sér efni þeirra. Öryggisráð getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í samráði við öryggismálastjóra.

Öryggismálastjóri getur fyrirskipað vinnuveitanda að festa upp greinilegar aðvaranir á stöðum, þar sem sérstök nauðsyn er vegna slysahættu eða annars, er lög þessi varðar.

44. gr.

Læknar og sjúkrahús skulu tilkynna héraðslækni alla sjúklinga, sem eru til lækninga hjá þeim og eru með sjúkdóma, sem stafa eða kunna að stafa af atvinnu þeirra, en héraðslæknir gerir öryggiseftirlitinu síðan aðvart. Ráðherra setur, í samráði við landlækni og öryggisráð, nánari reglur um tilkynningarskyldu þessa.

45. gr.

Í hverju fyrirtæki, þar sem 5 verkamenn eða fleiri vinna að staðaldri, skulu þeir velja sér trúnaðarmann, er viðurkenndur sé af vinnuveitanda.

Trúnaðarmaður verkamanna skal fylgjast með starfstilhögun í fyrirtækinu í samráði við vinnuveitanda og líta eftir, að haldnar séu settar reglur um öryggisútbúnað og hollustuhætti. Vinnuveitandi og verkstjórar skulu ráðgast við trúnaðarmann um allt það, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra.

Hafi trúnaðarmaður verkamanna kvartað við vinnuveitanda eða verkstjóra um eitthvert atriði, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra, skal trúnaðarmanninum tilkynnt að hæfilegum tíma liðnum, hvað gert verður vegna umkvörtunarinnar.

Öryggiseftirlitsmenn skulu jafnan leita upplýsinga um viðkomandi fyrirtæki hjá trúnaðarmanni verkamanna, þegar litið er eftir fyrirtækinu, en trúnaðarmaður er skyldur að gefa eftirlitsmönnunum þær upplýsingar um fyrirtækið, er hann getur í té látið og snerta öryggi verkamanna við vinnu eða hollustuhætti.

Trúnaðarmaður verkamanna nýtur þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

46. gr.

Vinnuveitendum, verkstjórum og trúnaðarmönnum verkamanna skulu látin í té ókeypis lög þessi sérprentuð og reglugerðir, sem settar verða samkvæmt þeim, eftir því sem við á.

VII. KAFLI
Öryggisráð.

47. gr.

Ráðherra skipar fimm manna öryggisráð til sex ára í senn. Hann skipar formann þess án tilnefningar, en tvo verkamenn og tvo fulltrúa vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu eftirtaldra aðila:

1. Alþýðusambands Íslands,
2. Félags íslenzkra iðnrekenda og
3. Landssambands iðnaðarmanna,

einn frá hvorum hinna fyrsttöldu, en tvo frá hinum síðasttalda, og sé annar þeirra starfandi sveinn, er útnefningin fer fram, en hinn meistari.

Varamenn skulu skipaðir jafnmargir og á sama hátt.

Ráðherra setur öryggisráðinu starfsreglur og ákveður því þóknun fyrir störf þess.

Kostnaður við störf öryggisráðs greiðist úr ríkissjóði.

48. gr.

Ráðherra og öryggismálastjóri geta krafizt af öryggisráðinu yfirlýsingar um mál, er snerta öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög þessi ná til. Öryggisráðið tekur til athugunar þau mál, sem lög þessi ná til, og lætur álit sitt á þeim í ljós við ríkisstjórnina og öryggiseftirlitið. Það skal og gera tillögur til ráðherra um breytingar á þessum lögum og viðauka við þau, ef því þykir ástæða til.

VIII. KAFLI
Eftirlitsgjald.

49. gr.

Til að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu eigendur þeirra fyrirtækja, er lög þessi ná til, greiða árlega í ríkissjóð eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð. Eftirlitsgjaldið skal miðað við orkunotkun og vélafjölda fyrirtækis eða fjölda verkamanna, sem vinna í fyrirtækinu, eða hvort tveggja, rúmmál húsa í smíðum, magn þeirrar vöru, sem flutt er úr eða í skip, stærð íbúðarskýla verkamanna og vinnustofa án véla, og enn fremur skal greiða skrásetningargjald nýrra véla miðað við innkaupsverð þeirra. Eftirlitsgjaldið innheimtist jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir því lögtaksréttur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. þessara laga er ráðherra heimilt, í samráði við öryggisráð, að undanþiggja þá starfrækslu eftirlitsgjaldinu, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt.

IX. KAFLI
Refsiákvæði.

50. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

51. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

52. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, lög nr. 102 3. maí 1935, um viðauka við lög nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og lög nr. 72 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

53. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi sem stjórnarfrumvarp, en varð ekki útrætt.

Vísast til athugasemda þeirra, er þá fylgdu frumvarpinu.

Sþ. 8. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um ábyrgð ríkissjóðs á láni handa Flateyjarhreppi til þess að fullgera hraðfrystihús og fiskiðjuver í Flatey á Breiðafirði.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 75 þús. kr. viðbótarlán, er Flateyjarhreppur hefur í hyggju að taka til þess að fullgera hraðfrystihús og fiskiðjuver í Flatey á Breiðafirði.

Greinargerð.

Árið 1947 var hafin almenn fjársöfnun í Flatey á Breiðafirði til þess að koma þar upp hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri. Söfnuðust þegar 350 þús. kr. sem hlutafé, er skiptist á eftirfarandi hátt: 70 þús. frá íbúum, 130 þús. frá Kaupfélagi Flateyjar og 150 þús. frá Flateyjarhreppi. Hafði áætlun verið gerð um, að húsið mundi kosta um 680 þús. kr. Loforð fengust um lán: frá Fiskveiðasjóði Íslands 250 þús., frá Fiskimálasjóði 100 þús. og frá Landsbankanum 300 þús., eða alls 650 þús. kr., en þá var jafnframt gert ráð fyrir því, að húsið yrði stækkað allverulega frá því, sem hugsað var í fyrstu, og jafnframt gerð ný áætlun um 1 millj. kr. stofnkostnað.

Í maímánuði s. l. var byggingarkostnaður fiskiðjuversins orðinn um 1 millj. króna. Var þá því fé, bæði sem safnað hafði verið og tekið að láni, þegar eytt, en byggingunni hins vegar engan veginn lokið. Taldist svo til, að enn mundi þurfa 400 þús. kr. til að fullgera húsið. Var leitað á ný til sömu lánsstofnana um viðbótarlán, er nægði til þess að ljúka verkinu. Tókust um það samningar, að Landsbankinn veitti félaginu viðbótarlán að upphæð 125 þús. kr., Fiskveiðasjóður Íslands 50 þús. kr. og Fiskimálasjóður 50 þús. kr., allt gegn því, að hluthafar legðu fram 175 þús. kr. sem viðbótarhlutafé. Ákvað hreppurinn að leggja þá upphæð fram, og er hún

þegar greidd. En með því að hreppurinn hafði þetta fé ekki handbært, varð hann að taka það að láni og jafnframt að skuldbinda sig til þess að endurgreiða af upphæðinni til lánveitanda 75 þús. kr. fyrir lok þessa árs. Hefur hreppurinn vilyrði fyrir láni með hagkvæmum kjörum til þess að mæta þeirri greiðslu, svo framarlega að hann geti gefið ríkisábyrgð fyrir upphæðinni. Er því tillaga þessi fram borin og þess vænzt, að hún fái óskipt fylgi þingmanna.

Síðan ráðstafanir þær, sem að framan greinir, voru gerðar, hefur verkinu verið haldið áfram, og er búizt við, að því verði lokið fyrir lok þessa árs, svo að iðjuverið geti tekið til starfa snemma á næsta ári.

Ed. 9. Frumvarp til laga [8. mál]

um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Flm.: Gísli Jónsson.

I. KAFLI
Um stjórn iðnaðarmála.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann vera vélaverkfræðingur að menntun og taka laun samkv. III. fl. launalaganna.

Ráðherra skipar og 3 manna framleiðsluráð iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Skal það skipað til 4 ára í senn þannig: einum samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, öðrum samkvæmt tilnefningu rannsóknaráðs ríkisins, þeim þriðja án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins. Ráðherra skipar enn fremur og ræður fasta starfsmenn iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráði til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum þeirra. Laun og annar kostnaður við starfið greiðist úr ríkissjóði, og veitist til þess fé árlega í fjárlögum.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til meðlima framleiðsluráðs.

3. gr.

Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð eru ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum.

II. KAFLI
Um verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs.

4. gr.

Iðnaðarmálastjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa eða styrkir aðra til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánum, framlögum eða á annan hátt. Skal hann og hafa yfirumsjón með öllum slíkum framkvæmdum fyrir hönd ríkissjóðs. Hann skal og veita sams konar aðstoð bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum, ef þess er óskað, gegn hæfilegu gjaldi.

5. gr.

Sameiginleg verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs eru:

1. Að annast rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, hvort heldur er úr lofti, jörðu eða sjó.
2. Að gera árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum:
   a. að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð;
   b. að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma;
   c. að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum, er vér öflum, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili landinu sem mestum erlendum gjaldeyri, ef út eru fluttar, en spari sem mestan erlendan gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands.
3. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því:
   a. að fylgjast með öllum nýjungum, sem fram koma meðal annarra þjóða í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té;
   b. að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum;
   c. að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera megi þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna;
   d. að halda uppi sífelldum tilraunum til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðarins.
4. Að stuðla að því, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hér á landi, heldur sé hann fluttur inn á því stigi, sem hann er ódýrastur, en þó hæfur til að vinnast að fullu í ísl. iðjuverum.
5. Að fylgjast með framleiðslu, eftirspurn og sölu á íslenzkum iðnaðarvörum á hverjum tíma, svo og með innflutningi á sams konar vörum, gæðum þeirra og verði.
6. Að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenzkar iðnaðarvörur utan lands og innan.
7. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir, að reist verði á kostnað ríkissjóðs eða styrkja beri af opinberu fé, svo og um endurbætur eða stækkun eldri iðjuvera.
8. Að gera tillögur um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum.
9. Að athuga ársreikninga og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin eru starfrækt með tapi.

6. gr.

Ef iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð verða eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, ber hverjum aðila fyrir sig að gera henni grein fyrir því, í hverju ágreiningurinn er fólginn og hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu. Skulu sérálit aðilanna síðan send með málsskjölunum til ríkisstjórnarinnar.

7. gr.

Til þess að jafnan sé unnt að hafa heildaryfirlit yfir iðnaðarmálin í landinu, lætur framleiðsluráð stofna og gefa út ár hvert skýrslu um eftirfarandi atriði: Skrásetningu þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem starfrækt eru í landinu, hversu margir menn starfa við fyrirtækið og hversu mikinn tíma af árinu það er starfrækt og á hvaða árstíðum, hve mikil vinnulaunagreiðslan er, hver tegund framleiðslunnar er og hvaða framleiðslumagn, úr hvaða efnum er unnið og hvaða meðferð þau hafa fengið, hve mikill hráefnakostnaðurinn er og hvernig hann skiptist á erlendan og innlendan gjaldeyri, hve mikill innflutningstollur er á efni, sem notuð eru til fram-

leiðslunnar, og hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt út, hvert sé verðlag vörunnar, þegar hún hefur verið fullunnin, og hvernig það er samanborið við verðlag á sambærilegum innfluttum vörum, hve mikill erlendur gjaldeyrir sparast við að framleiða vöruna fyrir innlendan markað og hve mikinn erlendan gjaldeyri varan skapar í útflutningi.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

8. gr.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, sem hafa með höndum vinnslu eða sölu íslenzkra afurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geti að gagni komið við störf þess og þær geta veitt. Sama gildir og um þær opinberar stofnanir, sem skýrslum safna, og þá einstaklinga, sem skyldur hafa um skýrslugerðir til slíkra stofnana.

Framleiðsluráð lætur búa út skýrsluform til útfyllingar fyrir þá aðila, er það óskar upplýsinga frá.

9. gr.

Skylt skal Atvinnudeild háskólans, og öðrum þeim stofnunum, sem starfræktar eru fyrir fé úr ríkissjóði, að veita framleiðsluráði alla nauðsynlega aðstoð við rannsóknir og tilraunir, eftir því sem þær hafa ástæður til og að gagni má verða fyrir iðnaðarmálin.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga, m. a. ákvæði um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram á Alþingi 1947, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Allt frá því að Ísland byggðist og fram í lok síðustu aldar er landbúnaðurinn aðalatvinnuvegur þjóðarinnar. Það var því engin tilviljun, að þegar hafizt er handa um viðreisn um miðja öldina sem leið, eftir margra alda vesaldóm, er jafnframt hafizt handa um að efla þennan atvinnuveg á skipulagðan hátt. Ekkert annað var eðlilegra eða sjálfsagðara. Menning landsins var svo samgróin þessum aldagamla atvinnuvegi, að yrði hann ekki treystur svo sem föng voru á, hlaut menning landsins sjálf að bíða óbætandi hnekki. Þessi staðreynd hefur jafnan síðan verið löggjafanum fullljós, og því er það, að enginn ágreiningur er um það, að ríkissjóður skuli eftir megni standa undir árlegum kostnaði af búnaðarfélögum, búnaðarþingum, búnaðarmálastjóra, landnámsstjóra, margvíslegri tilraunastarfsemi í þágu búnaðarmála, auk fjölda styrkja til búnaðarframkvæmda.

Fyrir breyttar aðstæður og meiri þekkingu á atvinnumálum urðu svo stórstígar framkvæmdir á þessari öld í sjávarútvegi landsmanna, að hér hefur skapazt annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, enn umfangsmeiri og enn stórbrotnari en landbúnaðurinn. Er nú svo komið, að á honum veltur allt um það, hvort landið hefur nægan erlendan gjaldeyri til þess að geta lifað menningarlífi á borð við aðrar þjóðir.

Þessi staðreynd hefur einnig verið viðurkennd af löggjafanum, og því er enginn ágreiningur um það, að ríkissjóði beri að standa undir árlegum kostnaði af fiskifélögum, fiskiþingum, fiskimálastjóra og margvíslegri tilraunastarfsemi í þágu fiskiveiðanna, auk fjölda styrkja til sjávarútvegsmála.

Í kjölfar þeirra margvíslegu möguleika, sem þessi atvinnuvegur ýmist skapaði eða bjó yfir, kom þróun iðnaðarins, m. a. hin stórkostlegu fiskiðjuver, svo sem síldarverksmiðjur, frystihús, lýsisvinnslustöðvar, niðursuðuverksmiðjur o. fl. Og nú er svo komið, að hér hefur risið upp þriðji aðalatvinnuvegur þjóðarinnar: iðnaðurinn.

Það er alveg ljóst, að þessi atvinnuvegur er engu þýðingarminni fyrir afkomu og menningu þjóðarinnar en bæði landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn, enda alveg víst, að því öflugri sem hann er gerður, því traustari reynast hinir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar, vegna þess að hráefni þeirra og afurðir verða fyrir atbeina iðnaðarins gerð jafnan margfalt verðmeiri og auðseldari. Þessi atvinnuvegur hefur þó ekki enn mætt sama skilningi af hálfu löggjafans eða notið sama fjárhagslega styrks eins og hinir aðalatvinnuvegirnir, sem m. a. kann nokkuð að stafa af því, hve ungur hann er enn. Málum hans hefur ekki enn verið komið fyrir á sama hátt og málum hinna. En úr því er þessu frv., sem hér er borið fram, ætlað að bæta.

Fyrsti kafli frv. er um stjórn iðnaðarmálanna. Er þar lagt til, að skipaður sé sérstakur iðnaðarmálastjóri, og er það í samræmi við fyrirkomulag um stjórn búnaðarmála og fiskimála. Þá er enn fremur lagt til, að skipað verði 3 manna framleiðsluráð, og verði þessir aðilar ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum, er annist jafnframt hin daglegu störf samkvæmt lögunum.

Annar kafli laganna er um verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs. Er verkefninu skipt í tvo meginþætti. Annar þátturinn er sá, að hafa fullkomið eftirlit með iðjuverum ríkisins, fylgjast með rekstri þeirra og gera tillögur til úrbóta, ef nauðsyn krefur. Einnig að gera áætlanir yfir kostnað við byggingu iðjuvera, stækkun þeirra og endurbætur, og hafa jafnframt yfirumsjón með slíkum framkvæmdum.

Það er alþjóð kunnugt, að á undanförnum árum hafa orðið margvísleg mistök í byggingum og rekstri iðjuvera ríkisins. Hlaupið hefur verið til undirbúningslaust eða undirbúningslítið að reisa verksmiðjur fyrir tugi milljóna króna. Menn, sem ekki virðast hafa verið vandanum vaxnir, hafa verið kvaddir til að standa fyrir slíkum framkvæmdum, með þeim afleiðingum, að hús hafa hrunið, geymar sigið og kostnaður allur margfaldazt, án þess að hægt sé að koma ábyrgð á nokkurn, sem að þessu hefur unnið. Launagreiðslur til þessara aðila munu þó ekki hafa verið skornar við nögl. Samfara þessu er alþjóð ljóst, að rekstur iðjuvera ríkisins hefur og verið með þeim endemum, að þau hafa sýnt milljónatöp, þótt einstaklingar í sambærilegum rekstri hafi grætt og skilað ríkissjóði drjúgum upphæðum í sköttum. Er slíkt ástand gersamlega óþolandi, og verður að verða þar breyting á. Með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í frv., er mjög mikil trygging fyrir því, að slíkt sleifarlag geti ekki átt sér stað.

Hinn þátturinn, og miklu veigameiri fyrir atvinnuveginn og afkomu þjóðarinnar í heild, er að skipuleggja iðnaðinn meira en gert hefur verið hingað til, byggja hann upp og endurbæta hann á vísindalegum og þjóðhagslegum grundvelli.

Ef marka má álit og fullyrðingar þeirra manna, sem nú fara með fjárhagsmál þjóðarinnar, er hreinn voði fyrir dyrum, nema unnt sé að koma gjaldeyrismálunum á tryggari grundvöll. En til þess að svo megi verða, er vart til annað en einhver af eftirfarandi leiðum eða allar til samans:

1. Að minnka innflutning byggt á meiri sparnaði í landinu;
2. að auka útflutning í magni, svo að mætt verði nauðsynlegum innflutningi;
3. að auka útflutninginn að verðmæti á móts við innflutninginn;
4. að minnka magn og verðmæti innflutningsins á þann hátt, að fullvinna sjálfir vöruna í landinu.

Fyrsta úrræðið verður aldrei annað en bráðabirgðalausn, óvinsæl og afleiðingarík á ýmsan hátt til hins lakara, og annað úrræðið skapar enn meiri rányrkju og sóun, sem of lengi er búið að reka. Þjóðin verður því að taka upp baráttuna fyrir þriðja og fjórða úrræðinu, en til þess að árangurs sé að vænta í þeirri baráttu,

verður að skipuleggja iðnaðarframleiðsluna á líkan hátt og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Sem dæmi um það, hvað hægt er að gera í þessum málum og hvað gert hefur verið undanfarið, vil ég benda á, að 1929 er meðalalýsið aðeins 49% af þorskalýsisframleiðslu landsmanna; 1933 er það komið upp í 89% og nú upp í 95%, auk þess sem nú er 30% betri nýting úr lifrinni. Er allt það aukna fé, sem hér hefur fengizt, komið inn fyrir aðgerðir iðnaðarins.

Í fiskiiðnaðinum einum eru margvíslegir möguleikar, sem spara mundu milljónir í innflutningi og auka um enn fleiri milljónir útflutning, og sama má segja um landbúnaðinn, ef aðeins er beitt sér að þeim verkefnum, sem allt of lengi hafa verið vanrækt.

Það er alveg órannsakað mál enn, hvað landið hefur í sér fólgið af verðmætum hráefnum, sem vinna má úr, en hitt er þó víst nú þegar, að þau eru fleiri og meiri en svo, að við fáum afkastað því öllu á næstu árum. Breytt viðhorf hefur gert það að verkum, að þjóðin getur ekki lifað eingöngu á landbúnaði og rányrkjandi sjávarútvegi. Þriðju stoðinni, iðnaðinum, verður að renna undir til viðhalds lífi og menningu hennar. Og það verður að gerast nú þegar og á þann hátt, sem að gagni má verða.“

Meiri hl. iðnaðarnefndar gaf út nefndarálit, dags. 12. febr. 1948, með ýtarlegum umsögnum allra þeirra aðila, sem leitað var til, og lagði til, að frv. yrði samþykkt með nokkrum breytingum, sbr. þskj. 346 frá 1947. Minni hl. nefndarinnar gaf einnig út nefndarálit, þar sem lagt var til, að málið yrði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða þetta frumvarp með hliðsjón af lögum um rannsóknarráð ríkisins og lögum um fjárhagsráð og leggi síðan fyrir næsta Alþingi frumvarp um heildarskipun iðnaðarmálanna og aðstoð ríkisins við þau, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Var dagskráin samþykkt og málið þannig afgreitt til ríkisstjórnarinnar til frekari undirbúnings.

Á síðasta Alþingi átti ég margsinnis tal um það við ráðherra, hvað undirbúningi málsins liði, og kvað hann jafnan, að von væri á því og því engin ástæða fyrir mig að bera frv. fram að nýju á því þingi, þar sem tryggt væri, að hann mundi ljúka undirbúningi svo snemma, að málið yrði tekið fyrir á þinginu, enda væri almennur áhugi fyrir því, að málið næði sem fyrst fram að ganga. Af einhverjum ástæðum komst þetta þó aldrei í verk. Er málið því borið fram nú og þess vænzt, að það fáist samþykkt á þessu þingi, svo nauðsynlegt sem það má kallast vegna framtíðarþróunar iðnaðarmálanna í landinu.

Nd. 10. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

2. málsl. 11. gr. laganna orðist svo:
Einkasalan greiðir kostnað við flutning á tóbaki til verzlunarstaða innanlands.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:
Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu, og skal það vera hið sama um allt land.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tóbakseinkasala ríkisins hefur aðsetur í Reykjavík og selur tóbak frá birgðastöð sinni þar til verzlana um land allt. Samkvæmt lögum einkasölunnar eiga tóbakskaupendur utan Reykjavíkur að borga flutningsgjald fyrir vöruna þaðan til annarra verzlunarstaða, og er tóbakið nú selt hærra verði þar en í Reykjavík sem flutningskostnaðinum nemur. Hér er lagt til, að þessu verði breytt á þann veg, að einkasalan borgi kostnað við flutning tóbaksins frá heildsölustaðnum til annarra verzlunarstaða og smásöluverð vörunnar verði hið sama um land allt.

Flutningsmaður þessa frumvarps teldi að vísu bezt, að ekkert væri keypt til landsins af tóbaki eða öðrum óþörfum varningi. En meðan mikill fjöldi landsmanna kaupir og notar tóbak og ríkið hefur einkarétt til innflutnings á þeirri vöru, þykir sanngjarnt, að ríkisverzlunin selji það við sama heildsöluverði á öllum verzlunarstöðum landsins, svo að tóbaksmennirnir geti fengið það fyrir sama verð, hvar sem þeir eru búsettir á landinu.

Ed. 11. Frumvarp til laga [10. mál]

um viðauka við lög nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörur og skipaviðgerðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 2. júlí 1949, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að forsætisráðherra hefur tjáð oss, að við framkvæmd á 11. gr. laga nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, hafi komið í ljós að brýna nauðsyn beri til að fulltrúar útgerðarinnar, sem um ræðir í lagagreininni, hafi atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á nauðsynjavörur til útgerðarinnar, svo og skipaviðgerðir.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörur og skipaviðgerðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson. **Jón Pálmason.** **Árni Tryggvason.**

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 12. Frumvarp til laga [11. mál]

um togarakaup ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að tíu togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 32 775 000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán eða lána bæjar- og hreppsfélögum, sem kaupa togara þessa, allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélög þessa fjárstuðnings að áliti ríkisstjórnarinnar.

Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga. Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána allt að 1,5 millj. króna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945 um togarakaup ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 2. júlí 1949, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um togarakaup ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Með lögum nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945, um togarakaup ríkisins, var ríkisstjórninni veitt heimild til lántöku vegna togarakaupa. Í samningsviðræðum, sem fram hafa farið um lán þetta, hefur komið í ljós, að nauðsynlegt sé, að lánsheimild þessi sé orðuð nokkuð á annan veg en gert var. Telur ríkisstjórnin því brýna nauðsyn bera til þess, að sett verði bráðabirgðalög um lántöku þessa í stað tilgreindra laga.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar nr. 33 1944 á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að tíu togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 32 775 000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu og skal sú veðsetning halda fullu gildi þótt togararnir verði seldir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán eða lána bæjar- og hreppsfélögum, sem kaupa togara þessa, allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélög þessa fjárstuðnings að áliti ríkisstjórnarinnar.

Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga. Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána allt að 1,5 millj. króna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945 um togarakaup ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson. **Jón Pálmason.** **Árni Tryggvason.**

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 13. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 3 14. febr. 1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 3/1949 orðist þannig:
Reglulegt Alþingi 1949 skal koma saman 14. nóvember 1949, hafi forseti eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samhljóða bráðabirgðalögum, útgefnum 16. ágúst 1949, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt fyrirmælum 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 3 14. febrúar 1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem Alþingi hafi verið rofið og efnt til kosninga af nýju 23. dag októbermánaðar n. k., beri brýna nauðsyn til að breyta lögum nr. 3/1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949, er mæli svo fyrir, að reglulegt Alþingi 1949 skuli koma saman eigi síðar en 11. október þ. á. Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

1. gr. laga nr. 3/1949 orðist þannig:
Reglulegt Alþingi 1949 skal koma saman 14. nóvember 1949, hafi forseti eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. ágúst 1949.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 14. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

12. og 13. gr. laganna falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Af hinum mörgu ágöllum dýrtíðarlaganna frá 29. des. 1947 er sá stærstur og ósanngjarnastur, sem svipti verkalýðinn í landinu fullri dýrtíðaruppbót á laun sín og tók um leið kaupgjaldið úr tengslum við verðlagið. Þessi árás á launþegana var varin með því, að hér væri einungis um augnabliksfórn að ræða hjá verkalýðnum, því að með ráðstöfunum þeim, sem nefnd lög heimila, mundi dýrtíðin fljótt lækka niður úr 300 stigum. Svo sem kunnugt er, hefur þessi röksemd eigi staðizt, því að reyndin hefur orðið sú, að dýrtíðin hefur stórum vaxið og dýrtíðarvísitalan hækkað, og á sama tíma hafa laun staðið óbreytt og þar með skapazt ástand, sem er með öllu óbærilegt fyrir verkalýðinn.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, eru afnumdar þær greinar dýrtíðarlaganna, sem binda kaupgjaldsvísitöluna við 300 stig sem hámark, og þar með komið aftur til framkvæmda það atriði í samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um land allt, er ákveður, að verkafólk fái greidda fulla dýrtíðaruppbót á laun sín samkvæmt dýrtíðarvísitölu kauplagsnefndar.

Nd. 15. Frumvarp til laga [14. mál]

um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Veita má Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, öðrum aðila eða báðum, leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum, til þess að kynbæta hinn innlenda nautgripastofn til kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu.

2. gr.

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr., skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni og reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur og setji á stofn sóttvarnarstöð í sambandi við búið. Þar skulu viðhafðar fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir í öllum greinum. Skal rekstri búsins og einangrun að öllu leyti hagað svo sem fyrir er mælt í 4.—10. gr. laganna.

Á meðan ríkið hefur ekki reist sérstaka sóttvarnarstöð, skal sóttvarnarstöð sú, er hér greinir, taka að sér hlutverk hennar samkvæmt samningi við ríkisstjórnina.

3. gr.

Heimild þá, sem felst í lögum þessum, má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar skulu samþykkja val nautgripakynja þeirra, sem inn eru flutt eða sæði er flutt inn úr, svo og val hinna innlendu nautgripa, sem notaðir eru til kynblöndunarinnar.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Tilraunaráðs búfjárræktar með samþykki yfirdýralæknis. Skal þar setja greinileg ákvæði um rekstur sóttvarnar- og kynblöndunarbúsins, svo og um hvenær og á hvern hátt má flytja þaðan sæði og búpening til frekari kynbóta annars staðar.

5. gr.

Ef fluttir verða inn nýfæddir kálfar, þá getur ráðuneytið ákveðið, að styttur verði einangrunartími sá, er um ræðir í 2. mgr. 5. gr. laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að fyrir síðasta Alþingi hafi verið lagt frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, og var frumvarpið samþykkt í neðri deild þingsins og fjórir af fimm nefndarmönnum landbúnaðarnefndar efri deildar mæltu með samþykki þess, en frumvarpið náði þó ekki fram að ganga á því þingi. Hins vegar þurfa lög þessa efnis að koma til framkvæmda nú þegar, ef þau eiga að ná tilgangi sínum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Veita má Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, öðrum aðila eða báðum, leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum, til þess að kynbæta hinn innlenda nautgripastofn til kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu.

2. gr.

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr., skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni og reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur og setji á stofn sóttvarnarstöð í sambandi við búið. Þar skulu viðhafðar fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir í öllum greinum. Skal rekstri búsins og einangrun að öllu leyti hagað svo sem fyrir er mælt í 4.—10. gr. laganna.

Á meðan ríkið hefur ekki reist sérstaka sóttvarnarstöð, skal sóttvarnarstöð sú, er hér greinir, taka að sér hlutverk hennar samkvæmt samningi við ríkisstjórnina.

3. gr.

Heimild þá, sem felst í lögum þessum, má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar skulu samþykkja val nautgripakynja þeirra, sem inn eru flutt eða sæði er flutt inn úr, svo og val hinna innlendu nautgripa, sem notaðir eru til kynblöndunarinnar.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Tilraunaráðs búfjárræktar með samþykki yfirdýralæknis. Skal þar setja greinileg ákvæði um rekstur sóttvarnar- og kynblöndunarbúsins, svo og um hvenær og á hvern hátt má flytja þaðan sæði og búpening til frekari kynbóta annars staðar.

5. gr.

Ef fluttir verða inn nýfæddir kálfar, þá getur ráðuneytið ákveðið, að styttur verði einangrunartími sá, er um ræðir í 2. mgr. 5. gr. laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. ágúst 1949.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

Nd. 16. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 15 millj. króna“ í 2. gr. komi: allt að 30 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar frumvarp það um sementsverksmiðju, er síðar varð lítt breytt að lögum, var lagt fyrir Alþingi 1947, var helzt ráðgert að reisa verksmiðjuna á Vestfjörðum. Í því efni var byggt á áætlunum, er Haraldur Ásgeirsson, verkfræðingur, hafði gert. Ráðgerði hann að nota til framleiðslunnar eingöngu íslenzk hráefni, sem eru fyrir hendi á Vestfjörðum og áætlaði stofnkostnað verksmiðjunnar 15 millj. króna. Var lántökuheimild ríkisstjórnarinnar í 2. gr. laga nr. 35/1948, um sementsverksmiðju, miðuð við þessa upphæð.

Eigi þótti atvinnumálaráðherra málið enn svo vel undirbúið, að hægt væri að hefjast handa um framkvæmdir. Var því ráðinn hingað verkfræðingur, E. Elmquist,

frá ensku verkfræðingafyrirtæki, Parry & Elmquist Ltd., Consulting Engineers, og skyldi hann gera áætlun um sementsverksmiðju hér á landi. Hann kom hingað í júlímánuði 1948, og er álitsgerð hans dags. 7. okt. 1948.

E. Elmquist telur ógerlegt að framleiða sement úr þeim hráefnum einum, sem eru fyrir hendi á Vestfjörðum, en telur nauðsynlegt að nota til viðbótar kísilsýruríkt steinefni. Álítur hann hentugast að flytja inn kísilsand, og telur hann árlega þörf verksmiðjunnar af því efni 6500 tonn. Hann gerir og stofnkostnaðaráætlun fyrir sementsverksmiðju, sem er nokkru minni en áðurnefnd lög um sementsverksmiðju gera ráð fyrir. Að hans dómi mun slík verksmiðja kosta 18,96 millj. kr., sé hún byggð í Patreksfirði, en 19,86 millj. kr., sé hún byggð í Önundarfirði. Í hvorugri upphæðinni eru meðtaldir innflutningstollar (1,1 millj. kr.), kostnaður vegna lóðarkaupa fyrir verksmiðjuna og íbúðarhús, sem nauðsynlegt þykir að byggja við hverja verksmiðju.

Framleiðslukostnað sements að viðbættu flutningsgjaldi til Reykjavíkur áætlar E. Elmquist kr. 182,17 pr. t. í Patreksfirði, en kr. 179,23 í Önundarfirði. Í hvorugri upphæðinni er uppskipun í Reykjavík talin með.

Að fengnu þessu áliti E. Elmquist skipaði atvinnumálaráðherra 19. jan. s. l. þá verkfræðingana Jón E. Vestdal, Jóhannes Bjarnason og Harald Ásgeirsson „í nefnd til þess að ljúka rannsóknum og undirbúningi að byggingu sementsverksmiðju hér á landi í samráði við ráðuneytið". Nefndin skilaði áliti sínu 28. júní s. l. (Skýrsla um störf sementsverksmiðjunefndar.)

Í skýrslu sinni skýrir nefndin frá því, að fundizt hafi mjög hreinn skeljasandur á svonefndu Akurnesinga- og Álftnesinga-Sviði í Faxaflóa. Telur nefndin dýpi á þessum stöðum eigi meira en það, að auðvelt sé um öflun sandsins, og muni hvert tonn af honum komið í geymslu verksmiðjunnar kosta kr. 7.00. Leggur nefndin til, að þessi sandur verði hagnýttur til framleiðslu sements hér á landi, og að verksmiðjan verði reist við sunnanverðan Faxaflóa. Vill hún láta nota í sementið, auk skeljasandsins, basaltsand og innfluttan kísilsand, 6500 t. á ári. Hún áætlar stofnkostnað verksmiðju, er framleiðir 75000 tonn sements á 300 dögum, eins og lög mæla fyrir, 26 millj. kr., sé hún reist á Akranesi, en 31,5 millj. kr., sé hún reist í Geldinganesi, og er þar ekki reiknað með söluskatti, kostnaði vegna lóðarkaupa, vegarlagningar og spennubreyta. Framleiðslukostnað sements áætlar nefndin kr. 116.00 pr. t. á Akranesi, en kr. 126.00 pr. t. í Geldinganesi, hvort tveggja miðað við sement í umbúðum, en kr. 10,00 pr. t. lægra, sé um óumbúið sement að ræða.

Hér höfðu orðið þáttaskipti í þessu verksmiðjumáli, er verið hafði á döfinni óslitið í tæpan hálfan annan áratug. Nú var í fyrsta skipti gerð áætlun um sementsverksmiðju, er nota skyldi hráefni til framleiðslunnar frá næsta nágrenni Reykjavíkur, þar sem mestur hluti sementsins er notaður. Ríkisstjórninni þótti og viðhorf allt til málsins hafa gerbreytzt til hins betra. Hún var sammála um að nota heimild 1. gr. laga nr. 35/1948 og ákvað að láta reisa sementsverksmiðju, er framleiddi 75000 tonn af sementi á 300 dögum. Atvinnumálaráðherra skipaði síðar Jón E. Vestdal, verkfræðing, Helga Þorsteinsson, framkvæmdastjóra, Sigurð Símonarson, múrarameistara, og Einar Erlendsson, arkitekt, í nefnd til að gera tillögur um staðsetningu verksmiðjunnar. Nefndin skilaði áliti 8. ág. 1949 og var sammála um að mæla með því, að verksmiðjunni yrði valinn staður á Akranesi. Atvinnumálaráðherra ákvað því, að sementsverksmiðja ríkisins skyldi reist á Akranesi og skipaði stjórn verksmiðjunnar 8. ág. 1949.

Nokkru eftir að sementsverksmiðjunefndin hafði lokið störfum fannst líparít í landi ríkisins á Litla-Sandi í Hvalfirði, er álitlegt þótti til notkunar í sement í stað kísilsandsins, samkv. rannsóknum gerðum hér á landi. Líparít þetta hefur, ásamt skeljasandinum af Sviði og basaltsandi frá Akranesi, nú einnig verið rannsakað erlendis, bæði í Danmörku og Englandi. Reynast þau öll hentug til framleiðslu sements, og segir svo m. a. í bréfi, dags. 28. sept. 1949, frá F. L. Smidth & Co., Kaupmannahöfn, um þetta efni:

„I förste række har vore undersögelser været rettet mod andvendeligheden af råmaterialerne, og .... har vore kemiske undersögelser af de råmaterialer, af vilke vi har modtaget pröver, vist, at der kan fabrikeres 1. klasse Portlandcement udelukkende af de forhåndenværende materialer i Island.“

Því má bæta við, að hráefni þessi eru hentugri til framleiðslu sements en hráefni þau, sem ráðgert var að nota á Vestfjörðum.

Einnig hafa verið athugaðir nánar möguleikar til öflunar skeljasands af Sviði og kostnaður við slíkt sandnám. Í því efni leitaði F. L. Smidth & Co. ráða hjá vel þekktu fyrirtæki í Kaupmannahöfn, A/S Carl Nielsen, sem hefur yfir nokkrum skipum með sanddælum að ráða. Að þeirra dómi mun kostnaðurinn við að dæla sandinum upp, flytja hann til Akraness og afhenda hann í sandleiðslu verksmiðjunnar nema d. kr. 7.40 pr. m^3, sem samsvarar um ísl. kr. 6.50 pr. t.

Þá hefur og verið gerð ný stofnkostnaðaráætlun fyrir sementsverksmiðju á Akranesi hjá F. L. Smidth & Co., og ber þessi áætlun algerlega saman við stofnkostnaðaráætlun þá, er sementsverksmiðjunefndin gerði fyrr á árinu, að því fráskildu, og orðið hefur nokkur hækkun á vélum til verksmiðjunnar vegna gengislækkunar sterlingspundsins og þess gjaldmiðils, sem því er háður. En um það vísast nánar til bréfs sementsverksmiðjustjórnarinnar, dags. 10. nóv. 1949, sem er prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Í þessu bréfi áætlar stjórn sementsverksmiðjunnar stofnkostnað verksmiðjunnar 28,6 millj. kr. og fer fram á það, að ríkisstjórnin sjái verksmiðjunni fyrir allt að 30 millj. kr. Ríkisstjórnin leggur því til í frumvarpinu, að lánsheimildin, sem nú er í sementsverksmiðjulögunum, verði hækkuð úr 15 millj. kr. í 30 millj. kr.

Fylgiskjal.

SEMENTSVERKSMIÐJA RÍKISINS

Reykjavík, 10. nóv. 1949.

Í skýrslu um störf sementsverksmiðjunefndar, bls. 52, er áætlun um stofnkostnað sementsverksmiðju á Akranesi. Staðfesting hefur nú fengizt á þeirri áætlun með athugunum F. L. Smidth & Co. í Kaupmannahöfn, og er skýrsla þeirra dags. 28. sept. 1949. Stjórn sementsverksmiðjunnar vill því álíta, að áætlun sementsverksmiðjunefndarinnar muni reynast rétt og sér ekki ástæðu til að breyta henni svo langt sem hún nær.

En frá því sementsverksmiðjunefndin lauk áætlun sinni hefur þrennt komið til, sem áhrif hefur á heildarupphæð áætlunarinnar:

1. Gengisfelling sterlingspundsins og ýmiss annars evrópsks gjaldmiðils, sem hefur áhrif í hækkunar átt, einnig þótt vélar verði keyptar í einhverju þeirra landa, sem felldu gjaldeyrinn. Þau lönd kaupa ýmislegt til framleiðslu sinnar frá Bandaríkjum Norður-Ameríku og nota vörur, sem hækkað hafa í verði vegna gengisfellingarinnar. Stjórn sementsverksmiðjunnar áætlar, að þessi hækkun muni nema 0,9 millj. kr.

2. Skömmu eftir að sementsverksmiðjunefndin hafði lokið störfum fannst mjög kísilsýruríkt líparít í Hvalfirði, sem nota má með góðum árangri í sement í stað kísilsands, sem ætlað var að flytja inn til framleiðslunnar. Verður líparítið til muna ódýrara en innfluttur kísilsandurinn, auk þess sem kostnaðurinn er innlendur, þegar um líparítið er að ræða. En nokkurn kostnað hefur það í för með sér að útbúa líparítnámið með hentugum tækjum, og eykst stofnkostnaður verksmiðjunnar sem því nemur. Þann kostnað vill stjórnin áætla 0,7 millj. kr.

3. Verksmiðjunni var valinn staður á Akranesi, enda var stofnkostnaður verksmiðju þar áætlaður miklu lægri en verksmiðju í Geldinganesi í skýrslu sements-

verksmiðjunefndarinnar. Hins vegar er nauðsynlegt að koma flutningnum á sementi frá Akranesi til Reykjavíkur fyrir með sem haganlegustum hætti, svo að flutningskostnaðurinn verði sem lægstur. Er ætlunin að flytja sementið laust í pramma og dæla því með lofti úr prammanum í sementsgeymslu í nágrenni Reykjavíkur. Stjórnin gerir ráð fyrir, að útbúnaður allur við þessa flutninga muni kosta 0,6 millj. kr. Þykir eðlilegast, að þessir flutningar verði á vegum verksmiðjunnar og stofnkostnaður þeirra vegna teljist því til stofnkostnaðar sementsverksmiðjunnar.

Þá hefur stjórn verksmiðjunnar rætt við bæjarstjórn Akraness um vatn til handa verksmiðjunni og rafmagn. Hefur orðið samkomulag um, að Akranessbær selji verksmiðjunni vatn gegn ákveðnu gjaldi, en bærinn einn beri kostnað vatnsveitunnar. Hins vegar þykir það af ýmsum ástæðum hentugast, að verksmiðjan kaupi ekki rafmagn frá spennubreytum bæjarins, heldur verði rafmagnið leitt til verksmiðjunnar 6000 Volt, en spennubreytar og allar leiðslur frá þeim verði á verksmiðjusvæðinu og eign verksmiðjunnar. Verksmiðjan fær rafmagnið með þessum hætti nokkuð ódýrara en ella, en verður aftur á móti að kaupa og annast uppsetningu straumbreyta og leiðslukerfis út frá þeim. Sá kostnaður mun verða 0,4 millj. kr. Hann er ekki talinn með í framangreindri áætlun sementsverksmiðjunefndar.

Stofnkostnað sementsverksmiðjunnar má því áætla sem hér segir:

1.	Samkv. kostnaðaráætlun sementsverksmiðjunefndar	26,0	millj. kr.
2.	Hækkun vélaverðs vegna gengisfellingar sterlingspundsins	0,9	— —
3.	Líparítnámið	0,7	— —
4.	Stofnkostn. vegna flutnings sements frá Akranesi til Rvíkur ..	0,6	— —
5.	Straumbreytar o. fl.	0,4	— —
	Samtals	28,6	millj. kr.

Hér er ekki talinn með söluskattur, sem nú er innheimtur af vélum og öðrum svipuðum varningi, enda hafa lagafyrirmæli, sem þar að lúta, gildi aðeins takmarkaðan tíma.

Stjórn síldarverksmiðjunnar gerir ráð fyrir, að hægt verði að hefja framkvæmdir á vori komanda, ef fé verður fyrir hendi í tæka tíð. Vill hún því beina þeim tilmælum til yðar, hæstvirtur atvinnumálaráðherra, að þér gerið nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að svo geti orðið. Stjórn verksmiðjunnar mælist til þess, að lánsheimild eða lántökuupphæð, ef til þess kemur, verði miðuð við 30 millj. kr., þótt áætlaður stofnkostnaður sé nokkru lægri, enda er þar ekki talið með nauðsynlegt rekstrarfé.

Þess skal getið, að einn úr stjórn sementsverksmiðjunnar, Helgi Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, hefur ekki getað unnið að þessum áætlunum, þar sem hann hefur dvalið erlendis undanfarnar vikur og er enn ókominn.

Í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins

Jón E. Vestdal. Sig. Símonarson.

Til Atvinnumálaráðuneytisins.

Sþ. **17. Tillaga til þingsályktunar**

um þátttöku Íslands í Evrópuráðinu.

(Lögð fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til að gerast þátttakandi fyrir Íslands hönd í Evrópuráðinu og takast á hendur þær skyldur, sem samkvæmt stofnskrá ráðsins eru samfara þátttöku í því.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ EVRÓPURÁÐSINS

Ríkisstjórnir konungsríkisins Belgíu, konungsríkisins Danmerkur, franska lýðveldisins, írska lýðveldisins, stórhertogadæmisins Luxemborgar, konungsríkisins Hollands, konungsríkisins Noregs, konungsríkisins Svíþjóðar og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands

eru sannfærðar um, að trygging friðar, sem byggist á réttlæti og alþjóða samvinnu, sé nauðsynleg til varðveizlu mannfélagsins og menningarinnar,

staðfesta á ný trú sína á þau verðmæti, andleg og siðferðileg, sem eru hin sameiginlega arfleifð þessara þjóða og hin sönnu upptök einstaklingsfrelsis, stjórnmálalegs frjálsræðis og skipunar laga og réttar, en þessi meginhugtök eru undirstaða hins sanna lýðræðis,

telja, að þörf sé á því að binda fastari böndum þau Evrópuríki, sem hafa svipaðar hugsjónir, í því skyni að varðveita og koma betur í framkvæmd þessum hugsjónum og til þess að efla framfarir á sviði efnahags- og félagsmála,

álíta, að til þess að geta orðið við þessari þörf og vonum þeim, sem þjóðir þeirra hafa látið í ljós í því sambandi, sé nauðsynlegt að koma þegar á fót bandalagi, er komið geti á nánara sambandi milli Evrópuríkjanna,

og hafa því ákveðið að setja á stofn Evrópuráð, er skiptist í fulltrúanefnd ríkisstjórnanna og ráðgjafarþing, og hafa í þessu skyni komið sér saman um eftirfarandi stofnskrá:

STATUTE OF THE COUNCIL OF EUROPE

The Governments of the Kingdom of Belgium, the Kingdom of Denmark, the French Republic, the Irish Republic, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Kingdom of Norway, the Kingdom of Sweden and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland;

Convinced that the pursuit of peace based upon justice and international co-operation is vital for the preservation of human society and civilisation;

Reaffirming their devotion to the spiritual and moral values which are the common heritage of their peoples and the true source of individual freedom, political liberty and the rule of law, principles which form the basis of all genuine democracy;

Believing that, for the maintenance and further realisation of these ideals and in the interests of economic and social progress, there is need of a closer unity between all like-minded countries of Europe;

Considering that, to respond to this need and to the expressed aspirations of their peoples in this regard, it is necessary forthwith to create an organisation which will bring European States into closer association;

Have in consequence decided to set up a Council of Europe consisting of a Committee of representatives of Governments and of a Consultative Assembly, and have for this purpose adopted the following Statute:—

I. kafli. — Markmið Evrópuráðsins.

1. gr.

a) Markmið Evrópuráðsins er að koma á nánari einingu meðal þátttökuríkja þess, í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, svo og til þess að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála.

b) Unnið skal að markmiði þessu innan ráðsins með umræðum um mál, sem sameiginlega þýðingu hafa, og með samningum og sameiginlegum aðgerðum á sviði efnahags- og félagsmála, menningarmála og vísinda-, laga- og stjórnarfarsmála og með varðveizlu og frekari framkvæmd mannréttinda og grundvallarfrelsishugsjóna.

c) Þátttaka í Evrópuráðinu skal á engan hátt hafa áhrif á samvinnu þátttökuríkja þess innan Sameinuðu þjóðanna eða annarra alþjóðastofnana eða bandalaga, sem þeir eru aðilar að.

d) Landvarnarmál falla ekki undir verksvið Evrópuráðsins.

Chapter I.—Aim of the Council of Europe

Article 1

(*a*) The aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its Members for the purpose of safeguarding and realising the ideals and principles which are their common heritage and facilitating their economic and social progress.

(*b*) This aim shall be pursued through the organs of the Council by discussion of questions of common concern and by agreements and common action in economic, social, cultural, scientific, legal and administrative matters and in the maintenance and further realisation of human rights and fundamental freedoms.

(*c*) Participation in the Council of Europe shall not affect the collaboration of its Members in the work of the United Nations and of other international organisations or unions to which they are parties.

(*d*) Matters relating to National Defence do not fall within the scope of the Council of Europe.

II. kafli. — Þátttaka.

2. gr.

Þátttökuríki Evrópuráðsins eru ríki þau, sem eru aðilar að stofnskrá þessari.

3. gr.

Sérhvert þátttökuríki Evrópuráðsins verður að viðurkenna grundvallarreglurnar um skipun laga og réttar, og um að öllum einstaklingum innan umdæmis þess skuli tryggð mannréttindi og grundvallarfrelsi, og verður í orði og verki að taka þátt í samvinnu til að ná markmiði ráðsins samkvæmt I. kafla.

4. gr.

Ráðherranefndin getur boðið sérhverju Evrópuríki, sem talið er hæft og fúst til að fullnægja ákvæðum 3. gr., að gerast þátttökuríki Evrópuráðsins. Sérhvert ríki, sem þannig er boðið, telst þátttökuríki, er það afhendir aðalfor-

Chapter II.—Membership

Article 2

The Members of the Council of Europe are the Parties to this Statute.

Article 3

Every Member of the Council of Europe must accept the principles of the rule of law and of the enjoyment by all persons within its jurisdiction of human rights and fundamental freedoms, and collaborate sincerely and effectively in the realisation of the aim of the Council as specified in Chapter I.

Article 4

Any European State, which is deemed to be able and willing to fulfil the provisions of Article 3, may be invited to become a Member of the Council of Europe by the Committee of Ministers. Any State so invited shall become a Mem-

stjóranum skjal, sem felur í sér viðurkenningu þess á stofnskrá þessari.

5. gr.

a) Ráðherranefndin getur, er sérstaklega stendur á, boðið Evrópuríki, sem talið er hæft og fúst til að fullnægja ákvæðum 3. gr., að gerast stuðningsríki Evrópuráðsins. Sérhvert ríki, sem þannig er boðið, telst stuðningsríki er það afhendir aðalforstjóranum skjal, sem felur í sér viðurkenningu þess á stofnskrá þessari. Stuðningsríki á aðeins rétt á að eiga fulltrúa á ráðgjafarþinginu.

b) Með orðinu „þátttökuríki" í stofnskrá þessari er einnig átt við stuðningsríki, nema þegar það er notað í sambandi við setu í ráðherranefndinni.

6. gr.

Ráðherranefndin skal, áður en hún býður til þátttöku samkvæmt 4. og 5. gr. hér að framan, ákveða þá fulltrúatölu, sem væntanlegt þátttökuríki skal eiga rétt á að senda á ráðgjafarþingið, svo og það fjárframlag, sem því ber hlutfallslega að láta af hendi.

7. gr.

Sérhverju þátttökuríki Evrópuráðsins er heimilt að segja sig úr því, með því að tilkynna aðalforstjóra það formlega. Slík úrsögn öðlast gildi í lok yfirstandandi fjárhagsárs, enda sé hún tilkynnt á níu fyrstu mánuðum fjárhagsársins. Sé úrsögnin tilkynnt á þremur síðustu mánuðum fjárhagsársins, öðlast hún gildi við lok næsta fjárhagsárs.

8. gr.

Ráðherranefndin getur svipt hvert það þátttökuríki Evrópuráðsins, sem gerzt hefur alvarlega brotlegt við 3. gr., rétti til setu í ráðinu eða óskað þess, að það segi sig úr því samkvæmt 7. gr. Nú verður þátttökuríki ekki við ósk þessari, og getur nefndin þá ákveðið, að þátttöku

ber on the deposit on its behalf with the Secretary-General of an instrument of accession to the present Statute.

Article 5

(*a*) In special circumstances, a European country, which is deemed to be able and willing to fulfil the provisions of Article 3, may be invited by the Committee of Ministers to become an Associate Member of the Council of Europe. Any country so invited shall become an Associate Member on the deposit on its behalf with the Secretary-General of an instrument accepting the present Statute. An Associate Member shall be entitled to be represented in the Consultative Assembly only.

(*b*) The expression "Member" in this Statute includes an Associate Member except when used in connexion with representation on the Committee of Ministers.

Article 6

Before issuing invitations under Articles 4 or 5 above, the Committee of Ministers shall determine the number of representatives on the Consultative Assembly to which the proposed Member shall be entitled and its proportionate financial contribution.

Article 7

Any Member of the Council of Europe may withdraw by formally notifying the Secretary-General of its intention to do so. Such withdrawal shall take effect at the end of the financial year in which it is notified, if the notification is given during the first nine months of that financial year. If the notification is given in the last three months of the financial year, it shall take effect at the end of the next financial year.

Article 8

Any Member of the Council of Europe, which has seriously violated Article 3, may be suspended from its rights of representation and requested by the Committee of Ministers to withdraw under Article 7. If such Member does not comply with this request, the Committee

þess í ráðinu sé lokið frá þeim tíma að telja, er nefndin kann að ákveða.

9. gr.

Nú fullnægir þátttökuríki ekki fjárhagslegum skuldbindingum sínum, og getur ráðherranefndin þá svipt það rétti til að hafa fulltrúa í nefndinni eða á ráðgjafarþinginu, þangað til skuldbindingunum er fullnægt.

III. kafli. — Almenn ákvæði.

10. gr.

Deildir Evrópuráðsins eru:

i) Ráðherranefndin.

ii) Ráðgjafarþingið.

Skrifstofa Evrópuráðsins starfar í þágu beggja þessara deilda.

11. gr.

Aðsetur Evrópuráðsins er í Strassborg.

12. gr.

Hin viðurkenndu tungumál Evrópuráðsins eru enska og franska. Í fundarsköpum ráðherranefndarinnar og ráðgjafarþingsins skal ákveða, undir hvaða kringumstæðum og með hvaða skilyrðum nota megi önnur tungumál.

IV. kafli. — Ráðherranefndin.

13. gr.

Ráðherranefndin kemur fram fyrir hönd Evrópuráðsins samkvæmt 15. og 16. gr.

14. gr.

Hvert þátttökuríki á rétt á að eiga einn fulltrúa í ráðherranefndinni, og fer hver fulltrúi með eitt atkvæði. Fulltrúar í nefndinni skulu vera utanríkisráðherrarnir. Þegar utanríkisráðherra getur ekki verið viðstaddur, eða ef það telst æskilegt af öðrum ástæðum, er heimilt

may decide that it has ceased to be a Member of the Council as from such date as the Committee may determine.

Article 9

The Committee of Ministers may suspend the right of representation on the Committee and on the Consultative Assembly of a Member, which has failed to fulfil its financial obligation, during such period as the obligation remains unfulfilled.

Chapter III.—General

Article 10

The organs of the Council of Europe are:

(i) the Committee of Ministers;

(ii) the Consultative Assembly.

Both these organs shall be served by the Secretariat of the Council of Europe.

Article 11

The seat of the Council of Europe is at Strasbourg.

Article 12

The official languages of the Council of Europe are English and French. The rules of procedure of the Committee of Ministers and of the Consultative Assembly shall determine in what circumstances and under what conditions other languages may be used.

Chapter IV.—Committee of Ministers

Article 13

The Committee of Ministers is the organ which acts on behalf of the Council of Europe in accordance with Articles 15 and 16.

Article 14

Each Member shall be entitled to one representative on the Committee of Ministers and each representative shall be entitled to one vote. Representatives on the Committee shall be the Ministers for Foreign Affairs. When a Minister for Foreign Affairs is unable to be present

að tilnefna í hans stað varamann, og skal hann, ef mögulegt er, vera ráðherra í sömu ríkisstjórn.

15. gr.

a) Ráðherranefndin skal, samkvæmt tilmælum ráðgjafarþingsins eða af sjálfsdáðum, taka til íhugunar með hvaða hætti megi vinna að markmiði Evrópuráðsins, m. a. með milliríkjasáttmálum eða samningum, svo og stuðla að því, að ríkisstjórnirnar taki upp sameiginlega stefnu í sérstökum málum. Aðalforstjóri skal tilkynna þátttökuríkjunum ályktanir nefndarinnar.

b) Þegar við á getur nefndin gengið frá ályktunum sínum sem tilmælum til ríkisstjórna þátttökuríkjanna, og getur nefndin óskað þess, að ríkisstjórnirnar tilkynni sér, hvað þær hafi aðhafzt.

16. gr.

Ráðherranefndin skal, í samræmi við ákvæði 24., 28., 30., 32., 33. og 35. gr. um valdsvið ráðgjafarþingsins, taka ákvarðanir, svo skuldbindandi séu, um öll málefni, er varða skipulag og fyrirkomulag Evrópuráðsins inn á við. Í því skyni skal ráðherranefndin setja þær reglugerðir um fjármál og framkvæmdaratriði, sem telja verður nauðsynlegar.

17. gr.

Ráðherranefndin getur skipað ráðgjafarnefndir, nefndir sérfræðinga eða aðrar nefndir, eftir því sem hún telur æskilegt, til þess að fjalla um sérstök málefni.

18. gr.

Ráðherranefndin skal setja sér fundarsköp, sem m. a. kveða á um:

i) þá tölu fulltrúa, sem krefjast skal, að viðstaddir séu, til þess að fundur sé ályktunarfær,

ii) hvaða reglur skuli gilda um kjör forseta og kjörtímabil,

or in other circumstances where it may be desirable, an alternate may be nominated to act for him, who shall, whenever possible, be a Member of his Government.

Article 15

(*a*) On the recommendation of the Consultative Assembly or on its own initiative, the Committee of Ministers shall consider the action required to further the aim of the Council of Europe, including the conclusion of conventions or agreements and the adoption by Governments of a common policy with regard to particular matters. Its conclusions shall be communicated to Members by the Secretary-General.

(*b*) In appropriate cases, the conclusions of the Committee may take the form of recommendations to the Governments of Members, and the Committee may request the Governments of Members to inform it of the action taken by them with regard to such recommendations.

Article 16

The Committee of Ministers shall subject to the provisions of Articles 24, 28, 30, 32, 33 and 35, relating to the powers of the Consultative Assembly, decide with binding effect all matters relating to the internal organisation and arrangements of the Council of Europe. For this purpose the Committee of Ministers shall adopt such financial and administrative regulations as may be necessary.

Article 17

The Committee of Ministers may set up advisory and technical committees or commissions for such specific purposes as it may deem desirable.

Article 18

The Committee of Ministers shall adopt its rules of procedure which shall determine amongst other things:—

(i) the quorum;

(ii) the method of appointment and term of office of its President;

(iii) the procedure for the admission of

iii) hvaða reglur skuli gilda um töku mála á dagskrá, þ. á m. tilkynningar um tillögur til ályktunar, og
iv) hvernig tilkynna skuli tilnefningu varamanns samkvæmt 14. gr.

items to its agenda, including the giving of notice of proposals for resolutions; and
(iv) the notifications required for the nomination of alternates under Article 14.

19. gr.

Ráðherranefndin skal leggja fyrir hvert ráðgjafarþing skýrslu um störf sín, ásamt viðeigandi skilríkjum.

Article 19

At each session of the Consultative Assembly the Committee of Ministers shall furnish the Assembly with statements of its activities, accompanied by appropriate documentation.

20. gr.

a) Ályktanir ráðherranefndarinnar um eftirfarandi mikilvæg málefni verða að hljóta samhljóða samþykki fulltrúa, er þátt taka í atkvæðagreiðslu, og samþykki meiri hluta þeirra fulltrúa, sem rétt eiga til setu í nefndinni:
i) tilmæli samkvæmt 15. gr. b),
ii) málefni samkvæmt 19. gr.,
iii) málefni samkvæmt 21. gr. a) i) og b),
iv) málefni samkvæmt 33. gr.,
v) brtt. við 1. gr. d), 7., 15., 20., 22. gr. og
vi) öll önnur málefni, sem nefndin kann að ákveða með ályktun samkvæmt d)-lið hér á eftir, að skuli hljóta samhljóða samþykki, vegna þess hve mikilvæg þau eru.

b) Einfaldur meiri hluti fulltrúa, sem rétt eiga til setu í nefndinni, ræður um skilning á fundarsköpum eða fjármála- og framkvæmdaratriðum.

c) Samþykkja þarf ályktanir nefndarinnar samkvæmt 4. og 5. gr. með tveim þriðjungum atkvæða allra þeirra fulltrúa, sem rétt eiga til setu í nefndinni.

d) Samþykkja þarf allar aðrar ályktanir nefndarinnar — þ. á m. staðfestingu fjárhagsáætlunar, reglugerðir um fundarsköp, fjármál og framkvæmdaratriði, breytingartillögur við greinar stofnskrár þessarar, að undanskildum breytingartillögum samkvæmt a)-lið v) hér að framan, svo og þegar vafi er á, hverjum lið greinar þessarar beita skuli — með tveim þriðjungum atkvæða fulltrúa, er þátt taka í atkvæðagreiðslu, og

Article 20

(*a*) Resolutions of the Committee of Ministers relating to the following important matters, namely:
(i) recommendations under Article 15 (*b*);
(ii) questions under Article 19;
(iii) questions under Article 21 (*a*) (i) and (*b*);
(iv) questions under Article 33;
(v) recommendations for the amendment of Articles 1 (*d*), 7, 15, 20 and 22; and
(vi) any other question which the Committee may, by a resolution passed under (*d*) below, decide should be subject to a unanimous vote on account of its importance

require the unanimous vote of the representatives casting a vote, and of a majority of the representatives entitled to sit on the Committee.

(*b*) Questions arising under the rules of procedure or under the financial and administrative regulations may be decided by a simple majority vote of the representatives entitled to sit on the Committee.

(*c*) Resolutions of the Committee under Articles 4 and 5 require a two-thirds majority of all the representatives entitled to sit on the Committee.

(*d*) All other resolutions of the Committee, including the adoption of the Budget, of rules of procedure and of financial and administrative regulations, recommendations for the amendment of articles of this Statute, other than those

með meiri hluta atkvæða fulltrúa þeirra, sem rétt eiga til setu í nefndinni.

mentioned in paragraph (*a*) (v) above, and deciding in case of doubt which paragraph of this Article applies, require a two-thirds majority of the representatives casting a vote and of a majority of the representatives entitled to sit on the Committee.

21. gr.

a) Fundi ráðherranefndarinnar skal halda
i) fyrir luktum dyrum og
ii) á aðsetri ráðsins,
nema nefndin ákveði annað.

b) Nefndin ákvarðar, hvaða upplýsingar birta skuli um niðurstöður og umræður lokaðs fundar.

c) Nefndin skal koma saman til fundar, áður en ráðgjafarþing hefst og í upphafi hvers þings, svo og á öðrum tímum, er hún kann að ákveða.

Article 21

(*a*) Unless the Committee decides otherwise, meetings of the Committee of Ministers shall be held—
(i) in private, and
(ii) at the seat of the Council.

(*b*) The Committee shall determine what information shall be published regarding the conclusions and discussions of a meeting held in private.

(*c*) The Committee shall meet before and during the beginning of every session of the Consultative Assembly and at such other times as it may decide.

V. kafli. — Ráðgjafarþingið.

Chapter V.—The Consultative Assembly

22. gr.

Ráðgjafarþingið er umræðuþing Evrópuráðsins. Það skal ræða þau mál, er undir verksvið þess falla samkvæmt stofnskrá þessari, og afgreiða niðurstöður sínar sem tilmæli til ráðherranefndarinnar.

Article 22

The Consultative Assembly is the deliberative organ of the Council of Europe. It shall debate matters within its competence under this Statute and present its conclusions, in the form of recommendations, to the Committee of Ministers.

23. gr.

a) Ráðgjafarþingið skal ræða og getur gert tillögur um öll þau mál, sem falla undir markmið og starfsvið Evrópuráðsins, eins og skilgreint er í I. kafla, og
i) ráðherranefndin vísar til álitsgerðar þingsins eða
ii) nefndin hefur samþykkt samkvæmt tilmælum þingsins, að taka skuli á dagskrá þess.

b) Þegar nefndin tekur ákvarðanir samkvæmt a)-lið, skal hafa hliðsjón af starfi þeirra annarra milliríkjastofnana í Evrópu, sem eitthvert eða öll þátttökuríkin eru aðilar að.

c) Forseti þingsins skal, þegar vafi leikur á, úrskurða, hvort mál, sem lagt

Article 23

(*a*) The Consultative Assembly shall discuss, and may make recommendations upon, any matter within the aim and scope of the Council of Europe as defined in Chapter I, which (i) is referred to it by the Committee of Ministers with a request for its opinion, or (ii) has been approved by the Committee for inclusion in the Agenda of the Assembly on the proposal of the latter.

(*b*) In taking decisions under (*a*), the Committee shall have regard to the work of other European inter-governmental organisations to which some or all of the Members of the Council are parties.

(*c*) The President of the Assembly shall decide, in case of doubt, whether

hefur verið fyrir þingið á meðan það starfar, falli undir dagskrá þá, sem þingið hefur samþykkt samkvæmt a)-lið þessarar greinar.

24. gr.

Ráðgjafarþingið getur, með hliðsjón af ákvæðum d)-liðs 38. gr., skipað nefndir til að fjalla um og gefa þinginu skýrslu um sérhvert mál, er undir starfsvið þess fellur samkvæmt 23. gr., svo og til þess að rannsaka og undirbúa mál, sem á dagskrá þess eru, og til ráðuneytis um öll málefni, er varða fundarsköp.

25. gr.

a) Ráðgjafarþingið skal skipað fulltrúum hvers þátttökuríkis, sem tilnefndir eru samkvæmt því, er ríkisstjórn þess kann að ákveða. Allir fulltrúar skulu vera ríkisborgarar þess þátttökuríkis, sem þeir eru fulltrúar fyrir, en mega ekki jafnframt eiga sæti í ráðherranefndinni.

b) Meðan þingið situr má ekki svipta neinn fulltrúa þingréttindum, nema með samþykki þingsins.

c) Öllum fulltrúum er heimilt að hafa varamann, sem í fjarveru þeirra getur átt sæti á þingi, tekið til máls og greitt atkvæði í þeirra stað. Fyrirmælin í a)-lið hér að framan gilda um skipun varamanna.

26. gr.

Eftirtalin ríki skulu, er þau verða þátttakendur, eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Belgía	6
Bretland	18
Danmörk	4
Frakkland	18
Holland	6
Írska lýðveldið	4
Ítalía	18
Luxemborg	3
Noregur	4
Svíþjóð	6

27. gr.

Ráðherranefndin setur í samráði við þingið reglur um það, hvenær hún skuli eiga sameiginlegan fulltrúa við umræður

any question raised in the course of the Session is within the Agenda of the Assembly approved under (*a*) above.

Article 24

The Consultative Assembly may, with due regard to the provisions of Article 38 (*d*), establish committees or commissions to consider and report to it on any matter which falls within its competence under Article 23, to examine and prepare questions on its agenda and to advise on all matters of procedure.

Article 25

(*a*) The Consultative Assembly shall consist of representatives of each Member appointed in such a manner as the Government of that Member shall decide. Each representative must be a national of the Member whom he represents, but shall not at the same time be a member of the Committee of Ministers.

(*b*) No representative shall be deprived of his position as such during a session of the Assembly without the agreement of the Assembly.

(*c*) Each representative may have a substitute who may, in the absence of the representative, sit, speak and vote in his place. The provisions of paragraph (*a*) above apply to the appointment of substitutes.

Article 26

The following States, on becoming Members, shall be entitled to the number of representatives given below:—

Belgium	6
Denmark	4
France	18
Irish Republic	4
Italy	18
Luxembourg	3
Netherlands	6
Norway	4
Sweden	6
United Kingdom	18

Article 27

The conditions under which the Committee of Ministers collectively may be represented in the debates of the Con-

í ráðgjafarþinginu eða hvenær einstakir fulltrúar nefndarinnar skuli geta tekið til máls á þinginu.

28. gr.

a) Ráðgjafarþingið setur sér fundarsköp og kýs úr sínum hópi forseta sinn. Gildir kjör hans þangað til næsta reglulegt þing kemur saman.

b) Forseti stjórnar þingstörfum, en tekur ekki þátt í umræðum né atkvæðagreiðslu. Varamanni fulltrúa, sem í forsæti er, er heimilt að taka sæti, taka til máls og greiða atkvæði í hans stað.

c) Í fundarsköpum skulu m. a. vera ákvæði um:

i) þá tölu fulltrúa, sem krefjast skal, að viðstaddir séu, til þess að fundur sé ályktunarfær,
ii) hvaða reglur gilda skuli um kosningu og kjörtímabil forseta og annarra embættismanna,
iii) hvernig semja skuli dagskrá og hvernig tilkynna skuli hana fulltrúum, og
iv) hvenær og hvernig tilkynna skuli nöfn fulltrúa og varamanna þeirra.

29. gr.

Samþykkja þarf, í samræmi við ákvæði 30. gr., með tveim þriðjungum atkvæða þeirra fulltrúa, er þátt taka í atkvæðagreiðslu, allar ályktanir ráðgjafarþingsins, þ. á m. ályktanir

i) sem fela í sér tilmæli til ráðherranefndarinnar,
ii) um mál, sem lagt er til við nefndina, að ræða skuli á þinginu,
iii) um nefndaskipanir,
iv) um samkomudag þingsins,
v) um það, hvaða meiri hluta atkvæða þurfi til þess að samþykkja þær ályktanir, sem ákvæði i) og iv) töluliðs þessarar greinar ná ekki til, eða snerta málefni, er vafi leikur á um, hversu mikils atkvæðamagns krefjast.

30. gr.

Ályktanir um skipulag ráðgjafarþingsins inn á við, þar með talin kosn-

sultative Assembly, or individual representatives on the Committee may address the Assembly, shall be determined by such rules of procedure on this subject as may be drawn up by the Committee after consultation with the Assembly.

Article 28

(*a*) The Consultative Assembly shall adopt its rules of procedure and shall elect from its members its President, who shall remain in office until the next ordinary session.

(*b*) The President shall control the proceedings but shall not take part in the debate or vote. The substitute of the representative who is President may sit, speak and vote in his place.

(*c*) The rules of procedure shall determine *inter alia:*

(i) the quorum;
(ii) the manner of the election and terms of office of the President and other officers;
(iii) the manner in which the agenda shall be drawn up and be communicated to representatives; and
(iv) the time and manner in which the names of representatives and their substitutes shall be notified.

Article 29

Subject to the provisions of Article 30, all resolutions of the Consultative Assembly, including resolutions:

(i) embodying recommendations to the Committee of Ministers;
(ii) proposing to the Committee matters for discussion in the Assembly;
(iii) establishing committees or commissions;
(iv) determining the date of commencement of its sessions;
(v) determining what majority is required for resolutions in cases not covered by (i) to (iv) above or determining cases of doubt as to what majority is required

shall require a two-thirds majority of the representatives casting a vote.

Article 30

On matters relating to its internal procedure, which includes the election of

ing starfsmanna, tilnefning manna í nefndir og samþykkt fundarskapa, skulu samþykktar með þeim meiri hluta atkvæða, sem þingið kann að ákveða samkvæmt v) tölulið 29. gr.

officers, the nomination of persons to serve on committees and commissions and the adoption of rules of procedure, resolutions of the Consultative Assembly shall be carried by such majorities as the Assembly may determine in accordance with Article 29 (v).

31. gr.

Umræður um tillögur til ráðherranefndarinnar um, að mál skuli taka á dagskrá ráðgjafarþingsins, skulu takmarkast við lýsingu á umræðuefni og rök þau, er mæla með því eða móti, að málið sé tekið á dagskrá.

Article 31

Debates on proposals to be made to the Committee of Ministers that a matter should be placed on the Agenda of the Consultative Assembly shall be confined to an indication of the proposed subject-matter and the reasons for and against its inclusion in the Agenda.

32. gr.

Ráðgjafarþingið skal koma saman til reglulegs fundar einu sinni á ári. Skal þingið ákveða samkomudag og lengd þingtímans, og skal reynt að komast hjá því svo sem frekast er unnt, að samkomutíma löggjafarþings þátttökuríkis eða allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna beri upp á sama tíma. Aldrei skal reglulegt þing sitja lengur en einn mánuð, nema bæði þingið og ráðherranefndin samþykki.

Article 32

The Consultative Assembly shall meet in ordinary session once a year, the date and duration of which shall be determined by the Assembly so as to avoid as far as possible overlapping with parliamentary sessions of Members and with sessions of the General Assembly of the United Nations. In no circumstances shall the duration of an ordinary session exceed one month unless both the Assembly and the Committee of Ministers concur.

33. gr.

Reglulegt ráðgjafarþing skal halda á aðsetri ráðsins, nema bæði þingið og ráðherranefndin komi sér saman um annan stað.

Article 33

Ordinary sessions of the Consultative Assembly shall be held at the seat of the Council unless both the Assembly and the Committee of Ministers concur that it should be held elsewhere.

34. gr.

Ráðherranefndin getur kallað ráðgjafarþingið saman til aukafundar á þeim stað og tíma, sem nefndin kann að ákveða, að fengnu samþykki forseta þingsins.

Article 34

The Committee of Ministers may convoke an extraordinary session of the Consultative Assembly at such time and place as the Committee, with the concurrence of the President of the Assembly, shall decide.

35. gr.

Umræður ráðgjafarþingsins fara fram í heyranda hljóði, nema þingið ákveði annað.

Article 35

Unless the Consultative Assembly decides otherwise, its debates shall be conducted in public.

VI. kafli. — Skrifstofan.

36. gr.

a) Skrifstofan skal skipuð aðalforstjóra, aðstoðarforstjóra og því starfsliði öðru, sem þörf er á.

b) Ráðgjafarþingið skipar aðalforstjóra og aðstoðarforstjóra samkvæmt tillögu ráðherranefndarinnar.

c) Aðalforstjóri ræður annað starfslið skrifstofunnar, samkvæmt ákvæðum starfsreglugerðarinnar.

d) Engum starfsmanni skrifstofunnar skal heimilt að vera í launaðri stöðu hjá nokkurri ríkisstjórn, eiga sæti á ráðgjafarþinginu eða löggjafarþingi nokkurrar þjóðar eða vera í nokkru því starfi, sem ekki fær samrýmzt skyldum hans.

e) Sérhver starfsmaður skrifstofunnar skal gefa drengskaparyfirlýsingu þess efnis, að hann telji sig skuldbundinn Evrópuráðinu, og að hann muni vinna störf sín samvizkusamlega og ekki láta þjóðernissjónarmið hafa áhrif á gerðir sínar, svo og að hann muni ekki við skyldustörf sín leita fyrirmæla eða taka við fyrirmælum frá nokkurri ríkisstjórn eða öðrum yfirvöldum utan ráðsins, og að hann muni ekki vinna nein verk ósamrýmanleg stöðu hans sem starfsmanns í alþjóðastofnun, er eingöngu sé ábyrgur gagnvart ráðinu. Aðalforstjóri og aðstoðarforstjóri skulu gefa nefndinni slíka yfirlýsingu, en allt annað starfslið aðalforstjóra.

f) Sérhvert þátttökuríki skal taka tillit til þess, að störf aðalforstjóra og starfsliðs skrifstofunnar eru algerlega alþjóðlegs eðlis, og skulu þau ekki leitast við að hafa áhrif á þá í störfum þeirra.

37. gr.

a) Skrifstofan skal vera á aðsetri ráðsins.

b) Aðalforstjóri ber ábyrgð á starfsemi skrifstofunnar gagnvart ráðherranefndinni. Hann skal m. a. sjá ráðgjafarþing-

Chapter VI.—The Secretariat

Article 36

(*a*) The Secretariat shall consist of a Secretary-General, a Deputy Secretary-General and such other staff as may be required.

(*b*) The Secretary-General and Deputy Secretary-General shall be appointed by the Consultative Assembly on the recommendation of the Committee of Ministers.

(*c*) The remaining staff of the Secretariat shall be appointed by the Secretary-General, in accordance with the administrative regulations.

(*d*) No member of the Secretariat shall hold any salaried office from any Government or be a member of the Consultative Assembly or of any national legislature or engage in any occupation incompatible with his duties.

(*e*) Every member of the staff of the Secretariat shall make a solemn declaration affirming that his duty is to the Council of Europe and that he will perform his duties conscientiously, uninfluenced by any national considerations, and that he will not seek or receive instructions in connexion with the performance of his duties from any Government or any authority external to the Council and will refrain from any action which might reflect on his position as an international official responsible only to the Council. In the case of the Secretary-General and the Deputy Secretary-General this declaration shall be made before the Committee, and in the case of all other members of the staff, before the Secretary-General.

(*f*) Every Member shall respect the exclusively international character of the responsibilities of the Secretary-General and the staff of the Secretariat and not seek to influence them in the discharge of their responsibilities.

Article 37

(*a*) The Secretariat shall be located at the seat of the Council.

(*b*) The Secretary-General is responsible to the Committee of Ministers for the work of the Secretariat. Amongst

inu fyrir þeirri skrifstofuhjálp og annarri aðstoð, sem það kann að þarfnast, sbr. þó 38. gr. d).

other things, he shall, subject to Article 38 (*d*), provide such secretarial and other assistance as the Consultative Assembly may require.

VII. kafli. — Fjármál.

38. gr.

a) Sérhvert þátttökuríki skal greiða kostnað vegna fulltrúa sinna í ráðherranefndinni og á ráðgjafarþinginu.

b) Kostnaður vegna skrifstofunnar svo og allur sameiginlegur kostnaður annar skiptist samkvæmt ákvörðun nefndarinnar hlutfallslega milli þátttökuríkjanna eftir fólksfjölda þeirra. Nefndin ákveður fjárframlög stuðningsríkja.

c) Aðalforstjóri skal, samkvæmt fjárhagsreglugerðum, árlega leggja fjárhagsáætlun ráðsins fyrir nefndina til staðfestingar.

d) Aðalforstjóri skal vísa til nefndarinnar málaleitunum þingsins, sem hafa í för með sér útgjöld umfram þá fjárhæð, sem þegar hefur verið heimiluð þinginu og starfsemi þess.

Chapter VII.—Finance

Article 38

(*a*) Each Member shall bear the expenses of its own representation in the Committee of Ministers and in the Consultative Assembly.

(*b*) The expenses of the Secretariat and all other common expenses shall be shared between all Members in such proportions as shall be determined by the Committee on the basis of the population of Members.

The contributions of an Associate Member shall be determined by the Committee.

(*c*) In accordance with the financial regulations, the budget of the Council shall be submitted annually by the Secretary-General for adoption by the Committee.

(*d*) The Secretary-General shall refer to the Committee requests from the Assembly which involve expenditure exceeding the amount already allocated in the Budget for the Assembly and its activities.

39. gr.

Aðalforstjóri skal ár hvert tilkynna hverju þátttökuríki upphæð fjárframlags þess, og skal hvert ríki greiða aðalforstjóra framlagið, en það fellur í gjalddaga um leið og tilkynning er gefin, og greiðist eigi síðar en sex mánuðum eftir þann tíma.

Article 39

The Secretary-General shall each year notify the Government of each Member of the amount of its contribution and each Member shall pay to the Secretary-General the amount of its contribution, which shall be deemed to be due on the date of its notification, not later than six months after that date.

VIII. kafli. — Sérréttindi og friðhelgi.

40. gr.

a) Evrópuráð, fulltrúar þátttökuríkja og skrifstofa ráðsins skulu njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi á umráðasvæði þátttökuríkja, sem sanngirni mælir með, að þurfi til þess að þeir geti unnið störf sín. Í friðhelgi þessari felst, að ekki má taka neinn fulltrúa ráðgjafarþingsins fastan eða höfða mál á móti honum á umráðasvæði þátttökuríkja, vegna um-

Chapter VIII. Privileges and Immunities.

Article 40

(*a*) The Council of Europe, representatives of Members and the Secretariat shall enjoy in the territories of its Members such privileges and immunities as are reasonably necessary for the fulfilment of their functions. These immunities shall include immunity for all representatives in the Consultative Assembly from arrest and all legal pro-

mæla, sem hann hefur viðhaft á þinginu eða í nefndum þess eða fyrir atkvæði, sem hann hefur þar greitt.

b) Þátttökuríkin skuldbinda sig til að gera, eins fljótt og unnt er, samninga til að fullnægja ákvæðum a)-liðs þessarar greinar. Í því skyni skal ráðherranefndin leggja til við ríkisstjórnir þátttökuríkja, að þær samþykki samning, er ákveði sérréttindi þau og friðhelgi, sem veita skal á umráðasvæði allra þátttökuríkja. Auk þess skal gera sérstakan samning við ríkisstjórn franska lýðveldisins, þar sem ákveðin séu sérréttindi þau og friðhelgi, sem ráðið skuli njóta á aðsetri sínu.

ceedings in the territories of all Members, in respect of words spoken and votes cast in the debates of the Assembly or its committees or commissions.

(*b*) The Members undertake as soon as possible to enter into an agreement for the purpose of fulfilling the provisions of paragraph (*a*) above. For this purpose the Committee of Ministers shall recommend to the Governments of Members the acceptance of an Agreement defining the privileges and immunities to be granted in the territories of all Members. In addition a special Agreement shall be concluded with the Government of the French Republic defining the privileges and immunities which the Council shall enjoy at its seat.

IX. kafli. — Breytingar.

41. gr.

a) Tillögur til breytinga á stofnskrá þessari má bera upp í ráðherranefndinni eða, samkvæmt ákvæðum 23. gr., á ráðgjafarþinginu.

b) Nefndin skal mæla með þeim breytingum, sem hún telur æskilegar, og sjá um, að þær verði bókaðar.

c) Bókun um breytingu skal ganga í gildi, þegar tveir þriðjungar þátttökuríkja hafa undirritað hana og fullgilt.

d) Þrátt fyrir ákvæði undanfarinna málsliða greinar þessarar, skulu breytingar á 23.—35., 38. og 39. gr., er nefndin og þingið hafa samþykkt, ganga í gildi á dagsetningardegi tilkynningar aðalforstjóra, sem hann sendir ríkisstjórnum þátttökuríkja og vottar, að breytingarnar hafi verið samþykktar. Ákvæði málsliðs þessa koma ekki til framkvæmda fyrr en við lok annars reglulegs þings.

Chapter IX.—Amendments

Article 41

(*a*) Proposals for the amendment of this Statute may be made in the Committee of Ministers or, in the conditions provided for in Article 23, in the Consultative Assembly.

(*b*) The Committee shall recommend and cause to be embodied in a Protocol those amendments which it considers to be desirable.

(*c*) An amending Protocol shall come into force when it has been signed and ratified on behalf of two-thirds of the Members.

(*d*) Notwithstanding the provisions of the preceding paragraphs of this Article, amendments to Articles 23—35, 38 and 39 which have been approved by the Committee and by the Assembly, shall come into force on the date of the certificate of the Secretary-General, transmitted to the Governments of Members, certifying that they have been so approved. This paragraph shall not operate until the conclusion of the second ordinary session of the Assembly.

X. kafli. — Lokaákvæði.

42. gr.

a) Stofnskrá þessa skal fullgilda. Fullgildingarskjöl skal afhenda til varðveizlu

Chapter X.—Final Provisions

Article 42

(*a*) This Statute shall be ratified. Ratifications shall be deposited with the

ríkisstjórn hins Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

b) Stofnskrá þessi skal ganga í gildi, þegar er lögð hafa verið fram sjö fullgildingarskjöl. Ríkisstjórn hins Sameinaða konungsríkis skal senda öllum þátttökuríkjum tilkynningu, þar sem lýst er yfir, að stofnskráin hafi gengið í gildi, og greind eru nöfn þátttökuríkja Evrópuráðsins á gildistökudegi.

c) Eftir þann dag skal sérhvert ríki, sem undirritað hefur stofnskrána, verða aðili að henni frá þeim degi að telja, er það afhendir fullgildingarskjal sitt.

Til staðfestu þessu hafa undirritaðir, sem fengið hafa til þess fullgild umboð, ritað nöfn sín undir stofnskrá þessa.

Gert í London hinn 5. dag maímánaðar 1949 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem ríkisstjórn hins Sameinaða konungsríkis skal varðveita í skjalasafni sínu og afhenda öðrum samningsríkjum staðfest eftirrit.

Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland.

(*b*) The present Statute shall come into force as soon as seven instruments of ratification have been deposited. The Government of the United Kingdom shall transmit to all signatory Governments a certificate declaring that the Statute has entered into force, and giving the names of the Members of the Council of Europe on that date.

(*c*) Thereafter each other signatory shall become a party to this Statute as from the date of the deposit of its instrument of ratification.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed the present Statute.

Done at London, this 5th day of May, 1949, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Government of the United Kingdom which shall transmit certified copies to the other signatory Governments.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Fyrir atbeina ýmissa einkasamtaka í nokkrum löndum Vestur-Evrópu var eftir stríðið komið á fót milliríkjanefnd til þess að vinna að nánari samvinnu og einingu Evrópuríkjanna. Þessi samtök beittu sér meðal annars fyrir ráðstefnu þeirri, sem haldin var í Haag í maímánuði 1948 (The Congress of Europe), þar sem grundvöllurinn var lagður að stofnun þeirri, Evrópuráðinu, sem framangreindur sáttmáli fjallar um. Fyrir atbeina ríkisstjórna Brysselríkjanna svo nefndu, þ. e. Bretlands, Belgíu, Frakklands, Hollands og Luxemborgar, var unnið áfram að undirbúningi málsins, og síðan bættust Danmörk, Írland, Ítalía, Noregur og Svíþjóð í hópinn. Í byrjun maímánaðar náðist fullt samkomulag um stofnun Evrópuráðsins, og hinn 5. maí var stofnskrá þess undirskrifuð í London af utanríkisráðherrum þessara tíu ríkja.

Hinn 11. ágúst s. l. barst utanríkisráðherra svo hljóðandi símskeyti frá Evrópuráðinu, sem þá var nýkomið saman til fyrsta fundar síns í Strassborg: „Á fyrsta fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins var einróma samþykkt að bjóða Íslandi að taka þátt í störfum ráðsins, og var samþykkt, að Ísland skyldi eiga þrjá fulltrúa á allsherjarþingi ráðsins. Jafnframt því að tilkynna þetta, veitist ráðinu sú ánægja að bjóða Íslandi til þátttöku.“ Þessu boði var strax svarað, og tilkynnti utanríkisráðherra, að ríkisstjórn Íslands mundi leggja málið fyrir Alþingi til ákvörðunar, þegar það kæmi saman síðar á árinu. Jafnframt var tekið fram, að ríkisstjórnin mundi mæla með því við Alþingi, að það samþykkti þátttöku Íslands í Evrópuráðinu.

Með skírskotun til þessa er mál þetta nú lagt fyrir Alþingi. Ríkisstjórnin álítur, að Ísland eigi ekki að sitja hjá í því samstarfi, sem hér er hafið í því skyni að efla einingu Evrópuríkjanna, enda má segja, að þátttaka sem þessi sé í beinu framhaldi af því samstarfi, sem skapazt hefur fyrir atbeina Efnahagssam-

vinnustofnunarinnar og annarra samtaka, sem Vestur-Evrópuríkin og þ. á m. Ísland hafa gerzt aðilar að.

Hvert þátttökuríki á rétt á að hafa einn fulltrúa í ráðherranefndinni, og fer hver fulltrúi með eitt atkvæði. Öll ríkin eru því jafn rétthá í þessari nefnd án tillits til stærðar eða fólksfjölda. Á ráðgjafarþinginu fer fulltrúatalan hins vegar eftir stærð og fólksfjölda hvers ríkis, og eiga stórveldin þar rétt á að hafa 18 fulltrúa, en þau smæstu og fámennustu, eins og Ísland og Luxemborg, eiga rétt á 3 fulltrúum. Í ráðherranefndinni er til þess ætlazt, að utanríkisráðherra mæti helzt sjálfur eða annar ráðherra úr sömu ríkisstjórn, og er það beinlínis tekið fram í stofnskránni, en ríkisstjórn hvers lands ákveður hins vegar, hvaða fulltrúar verði sendir á ráðgjafarþingið, og mun það vera tilætlunin, að þeir séu yfirleitt valdir úr hópi þingmanna.

Um kostnað af þátttöku í Evrópuráðinu er það að segja, að hvert ríki ber allan kostnað af fulltrúum sínum í ráðherranefnd og ráðgjafarþingi. Ráðherranefndin ákveður sjálf, hversu oft á ári fundir skuli haldnir, en ráðgjafarþingið heldur fund einu sinni á ári.

Um framlag Íslands til Evrópuráðsins er hins vegar ekki hægt að gera neina áætlun að svo stöddu, því að ekki liggja fyrir um það upplýsingar í skjölum málsins, en jafnvel þótt vitað væri um áætlaðan árskostnað af ráðinu, er ekkert og verður ekkert ákveðið um hlutdeild Íslands í þeim kostnaði fyrr en eftir að Ísland hefur gerzt þátttakandi í því. Að sjálfsögðu verður að því stefnt að reyna að halda þeim kostnaði í skefjum svo sem unnt er.

Nd. 18. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóv. 1914.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttektar á vistum til skipa þeirra, er síldveiðar stunda sumarið 1949, vegna síldveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóvember 1914.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Að samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna þeirra fjárhagsörðugleika, sem síldveiðiflotinn á nú við að búa vegna aflabrests það

sem af er vertíðinni, geti skipstjórar síldveiðiskipanna hvergi fengið keyptar vistir til skipanna, nema því aðeins að kröfur, sem stofnaðar hafa verið eða stofnaðar verða vegna kaupa á vistunum verði látnar njóta sjóveðsréttar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttektar á vistum til skipa þeirra, er síldveiðar stunda sumarið 1949, vegna síldveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. júlí 1949.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

Nd. 19. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur eða tvær tólf stunda vökur, eftir því sem hásetar á viðkomandi skipi kjósa heldur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á þingunum 1946 og 1947. Fylgdi því í síðara skipti svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi eins og það er hér, og var því útbýtt 2. des. 1946. Var frumvarpinu að lokinni 1. umræðu vísað til sjávarútvegsnefndar. Eftir að nefndin hafði fengið málið til meðferðar, leitaði hún umsagnar sjómannafélaganna í Reykjavík og Hafnarfirði svo og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Fékk nefndin fljótlega svör frá Sjómannafélagi Hafnarfjarðar, er lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt, og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, er lagði til, að það yrði fellt. Svar barst hins vegar ekki frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, og hefur það félag ekki til þessa tekið neina afstöðu til þessa mikla velferðarmáls hinnar íslenzku sjómannastéttar.

Sjávarútvegsnefnd klofnaði í málinu. Meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, og fulltrúi Framsóknarflokksins, Skúli Guðmundsson, lögðu til í áliti sínu, sem útbýtt var 17. apríl 1947, að frumvarpið yrði fellt, en minni hl., fulltrúi Sósialistaflokksins, Áki Jakobsson, lagði eindregið til í áliti sínu, sem útbýtt var 23. apríl, að frumvarpið yrði samþykkt. Fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni, Finnur Jónsson, taldi sig hins vegar ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins og skilaði engu áliti.

Eftir að álit sjávarútvegsnefndar lá fyrir, var tregða við að taka málið á dagskrá, en eftir ítrekaðar tilraunir fékkst það tekið fyrir 5. maí, og eftir það 6., 7., og 8. og 23. maí. En svo einkennilega brá við, að málið var alltaf tekið af dagskrá, áður en það var útrætt, og stundum tekið fyrir og tekið af dagskrá strax aftur, án þess að nokkrar umræður væru hafðar. Fékkst því ekki atkvæðagreiðsla í málinu, og dagaði frumvarpið loks uppi, enda hafði vísvitandi verið að því stefnt af andstæðingum málsins, að svo yrði.

Frumvarp þetta var flutt vegna einróma samþykktar síðasta þings Alþýðusambands Íslands, sem innan sinna vébanda hefur öll sjómanna- og verkamannafélög landsins, sem togarahásetar eru félagar í. Þau rök, sem færð hafa verið gegn því, hafa eigi komið frá öðrum en togaraeigendum og meiri hluta sjávarútvegsnefndar, er endurtók þá staðhæfingu útgerðarmanna, að lækka yrði kaup togarasjómanna, ef frumvarpið yrði samþykkt, og að það væri eigi framkvæmanlegt vegna vöntunar á plássi í togurunum. Þessi rök eru ekki frambærileg gegn því réttlætismáli, sem er aðalefni frumvarps þessa, að togarasjómenn eigi afdráttarlausa kröfu á 12 tíma hvíld á sólarhring. Enginn sjómaður tekur alvarlega þá mótbáru togaraeigenda, að pláss sé ekki til í skipunum fyrir þá 3—4 menn, sem bæta þarf við, er hvíldartíminn verður lengdur, og sú fullyrðing útgerðarmanna, að kaup háseta ætti að lækka, ef fjölgað yrði á skipunum, er aðeins dæmi um það, hve ósanngjarnir atvinnurekendur af gamla skólanum geta enn verið.

Togarasjómenn eru nú samkvæmt lögum skyldir til þess að vinna allt að 16 stundum í sólarhring og bera oft og tíðum ekki meira úr býtum en menn í landi fyrir stuttan vinnutíma. Það er því svo furðulangt frá sanngirni að ympra á því að lækka kaup þeirra, þó að þeim verði tryggð 12 stunda hvíld á sólarhring, að slíkt nær engri átt. Það verður að spara á öðrum liðum útgerðarkostnaðarins. Útgerðin ber það ekki að missa af flotanum, vegna óhóflegs vinnutíma og lélegra launa, það einvalalið, er nú mannar togarana.

Því hefur verið hreyft um þetta frumvarp, eins og hin fyrri vökulög, að það sé flutt í pólitiskum tilgangi, án þess að sjómenn hafi sjálfir áhuga á málinu. Eins og í fyrra skipti hafa togarahásetar svarað þessu eftirminnilega. Frá því að frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi, hafa um 400 starfandi togarahásetar skorað á Alþingi að samþykkja það, og sams konar áskornir hafa borizt víðar að. Afstaða sjómanna til frumvarpsins er því ótvírætt sú, að þeir vilja, að frumvarpið verði að lögum.

Með hliðsjón af því, hversu þetta er mikið réttlætismál, verður að ætla, að frumvarpið fái fljóta og þinglega fyrirgreiðslu og Alþingi viðurkenni réttmæti þess og geri það að lögum.“

Á þinginu 1947 var samþykkt þáltill. um að skipa nefnd í þetta mál. Gerði ríkisstjórnin það. Á síðasta þingi var gerð fyrirspurn um starf nefndarinnar. Skýrði forsætisráðherra frá því, að nefndin hefði verið skipuð. Nefndarálit er enn ókomið.

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

I. KAFLI
Um það, til hvaða mála lögin taka.

1. gr.

Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla, er lög þessi taka ekki til.

2. gr.

Einnig skulu eftirfarandi mál sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögum þessum:

1. Mál, sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipulaga um félög.
2. Rannsókn út af brotum barna og unglinga, sbr. lög um vernd barna og ungmenna.
3. Mál til þess að sanna dauða horfins manns.
4. Mál til sviptingar lögræðis og til brottnáms lögræðissviptingar.
5. Mál til sviptingar erfðarétti sakir brota erfingja gagnvart arfleifanda eða samerfingja.
6. Mál til upptöku eigna vegna brota á landslögum.
7. Mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks, er ríkisvaldið hefur látið banna.
8. Mál vegna heitinga.
9. Mál til ógildingar hjúskap.
10. Mál til ákvörðunar atriða samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga.
11. Mál til brottnáms ólögmæts ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild.
12. Rannsókn slysa og annarra ófara eða atriða lögum eða venju samkvæmt eða eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra.

3. gr.

Kröfur borgararéttar eðlis, er af refsiverðri háttsemi rísa, má hafa uppi, rannsaka og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum laga þessara.

II. KAFLI
Um dómendur í héraði.

4. gr.

Sýslumenn utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

Í kaupstöðum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

Í Reykjavík sæta opinber mál rannsókn, meðferð og dómsuppsögu sakadómara, er vera skulu þrír til fimm eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og skipar hann einn þeirra forstöðumann embættisins. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á sína ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun forstöðumanns, enda skiptir hann störfum með sakadómurum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.

Sakadómarar taka laun samkvæmt 8. gr. 1. tölul. laga nr. 60/1945.

5. gr.

Saksóknari getur kveðið svo á, að rannsókn máls og meðferð, annaðhvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík, eða annars staðar á landinu, þar sem honum þykir bezt við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstakan dóm einum eða fleirum dómurum, er halda megi dómþing hvar sem vera skal á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómanda vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.

Í Reykjavík geta þrír sakadómarar annað hvort eftir ákvörðun forstöðumanns eða eftir boði dómsmálaráðherra farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.

Dómur getur kvatt tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf.

6. gr.

Sjó- og verzlunardómur starfar að þeim málum, er í 1. og 2. tölul. 200. gr. laga um meðferð einkamála í héraði greinir. Siglingadómur fer með þau mál, sem í lögum nr. 68/1947 segir. Um meðferð þessara refsimála fer eftir lögum þessum og ákvæðum 205. og 206. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Nú verður það uppvíst í sjó- eða verzlunardómsmáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá einnig rannsaka og dæma þær í þeim dómi ásamt sjó- eða verzlunarbrotunum.

Nú kemur það upp í almennu refsimáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- eða verzlunarbrot, og skal rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennu brotanna, enda skal þá nefna meðdómendur samkvæmt 1. málsgrein.

7. gr.

Kirkjudómur fer með refsimál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar viðkomandi héraðsdómari (í Reykjavík elzti sakadómari), en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. 6. gr. eiga með samsvarandi hætti við mál samkvæmt 1. málsgrein.

8. gr.

Skylt er hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lögmæltum skilyrðum, að taka við kvaðningu héraðsdómara til meðdómendastarfa.

Undan kvaðningu eru skildir:

1. Dómarar og ritari hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra.
2. Ráðherrar og skrifstofustjórar í stjórnarráði.
3. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar, nema í kirkjudómi.
4. Löggiltir málflutningsmenn og fulltrúar þeirra.
5. Embættislæknar og ljósmæður.

9. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.
5. Sérþekking á sakarefnum.

10. gr.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

11. gr.

Um skyldu og skilyrði meðdómenda samkvæmt 8.—10. gr. dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglum um kæru til æðra dóms. Sama er um forföll meðdómenda.

12. gr.

Áður en meðdómandi tekur til starfa fyrsta sinni, skal hann undirrita í þingbók heit að viðlögðum heiðri sínum og drengskap um það, að hann skuli leysa starfann af hendi, svo sem hann hyggur sannast og réttast og helzt að lögum.

Um greiðslu til meðdómenda fer samkvæmt 2. málsgr. 203. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

13. gr.

Í málum samkvæmt 5. gr., 4. málsgr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögu. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut og vitni og tekur við staðfestingu þeirra á skýrslum sínum, sér um samningu dóms og áfrýjun og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

14. gr.

Nú missir meðdómanda við, og kveður héraðsdómari þá annan til, er taki við máli, þar sem hinn þraut, nema héraðsdómara þyki sérstök ástæða til að endurtaka það, sem áður hefur farið fram í málinu. Annars fer sem í 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði segir.

15. gr.

Dómari getur látið löggiltan fulltrúa sinn framkvæma rannsókn fyrir dómi og kveða upp úrskurði, sem nauðsynlegir eru hennar vegna, enda fullnægi hann skilyrðum 1. málsgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við á.

16. gr.

Málsmeðferð fyrir dómi er opinber, nema dómara þyki ástæður þær, er í 2. mgr. segir, standa því í vegi.

Rannsókn fer fram fyrir luktum dyrum:

a. ef dómari telur þess þörf til að leiða sannleikann í ljós, t. d. á frumstigi rannsóknar;
b. til hlífðar sökunaut, þegar sérstaklega stendur á, eða nánustu vandamönnum hans, vitnum eða öðrum;
c. ef sökunautur er undir 18 ára;
d. af velsæmisástæðum eða
e. annars vegna hagsmuna ríkis eða almennings.

Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn eða að gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar fer fram eða er til sýnis.

17. gr.

Rannsókn opinberra mála og dómsmeðferð að öðru leyti fer fram fyrir sakadómi og á þeim stað og tíma, sem dómari eða dómsformaður ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra getur þó, að fengnum tillögum viðkomandi dómara, ákveðið, að sakadóm í kaupstöðum eða kauptúnum, sbr. 2. málsgr. 4. gr., til meðferðar opinberra mála skuli halda ákveðna vikudaga og á ákveðinni klukkustund, ef mál eru fyrir hendi.

18. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti utan Reykjavíkur og embætti sakadómara í Reykjavík skal fylgja sakadómsbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það, sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda, og sérstök dómabók, þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.

Nú er rannsókn framkvæmd á hendur sökunaut vegna margra sakaratriða eða á hendur fleiri sökunautum, og skal þá, ef kostur er, skráð þannig í þingbók, að síðar megi, þegar eftirrit er tekið úr bókinni, hafa samfellt eftir föngum það, sem varðar eitt og sama sakaratriði. Dómsmálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um þetta.

Rétt er að hraðrita eða taka á talvél skýrslur í opinberu máli.

Rannsóknarstjóri skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um sakaskrá og sakavottorð.

19. gr.

Ritlaun greiðast ekki fyrir eftirrit úr bókum þeim, er í 18. gr. getur, eða fyrir eftirrit af skjölum, er til opinbers máls heyra, ef eftirritið er nauðsynlegt til sóknar þess eða varnar eða í sambandi við rannsókn þess eða málskot, eða það er veitt til þess að koma fram skaðabótakröfu í opinberu máli eða í þágu handhafa ríkisvaldsins. Eftirrit þessi skal í té láta, svo fljótt sem framast er unnt.

Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga um meðferð einkamála í héraði um opinber mál, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Um ákæruvaldið.

20. gr.

herra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis.

97. gr.

Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess, sem með á:

1. Verjanda um það, er sökunautur hefur trúað honum fyrir um málsatvik, eftir að hann hefur tekið vörnina að sér.
2. Prestum, læknum, ljósmæðrum og lyfsölum um atriði, er varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfa sínum, nema brot varði minnst tveggja ára refsivist.

Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan til varnar sökunaut, og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði.

98. gr.

Heimilt er dómara, nema leyfi aðilja komi til, að undanþiggja vitni að svara spurningum, er varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk, hvort sem vitnið á sjálft í hlut eða það hefur komizt að vitneskju sinni í þjónustu einstaklingsins, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni aðilja til leyndar ríkari en hagsmuni ákæruvaldsins um skýrslu.

99. gr.

Dómari skal leiðbeina aðiljum um þau atriði, er varða vitnisburð og í 92.—98. gr. getur.

100. gr.

Dómari metur það hverju sinni, hvort barn hafi náð þeim þroska, að það beri það skynbragð á sakaratvik, að vitnisburður þess um það skipti máli.

Samsvarandi hátt hefur dómari á um vanþroska menn eða geðbilaða.

101. gr.

Skylt er vitni að koma fyrir dóm utan varnarþings síns, hvar sem er á landinu, ef nauðsynlegt þykir til samprófunar vitnis við sökunaut eða önnur vitni, enda sé því séð fyrir farkosti og því sem minnstur bagi gerður.

Vitni, sem eigi má koma fyrir dóm á þingstað vegna sjúkleika síns eða heimamanna sinna, má prófa annars staðar, þar sem kostur er að taka af því skýrslu.

Dómari getur úrskurðað vitni skylt að hafa með sér sakargögn til sýningar eða framlagningar í dómi eða athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar málsatvikum.

102. gr.

Dómari getur látið lögreglumann (hreppstjóra) eða einn stefnuvott kveðja vitni til þess að koma fyrir dóm og gefa skýrslu í opinberu máli, að viðlagðri refsingu. Ef vitni sinnir eigi kvaðningu að forfallalausu, getur dómari fært eða látið færa það fyrir dóm með valdi. Beita má ákvæðum 131. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við á.

103. gr.

Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir því skyldu þess til að gefa sönn og rétt svör við spurningum sínum og draga ekkert undan, er máli skiptir, hvort sem það varðar málsatvik, hæfi þess, sönnunargildi vitnisburðar eða annað. Loks minnir dómari vitni á þýðingu vitnisburðar um málsúrslit og skýrir fyrir vitninu með tilvísun til viðeigandi ákvæða hegningarlaga þá refsiábyrgð, er vitni kann að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, og þá siðferðislegu ábyrgð, sem röngum framburði er samfara.

Að þessu loknu lætur dómari vitni festa með þeim hætti, er nú greinir, heit um sannan framburð sinn:

1. Ef vitni lýsir sig, að gefnu tilefni frá dómara, trúa á guð, og heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæring þess, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi.
2. Nú má ekki svo með fara, sem í 1. tölul. segir, og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.
3. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalizt, svo sem hönd lögð á helga bók, og er þá dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni munu fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu.

104. gr.

Eigi skal heitfesta:

1. Barn undir 15 ára aldri.
2. Þann, sem svo er vitsmunavant eða svo geðbilaður, að hann ber ekki skyn á eða er ófær til að meta helgi eða þýðingu heitfestingar.
3. Sakaðan mann eða mann, sem dómari veit eða má ætla, að síðar verði sakaður í því máli.

105. gr.

Að heitfestingu lokinni hefst vitnaleiðsla um sakaratriði. Gæta skal dómari þess, að spurningar hans séu ákveðnar, ekki tvíræðar eða veiðandi, ekki særandi eða móðgandi framar en efni standa til og ekki sýnilega þýðingarlausar. Ganga skal úr skugga um það, hvort skýrsla manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögusögn annarra.

Nú hefur vitni eða aðrir gefið skýrslur fyrir lögreglumanni eða aðrir en það fyrir dómi, og kynnir dómari þá slíkar skýrslur eða önnur sakargögn eigi fyrir vitni, fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Utanréttarvottorðum þess, er vitni skyldi bera, um sakaratriði, má dómari ekki veita viðtöku, nema skýrslan sé gerð að tilhlutun hans eða lögreglumanns eða dómara þyki standa sérstaklega á, svo sem ef eigi er kostur annarrar skýrslu frá þeim aðilja.

Vitni hvert skal prófa sér, og eigi láta önnur vitni hlýða á. Um návist sökunauts fer samkvæmt 80. gr. Samprófa skal vitni við sökunaut og aðra, ef á greinir, þegar dómara þykir hentugt.

Ef með mál er farið samkvæmt 133. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hætta sé á, að sakargögn fari annars forgörðum.

Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurning er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis sjálfs eða annarra, og getur dómari þá lagt spurningu skriflega fyrir vitni og leyft því að svara skriflega og bókað svarið, enda eigi vitnið kost á að sannfæra sig um rétta bókun, án þess að svarið sé lesið upp.

Þar sem verjandi er við rannsókn annars staðar, er honum rétt að beina því til dómara, að hann leggi spurningar um tiltekin atriði fyrir þá, sem prófaðir eru.

Bóka skal svör svo, að ótvírætt og tæmandi komi fram efnið í svörum, og orðrétt jafnan, ef ástæða er til að ætla, að orðrétt bókun geti skipt máli um mál almennt eða einstök sakaratriði.

106. gr.

Dómari rannsakar af sjálfsdáðum öll atriði, er varða skyldu vitnis eða heimild til að gefa skýrslu og hæfi til þess að staðfesta hana. Dómari getur látið vitni eða aðra staðfesta skýrslu sína um þessi efni.

Dómari vitnamáls úrskurðar þau atriði, er í grein þessari segir, og annað, er varðar vitnamálið sjálft. Yfirlýsing vitnis fyrir vitnadómara um það, að úrskurður verði borinn undir æðra dóm, frestar framkvæmd úrskurðar.

107. gr.

Vitni skal greiða eftir kröfu þess og samkvæmt úrskurði dómara útlagðan kostnað þess vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun fyrir atvinnumissi, sem telja má vitni skipta nokkru máli, miðað við efnahag þess og ástæður.

108. gr.

Ákvæði 136.—144. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál, eftir því sem við á, og með þeim breytingum og viðaukum, sem hér segir:

1. Dómari rannsakar sjálfur vettvang, muni og verksummerki, eftir því sem við verður komið og hann hefur þekkingu til, bæði á þingstað og annars staðar með kunnáttumönnum og án þeirra, sbr. 38. gr.
2. Dómari framkvæmir eða lætur framkvæma mat og skoðun af sjálfsdáðum svo og samkvæmt tilmælum ákæruvaldsins, sökunauts eða verjanda hans, eftir því sem efni standa til.
3. Dómari gerir sökunaut, sækjanda og verjanda viðvart um dómkvaðningu mats- og skoðunarmanna, ef ástæða er til, en dómkvaðning, matsgerð og staðfesting hennar fer fram, þótt þeir komi ekki.
4. Dómari veitir mats- og skoðunarmönnum leiðbeiningar og úrskurðar, að hverju leyti athugasemdir áðurnefndra aðilja, sbr. 2. tl., skuli til greina teknar. Mats- eða skoðunargerð skal fá dómara í hendur, og ákveður hann staðfestingu samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hafa tíðkazt.

109. gr.

Líkskoðun fer fram, hvar sem er og hvarvetna þess, er dómara þykir nauðsynlegt.

Krufning líka má einungis framkvæma samkvæmt úrskurði dómara, nema nánasti venzlamaður eða nánustu venzlamenn leyfi, þegar ástæða þykir til vegna öflunar sakargagna.

Um framkvæmd líkskoðunar og krufningar fer samkvæmt gildandi reglum, þó svo, að dómari ákveður hverju sinni í samráði við hlutaðeigandi kunnáttumann, hvað gera skuli.

110. gr.

Ákvæði 149. gr. laga nr. 85/1936 gildir og í opinberum málum, svo sem við á.

XIII. KAFLI

Um sönnunarbyrði og mat sakargagna.

111. gr.

Sönnunarbyrði um sekt sökunauts og atvik, sem telja má honum til óhags, hvílir á ákæruvaldinu. Dómari metur það hverju sinni, hvort nægileg sönnun, er eigi verði véfengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert atriði, er varðar sekt og ákvörðun refsingar og aðrar afleiðingar brots, þar á meðal, hverja þýðingu skýrslur sökunauts hafi.

112. gr.

Dómari metur það eftir atvikum, hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi, er eigi varða beinlínis þá staðreynd, sem sanna skal, en leiða kann að mega af ályktanir um hana, svo sem atriði, er í 2.—6. tölul. 38. gr. getur, uppeldi sökunauts, þekking hans og menntunarástand, framkomu í rannsókn málsins o. s. frv.

113. gr.

Dómari metur öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, matsgerðar, skoðunar og skjala, með hliðsjón af ákvæðum 129., 144., 153., 154., 158. og 159. gr. laga nr. 85/1936.

XIV. KAFLI
Um mál ungmenna, dómsáttir og ákæru.

114. gr.

Mál ungmenna á aldrinum 15—18 ára fara samkvæmt 30. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög um vernd barna og ungmenna.

115. gr.

Dómara er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinbert mál án málshöfðunar:

1. Ef brot er mjög smávægilegt, getur dómari lokið máli með áminningu, er hann skráir í þingbók, enda láti sökunautur við það sitja.
2. Ef brot er skýlaust sannað og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengur um málið, getur dómari ákveðið hæfilega sekt, er greiðist innan tiltekins tíma að viðlagðri viðeigandi refsivist ásamt sakarkostnaði, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók. Greina skal í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot upptöku eignar í för með sér, og getur dómari undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku. Ákvörðun um eignaupptöku getur dómari og tekið með bókun í þingbók, ef sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur og verðmæti fer ekki fram úr kr. 3000.00.

Senda skal saksóknara skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. tölul. 1. málsgr. þessarar greinar, eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða að mál, sem lokið er samkvæmt sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá kært málið til hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðun dómara.

116. gr.

Dómari höfðar mál af sjálfsdáðum á hendur sökunaut, sem ekki hefur komið fyrir dóm, ef

1. Honum hefur sjálfum verið löglega birt kvaðning fyrir dóm á tilteknum stað og tíma og fullnægi kvaðningin ákvæðum 1.—3. tölul. 118. gr., enda sé skýrt greint í henni, að fjarvist hans verði metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið, þótt hann komi ekki, og að hann megi ekki vænta frekari viðvörunar.
2. Ekki er kunnugt um, að nauðsynjar banni honum komu fyrir dóm.
3. Ætla má, að brot hans varði eigi yfir 3000 króna sekt eða eignaupptöku.
4. Fram er komin fyrir sekt hans skýrsla eins lögreglumanns eða annars opinbers starfsmanns eða gögn, er jafna megi til slíkrar skýrslu.

Ef tveir menn eða fleiri eru sakaðir um sama brot, verður þessi meðferð venjulega því aðeins höfð, að skilyrði 1.—4. tölul. sé fullnægt um þá báða eða alla.

Eigi skal ómerkja í æðri dómi gerðir dómara samkvæmt þessari grein, nema sýnt þyki, að dómara hafi missýnzt í mjög mikilsverðum atriðum.

Ákvæði 115. gr., 2. mgr., um skýrslur til saksóknara eiga við um mál samkvæmt þessari grein.

117. gr.

Í málum, þar sem sökunautur hefur skýlaust játað sig hafa haft alla þá háttsemi, sem hann er borinn og máli skiptir, ekkert veikir þá játningu og vafalaust má þykja um aðrar staðreyndir, svo sem þær, er orka kunna refsihækkun eða refsilækkun, refsileysi eða niðurfelling refsingar, sakhæfiskorti o. s. frv., eða notkun lagaákvæða, svo sem um val milli tveggja eða fleiri ákvæða sér eða saman, um aðild o. s. frv., er dómara heimilt að höfða mál af sjálfsdáðum, sbr. þó 25. gr.

Fara skal um þau atriði, sem í grein þessari getur, eftir 3. og 4. málsgr. 116. gr.

118. gr.

Er dómari telur rannsókn lokið, sendir hann saksóknara eftirrit af öllu því, sem í henni er fram komið, til ákvörðunar um það, hvað gera skuli. Þegar er saksóknari hefur fengið rannsókn máls í hendur, athugar hann, hvort semja skuli ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum. Ef honum virðist það, sem fram er komið með framhaldsrannsókn eða án hennar, nægilegt eða líklegt til sakfellis, semur hann ákæru, en annars kostar lætur hann við svo búið standa.

Nú ákveður saksóknari málshöfðun, og semur hann þá ákæruskjal, er hann sendir dómara. Í því skal greina, svo að eigi verði um villzt:

1. Nafn sökunauts, heimilisfang og önnur deili á honum.
2. Hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund, eftir föngum, er það er talið framið, það heiti, sem það hefur í lögum, eða aðra skilgreining svo og þær lagagreinar, sem það er talið varða við.
3. Þær kröfur, sem gerðar eru, svo sem kröfur um refsingu, réttindamissi, eignartöku, skaðabætur, greiðslu sakarkostnaðar o. s. frv.

Í ákæruskjali má ekki skírskota til fram kominna sannana eða setja þar lögfræðilegar athugasemdir framar en sagt var.

Dómari ritar ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar málsins á ákæruskjal og lætur síðan birta fyrir sökunaut með venjulegum hætti eða fyrir dómi. Um leið og ákæruskjal er birt sökunaut, skal hann spurður, hvort hann vilji halda uppi vörn eða fá verjanda, og hvern, ef því er að skipta.

Nú ákveður dómari málshöfðun samkvæmt 117. gr., og semur hann þá ákæru, er fullnægi ákvæðum 1.—3. tölul., enda fer um birtingu hennar og annað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

119. gr.

Fresti til þinghalds í opinberum málum má stytta eftir þörfum frá því, sem mælt er í einkamálum. Tilkynningar má birta á sömu stöðum sem í lögum um meðferð einkamála í héraði greinir, svo og í varðhaldi eða á gæzlustað, ef því er að skipta. Rétt er, að lögreglumaður eða einn stefnuvottur birti. Ákærða skal afhenda eftirrit af kvaðningu samkvæmt 116. gr. eða ákæruskjali.

120. gr.

Nú er óvíst um þann mann, er kröfu skal á hendur gera, eða dvalarstað hans, en mál hans sætir þó lögsögu íslenzkra dómstóla, og skal þá birta ákæru eða kröfur í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stund og stað til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara.

121. gr.

Saksóknari getur ávallt svo og dómari samkvæmt 117. gr. gefið út framhaldsákæru, enda sé mál ekki þegar dæmt í héraði:

1. Ef leitt er í ljós, eftir birtingu ákæru, að ákærði hafi eða kunni að hafa drýgt önnur eða frekari brot en í ákæru segir.
2. Ef sýnt er, að ákæru er ábótavant, svo sem háttsemi ákærða ranglega lýst eða saksótt eftir öðrum refsiákvæðum en brot á undir.

Framhaldsákæru skal jafnan gefa út eigi síðar en 3 vikum eftir að þörfin á henni varð kunn, enda skal veita ákærða kost á að koma að vörn eftir þörfum.

Aldrei má dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir, né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Rétt er þó dómara að dæma áfall á hendur sökunaut, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari, að vörn verði ekki áfátt þess vegna. Dómari getur gefið sökunaut, verjanda og sækjanda færi á því að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt undir sama skilorði að dæma eftir öðrum refsiákvæðum en segir í ákæru, en gefa skal hann þá nefndum aðiljum kost á því að reifa málið að því leyti og af nýju, ef því er að skipta.

122. gr.

Nú hefur rannsókn dómara á hendur tilteknum sökuðum manni eigi leitt í ljós sakaratriði eða sakargögn, sem nægileg hafa þótt til ákæru, og má þá eigi taka það mál upp af nýju, nema skilyrðum 2. málsgreinar 45. gr. sé fullnægt, enda fer um rannsókn skaðabótakröfu sem þar segir.

Ákvæði 3. mgr. 45. gr. gildir hér að breyttu breytanda.

123. gr.

Þegar kvaðning samkvæmt 116. gr. eða ákæra hefur verið birt sökunaut, nefnist hann ákærði og málið er nefnt: Ákæruvaldið gegn N. N.

XV. KAFLI

Um flutning og meðferð opinberra mála fyrir héraðsdómi.

124. gr.

Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt 118. gr., 5. málsgr., eða 120. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál. Leggur hann þá fram eftirrit af dómprófum máls og önnur gögn, er fram hafa komið og unnt er að leggja fram á dómþingi. Kynna skal sökunaut, ef þess er kostur, efni þeirra gagna, er honum hafa ekki áður kynnt verið, og fá viðurkenningu hans um það, að þau varði hann eða málið, ef unnt er. Ef verjanda skal skipa, þá skal gera það í þessu þinghaldi, nema það hafi verið áður gert. Verjanda eða ákærða, ef hann ætlar sjálfur að verja sig, skal fá í hendur málsskjöl og setja frest til varnar, enda skal þá ákveða næsta þinghald.

Frumrit skjals, þar sem eftirrit má eigi að sama gagni koma, eða muni, sem úrslit máls varða, lætur dómari venjulega ekki aðiljum í hendur, nema til athugunar í þinghaldi, enda er rétt að gera ljósmyndir af slíkum gögnum aðiljum til afnota.

125. gr.

Mál skal taka til dóms í þinghaldi samkvæmt 124. gr., nema dómari telji framhaldsrannsóknar þörf, ef:

1. Sökunautur kemur fyrir dóm og óskar eigi skipaðs verjanda, þó að honum væri það rétt, eða að halda uppi vörn annars.
2. Ef vörn kemur þá þegar fram.

Nú eru sökunautar tveir eða fleiri, og má þá mál því aðeins til dóms taka, að svo standi á um báða eða alla sem í 1. og 2. tölul. segir.

126. gr.

Dómari ákveður hverju sinni, hvort vörn skuli flutt munnlega eða skriflega.

127. gr.

Ákærða eða verjanda hans er rétt, áður en vörn er flutt, ef því er að skipta, að bera sérstaklega undir dómara hvert það atriði, er hann telur varða því, að

ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, eins og þá stendur á, svo sem að máli beri að vísa frá dómi, að því beri að fresta til frekari rannsóknar eða varnar, að dómari sé óhæfur o. s. frv., og krefjast úrlausnar dómara þar um. Tekur dómari ákvörðun um það, hvort kröfu skuli taka til greina eða ekki, með rökstuddum úrskurði, ef hann telur ekki eiga að gera það, og dómi, ef frávísunarkrafa er tekin til greina.

Nú er krafizt frávísunar máls, og skal þá saksóknara veittur kostur á því að tjá sig um málið, áður en dómari tekur ákvörðun um þá kröfu.

Synjunarúrlausn dómara má kæra til æðra dóms, ef saksóknari samþykkir.

128. gr.

Nú er vörn fram komin og framhaldsrannsókn lokið, ef því er að skipta, og tekur dómari þá mál til dóms.

Nú verður dómara það ljóst eftir dómtöku, að rannsaka þurfi betur einhver atriði, og gerir hann þá ákærða og verjanda viðvart um það, enda fer um slíka rannsókn með sama hætti sem ella. Rétt er dómara að veita aðiljum kost á því að flytja framhaldsvörn í máli, að rannsókn lokinni, eftir því sem efni standa til. Að svo búnu tekur dómari mál til dóms af nýju.

129. gr.

Nú hefur ákærði ekki sinnt kvaðningu samkvæmt 116. gr. og skilyrðum hennar er að öðru leyti fullnægt, og tekur dómari þá þegar mál til dóms og kveður upp refsidóm á hendur ákærða.

130. gr.

Nú kemur ákærði eða sjálfvalinn verjandi hans ekki fyrir dóm, þegar þingfesta skal mál, og tekur dómari þá mál þegar til dóms, nema:

1. Honum sé kunnugt um nauðsynjar annars þeirra eða beggja.
2. Hann telji rétt að hafa framhaldsrannsókn um sakaratriði.
3. Honum þyki annars standa svo á, að rétt sé að fresta máli og veita aðiljum færi á því að halda uppi vörn.

Dómari gerir aðiljum viðvart um þinghald til framhaldsrannsóknar, og að henni lokinni, ef því er að skipta, frest til varnar og stað og stund til næsta þinghalds. Ef frestað er máli samkvæmt 1. eða 3. tölul., tilkynnir dómari aðiljum það og frest þann, sem ákveðinn er, og stað og stund næsta þinghalds, enda verði mál þá tekið til dóms. Ef ekki er komið fyrir dóm af hendi ákærða að settum frestum liðnum, skal venjulega taka mál til dóms.

131. gr.

Nú skilar skipaður verjandi ekki vörn innan tiltekins tíma, og getur dómari þá sett honum nýjan frest, enda getur dómari falið öðrum löghæfum manni vörn, ef dómari telur mál hafa dregizt eða munu dragast óhæfilega lengi fyrir aðgerðaleysi skipaðs verjanda.

132. gr.

Nú hefur dómari birt ákæru eða kröfur samkvæmt 120. gr., og er þá rétt að taka mál til dóms, þótt ákærði eða stefndi komi þar ekki, ef:

1. Skilyrðum 117. gr. er fullnægt.
2. Saksóknari og dómari telja mál fullrannsakað og ákærða hefur verið skipaður verjandi samkvæmt ósk hans og kostur veittur til varnar eða hann hefur lýst því fyrir dómara, að hann æskti engrar varnar. Annars kostar skal fresta máli að svo stöddu.
3. Gerð er krafa á hendur aðilja um upptöku eignar.

133. gr.

Sókn og vörn samkvæmt ákvæðum 134.—139. gr. fer fram í:

1. Málum, þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940.
2. Málum, sem sæta ákæru saksóknara samkvæmt 118. gr., sbr. 25. gr., ef
   a. brot getur varðað yfir 5 ára fangelsi samkvæmt lögum nr. 19/1940 og lagatriði eða sönnunar veita efni til slíkrar meðferðar, t. d. úrslit máls velta á líkum, mál er mjög umfangsmikið eða margbrotið;
   b. sérstaklega þýðingarmikil vafaatriði eru í máli eða úrslit þess hafa annars mikla almenna þýðingu, hvort sem brot varðar við almenn hegningarlög eða önnur lög.

Saksóknari rannsakar og ákveður hverju sinni, hvort mál er þess eðlis, að það skuli sæta meðferð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar. Dómari skal í lok rannsóknar leita þess, hvort ákærði æski þess, að sókn og vörn verði flutt í máli hans, ef dómara þykir vera mega heimild til að kveða svo á.

134. gr.

Þegar er saksóknari hefur ákveðið meðferð máls samkvæmt 133. gr., sendir hann dómara eða formanni dóms samkvæmt 5. gr. tilkynningu um ákvörðun sína. Dómari (formaður) skipar því næst sækjanda, ef því er að skipta, og verjanda og sendir þeim skjöl málsins ásamt tilkynningu um stað og stund næsta þinghalds, sbr. 118. og 119. gr.

135. gr.

Dómari (formaður dóms) veitir sækjanda og verjanda sameiginlegan frest til að undirbúa sókn og vörn. Þeir skulu kynna sér rækilega alla málavöxtu og rannsaka, hvaða sakaratriði sé rétt að leiða betur í ljós en þegar er gert, sbr. 82. og 89. gr. Gera skulu þeir skrá um sakargögn, er athuga þarf, og þau vitni, sem þeir vilja leiða, hvort sem þau hafa verið leidd áður eða ekki. Skulu þeir kynna hvor öðrum efni skrárinnar og fá dómurum hana í hendur fyrir dómþing svo tímanlega, að þeir geti yfirfarið efni hennar.

136. gr.

Á næsta dómþingi skal þingfesta mál með þeim hætti, sem í 124. gr. segir. Þá er máli hefur verið lýst og sækjandi og verjandi hafa gefið sig fram og ákæra hefur verið lesin upp, ber þeim að tjá sig um atriði þau, er því kynnu að varða, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, og fer þá svo sem í 127. gr. er mælt.

137. gr.

Frekari rannsókn máls fer fram fyrir dómi, ef þess er þörf og kostur, og taka sækjandi og verjandi þátt í henni.

Dómur kveður ákærða og aðra fyrir sig, nefnir skoðunar- og matsmenn, tekur við staðfestingu þeirra og segir fyrir um öflun annarra gagna, eftir því sem efni standa til.

Sækjandi gerir fyrst stuttlega grein fyrir sakaratriðum og ákæru svo og þeim sakargögnum, sem hann ætlar að styðja ákæru við. Þá skal ákærði spurður um sakaratriði og honum veittur kostur á því að tjá sig um þau. Ef frásögn hans fer í atriðum, sem máli skipta, í bága við fyrri skýrslu hans, skal honum bent á ósamræmið og þau atriði prófuð af nýju. Ef ákærði játar brot á sig, ákveður dómur, að hverju leyti þörf er frekari sakargagna.

Því næst flytur sækjandi fram sakargögn og spyr vitni. Verjandi tekur þá við, flytur fram sakargögn af sinni hendi og leiðir vitni. Sækjandi og verjandi gagnspyrja vitni jafnóðum og þau eru spurð. Um vitnaleiðsluna gilda ákvæði 105. gr. Dómendur spyrja ákærða, vitni og aðra eftir þörfum, stjórna prófun sækjanda og verjanda og skera úr öllum vafa- og ágreiningsefnum.

Nú verður ekki hjá því komizt, að rannsókn einstakra atriða fari fram fyrir dómi annars staðar, og er þá rétt, að sækjandi og verjandi komi þar fyrir dóm með sömu skyldum og réttindum sem mælt var, ef dómendum aðalmáls þykir nauðsynlegt.

138. gr.

Þá er gögn öll eru fengin, skal dómur kveða á um það, hvort flytja skuli mál munnlega eða skriflega. Mál skal flytja munnlega, nema bæði sækjandi og verjandi óski skriflegs málflutnings, enda telji dómur skriflegan flutning máls heppilegri, svo sem vegna þess, hve mál er umfangsmikið.

Nú er mál munnlega flutt, og skal málflutningur þá fara fram þegar í fyrsta þinghaldi, sbr. 136. gr., eða þegar gögn öll eru fram komin, sbr. 137. gr. Sækjandi talar fyrst, en verjandi síðan, enda má hvor flytja tvær ræður, en rétt er ákærða að taka einu sinni til máls að loknum ræðum sækjanda og verjanda. Um munnlegan málflutning fer annars eftir 112. gr. laga nr. 85/1936.

Nú er mál skriflega flutt, og leggur sækjandi þá fyrst fram sókn sína, en verjandi síðan vörn. Framhaldsvörn og framhaldssókn má síðan flytja einu sinni af hvors hálfu.

Að lokinni sókn og vörn skal mál taka til dóms.

139. gr.

Nú þykir dómi eftir dómtöku máls svo áfátt um rannsókn einhvers atriðis, að ekki megi við hlíta, og skal þá hafa framhaldsrannsókn þar um, enda megi ætla, að hún kunni að bera árangur. Ákveður dómari (formaður) í samráði við sækjanda og verjanda stund og stað til rannsóknar eða gerir ráðstafanir til þess, að rannsókn fari fram utan síns lögsagnarumdæmis, ef því er að skipta. Um rannsókn samkvæmt þessari grein fer annars samkvæmt 137. gr. Dómur getur, að rannsókn lokinni og eftir að sækjandi og verjandi hafa kynnt sér árangur hennar, veitt þeim kost á að gera athugasemdir til viðbótar málflutningi sínum, ef honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt.

Að loknum aðgerðum samkvæmt þessari grein skal taka mál til dóms af nýju.

140. gr.

Fresta skal meðferð máls:

1. Ef nauðsynjar banna dómara, málflytjanda eða öðrum, sem leysa ber af hendi starf í þarfir máls, að inna af hendi störf sín á tilsettum tíma.
2. Ef þeir koma ekki fyrir dóm, er gefa skulu skýrslu í opinberu máli eða staðfesta hana, enda megi ætla hana skipta nokkru máli.
3. Ef óviðráðanleg atvik tálma annars framkvæmdum, svo sem veður eða vötn, sóttkvíun o. s. frv.
4. Framhaldsrannsókn er ákveðin, sem eigi er unnt að hafa þá þegar, eða bíða verður annarra aðgerða til framkvæmdar máli, svo sem skipunar dómara eða málflytjanda o. s. frv.

Dómari getur frestað máli:

1. Vegna uppkvaðningar úrskurða og annarra ráðstafana sakir máls.
2. Til sóknar eða varnar máls.

141. gr.

Hraða skal meðferð opinberra mála eftir föngum, enda verði þess jafnan gætt að afla allra fáanlegra skýringa um málavöxtu. Dómari (dómur) ræður gangi máls, enda er hann óbundinn af yfirlýsingum málflytjenda eða kröfum, nema þær séu borgararéttar eðlis. Eigi skiptir það máli, hve nær yfirlýsingar koma fram í rannsókn eða flutningi máls.

XVI. KAFLI
Um sakarkostnað.

142. gr.

Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins.
2. Þóknun sækjanda og skipaðs verjanda.
3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalþýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv.
4. Gæzlu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.
5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.
6. Þingvotta- og birtingargjöld.
7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 147. gr. og fullnustu dóms með aðför.
8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.

Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

143. gr.

Nú er ákærði sýkn dæmdur af refsikröfum, af hvaða ástæðu sem er, eða refsimál gegn honum fellur niður, án þess að svo sé ástatt sem í 115. gr. segir, og skal þá einnig sýkna hann af málskostnaðarkröfu. Þó skal dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða að einhverju leyti eða öllu, ef hann hefur orðið kostnaðar valdur með vísvitandi eða stórkostlegu ólögmætu framferði í rannsókn máls eða í sambandi við hana.

Nú eru tveir menn eða fleiri hafðir fyrir sökum, og eru sumir sýknaðir og sumir sakfelldir, og skal þá frá draga þann hluta kostnaðar, er telja má aðeins koma hinum sýknaða eða sýknuðu við, nema telja megi hinn dómfellda eða hina dómfelldu einnig beinlínis valda að honum. Ef slíkur frádráttur verður ekki gerður nákvæmlega, metur dómari það, í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

144. gr.

Nú er ákærði sakfelldur fyrir það brot eða þau brot, sem honum er sök á gefin, og skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum.

Nú er ákærði sakfelldur fyrir sum þau brot, er honum er sök á gefin, en sýkn dæmdur af öðrum, og getur dómari þá ákveðið, að hann skuli greiða nokkurn hluta kostnaðar, en að hinn hlutinn skuli greiddur úr ríkissjóði, með þeim hætti, er í 143. gr. segir.

Kostnað, sem sækjandi eða verjandi eða lögreglumenn eru valdir að vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma sökunaut til að greiða. Getur dómari ákveðið í dómi refsimálsins eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skyldu þeirra til að greiða slíkan kostnað, en veita skal hann þeim áður kost á að láta uppi álit sitt.

145. gr.

Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í sama máli og sekir dæmdir, og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða gæzlu- eða varðhaldskostnað sinn og þóknun til skipaðs verjanda síns einum sér, ef hann hefur fengið sér skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá hina sakfelldu, sem eru saman um verjanda, skal dæma in solidum til að greiða þóknun hans.

Nú hafa ákærðu allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvor (hver) annars og eru dæmdir til refsingar fyrir það í sama máli, og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum (sbr. þó 1. málsgr.). Ef samband þeirra

einhverra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt, skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum, er honum þykir sanngjarnt vera.

146. gr.

Í dómi og úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

Dómari gerir heildarreikning yfir sakarkostnað og sendir hann ásamt fylgiskjölum til dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninginn og greiðir dómara það, sem hann kann að hafa lagt út eða greiða á síðar. Refsidómur ásamt úrskurðuðum reikningi, verður þá lögleg heimild til aðfarar í fé ákærða eða ákærðu.

147. gr.

Til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða til undirbúnings eignartöku, ef því er að skipta, skal dómari, ef hann hefur jafnframt fógetavald, kyrrsetja eða láta fógeta annars kyrrsetja eignir sökunauts eða sökunauta, ef hættu má telja á því, að þeim verði ella undan skotið eða að þær glatist eða rýrni að mun, svo að ekki verði nægilegt til greiðslu sakarkostnaðar eða bóta á sínum tíma, og fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, en þó með þeim afbrigðum, er hér segir:

1. Tryggingu þarf enga að setja.
2. Ábyrgð á kyrrsetningu þessari fer eftir almennum skaðabótareglum.
3. Mál til réttlætingar kyrrsetningu þarf ekki að höfða.

Dómari kveður á um varðveizlu kyrrsettra muna og sér um, að þær ráðstafanir verði gerðar, er með þarf að lögum til verndar kyrrsetningu. Eigi skal stimpilgjald eða þinglýsingar greiða fyrir þessar ráðstafanir.

Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem ákærði hefur verið sýknaður með úrslitadómi eða úrskurði af greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða málsókn hefur verið undan felld eða látin niður falla og eigi koma ákvæði 115. gr. til greina, og á hann þá heimtingu á því, að honum verði honum að kostnaðarlausu fengin umráð yfir hinum kyrrsettu verðmætum og úr gildi felldar þær ráðstafanir aðrar, sem gerðar kunna að hafa verið til verndar kyrrsetningunni. Ef ákærði hefur greitt sakarkostnað eða dæmdar skaðabætur, á hann og heimtingu til hins sama, en greiða verður hann þá kostnað þar af.

XVII. KAFLI

Um bætur til handa þriðja manni.

148. gr.

Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn, og skal dómari þá, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsimáli, og að þar megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli. Ef aðili eða umboðsmaður hans gerir slíka kröfu nægilega ákveðið og nægilega snemma, enda leiðbeini dómari í því efni eftir þörfum, þá skal dómari leita sannana um hana, þar á meðal með matsgerð eða skoðunar fyrir dómtöku, ef því er að skipta. Bera skal slíka kröfu undir ákærða, enda er sækjanda og verjanda skylt að gera athugasemdir um hana, ef ákærði hefur ekki samþykkt hana, eftir því sem ástæður verða til.

149. gr.

Ef máli er til lykta ráðið samkvæmt 115. gr. og sökunautur samþykkir bótakröfu og samkomulag verður um greiðslu hennar, skal dómari bóka það, og er þann gerning að meta sem sátt fyrir dómi.

Um lyktir bótakröfu í refsimáli fer annars sem hér segir:

Ef dómur gengur ekki um efni refsikröfu fyrir þá háttsemi, sem bótakrafa er sprottin af, þá verður ekki heldur dæmt um hana. Sama er, ef ákærði er sýknaður af þeirri háttsemi vegna þess, að eigi þykir sannað, að hann hafi framið hana. Ef hann er sýkn dæmdur af öðrum rökum, svo sem vegna sakhæfisskorts, eða refsing er látin niður falla, en skilyrðum skaðabótaskyldu er þó talið vera fullnægt, má dæma kröfuna. Ef sannanir þykir skorta um tjón aðilja að öllu leyti, skal vísa kröfu frá dómi. Dómari ákveður annars bætur með venjulegum hætti.

150. gr.

Í æðra dómi skal taka skaðabótakröfu, sem dæmd hefur verið að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti, ef annar hvor aðilja æskir þess, enda gilda þar ákvæði 148. gr. um skyldu sækjanda og verjanda.

Skjóta má sérstaklega til hæstaréttar ákvæði héraðsdóms, þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til, ef dóminum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer það málsskot að lögum um meðferð einkamála fyrir æðra dómi.

151. gr.

Aðrar kröfur borgararéttareðlis, sem rót sína eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í refsimáli, svo sem missi erfðaréttar, ógildi hjúskapar o. s. frv., og skal þar dæma þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.

152. gr.

Nú hefur leit verið gerð hjá þriðja manni eða hald verið lagt á muni hans í rannsókn opinbers máls, og á hann þá kröfu til bóta fyrir miska, ef aðgerðir þessar hafa fram farið á óþarflega móðgandi eða særandi hátt, og fyrir fjártjón, er aðgerðin hefur valdið honum, enda verði honum eigi gefin sök á því, að hún fór fram eða hvernig hún fór fram. Í stað bótakröfu má láta aðilja í té yfirlýsingu samkvæmt 161. gr., eftir því sem við á.

XVIII. KAFLI

Um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl.

153. gr.

Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina, að

1. Sökunautur hafi ekki með vísvitandi eða stórvægilega gáleysislegu ólögmætu framferði valdið þeim aðgerðum, er hann reisir kröfu sína á, svo sem með stroki, ósannindum, tilraunum annars til að torvelda rannsókn o. s. frv., og
2. Rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki hafin vegna þess, að sú háttsemi, sem hann var borinn, hafi talizt ósaknæm, eða sönnun hafi ekki fengizt um hana eða hann hafi verið sýkn dæmdur með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðum, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera sýknan af henni en sekan.

Bæta skal fjártjón og miska, ef því er að skipta.

154. gr.

Dæma má bætur fyrir handtöku, leit á manni, rannsókn á heilsu manns og aðrar aðgerðir, sem hafa frelsisskerðing í för með sér, aðrar en gæzluvarðhald og refsivist, sbr. 155. og 156. gr., svo og fyrir leit í húsum og hald á munum:

1. Ef lögmælt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða.
2. Ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til nefndra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

155. gr.

Bætur skal að jafnaði dæma fyrir gæzluvarðhald, sem óleyfilegt er samkvæmt 1.—3. tölul. 72. gr., án tillits til ákvæða 1. eða 2. tölul. 153. gr. Sama er um bætur til þeirra, er í 4. tölul. sömu greinar segir, enda hafi mátt sjá, að svo var ástatt um þá, sem þar greinir, eða þeir hafi vakið athygli viðkomenda á því.

Um bætur fyrir gæzluvarðhald annars fer eftir 153. gr.

Taka skal sérstaklega til greina, ef sannað er eða ætla má, að sökunautur hafi liðið tjón á heilsu sinni vegna frelsisskerðingar.

156. gr.

Nú verður það ljóst, að maður hefur saklaus hlotið refsidóm, þolað refsingu eða upptöku eigna, og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, enda þótt skilyrðum 1. tölul. 153. gr. sé ekki fullnægt, en lækka má þó bætur eftir sök aðilja á því, að hann var ranglega dæmdur.

157. gr.

Bótakröfu má hafa uppi sem hér segir:

1. Ef rannsókn hefur ekki leitt til ákæru, getur aðili krafizt úrskurðar rannsóknardómara um rétt sinn á hendur ríkissjóði til bóta. Kveður dómari þá upp úrskurð um kröfuna, að fengnu áliti saksóknara. Úrskurði má áfrýja til æðra dóms.
2. Ef mál gengur til dóms, getur aðili krafizt úrlausnar héraðsdóms um bótakröfu á hendur ríkissjóði, enda ber þá sækjanda og verjanda að tjá sig um hana í flutningi máls þar. Ákvæðum dóms um bótakröfu má áfrýja til æðra dóms ásamt málinu eða sérstaklega, ef máli er ekki áfrýjað.
3. Nú eru þær leiðir ekki farnar, sem í 1. og 2. tölul. getur, og er aðilja þá rétt að höfða mál í héraði, þar sem sú aðgerð fór fram, er krafa er á reist, með venjulegum hætti, enda sé saksóknara stefnt fyrir hönd ríkisvaldsins til að gæta réttar þess og lögreglumanni og héraðsdómara, ef krafa er gerð á hendur þeim. Fer það mál eftir reglum um meðferð einkamála, enda skal veita aðilja gjafsókn fyrir báðum dómum. En dæma má hann til greiðslu sakarkostnaðar, ef hann tapar máli, eftir almennum reglum.

158. gr.

Ríkissjóður ábyrgist jafnan greiðslu bóta, en kröfu á hann á hendur dómara eða öðrum, ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið aðgerðum þeim, sem krafa var reist á, eða framkvæmt þær með sama hætti.

Nú er rannsókn á hendur manni, sem hlotið hefur bætur samkvæmt 153.—155. gr., tekin upp af nýju og það kemur í ljós, að grundvöllur sá, sem bótakröfu mátti reisa á, var ekki fyrir hendi, og ber þá að dæma hann til endurgreiðslu bótanna.

159. gr.

Um aðiljaskipti að bótakröfu samkvæmt þessum kafla fer samkvæmt 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

160. gr.

Bótakrafa fyrnist á 6 mánuðum frá vitneskju aðilja um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því, er aðili var laus látinn úr refsivist. Ef refsimál hefur farið til hæstaréttar, telst fyrningarfrestur frá uppkvaðningu dóms þar.

161. gr.

Sökunautur, er orðið hefur fyrir þeim aðgerðum, sem taldar eru í 154.—156. gr., getur í stað bóta krafizt vottorðs þess opinbers starfsmanns, sem máli hans hefur ráðið til lykta, um það, að komið hafi í ljós, að sökunautur hafi ekki verðskuldað aðgerðina. Ef viðkomandi opinber starfsmaður telur, að sökunautur eigi rétt á slíku vottorði, ber honum að láta það í té.

XIX. KAFLI

Um sektir.

162. gr.

Ef sækjandi eða verjandi, hvort sem hann er skipaður eða ekki, gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt á hendur frá 200—5000 krónur í dómi eða úrskurði, eftir því sem á stendur.

163. gr.

Sömu sektum, er ákveða má samkvæmt 162. gr., skal sá sæta, er viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi.

164. gr.

Sá skal sæta sektum eða varðhaldi, sem brýtur bann dómara samkvæmt 3. málsgr. 16. gr. eða í ræðu eða riti gefur opinberlega vísvitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ólögmætan hátt rannsókn slíks máls eða hafa að öðru leyti ólöglega áhrif á hana eða málsúrslit.

Ef sækjandi eða verjandi brýtur ákvæði 1. málsgr. og brot þeirra þykja eigi varða nema sektum, enda liggi fullar upplýsingar fyrir um það, má svo með fara, sem í 162. gr. segir.

Mál út af þessum brotum fara annars sem opinber mál almennt.

165. gr.

Ef brot þau, er í 162., 163. og 164. gr. segir, varða þyngri refsingu að lögum en þar segir, skal sækja þá sök í almennu opinberu máli.

166. gr.

Sektir samkvæmt 162.—164. gr. renna í ríkissjóð.

Kæra má sérstaklega refsiákvæði samkvæmt 162., 163. og 164. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 178. gr.

XX. KAFLI

Um dóma og úrskurði.

167. gr.

Úrskurði, er kveða þarf upp í sambandi við rannsókn eða flutning opinbers máls, skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, eftir að atriði er tekið til úrskurðar. Úrskurðir skulu vera byggðir á forsendum og nægilega skýrir og glöggir.

168. gr.

Ákvæði 191. og 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði skulu og taka til opinberra mála.

169. gr.

Dómar í opinberum málum skulu vera glöggir og skýrir svo sem kostur er á. Ekki má skírskota til sannana eða atvika, er síðar kunna að koma fram.

Í dómi skal greina nafn, stöðu og heimili ákærða, svo að ekki verði um villzt, númer málsins, þing, stað og stund, er dómur er upp kveðinn, hve nær mál var tekið til dóms, nafn dómanda eða nöfn, ef fleiri eru en einn, málsatvik og málsástæður þær, er máli þykja skipta, hugleiðingar dómara um niðurstöðu, skilorð, ef skilorðsbundið er dæmt, réttarfarssektir, ef því er að skipta, um skaðabótakröfu, eignartöku, sakarkostnað og annað, er máli kann að skipta. Niðurstöðu dóms skal síðan saman draga í niðurlag hans, eins og tízka hefur verið, að því leyti sem honum á að fullnægja með aðför, og svo, ef ákærði er alsýknaður.

Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, enda þótt eigi sé sett í þá aðfararákvæði sérstaklega.

Ef sektir eru dæmdar eða úrskurðaðar, skal ákveða í dómi eða úrskurði vararefsingu lögum samkvæmt tiltekinn tíma, er ákærði skuli þola, ef sekt greiðist ekki innan ákveðins tíma frá birtingu eða uppsögu dóms eða úrskurðar, sbr. 3. málsgr. 170. gr.

Ákvæði um aðfararfrest skal annars ekki setja í dóma eða úrskurði í opinberum málum, hvorki um refsingu né annað.

170. gr.

Dómari tilkynnir ákærða eða verjanda hans, ef þess er kostur, hvar og hvenær dómur eða úrskurður, ef með þarf og það á við, verði kveðinn upp, og með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp á dómþingi í heyranda hljóði. Eftirrit af dómi eða úrskurði skal veita sækjanda og verjanda eða ákærða svo fljótt sem unnt er, ef þess er krafizt.

Ef ákærði er viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar, þarf ekki að birta honum dóm eða úrskurð. Ella skal birting dóms fram fara með venjulegum hætti, og úrskurðar, er það á við.

Ef ákærði er við dómsuppsögu eða úrskurðar staddur, telst frestur samkvæmt 4. málsgr. 169. gr. frá uppsögudegi, en ella frá birtingardegi.

Dómari gerir nauðsynlegar ráðstafanir til birtingar dóma og úrskurða.

Geta skal þess í þingbók, hvort ákærði hafi verið viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar. Í eftirriti af dómsathöfnum þessum skal þess og geta.

171. gr.

Dómur bindur ákærða, handhafa ríkisvalds og aðra aðilja um atriði þau, sem þar eru dæmd, svo sem refsingu, skaðabætur, réttindamissi, réttarfarssektir, eignatöku, sakarkostnað o. s. frv.

Ákvæði 2. málsgr. 195. gr. og 196. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál.

172. gr.

Refsiákvæðum, ákvæði um eignatöku, málskostnað eða skaðabætur í dómi í opinberu máli eða úrskurði má ekki fullnægja með aðför fyrr en afráðið er, að því verði ekki skotið til æðra dóms, en þá má því þegar fullnægja, nema sekt skuli greiða og greiðslufrestur hennar sé ekki liðinn.

XXI. KAFLI
Um kæru til æðra dóms.

173. gr.

Ekki verður skotið til æðra dóms:
1. Ákvörðun um, að meðdómendur skuli til kvaddir.
2. Ákvörðun um, að rannsókn eða meðferð máls skuli fara fram fyrir luktum dyrum.
3. Ákvörðun um brottvísun af dómþingi.
4. Synjun um skoðun skjala og kynningu annarra sakargagna.
5. Ákvörðun um, að verjanda skuli skipa.
6. Ákvörðun um fresti, sbr. þó 175. gr., 9. tölul.
7. Ákvörðun um skriflegan eða munnlegan málflutning.
8. Ákvörðun um að veita verjanda leyfi til viðtals við sökunaut.
9. Ákvörðun um, að rannsókn eða málsmeðferð skuli tekin upp af nýju.

174. gr.

Saksóknari einn getur kært til æðra dóms eða leyft aðila að kæra:
1. Úrskurði dómara, að hann eða meðdómandi skuli eða skuli ekki fara með mál.
2. Synjun á kvaðningu meðdómenda.
3. Frávísunardóm og úrskurð dómara samkvæmt 77. gr.
4. Ákvæði um sakarkostnað, sbr. þó 175. gr., 11. tölul.

175. gr.

Aðili getur kært til æðra dóms:
1. Úrskurð um handtöku og rannsókn á sökunaut eða öðrum, leit, hald á munum, kyrrsetningu og rannsókn skjala og bréfa.
2. Ákvörðun um skyldu manna til aðstoðar og um að láta í té muni í þarfir opinbers máls.
3. Úrskurð um varðhald og aðra gæzlu á sökunaut og tryggingu.
4. Synjun um skipun verjanda og ákvörðun um það, hvern skuli skipa.
5. Ákvörðun um þóknun sækjanda og verjanda, ef hún er ekki ákveðin í dómi.
6. Úrskurð um vitnaskyldu, vitnaheimild, þóknun vitnis, viðurlög við brotum á vitnaskyldu og önnur atriði, sem vitni varða.
7. Úrskurð um sams konar efni um mats- og skoðunarmenn.
8. Úrskurð um líkrannsókn.
9. Úrskurð, þar sem synjað er um rannsókn um einstök atriði eða endurupptöku málflutnings.
10. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt er farið.
11. Ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða, sem að öðru leyti hefur verið sýkn dæmdur að nokkru eða öllu.

176. gr.

Kæra samkvæmt 175. gr., 1.—4. tölul., frestar ekki framkvæmdum í máli. Kæra samkvæmt 6. og 7. tölul. frestar ekki aðgerðum, ef hún varðar þóknun vitna eða mats- og skoðunarmanna.

Þegar öðruvísi stendur á, frestar kæra samkvæmt 175. gr. þeim framkvæmdum í rannsókn opinbers máls og meðferð, sem fara mundu í bága við niðurstöðu æðra dóms, ef hún yrði andstæð hinni kærðu dómsathöfn, nema slík framkvæmd verði talin brýnt nauðsynleg, til þess að rannsókn málsins komi að fullu gagni, enda verður ákvörðun dómara um það efni eigi haggað. Þetta gildir þó ekki um vitnaheimild eða vitnaskyldu né um samsvarandi skyldu matsmanna eða skoðunarmanna.

177. gr.

Þar sem kæra frestar framkvæmdum, skal dómari, eftir því sem unnt er, ganga þegar úr skugga um það, hvort kært verði.

Kærandi skal lýsa kæru sinni innan sólarhrings frá því, er honum var birt ákvörðun sú, er hann vill kæra, bréflega til dómara eða með bókun í þingbók, og gera kröfur sínar ásamt þeim athugasemdum, er honum þykir hlýða, enda mega ný gögn og ný málsatvik koma fyrir æðra dóm. Jafnskjótt sem kæru hefur verið lýst, skal dómari gera eftirrit af því, er kærumálið varðar. Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en sökunaut eða verjanda hans eitt eintak, svo og þeim öðrum, er kæran varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.). Innan 3 sólarhringa eftir móttöku skjalanna getur æðri dómur lagt dóm á kærumálið, enda getur hver aðilja sent honum athugasemdir sínar á þeim fresti.

Athugasemdir, er síðar koma, skal þó taka til greina, ef þær koma áður en dómur er upp kveðinn.

Ef kæra frestar framkvæmdum rannsóknar eða málsmeðferðar, skal æðri dómur hafa lokið dómsorði á kærumál innan 10 daga frá móttöku skjalanna, nema mál sé sérstaklega margbrotið eða dómurinn telji óhjákvæmilegt, að nýrra gagna sé aflað. Að þeim fengnum fer um dómsuppsögu sem áður segir.

Aldrei má dómsuppsaga dragast lengur en 2 vikur, eftir að skjöl öll, þar á meðal ný sakargögn, hafa til æðra dóms komið, hvort sem kæra frestar framkvæmdum eða ekki.

Sekta skal kæranda um 200—5000 krónur til ríkissjóðs fyrir tilefnislausa kæru.

XXII. KAFLI
Um áfrýjun.

178. gr.

Skylt er saksóknara að áfrýja dómi án kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd 5 ára refsivist eða meira.
2. Ef sérstakar ástæður eru til, svo sem ef telja má mann ranglega sýknaðan eða sakfelldan, refsingu að mun of háa eða of lága, réttindi eða eign ranglega dæmda af manni, mann ranglega mæltan undan þessum viðurlögum, eða ranglega hallað á hann í forsendum dóms, þótt hann sé sýknaður, ef það hefur almenna þýðingu að fá úrlausn æðra dóms eða töluverð vafaatriði þykja annars vera í máli, hvort sem þau varða lög eða staðreyndir.

Skylt er saksóknara að áfrýja eftir kröfu ákærða:

1. Ef dæmd refsing nemur yfir 3000 króna sekt fyrir fyrsta sinni framið brot eða 5000 króna sekt fyrir ítrekað brot.
2. Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans.
3. Ef ákærða er mælt upptaka eignar, er nemur yfir 3000 krónum fyrir fyrsta sinni framið brot eða 5000 krónum fyrir ítrekað brot. Jafnan er þó þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef saksóknari vill láta við dóminn sitja.
4. Ef ákærða er dæmd refsivist fyrir fyrsta sinni framið brot eða þriggja mánaða refsivist fyrir ítrekað brot.

Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun, sbr. 180. gr., ef ákærði er yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði.

Að ákærða önduðum, koma maki hans, foreldri, barn, kjörbarn og systkin í stað hans um áfrýjun. Rétt er saksóknara að áfrýja ákærða til hagsbóta eftir andlát hans.

179. gr.

Nú er máli áfrýjað að kröfu ákærða, og verður þá refsing eða önnur viðurlög á hendur honum ekki þyngd, nema ákæruvaldið áfrýi málinu í þessu skyni af sinni hálfu.

180. gr.

Hér á landi hefur, einkum í Reykjavík, verið reynt að veita heimilinum vinnuhjálp í forföllum húsmæðra, en starfsemi þessi hefur strandað á því, að stúlkur hafa ekki fengizt til starfans nema við og við, og mun svo verða að öllu óbreyttu.

Aðalefni hinnar sænsku löggjafar, um þetta efni, sem þýðingu mætti hafa, til þess að stúlkur teldu þetta starf eftirsóknarvert, er:

1. að stúlkurnar fá sérstaka menntun í þessu skyni og geta því litið á sig sem stétt, er hafi ákveðnu, þýðingarmiklu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu;

2. að stúlkurnar eru ráðnar af opinberum aðila (bæjarstjórn, hreppsnefnd o. s. frv.), fá kaup eftir ákveðnum reglum og starfskjör þeirra eru hliðstæð kjörum annarra opinberra starfsmanna;
3. að starfið er að verulegu leyti sjálfstætt.

Hagnaður heimilanna af því, ef að einhverju leyti mætti tryggja með þessum hætti vinnuhjálp í forföllum húsmóðurinnar, er auðsær. Víða á heimilum horfir til stórvandræða, ef húsmóðirin getur ekki gegnt störfum sínum, þótt um stuttan tíma sé að ræða. Kemur oft til þess, að leysa verður heimilið upp eða maðurinn verður að leggja niður vinnu til þess að taka að sér heimilisstörfin. Algengt er líka um húsmæður, að sjúkdómur, sem mætti lækna á fyrsta stigi hans, verður að ólæknandi meini vegna þess, að heimilisstörfin leyfa ekki, að leitað sé læknis í tíma.

Um fjárhagshliðina má segja það, að fyrir mörg bæjar- og sveitarfélög gæti orðið stórkostlegur fjárhagslegur hagnaður að því, ef hægt væri að koma góðu skipulagi á vinnuhjálp heimilanna í forföllum húsmæðra, auk þess sem mikill fjöldi fólks getur borgað fyrir slíka hjálp, þótt illmögulegt sé að fá hana eins og nú standa sakir.

Nd. 33. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist nýir töluliðir:

1. Á eftir B 50 í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
   a. *Sandeyrarvegur:* Frá Bæjum á Snæfjallaströnd að Sandeyri.
   b. *Strandavegur:* Frá Sætúnsbryggju í Grunnavík um Staðarheiði og Skorarheiði í Furufjörð.
2. Á eftir B 51 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Vatnsfjarðarvegur: Úr Ísafjarðarbotni um Reykjanes og Reykjarfjörð í Skálavík.
3. Á eftir B. 53 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Skálavíkurvegur: Frá Bolungavík til Skálavíkur.
4. Á eftir B 55 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Fjarðavegur: Frá Súðavík um Álftafjörð, Seyðisfjörð, Hestfjörð og Skötufjörð í Ögur.

Nd. 34. Frumvarp til laga [29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar á þessu sumri.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunda á þessu sumri, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. n. k.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gefa út lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast bráðabirgðalán til útgerðarmanna, sem síldveiðar stunda í ár.

Sökum þess, að síldveiði hefur enn brugðizt í sumar fram að þessu, og hætta er á, að hún stöðvist alveg vegna erfiðleika síldarútgerðarmanna á að greiða kaup háseta og nauðsynjar til útgerðarinnar, hefur ríkisstjórnin leitað til Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands um lánveitingu að fjárhæð allt að kr. 2 250 000.00 í þessu skyni, og verði lánin tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunda á þessu sumri, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. n. k.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. ágúst 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 35. Breytingartillaga [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

Við 1. gr. Aftan við gr. bætist:
Liðinn D. 8 í sömu gr. skal orða svo:
Hróarstunguvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, Gunnhildargerði og Nefbjarnarstaði og áfram í samband við Hróarstunguveg nyrðri nálægt Geirastöðum.

Ed. 36. Frumvarp til laga [30. mál]

um stóríbúðaskatt.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir, Páll Zóphóníasson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Hver sá, er hefur íbúð til afnota, hvort heldur það er eigin íbúð eða íbúð, sem hann hefur á leigu, á þeim stöðum á landinu, þar sem lög nr. 39 1943 hafa komið til framkvæmda, skal greiða ríkinu skatt af íbúð sinni eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Skattur þessi nefnist stóríbúðaskattur og skal renna í sjóð, er varið sé til lánveitinga, að hálfu til byggingarsamvinnufélaga og að hálfu til byggingar verkamannabústaða.

2. gr.

Stóríbúðaskatt skal miða við gólfflöt íbúðar og herbergjafjölda, og telst þá ekki með íbúðinni anddyri (ytri forstofa), geymsluhús, þvottahús og miðstöðvarherbergi. Hins vegar reiknast með íbúðinni, auk íbúðarherbergjanna, innra anddyri og gangar, eldhús, búr og baðherbergi. Skattur greiðist af hverjum fermetra gólfflatar íbúðarinnar, sem er fram yfir:

35 fermetra, búi einn maður í íbúðinni.
70 fermetra, búi tveir menn í íbúðinni.
90 fermetra, búi þrír menn í íbúðinni,

að viðbættum 15 fermetrum fyrir hvern mann, sem býr í íbúðinni fram yfir þrjá. Skattur reiknast þó aldrei af einu íbúðarherbergi eða hluta af því, ef einn eða fleiri menn búa þar, ekki af tveimur íbúðarherbergjum, ef þar búa tveir menn eða fleiri, og ekki af þremur íbúðarherbergjum, ef þar búa þrír menn eða fleiri.

Þar sem lofthæð íbúða er minni en 2,5 metrar, skal við útreikning skattsins miða við rúmmál, en ekki flatarmál íbúðarinnar, þannig að 2½ rúmmetri komi í stað 1 fermetra gólfflatar.

Auk þess, sem greinir í 1 málsgr., er heimilt, eftir mati skattstjóra (skattanefnda), að ákveða 20 fermetra gólfflöt skattfrjálsan í skrifstofu, ef sá, er íbúðina hefur til afnota, telst vegna atvinnu sinnar þurfa sérstaka skrifstofu.

3. gr.

Nú er atvinnurekstri þess, er hefur íbúð til afnota, þannig háttað, að hann þarf að hafa fleira fólk í íbúðinni vissa tíma ársins en venjulega, og skal þá miða stærð skattfrjáls gólfflatar við tölu íbúa, þegar hann vegna atvinnurekstrarins þarf að hafa þá flesta.

4. gr.

Stóríbúðaskatturinn reiknast þannig:

Af hverjum 1—10 fermetrum, sem skattskyldir eru samkv. 2. gr., greiðist 100 kr. á ári fyrir hvern fermetra,, og 200 kr. á ári fyrir hvern fermetra, sem er þar fram yfir. Nú hefur skattgreiðandi íbúð til afnota hluta úr ári, og lækkar skattgreiðslan þá hlutfallslega, þó þannig, að skatturinn standi á heilum tug króna, en broti úr tug sé sleppt.

Nú hefur eigandi eða umráðamaður íbúðarhúsnæðis, sem skattskylt er eftir lögum þessum, reynt að leigja húsnæðið fyrir eigi hærra leigugjald en metið er af húsaleigunefnd, en engan leigutaka fundið, og skal hann þá, fyrir eitt ár í senn, undanþeginn greiðslu stóríbúðarskatts af því íbúðarhúsnæði, sem hann hefur árangurslaust reynt að selja á leigu, þó því aðeins, að hann hafi boðið húsaleigunefnd að ráðstafa húsnæðinu til leigu, en hún hafi engan leigutaka fundið.

Stóríbúðarskatt má ekki draga frá tekjum við álagningu tekjuskatts.

5. gr.

Skattanefndir reikna út stóríbúðaskatt. Til hliðsjónar við álagningu hans skulu byggingarfulltrúar og byggingarnefndir gefa skattanefndum (skattstofum) upplýsingar um stærð íbúða í umdæminu fyrir 1. júní ár hvert. Fyrir sama tíma skal manntalsskrifstofan í Reykjavík, en þeir, sem framkvæma manntal annars staðar, gefa skattanefndum (skattstofum) upp fjölda heimilisfastra manna í hverri íbúð í umdæminu.

Heimilt er skattanefndum að krefja alla þá, er íbúð hafa til afnota, um upplýsingar um stærð íbúðar og fjölda heimilismanna á þeim tíma og í því formi, er þær telja henta, og er skylt að gefa slíkar upplýsingar. Beita má allt að 100 kr. dagsektum, ef slíkar umbeðnar skýrslur eru ekki gefnar í tæka tíð. Fái skattanefnd ekki fullnægjandi skýrslur um stærð íbúðar og fjölda heimilismanna innan þess tíma, er hún hefur til tekið, skal hún áætla hvort tveggja eftir beztu vitund.

6. gr.

Skattanefndir (skattstjórar) skulu hafa lokið við álagningu stóríbúðaskatts og birt skrá um skattinn fyrir 1. sept. ár hvert, en skráin skal liggja frammi til sýnis almenningi 1.—15. september.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) innheimta stóríbúðaskatt. Gjalddagi skattsins er 1. október ár hvert.

7. gr.

Álagning stóríbúðaskatts má kæra. Skal kæra komin til skattanefndar fyrir 1. okt. ár hvert. Úrskurðum skattanefnda um álagðan stóríbúðaskatt má skjóta til yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur vegna tekju- og eignarskatts.

8. gr.

Nú hætta húsaleigunefndir að starfa, og skulu þá bæjar- og sveitarstjórnir annast það, sem húsaleigunefndum er ætlað að framkvæma samkv. 4. gr. laga þessara.

Ráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um kærufresti til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

9. gr.

Stóríbúðaskatt má taka lögtaki, og hvílir hann sem lögveð á íbúðinni.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Stóríbúðaskattur skal á lagður í fyrsta sinn árið 1949.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða því, sem hér er borið fram, var á síðasta þingi flutt í Nd. af þrem þingmönnum Framsóknarflokksins, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Ástandið í húsnæðismálum hér á landi er nú að mörgu leyti öðruvísi en það ætti að vera. Þrátt fyrir miklar húsabyggingar á næstliðnum árum er húsnæðisskortur hjá mörgum, sérstaklega í Reykjavík og öðrum kaupstöðum landsins, og margir búa í ófullkomnu húsnæði, bæði í kaupstöðum og annars staðar á landinu. Framboð á leiguhúsnæði, t. d. í Reykjavík, hefur verið miklu minna en eftirspurnin, og húsaleiga í mörgum tilfellum óhæfilega há, þrátt fyrir það aðhald, sem húsaleigulögin hafa veitt. En á sama tíma sem húsnæðisvandræði og há leiga valda mörgum mönnum erfiðleikum, hafa aðrir meira húsrými en áður til eigin nota, og sumir meira en nauðsynlegt er.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að stóríbúðarskattur verði á lagður, og því fé, sem þannig safnast, verði varið til þess að greiða fyrir byggingum samvinnubyggingarfélaga og byggingarfélaga verkamanna, með lánveitingum til þeirra framkvæmda. Telja flutningsmenn frv. réttmætt að leggja skatt á óþarflega mikla notkun húnæðis, a. m. k. eins og nú er ástatt.

Ekki er unnt að áætla, hve miklu skatturinn muni nema. Gera má ráð fyrir, að ef frv. þetta verður að lögum, muni ýmsir þeir, sem eiga að greiða skattinn, taka þann kostinn að bjóða fram til leigu nokkuð af því húsnæði, er þeir nú nota, til þess að losna við skattgreiðsluna, a. m. k. ef innan skamms verða gerðar breytingar á húsaleigulögunum og leigusölum veittur meiri réttur en þeir nú hafa. Við það mundu tekjurnar af stóríbúðaskattinum vitanlega minnka, en þá um leið aukast framboð á leiguhúsnæði og þar með að einhverju leyti verða ráðin bót á húsnæðiseklunni.“

Nd. 37. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 1. gr. frv. bætist:

1. Á eftir D 5 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Sunnudalsvegur: Af þjóðveginum sunnan Hofsárbrúar um Sunnudal í Borgir og þaðan um Sírekstaði yfir Hofsborgartungu á Vopnafjarðarveg nálægt Hofi.
2. Á eftir D 9 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Fellavegur: Af Austurlandsvegi um Hafrafell, Staffell, Fjallssel á Upphéraðsveg nálægt Ormastöðum.
3. Á eftir D 12 í sömu lagagr. komi nýir liðir:
   a. *Hjaltastaðavegur:* Af Úthéraðsvegi nálægt Gagnstöð um Sandbrekku að Hjaltastað.
   b. *Borgarfjarðarvegur:* Af þjóðveginum við þorpið Bakkagerði inn Borgarfjörð norðan Fjarðarár um Húsavíkurheiði til Húsavíkur.

Sþ. **38. Fyrirspurn** [31. mál]

til ríkisstjórnarinnar um útvegun lánsfjár til raforkuvirkjunar í Sogi og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

a) Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til þess að útvega lánsfé til fyrirhugaðrar raforkuvirkjunar ríkisins og Reykjavíkurbæjar við Sogsfossa og raforkuvirkjunar Akureyrarkaupstaðar í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu?
b) Hver hefur orðið árangur af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í þessu efni?

Ed. **39. Frumvarp til laga** [32. mál]

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna og lög nr. 25 1. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi rökstuðningur:

„Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja fékk heimild Alþingis til þess að starfa áfram sjálfstætt, þegar lögin um vátryggingarfélög fyrir vélbáta voru sett. Undanþága Bátaábyrgðarfélagsins var tímabundin, en hefur nokkur undanfarin ár verið framlengd til tveggja ára í senn og á síðasta þingi til eins árs. Núverandi undanþága félaginu til handa er í bráðabirgðaákvæði laga nr. 61 31 maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, sbr. lög nr. 25 1. apríl 1948, um breyting á þeim l., og gildir til ársloka 1949. Það er mjög áríðandi fyrir útgerðarmenn vélbáta í Vestmannaeyjum, að félagið njóti áfram þeirrar aðstöðu, er það hingað til hefur haft. Hér er því lagt til, að undanþága þessi haldist, en verði ótímabundin, þar sem það er nauðsynlegt, til þess að félagið hafi öruggan starfsgrundvöll að byggja á. Reynslan hefur sýnt, að félagið á fullan rétt á því að öðlast slíkt starfsöryggi.“

Frv. var afgr. í hv. Ed. með svo hljóðandi dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að samkomulag náist fyrir samkomudag næsta Alþingis um eðlilegt samstarf á milli Samábyrgðar Íslands og Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja um tryggingu bátaflotans í Vestmannaeyjum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Í bréfi frá stjórn Bátaábyrgðarfélagsins til þm. kjördæmisins, dags. 6. okt., segir svo m. a.:

„Svo sem yður er kunnugt, þá vísaði síðasta Alþingi málinu frá á þeim grundvelli, að stjórn Samábyrgðarinnar og stjórn vor hefðu ekki rætt mál þetta nægilega.

Í sept. s. l. fór stjórn vor til Reykjavíkur, og sat fund með stjórn Samábyrgðarinnar, en því miður báru þær umræður ekki verulegan árangur, því að eftir fundinn var stjórn vorri afhent bréf, dags. 5. sept. 1949, og segir þar orðrétt:

„Stjórnin heldur sér við fyrri afstöðu sína í þessu máli, sjá fundargerð, dags. 11. febr. 1948, og samþ. að leggja til við Alþingi, að með lögum verði samábyrgðinni heimilað að veita Bátaábyrgðarfélaginu til 2—3 ára í senn sams konar undanþágu og það hefur áður fengið.“ “

Stjórn Bátaábyrgðarfélagsins er óánægð með þetta svar. Það er Alþingi, en ekki Samábyrgðin, sem hingað til hefur veitt þá undanþágu, er um ræðir, um takmarkaðan tíma að vísu, en ekki er hægt að sjá, að neinum sé bagi að því, að full undanþága yrði veitt á þennan hátt.

Samábyrgðin hefur engan óhag af því, þótt félag Vestmannaeyinga starfi sjálfstætt eins og það hefur gert í um 80 ár. Það er eftir sem áður góður viðskiptavinur Samábyrgðarinnar, því að það endurtryggir hjá henni að sjálfsögðu.

Samábyrgðin mun eiga fullt í fangi með þau önnur bátatryggingafélög, sem starfa eftir lögunum um vátryggingarfélög fyrir fiskibáta, og ætti hún að fagna því, að þetta eina félag a. m. k. vill eftir sem áður reyna að standa á eigin fótum.

Undanþága sú, sem nú er í gildi fyrir Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, rennur út um næstu áramót, og er því aðkallandi að samþ. þetta frv. nú, og fyrir því er það borið hér fram skv. áskorun félagsins.

Nd. 40. Frumvarp til laga [33. mál]

um húsnæði o. fl.

Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson.

I. KAFLI
Flokkun og skrásetning íbúða.

1. gr.

Allt íbúðarhúsnæði í bæjum og hreppsfélögum, er hafa yfir þúsund íbúa, skal skrásetja og flokka. Gildi það jafnt um eignaríbúðir sem leiguíbúðir.

Skrásetningin skal sýna greinilega, hvað er einkaíbúð, hvað er leiguíbúð, stærð hverrar íbúðar, íbúafjölda og annað, er máli skiptir.

2. gr.

Flokka skal allt leiguhúsnæði í bæjum og hreppsfélögum, er hafa yfir þúsund íbúa, í þrjá flokka.

Í fyrsta flokki ber að telja leiguhúsnæði, sem fullnægir lögum og reglugerðum og er að dómi húsaleigunefndar í góðu ásigkomulagi og hefur hæfilegt geymslurúm, þvotta- og þurrkherbergi.

Í öðrum flokki skal telja það leiguhúsnæði, sem fullnægir lögum og reglugerðum, en er að dómi húsaleigunefndar ábótavant að einhverju leyti.

Í þriðja flokki skal telja allt það leiguhúsnæði, sem á engan hátt fullnægir kröfum fyrsta og annars flokks eða öðrum lögum og reglugerðum.

3. gr.

Um flokkun og skrásetningu íbúðarhúsnæðis skal að öðru leyti farið eftir reglugerð, er félagsmálaráðherra setur, og ber að gefa þá reglugerð út eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku þessara laga.

Enn fremur skipi sami ráðherra þrjá menn í nefnd til þess að framkvæma flokkun, skrásetningu og mat húsnæðis eftir lögum þessum. Nefndin getur falið tveim mönnum í hverjum kaupstað eða hreppi að framkvæma þessi störf þar og á hennar ábyrgð. Kostnaður af störfum þessum greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Komi upp ágreiningur á milli leigusala og leigutaka um flokkun íbúða, skal húsaleigunefnd fella úrskurð um þann ágreining. Úrskurði húsaleigunefndar geta deiluaðilar skotið til dómstólanna.

II. KAFLI
Takmörkun húsnæðis.

5. gr.

Á meðan leigðar eru íbúðir, er falla undir þriðja flokk leiguíbúða samkvæmt lögum þessum, skal lagður sérstakur stóríbúðaskattur á þær einstaklingsíbúðir, sem eru yfir 25 fermetra gólfflötur, og á fjölskylduíbúðir, sem eru yfir 50 fermetra gólfflötur að viðbættum 16 fermetrum á hvern meðlim fjölskyldu, sem er umfram tvo og kominn er yfir 7 ára aldur.

Undanþegið frá þessum skatti skal vera: eldhús, búr, gangur, anddyri, salerni, geymsluhús, miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi og helmingur þess gólfflatar, sem er undir súð.

6. gr.

Á hvern fermetra, sem er umfram ákvæði 5. gr., skal greiða 300 kr. á ári í skatt. Skattanefndir (skattstjórar) annast álagningu skattsins, og gilda sömu reglur um álagningu og kæru á honum og um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við verður komið. Álagningu skatts þessa skal lokið fyrir 1. febrúar ár hvert. Gjalddagar skattsins eru fjórir ár hvert, 1. febrúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október, og greiðist ¼ hluti á hverjum gjalddaga. Tollstjórinn í Reykjavík, sýslumenn og bæjarfógetar annast innheimtu skattsins. Skatt þennan má taka lögtaki.

7. gr.

Nú hefur fjölskylda búið í sömu íbúð frá því að íbúðin var byggð, eða a. m. k. 8 ár samfleytt, en fjölskyldumeðlimum á þeim tíma fækkað vegna dauðsfalla eða brottflutnings uppkominna barna, og skal þá því aðeins fylgja ákvæðum 5. gr. um álagningu stóríbúðaskatts, að íbúðin hefði fallið undir það ákvæði, meðan fjölskyldan bjó þar öll.

8. gr.

Skattur sá, sem í lögum þessum er kallaður stóríbúðaskattur, skal renna til viðkomandi bæjar- eða hreppssjóðs, og skal fé það, er þannig kemur, notað til þess að greiða hluta bæjar- eða hreppsfélaga til byggingar íbúða yfir fólk, er býr í heilsuspillandi íbúðum samkv. III. kafla laga nr. 44 frá 7. maí 1946, og er óheimilt að nota féð í öðru skyni.

III. KAFLI
Leiga húsnæðis.

9. gr.

Leiga húsnæðis tekur yfir íbúðarhúsnæði og önnur þau afnot fasteignarinnar, er leigutaki þarf á að halda.

10. gr.

Óheimilt skal leigutaka að leigja öðrum af leiguíbúð sinni, nema með samþykki húseiganda eða að fengnu samþykki húsaleigunefndar.

11. gr.

Leiga í hverjum flokki leiguíbúða skal miðast við brunabótaverð eignarinnar eins og það er á hverjum tíma, og skal ársleiga í hverjum flokki vera sem hér segir:

a. Fyrsti flokkur 6%.
b. Annar flokkur 5%.
c. Þriðji flokkur 3%.

IV. KAFLI

Húsaleigunefnd og verksvið hennar.

12. gr.

Í hverjum bæ eða hreppsfélagi, sem þessi lög ná til, skal vera húsaleigunefnd, og skal hún skipuð til 4 ára í senn.

Í Reykjavík skal nefnd þessi vera skipuð sem hér segir:

Tveir fulltrúar kosnir af bæjarstjórn Reykjavíkur, einn fulltrúi frá Leigjendafélagi Reykjavíkur, einn fulltrúi frá Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur og einn fulltrúi skipaður af hæstarétti, og sé hann jafnframt formaður nefndarinnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Í öðrum kaupstöðum skal bæjarstjórn kjósa tvo menn í húsaleigunefnd, en oddamaður sé skipaður af hæstarétti.

Við afgreiðslu mála ræður afl atkvæða, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Hverjum manni, sem er fullfrískur og fjárráður, er skylt að taka við störfum í húsaleigunefnd, þó ekki lengur en eitt kjörtímabil.

13. gr.

Verksvið húsaleigunefndar skal vera að staðfesta leigusamninga, enda séu þeir leigusamningar ógildir, sem ekki eru staðfestir af húsaleigunefnd.

Enn fremur skal nefndin úrskurða ágreining, er rísa kann á milli leigusala og leigutaka um leigu eða afnot húsnæðis.

14. gr.

Óheimilt er að leigja eða taka á leigu húsnæði, nema um það sé gerður leigusamningur, sem staðfestur er af húsaleigunefnd.

15. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að tilkynna til húsaleigunefndar íbúðafjölda í húsi sínu og notkun þeirra. Berist húsaleigunefnd eigi slík skýrsla frá húseiganda, skal nefndinni skylt að rannsaka þetta atriði. Svo skal nefndin og athuga, hvort réttar séu skýrslur þær, er henni berast frá húseigendum, ef ástæða þykir til.

16. gr.

Íbúðarhúsnæði má ekki taka til annarra afnota en íbúðar, og íbúðarhús má ekki heldur rífa án samþykkis húsaleigunefndar.

17. gr.

Nú finnur húsaleigunefnd húsnæði, er hún telur vannotað, og skal henni þá heimilað að taka það leigunámi.

Slíkt húsnæði skal nefndin leigja til þeirra leigutaka, er hún telur hafa þess brýnasta þörf.

18. gr.

Nú vill utanbæjarmaður taka bólfestu í kaupstað eða kauptúni, sem lög þessi ná til. Skal hann þá tilkynna það húsaleigunefnd með þriggja mánaða fyrirvara og skýra henni frá húsnæði því, er hann ætlar sér að setjast í. Getur nefndin lagt bann við innflutningi umsækjanda, ef sannanlegt er, að bæjarbúar, einn eða fleiri, verða húsnæðislausir af völdum búferlanna.

19. gr.

Undir ákvæði þessara laga um húsnæði koma allir þeir, sem flutt hafa til viðkomandi bæja eða kauptúna fyrir árslok 1948.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

20. gr.

Leigutaka og leigusala eða öðru sambýlisfólki í húsi er skylt að virða að fullu friðhelgi heimilisins.

Á tímabilinu frá kl. 12 á miðnætti til kl. 6 f. h. er óheimilt að valda nokkrum hávaða í húsinu, nema öðruvísi sé um samið á milli leigutaka og leigusala í einstökum tilfellum.

Komi fram ágreiningur á milli leigusala og leigutaka, eða leigutaka innbyrðis, ef fleiri eru en einn í húsi, um ákvæði fyrstu málsgreinar, skal húsaleigunefnd úrskurða ágreininginn.

21. gr.

Skylt er leigutaka að ganga vel um hið leigða húsnæði og umhverfi þess, og er leigutaka skylt að bæta þær skemmdir, er verða kunna af hans völdum umfram eðlilegt slit.

Komi leigutaki og leigusali sér ekki saman um mat skemmdanna, skal leita úrskurðar húsaleigunefndar.

22. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp húsnæði, nema honum, að dómi húsaleigunefndar, sé þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig. Uppsögn skal vera skrifleg og í tveimur samhljóða eintökum. Er leigusala skylt að senda annað eintakið til húsaleigunefndar. Slíkum uppsagnarrétti og hér um ræðir verður aðeins beitt einu sinni af sama manni.

Eigi er heimilt að segja upp húsnæði með minna en sex mánaða fyrirvara.

23. gr.

Nú vanrækir leigutaki að standa við leigusamning, sem hann hefur gert við leigusala og staðfestur er af húsaleigunefnd, og vanrækslan stafar af hirðuleysi að dómi húsaleigunefndar, þá heimilast leigusala að segja upp leigusamningi eftir að leitað hefur verið samkomulags fyrir milligöngu húsaleigunefndar.

24. gr.

Óheimilt skal leigusala að taka hvers konar greiðslur umfram lögmæta húsaleigu eða nokkra aðra ólöglega aukaþóknun fyrir húsnæði eða útvegun þess. Leigusali eða aðrir, sem gerast brotlegir við ákvæði þessarar mgr., sæti sektum allt að 100 þús. krónum, sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Oftekið fé samkv. þessari málsgrein ber að endurgreiða með 5% ársvöxtum.

Önnur brot gegn lögum þessum sæta sektum allt að 50 þús. krónum, er renni í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber mál.

25. gr.

Kauplagsnefnd skal láta reikna út meðalhúsaleigu í Reykjavík hálfsárslega, og skal hún lögð til grundvallar sem húsaleiguútgjöld við útreikning á verðlagsvísitölu kauplagsnefndar.

26. gr.

Nú berst húsaleigunefnd kæra frá leigusölum eða leigutökum út af brotum á lögum þessum, og er húsaleigunefnd þá skylt að rannsaka kæruatriðið og leggja á það úrskurð áður en mánuður er liðinn frá því að kæra barst. Úrskurði húsaleigunefndar má vísa til dómstólanna, er úrskurði um ágreiningsefnið, og er dómara skylt að framkvæma rannsókn í málinu, eftir því sem hann telur nauðsyn á vera. Skal dómari kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því málið er þingfest. Um áfrýjun slíkra úrskurða gilda reglur um kæru til hæstaréttar. Nú vanrækir húsaleigunefnd að úrskurða ágreiningsmál, sem fyrir hana hafa verið lögð, og er þá aðila heimilt að kæra það fyrir dómara (í Reykjavík sakadómara), sem getur ákveðið dagsektir fyrir húsaleigunefndarmenn eða þá þeirra, sem valdir eru að vanrækslunni, þar til þeir hafa úrskurðað ágreiningsefnið.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 39 frá 7. apríl 1943, um húsaleigu, og síðari breytingar við þau lög, að svo miklu leyti sem þau ná til íbúðarhúsnæðis.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið að tilhlutun Leigjendafélags Reykjavíkur, og var því ætlað að koma í stað núgildandi húsaleigulaga. Það var lagt fyrir síðasta þing, en dagaði þá uppi. Sú eina breyting, sem flutningsmaður þess frv. gerði, var sú að láta hin eldri húsleigulög gilda hvað viðvék öllu öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði, þar eð hann taldi það of mikla röskun að leysa það húsnæði alveg undan ákvæðum húsaleigulaga.

Eins og ástatt er nú með lán út á íbúðarhús, er ákaflega erfitt að lækka húsaleigu án þess að lengja afborgunartímann verulega og lækka vextina, því að veruleg ástæða fyrir hinu illræmda húsaleiguokri er sú, að lánin á fasteignunum eru yfirleitt til mjög skamms tíma og sum veitt með okurkjörum, þannig að húseigendur neyðast til, ef þeir ætla að vera færir um að halda húsum sínum, að leigja þau óhóflega háu verði. Af þessum sökum mun Sósialistaflokkurinn jafnhliða þessu frv. flytja annað frv., er tryggi eigendum íbúðarhúsnæðis með vissum skilyrðum hagkvæm lánskjör, bæði hvað snertir afborgunartímann og vaxtaupphæðina.

Í frv. þessu felast ákvæði um stóríbúðaskatt, sem er ætlaður sá tilgangur að knýja þá, er búa í óhóflega stóru húsnæði, að þrengja að sér, og mundu með því móti margir þeir, sem nú eru húsnæðislausir, fá lausn á vandræðum sínum. Þeir, sem hins vegar hafa fjárráð til að búa í slíkum íbúðum og greiða skatt fyrir það, hjálpa einnig til þess að leysa íbúðavandamálið, því að skattinum er ætlað að renna í viðkomandi bæjar- og sveitarsjóði til þess að þeir geti notað það til framlags við íbúðarhúsabyggingu skv. III. kafla laga nr. 44 frá 7. maí 1946, þ. e. til að byggja yfir þá, sem búa í heilsuspillandi og óhæfum íbúðum. Það skal og tekið fram, að það húsnæði, sem mönnum skv. þessu er heimilt að hafa án þess að greiða stóríbúðaskatt, er mjög ríflegt, og er það til athugunar að ganga lengra í því efni.

Að öðru leyti viljum við vísa til þeirrar greinargerðar, sem fylgdi frv. frá Leigjendafélagi Reykjavíkur, sem var svo hljóðandi:

„Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um húsnæði o. fl., er samið að tilhlutan stjórnar Leigjendafélags Reykjavíkur, af þeim Sveini Guðmundssyni og Kristjáni Hjaltasyni.

Er með frumvarpi þessu gerð fyrsta tilraun hér á landi til þess að túlka sjónarmið leigjenda á þessum málum og framkvæmd þeirra.

Rétt þykir að geta þess, að í nágrannalöndum okkar, t. d. Danmörku og Svíþjóð, eru til sterk samtök meðal leigjenda, er hafa veruleg áhrif á húsnæðislöggjöf viðkomandi landa og hafa lagt út í stórfelldar byggingarframkvæmdir leiguíbúða fyrir meðlimi sína.

En þó að réttilega beri að telja, að framtíðarlausn þessara mála hér á landi séu auknar byggingarframkvæmdir á íbúðarhúsum, þá dregur það á engan hátt úr þeirri aðkallandi nauðsyn að hagnýta til þess ýtrasta það húsnæði, sem fyrir er. Verður það að teljast beinn gjaldeyrissparnaður.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að skrásetja og flokka allar íbúðir, og gildir það jafnt um einka- og leiguíbúðir. Með því verður að telja, að fengið sé glöggt yfirlit yfir hið raunverulega húsnæði í viðkomandi bæjum og kaupstöðum.

Ljóst er, að skrásetning, flokkun og mat íbúða er mikið og vandasamt verk, og því að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að félagsmálaráðherra gefi út reglugerð þar að lútandi og skipi þrjá menn til þess að hafa á hendi framkvæmd verksins.

Það, sem leggja verður sem grundvöll fyrir flokkun leiguhúsnæðis, er, að það fullnægi sem bezt þörfum leigutaka, jafnframt verður að leggja áherzlu á að fá yfirlit yfir þriðja flokks íbúðir, því að sjálfsögðu ber að útrýma þeim eins fljótt og hægt er.

Í öðrum kafla er gert ráð fyrir, að á meðan leigðar eru þriðja flokks íbúðir, verði ekki hægt að komast hjá því að takmarka að nokkru notkunarrétt eigenda að húsum sínum. Og er það þá gert eins gætilega og kostur er á, þar sem tveggja manna fjölskyldu er ætlaður 50 fermetra gólfflötur, þegar frá eru teknir gangar, eldhús ó. fl. Og enn fremur er með ákvæðum 7. gr. sýndur fullur skilningur á aðstöðu þeirra, er búið hafa í húsum sínum um lengri tíma.

Þriðji kafli frumvarpsins hefur að geyma annað höfuðatriði þess, fast ákvæði um mat húsaleigunnar, og verði hún ákveðinn hundraðshluti brunabótamatsins. Í núgildandi húsaleigulögum eru engin ákvæði um mat leigunnar eða grundvöll fyrir henni. En matsmenn húsaleigunefndar hafa fylgt reglum, er settar voru 1943. Nú hefur reynslan sýnt, að mat eftir þessum reglum, að því leyti, er við kemur nýjum húsum, er langt yfir eðlilega gjaldgetu láglaunastéttanna í landinu. Við svo búið má ekki standa. Hlýtur það að valda vaxandi misskiptingu á kjörum þegnanna á þessu sviði, og er þó ærið nóg af slíku.

Í nágrannalöndum okkar, t. d. Danmörku og Svíþjóð, þykir óhæft, að húsaleiga fari fram úr 20—25% af árstekjum manna. En hér fer hún iðulega í allt að 50%, þó að fylgt sé lögskipuðu mati.

Við lítum svo á, að flestir leigjendur geti ekki greitt meira en fjórða hluta tekna sinna fyrir húsnæði með hita. Og þar sem tekjur alþýðumanna yfirleitt, hvort heldur er um daglaun eða mánaðarkaup að ræða, fara naumast yfir 20—24 þús. kr. á ári, teljum við, að húsaleiga ásamt hita megi ekki fara fram úr 5—6 þús. kr. á ári, eða 400—500 kr. á mánuði.

Ef miðað er við meðalfjölskyldu 4 manna, er hefur um 24 þús. krónur í árstekjur, er þó má telja sjaldgæft hjá leigjendum, þá verður það 2 þús. krónur á mánuði.

Jöfnum þessum tekjum svo niður á helztu gjaldaliði heimilisins, og verður þá útkoman sem hér segir:

a. Fyrir húsnæði með hita kr. 500.00.
b. Fyrir fæði kr. 1200.00.
c. Fyrir fatnaði, opinberum gjöldum o. fl. kr. 300.00.

Eins og sjá má af þessari sundurliðun, sem þó er hvergi nærri tæmandi, er ljóst, að leigutaki hefur enga möguleika til þess að greiða hækkandi leigu vegna sívaxandi byggingarkostnaðar, þar sem launakjör hans eru bundin með lögum. Sé húseigendum hins vegar ekki fært að leigja hús sín með þeim kjörum, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, er sýnilegt, að nauðsyn ber til þess að leita möguleika á því að lækka byggingarkostnaðinn, t. d. með því að öll innkaup byggingarefnis

væru á einni hendi, lækkaður tollur á byggingarefnum og byggingarframkvæmdir miðaðar við íbúðarþörf almennings og fullkomna hagnýtingu þess, sem byggt er.

Enn fremur væri húseigendum gert mögulegt að fá lengri og hagstæðari lán til byggingarframkvæmda íbúðarhúsa en almennt er nú.

Teljist þessar leiðir ekki færar, er vitanlega ekki um annað að gera en að hækka laun launtaka almennt í samræmi við þennan stóra lið, húsaleiguna, því að ljóst er, að almenningur fær ekki lengur risið undir henni.

Í fjórða kafla er gert ráð fyrir, að húsaleigunefnd verði skipuð þeim aðilum, er mest afskipti hafa af húsnæðismálum á hverjum tíma, og að sjálfsögðu oddamanni skipuðum af hæstarétti, er teljast verður hlutlaus. Með þessu fyrirkomulagi á skipun húsaleigunefndar ætti að vera möguleiki á því, að sjónarmið þeirra, er mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við húsnæðismálin yfirleitt, kæmu bezt fram. Enn fremur ákvæði um, hvernig húsaleigunefnd skuli haga störfum. Þá er og gert ráð fyrir, að húseigendur láti húsaleigunefnd í té ýtarlegar upplýsingar um íbúðafjölda í húsum sínum og notkun þeirra. Verður það að teljast nauðsynleg ráðstöfun vegna þess erfiða ástands, sem enn þá ríkir í húsnæðismálum. Enn fremur er gert ráð fyrir, að húsleigunefnd samþykki alla leigusamninga og fylgist með framkvæmd þeirra.

Í lok þessa kafla er svo gerð grein fyrir, hverjir komi til með að falla undir ákvæði þessara laga, og hefur það þótt rétt að halda sig við manntal viðkomandi bæja og kaupstaða í lok ársins 1948. En að öðru leyti heyri undir úrskurð húsaleigunefndar á hverjum tíma, hverjir teljist hafa rétt til leiguhúsnæðis viðkomandi bæja eða kaupstaða eftir gildistöku þessara laga.

Í fimmta kafla koma fram nokkur nýmæli um sambúð fólks í húsum og umgengni leigjenda um hið leigða húsnæði, uppsögn leigusamninga o. s. frv. Enn fremur er lögð áherzla á að útrýma verði með öllu hvers konar tilraunum til þess að hagnast á leigu húsnæðis umfram það, sem ákveðið er í leigusamningi.

Þar sem húsaleigan tekur verulegan hluta af tekjum manna, eins og sýnt hefur verið fram á hér að framan, verður það að teljast nauðsynlegt, að húsaleiguútgjöldin komi fram við útreikning verðlagsvísitölunnar.

Þá er í þessum sama kafla sérstök áherzla lögð á það, að húsaleigunefnd afgreiði tafarlaust þær umkvartanir, er henni kunna að berast út af leigu húsnæðis. Og þykir nauðsynlegt að skapa húsaleigunefnd nokkurt aðhald í störfum, enda ætti það að tryggja framkvæmd laganna í heild."

Nd. 41. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir B. 7 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Skorradalsvegur: Frá Háafelli um Fitjar að Efstabæ.
2. Á eftir B 8 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Svínadalsvegur: Frá þjóðveginum hjá Hóli, norðan Laxár, á þjóðveginn í Kornahlíð, gegnt Geitabergi.
3. Á eftir B. 14 í sömu lagagr. koma nýir liðir:
   a. *Árbakkavegur:* Af Bæjarsveitarvegi ofanvert við Þórdísarholt um Hvítárbakka að Árbakka.

b. *Flókadalsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja, upp Flókadal um Skóga að Brennistöðum.
c. *Reykdælavegur:* Af þjóðveginum hjá Kleppjárnsreykjum, sunnan Reykjadalsár, að brúarstæði á Reykjadalsá undan Steindórsstöðum.

Ed. 42. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætast tveir stafliðir, svo hljóðandi:
a. Liðurinn D. 20 í 2. gr. laganna orðast svo:
Mjóafjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Miðhús um Eyvindardal, Slenjudal, Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
b. Aftan við D. 21 í sömu gr. bætist: Með afleggjara að Kolfreyjustað.

Nd. 43. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætast nýir töluliðir:
1. Aftan við B. 58 í 2. gr. laganna kemur: og þaðan um Klúku að Sæbóli á Ingjaldssandi.
2. B 62 í sömu gr. orðast svo:
Dýrafjarðarvegur: Frá Þingeyri um Hvamm, fyrir Dýrafjarðarbotn og út í Lambadal.
3. Á eftir B. 62 kemur nýr liður:
Auðkúluhreppsvegur: Frá Rafnseyri út í Stapadal.

Ed. 44. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Brynjólfur Bjarnason, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. nóv. 1949.

Bernh. Stefánsson, form.	H. Guðmundsson, frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Ed. 45. Frumvarp til laga [34. mál]

um manntal.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Semja skal skrá um alla þá, sem heimili eiga eða dveljast á Íslandi.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi og bæjarstjórn í hverjum kaupstað skal láta taka manntal á tímabilinu frá 20. til 30. október ár hvert, í fyrsta skipti 1950, sbr. þó 19. gr.

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal láta gera eyðublöð undir manntalsskýrslur, þar sem greint sé: Nafn, fæðingardagur, fæðingarár, fæðingarstaður, kynferði, heimilisfang, dvalarstaður, ef það á við, hjúskapur, ríkisfang, trúarbrögð, staða, atvinna, flutningur innan sveitarfélags og flutningur milli sveitarfélaga á manntalsárinu, eða til landsins, hvar síðast á manntali o. s. frv.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal fyrir 1. október ár hvert senda eyðublöð þau, er í 3. gr. getur, til allra oddvita og bæjarstjóra (borgarstjóra) á landinu, og skulu þeir senda hverjum húseiganda eða umboðsmanni hans nægilega mörg eyðublöð, er hann skal dreifa til heimilisfeðra í húsum sínum. Senda má og heimilisfeðrum eyðublöð beint, ef það þykir hentara. Þá skal og senda utanríkisráðuneytinu og forstöðumönnum heimavistarskóla, sjúkrahúsa, hæla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana eyðublöð.

5. gr.

Skrá skal hvern mann í heimilissveit hans og þar sem hann dvelst.

Nú er maður staddur utan heimilissveitar sinnar, þegar manntal er tekið, og skal þá skrá nafn hans á manntalsskýrslu, þar sem hann er staddur, og greinargerð hans um, að heimilisfang hans sé í öðru tilteknu sveitarfélagi, en jafnframt skal hann tekinn á skrá í heimilissveit sinni.

Námsmenn, sjúklinga og refsifanga skal skrá í sveitarfélagi, þar sem þeir dveljast, þegar manntal er tekið, en jafnframt skulu þeir teknir á manntal í heimasveit sinni, enda megi telja, að þeir hafi þar enn þá heimili, t. d. hjá maka, foreldri, kjörforeldri, fósturforeldri, lögráðamanni eða húsbónda.

Nú vill maður telja raunverulegt heimili sitt í öðru sveitarfélagi en því, þar sem hann dvelst, þegar manntal er tekið, og skal hann þá greina tengsl sín við þá sveit, t. d. bústað þar, konu og börn, dvöl, atvinnu o. s. frv.

Nú dvelst maður á manntalsárinu í sveitarfélögum fleirum en einu, og skal hann þá gera grein fyrir því, á hvaða stöðum hann hefur raunverulega dvalizt á manntalsárinu og hversu lengi á hverjum, hvað og hvar hann hefur unnið, hvar hann eigi foreldra, konu eða börn, ef því er að skipta, hvar hann eigi eignir og hverjar og hvernig hann geri sér þær arðbærar, hvort og hvar hann hafi leigt sér híbýli, hvort hann hafi verið lögskráður á skip, og ef svo er, þá hvar, svo og því öðru, er máli skiptir, er meta skal raunverulegt heimilisfang hans.

Nú má telja nánust tengsl slíks manns, er getur í 4. og 5. málsgr., vera við annað tiltekið sveitarfélag en þar, sem hann dvelst, og skal þá einnig skrá hann þar í manntal.

Nú má víst eða líklegt telja, eftir skýrslum, að maður eigi heimili í fleiru en einu sveitarfélagi, og skal þá taka hann á manntal í sveitarfélögum þeim, sem um er að tefla.

6. gr.

Skrá skal íslenzka ríkisborgara, sem eru í þjónustu ríkisins erlendis, og skyldulið þeirra þar í manntal í Reykjavík.

Íslenzkir ríkisborgarar, sem dveljast erlendis og ætla má, að leiti aftur til landsins, svo sem námsmenn, sjúklingar, farmenn og refsifangar, skulu skráðir í manntal í Reykjavík. Ef þeir hafa verið skráðir síðast í manntal hér á landi hjá foreldrum, kjörforeldrum, fósturforeldrum, maka eða lögráðamanni, skal skrá þá þar áfram, meðan þessara vandamanna þeirra nýtur við.

7. gr.

Hverjum manni, 18 ára og eldri, er skylt að sjá til þess, að nafn hans og þeirra, sem með honum dveljast og á vegum hans eru, sé skráð á manntalsblöð samkvæmt 3.—5. gr. Heimilisfeður og húsráðendur skulu og sjá um skráningu einhleypra manna og annarra, er hjá þeim búa eða hafast þar við.

Með sama hætti skráir utanríkisráðuneytið þjónustumenn ríkisins erlendis og forstöðumenn heimavistarskóla, sjúkrahúsa, fangelsa, hæla, gistihúsa og annarra slíkra stofnana, þá sem þar dveljast eða hafast við. Utan kaupstaða er heimilt að láta skrá á manntalsblöð í tvíriti.

8. gr.

Jafnskjótt og þeir aðilar, er í 7. gr. segir, hafa skráð á eyðublöðin, skulu heimilisfeður utan kaupstaða og kauptúna með 300 íbúa eða fleiri koma þeim til oddvita eigi síðar en 10. nóv. næstan á eftir.

Annars staðar safna sveitarstjórnir skýrslunum.

Nú þykir þeim, sem manntal tekur eða vinnur úr manntalsskýrslum, skorta greinargerð um tiltekinn mann, og er þeim þá rétt og skylt að krefja hann eða aðra skýrslna um þau atriði, sem máli skipta, og kalla hann eða þá fyrir sig, ef þurfa þykir.

9. gr.

Oddvitar skulu yfirfara manntalsblöðin, jafnóðum og þau berast, og gæta þess, að greinargerðir séu réttar og fullnægjandi samkvæmt lögum þessum, og afla frekari skýrslna eftir þörfum og föngum. Síðan senda þeir sýslumanni manntalsblöðin eða annað eintak þeirra, ef þau eru tvírituð.

Semja skal manntalsskrá um íbúa hreppsins eftir nánari fyrirmælum félagsmálaráðuneytisins.

10. gr.

Sýslumenn og bæjarstjórar (borgarstjórar) skulu semja skrá um alla þá, er telja skal í manntali samkvæmt lögum þessum, og gæta þess, að í skrá þessari felist svo glögg og handhæg greinargerð um hvern einstakling, raunverulegt heimili hans og dvalarstaði og annað það um hagi hans, sem í lögum þessum er mælt.

Félagsmálaráðuneytið kveður á um tilhögun skrárinnar.

11. gr.

Nú skal samkvæmt ákvæðum 5. gr. taka mann á skrá í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann er staddur eða dvelst, og skal þá sýslumaður eða bæjarstjóri (borgarstjóri) í því umdæmi tilkynna það manntalsstofu eða manntalsstofum þeim, er í hlut eiga.

Samsvarandi gildir um þá, sem eiga tvö eða fleiri heimili.

12. gr.

Þá er skrár þær, er í 9. og 10. gr. segir, hafa verið gerðar, skal svo haga um tilkynningar sem hér segir:

1. Ljósmæður skulu tilkynna í kaupstöðum manntalsstofu, en í hreppum oddvita, fæðingu allra barna, sem þær taka við í umdæmi sínu, innan tveggja vikna.

   Skal greina í tilkynningu kynferði barns, nafn, heimili og stöðu föður og móður, ef barnið er skilgetið, en nafn móður, ef það er óskilgetið, og þann, er móðir lýsir föður eða gengizt hefur við faðerni að vitund ljósmóður, og stöðu þeirra og heimili, svo sem sagt var. Þá skal og greina fæðingarstað (húsnúmer), fæðingardag og ár og nafn barnsins, ef því hefur verið gefið nafn.

   Nú elur kona barn, án þess að ljósmóðir sé viðstödd, og hvílir þá tilkynningarskyldan á foreldrum, ef barn er skilgetið, en barnsmóður eða heimilisföður, ef barn er óskilgetið.

   Nú er barni gefið nafn að áðurnefndum fresti liðnum, og er þá foreldrum skilgetins barns og móður óskilgetins barns svo og þeim, sem koma í þeirra stað, ef því er að skipta, skylt að tilkynna áðurgreindum aðilum innan tveggja vikna frá nafngjöfinni nafn barnsins svo og nafn föður óskilgetins barns, ef áreiðanleg vitneskja er um það fengin.
2. Andlát skal sá læknir tilkynna, sem dánarvottorð gefur út, innan þess tíma og þeim aðilum, er í 1. tölul. segir. Nú er svo farið, að dánarvottorð verður eigi gefið út, svo sem ef skip hefur farizt, menn verða úti eða hverfa, og skal þá maki, foreldri, húsbóndi og útgerðarmaður tilkynna manntalsstofu eða oddvita atburðinn. Svo skulu og prestar eða forstöðumenn safnaða tilkynna áðurnefndum aðilum andlát allra, er andast í söfnuðum þeirra, hverfa eða farast á annan hátt.

   Tilkynningar þessar skulu greina eftir þörfum nafn, heimili, stöðu, dánardag og ár, dánarstað og dánarorsök.
3. Nú skiptir maður um nafn eða er ættleiddur, og tilkynnir þá dómsmálaráðuneytið þeim aðilum, er í 1. tölulið segir, nafnskipti og ættleiðingu, þar á meðal nafn kjörforeldris og kjörbarns.
4. Hjúskap og lögskilnað hjóna skal stjórnvald það, er hjónavígslu framkvæmir eða leyfi gefur til skilnaðar, tilkynna með sama hætti og áður segir.
5. Nú er maður sviptur lögræði, og skal þá dómari tilkynna lögræðissviptingu, svo og hver sé lögráðamaður. Með sama hætti fer um afnám lögræðissviptingar.
6. Nú flyzt maður úr einu sveitarfélagi í annað, og skal hann þá þegar tilkynna brottför sína og þeirra, sem á vegum hans eru, ef því er að skipta, svo og hvert hann flyzt, manntalsstofu eða oddvita í því sveitarfélagi, sem hann flyzt úr. Með samsvarandi hætti skal hann tilkynna hið nýja heimilisfang innan þess sveitarfélags, sem hann flyzt í, eigi síðar en viku eftir að hann er þangað kominn. Gera skal hann grein fyrir sér og þeim, sem til heimilis hans teljast.

   Með sama hætti skal tilkynna bústaðaskipti innan sveitarfélags eigi síðar en viku eftir að þau hafa átt sér stað. Nú flyzt maður af landi brott eða fer til útlanda til fastrar dvalar um tíma, svo sem til náms, lækninga eða í verzlunarerindum, og skal hann þá tilkynna það. Heimilisfeður skulu og tilkynna, er maður, sem er á þeirra vegum eða í þeirra húsi, hefur farið af landi brott, með sama hætti sem áður segir.

   Skráningarstjórar skulu tilkynna, ef þeir skrá íslenzka menn á erlend skip eða afskrá þá.

   Með sama hætti skulu menn tilkynna endurkomu sína til landsins eða afskráningu af erlendu skipi hér á landi.
7. Sérhver húsráðandi og heimilisfaðir skal tilkynna, er hann tekur á heimili sitt eða í hús sín fólk til starfa eða náms eða selur manni á leigu herbergi í húsi sínu eða íbúð sinni.

   Sérstaklega skal þess getið, ef um útlendan mann er að tefla, og þá hvers ríkis borgari hann sé og hvaðan hann sé kominn.

   Félagsmálaráðuneytið setur nánari reglur um tilkynningar. Ákvæði síðustu málsgreinar 8. gr. eiga og hér við.

13. gr.

Oddviti skal skrá í manntal hreppsins breytingar samkv. 1.—7. tölul. 12. gr., jafnóðum og þær berast, og senda tilkynningar síðan til manntalsstofu sýslunnar, sem jafnharðan gerir samsvarandi breytingar í sýslumanntalinu.

Breytingar á manntalsskrám kaupstaða skal gera jafnóðum og tilkynningar berast.

14. gr.

Manntalsstofur eða oddvitar skulu láta aðila í té vottorð um flutningstilkynningar, sem hann fær manntalsstofu eða oddvita í því sveitarfélagi, sem hlut á að máli, um leið og hann tilkynnir bústaðaskipti.

Félagsmálaráðuneytið ákveður gerð þessara vottorða og efni.

15. gr.

Nú reynist manntal í hreppi, sýslu eða kaupstað ófullnægjandi eða það glatast, og skal félagsmálaráðuneytið þá gera ráðstafanir til, að úr verði bætt, svo vel og svo fljótt sem unnt er.

16. gr.

Manntalsstofum er skylt að veita hver annarri, dómurum, lögreglustjórum, skattstjórnarvöldum og öðrum yfirvöldum alla þá fræðslu, er aðilar þessir biðja um í embættisnafni og þær mega í té láta. Skylt er manntalsstofum gegn þóknun, er ráðuneytið ákveður, að láta einstaklingum í té vottorð úr skrám sínum eftir nánari fyrirmælum félagsmálaráðuneytisins.

17. gr.

Heimilt er félagsmálaráðuneytinu að kveða svo á, að manntalsskrá í sýslum og kaupstöðum skuli gera í tvíriti og að annað eintakið skuli sent ráðuneytinu.

Hagstofu Íslands skulu heimil afnot af manntalsskrám samkvæmt ákvæðum félagsmálaráðuneytisins.

18. gr.

Eftir manntali og tilkynningum samkvæmt lögum þessum og öðrum þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, skulu manntalsstofur gera í tvíriti sérstaka skrá um alla þá menn, sem ekki hafa íslenzkt ríkisfang.

Annað eintakið skulu þeir senda félagsmálaráðuneytinu, og skal lögreglustjórinn í Reykjavík hafa aðgang að því.

Nú fá manntalsstofur gögn í hendur, sem leiða til breytinga á útlendingaskránni, og skulu þær þá gera nauðsynlegar breytingar á skrám sínum og tilkynna þær breytingar jafnharðan félagsmálaráðuneytinu.

19. gr.

Í stað þess árlega manntals, sem getur í 2.—11. gr., skal ár þau, er ártalið endar á 0, taka almennt manntal um land allt 1. dag nóvembermánaðar eða annan dag, sem félagsmálaráðherra ákveður, og skal því lokið þann sama dag, nema óviðráðanlegar tálmanir hamli.

Reglur 3.—11. gr. gilda um manntal þetta með þeirri breytingu, að allir skulu taldir þar, sem þeir höfðu náttstað aðfaranótt manntalsdagsins.

Ákvæði 2. málsgr. 17. gr. eiga og hér við.

20. gr.

Áður en manntal samkv. 19. gr. á fram að fara, skal skipta hverjum kaupstað eða hreppi í svo mörg hverfi, að einn maður komist yfir að telja alla þá, sem í hverju hverfi skal í manntal taka.

21. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af eyðublöðum og sendingu þeirra. Kostnað af manntali í hreppum bera hreppssjóðir, en í kaupstöðum bæjarsjóðir. Mannskrár í sýslum skal gera á kostnað sýslusjóða, en í kaupstöðum á kostnað bæjarsjóða.

22. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma eru úr gildi numin:
Lög nr. 18 16. sept. 1901, um manntal í Reykjavík.
Lög nr. 4 18. maí 1920, um manntal á Íslandi.
Lög nr. 44 19. júní 1933, um breyting á lögum um manntal í Reykjavík.
Lög nr. 96 23. júní 1936, um heimilisfang.
Lög nr. 3 12. jan. 1945, um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var að tilhlutan ríkisstjórnarinnar lagt fyrir Alþingi 1948, en komst þá ekki lengra en til nefndar. Nefndin skilaði aldrei áliti um málið. Frumvarpinu fylgdu þá eftirfarandi athugasemdir, sem ekki þykir ástæða til að breyta í neinu né bæta við, þar sem frumvarpið er óbreytt frá því, sem það var þá flutt:

Í öndverðum októbermánuði 1948 fól félagsmálaráðherra þeim Jónasi Guðmundssyni, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, dr. Einari Arnórssyni hæstaréttardómara og Gizuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara að athuga gildandi lög um manntal og heimilisfang, svo og frumvarp til laga um manntal og frumvarp til laga um lögheimili og annað heimilisfang, en frumvörp þessi hafði samið nefnd fjögurra manna, er félagsmálaráðherra hafði á sínum tíma falið það verk.

Virðist oss manntalsfrumvarpið eigi verða notað með þeim hætti, sem það var úr garði gert, og hefur því orðið að ráði að semja nýtt frumvarp um manntal.

Með frumvarpinu um lögheimili og annað heimilisfang hefur hugmyndin verið sú að setja ný lög í stað laga nr. 95 23. júní 1936, er nú gilda. Athugun á þessu efni hefur sannfært oss um, að bæði áðurnefnd lög og frumvarpið séu frekar til ógagns en gagns, enda verkefni það, sem lögin hafa sett sér, óleysanlegt. Liggja til þess m. a. þær ástæður, sem nú skulu greindar:

Bæði lögin og frumvarpið hafa sett sér það mark að skera úr því, hvar lögheimili manns sé í öllum þeim samböndum, sem það getur skipt máli. En málinu er ekki svo farið, með því að lögheimili manns má oft telja í einu sambandi á þessum stað, en í öðrum samböndum á hinum. Ef maður t. d. telur sig til heimilis á staðnum X, verður hann að sæta þar málssókn og dómi, en vel má vera, að rannsókn á heimilisfangi hans leiði til þess, að útsvar skuli leggja hann á staðnum Y. Verður það því rannsóknar- og matsatriði hverju sinni, við hvaða stað réttindi og skyldur skuli tengdar, svo sem um framfærslu, kosningarrétt til Alþingis, kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna, greiðslu útsvars og bótarétt samkv. lögum um almannatryggingar. Um öll eða flest þessi atriði gildir sú regla, að yfirlýsing manns um heimilisfang sitt út af fyrir sig sker ekki úr, en stjórnvald það, sem ákveður réttindi og skyldur, svo og dómstólar verða að meta það hverju sinni eftir öllum atvikum, við hvaða sveitarfélag maður sé svo nátengdur, að þar megi helzt telja heimili hans. Er því nauðsynlegt, að þessir aðilar hafi í höndum sem nákvæmastar skýrslur um hagi hans, alla þá, er í því sambandi skipta máli. Og það er m. a. tilgangur þessa frumvarps til laga um manntal, sem hér er lagt fram, að svo rækilegar skýrslur um þessi efni sem kostur er á geti jafnan verið tiltækar stjórnvöldum og dómstólum, er skera skal úr hverju sinni, sbr. einkum 5. gr. frumvarpsins.

Fyrsta allsherjarmanntal, sem fram fór á Íslandi, var tekið árið 1703, eins og kunnugt er. Því næst var prestum boðið að taka árlega manntal, hverjum í sínu prestakalli, á húsvitjunarferðum sínum, tilskipun 27. maí 1746, 21. gr., og erindisbréf biskupa 1. júlí s. á., 31. gr. D, og um bókhald presta að þessu leyti voru fyrirmæli í konungsbréfi 11. des. 1812. Í Reykjavík var manntal þó falið lögreglustjóra með lögum nr. 18/1901 og síðan borgarstjóra. Að gildandi lögum nr. 3/1945 hafa prestar enn þetta starf á hendi utan Reykjavíkur. Þessi skipun er nú orðin alls kostar ófullnægjandi, enda flutningur fólks innanlands, til landsins og frá því svo tíðir og þýðingarmiklir, að brýna nauðsyn ber til þess að hafa glöggar skýrslur og tiltækar um þá og almennt um hagi manna. Má og á það benda, að Ísland er ekki lengur einangrað land, eins og það hefur verið öldum saman. Og má því m. a. vænta þess, að ákvæði þessa frumvarps megi verða útlendingaeftirlitinu til stuðnings.

Hinu gamla góða lagaheiti, manntali, hefur að vísu verið haldið, þó að tilgangur og ákvæði frumvarpsins gangi miklu lengra, með því að tilætlunin er að semja allsherjarmannskrár og halda þeim við. Má það öllum ljóst vera, hversu mikill hægðarauki öllum stjórnvöldum landsins muni verða að slíkum skrám og hversu miklu máli þær muni skipta um hagsögu, ættfræði og mannfræði landsmanna.

Sú skipun, sem ætlazt er til, að verði á þessum málum, er í aðalatriðum sú, sem nú skal greina:

Félagsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð, sbr. 4. gr., undir manntalsskýrslur og sendir þeim stjórnvöldum, er þar greinir. Síðan eiga hreppsnefndaroddvitar í sveitum og bæjarstjórar í kaupstöðum, í Reykjavík borgarstjóri, að taka manntal samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Gera bæjarstjórnir manntalsskrá í kaupstöðum, en oddvitar skrár, hver handa sínum hreppi, og senda manntalsblöðin síðan til sýslumanns þess, er í hlut á, og lætur hann þá gera mannskrá, er tekur yfir sýslu hans, sbr. 3., 9. og 10. gr. Sennilega mundi það verða til mikils hagræðis, ef allsherjarmannskrá væri geymd á einum, tryggum stað á landinu, t. d. í vörzlu félagsmálaráðuneytisins. Er því ráðuneytinu veitt heimild til þess í 18. gr. frumvarpsins að kveða svo á, að mannskrár í sýslum og kaupstöðum megi gera í tvíriti, og að annað eintakið skuli sent ráðuneytinu. Mundi þá vera hægt að fá skýrslu um hvern mann á landinu á einum og sama stað og rannsaka feril hans með samanburði á skrám úr fleirum en einu umdæmi. Þá væri og minni hætta á því, að skrár glötuðust með öllu, með því að sitt eintakið yrði á hvorum stað. Kostnaður af þessu ætti ekki að verða mjög mikill, með því að unnt er að gera tvíritin kostnaðarlítil með þeim tækjum, sem nú má nota.

Miklu máli skiptir, að vandað verði mjög til fyrstu mannskrár, sem gerð yrði samkvæmt lögunum. Þurfa eyðublöð undir manntalið að vera mjög rækileg og geyma ýmiss konar spurningar um hagi manna, sbr. 3. og 5. gr., og að þeir, sem manntal taka, verða að vinna verkið með alúð og skynsemi. Svo ber einstaklingum og að létta þeim verkið með greinargóðum svörum. Hér er rétt að benda á ákvæði í síðustu málsgrein 8. gr., þar sem þeim, sem manntal tekur eða vinnur úr manntalsskýrslum, er bæði gert rétt og skylt að krefja menn skýrslna um þau atriði, sem máli skipta og þeir telja vanskýrð.

Um 1. og 2. gr.

Þarfnast eigi skýringa, fremur en áður segir.

Um 3. til 6. gr.

Ákvæði þessara greina miða að því að afla svo rækilegra skýrslna sem unnt er um hvern mann varðandi þau atriði, sem í 3. gr. segir. Um flesta menn er því svo farið, að glögg og ótvíræð svör má veita um þessi atriði, en þó telja sumir sig eiga heimili á öðrum stað en þeir dveljast, og aðrir hafast við á ýmsum stöðum eða eru staddir á manntalsdegi utan heimilissveitar sinnar, og skiptir þá miklu máli, að aflað sé

glöggra skýrslna um þessa menn, og eru ákvæði 5. gr. í því skyni sett. Verða þær skýrslur undirstaða dóms um réttindi og skyldur, sem tengdar eru við heimili eða dvalarstað, svo sem áður er sagt í greinargerð þessari. Rétt þykir, að íslenzkir ríkisborgarar, sem hafast við erlendis og eru í þjónustu ríkisins eða ætla má, að leiti aftur til landsins, séu hér skráðir, til þess að ferill þeirra verði rakinn frá ári til árs.

Um 7. og 8. gr.

Hér segir um skyldu manna til þess að sjá til þess, að nöfn þeirra og aðrar skýrslur um þá sjálfa og þá, sem á vegum þeirra eru, verði skráð á manntalsblöð og um skyldu þeirra til að koma blöðunum til stjórnvalda.

Um 9. og 10. gr.

Má vísa til formálsorða.

Um 11. gr.

Ákvæði hennar þykja nauðsynleg til þess, að skýrslur samkvæmt 5. gr. verði samræmdar og fullnægjandi.

Um 12. og 13. gr.

Ákvæði þessara greina miða að því, að jafnan séu ritaðar á mannskrá þær breytingar, sem verða á högum manna og hér skipta máli: Fæðingar, andlát, nafnbreytingar, hjúskapur og hjónaskilnaðir, breytingar á lögræði, bústaðaskipti, för manna af landi til fastrar dvalar erlendis og endurkoma manna til landsins, koma erlendra manna til landsins og brottför þeirra.

Um 14. til 16. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Um 17. gr.

Vísast til formálsorða.

Um 18. gr.

Ákvæði hennar eiga að stuðla að því, að glöggar skýrslur séu um þá menn, sem hér dveljast og hafa erlent ríkisfang.

Um 19. til 20. gr.

Rétt þótti að halda þeirri skipan, sem greinir í lögum nr. 4/1920, um manntal, þau ár, er ártal endar á 0. Slíkt manntal hefur þann kost, að það er tekið á einum og sama degi, og er þá síður hætta á því, að menn fari á milli gangna.

Um 21. gr.

Sanngjarnt þykir að skipta kostnaði af framkvæmd laganna svo sem í greininni segir.

Um 22. gr.

Vitað mál er, að brot opinberra starfsmanna á ákvæðum laga þessara varða við 14. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, og eiga því ákvæði þessarar greinar við aðra menn, sem vanrækja skyldur þær, sem þeim eru á herðar lagðar með lögunum.

Um 23. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Ed. 46. Frumvarp til laga [35. mál]

um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir orðið „sveitarstjórn" bæði bæjarstjórn og hreppsnefnd. „Sveitarfélag" merkir bæjarfélag og hreppsfélag, og „sveitarsjóður" merkir bæjarsjóð og hreppssjóð.

II. KAFLI
Um áhrifasvæði laganna.

2. gr.

Lög þessi gilda um land þeirra jarða, sem kaupstaðir og kauptún eru byggð á, svo og um land þeirra þorpa, þar sem verzlun er rekin. Að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins geta þau einnig gilt um jarðir, þar sem upp hafa risið byggðahverfi, þótt engin verzlun sé þar, enda hafi íbúar þeirra sent ráðuneytinu beiðni um það.

Verði ágreiningur um áhrifasvæði laganna, sker ráðuneytið úr.

3. gr.

Nú telur sveitarstjórn nauðsynlegt vegna landsþarfa fólksins á viðkomandi stað, að áhrifasvæði laganna verði stærra en heimilt er samkv. fyrirmælum 2. gr., og skal hún þá senda ráðuneytinu rökstudda beiðni um stækkun áhrifasvæðisins og taka greinilega fram takmörk þess lands, sem hún óskar eftir til viðbótar, enda hafi málið áður verið rætt við eiganda eða eigendur landsins. Að fengnu áliti skipulagsnefndar og Búnaðarfélags Íslands um málið er ráðuneytinu heimilt að samþykkja beiðnina, og breytist þá áhrifasvæði laganna samkvæmt því.

Heimild þessa má ráðuneytið eigi nota oftar á sama stað en á 10 ára fresti, nema sérstaklega standi á.

4. gr.

Nú biður sveitarstjórn um stækkun á áhrifasvæði laganna samkv. heimild 3. gr., og er landið, sem beðið er um, að einhverju eða öllu leyti í nágrannasveitarfélagi kaupstaðarins, kauptúnsins eða þorpsins, sem hlut á að máli, og gildir þá heimild 3. gr. einnig um slíkar beiðnir. Nú samþykkir ráðuneytið slíka stækkun, og skulu þá hreppamörkin breytast samkvæmt því, enda greiði þá sveitarfélagið, er landið hlýtur, viðkomandi sveitarsjóði fullar bætur fyrir þá skerðingu á gjaldstofni, sem tilfærsla hreppamarkanna bakar honum. Sama gildir um lönd, sem sveitarstjórnir hafa aflað sér í öðrum sveitarfélögum fyrir gildistöku laga þessara.

Náist ekki samkomulag um þetta milli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, skulu tveir dómkvaddir menn meta bæturnar.

5. gr.

Þegar áhrifasvæði laganna á hverjum stað hefur verið ákveðið, skal landinu, svo fljótt sem kostur er, skipt í ræktunarsvæði og byggingarsvæði, sbr. 9. gr. og 23. gr. laga þessara.

Á áhrifasvæði laganna er óheimilt að selja land, leigja það eða ráðstafa því til langframa á annan hátt en fyrir er mælt í lögum þessum.

Eigi landeigandi sannanlega kost á að leigja landið eða hluta af því, áður en skipulagningu þess til ræktunar og bygginga er lokið, getur hann krafizt þess, að viðkomandi sveitarfélag kaupi landið eða þann hluta af því, sem hann á kost á að leigja, og gilda um þau kaup ákvæði 11. gr. laga þessara.

III. KAFLI
Um forkaupsrétt og bann gegn sölu lóða og landa.

6. gr.

Nú vilja landeigendur á áhrifasvæði laga þessara selja lönd sín og lóðir eða hluta af þeim, án þess að fyrir hendi séu þær ástæður fyrir sölunni, er um getur í 5., 11., og 24. gr. laga þessara, og skulu þeir þá skyldir að bjóða viðkomandi sveitarstjórn forkaupsrétt á landinu fyrir það verð og greiðsluskilmála, sem þeir eiga kost á að fá hjá öðrum. Sveitarstjórn er þá skylt innan fjögurra vikna, frá því er henni berst bréf um forkaupsréttinn, að segja til um, hvort hún vill nota hann. Hafi landeiganda eigi borizt svar innan þess tíma, má hann líta svo á, að forkaupsréttinum hafi verið hafnað.

7. gr.

Nú fer fram sala á landi á áhrifasvæði laga þessara, án þess að sveitarstjórn hafi verið boðinn forkaupsréttur á landinu, og getur hún þá krafizt þess, að sölunni sé riftað. Jafnframt getur sveitarstjórn krafizt þess að fá að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan sex mánaða, frá því er sveitarstjórn varð kunnugt um misfelluna.

8. gr.

Óheimilt er þeim sveitarfélögum, sem lög þessi ná til, að selja án lagaheimildar óbyggðar lóðir, ræktunarlönd, þar með talin ræktunarmannvirki, jarðir og hvers konar lönd, sem þau eiga eða kunna að eignast.

IV. KAFLI
Um ræktunarlönd, not þeirra og leigu.

9. gr.

Ræktunarland telst í lögum þessum hvert það land innan áhrifasvæðis þeirra, sem samkvæmt ræktunarskipulagi á staðnum er ræktað eða á að notast til grasræktar, garðyrkju eða framleiðslu annars jarðargróðurs eða til hvers konar búfjárræktar, enda sé landið ekki ætlað til byggingarlóða samkvæmt byggingarskipulagi staðarins.

10. gr.

Ráðuneytið skal fela Búnaðarfélagi Íslands eða annarri stofnun, sem ræður yfir sérþekkingu í ræktunarmálum, að gera svo fljótt sem hægt er mælingar og uppdrætti af ræktunarskipulagi á öllum þeim stöðum, sem lög þessi ná til, og sé skipulagið gert í samráði við þær sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli. Uppdrættir sýni, hvernig haga skuli framræslukerfi landsins, jarðvinnslu, girðingum, vegum, skiptingu þess í skákir, hverjar byggingar megi reisa á landinu og hvort það skuli byggt á erfðaleigu eða ekki. Ræktunarskipulagið öðlast gildi, þegar ráðuneytið hefur staðfest það, enda sé það gert innan tveggja ára frá því tillaga um ræktunarskipulagið var lögð fram.

Nú vill sveitarstjórn gera breytingar á staðfestu ræktunarskipulagi, og skal hún þá senda ráðuneytinu breytingartillögur sínar. Fer þá um breytingartillögurnar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

11. gr.

Eigendum lands á ræktunarsvæði er óheimilt að ráðstafa því til annarra án vitundar sveitarstjórnar, er hlut á að máli.

Þegar viðkomandi sveitarstjórn óskar eftir, skal hver sá, er óræktað land á innan ræktunarsvæðis, skyldur að leigja það til ræktunar íbúum í viðkomandi kaupstað, kauptúni eða þorpi, með þeim kjörum, sem lög þessi mæla fyrir, enda sé um notkun landsins, skiptingu og ræktun farið eftir gildandi ræktunarskipulagi. Fullræktað land, sem eigandi notar sjálfur, er hann þó ekki skyldur til að leigja, nema brýna nauðsyn beri til að dómi sveitarstjórnar, enda sé þá lokið ræktun á öllu ræktanlegu landi innan ræktunarskipulagsins. Óski landeigandi heldur að selja landið eða þann hluta af því, sem falazt er eftir, er sveitarfélaginu skylt að kaupa það ásamt mannvirkjum, er landeigandi hefur á því gert og hann vill selja með landinu.

Náist ekki samkomulag um kaupverð lands og mannvirkja, skal það ákveðið með mati. Matsmenn séu þrír. Seljandi útnefnir einn, kaupandi annan, en oddamaður sé dómkvaddur, og skal hann hafa sérþekkingu á ræktunarmálum.

Nú verður seljandi fyrir röskun á atvinnurekstri vegna sölunnar, sem honum er tilfinnanleg að dómi matsmanna, og ber þeim þá að taka tillit til þess við matið.

Nú er land það, sem falazt er eftir í leiguábúð eða á annan hátt, í notum eins eða fleiri manna, annarra en eigandans, en þau not eru ekki í samræmi við gildandi ræktunarskipulag, og er þá leigjanda eða leigjendum landsins skylt að láta af hendi leigurétt sinn eða hluta af honum, enda komi bætur fyrir.

Nú vill kaupandi eða seljandi lands, mannvirkja eða leiguréttinda ekki una matsverði á eignum, leiguréttindum eða bótum fyrir atvinnutruflun, og getur þá hver þeirra sem er krafizt yfirmats. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum, og fer það fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

12. gr.

Árlegt afgjald af ræktunarlöndum skal vera 5% af fasteignamatsverði landsins, eins og það er á hverjum tíma, þar með ekki talinn sá hluti matsverðsins, er myndazt hefur vegna umbóta, er leiguliði hefur gert á því og er hans eign.

Óheimilt er að innheimta leigu af ræktunarlandi fyrr en fasteignamat á því er fyrir hendi, en þá má krefja leigu frá þeim tíma, er landið varð afgjaldsskylt, þó eigi lengur en tvö ár aftur í tímann. Afgjaldsskylda ræktunarlands telst frá næstu áramótum eftir að útmæling fór fram, enda hafi þá mælingin verið gerð á síðari helmingi árs. Hafi landið verið útmælt fyrir 1. júlí, greiðist hálf leiga það ár.

Um ræktunarlönd gilda tvenns konar leiguform:

a. Leiga í tiltekinn árafjölda, þó eigi yfir 50 ár.
b. Erfðaleiga.

Um leið og ræktunarskipulag er fullgert samkv. 10. gr., skal Búnaðarfélag Íslands og viðkomandi sveitarstjórn ákveða leigutíma ræktunarlands innan skipulagsins á þeim grundvelli, er lög þessi mæla fyrir, og gilda þær samþykktir þar til þessir aðilar ákveða annað. Sú meginregla skal gilda við þessa flokkun að byggja á erfðaleigu aðeins þau ræktunarlönd, sem eru yfir 2000 m² að flatarmáli og eigi er líklegt, að nota þurfi í byggingarlóðir eða til annarra félagslegra afnota næstu 30 ár. Þó skal alltaf leigja félögum og stofnunum land um tiltekinn árafjölda.

13. gr.

Leiguréttur erfðaleigulanda gengur að erfðum til þess hjóna, er lengur lifir, síðan til barna, þar með talin kjörbörn. Foreldrar komi sér saman um, hvert af börnunum erfi leiguréttinn. Nú er engin ákvörðun tekin, og skal þá elzta barn erfa réttinn. Afsali það sér réttinum eftir að það er lögráða, erfist hann eftir aldri barnanna.

Hafi erfingi leiguréttar ekki náð lögaldri, og óski lögráðamaður hans ekki, að erfinginn noti réttinn, þegar hann fellur til hans, skal lögráðamaður leigja landið öðrum, nema landseigandi óski að gera það sjálfur, en aðeins um stundarsakir eða þar til erfingi nær lögaldri.

14. gr.

Nú vill leiguliði hætta afnotum af ræktunarlandi sínu, og ber honum þá að tilkynna það skriflega landseiganda eða umboðsmanni hans með sex mánaða fyrirvara. Skal þá landseigandi eða umboðsmaður hans auglýsa landið til leigu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Beiðnir um leigu á ræktunarlöndum skulu gerðar í tveimur samritum. Annað eintakið sendist landseiganda, en hitt afhendist viðkomandi sveitarstjórn. Verði beiðnir um sama land fleiri en ein, skal sveitarstjórn ráða, hver landið hlýtur.

Þegar leiguliðaskipti verða, skal fara fram úttekt á landinu, sem er í því fólgin, að metnar eru til verðs þær umbætur, sem fráfarandi hefur gert á því, svo og hús, ef til eru, enda teljist þau nauðsynleg vegna notkunar landsins að dómi úttektarmanna. Hafi landið gengið úr sér frá því leiguliði tók við því, enda verði honum gefin sök á, skal honum gert að greiða hæfilegt álag. Við úttekt húsa ræður hliðsjón af kostnaði við bygginguna, aldur hennar og ásigkomulag, svo og hæfilegt matsverð sambærilegra fasteigna. Við úttekt á ræktunarmannvirkjum skal leggja til grundvallar ræktunarstig landsins, eins og það er þegar úttekt fer fram, og hafa einnig til hliðsjónar kostnað við ræktun þess.

Úttektarverð húsa og ræktunarmannvirkja má þó aldrei fara fram úr tvöföldu fasteignamatsverði þeirra eigna, sem úttektin er gerð á.

15. gr.

Landseigandi hefur forkaupsrétt að ræktunarmannvirkjum fyrir úttektarverð. Noti hann forkaupsrétt sinn, er hann skyldur að leigja hinum nýja viðtakanda ræktunarmannvirkin fyrir 5% á ári af fasteignamatsverði þeirra. Hafni landseigandi forkaupsrétti, er viðtakandi skyldur að kaupa fyrir úttektarverð þau hús, sem eru á ræktunarlandinu, enda séu þau nauðsynleg við hagnýtingu landsins að dómi úttektarmanna.

16. gr.

Úttekt ræktunarlanda á hverjum stað framkvæma matsmenn þeir, er um getur í 12. gr. laga nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat. Um kostnað við úttektir þessar og störf úttektarmanna gilda ákvæði IX. kafla ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Úttektargerð ræktunarlands ásamt greinilegri lýsingu á landi og ræktunarmannvirkjum skulu úttektarmenn færa inn í sérstaka bók, sem sýslumaður löggildir sem úttektarbók ræktunarlanda. Sama gegnir um hús og aðrar umbætur á landinu, sem ekki teljast ræktunarmannvirki. Í bók þessa skulu einnig skráð öll fasteignamöt á ræktunarlöndum í viðkomandi sveitarfélagi.

Nú verða skemmdir á ræktunarlandi af náttúrunnar völdum, svo sem af skriðuföllum, sandfoki, eldgosum, vatnagangi, sjávarflóði eða öðrum slíkum orsökum, og getur þá leiguliði krafizt mats úttektarmanna á skemmdunum. Ber þeim þá að meta tjónið til verðs og ákveða afgjaldslækkun í hlutfalli við matið, en heimilt er þeim að ákveða, að afgjaldsbreytingin gildi aðeins takmarkaðan tíma.

17. gr.

Þegar ræktunarland losnar úr ábúð, er landseiganda skylt að leigja það á ný með þeim kjörum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir. Sé þess ekki kostur, skal landinu ráðstafað til eins árs í senn, þar til fært reynist að leigja það til lengri tíma. Óheimilt er að leigja ræktunarland til frambúðar þeim manni, sem hefur tvo hektara eða meira af ræktuðu eða ræktanlegu landi til afnota, eða félagi, sem hefur tvo hektara eða meira á hvern félagsmann.

Nú losnar ræktunarland úr ábúð, en enginn vill taka það á leigu, þótt rækilega hafi verið auglýst, og á þá landseigandi forkaupsrétt á ræktunarmannvirki fyrir úttektarverð, en öðrum mannvirkjum má fráfarandi ráðstafa sjálfur, ef landseigandi óskar ekki eftir kaupum á þeim fyrir úttektarverð.

18. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, ef hann:

a. Greiðir ekki samningsbundið afgjald af landinu innan tveggja mánaða frá gjalddaga.
b. Vanrækir að greiða af landinu opinbera skatta, er hann á að borga, eða vexti og afborganir af veðskuldum, er á því kunna að hvíla og honum ber að standa straum af, og gert er lögtak í landinu eða fjárnám af þeim ástæðum eða öðrum, og ef leiguliði verður gjaldþrota.
c. Nytjar ekki landið sjálfur.
d. Hirðir landið svo illa, að ræktunarmannvirki þess ganga úr sér að dómi úttektarmanna.
e. Vanrækir að rækta landið, svo sem leigusamningur hans kveður á um, eða brýtur samninginn að öðru leyti í verulegum atriðum.

19. gr.

Nú telur sveitarstjórn sig þurfa á ræktunarlandi að halda til bygginga eða annarra slíkra almenningsþarfa, og er leiguliða þeim, er hlut á að máli, þá skylt að láta af hendi leigurétt sinn, enda sé honum tilkynnt það með ½ árs fyrirvara. Skal leiguliði þá fá endurgjald fyrir ræktunarmannvirki sín og aðrar eignir á landinu, eftir mati úttektarmanna, er nema má allt að tvöföldu fasteignamatsverði eignanna, sem úttektin er gerð á. Enn fremur má ákveða leiguliða bætur fyrir atvinnutruflun, eftir sömu reglum og segir í 11. gr. laga þessara.

Ef bæjar- eða sveitarstjórn vill taka meira en ¼ hluta landsins, getur leiguliði krafizt þess, að landið sé allt tekið ásamt þeim mannvirkjum, er á því eru.

20. gr.

Heimilt er leiguliða á ræktunarlandi, sem er a. m. k. 0.3 ha að stærð, að taka lán með veði í ræktun og öðrum mannvirkjum, sem hann á í landinu. Lán þessi mega þó ekki nema hærri upphæð en 75% af fasteignamati hinna veðsettu eigna.

21. gr.

Leiguliða ber að greiða alla skatta og gjöld til hins opinbera, sem lagðir kunna að verða á ræktunarlandið sem gjaldstofn.

22. gr.

Skylt er að láta leiguliða fá leigusamning. Í samningnum séu tekin fram meginatriði laga þessara um réttindi og skyldur leiguliða. Enn fremur sé þar tilgreind stærð landsins, landamerki, afgjaldsupphæð og ræktunarskyldur. Þá sé og greint frá réttindum til húsabygginga á landinu o. s. frv. Heimilt er að setja í leigusamning ákvæði um greiðslu dráttarvaxta vegna vanskila á afgjaldi, eftir sömu reglum og gilda um útsvör, svo og að afgjaldið hvíli með lögveði á mannvirkjum þeim, sem á landinu eru, á undan samningsbundnum veðum. Fjögur samrit skulu gerð af leigusamningnum, og rita landseigandi og leiguliði nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landseigandi einu eintakinu, leiguliði öðru, úttektarmenn geyma hið þriðja, en hið fjórða afhendist til þinglýsingar. Leiguliði greiðir kostnað við þinglýsingu og stimplun.

V. KAFLI

Um byggingarlóðir, not þeirra og leigu.

23. gr.

Byggingarsvæði telst í lögum þessum það land í kaupstað, kauptúni, þorpi eða byggðahverfi, sem notað er eða ætla má að notað verði samkvæmt gerðum eða væntanlegum skipulagsuppdrætti til þess að reisa á íbúðarhús, skólahús, sjúkrahús, geymsluhús, hafnarmannvirki, peningshús, götur, torg, hús vegna iðnaðar, flutninga,

verzlunar eða gera á hvers konar framkvæmdir vegna menningarmála, viðskipta eða atvinnurekstrar, annars en landbúnaðar.

Nú hefur ekki verið gerður byggingarskipulagsuppdráttur af kauptúni, þorpi eða byggðahverfi, og þar af leiðandi er þar ekkert afmarkað byggingarsvæði, og skal þá sveitarstjórn tafarlaust gera tillögur til ráðuneytisins um stærð og takmörk byggingarsvæðis á staðnum. Ráðuneytið skal leita umsagnar skipulagsnefndar um tillögurnar, áður en það staðfestir þær. Þegar tillögur um byggingarsvæði hafa hlotið staðfestingu ráðuneytisins, fer um afnot og leigukjör landsins til bygginga og annarra framkvæmda eftir því, sem lög þessi mæla fyrir.

24. gr.

Allt óbyggt land innan byggingarsvæðis skal um afnot, annarra en eiganda landsins, vera háð eftirliti viðkomandi sveitarstjórnar, og er eiganda landsins óheimilt að leyfa eða synja um notkun þess án vitundar hennar. Beiðnir um leigu á lóðum skulu gerðar í tveim samritum. Annað eintakið sendist landseiganda, en hitt afhendist sveitarstjórn. Verði beiðnir um sömu lóð fleiri en ein, ræður sveitarstjórn, hver umsækjandi fær lóðina. Skylt er eiganda byggingarsvæðis að leigja lóðir til bygginga, gatnagerðar, torga eða annarra álíkra afnota á óbyggðu byggingarsvæði, ef bæjarstjórn óskar eftir eða mælir með því, enda séu hús þau eða mannvirki, er reisa skal á lóðinni, í samræmi við byggingarskipulagsuppdrátt staðarins, ef til er. Vilji eigandi byggingarsvæðis heldur selja landið eða hluta af því, skal sveitarsjóður skyldur að kaupa það ásamt þeim mannvirkjum, er á því eru og landseigandi vill selja með landinu. Þó er landseigandi ávallt skyldur, ef sveitarstjórn óskar eftir, að selja land undir götur, torg og til annarra opinberra þarfa.

Um kaupverð landsins og aðrar bætur fer eftir sömu reglum og segir í 11. gr. laga þessara.

Nú er óbyggt byggingarsvæði, sem falazt er eftir, í leiguafnotum og notkun þess ekki í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins, og er þá leigjandi landsins skyldur að láta af hendi leigurétt sinn eða hluta af honum, ef sveitarstjórn óskar, og fer um bætur fyrir það eftir sömu reglum og segir í 11. grein.

25. gr.

Skylt er lóðarleigjanda að hefja byggingu á lóð innan árs frá því lóðarleyfi er veitt, og hafa lokið henni innan tveggja ára frá því er hún hófst, ella fellur niður réttur hans til lóðarinnar.

Lóðarsamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu og falla úr gildi, ef eigi er innan þriggja ára frá gildistöku laganna lokið byggingu á lóðunum samkvæmt gildandi byggingarskipulagi. Sveitarstjórnir geta þó framlengt þessa fresti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Framleiga á lóðum eða hvers konar ráðstöfun á þeim til þriðja manns er óheimil, nema í sambandi við sölu húsa eða meiri háttar mannvirkja, sem á lóðinni standa.

Ef hús eða mannvirki brennur, er rifið niður eða eyðilagt á einhvern hátt, er leigjanda lóðarinnar skylt að byggja það á ný innan tveggja ára, ella fyrirgerir hann réttindum sínum til lóðarinnar.

26. gr.

Byggingarlóðir skulu leigðar um ótakmarkaðan tíma. Árleg leiga eftir byggingarlóðir sé 5% af fasteignamati þeirra, eins og það er á hverjum tíma, þar í ekki taldar umbætur, er lóðareigandi hefur gert á lóðinni. Óheimilt er að innheimta leigu af lóð, fyrr en fasteignamat á lóðinni er fyrir hendi, en þá má krefja lóðargjald frá þeim tíma, er lóðin varð afgjaldsskyld, þó ekki lengur en tvö ár aftur í tímann. Afgjaldsskylda lóðar telst frá næstu áramótum eftir að hún er útmæld, ef mælingin hefur farið fram á síðari helmingi árs. Hafi lóðin verið afhent fyrir 1. júlí, greiðist hálft lóðargjald það ár.

27. gr.

Leigutaka ber að greiða alla skatta og gjöld til hins opinbera, sem lögð kunna að verða á lóðina sem gjaldstofn.

28. gr.

Skylt er að láta leigutaka fá lóðarsamning, þar sem nánar eru fram tekin réttindi hans og skyldur. Heimilt er að setja í lóðarsamninga ákvæði um greiðslu dráttarvaxta vegna vanskila á lóðarleigum, eftir sömu reglum og gilda um útsvör. Enn fremur, að lóðarleiga hvíli með lögveði á mannvirkjum þeim, sem á lóðinni eru, á undan samningsbundnum veðum. Af lóðarsamningi séu gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og hið þriðja til þinglýsingar. Leiguliði greiðir þinglýsingar- og stimpilgjald.

VI. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

29. gr.

Nú eru seld ræktunarlönd eða byggingarlóðir, sem lög þessi ná til, og skal þá seljandi greiða söluskatt af löndum þessum og lóðum, er nemi 50% af þeim hluta söluverðsins, sem er umfram þrefalt fasteignamat landsins eða lóðarinnar og allt að ferföldu fasteignamati, en 75% af því, sem þar er fram yfir. Ef söluverðs er ekki getið í kaupsamningi eða afsali, eða tilgreint söluverð þykir ósennilegt, lætur bæjarstjórn eða hreppsnefnd tvo dómkvadda menn meta söluverðið, og reiknast söluskatturinn þá af matsverðinu. Nú eru lönd eða lóðir teknar eignarnámi og metin til verðs, og telst þá matsverðið söluverð og reiknast skattur af því.

Söluskatturinn rennur í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar greinar.

30. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu fasteignamatsnefndir hefjast handa um sundurliðun á fasteignamatinu frá 1940 í grunnverð og mannvirkjaverð, að því er snertir lönd og lóðir, er lög þessi taka til, og skal því verki lokið innan árs frá gildistöku laganna.

31. gr.

Eftir gildistöku laga þessara skulu allir gildandi samningar um lóðir og ræktunarlönd á áhrifasvæði þeirra endurnýjaðir, svo fljótt sem verða má, á þann hátt er lög þessi mæla fyrir.

32. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

33. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi l. nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, VII. kafli jarðræktarlaga, nr. 54, 4. júlí 1942, svo og önnur lagaákvæði, er ekki samræmast ákvæðum laga þessara.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, hefur verið flutt á undanförnum þingum að tilhlutan ríkisstjórnarinnar.

Á síðasta Alþingi komst frumvarpið gegnum tvær umræður í efri deild, og var þá gerð á því sú breyting, að við IV. kafla bættist ný grein, 29. grein þessa frum-

varps, sem mælir svo fyrir, að háan söluskatt skuli greiða af ræktunarlöndum og byggingarlóðum, sem lögin ná til, og að skattur þessi skuli renna í viðkomandi sveitarsjóð. Ráðuneytið flytur nú frumvarpið með þessari breytingu, en annarri ekki frá því, sem var á síðasta Alþingi.

Þar sem Alþingi er málið kunnugt, þykir ráðuneytinu ekki ástæða til að taka hér upp enn á ný athugasemdir þær, sem frumvarpinu hafa fylgt á undanförnum þingum, en lætur nægja að vísa til þeirra.

Nd. 47. Frumvarp til laga [36. mál]

um skipulag kaupstaða og kauptúna.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

I. KAFLI
Um skipulagsskyldu.

1. gr.

Skylt er að gera skipulagsuppdrætti yfir alla kaupstaði hér á landi, kauptún og þorp, þar sem búa 200 íbúar eða fleiri.

Ráðherra getur og mælt svo fyrir, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, skipulagsnefndar eða skipulagsstjóra, að gerðir verði skipulagsuppdrættir hvarvetna þar á landinu annars staðar, sem ætla má, að samfelld byggð verði í náinni framtíð, svo sem við hafnir, flugvelli, jarðhitasvæði, orkuver, atvinnustöðvar, skólasetur, eða þar sem sumarbústaðir og sveitaþorp eru reist, eða við fjölfarnar þjóðbrautir.

Grundvöllur skipulagsstarfsins skal vera þessi í aðalatriðum: *Svæðaskipulag*, þ. e. landrými eins eða fleiri bæja eða kauptúna, sem mynda landfræðilega heild, sé skipulagt í stórum dráttum. *Heildarskipulag bæja og kauptúna*, þ. e. aðalsamgöngukerfi hins skipulagsskylda svæðis, sé ákveðið og landinu skipt í athafnasvæði, íbúðahverfi, óbyggð svæði o. s. frv. *Hverfaskipulag*, þ. e. skipulag einstakra hverfa og svæða, sem tekin eru út úr heildarskipulagi.

II. KAFLI
Um yfirstjórn og framkvæmd skipulagsmála.

2. gr.

Ráðuneyti sveitarstjórnarmála, félagsmálaráðuneytið, fer með skipulagsmál samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytinu til aðstoðar er skipulagsnefnd ríkisins. Í nefndinni eru: vegamálastjóri, vitamálastjóri (eða sá embættismaður ríkisins, sem hefur á hendi stjórn hafnarmála) og húsameistari ríkisins. Hver þeirra tilnefnir varamann, er gegni nefndarstörfum í forföllum aðalmanns.

Það er verkefni skipulagsnefndar að fylgjast með gerð skipulagsuppdrátta og dæma um þá, áður en þeir eru sendir ráðuneytinu til staðfestingar.

Nefndinni ber að láta uppi rökstutt álit um skipulagsuppdrætti, er hún fær til umsagnar og staðfestir verði, og benda á þá aðalannmarka, sem hún telur, að valda beri synjun staðfestingar.

Þá er og verkefni skipulagsnefndar að gera til ráðherra tillögur um skipulagsskyldu samkvæmt 2. mgr. 1. greinar.

Þóknun til nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra, svo og annar kostnaður við störf hennar.

3. gr.

Skipulagsstjóri ríkisins annast framkvæmd skipulagsmála, undir yfirstjórn ráðuneytisins. Hann ræður til sín aðstoðarmenn með samþykki ráðherra.

Hann lætur vinna að mælingum og gerð skipulagsuppdrátta samkvæmt lögum þessum, nema sveitarstjórnir annist þessi störf sjálfar.

Skipulagsstjóra ber að hafa yfirumsjón með því, að hvarvetna sé farið eftir staðfestum skipulagsuppdráttum og að mannvirki séu ekki gerð gagnstætt framlögðum uppdráttum (sbr. 16. gr.), eða gagnstætt því, er ætla má, að samrýmzt geti skipulagi, þar sem ákveðið hefur verið að gera skipulagsuppdrátt, en því ekki lokið. Í Reykjavík skal yfirumsjón þessi vera í höndum skipulagsnefndar bæjarins.

Skipulagsstjóri hefur eftirlit með því, að sveitarstjórnir varðveiti staðfesta og framlagða skipulagsuppdrætti, auki þá og endurbæti samkvæmt ákvæðum laga þessara. Hann gefur ráðherra árlega skýrslu um störf sín, einkum þó um allt það, er honum þykir áfátt, að lögum þessum sé fylgt.

Laun skipulagsstjóra skulu ákveðin í launalögum og greiðast úr ríkissjóði, sem og annar kostnaður við embætti hans, svo sem laun aðstoðarmanna, skrifstofu- og ferðakostnaður.

4. gr.

Nú er ákveðið samkvæmt 1. grein, að gerður skuli skipulagsuppdráttur af landsvæði, og skal þá nákvæmlega greina mörk svæðisins og tilkynna sveitarstjórn ákvörðunina, svo og eiganda eða umráðamanni landsins.

Þar til uppdrátturinn hefur verið gerður er bæði sveitarstjórn og eiganda eða umráðamanni svæðisins skylt að leita umsagnar skipulagsnefnda, þar sem þær eru starfandi, sbr. 11. gr., ella skipulagsstjóra, um hvers konar byggingarframkvæmdir, sem ætlað er að hefja á svæðinu. Úrskurði skipulagsstjóra má skjóta til ráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið, að fenginni umsögn skipulagsnefndar.

Engar byggingarframkvæmdir má hefja fyrr en úrskurður er genginn.

III. KAFLI

Um mælingar skipulagsskyldra staða.

5. gr.

Á öllum skipulagsskyldum stöðum skal mæla vandlega allt hið skipulagsskylda landsvæði og eigi minna en ætla má að nægi vexti byggðarinnar í næstu 50 ár. Eftir mælingum þessum skal síðan gera nákvæma uppdrætti af hinu mælda svæði.

6. gr.

Skipulagsstjóri sér um framkvæmd mælinganna utan Reykjavíkur. Þó er bæjarstjórnum eða hreppsnefndum heimilt að annast mælingarnar á hverjum stað, sé þess óskað, enda sé verkið framkvæmt af mælingarfróðum manni, sem skipulagsstjóri samþykkir, eða verkfræðingi hlutaðeigandi sveitarfélags.

7. gr.

Í bæjum þeim, sem áður hafa verið mældir, skal mælingin endurskoðuð og aukin, eftir ákvörðun sveitarstjórnar eða ef skipulagsstjóri telur þess þörf vegna skipulags viðkomandi byggðar. Um þessar viðbótarmælingar gilda sömu reglur og um frummælingar.

8. gr.

Allur kostnaður við mælingar og mælingaruppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sveitarsjóði, þó skal mælingakostnaður greiðast að fullu úr sveitarsjóði, þar sem skipulagsskyldir staðir annast að öllu leyti sjálfir mælingastörfin.

9. gr.

Mælingauppdrættir skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Mælikvarði sé eigi minni en 1 : 2000, nema um yfirlitsuppdrætti stærri landsvæða sé að ræða, má þá mælikvarði vera minni.

Uppdrættir skulu miðaðir við réttar áttir (norður upp). Sé þess kostur, skal mælingin tengd föstum mælingarpunktum (þríhyrningapunktum) í aðallandmælingakerfi Íslands.

b. Uppdrættir skulu sýna byggingar allar og helztu mannvirki, svo sem bryggjur, vegi, aðalvatnsæðar, holræsi, opin ræsi, skurði, landamerkjasteina, girðingar og önnur sýnileg lóðamörk, síma og rafmagnsleiðslur, eftir því sem þurfa þykir.

c. Uppdrættir af landssvæðum skulu yfirleitt vera með hæðarlínum, en uppdrættir af sjó með dýptarlínum. Miða skal hæðir við meðalsjávarmál, ef við verður komið. Hæðarmismunur línanna skal að jafnaði vera 2 metrar miðað við uppdrætti 1 : 2000, en 5 metrar miðað við 1 : 5000, og ber í því efni að taka tillit til landslags.

Dýpt jarðvegs skal sýnd með dýptartölum, sé um mýrlent byggingarsvæði að ræða.

d. Með glöggum merkjum skal sýna akra, tún, garða, lyngholt, mýrar, mólendi, skóga, mela, sanda, kletta, klappir og hraun.

IV. KAFLI

Um gerð skipulagsuppdrátta, skipulagsnefndir sveitarfélaga, staðfestingu og breytingar á skipulagi.

10. gr.

Skipulagsstjóri lætur gera skipulagsuppdrætti þar, sem það er ákveðið samkv. lögum þessum, enda hafi uppdráttur ekki þegar verið gerður. Ákveður ráðuneytið hverju sinni, hvenær uppdrætti skuli lokið.

Nú þykir tvísýnt um vöxt kauptúns eða byggðarlags, þar sem gera skal skipulagsuppdrátt samkvæmt 1. mgr. 1. greinar, og getur ráðherra þá látið fresta því, að uppdrátturinn sé gerður, þar til fyrirhugaðar eru byggingarframkvæmdir á staðnum, er valda því, að nauðsyn krefur uppdráttarins.

Kostnaður við uppdrætti, er skipulagsstjóri lætur gera, greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Bæjarstjórnum er heimilt, með samþykki ráðherra og á sinn kostnað, að láta sjálfar gera skipulagsuppdrætti hver í sínu umdæmi.

Á skipulagsskyldum stöðum skulu vera skipulagsnefndir, og séu þær þannig skipaðar:

Utan Reykjavíkur skulu vera 3 menn í skipulagsnefnd. Skal bæjarstjóri eða oddviti vera sjálfkjörinn formaður, sveitarstjórn kýs einn og skipar þriðja mann að fenginni tillögu skipulagsstjóra.

Verkefni skipulagsnefnda utan Reykjavíkur er að vera skipulagsstjóra og sveitarstjórn til leiðbeiningar um gerð skipulagsuppdrátta, breytingar á þeim og endurskoðun, svo og að undirbúa fullnaðarafgreiðslu samkv. 14. gr.

Í Reykjavík skal skipulagsnefnd bæjarins láta gera alla skipulagsuppdrætti, og er nefndin þannig skipuð: Borgarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, bæjarverkfræðingur, skipulagsstjóri ríkisins, formaður skipulagsnefndar ríkisins, forstöðumaður skipulagsdeildar bæjarins, og tveir menn, er bæjarstjórn kýs ásamt tveim varamönnum. Varamenn skipaðra nefndarmanna skulu vera þeir, sem ganga þeim næstir að störfum.

Aðliggjandi sveitarfélög, sem mynda landfræðilega heild, skulu hafa samvinnu um þau skipulagsatriði, sem samkomulag er um að varði hagsmuni beggja, eða ef skipulagsstjóri telur slíka samvinnu æskilega.

12. gr.

Á skipulagsuppdrætti skal fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

a. Markað sé glögglega fyrir allri hagnýtingu hins skipulagsskylda lands og því skipt niður í ákveðin mörkuð svæði fyrir iðnað, verzlun, íbúðir, leikvelli og garða, götur og aðalbrautir, hafnarhverfi, umferðatilhögun og það annað, er vaxtarskilyrði og atvinnulíf staðarins krefst.
b. Merkja skal á uppdrætti skiptingu samstæðrar og sundurlausrar byggðar og húshæðir.
c. Við gerð skipulagsins skal vandlega tekið tillit til atvinnu íbúanna, heilbrigðis- og þrifnaðarnauðsynja, greiðrar umferðar, brunahættu og fegurðar staðarins. Sérstaklega skal þess gætt, að opinberum og öðrum helztu byggingum sé smekklega skipað, svo og þeim byggingum, sem standa umhverfis torg eða opin svæði, og þeim byggingum, er loka götum.

   Á skipulagsuppdrætti skal sýna húshæðir, með séruppdráttum, þar sem nauðsyn krefur.
d. Mælikvarði skipulagsuppdráttar sé ekki minni en 1:2000. Þó má gera yfirlitsuppdrætti í smærri mælikvarða.
e. Skipulagsuppdrætti skal fylgja lýsing á öllum helztu atriðum, sem varða skipulagið og eigi eru auðsæjar af uppdráttum.

   Þar sem um smáþorp er að ræða og lítil líkindi þykja til, að þau taki fljótum framförum, skal heimilt að ákveða, að uppdrættirnir séu nokkru einfaldari en hér er gert ráð fyrir.

13. gr.

Heimilt er að gera og staðfesta skipulagsuppdrætti yfir sérstaka hluta hins skipulagsskylda svæðis, einkum kaupstaða, enda þótt heildaruppdrætti sé ekki að fullu lokið.

Þá skal þess vandlega gætt, að ekki raskist heildaráætlun um skipulag alls svæðisins, svo sem um aðalbrautir, óbyggð svæði og því um líkt.

Uppdrættir þessir skulu, eftir því sem við á, hlíta sömu meðferð, sem ákveðin er í 14. gr., og vera fullgildir í Reykjavík að fengnu samþykki skipulagsnefndar bæjarins og bæjarstjórnar, en utan Reykjavíkur að fengnu samþykki skipulagsnefndar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Um slíka uppdrætti gilda ákvæði 10. og 12. greinar, eftir því sem við á.

14. gr.

Þegar skipulagsuppdrætti er lokið, skal það opinberlega auglýst og uppdrátturinn ásamt lýsingu hafður almenningi til sýnis, eigi skemur en 4 vikur. Skylt er að senda eigendum og umráðamönnum húsa og lóða, sem uppdrátturinn breytir verulega, sérstaka skriflega tilkynningu um, að uppdrátturinn sé lagður fram. Þeir, sem málið varðar, geta sent athugasemdir sínar og mótmæli til sveitarstjórnar eigi síðar en viku eftir að sýningu uppdráttar lýkur.

Sveitarstjórnir leita umsagnar byggingarnefnda (þar sem þær eru skipaðar) um uppdráttinn og framkomnar athugasemdir og mótmæli. Síðan ræðir sveitarstjórn uppdráttinn, ásamt athugasemdum um breytingar, og afgreiðir málið til ráðherra með tillögum sínum og athugasemdum. Ber að senda ráðherra uppdráttinn með öllum gögnum í málinu, sem lágu fyrir sveitarstjórn, eða eftirriti af þeim.

15. gr.

Ráðherra staðfestir skipulagsuppdrætti til að öðlast gildi sem lögmæt samþykkt fyrir svæðið, þegar er staðfestingin hefur verið auglýst opinberlega.

Áður en ráðherra staðfestir skipulagsuppdrátt skal liggja fyrir álit skipulagsnefndar, sbr. 2. gr. Ber nefndinni að láta uppi rökstudda álitsgerð um uppdráttinn og þær athugasemdir og breytingartillögur, sem gerðar hafa verið, hvort heldur af sveitarstjórn eða öðrum, er málið tekur til, sbr. 2. grein.

Nú er sýnt, að skipulagsnefnd og sveitarstjórn greinir verulega á um skipulagsuppdrátt, og skal ráðherra þá senda málið til sveitarstjórnar á ný til meðferðar, með fyrirmælum um að afgreiða það aftur til ráðuneytisins fyrir tiltekinn tíma.

Ráðherra leggur fullnaðarúrskurð á öll ágreiningsefni um skipulagsuppdrátt, að fengnum tillögum skipulagsnefndar og skipulagsstjóra.

16. gr.

Eftir að skipulagsuppdráttur hefur verið lagður fram til sýnis fyrir almenning samkvæmt 14. gr., má engin mannvirki gera, sem koma í bága við uppdráttinn, nema breytingar á honum hafi verið staðfestar og auglýstar. Sama gildir um séruppdrætti, sbr. 13. gr. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því, að ákvæðum þessum sé hlýtt.

17. gr.

Nú vill sveitarstjórn breyta staðfestum skipulagsuppdrætti eða stækka hið skipulagða svæði, og fer þá um alla meðferð málsins, mælingar, uppdrátt, skipulagsuppdrátt, framlagningu hans og staðfestingu eftir ákvæðum laga þessara um skipulagsuppdrætti. Með sama hætti fer, ef skipulagsstjóri eða skipulagsnefnd óska breytinga á skipulögðu svæði.

Það er skylda allra, sem með skipulagsmál fara, og þó einkum sveitarstjórna, að athuga nákvæmlega, hvort gera beri skipulagsbreytingu þegar svo ber undir, að hús skemmist af eldi eða með öðrum hætti. Einkum verður þessi skylda rík, ef mörg nærliggjandi hús eða mannvirki skemmast eða hverfa samtímis.

18. gr.

Skylt er öllum sveitarstjórnum að geyma vandlega öll skjöl og uppdrætti, sem lúta að skipulagi staðarins, og auka þá eða breyta þeim jafnóðum og byggðin eykst eða breytist, svo að ætíð megi glögglega sjá öll mannvirki á skipulagða svæðinu. Þar sem sveitarstjórnir eiga ekki völ á færum mönnum til þessa starfs, skal skipulagsstjóri veita nauðsynlega aðstoð.

19. gr.

Nú kemur í ljós, að mannvirki eru gerð gagnstætt staðfestum eða framlögðum skipulagsuppdrætti, og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til þess að leiðrétta þvílík skipulagsspjöll, og er ráðherra þá heimilt að skipa svo fyrir, að slík mannvirki verði rifin eða fjarlægð að öllu leyti á kostnað sveitarsjóðsins.

V. KAFLI

Um forkaupsrétt á fasteignum vegna skipulagsbreytinga.

20. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samþykktir um að áskilja sveitarfélagi forkaupsrétt að öllum fasteignum, sem að hennar dómi er rétt og nauðsynlegt, að sveitarfélagið eignist vegna fyrirsjáanlegra skipulagsframkvæmda. Heimild þessi nær einkum til:

a. eigna, sem beinlínis þarf að kaupa, til þess að skipulagsbreytingar verði framkvæmdar;
b. eigna, sem eru svo settar, að mörkum verður að breyta samkvæmt nýju skipulagi;
c. eigna, sem ætla má, að hækki eða lækki í verði vegna skipulagsbreytinganna.

Í samþykkt samkvæmt 1. mgr. skal vera skrá yfir allar þær fasteignir, sem samþykktin nær til, enda er skylt að tilkynna eigendum eða forráðamönnum fasteigna með tveggja vikna fyrirvara, að þær verði settar á skrána.

Samþykkt öðlast gildi, þegar ráðherra hefur staðfest hana.

Enn fremur er skylt að láta þinglýsa forkaupsréttaráskilnaði sem kvöð á eigninni.

21. gr.

Nú hefur sveitarstjórn gert áskilnað um forkaupsrétt að fasteignum samkvæmt 20. gr., og er þá skylt að bjóða henni forkaupsréttinn, hvenær sem ætlað er að selja eignina og hvernig sem sala eða afsal fer fram.

Þó er afsal til erfingja í beinan legg undanskilið.

Sveitarstjórn á forkaupsréttinn fyrir sama verð og með jafngóðum kjörum að öðru leyti sem ætlað var að selja eignina öðrum. Getur sveitarstjórn krafizt þess að fá til athugunar fullgildan, bindandi kaupsamning um eignina, til þess að ganga úr skugga um, að forkaupsréttur sé henni boðinn með réttum kjörum.

Innan tveggja vikna frá því að sveitarstjórn var boðinn forkaupsréttur með fullnægjandi upplýsingum um söluna, skal hún segja til um, hvort hún vilji nota forkaupsréttinn, ella telst sveitarstjórn hafa hafnað boðinu að því sinni.

22. gr.

Nú er vanrækt að bjóða sveitarstjórn forkaupsrétt að eign, er samþykkt tekur til, sbr. 20. gr., og getur sveitarstjórn þá eigi að síður krafizt réttarins og gengið inn í kaupin, enda sé um það gerð krafa innan 3 mánaða frá því að henni varð kunnugt um söluna (frá þinglýsingu afsals). Auk þess ber seljanda að bæta sveitarstjórn allt tjón, er hún bíður vegna þess að henni var ekki boðinn forkaupsrétturinn.

VI. KAFLI

Um eignarnám og skaðabætur.

23. gr.

Heimilt skal að taka lóðir og hús eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna skipulagsins. Um framkvæmd eignarnámsins fer sem mælt er fyrir í lögum nr. 61 frá 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Þó getur sveitarstjórn ákveðið, með samþykki ráðherra, að allt að helming eignarnámsverðs skuli greiða með skuldabréfum, tryggðum með ríkisábyrgð, og heimilast ríkisstjórn að veita slíka ríkisábyrgð, enda er þá skylt að bera undir ríkisstjórnina, hvort yfirmat skuli fram fara og hvort áfrýja skuli til venjulegs eða sérstaks yfirmats.

24. gr.

Hús og lóðir, sem að meira eða minna leyti ónýtast við skipulagsgerð, skal meta þannig, að jafnt tillit sé tekið til þess hagnaðar og óhagnaðar, sem stafa kann af skipulaginu, og koma þá skaðabætur því aðeins til greina, að eign hafi í heild sinni rýrnað að verðmæti.

25. gr.

Hafi hús eða lóð rýrnað svo mjög við skipulagið, að eigi megi nýta til bygginga, getur eigandi krafizt, að öll fasteignin sé keypt eftir mati. Þá getur sveitarstjórn krafizt þess, að henni séu seldar, eftir mati, lóðaspildur, sem eru minni en svo, að nota megi til byggingar.

26. gr.

Nú hefur skipulag breytt svo lóðum eða viðhorfi þeirra á byggingarreitum, að þær verða óhentugar til afnota; þá skal sveitarstjórn leitast við að fá samkomulag milli eigendanna um hentugri lóðaskiptingu á reitnum. Ef samkomulag næst ekki, getur sveitarstjórn látið gera nýja lóðaskiptingu, enda sé það samþykkt með ⅔ atkvæða í sveitarstjórn.

Nú lækkar eign í verði við slíka breytingu, og skal þá greiða eiganda bætur samkvæmt mati, ef ágreiningur verður. Bæturnar skal greiða úr sveitarsjóði, en hann á endurkröfurétt eftir mati á eiganda eða eigendur þeirra eigna, sem kunna að

hækka í verði við þessa sömu skipulagsbreytingu. Endurkröfurétturinn er tryggður með veði í eigninni, er gengur fyrir samningsveðum.

27. gr.

Bóta úr sveitarsjóði samkvæmt lögum þessum verður eigi krafizt fyrr en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmda, sem bæturnar eru goldnar fyrir.

VII. KAFLI
Um skipulagssjóði.

28. gr.

Til fjáröflunar í því skyni að greiða kaupverð fasteigna, sem sveitarstjórn kaupir til þess að skipulagsbreytingu verði komið í framkvæmd, þar á meðal til greiðslu bóta fyrir eignarnám, er sveitarstjórn heimilt að gera samþykkt um stofnun skipulagssjóðs fyrir bæjar- eða hreppsfélagið.

29. gr.

Nú er samþykkt um stofnun skipulagssjóðs gerð af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal þá samþykktin send félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Virðist ráðherra einhver ákvæði samþykktarinnar fara í bága við lög eða vera gagnstæð lögvörðum réttindum manna, endursendir hann samþykktina án staðfestingar og tilkynnir sveitarstjórn ástæður þess, að hann vilji eigi staðfesta hana. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Samþykkt, er ráðherra hefur staðfest, verður aðeins breytt með sama hætti og hún var sett.

30. gr.

Í samþykkt um skipulagssjóð er heimilt að kveða svo á, að sjóðnum skuli aflað tekna með árlegu gjaldi af öllum fasteignum í umdæminu, öðrum en fasteignum annarra ríkja, sem notaðar eru í utanríkisþjónustu þeirra.

Upphæð gjaldsins má vera jafnhá fasteignaskatti samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945 og skal ákveðin í samþykktinni til 5 ára í senn.

Gjalddagi skal og ákveðinn í samþykkt.

Gjaldið er lögtakskræft án undangengins dóms eða sáttar, og fylgir því lögveð í hinni gjaldskyldu eign, á sama hátt og lögveð er fyrir fasteignagjöldum samkvæmt greindum lögum, nr. 67/1945.

31. gr.

Hafi sveitarfélag vegna fyrirhugaðs skipulags keypt fasteign eða látið taka eignarnámi, og fasteign þessi er síðan seld að nokkru eða öllu leyti, skal hagnaður sá, sem verður af þeirri sölu, renna í skipulagssjóð. Sama gildir um leigutekjur, sem sveitarfélagið kann að hafa af fasteignum, sem það hefur eignazt með þessum hætti.

Enn fremur má ákveða í samþykkt, að tekjur af sölu eða leigu fasteigna, sem sveitarfélagið hefur eignazt með öðrum hætti, skuli renna að meira eða minna leyti í skipulagssjóð.

32. gr.

Við fasteignamat skal meta sérstaklega fyrir hverja fasteign þá verðhækkun, sem á henni er orðin frá síðasta fasteignamati og telja má að stafi af skipulagsbreytingu, hvort sem sú skipulagsbreyting er þegar komin til framkvæmda eða aðeins ráðgerð á staðfestum skipulagsuppdrætti.

Þegar skipulagsuppdráttur er lagður fram, getur sveitarstjórn og látið fram fara sams konar mat, er komi í stað mats samkvæmt 1. mgr., þar sem kveðið sé á

um verðhækkun einstakra fasteigna við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar samkv. uppdrættinum.

Slíkt mat skal gert af þriggja manna matsnefnd: Einum tilnefndum af sveitarstjórn, öðrum af ráðherra sveitarstjórnarmála, en hinum þriðja af hæstarétti, og er hann formaður matsnefndarinnar. Kostnaður við þetta mat greiðist úr sveitarsjóði eða skipulagssjóði, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

Af verðhækkun, sem metin verður samkv. 1. og 2. mgr., skal eiganda fasteignarinnar skylt að greiða allt að 100% í skipulagssjóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykkt.

Um gjalddaga á verðhækkunarskatti þessum skal setja ákvæði í samþykkt, og er heimilt að kveða á um gjaldfresti, gegn greiðslu vaxta, og annað varðandi innheimtuna.

Sveitarstjórn getur tilkynnt fjárhæð skattsins til innritunar í veðmálabækur og öðlast þá lögveð í hinni skattlögðu eign, er gangi fyrir öllum síðari veðböndum.

Undanþegnar verðhækkunarskatti samkvæmt þessari grein eru einungis fasteignir annarra ríkja, sem notaðar eru í utanríkisþjónustu þeirra.

Nú eru gerðar breytingar á framlögðum (og staðfestum) skipulagsuppdrætti, og skal þá metið á ný, hvort verðhækkunarskattur breytist. Slíkt endurmat skal gert af sömu aðilum, sem mátu verðhækkunina samkvæmt 1. eða 2. mgr.

33. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, lög nr. 64 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi 1948 frumvarp til laga um skipulag kaupstaða og kauptúna, að mestu samhljóða frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Með bréfi, dags. 15. marz s. l., endursendi heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis ráðuneytinu frumvarpið og tjáði því, að hún hefði sent það til umsagnar Skipulagsnefndar ríkisins, Bæjarráðs Reykjavíkur, Verkfræðingafélags Íslands og Húsameistarafélags Íslands. Skipulagsnefnd ríkisins og Bæjarráð Reykjavíkur sendu engin svör, enda hafði skipulagsnefnd látið í té álit um frumvarpið til ríkisstjórnarinnar, en bæjarráð hafði átt þess kost að fylgjast með samningu frumvarpsins, þar sem borgarritarinn í Reykjavík átti sæti í nefnd þeirri, er samdi frumvarpið. Hins vegar bárust heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis svör bæði frá Verkfræðingafélagi Íslands og Húsameistarafélagi Íslands. Fulltrúar frá félagssamtökum verkfræðinga og húsameistara mættu og á fundi hjá nefndinni til viðræðu um málið ásamt skipulagsstjóra.

Í bréfi sínu segir nefndin:

„Niðurstaða af þessum viðræðum, sem og frekari athugun nefndarinnar er sú, að nokkur ágreiningur virðist vera milli þeirra manna, er sérfróðir mega teljast á þessu sviði, um það hvernig heppilegast sé að haga ýmsum atriðum í skipulagsmálunum. Virðist nefndinni því, að æskilegt sé, að mál þetta sé athugað nokkru nánar og leyfir sér hér með að beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún leiti til sérfróðra aðila um nánari athugun á frumvarpinu.“

Félagsmálaráðuneytið, sem undirbjó frumvarpið fyrir Alþingi, hafði mjög stuðzt við leiðsögn „sérfróðra aðila“ við samningu þess, en með endurskoðun skipulagslaganna var fyrst og fremst tilætlunin að samræma lögin þeim venjum, sem komizt hafa á í framkvæmd skipulagsmálanna hér á undanförnum árum, kveða nánar á um

starfssvið skipulagsstjóra og gera sveitarfélögunum kleift að framkvæma nauðsynlegar skipulagsbreytingar innan ákveðinna, skynsamlegra takmarka.

Ráðuneytið hafði áður leitað umsagnar skipulagsnefndar ríkisins, auk þess sem skipulagsstjóri var einn þeirra þriggja manna, sem frumvarpið samdi, en eftir móttöku bréfs heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis sendi ráðuneytið frumvarpið, ásamt þeim athugasemdum, sem borizt höfðu frá Húsameistarafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands, til svokallaðrar „samvinnunefndar um skipulagsmál", sem starfar aðallega að skipulagsmálefnum Reykjavíkurbæjar.

Í þeirri nefnd eiga sæti eftirtaldir menn: Geir G. Zoëga vegamálastjóri, form. skipulagsnefndar ríkisins, Bolli Thoroddsen, bæjarverkfræðingur í Reykjavík, Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins, Þór Sandholt húsameistari, forstöðumaður skipulagsdeildar Reykjavíkur, Hörður Bjarnason skipulagsstjóri, Axel Sveinsson vita- og hafnarmálastjóri, og Gunnlaugur Pálsson arkitekt, fulltrúi skipulagsstjóra.

Samninganefnd þessi hefur nú yfirfarið frumvarpið og gert á því nokkrar breytingar. Ráðuneytið hefur fallizt á allar breytingartillögur nefndarinnar og tekið þær upp í frumvarpið.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpinu, er það var lagt fram á Alþingi 1948, var það rakið, hverjar helztu breytingarnar eru, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir frá gildandi skipulagsákvæðum, og þykir ekki ástæða til að endurtaka það hér, og vísast því til þeirra athugasemda.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 7. og 17. gr. hinna gildandi laga, en rétt þótti að fella þessi skyldu ákvæði saman í eina heild. Hér hafa orðið þær breytingar einar, að nánar er kveðið á um þá staði, sem ætla má, að séu líklegir til vaxtar, enda þótt þeir nái ekki ákvæðum um skipulagsskyldu, sbr. 1. mgr.

Um 2. og 3. gr.

Greinar þessar koma í stað 8. greinar, 13. gr. 1. mgr., 14. og 15. gr. og 22. gr. 1. mgr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin samsvarar 9. gr. 2. mgr. og 3. mgr. 13. gr. gildandi laga, með þeirri viðbót, að á þeim stöðum, þar sem skipulagsnefndir eru ekki starfandi, skuli leita umsagnar skipulagsstjóra um helztu byggingarframkvæmdir á þeim stöðum, sem enn hafa ekki fengið fullgerðan skipulagsuppdrátt.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu samhljóða niðurlagi 7. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 6.—9. gr.

Greinar þessar fjalla um mælingar skipulagsskyldra staða og samsvara 1.—6. gr. eldri laga. Helztu breytingar eru þær, að í stað þess að bæjarstjórn eða hreppsnefnd á hverjum stað var skylt að annast mælingarnar (sbr. 2. gr.), er framkvæmd mælinganna utan Reykjavíkur í höndum skipulagsstjóra, nema þar, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn óskar þess að láta sjálf framkvæma mælingar. Er þessi tilhögun sjálfsögð og eðlileg, þar sem fæstir skipulagsskyldir staðir geta komið því við að láta kunnáttumenn framkvæma mælingar. Enda hefur það verið svo í framkvæmd, að skipulagsnefndin, fyrir atbeina vegamálastjórnar, og nú undanfarið teiknistofa skipulagsins, hefur jafnan lagt stöðunum menn til hinna nauðsynlegu mælinga. Um gerð uppdrátta (9. gr.) hafa verið tekin upp ýmis greinilegri ákvæði en áður voru í lögum, sérstaklega að því er snertir frágang uppdrátta.

Um 10.—12. gr.

Greinar þessar skýra sig að mestu sjálfar. Koma þær í stað 9. gr. 1. mgr., 10. gr., 13. gr. 2. mgr. og 11. gr. eldri laga, ásamt 22. gr. 2. mgr. Helztu nýmæli eru þau í 11. gr., að bæjarstjórnum er heimilt að láta sjálfar vinna að skipulagsuppdráttum, hverri í sínu umdæmi, og skipulagsnefndir eru teknar upp á öllum skipulagsskyldum stöðum. Framkvæmd og þróun skipulagsmálanna hefur heimtað þessa tilhögun, þar sem því verður við komið, enda sjálfsagt, að hinir skipulagsskyldu staðir sjálfir hafi meiri íhlutun um framkvæmd skipulagsmálanna en unnt hefur verið að láta í té með ákvæðum núgildandi laga. Bætt hefur verið inn ýmsum nauðsynlegum ákvæðum um gerð skipulagsuppdrátta og um frágang uppdrátta, svo sem mælikvarða, séruppdrætti o. s. frv.

Um 13. gr.

Ný grein. Framkvæmd skipulagsuppdrátta — í hinum stærri kaupstöðum einkanlega — hefur sýnt fram á nauðsyn þess, að sérstök bæjarhverfi séu tekin út úr skipulagsuppdrætti og skipulögð sérstaklega, vegna breyttra aðstæðna. Er þá nauðsynlegt að geta staðfest slíka uppdrætti án þess að heildaruppdrættir séu staðfestir um leið, og hefur þessa einkum gætt að því er varðar skipulag Reykjavíkurbæjar, sem er vandamesta og erfiðasta viðfangsefnið í skipulagsmálum landsins.

Um 14. gr.

Er að mestu sama efnis og 12. gr. eldri laga, með nokkrum úrfellingum og viðbæti, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 15. gr.

Greinin svarar til 16. gr. eldri laga. Í þessa grein er bætt inn ákvæði um, hvernig fara skuli með ágreining milli sveitarstjórna og yfirstjórnar skipulagsmálanna, og hvernig málum skuli endanlega ráðið til lykta, ef ágreiningur er mikill um lausn skipulagsatriða.

Um 16. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 13. gr. 3. mgr. núgildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr.

Greinin kemur í stað 18., 19. og 20. gr. eldri laga, með nokkrum úrfellingum og viðbótarákvæðum. Hún þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 21. gr. eldri laga.

Um 19. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 23. gr. eldri laga með nokkrum úrfellingum.

Um 20.—22. gr.

Greinar þessar eru nýjar. Er nánar vikið að þeim í fyrstu greinargerð, sem frv. fylgdi, og þykir ekki þörf að bæta þar við neinu sérstöku.

Um 23.—27. gr.

Greinarnar svara til 24.—28. gr. gildandi laga, með nokkrum nauðsynlegum viðbótum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 28.—34. gr.

Kaflinn allur er nýmæli, en ekki þykir ástæða til sérstakra skýringa vegna hinna einstöku greina.

Nd. **48. Frumvarp til laga** [37. mál]

um sveitarráðsmenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Í kauptúni, sem er sérstakur hreppur og hefur fleiri en 500 íbúa, skal framkvæmd sveitarmálefna falin sérstökum sveitarráðsmanni.

2. gr.

Hreppsnefnd skal auglýsa starf sveitarráðsmanns og taka við umsóknum um það. Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd sveitarstjórnar gera ráðningarsamning við sveitarráðsmann, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í sveitarstjórn, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Ekki er heimilt að binda ráðningu sveitarráðsmanns við kjörtímabil sveitarstjórnar né önnur ákveðin tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Árslaun sveitarráðsmanns skulu vera 7200 krónur auk lögboðinnar verðlagsuppbótar, eins og hún er á hverjum tíma greidd starfsmönnum ríkisins.

Laun sveitarráðsmanns greiðast úr sveitarsjóði.

5. gr.

Sveitarráðsmaður fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna sveitarfélagsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

Að öðru leyti skal starfssvið sveitarráðsmanns og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna sveitarfélagsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir. Birta skal slíka samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Sveitarráðsmaður á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Nú er hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarráðsmaður, og fellur þá niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns þann tíma, er hann gegnir sveitarráðsmannsstarfi, en varamaður hans tekur sæti í hreppsnefndinni.

7. gr.

Nú hefur sveitarráðsmaður tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans, að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

8. gr.

Nú verður sveitarráðsmaður sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfa sínum eða skeytir ekki áminningu sveitarstjórnar, og getur hún

þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við störfum sveitarráðsmanns til bráðabirgða, meðan ráðuneytið rannsakar misklíðarefnið, og gegnir oddviti starfanum, unz sveitarráðsmaður hefur tekið við starfa sínum aftur eða nýr sveitarráðsmaður hefur verið ráðinn.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1950.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 8. marz s. l., sendi forseti sameinaðs Alþingis félagsmálaráðuneytinu þingsályktun, er samþykkt hafði verið á Alþingi 25. febr. þ. á., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til athugunar, hvernig stjórn hinna stærri kauptúna verði bezt og haganlegast komið fyrir, og að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar um það efni fyrir næsta Alþingi."

Af greinargerð þeirri, sem þingsályktunartillögu þessari fylgdi, en hún var flutt af þingmönnum Eyfirðinga, þeim Bernharð Stefánssyni og Stefáni Stefánssyni, má sjá, að sú breyting á sveitarstjórnarlöggjöfinni, sem flutningsmenn telja sérstaklega aðkallandi, er að létta af oddvitum í stærri kauptúnum því framkvæmdastjórastarfi, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða hlutskipti þeirra, þegar sveitarfélögin fara að ráðast í ýmsar meiri háttar framkvæmdir, sem krefjast mikils tíma og ábyrgðar, en oddvitastörfin eru hugsuð sem hjáverkastörf og fyrir þau greitt samkvæmt því.

Í greinargerðinni fyrir þingsályktunartillögunni og umræðum, sem fóru fram um hana á Alþingi, er það réttilega fram tekið, að millistig það, sem sums staðar hefur verið reynt, að skipa sérstakan lögreglustjóra, sem fela má að fara með oddvitastörf, hefur yfirleitt ekki gefizt vel. Ástæðan fyrir því virðist vera sú, að lögreglustjórarnir geti ekki svo vel sé fullnægt þeim kröfum, sem sveitarstjórnin þarf að geta gert til þeirra, og veldur það að vonum óánægju og ágreiningi. Sú skipan virðist því ekki munu verða til frambúðar.

Vafalaust verður framhald á þeirri þróun, að stór kauptún fá kaupstaðaréttindi og þá sérstakan bæjarstjóra, en varla ætti að hverfa að því ráði fyrr en íbúafjöldi slíkra staða væri orðinn um eða yfir eitt þúsund. En kauptún, sem hafa orðið yfir fimm hundruð íbúa og lagt hafa í ýmsar framkvæmdir fyrir sveitarfélagið, svo sem vatnsveitu, rafveitu, hafnarmannvirki o. s. frv., þurfa oftast á það miklum starfskröftum að halda, að eðlilegt má teljast, að þau fengju heimild til að ráða sérstakan framkvæmdastjóra, er tæki við flestum þeim störfum, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum. Ef að því ráði verður horfið, er brúað það bil, sem nú er á milli þess fyrirkomulags, sem sveitarstjórnarlögin fyrirskipa, og þeirrar skipunar, sem gildir í kaupstöðum.

Út frá þessu sjónarmiði hefur félagsmálaráðuneytið samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Með samþykkt þess yrði engin önnur breyting á sveitarstjórnarlöggjöfinni en sú, að sérstakur sveitarráðsmaður tæki við störfum oddvita, að því leyti sem henta þætti í hverju því kauptúni, sem hefur fimm hundruð íbúa eða fleiri. Oddviti yrði kjörinn af hreppsnefnd eftir hverjar reglulegar kosningar og yrði formaður hennar og stjórnaði fundum hennar, eins og nú er, og starfssvið hans yrði svipað og starfssvið forseta nú er í bæjarstjórnum. Samband slíks sveitarfélags við sýslufélag það, sem kauptúnið er í, breytist ekkert, þó frumvarp þetta verði samþykkt.

Fyrirkomulag það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er í meginatriðum sniðið eftir þeim reglum, sem gilda um sveitarráðsmenn í Noregi, en þar er sú venja, að sveitarráðsmenn (rådmenn) eru ráðnir um óákveðinn tíma, en ráðning þeirra ekki bundin við kjörtímabil sveitarstjórnar, eins og hér á sér stað til dæmis um bæjarstjóra. Þessi skipan hefur þótt gefast vel í Noregi, og er þess vegna lagt til, að hún

verði upp tekin hér. Það hefur sýnt sig, að mjög erfitt hefur verið að fá til bæjarstjórastarfa hér á landi menn, sem vildu helga krafta sína hinum mikilvægu sveitarstjórnarstörfum, og má hiklaust telja, að ein meginástæðan fyrir því sé sú, að bæjarstjórastarfið losnar við hverjar kosningar og er jafnan skipað eftir stjórnmálalegum viðhorfum. Hinum uppvaxandi kauptúnum er miklu meiri þörf á því, að í sveitarráðsmannsstarfið veljist traustur og öruggur maður með staðgóðri þekkingu á málefnum sveitarfélagsins, sem allir íbúar kauptúnsins geta borið fullt traust til, en að í það sé valið eftir pólitískum sjónarmiðum einum saman, eftir því hvaða flokkur er í meiri hluta í sveitarstjórninni hverju sinni.

Þá er og sú regla tekin upp í frumvarpi þessu, að sveitarráðsmaður skuli ekki hafa atkvæðisrétt í hreppsnefnd, meðan hann gegnir sveitarráðsmannsstörfum, þótt hann hafi verið kosinn í sveitarstjórn. Mundi þá varamaður taka sæti hans, en varamenn er skylt að kjósa við sveitarstjórnarkosningar í stærri kauptúnum.

Einnig hefur þótt rétt að taka það skýrt fram, hvernig fara skuli að við ráðningu sveitarráðsmanns, og er það gert í 2. og 3. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt hefur þótt að taka af öll tvímæli með það, að ráðning sveitarráðsmanns sé fullgild, þótt enginn umsækjenda fái meiri hluta atkvæða á hreppsnefndarfundi.

Að lokum þykir rétt að víkja nokkrum orðum að nafninu, sem þessum væntanlegu starfsmönnum sveitarfélaganna hefur verið valið í frumvarpi þessu. Þar sem breytingin, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, nær ekki nema til fárra sveitarfélaga, var ekki unnt að yfirfæra oddvitanafnið á starfsmenn þessa, enda verður oddviti, eins og áður hefur verið sagt, framvegis formaður og fyrirsvarsmaður sveitarstjórnarinnar. Það þykir og tæpast viðeigandi að nefna þá framkvæmdastjóra, því að það orð hefur fengið ákveðna merkingu í viðskipta- og atvinnulífi þjóðarinnar. Hins vegar hefur ráðsmannsnafnið, sem Norðmenn nota mjög í sveitarstjórnarstörfum sínum, alveg verið látið ónotað hér á landi hin síðustu ár.

Þykir vel fara á því að nefna menn þessa hinu virðulega ráðsmannsnafni, enda verður staða þeirra fyrst og fremst ráðsmannsstaða, þar sem þeim verður falin umsjá málefna sveitarfélags síns undir eftirliti og yfirstjórn sveitarstjórnar. Ráðsmannsnafnið var allmikið notað hér á landi áður fyrr, svo sem á biskupssetrunum — staðarráðsmaður — og víðar. Það má hiklaust telja, að orðið sveitarráðsmaður muni festast í málinu og menn muni venjast því vel bæði í ræðu og riti.

Svo sem segir í 1. gr. frumvarpsins er s k y l t að fela sveitarráðsmanni framkvæmd sveitarmálefna í þeim kauptúnum, sem hafa orðið 500 íbúa eða fleiri.

Þótti réttara að lögákveða þetta en að veita aðeins heimild, sem sum sveitarfélög hefðu þá notað, en önnur ekki.

Launakjör sveitarráðsmanns þótti rétt að ákveða í lögunum sjálfum og tryggja þar með, að sveitarráðsmenn allir hefðu sömu laun. Launin eru miðuð við laun í sambærilegum trúnaðarstöðum hjá ríkinu.

Þau kauptún, sem frumvarp þetta mundi ná til, ef það yrði að lögum nú, eru þessi:

Húsavík	1213 íb.	Patreksfjörður	909 íb.
Selfoss	879 —	Stykkishólmur	779 —
Eskifjörður	702 —	Borgarnes	694 —
Eyrarbakki	542 —	Búðir í Fáskrúðsf.	583 —
Dalvík í Eyjaf.	583 —	Kópavogur	601 —

En auk ofantaldra kauptúna eru samkvæmt manntalinu 1948 níu kauptún, þar sem íbúafjöldinn er á 5. hundraðinu, og má gera ráð fyrir, að 3 eða 4 þeirri nái því við næsta manntal (þ. e. nú í vetur) að hafa 500 íbúa.

Ekki þykir ástæða til að láta sérstakar skýringar fylgja einstökum greinum frumvarpsins.

Sþ. **49. Frumvarp til fjárlaga** [38. mál]

fyrir árið 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1950 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	40 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 4000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 2000000		
		2 000 000	
			42 000 000
3.	Vörumagnstollur	23 000 000	
4.	Verðtollur	58 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	9 500 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	6 500 000	
			97 000 000
7.	Fasteignaskattur	700 000	
8.	Lestagjald af skipum	250 000	
9.	Bifreiðaskattur	4 500 000	
			5 450 000
10.	Aukatekjur	1 800 000	
11.	Stimpilgjald	4 500 000	
12.	Vitagjald	900 000	
13.	Leyfisbréfagjald	150 000	
14.	Erfðafjárskattur	300 000	
15.	Veitingaskattur	3 500 000	
16.	Útflutningsleyfisgjald	300 000	
			11 450 000
17.	Söluskattur		36 000 000
	Samtals ...	. . .	191 900 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður landssímans	3 036 000	
2. — áfengisverzlunar	44 408 000	
3. — tóbakseinkasölu	19 520 162	
4. — ríkisútvarps	807 720	
5. — ríkisprentsmiðju	200 000	
6. — landssmiðju	60 000	
7. — trésmiðju	5 000	
8. — olíuflutningaskipsins Þyrils	600 000	
9. — innkaupastofnunar ríkisins	4 200	
		68 641 082
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		7 000 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	350 000	
2. Póststofan í Reykjavík	2 650 000	
3. Önnur pósthús	1 595 000	
4. Póstflutningar	2 000 000	
5. Önnur gjöld	401 000	
6. Fyrning	4 000	
		7 000 000
2. Landssíminn.		
I. Tekjur		23 220 000
II. Gjöld:		
a. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum	800 000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans 900000		
2. Ritsíminn í Reykjavík 2592000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 278000		
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 470000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði að frádregnum stofngjöldum 3320000		
6. Áhaldahúsið 285000		
7. Ritsíminn á Akureyri 639000		
8. Ritsíminn á Seyðisfirði 300000		
9. Ritsíminn á Ísafirði 330000		
10. Símastöðin á Borðeyri 210000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum 300000		
12. Símastöðin á Siglufirði 450000		
13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva 2400000		
	12 474 000	

3. gr.

		kr.	kr.
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	340 000	
d.	Viðbót og viðhald stöðva	1 100 000	
e.	Viðhald landssímanna	4 150 000	
f.	Framhaldsgjald	190 000	
g.	Ýmis gjöld	100 000	
h.	Fyrning á húsum og áhöldum	420 000	
i.	Vextir af lánum	380 000	
j.	Slysatryggingar	230 000	
			20 184 000
	Fært á 3. gr. A. 1	. . .	3 036 000
	Eignabreytingar landssímans.		
	Út.		
I.	Afborganir af lánum og til húsakaupa		750 000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 000 000
III.	Til talstöðva í báta og skip		150 000
IV.	Til loftskeytastöðva í skip		100 000
V.	Til stækkunar á sjálfvirku stöðinni í Reykjavík		700 000
VI.	Til stuttbylgjusambands við Vestmannaeyjar		400 000
VII.	Til nýrra landsímalína		400 000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	3 500 000
	3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		49 000.000
II.	Gjöld:		
1.	a. Grunnlaun 409350		
	b. Verðlagsuppbót 818700		
		1 228 050	
2.	Kostnaður við áfengisútsölur	415 000	
3.	Annar rekstrarkostnaður	698 950	
4.	Útsvar	2 250 000	
			4 592 000
	Fært á 3. gr. A. 2	. . .	44 408 000
	4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		22 000 000
II.	Gjöld:		
a.	Laun:		
1.	Grunnlaun 180946		
2.	Verðlagsuppbót 361892		
		542 838	
b.	Annar rekstrarkostnaður	937 000	
c.	Útsvar	1 000 000	
			2 479 838
	Fært á 3. gr. A. 3	. . .	19 520 162

3. gr.

		kr.	kr.
	5. Ríkisútvarpið.		
I.	**Tekjur:**		
	a. Afnotagjöld	3 600 000	
	b. Aðrar tekjur	800 000	
			4 400 000
II.	**Gjöld:**		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 484700		
	2. Verðlagsuppbót 969400		
		1 454 100	
	b. Útvarpsefni	1 000 000	
	c. Skrifstofukostnaður	325 000	
	d. Húsaleiga, ljós og hiti	150 000	
	e. Til útvarpsstöðva	505 000	
	f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.	50 000	
	g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins	90 000	
	h. Óviss útgjöld	50 000	
	i. Bifreiðakostnaður	35 000	
	j. Fyrning á húsum og vélum	100 000	
			3 759 100
			640 900
III.	**Rekstur viðtækjaverzlunar:**		
	a. Tekjur	550 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 72660		
	b. Verðlagsuppbót 145320		
	217980		
	2. Annar kostnaður 175900		
		393 880	
			156 120
IV.	**Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:**		
	a. Tekjur	485 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 85000		
	b. Verðlagsuppbót 170000		
	255000		
	2. Efni 120000		
	3. Annar kostnaður 100000		
		475 000	
			10 000
	Fært á 3. gr. A. 4	. . .	807 720

3. gr.

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I. Tekjur (prentvinna)			2 075 000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna:			
1. Grunnlaun	51332		
2. Verðlagsuppbót	102664		
	153996		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:			
1. Grunnlaun	345000		
2. Verðlagsuppbót	690000		
	1035000		
		1 188 996	
2. Efnivörur		400 000	
3. Vélarekstur og viðhald		60 000	
4. Annar kostnaður		181 004	
5. Fyrning		45 000	
			1 875 000
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	200 000
7. Áburðarsala ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	29072		
2. Verðlagsuppbót	58144		
	87216		
b. Annar kostnaður	232784		
		320 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		320 000	
8. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	43608		
2. Verðlagsuppbót	87216		
	130824		
b. Annar kostnaður	369176		
		500 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		500 000	
9. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			1 295 500
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	103470		
b. Verðlagsuppbót	209940		
		313 410	
2. Vextir		170 000	
3. Fyrning		355 000	
4. Annar kostnaður		397 090	
			1 235 500
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	60 000

3. gr.

		kr.	kr.
	10. Trésmiðja ríkisins.		
I.	Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)		1 060 000
II.	Gjöld:		
	1. Laun starfsmanna:		
	a. Grunnlaun 230000		
	b. Verðlagsuppbót 460000		
		690 000	
	2. Vextir	60 000	
	3. Ýmis kostnaður	235 000	
	4. Fyrning	70 000	
			1 055 000
	Fært á 3. gr. A. 7	. . .	5 000
	11. Tunnuverksmiðjur ríkisins.		
I.	Tekjur		2 559 375
II.	Gjöld:		
	1. Laun stjórnar og fastra starfsmanna	45 000	
	2. Efniskaup (tunnustafir og járn)	1 680 000	
	3. Verkalaun	279 800	
	4. Geymslugjald og flutningur á efni og tunnum í geymsluhús, uppskipun o. fl.	233 700	
	5. Vextir	185 000	
	6. Varasjóðstillag	121 875	
	7. Rafmagn	14 000	
			2 559 375
	12. Olíuflutningaskipið Þyrill.		
I.	Tekjur (farmgjöld)		1 900 000
II.	Gjöld:		
	1. Laun og fæðiskostnaður skipshafnar	695 000	
	2. Eldsneyti	95 000	
	3. Vátryggingar	77 000	
	4. Hafnargjöld, hafnsögugjöld, vatnsgjöld o. fl.	80 000	
	5. Viðhald og endurbætur	200 000	
	6. Annar kostnaður	153 000	
			1 300 000
	Fært á 3. gr. A. 8	. . .	600 000
	13. Innkaupastofnun ríkisins.		
I.	Tekjur af vörusölu		135 000
II.	Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 28600		
	b. Verðlagsuppbót 57200		
		85 800	

3. gr.

	kr.	kr.
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	18 500	
3. Vextir	6 500	
4. Annar kostnaður	20 000	
		130 800
Fært á 3. gr. A. 9	. . .	4 200
14. Ríkisbúið á Bessastöðum.		
I. Tekjur		112 500
II. Gjöld		112 500
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		45 530
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir		963 937
4. Arður af hlutafjáreign		367 070
Samtals ...	. . .	1 556 537

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 1 500 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1949 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		4 370 916
2. Lán í dönskum krónum		184 158
3. Lán í dollurum		1 076 975
4. Lausaskuldir		3 600 000
Samtals ...	. . .	9 232 049

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		382 357
Fálkaorðan		32 000
Samtals ...	. . .	414 357

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		2 300 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	2 315 576

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	90000			
2. Verðlagsuppbót	180000			
		270000		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000			
2. Húsaleiguuppbót	1260			
		4260		
d. Ríkisráð		9000		
			308 260	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	81525			
2. Verðlagsuppbót	163050			
		244575		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	91800			
2. Verðlagsuppbót	183600			
		275400		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	55000			
2. Verðlagsuppbót	110000			
		165000		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	83708			
2. Verðlagsuppbót	167417			
		251125		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:				
1. Grunnlaun	125870			
2. Verðlagsuppbót	251740			
		377610		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	39950			
2. Verðlagsuppbót	79900			
		119850		
f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	21600			
2. Verðlagsuppbót	43200			
		64800		
g. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	137162			
2. Verðlagsuppbót	274325			
		411487		

10. gr.

			kr.	kr.
h. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	40808			
2. Verðlagsuppbót	81617			
		122425		
i. Aðrir starfsmenn, laun:				
1. Grunnlaun	29856			
2. Verðlagsuppbót	59712			
		89568		
j. Annar kostnaður ráðuneytanna		300000		
			2 421 840	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	147595			
2. Verðlagsuppbót	295190			
		442785		
b. Annar kostnaður		30000		
			472 785	
4. Ýmis kostnaður:				
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað)		20000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200			
2. Til pappírs og prentunar (áætlað)	100000			
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	7000			
		108200		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað		30000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046		
			160 246	
II. Hagstofan:				3 363 131
a. Laun:				
1. Grunnlaun		96125		
2. Verðlagsuppbót		192250		
			288 375	
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna			60 000	
c. Prentun eyðublaða			15 000	
d. Húsaleiga, hiti og ljós			30 000	
e. Annar kostnaður			40 000	
				433 375
III. Utanríkismál:				
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum	27000			
b. Laun annarra starfsmanna utan launalaga	7800			
		34800		
c. Risna og staðaruppbót á laun		66100		
d. Annar kostnaður		21300		
			122 200	

10. gr.

			kr.	kr.
2.	**Sendiráðið í Stokkhólmi:**			
	a. Laun sendifulltrúa og annarra starfsmanna	15400		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	13000		
			28400	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		52800	
	d. Annar kostnaður		39100	
				120 300
3.	Sendiráðið í London:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna	41600		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	11100		
			52700	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		167800	
	d. Annar kostnaður		85000	
				305 500
4.	**Sendiráðið í Washington:**			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna	22200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	73300		
			95500	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		203900	
	d. Annar kostnaður		65100	
				364 500
5.	**Sendiráðið í Moskva:**			
	a. Laun sendiráðsritara samkv. launalögum	9600		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	60500		
			70100	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		194300	
	d. Annar kostnaður		135600	
				400 000
6.	**Sendiráðið í París:**			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum	34600		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	10000		
			44600	
	c. Risna og staðaruppbót		176100	
	d. Annar kostnaður		40200	
				260 900
7.	Sendiráðið í Oslo:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum	26400		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	5400		
			31800	

10. gr.

		kr.	kr.
c. Risna og staðaruppbót	83500		
d. Annar kostnaður	19000		
		134 300	
8. Aðalræðismannsskrifstofan í Hamborg:			
a. Laun aðalræðismanns samkv. launalögum (grunnlaun) 10200			
b. Laun starfsfólks utan launalaga 31500			
	41700		
c. Risna aðalræðismanns og staðaruppbót á laun hans	52700		
d. Annar kostnaður	13300		
		107 700	
9. Aðalræðismannsskrifstofan í New-York:			
a. Laun	6000		
b. Staðaruppbót	18500		
c. Annar kostnaður	6800		
		31 300	
10. Ferðakostnaður (áætlað)		75 000	
11. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki		250 000	
12. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum		250 000	
13. Til upplýsingastarfsemi		10 000	
14. Kostnaður vegna kjörræðismanna		5 000	
15. Fyrir frönskukennslu		2 500	
			2 439 200
Samtals ...		. . .	6 235 706

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
	1. Grunnlaun 96600		
	2. Verðlagsuppbót 193200		
		289 800	
	b. Risna dómsforseta	5 500	
	c. Útgáfa hæstaréttardóma	50 000	
	d. Annar kostnaður	55 000	
			400 300
2.	Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 79867		
	2. Verðlagsuppbót 159733		
		239 600	
	b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	30 000	
	c. Annar kostnaður	12 000	
			281 600
3.	Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 83050		
	2. Verðlagsuppbót 166100		
		249 150	
	b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	35 000	
	c. Annar kostnaður	18 000	
			302 150
4.	Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 116675		
	2. Verðlagsuppbót 233350		
		350 025	
	b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	69 500	
	c. Annar kostnaður	181 800	
			601 325
5.	Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 91636		
	2. Verðlagsuppbót 183274		
		274 910	
	b. Aukavinna	47 500	
	c. Ljós, hiti, ræsting, húskostnaður	99 840	
	d. Annar kostnaður	77 500	
			499 750
6.	Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 230100		
	2. Verðlagsuppbót 460200		
		690 300	

11. gr.

			kr.	kr.
b. Skrifstofukostnaður:				
1. Grunnlaun		422350		
2. Verðlagsuppbót		844700		
3. Annar kostnaður		300000		
		1567050		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins		300000		
			1 267 050	
				1 957 350
7. Laun hreppstjóra:				
a. Grunnlaun			160 000	
b. Verðlagsuppbót			320 000	
				480 000
8. Lögreglukostnaður:				
a. Ríkislögregla:				
1. Laun lögregluþjóna:				
a. Grunnlaun	351787			
b. Verðlagsuppbót	703575			
		1055362		
2. Einkennisfatnaður		84600		
3. Tryggingakostnaður		21793		
4. Ríkislögreglan í Reykjavík:				
a. Bifreiðakostnaður	200000			
b. Æfingaskáli lögregluþjóna og gufubaðstofa	23000			
c. Áhöld, námskeiðakostnaður o. fl.	60000			
		283000		
5. Varðstofan í Keflavík:				
a. Bifreiðakostnaður	30000			
b. Húsaleiga, ljós, hiti, ræsting o. fl.	21800			
		51800		
6. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglufirði		80000		
7. Ýmis annar löggæzlukostnaður		45000		
			1 621 555	
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík			475 000	
				2 096 555
9. Til kostnaðar við landhelgisgæzlu				4 780 000
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:				
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	20850			
b. Verðlagsuppbót	41700			
		62550		

11. gr.

			kr.	kr.
2. Annar kostnaður		104000		
		166550		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)				
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar		83275		
			83 275	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	64350			
b. Verðlagsuppbót	128700			
		193050		
2. Annar kostnaður		267500		
		460550		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)				
÷ Tekjur		140000		
			320 550	
c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	7800			
b. Verðlagsuppbót	15600			
		23400		
2. Annar kostnaður		16800		
		40200		
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar		20100		
			20 100	
d. Kostnaður við önnur fangahús			10 000	
				433 925
11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál				200 000
12. Laun sjódómsmanna				25 000
13. Kostnaður við störf setu- og varadómara				50 000
14. Kostnaður við félagsdóm:				
a. Laun félagsdómsmanna:				
1. Grunnlaun		17100		
2. Verðlagsuppbót		34200		
			51 300	
b. Annar kostnaður			2 000	
				53 300
15. a. Laun sáttamanna í vinnudeilum:				
1. Grunnlaun		5750		
2. Verðlagsuppbót		11500		
			17 250	
b. Annar kostnaður			35 000	
				52 250
Samtals A.			. . .	**12 213 505**

11. gr.

		kr.	kr.
	B. Opinbert eftirlit.		
1.	Skipaskoðun ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 76600		
	2. Verðlagsuppbót 153200		
		229 800	
	b. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði (áætlað)	63 000	
	c. Ferðakostnaður	20 000	
	d. Annar kostnaður	31 000	
		343 800	
	÷ Tekjur	343 800	
2.	Eftirlit með verksmiðjum og vélum:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 23400		
	2. Verðlagsuppbót 46800		
		70 200	
	b. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði (áætlað)	18 000	
	c. Ferðakostnaður	15 000	
	d. Annar kostnaður	16 800	
		120 000	
	÷ Tekjur	120 000	
3.	Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 117150		
	2. Verðlagsuppbót 234300		
		351 450	
	b. Annar kostnaður	200 000	
		551 450	
	÷ Tekjur	551 450	
4.	Löggildingarstofan:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 31800		
	2. Verðlagsuppbót 63600		
		95 400	
	b. Annar kostnaður	46 120	
		141 520	
	÷ Tekjur	84 000	
			57 520
5.	Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 68200		
	2. Verðlagsuppbót 136400		
		204 600	

11. gr.

		kr.	kr.
b. Ferðakostnaður við eftirlit		25 000	
c. Mælingarkostnaður, helmingsþátttaka ríkissjóðs		25 000	
d. Annar kostnaður		40 000	
		294 600	
÷ Tekjur		294 600	
6. Matvælaeftirlitið:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	19920		
2. Verðlagsuppbót	39840		
		59 760	
b. Annar kostnaður		90 000	
		149 760	
÷ Tekjur		149 760	
7. Kostnaður við mat á afurðum:			
a. Fiskimat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	88000		
b. Verðlagsuppbót	176000		
	264000		
2. Skrifstofukostnaður	50000		
3. Kostnaður við eftirlit með fiskaðgerð o. fl. samkv. 12. gr. laga um fiskimat frá 5. apríl 1948	8000		
4. Kostnaður við tilraunir við nýjar verkunaraðferðir samkv. 15. gr. sömu laga	10000		
		332 000	
b. Síldarmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	31600		
b. Verðlagsuppbót	63200		
	94800		
2. Annar kostnaður	13500		
		108 300	
c. Laun kjötmatsmanna:			
1. Grunnlaun	3900		
2. Verðlagsuppbót	7800		
		11 700	
d. Laun ullarmatsmanna:			
1. Grunnlaun	6300		
2. Verðlagsuppbót	12600		
		18 900	
e. Laun lýsismatsmanns:			
1. Grunnlaun	3000		
2. Verðlagsuppbót	6000		
		9 000	
f. Ferðakostnaður matsmanna (áætlað)		120 000	
			599 900
8. Kostnaður við vörumerkjaskráningu:			
a. Grunnlaun		2 000	
b. Verðlagsuppbót		4 000	
			6 000

11. gr.

		kr.	kr.
9. Eftirlit með opinberum sjóðum:			
a. Grunnlaun		2 860	
b. Verðlagsuppbót		5 720	
			8 580
10. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	7800		
2. Verðlagsuppbót	15600		
		23 400	
b. Annar kostnaður		31 600	
			55 000
11. Eftirlit með sparisjóðum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	6600		
2. Verðlagsuppbót	13200		
		19 800	
b. Ferðakostnaður		5 000	
			24 800
12. a. Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum		2 601 000	
b. Kostnaður við skömmtunarskrifstofu		895 000	
		3 496 000	
÷ Tekjur		3 496 000	
13. Húsaleigueftirlit:			
a. Laun yfirhúsaleigunefndar:			
1. Grunnlaun	13200		
2. Verðlagsuppbót	26400		
		39 600	
b. Laun húsaleigunefndar Reykjavíkur:			
1. Grunnlaun	34860		
2. Verðlagsuppbót	69720		
		104 580	
c. Annar kostnaður		35 000	
			179 180
14. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir			12 500
Samtals B. ...		. . .	943 480
C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.			
I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	491701		
b. Verðlagsuppbót	983402		
	1475103		
2. Húsaleiga, ljós og hiti	80000		
3. Annar kostnaður	300000		
		1 855 103	

11. gr.

			kr.	kr.
b. Tollgæzla:				
1. Í Reykjavík:				
a. Laun tollgæzlumanna:				
1. Grunnlaun	296594			
2. Verðlagsuppbót	593188			
		889782		
b. Húsaleiga, ljós og hiti		85000		
c. Annar kostnaður		250000		
			1 224 782	
2. Utan Reykjavíkur:				
a. Laun tollgæzlumanna:				
1. Grunnlaun	132300			
2. Verðlagsuppbót	264600			
		396900		
b. Annar kostnaður		100000		
			496 900	
				3 576 785
II. Skattar:				
a. Ríkisskattanefnd:				
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:				
a. Grunnlaun	73520			
b. Verðlagsuppbót	53440			
		126960		
2. Annar kostnaður		23000		
			149 960	
b. Skattstofan í Reykjavík:				
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:				
a. Grunnlaun	201300			
b. Verðlagsuppbót	402600			
		603900		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		100000		
3. Tímavinna		230000		
4. Annar kostnaður		100000		
		1033900		
÷ hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum		344633		
			689 267	
c. Skattstofur utan Reykjavíkur			350 000	
d. Undirskattanefndir			650 000	
e. Yfirskattanefndir			200 000	
f. Laun skattdómara:				
1. Grunnlaun		10200		
2. Verðlagsuppbót		20400		
			30 600	
g. Millimatskostnaður			40 000	
				2 109 827
		Samtals C. ...	. . .	5 686 612

11. gr.

	kr.	kr.
D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Símakostnaður endurgreiddur embættismönnum og opinberum skrifstofum		800 000
2. Burðargjöld		200 000
3. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta		350 000
Samtals D. ...	. . .	1 350 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:			
	a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:			
	1. Grunnlaun	20800		
	2. Verðlagsuppbót	41600		
			62 400	
	b. Annar kostnaður		12 000	
				74 400
II.	Laun héraðslækna:			
	a. Grunnlaun		475 325	
	b. Verðlagsuppbót		950 650	
				1 425 975
III.	Ríkisspítalar:			
	A. Landsspítalinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	606000		
	b. Verðlagsuppbót	1209600		
	c. Hlunnindi	225400		
		2041000		
	÷ Hlunnindi	588000		
			1453000	
	2. Matvörur		880000	
	3. Hjúkrunarkvennaskólinn		68100	
	4. Ljósmæðraskólinn		82500	
	5. Annar kostnaður		1175000	
			3658600	
	÷ Tekjur		2100000	
	Rekstrarhalli			1 558 600
	B. Fæðingardeild Landsspítalans:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	239000		
	b. Verðlagsuppbót	478000		
	c. Hlunnindi	158000		
		875000		
	÷ Hlunnindi	329000		
			546000	
	2. Fæðiskostnaður		440000	
	3. Annar kostnaður		553000	
			1539000	
	÷ Tekjur		895000	
			644000	
	÷ Hluti Reykjavíkurbæjar af rekstrarhalla		429333	
	Rekstrarhalli			214 667

12. gr.

		kr.	kr.
C. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	497000		
b. Verðlagsuppbót	994000		
c. Hlunnindi	20000		
	1511000		
÷ Hlunnindi	482000		
		1029000	
2. Matvörur		1090000	
3. Annar kostnaður		958000	
		3077000	
÷ Tekjur		2007000	
Rekstrarhalli ...			1 070 000
D. Heilsuhælið á Kristnesi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	180000		
b. Verðlagsuppbót	360000		
	540000		
÷ Hlunnindi	110000		
		430000	
2. Matvæli		330000	
3. Annar kostnaður		296500	
		1056500	
÷ Tekjur		665500	
Rekstrarhalli ...			391 000
E. Geðveikrahælið á Kleppi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	623000		
b. Verðlagsuppbót	1246000		
c. Hlunnindi	40000		
	1909000		
÷ Hlunnindi	612000		
		1297000	
2. Matvörur		1060000	
3. Annar kostnaður		919000	
		3276000	
÷ Tekjur		2809000	
Rekstrarhalli ...			467 000
F. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	37000		
b. Verðlagsuppbót	74000		
	111000		
÷ Hlunnindi	30000		
		81000	

12. gr.

		kr.	kr.
2. Matvörur	41000		
3. Annar kostnaður	61000		
Rekstrarhalli		183 000	
G. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	58000		
b. Verðlagsuppbót	116000		
	174000		
÷ Hlunnindi	54000		
	120000		
2. Matvörur	64000		
3. Annar kostnaður	55000		
	239000		
÷ Tekjur	212000		
Rekstrarhalli		27 000	
			3 911 267
IV. Til berklavarna:			
a. Styrkur til berklasjúklinga (áætlað)		3 000 000	
b. Styrkur skv. 19. gr. laga 66/1939		10 000	
c. Laun:			
1. Grunnlaun	30300		
2. Verðlagsuppbót	60600		
		90 900	
d. Annar kostnaður		40 000	
			3 140 900
V. Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (áætlað)			3 350 000
VI. Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa:			
a. Til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, 100 kr. á rúm:			
1. Grunnstyrkur	12900		
2. Verðlagsuppbót	25800		
		38 700	
b. Til sömu sjúkrahúsa og sjúkrahúsanna á Siglufirði og í Vestmannaeyjum:			
1. Grunnstyrkur	40000		
2. Verðlagsuppbót	80000		
		120 000	
Fjárhæð þessi skiptist á milli sjúkrahúsanna í hlutfalli við eðlilegan halla af vist innlendra utansveitarsjúklinga, að mati heilbrigðisstjórnarinnar.			158 700
VII. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að			175 000
Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðvar reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.			

12. gr.

		kr.	kr.
VIII.	Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa		500 000
IX.	Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri		300 000
X.	Til heilbrigðisstofnana í Reykjavík		1 000 000
XI.	Bólusetningarkostnaður		15 000
XII.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 65 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands		2 000
XIII.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 66 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		25 000
XIV.	Styrkur til augnlækningaferða:		
	a. Grunnstyrkur	2 400	
	b. Verðlagsuppbót	4 800	
			7 200
XV.	Laun kynsjúkdómalæknis:		
	a. Grunnlaun	8 370	
	b. Verðlagsuppbót	16 740	
			25 110
XVI.	Til læknisvitjanasjóða samkv. lögum nr. 59 4. júlí 1942		30 000
XVII.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		12 000
XVIII.	Til ýmissa heilbrigðisráðstafana		4 000
XIX.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs:		
	a. Grunnstyrkur	3 870	
	b. Verðlagsuppbót	7 740	
			11 610
XX.	Styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis (áætlað)		20 000
XXI.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra (áætlað):		
	a. Grunnstyrkur	90 000	
	b. Verðlagsuppbót	180 000	
			270 000
	Samtals	. . .	14 008 162

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 198500		
	b. Verðlagsuppbót 397000		
		595 500	
	2. Annar skrifstofukostnaður	125 000	
	3. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga	250 000	
			970 500
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega	7 000 000	
	b. Viðhald	11 000 000	
			18 000 000
III.	Til brúargerða		3 000 000
IV.	Fjallvegir		125 000
V.	Til áhalda:		
	1. Til verkfærakaupa	100 000	
	2. Til kaupa á vegavinnuvélum	200 000	
	3. Til bókasafns verkamanna	6 000	
			306 000
VI.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að	250 000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 102 1933	850 000	
			1 100 000
VII.	Til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti		100 000
VIII.	Til ferjuhalds		20 000
IX.	Til ræktunarvega		50 000
X.	Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi		80 000
XI.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		40 000
XII.	Til verkstjóranámskeiðs, eftir ráðstöfun vegamálastjóra og vitamálastjóra		5 000
XIII.	Til fyrrverandi vegaverkstjóra og til vegaverkstjóraekkna, eftir tillögum vegamálastjóra		14 000
XIV.	Iðgjald til slysatryggingarinnar		160 000
XV.	Gjöld samkv. lögum nr. 16 1943, um orlof verkamanna		400 000
XVI.	Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		7 000
	Samtals A ...	. . .	**24 377 500**
	B. Samgöngur.		
I.	Strandferðir. Skipaútgerð ríkisins:		
	1. Rekstrarhalli á m.s. Esju (áætlað)	581 000	
	2. Rekstrarhalli á m.s. Heklu (áætlað)	225 000	
	3. Rekstrarhalli á m.s. Skjaldbreið (áætlað)	360 000	
	4. Rekstrarhalli á m.s. Herðubreið (áætlað)	360 000	

13. gr.

		kr.	kr.
5.	Hluti strandferðanna af skrifstofukostnaði Skipaútgerðarinnar	400 000	
6.	Eftirlaun	16 000	
7.	Afskriftir skulda	20 000	
			1 962 000
II.	Til flóabáta og vöruflutninga		500 000
	Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1948 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1949 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og Skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt. Eigi skal styrkurinn greiddur að fullu, fyrr en skilríki hafa legið fyrir Skipaútgerð ríkisins um afkomu hlutaðeigandi báta á styrktímabilinu, þeirra er varanlegum samgöngum halda uppi á ákveðnu svæði, svo að sýnt sé, að styrksins hefur verið þörf, eins og hann var ákveðinn.		
III.	Áætlunarbifreiðar á vegum póststjórnarinnar:		
1.	Laun starfsmanna:		
	a. Grunnlaun 380627		
	b. Verðlagsuppbót 761254		
		1 141 881	
2.	Gisti- og fæðiskostnaður bifreiðarstjóra	70 000	
3.	Benzín og olíur	262 000	
4.	Varahlutir, efni og aðkeyptar viðgerðir	725000	
5.	Húsaleiga	50 000	
6.	Skattar og vátrygging	350 000	
7.	Vextir	180 000	
8.	Ýmis kostnaður	119 020	
9.	Fyrning, 16.2% af bifreiðum, 10% af öðru (skemmum, verkfærum o. fl.)	465 000	
		3 362 901	
	— Tekjur af fargjöldum og flutningsgjöldum	3 362 901	
IV.	Ferðaskrifstofa ríkisins:		
1.	Skrifstofukostnaður:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 69000		
	2. Verðlagsuppbót 138000		
	207000		
	b. Aukavinna 25000		
	c. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting 30000		
	d. Annar kostnaður 59000		
		321 000	

		kr.	kr.
2. Landkynning		95 000	
3. Kostnaður á Keflavíkurflugvelli		50 000	
4. Hótel- og bifreiðaeftirlit		12 000	
5. Upplýsingastofa á Akureyri		20 000	
6. Vegna samninga við bifreiðastöð Íslands		15 000	
		513 000	
÷ Tekjur:			
1. Af afgreiðslu bifreiða	150000		
2. Hagnaður af ferðalögum	85000		
3. Af minjagripasölu	55000		
4. Af pakkageymslu	25000		
		315 000	
Anna Þorkelsdóttir	720.00		
Arndís Sigurðardóttir	490.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	490.00		
Áslaug Thorlacius	1500.00		
Ásta Einarson	975.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	490.00		
Ástríður Magnúsdóttir	325.00		
Ástríður Petersen	975.00		
Auður Gísladóttir	831.25		
Auður Jónasdóttir	3000.00		
Bentína Hallgrímsson	2707.50		
Bergljót Blöndal	1140.00		
Björg Einarsdóttir	975.00		
Björg Guðmundsdóttir	650.00		
Björg Jónasdóttir	1140.00		
Camilla Hallgrímsson	747.50		
Dorothea Guðmundsson	1140.00		
Eleanor Sveinbjörnsson	1950.00		
Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir	1023.75		
Elínborg Vigfúsdóttir	650.00		
Elísabet Jónsdóttir	490.00		
Elísabet Sigurðardóttir	587.50		
Ellen Einarsson	6570.00		
Ellen Sveinsson	1622.50		
Emilía P. Briem	2059.52		
Fríða Hlíðdal	5550.00		
Geirlaug Stefánsdóttir	815.00		
Guðbjörg Hermannsdóttir	945.00		
Guðbjörg Kristjánsdóttir	1950.00		
Guðbjörg Ólafsdóttir	490.00		
Guðbjörg Tómasdóttir	975.00		
Guðfinna Þórðardóttir	487.50		
Guðlaug Magnúsdóttir	3245.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Guðný Þorsteinsdóttir	930.00		
Guðríður Eiríksdóttir	815.00		
Guðríður Helgadóttir	1110.00		
Guðríður Ólafsdóttir	915.00		
Guðrún Arinbjarnar	1500.00		
Guðrún Egilson	3245.00		
Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	1625.00		
Guðrún Hermannsdóttir	650.00		
Guðrún Jóhannesdóttir	1790.00		
Guðrún Jónsdóttir	1950.00		
Guðrún P. Jónsdóttir	1950.00		
Guðrún Oddsdóttir	1625.00		
Guðrún Ragúels	490.00		
Guðrún Sveinsdóttir	3126.24		
Guðrún Torfadóttir	1140.00		
Halldóra Ólafsdóttir	1977.66		
Halldóra Þórðardóttir	975.00		
Harriet Jónsson	730.00		
Hedvig Blöndal	490.00		
Helga Finnsdóttir	1950.00		
Helga Jónsdóttir	1140.00		
Helga Skúladóttir	1020.00		
Helga I. Stefánsdóttir	490.00		
Helga Stephensen	500.00		
Hildur Björnsdóttir	1282.00		
Hlín Johnson	2925.00		
Hrefna Ingimarsdóttir	1200.00		
Hrefna Jóhannesdóttir	975.00		
Ingibjörg Jakobsdóttir	600.00		
Ingibjörg Jónasdóttir	1140.00		
Ingibjörg Magnúsdóttir	1140.00		
Ingileif Aðils	650.00		
Ingveldur Einarsdóttir	1140.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	487.50		
Jóhanna Magnúsdóttir	1140.00		
Jóhanna Thorlacius	490.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	1400.00		
Jóney Guðmundsdóttir	975.00		
Júlíana Jónsdóttir	815.00		
Katrín Sveinsdóttir	650.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	975.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	487.50		
Kristín Pálsdóttir	815.00		
Kristín Thorberg	600.00		
Kristín Thoroddsen	600.00		
Kristín Þórarinsdóttir	975.00		
Kristjana Benediktsdóttir	650.00		
Kristólína Kragh	650.00		
Lára Bjarnadóttir	650.00		
Laufey Vilhjálmsdóttir	3870.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Líney Sigurjónsdóttir	1465.00		
Lydia Lúðvíksdóttir	947.50		
Magdalena Ásgeirsdóttir	200.00		
Magnea Ásgeirsson	325.00		
Margrét Árnadóttir	975.00		
Margrét Ásmundsdóttir	650.00		
Margrét Björnsdóttir	1950.00		
Margrét Jónasdóttir	1140.00		
Margrét Jónsdóttir	490.00		
Margrét Lárusdóttir	1500.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	650.00		
Margrét Vigfúsdóttir	490.00		
Margrét Þórðardóttir	975.00		
Margrethe Kaldalóns	4565.00		
María Guðlaugsson	1200.00		
María J. Klemenz	490.00		
Marta Þórarinsdóttir	815.00		
Nielsína Ólafsdóttir	975.00		
Ólafía Finnbogadóttir	325.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	1140.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	1625.00		
Ólöf Steingrímsdóttir	815.00		
Petrea Jónsdóttir	490.00		
Ragnheiður Bjarnadóttir	1625.00		
Ragnheiður Jónasdóttir	3000.00		
Ragnheiður Jónasson	1300.00		
Ragnheiður Straumfjörð	490.00		
Ragnheiður Torfadóttir	650.00		
Rannveig Tómasdóttir	975.00		
Rigmor Ófeigsson	1300.00		
Rósa Jónsdóttir	325.00		
Sesselja Eiríksdóttir	490.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	1300.00		
Sigríður Finnbogadóttir	1300.00		
Sigríður Fjeldsted	975.00		
Sigríður Gísladóttir	490.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	490.00		
Sigríður Hansdóttir	1275.00		
Sigríður H. Jensson	1300.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	2450.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	815.00		
Sigríður Kjartansdóttir	1950.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	815.00		
Sigríður Snæbjörnssen	1140.00		
Sigríður Steingrímsdóttir	325.00		
Sigrún Bjarnason	975.00		
Sigrún Kjartansdóttir	1140.00		
Sigurbjörg Bogadóttir	1140.00		
Sigurbjörg Guðmundsdóttir	325.00		
Sigurlaug G. Gröndal	650.00		
Soffía Hjaltested	975.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Sólveig Árnadóttir	490.00		
Sólveig Eggerz	4132.50		
Stefanía Hjaltested	815.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	863.75		
Steinunn Oddsdóttir	815.00		
Steinunn E. Stephensen	975.00		
Súsanna Friðriksdóttir	815.00		
Theódóra Thoroddsen	1950.00		
Unnur Skúladóttir	1625.00		
Valborg Einarsson	1625.00		
Valgerður Benediktsson	3870.00		
Valgerður Sveinsdóttir	1140.00		
Vigdís G. Blöndal	815.00		
Viktoría Bjarnadóttir	245.00		
Vilborg Torfadóttir	490.00		
Þóra Gísladóttir	1465.00		
Þóra Sigurðardóttir	490.00		
Þóra Skaptason	490.00		
Þorbjörg Pálsdóttir	650.00		
Þórdís Claessen	4321.33		
Þórdís Ívarsdóttir	325.00		
Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	975.00		
Þórunn Hafstein	650.00		
Þórunn Pálsdóttir	1625.00		
Þórunn Sigurðardóttir	490.00		
Þórunn Þórðardóttir	300.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	600.00		
Þuríður Benediktsdóttir	1630.00		
	208677.00		
Verðlagsuppbót ...	417354.00		
		626 031	
c. Barnastyrkir:			
1. Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1/7 1924, sjúklingur	490.00		
2. Barn Snorra sál. Halldórssonar, héraðslæknis, Egill Snorrason, f. 2/8 1936	490.00		
3. Barn Guðna sál. Hjörleifssonar, héraðslæknis, Guðni Ólafur Guðnason, f. 2/9 1936	490.00		
4. Barn séra Þorsteins sál. Kristjánssonar, Helgi Þorsteinsson, f. 1/8 1936	490.00		
5. Barn séra Jóns sál. Jakobssonar: Jakob Jónsson, f. 2/12 1936	490.00		
6. Börn Bergsveins sál. Haraldssonar kennara:			
a. Auður Bergsveinsdóttir, f. 2/8 1936	490.00		
c. Bergljót Bergsveinsdóttir,. f 5/1 1942	490.00		

18. gr.

		kr.	kr.
7. Börn séra Sigurðar sál. Gíslasonar:			
a. Jónas Sigurðsson, f. 2⅔ 1935	490.00		
b. Gunnar Sigurðsson, f. 2⅝ 1939 ..	490.00		
	4410.00		
Verðlagsuppbót ...	8820.00		
		13 230	
			1 751 865
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8 gr. l. 102/1943 (áætlað)			3 750 000
IV. Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglug. 155/1944, sbr. reglug. 87/1945 og 4. gr. reglug. 88/1945 (áætlað)			300 000
V. Verðlagsuppbót og aukauppbót á lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði embættismanna og lífeyrissjóði barnakennara (áætlað)			200 000
Samtals ...		. . .	6 487 865

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana		33 500 000
2. Til óvissra útgjalda		500 000
Samtals ...	. . .	34 000 000

III. KAFLI
Eignahreyfingar.
20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	900 000	
2. — 11. — A.	15 000	
3. — 12. —	90 000	
4. — 13. — B.	300 000	
5. — 13. — C.	300 000	
6. — 13. — D.	300 000	
7. — 15. — B.	50 000	
8. — 16. — A.	65 000	
9. — 16. — D.	330 000	
		2 350 000
II. Væntanlega utdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
Samtals ...	. . .	2 510 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán 17285506		
b. Lán í dönskum krónum 398299	17 683 805	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Landssíminn (3. gr. A. 2)	750 000	
		18 433 805
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað)		4 000 000
III. Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2)		2 750 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins (3. gr. B.)		200 000
V. Til byggingar varðskipa		2 200 000
VI. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana (12.gr.III.)	1 000 000	
2. Til byggingar fávitahælis (12. gr. III.)	500 000	
		1 500 000

20. gr.

		kr.	kr.
VII.	1. Til byggingar nýrra vita (13. gr. C.)	700 000	
	2. Til byggingar vitavarðarbústaða	250 000	
			950 000
VIII.	Til flugvallagerða og lendingarbóta fyrir flugvélar (13. gr. D.)		2 500 000
IX.	1. Til lúkningar bygginga á tilraunastöðinni á Keldum, 2. greiðsla af 3 (14. gr. B. I.)	200 000	
	2. Til byggingar heimavistarskólahúss við Menntaskólann á Akureyri (14. gr. B. V.)	400 000	
	3. Til byggingar sjómannaskólahússins (14. gr. B. IX.)	500 000	
	4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum (14. gr. B. X.)	50 000	
	5. Stofnkostnaður vegna rafveitu á Hvanneyri (14. gr. B. X.)	100 000	
	6. Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölfusi (14. gr. B. X.)	50 000	
			1 300 000
X.	Til byggingar þjóðminjasafns		500 000
XI.	Til bygginga á tilraunabúinu á Reykhólum (16. gr. A. 6.)		100 000
XII.	Til bygginga á prestssetrum		500 000
XIII.	Til útihúsa á prestssetrum		200 000
XIV.	Til byggingar farþegaskýlis vegna tolleftirlits		90 000
XV.	Til byggingar sýslumannabústaða		500 000
	Samtals ...	. . .	35 723 805

21. gr

I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		191 900 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		68 641 082
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 556 537
5. gr.	Óvissar tekjur		1 500 000
	Samtals ...	. . .	263 607 619

II. Sjóðs

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	263 607 619
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	2 350 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Samtals ...	266 117 619

firlit.

irlit. 21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		9 232 049
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		414 357
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		2 315 576
0. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		6 235 706
1. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	12 213 505	
—	B.	Opinbert eftirlit	943 480	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	5 686 612	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	1 350 000	20 193 597
2. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		14 008 162
3. gr.	A.	Vegamál	24 377 500	
—	B.	Samgöngur á sjó	2 462 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	7 075 000	
—	D.	Flugmál	2 238 698	36 153 198
4. gr.	A.	Kirkjumál	3 357 650	
—	B.	Kennslumál	31 870 689	35 228 339
5. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 650 225	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	3 688 347	6 338 572
6. gr.	A.	Landbúnaðarmál	22 021 985	
—	B.	Sjávarútvegsmál	1 356 350	
—	C.	Iðnaðarmál	651 220	
—	D.	Raforkumál	4 700 000	28 729 555
7. gr.		Til félagsmála		26 484 090
8. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		6 487 865
9. gr.		Óviss útgjöld		34 000 000
		Rekstrarafgangur		37 786 553
		Samtals ...	. . .	263 607 619

irlit.

		Út:	kr.
—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	225 821 066
		Aðrar útborganir:	
). gr.		Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	35 723 805
		Greiðslujöfnuður ...	4 572 748
		Samtals ...	266 117 619

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
III. Að greiða Jóni Guðmundssyni skrifstofustjóra biðlaun árið 1950.
IV. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1947 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
V. Að greiða skipasmíðastöðvum þeim, sem hafa smíðað báta fyrir ríkissjóð, uppbætur vegna taps á smíðinni, er nemi allt að 25 þús. kr. á minni tegund bátanna, en allt að 30 þús. kr. á þá stærri.
VI. Að lána eða ábyrgjast lán fyrir allt að 3 milljónum króna til að fullgera hraðfrystihús, sem hefur verið ætlað stofnlán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, en ekki hafa fengið þessi lán vegna fjárskorts stofnlánadeildarinnar.
VII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af húsbúnaði og áhöldum handa barnaheimili Rauðakross Íslands í Laugarási.
VIII. Að afskrifa skuld Rauðakross Íslands vegna kaupa á skálum af sölunefnd setuliðseigna kr. 111 500.00.
IX. Að taka lán til framkvæmdar lögum um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra (fjárskipti), allt að 6 millj. kr.
X. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1949 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 2. gr.

1. Álagður tekju- og eignarskattur ásamt tekjuskattsviðauka nemur í ár 52,6 millj. kr., og má ætla samkvæmt venju, að þessar tekjur verði eftir breytingar yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar ca. 47 millj. króna. Áberandi er hversu skattar af hátekjum hafa farið minnkandi síðari ár, sem mun standa í sambandi við erfiða afkomu sjávarútvegsins og minnkandi tekjur af verzlun vegna innflutningsörðugleika og strangara verðlagseftirlits; má búast við, að framhald verði á þessu ástandi á næsta ári. Hins vegar hefur kaupgjald hækkað í mörgum atvinnugreinum og starfsmönnum ríkisins verið greidd launauppbót á þessu ári, þannig að ganga má út frá, að bruttótekjur almennings hafi yfirleitt aukizt á árinu. Af þessari ástæðu og með hliðsjón af álögðum tekju- og eignarskatti svo og tekjuskattsauka í ár hefur þótt fært að áætla þennan lið fjárlaga 40 millj. króna, eins og á núgildandi fjárlögum.

2. Álagður stríðsgróðaskattur varð hinsvegar ekki nema 4,8 millj. kr. alls, og stendur þetta í sambandi við minnkandi hátekjur, eins og fyrr greinir. Hefur því

ekki þótt varlegt að gera ráð fyrir, að ríkissjóðshlutinn verði meiri en 2 millj. króna á næsta ári.

3. Vörumagnstollur er áætlaður 23 millj. króna eins og í ár. Var innheimt af þessum tekjum í októberlok 19,6 millj. króna og má gera ráð fyrir, að hann standist áætlun í ár, þrátt fyrir að innflutningur hefur orðið allmiklu minni það sem af er árinu en fjárhagsráð hafði áætlað þegar þessa árs fjárlög voru samin. Sýnist ekki ástæða til að áætla þennan tekjulið lægri en gert var á síðustu fjárlögum.

4. Öðru máli gegnir um verðtollinn. Af 64 millj. króna, sem fjárlögin gera ráð fyrir, voru aðeins innheimtar 42 millj. kr. í októberlok. Er nú þegar séð, að allmikið komi til að vanta upp á að áætlun fjárlaga verði náð. Er þetta bein afleiðing af því, að mjög hefur dregið úr innflutningi seinni hluta ársins, þeirra vara, sem hæstur verðtollur er á, svo sem vefnaðarvöru o. fl., sökum þess, að fjárhagsráð hefur lagt megináherzlu á innflutning á öðrum vörum en verðtollsháum vörum. Þar sem búast má við, að sækja muni í sama horf á næsta ári, hefur ekki þótt rétt að gera ráð fyrir meiru en 58 millj. króna tekjum af verðtolli á næsta ári, og er þá ráðuneytinu ljóst, að hér kann að vera of ríflega áætlað enn.

5. Innflutningsgjald af benzíni var orðið 6 millj. kr. í októberlok, en ekki ástæða til að ætla, að þessi liður standist ekki áætlun eða því sem næst, vegna þess að þriggja mánaða gjaldfrestur er á greiðslu innflutningsgjaldsins. Hefur liðurinn verið áætlaður hinn sami og í fyrra, 9,5 millj. króna, sem ætti að vera öruggt þar sem innflutningur benzíns fer stöðugt vaxandi vegna stöðugt aukins innflutnings bifreiða og annarra véla, sem knúin eru með benzíni.

6. Gjald af innlendum tollvörum var orðið 4,9 millj. króna í októberlok. Var áætlað 5 millj. króna og mun því fara allverulega fram úr áætlun. Ekki virðist ógætilegt að gera ráð fyrir 6 millj. kr. tekjum af þessum lið á næsta ári, eins og tekið er í frumvarpið, enda er þá gengið út frá, að framlengd verði tollhækkun sú á innlendum framleiðsluvörum, sem samþykkt var á síðasta þingi.

7. og 8. Fasteignaskattur er áætlaður 100 þús. kr. hærri en áður, en lestagjaldið óbreytt.

9. Bifreiðum fer stöðugt fjölgandi í landinu og hefur verið talið óhætt að áætla þennan lið 4,5 millj. kr. eða einni millj. kr. hærri en á þessa árs fjárlögum.

10.—14. Allir þessir liðir eru teknir upp í frv. óbreyttir frá núgildandi fjárlögum. Munu þeir standast áætlun í ár, en ekki er sjáanlegt, að þeir fari fram úr áætlun svo nokkru nemi.

15. Veitingaskattur hefur aukizt ár frá ári, og má búast við aukningu á næsta ári, bæði vegna fjölgunar veitingastaða og yfirleitt hækkandi verðlags á þeim vörum, sem þessi skattur greiðist af, og er því áætlaður 1 millj. kr. hærri en á þessa árs fjárlögum.

17. Í athugasemd við 19. gr. fjárl. er gerð grein fyrir mikilli lækkun á framlögum til dýrtíðarráðstafana. Í samræmi við það er ekki gert ráð fyrir að framlengdir verði tekjustofnar samkvæmt dýrtíðarlögunum, nema söluskatturinn, sem óhjákvæmilegt er að halda óbreyttum næsta ár til þess að hægt verði að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Útlit er fyrir, að söluskatturinn nái áætlunarupphæð í ár, og má búast við sömu niðurstöðu á næsta ári. Er því liðurinn tekinn upp óbreyttur.

Verði hins vegar haldið áfram að greiða verðuppbætur á útfluttar vörur á næsta ári, er það Alþingis að sjá um framlenging á þessum tekjum eða öðrum í þeirra stað til að standast þau útgjöld.

Um 3. gr.

1. *Pósturinn* hefur verið rekinn með tapi undanfarin ár. Ekki er við það hlítandi framvegis og nú gert ráð fyrir, að tekjur og gjöld standist á. Verður greiðslujöfnuði ekki náð nema með hækkuðum póstgjöldum, enda hefur ein slík hækkun nýlega farið fram.

2. *Landssíminn.* Farið hefur verið að miklu leyti eftir tillögum póst- og síma-

málastjóra, þó hefur ekki verið talið fært að hækka framlag til notendasíma í sveitum frá því, sem er á þ. á. fjárlögum, og einnig hefur verið fylgt sömu reglu og á núgildandi fjárlögum að telja stofngjöld vegna bæjarsímans í Reykjavík með á rekstraryfirliti í stað þess að færa þau á eignahreyfingar.

Framlag til talstöðva í skip hefur verið lækkað úr 300 þús. kr. í 150 þús. kr. og til loftskeytastöðva í skip úr 200 þús. kr. í 100 þús. kr. Ekki hefur verði talið fært að leggja nokkuð til nýrra landsímalína í þetta sinn og ekki heldur fé til byggingar langbylgjustöðvar.

3. *Áfengisverzlun ríkisins.* Laun hækka um ca. 54 000 kr. Stafar hækkunin af aldurshækkunum 24 þús. kr. og mismun á launum nýrra manna, sem ráðnir hafa verið, og launum þeirra, sem látið hafa af störfum, 30 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að nettótekjur verði rúmar 44 millj. kr., og er við þá áætlun stuðzt við afkomu fyrirtækisins í ár.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins.* Brúttótekjur eru áætlaðar nálega sömu og á gildandi fjárlögum. Laun óbreytt. Annar kostnaður hefur verið áætlaður 44 þús. kr. lægri en gert er ráð fyrir í áætlun forstjóra.

5. Þessar breytingar hafa verið gerðar á áætlun útvarpsstjóra: Útvarpsefni lækkað úr 1 310 000 kr. í eina millj. kr. og er það í samræmi við kostnað þennan eins og hann varð 1948. Skrifstofukostnaður er áætlaður sami og í fyrra, 325 000 kr. Til hleðslustöðva 150 000 kr. Söluskattur falli niður, þar sem hann ber að leggja á viðskiptamenn útvarpsins. Bifreiðakostnaður þykir hæfilega áætlaður 35 000 kr.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Gert er ráð fyrir sama tekjuafgangi og áður. Hefur reynslan sýnt, að treysta má mjög áætlun forstjóra prentsmiðjunnar.

9. Nokkur hagnaður varð á rekstri Landssmiðjunnar árið 1948, og má vænta, að þessi áætlun muni standast.

10. *Trésmiðja ríkisins.* Hagnaður varð á rekstri fyrirtækisins árið 1948 ca. 13 000 kr. Ætla má, að áætlun sú, sem gerð hefur verið fyrir árið 1950, sé nær sanni.

11. *Tunnuverksmiðja ríkisins.* Fylgt hefur verið áætlun stjórnar verksmiðjunnar.

12. *Olíuflutningaskipið Þyrill.* Hagnaður varð á útgerð skipsins 1948 tæpar 800 þús. kr. Er þess að vænta, að áætlun sú, er gerð hefur verið um afkomuna 1950, standist.

13. *Innkaupastofnun ríkisins* er ný stofnun, sem rétt er að taka inn á fjárlög. Lítil reynsla er fengin um afkomu slíkrar stofnunar, en ef allt fer með felldu, á hún ekki að verða fjárhagsleg byrði á ríkissjóði, en ekki heldur neitt gróðafyrirtæki, nema þá óbeinlínis, með því að gera hagkvæmari innkaup á nauðsynjum ríkisins og ríkisstofnana en annars væri hægt að fá.

Um 4. gr.

Verðbréfaeign ríkissjóðs er þessi:

1. Veðdeildarbréf Landsbankans, sem eru að veði fyrir dönskum lánum ríkissjóðs, er á sínum tíma voru tekin til bankavaxtabréfakaupa. Þau eru í árslok 1948 að eftirstöðvum kr. 1 180 500.00, en nú, eftir innlausn útdreginna bréfa pr. 1. jan. 1949 kr. 1 123 500.00. Af því eru 5% bréf kr. 212 000.00 og 4% bréf kr. 911 500.00. Vaxtatekjur af þeim 1. jan 1950 eiga að nema kr 23 530.00, en 1. júlí nokkru lægri fjárhæð, sem áætlast kr. 22 000.00. Vextir af veðdeildarbréfunum áætlast því kr. 45 530.00 á árinu 1950.
2. Stofnlán Landsbankans og vextir af því er óbreytt.
3. Aðrir vextir:

   Eignakönnunarbréfin eru seld Landsbankanum. Andvirði þeirra hefur verið lagt inn í sérstakan hlaupareikning í Landsbankanum, sem ber sömu vexti sem meðaltalsvextir voru af fyrrgreindum verðbréfum, sem ríkissjóður eignaðist

vegna eignakönnunarinnar. Innstæðan á hlaupareikningnum og vextirnir af henni eiga að renna til Rætkunarsjóðs.

Á árinu 1948 voru Ræktunarsjóði Íslands lánaðar kr. 2.5 millj., og eru eftirstöðvar af því í ársbyrjun 1950 kr. 2 375 000.00, vextir 1.5% = kr. 35 625.00; skv. lögum ber að lána Ræktunarsjóði kr. 2.5 millj. á árinu 1949, og eru vextir af því 1.5% = kr. 37 500.00.

4. Hlutabréf í h/f Íslenzk endurtrygging að fjárhæð ..... kr. 1 850 000.00

Arður af þeim áætlast 5%	—	92 500.00
Önnur hlutafjáreign:		
Útvegsbanki Íslands h/f, kr. 6 414 250.00, vextir áætlaðir 4% ..	—	256 570.00
Eimskipafélag Íslands h/f, kr. 100 000.00, vextir áætlaðir 4% .	—	4 000.00
Skallagrímur h/f, kr. 275 000.00, vextir áætlaðir 4%	—	11 000.00
Raftækjaverksmiðja Hafnarfjarðar h/f, kr. 50 000.00, vextir áætlaðir 6%	—	3 000.00
	Kr.	367 070.00

Árið 1948 voru Reykjavíkurbæ lánaðar kr. 4 725 000.00 vegna opinberrar aðstoðar við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, sbr. 31. gr. laga nr. 44 7. maí 1946. Vextir eru 3% p. a. = kr. 141 750.00. (Auk þess 630 þús. kr. vaxtalaust lán, sbr. sömu lög.)

Á sama ári voru Ísafjarðarkaupstað lánaðar kr. 200 000.00 í sama skyni. Vaxtatekjur kr. 6 000.00.

Af skuld við ríkissjóð vegna bátabygginga innanlands reiknast 4% vextir. Skuldin nam rúmum 7 millj. kr. í árslok 1948, en greiðist væntanlega nokkuð niður. Eru vextir af henni áætlaðir kr. 250 000.00 1950.

Vextir af fé því, sem innheimtumenn ríkissjóðs geyma í bönkum, áætlast kr. 100 000.00, aðrir vextir kr. 50 000.00.

Árið 1948 voru Byggingarsjóði lánaðar kr. 4 899 785.70, og eru eftirstöðvar af því í ársbyrjun 1950 kr. 4 797 000.00, en af láninu reiknast engir vextir.

Af dollaraláni því, sem tekið var 1948 (Marshallláni), hefur verið lánað aftur úr ríkissjóði 1 465 295.24 dollarar. Vextir af því fé eru 2½%, og má því áætla vaxtagreiðslur af því 36 632.38 dollara á árinu 1950 eða kr. 343 062.24.

GJALDABÁLKURINN

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1950 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I.1,a) Kr.	
650.00	2.600.00	Lán vegna kaupa á Reykjatorfu.
501.36	4 177.94	Lán vegna kaupa á húseigninni „Gimli“.
643.50	5 850.00	Lán vegna kaupa á húseigninni Austurstræti 20.
7 465.27	8 483.44	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
550.00	1 000.00	Lán vegna kaupa á Skálholti.
	8 666.66	Lán vegna Skeiðaáveitu.
25 712.50	42 500.00	Innanríkislán 1938.
1 040.00	3 466.67	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1.
1 883.41	5 231.59	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
48 334.38	70 450.00	Innanríkislán 1940.

306 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
40 250.00	570 000.00	Innanríkislán 1944.
147 000.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
	1 000 000.00	Lán til styrktar síldarútveginum 1945.
1 800.00	25 000.00	Lán vegna kaupa á landeignum í Hveragerði.
184 000.00	1 000.000.00	Lán til styrktar síldarútveginum 1947.
ca. 108 000.00	ca. 800 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
100 000.00	1 600 000.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna laga um landnám, nýbyggðir o. fl.
86 056.80	374 160.00	Af eignakönnunarbréfum.
9 600.00	30 000.00	Lán hjá Helga Tryggvasyni v/ kaupa á blaðasafni.
4 884 00	24 420.00	Lán vegna kaupa á búi Kvenfélagsins Hringurinn í Kópavogi.
750 000.00		Happdrættislán, A-flokkur.
750 000.00		Happdrættislán, B-flokkur.
840 000.00	7 600.000.00	Fiskábyrgðir.
418 000.00	400 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands v/ skipaútgerðar ríkisins. (L. nr. 90/1945.)
2 750.00	50 000.00	Lán hjá barnauppeldissjóði Thorvaldsensfélagsins, Rvík, v/ byggingarkostnaðar á Keldum.
17 500.00	150 000.00	Lán hjá byggingarsjóði ríkisútvarpsins v/ byggingarkostnaðar á Keldum.
150 000.00	1 000.000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins.
82 500.00	300 000.00	Lán til greiðslu á skuld síldarverksmiðja ríkisins við Eimskipafélag Íslands v/ síldarflutninga veturinn 1947—'48.
8 750.00	87 500.00	Lán v/ flutnings á tilraunastöðinni á Hafursá til Skriðuklausturs.
187 645.00	812 000.00	Lán til byggingar landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum.
89 400.00	460 000.00	Lán til byggingar þjóðminjasafnshúss.
4 370 916.22	17 285 506.30	

II. Erlend lán:

Vextir: (7. gr. 2.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I.1,b) Kr.	
2 873.71	4 626.29	Forsörgelsesforeningen Bicuben, Köbenhavn, (til Vífilsstaðahælis 1909).
29 756.28	100 243.72	Statsanstalten for Livsforsikring, Köbenhavn, (til veðdeildarbréfakaupa).
8 310.74	24 997.26	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia", Köbenhavn, 1927.
47 449.72	81 964.28	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia", Köbenhavn, 1927.
47 449.72	81 964.28	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Köbenhavn, 1927.
135 840.17	293 795.83	danskar krónur eða
184 158.52	398 299.00	íslenzkar krónur.
1 076 975.00 ($ 115 000.00)		Export-Import Bank, Washington, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl. 1948.

Vextir af innlendum lánum hafa hækkað vegna þess, að lántökur innanlands hafa aukizt, eins og sjá má af samanburði við athugasemdir við fjárlagafrumvarpið 1949.

Um 8. gr.

Tillögur forsætisráðuneytisins hafa verið teknar óbreyttar upp í frumvarpið. Kostnað við fálkaorðuna telur ráðuneytið rétt að hafa á þessari grein.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður óbreyttur frá núgildandi fjárlögum.

Um 10. gr.

I. Kostnaður við ráðuneytin hækkar vegna aldurshækkana á launum og fjölgun starfsmanna vegna aukinna starfa.

II. *Hagstofa Íslands.* Laun hækka alls um kr. 14 200.00 vegna aldurshækkana og meiri aukavinnu, aðallega vegna sumarleyfa starfsfólks. Prentun eyðublaða er áætluð 15 000 kr. eða 9 000 kr. hærra en á núgildandi fjárlögum, en búizt er við, að eyðublaðakostnaður vegna manntalsins, sem á að fara fram á næsta ári, muni nema þeirri fjárhæð. Annar kostnaður er áætlaður 40 000 kr. þar af 30 000 kr. í leigu fyrir hinar nýju skýrslugerðarvélar, og er þá miðað við hið hækkaða gengi á dollar.

III. 1. a. Liðurinn hækkar um 2 400 kr. sökum launahækkunar starfsmanna sendiráðsins, vegna vaxandi dýrtíðar í Danmörku. Annar kostnaður lækkar hins vegar um 1 800 kr. þannig, að heildarhækkun á þessum lið er 600 kr.

2. Laun og staðaruppbót er samanlagt 10 000 kr. lægra en á núgildandi fjárlögum vegna misritunar í fyrra. Hins vegar er gert ráð fyrir, að annar kostnaður hækki um 8 000 kr. þannig, að heildarhækkun er 2 000 kr.

3. Alls hækka laun og staðaruppbót um 28 000 kr. vegna 10% launahækkunar starfsfólksins og 5 000 kr. aukauppbótar á laun sendiherra fyrir aukinn kostnað vegna dvalar á gistihúsum langtímum saman. Enn fremur hefur verið bætt við einni skrifstofustúlku enskri og eru laun hennar 1600 kr. Annar kostnaður hækkar um 17 000 kr. aðallega vegna þess, að sendiráðið hefur flutt í eigið húsnæði, sem hefur í för með sér aukinn kostnað við ljós og hita, viðhald og hreingerning. Símakostnaður hækkar einnig nokkuð. Alls nemur hækkunin á þessum lið kr. 42 000.00.

4. Þessi liður hækkar um kr. 144 300.00, aðallega vegna hækkunar á gengi dollars gagnvart ísl. kr. Auk þess hafa laun sendiherra verið hækkuð úr 1000 dollurum á mánuði upp í 1500 dollara og annar kostnaður hækkar um 700 kr.

5. Laun eru óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 31 500 kr. aðallega fyrir hækkaða húsaleigu og ljós og hitakostnað. Mestu munar þó um hækkun á heildarkostnaðinum fyrir gengisfellingu ísl. kr. gagnvart dollar. Alls nemur hækkun frá f. ári kr. 153 700.00.

6. Heildarhækkun á þessum lið er kr. 5 700.00. Er gerð ýtarleg grein fyrir þessari hækkun í skýrslu utanríkisráðuneytisins.

7. Alls nemur hækkun á þessum lið 17 000 kr. Þar af 15 300 kr. launahækkun, eins og nánari grein er gerð fyrir í skýrslu utanríkisráðuneytisins. Annar kostnaður hækkar um 1700 kr.

8. Hækkun á þessum lið nemur 7 700 kr. meðal annars vegna aukins starfsliðs, þar sem búast má við, að störfin á þessari skrifstofu aukist allverulega á næsta ári.

9. Grunnkostnaður við þessa skrifstofu lækkar um 500 kr., en vegna gengisbreytingar verður alls hækkun frá f. ári um 7 800 kr.

Um 11. gr. A.

1. Fjárlagaáætlun fyrir 1950 er kr. 5 000.00 hærri en áætlunin fyrir árið 1949. Stafar það af því, að annar kostnaður er áætlaður hærri, er nemur þeirri fjárhæð, aðallega vegna hækkunar á launum ræstingarkvenna.

2. Fjárlagaáætlun fyrir 1950 er kr. 4 550.00 hærri en áætlunin fyrir árið 1949. Stafar þessi hækkun af hækkuðum grunnlaunum samkvæmt launalögum.

3. Fjárlagaáætlun fyrir árið 1950 er kr. 9 900.00 hærri en áætlunin fyrir árið 1949. Stafar þessi hækkun af því, að launagreiðslur hækka um kr. 4 900.00 samkvæmt launalögum, og húsnæði, ljós og ræsting hækkar kr. 5 000.00.

4. Launagreiðslur samkvæmt fjárlagaáætlun 1950 hækka um kr. 4 459.35 frá fyrra árs áætlun og stafar þessi mismunur af aldurshækkunum.

Mismunur á heildaráætlunum áranna 1950 og 1949 nemur kr. 78 197.84. Fyrir utan aldurshækkanirnar stafar mismunur þessi af því, að bifreiðakostnaður, að fjárhæð kr. 61 000.00, er nú í fyrsta skipti felldur inn í áætlunina. Enn fremur er húsaleiga, ljós, hiti og ræsting nú áætluð kr. 1 664.40 hærra en í fyrra og ýmis gjöld kr. 11 074.06 hærri.

5. Heildaráætlun skrifstofukostnaðar er kr. 17 533.96 lægri 1950 en 1949, sem stafar af því, að benzínskömmtun hefur verið lögð niður. Launagreiðslur hækka hins vegar um kr. 7 800.20 vegna aldursuppbóta og kostnaðar við útlendingaeftirlit hækkar um kr. 8500.00.

6. Samkvæmt tillögum dómsmálaráðuneytisins er þessi liður óbreyttur frá núgildandi fjárlögum, með því að sáralitlar breytingar muni verða á næsta ári frá því, sem nú er.

8. Lögreglukostnaður. Laun hækka alls um 13 411 kr. aðallega vegna aldurshækkana. Aðrir liðir eru áætlaðir ýmist eins eða lítið eitt hærri eða lægri en á gildandi fjárlögum. Liðurinn, aukavinna, á áætlun lögreglustjóra er felldur niður, sömuleiðis fæðiskostnaður lögreglumanna á Keflavíkurflugvelli, þar sem í ráði er að taka upp aðra skipan þessara mála.

9. Farið hefur verið eftir tillögum forstjóra skipaútgerðarinnar og mun sízt veita af því fé, sem áætlað er 4 780.00 þús. kr., ef ekki á að draga úr þeirri landhelgisgæzlu, sem haldið hefur verið uppi að þessu.

10. a. Áætlun 1950 er kr. 22 019.50 hærri en áætlun 1949. Launagreiðslur eru áætlaðar kr. 4 275.00 hærri vegna aldurshækkana. Matvörukaup eru áætluð kr. 15 000.00 hærri, húsgagna- og áhaldakaup kr. 7 500.00 hærri, með tilliti til þess, að fangaklefum fjölgar við þær breytingar, sem verið er að gera á húsinu.

10 b. Heildarkostnaður hækkar um rúmar 50 000.00 kr. bæði vegna lægri tekjuáætlunar en áður var og vegna þess að áður hafði láðst að áætla kostnað við helgidagavaktir og sumarleyfi.

10 c. Áætlunin fyrir 1950 er svo til óbreytt frá núgildandi fjárlögum.

14. Lagt er til, að fjárveiting standi óbreytt, nema kostnaður við útgáfu dómasafns falli niður þ. á.

15. Laun sáttamanna í vinnudeilum eru einnig áætluð óbreytt frá fyrra ári.

Um 11. gr. B.

1. Áætlun er óbreytt að öðru leyti en því, að laun hækka um 3 600 kr., sem er launamismunur á vélfræðingi, sem í ráði er að fá til starfsins á næsta ári í stað annars manns, sem lætur af störfum.

2. Tekjur eru áætlaðar 120 000 kr. og er búizt við, að þessi stofnun beri sig eins og að undanförnu. Ferðakostnaður óbreyttur, 15 000 kr. Ýms útgjöld áætluð 16 800 kr. samkvæmt tillögum vélaskoðunarstjóra.

3. Laun hafa hækkað um 2 250 kr. alls. Annar kostnaður áætlaður hinn sami og s. l. ár.

4. Laun sömu og áður, en annar kostnaður hækkar um kr. 6 120.00. Tekjur áætlaðar 84 000 kr. eða 16 000 kr. lægri en samkvæmt núgildandi fjárlögum. Hefur reynsla sýnt, að ekki má reikna með hærri tekjum.

5. Félagsmálaráðuneytið leggur til, að kostnaður við skipulagseftirlit verði kr. 436 364.00, en í núgildandi fjárlögum eru til þess veittar kr. 269 100.00. Þetta ráðuneyti getur ekki fallizt á, að rétt sé að auka þessa starfsemi, svo sem gert er ráð fyrir

í átælun skipulagsstjóra. Við þessa stofnun vinna nú 8 fastráðnir menn, og sýnist það ærinn vinnukraftur, þótt ekki sé varið auk þess miklu fé í aðkeypta vinnu. Ráðuneytið vill því leggja til, að ekki verði bætt við starfsliðið á einn eða annan hátt á næsta ári, og til ferðakostnaðar og annars kostnaðar verði veittar jafnháar fjárhæðir sem á núgildandi fjárlögum.

7. a. Hin nýju lög um fiskimat frá 5. apríl 1948 hafa óhjákvæmilega í för með sér aukinn kostnað við þessa starfsemi, eins og áætlun fiskimatsstjóra ber með sér. Hefur verið farið að miklu leyti eftir tillögum fiskimatsstjóra, en þó nokkuð dregið úr þeim, einkanlega að því er snertir ferðakostnað.

10. Samkvæmt tillögum dómsmálaráðuneytisins er fjárveiting þessi tekin upp óbreytt frá því sem er á núgildandi fjárlögum.

12. Meðan að lög nr. 70/1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit eru í gildi, hefur ekki þótt annað hlýða en taka á fjárlög áætlun um kostnað við þetta eftirlit. Hefur í því efni verið farið eftir tillögum fjárhagsráðs, sem forsætisráðuneytið hefur enga athugasemd gert við. Jafnframt er gengið út frá, að sá tekjustofn, sem undir þessum kostnaði er ætlað að standa, 1% gjald af verðmæti innflutningsvarnings, verði framlengdur næsta ár. Breytingar, sem Alþingi kann að gera á framtíðarskipan þessara mála, hafa að sjálfsögðu tilsvarandi breytingar á fjárhagsáætluninni í för með sér.

13. Lagt er til, að fjárveiting sé sú sama og í fyrra. Félagsmálaráðuneytið leggur að vísu til, að laun og kostnaður húsaleigunefnda utan Reykjavíkur verði áætlaður 63 100 kr., en þar sem algunnugt er, að húsnæðisvandræði eru lítil eða engin orðin út á landi, er algerlega ástæðulaust að vera að halda öllum þessum nefndum á föstum launum.

Um 11. gr. C.

I. a. Hækkun á þessum lið nemur, miðað við gildandi fjárlög, kr. 135 298.00. Alþingi hafði lækkað fjárveitinguna frá því sem farið var fram á í fjárlagafrv. stjórnarinnar um 85 þús. kr. Reynslan hefur sýnt, að þetta á sér enga stoð í veruleikanum. Störfin við þessa stofnun hafa aukizt stórkostlega á síðari árum, bæði vegna hinnar öru fólksfjölgunar í bænum og sívaxandi gjaldheimtu, sem hefur tvöfaldazt á 4 árum. Innheimt var á s. l. ári samtals 164 000 000 kr. Kostnaður við embættið varð ca. 1 800 000 kr. eða hér um bil nákvæmlega 1.1% af tekjum, sem verður eftir atvikum að teljast mjög hagstætt fyrir ríkissjóðinn.

b. 1. Þessi liður er nú áætlaður kr. 52 450.00 hærri en á fjárlagafrv. því, sem lagt var fyrir Alþingi í fyrra. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun tollvarða, en launahækkanir vegna aldursuppbótar nema með dýrtíðaruppbót alls kr. 17 452.00. Önnur hækkun stafar af hækkun á húsaleiguvísitölu, nýjum kostnaði við farþegaskýlið við höfnina, sem væntanlega verður tekið í notkun á næsta ári, og meiri aukavinnu við sívaxandi ferðamannastraum frá og til landsins bæði á sjó og þá einkanlega í lofti. Alþingi lækkaði þennan lið síðast um ca. 90 þús. kr., án þess séð verði, að sú lækkun hafi verið á rökum byggð, og er því tilgangslaust að bera áætlunina fyrir næsta ár saman við þessa árs fjárlög.

b. 2. Laun hækka um ca. 50 þús. kr. vegna aukins starfsliðs á Keflavíkurflugvelli.

II. a. Mismunur á áætlun ríkisskattanefndar um launagreiðslur fyrir árin 1949 og 1950 nemur kr. 3 900.00. Stafar mismunurinn af því, að í áætluninni fyrir árið 1950 er hverjum nefndarmanna ætlaðar kr. 1200.00 hærri þóknun en árið 1949 og varamanni kr. 300.00 meira.

b. Í áætlun skattstjóra í fyrra var gert ráð fyrir 24 föstum starfsmönnum á skattstofunni með alls 487 800 kr. launum, sem Alþingi lækkaði í 414 000 kr., og verður ekki séð á hverju sú lækkun var byggð. Á næsta ári er gert ráð fyrir, að fastráðinn starfsmaður, sem unnið hefur í framtalsnefnd í 2 ár, taki aftur við starfi sínu á skattstofunni. Auk þess bætast við 7 nýir starfsmenn, og voru 5 þeirra tímavinnumenn á s. l. ári, en 3 hafa látið af störfum. Launahækkun alls vegna þessarar aukn-

ingar hins fasta starfsliðs er kr. 93 600.00. Aldurshækkanir kr. 22 500.00, þannig að laun fastra starfsmanna verða alls kr. 603 900.00.

Störf skattstofunnar hafa aukizt stórlega á síðari árum af ástæðum, sem lýst er í bréfi skattstjóra, og telur ráðuneytið, að ekki muni veita af því fasta starfsfólki sem nú vinnur þar, svo að verkin verði sæmilega af hendi leyst, enda heppilegra að hafa jafnan æfða menn tiltæka til þessara starfa en að taka óvana menn tíma og tíma, sem að jafnaði ekki skila jafngóðu starfi og þeir, sem vanir eru. Þessi aukning hins fasta starfsliðs hefur hins vegar í för með sér, að kostnaður við aukavinnu og eftirvinnu hlýtur að lækka allverulega, og þykir mega áætla hana 230 000.00. Aðrir liðir virðast mega vera óbreyttir frá þ. á. fjárlögum.

c.—e. Kostnaður þessi nam samtals kr. 1 215 816.18 á árinu 1948 og er ósundurliðaður í ríkisreikningi. Á árinu 1947 nam hann tæpum 940 þús. kr., og var við þann kostnað miðuð áætlunin í núgildandi fjárlögum. Nú er áætlun þessi hækkuð, en hlutföllin milli liðanna eru látin halda sér, skattstofukostnaðurinn áætlaður 350 þús. kr., undirskattanefndakostnaður 650 þús. kr. og yfirskattanefndakostnaður 200 þús. kr.

f. og g. er óbreytt.

Um 11. gr. D.

Á árinu 1948 reyndist þessi kostnaður svo:

1. liður kr. 792 789.75
2. — — 174 127.17
3. — — 351 986.10.

Um 12. gr.

I. og II. Óbreytt.

III. Farið hefur verið að öllu leyti eftir tillögum skrifstofu ríkisspítalanna. Breytingar eru litlar, en heldur þó til hækkunar.

IV. Rétt hefur þótt að ætla sömu fjárhæð og á þ. á. fjárlögum til þessara útgjalda.

V. Styrkur til sjúklinga samkv. l. nr. 78/1936. Farið er eftir tillögum félagsmálaráðuneytisins að því er þennan lið snertir, en þessi útgjöld hafa farið stöðugt vaxandi í seinni tíð, meðal annars vegna aukins húsnæðis á Kleppi.

VII. Heilbrigðismálaráðuneytið leggur til, að veittar séu kr. 200 000.00 til þessa styrks, en hann nam kr. 155 þús. árið 1948. Þetta ráðuneyti telur, að kr. 175 þús. muni nægja á næsta ári.

VIII. Styrkur til læknisbústaða etc. telur heilbrigðismálaráðuneytið að þurfi að vera 1 millj. króna. Þessu ráðuneyti þykir ekki fært að hækka þenna lið frá því, sem er í núgildandi fjárlögum.

Um 13. gr. A.

I. Laun hækka um ca. 25 þús. kr., annað óbreytt.

II. Farið er eftir tillögum vegamálastjóra um 7 millj. kr. framlag til nýrra akvega. Viðhald og endurbætur veganna er áætlað að muni kosta 11 millj. kr. eins og í þ. á. fjárlögum. Reynslan hefur sýnt, að fjárveitingin til viðhalds hefur ekki hrokkið á undanförnum árum, en ráðuneytið telur, að stefna beri að því, að þessi útgjöld fari ekki fram úr áætlun.

III. Til brúargerða er ætlazt til, að varið verði 3 millj. kr., og er það 1300 þús. kr. lægri fjárhæð en vegamálastjóri leggur til.

Aðrir liðir þessarar greinar eru teknir eftir tillögum vegamálastjóra.

Um 13. gr. B.

I. Fjárveiting til strandferða er áætluð nálega hin sama og í fyrra, en þó nokkuð fjarri tillögum forstjóra skipaútgerðarinnar. Þannig er felld niður 400 þús. kr. fjárveiting vegna verðhækkunar á olíu til skipanna út af verðfalli ísl. krónunnar gagnvart dollar. Þessi áætlun virðist alveg út í bláinn, og óvíst að nokkur verðhækkun

verði á brennsluolíu, þar sem olíuverð hefur verið jafnt fallandi á heimsmarkaðinum undanfarið. Ekki hefur heldur verið fallizt á, að vöruafgreiðslan verði rekin með tapi. Verður heldur að hækka greiðslur fyrir upp- og útskipun, ef ekki er hægt að ná jafnvægi á annan hátt.

Kostnaður við flóabáta er lækkaður í 500 þús. kr. Er það furðulegt, ef ekki er hægt að draga úr þessum kostnaði, þar sem 2 ný skip annast nú víða þær ferðir, sem flóabátum var áður ætlað að sinna.

IV. og V. Engar skýringar fylgja áætlun ferðaskrifstofunnar, og er því ekki auðvelt að gera sér grein fyrir, á hve traustum grundvelli hún er byggð, en með því að framlagið úr sérleyfissjóði er ekki hærra en á núgildandi fjárlögum, hefur áætlunin verið tekin inn í fjárlögin óbreytt.

Áætlun um bifreiðaferðir á vegum póststjórnarinnar er einnig mjög ófullkomin, en er samt tekin óbreytt í frumvarpið. Væntanlega verður Alþingi gerð nánari grein fyrir þessum liðum.

Um 13. gr. C.

Helztu breytingar frá síðustu áætlun eru þessar: Skrifstofukostnaður hækkar um 40 000 kr. Hefur sá liður verið of lágt áætlaður áður, eins og sést á sundurliðun þeirri, er vitamálastjóri hefur gert. Laun vitavarða lækka um 35 þús. kr. Hins vegar hækkar reksturskostnaður vitanna um 125 þús. kr. Viðhald og endurbætur um 50 þús. Sjómerki og viðhald sæluhúsa um 50 þús. Stafar þessi hækkun ýmist af allt of lágri áætlun áður, svo sem að því er snertir sjómerki og sæluhús, en ýmist af hækkuðu verðlagi og stöðugri aukning vitakerfisins. Er þetta allt nánar skýrt í greinargerð vitamálastjóra. Til áhaldakaupa hefur verið veitt síðan 1946, að því ári meðtöldu 1.8 millj. kr.

Engin rök eru færð í áætlun vitamálastjóra fyrir nauðsyn þess að verja hálfri millj. kr. enn á næsta ári til þessa, eins og veitt hefur verið undanfarin 3 ár, önnur en þau, að jafnstór fjárhæð hafi verið veitt að undanförnu. Þar sem gera má ráð fyrir, að vitamálin séu nú orðin allvel búin að áhöldum, hefur ekki þótt ástæða til að ætla meira en 250 þús. kr. til áhaldakaupa á næsta ári.

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta er áætlað 4.5 millj. kr. eins og vitamálastjóri leggur til.

Til hafnarbótasjóðs tekur ráðuneytið í frumvarpið einungis hið lögboðna framlag ríkissjóðs.

Um 13. gr. D.

Áætlun flugráðs um gjöld og tekjur flugmálanna hefur verið tekin óbreytt í frumvarpið, og eru niðurstöður hennar svipaðar sem í þessa árs fjárlögum.

Um 14. gr. A.

I. Launin eru svo til óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar ekki, þótt flutt hafi verið í nýtt húsnæði, í Arnarhvoli, sem er mun stærra, vegna þess að hann virðist hafa verið full hátt ákveðinn áður. Ferðakostnað þykir ástæðulaust að hækka.

II. 1.—3. Óbreytt, enda hafa engar þær breytingar orðið á tölu presta eða kjörum, að ástæða sé til að áætla aðrar fjárhæðir.

4. Ekki þykir fært að hafa fjárveitingu þessa hærri.

5. og 6. Óbreytt.

IV.—VI. Óbreytt.

Um 14. gr. B.

I. Föst laun hækka nokkuð. Ekki er um aðrar breytingar að ræða frá núgildandi fjárlögum nema hækkun á ýmislegum útgjöldum, sem eru allt of lágt áætluð í fjárl. þ. á. og reyndust árið 1948 tæpar kr. 190 000.00. Áætlunin hér er í tæpasta lagi.

Áætlun um kostnað við tilraunastöðina á Keldum er allmiklu hærri en fjárl. 1949.

II. Menntamálaráð leggur til, að til námsstyrkja, sem það úthlutar, skuli veittar kr. 400—450 þús. 1950. Menntamálaráðuneytið hefur ekkert lagt til í þessu efni,

og á væntanlega að skilja það svo, að það sé þessum tillögum samþykkt. Kr. 400 000.00 eru því teknar í frumvarpið.

Felldur er niður liðurinn til Elíasar Eyvindssonar, til svæfingarnáms í Ameríku.

III. Laun hækka lítils háttar. Annar kostnaður hækkar nokkuð og er miðaður við reynslu þessa árs.

IV. Föst laun hækka nokkuð frá núg. fjárl., en þau eru miðuð við það, sem nú er. Stundakennsla er áætluð nokkru hærri en áður, og er gerð glögg grein fyrir þeirri áætlun í tillögum rektors. Á þessu ári fór fram viðgerð á skólahúsinu, sem ekki hafði verið ráð fyrir gert í fjárlögum. Kostnaður við hana varð um 300 þúsund krónur, og er hann tekinn hér í frumvarpið og allur viðhaldskostnaðarliðurinn áætlaður 350 þús. kr. Aðrir liðir eru yfirleitt áætlaðir samkv. reynslu fyrra árs.

V. Föst laun lækka nokkuð, en stundakennsla hækkar að sama skapi frá núg. fjárl. Kostnaður við hita, ljós og ræstingu hækkar, vegna þess að nú verður tekinn í notkun nokkur hluti hins nýja heimavistarhúss. Þó munu nemendur sjálfir annast ræstingu þar. Til viðhalds telur skólameistari, að verja þurfi meiru en nú er veitt, enda er skólahúsið gamalt timburhús, viðhaldsfrekt.

VI. Stundakennsla er áætluð dýrari en í núg. fjárl., með því að nú hefur kennaraskólinn tekið aftur við kennslu þeirri, sem handíðaskólinn hafði á hendi fyrir hann 1948. Aðrir liðir eru byggðir á reynslu 1948, og hækkar þar ýmislegur kostnaður nokkuð.

VII. Litlar breytingar eru frá núgildandi fjárlögum, en þó þykir varlegra að áætla hita, ljós og ræstingu kr. 50 000.00 á næsta ári.

VIII. Föst laun mega heita óbreytt frá núg. fjárl. Stundakennsla er áætluð nokkru hærri skv. tillögu skólastjóra. Hiti, ljós og ræsting og annar kostnaður er einnig áætlaður töluvert hærri.

Niður er felldur liðurinn til að semja kennslubækur í vélfræði.

X. 1. Ekki er um aðrar breytingar frá núg. fjárl. að ræða en þær, að fjárveitingin til endurbóta á fjósi lækkar niður í kr. 40 000.00 og við bætast kr. 48 000.00 til byggingar á 2 votheysturnum.

2. Laun eru óbreytt á Hvanneyri. Tillögur skólastjórans eru mjög til hækkunar, en segja má, að þær séu allar réttlætanlegar. Samkvæmt lögum um bændaskóla fá nemendur styrk úr ríkissjóði, og hækkar því liðurinn til verklegs náms vegna meiri aðsóknar að því en áður. Hækkunin á hita, ljósi og ræstingu er miðuð við það, sem þetta er álitið, að muni kosta á næsta ári. Liðurinn til verkfærakaupa er látinn standa í stað, þótt skólastjóri leggi til nokkra hækkun á honum. Sömuleiðis liðurinn til verkfærasafns.

Annar kostnaður er hækkaður upp í kr. 70 000.00, og mun ekki af veita, þegar m. a. allt viðhald færist á hann.

Lagt er til, að veittar verði kr. 100 000.00 til viðgerðar á fjósi staðarins. Skólastjórinn gerir í tillögum sínum grein fyrir fjárþörf þessari, og verður ekki betur séð en að nauðsynlegt sé að veita þessa fjárhæð. Hitt er annað mál, að nokkuð af henni ætti e. t. v. að færa á 20. gr.

Liðurinn til viðgerðar á leikfimihúsi fellur niður, en í hans stað kemur fjárveiting til byggingar vélaverkstæðis kr. 50 000.00.

3. Óbreytt frá núgildandi fjárlögum að öðru en því, að gera verður ráð fyrir heimtaugargjaldi kr. 30 400.00.

XIII. 1.—5. Samkvæmt upplýsingum fræðslumálastjóra verður tala barnakennara svo til óbreytt frá síðastliðnum vetri, og verður því launaáætlunin óbreytt.

6. Fræðslumálastjóri hefur gert grein fyrir áætlaðri greiðsluþörf til skólabygginga 1950.

Í smíðum eru nú barnaskólabyggingar og skólastjóraíbúðir, sem áætlað er, að muni kosta fullsmíðuð um 44 millj. króna. Af því er hluti ríkissjóðs um 24.4 millj. króna. 1. júlí þ. á. var áfallinn kostnaður vegna bygginga þessara orðinn um 26.7 millj. kr., en ríkissjóður hefur þá greitt um 10 millj. kr., og eru þar meðtaldar þær 2

milljónir, sem veittar eru á 14. gr. XIII. 6. núgildandi fjárlaga. Um 5 milljónir vantar þá til þess, að ríkissjóður hafi lagt fram tillag á móti sveitarfélagi fram til 1. júlí 1949. Áætlaður kostnaður við byggingarframkvæmdir þessar 1. júlí 1949 til ársloka 1950 nemur um 12 millj. króna, og yrði hluti ríkissjóð af því um 6.4 millj. kr. Það þyrfti því að veita um 11.4 milljónir króna úr ríkissjóði á næsta ári, til þess að hann hafi lagt á móti framlagi sveitarfélags til ársloka 1950, með þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru.

Jafnvel þótt hægt verði á framkvæmdum þessum og engin ný bygging verði hafin á næsta ári, verður vart komizt af með fáeinar milljónir króna til þeirra. Fræðslumálastjóri telur 5 millj. kr. hið minnsta, sem til mála komi, en ráðuneytið telur ekki fært að veita til þess meiru en 2 millj. kr., vegna þess hve fjárhagur ríkissjóðs er örðugur nú.

8.—13. Liðirnir eru áætlaðir óbreyttir frá núgildandi fjárlögum.

XIV. 1. Alþýðuskólinn á Eiðum hefur verið stækkaður, og kemur sú stækkun að notum á næsta ári. Þá er ráðgerð fjölgun kennara, og hækka þá launagreiðslur allmikið frá því, sem nú er. Annar kostnaður hækkar einnig nokkuð vegna stækkunarinnar, enda er ráðgerð töluverð nemendafjölgun.

Áætlunin er tæpum kr. 80 000.00 hærri en fjárlög þ. á., en til samanburðar skal þess getið, að kostnaður við þennan skóla reyndist kr. 224 635.00 á árinu 1948, og er þá vafasamt, hvort áætlunin hér er ekki of lág, ef gert er ráð fyrir fullum rekstri eftir stækkunina.

2. Þessi liður hækkar mjög mikið frá núgildandi fjárlögum. Fræðslumálastjóri hefur tjáð ráðuneytinu, að gagnfræðastigskennurum hafi fjölgað töluvert síðastliðið haust, og því hafi áætlunin í núgildandi fjárlögum verið of lág.

Þá var, eins og segir í aths. við fjárlagafrumvarpið 1949, enn alveg óvíst, er það frumvarp var samið, hve stundakennslustyrkurinn til gagnfræðaskólanna yrði hár. Nú sýna rekstrarreikningar héraðs- og gagnfræðaskólanna, að áætlunin á hluta ríkissjóðs af rekstrarkostnaði og stundakennslustyrk var of lág, og er nú gert ráð fyrir, að ekki muni nægja minna en 2 millj. króna.

3. Gagnfræðaskólar í smíðum eru áætlaðir að munu kosta um 34 millj. króna. Þar af á ríkissjóður að greiða 23 milljónir. Áfallinn kostnaður fram til 1. júlí 1949 nemur um 18 millj. kr., og ríkissjóður hefur þegar greitt af honum um 11.5 milljónir, og er þá meðtalin fjárveitingin í ár. Þá vantar um 2.3 millj. kr. af framlagi ríkissjóðs fram til 1. júlí 1949. Byggingarkostnaður frá 1. júlí 1949 til ársloka 1950 er áætlaður um 4.75 millj. kr., og verður hluti ríkissjóðs af honum um 3.2 millj.

Fræðslumálastjóri telur, að ekki verði komizt af með minna en 3 millj. kr. til þessara framkvæmda, en ekki þykir þó fært að gera ráð fyrir hærri styrk en í núg. fjárl., 1.4 millj. kr.

4.—8. og 10.—11. Liðirnir eru óbreyttir.

9. Laun eru svo til óbreytt frá núgildandi fjárlögum. Samkvæmt samningi við tæki þessi fyrir matsverð, og dragast þá frá kaupverðinu greiðslur þær til fyrningar, á húsnæði, kennslutækjum, vélum o. fl., enda má ríkissjóður hvenær sem er kaupa tæki þessi fyrir matsverð og dragast þá frá kaupverðinu greiðslur þær til fyrningar, sem hann hefur innt af hendi. Er ársgreiðsla þessi innifalin í öðrum kostnaði, sem er áætlaður kr. 50 950.00.

XV. 1. Launin hækka allmikið, og segir fræðslumálastjóri ástæðuna vera þá, að launafjárhæðin hafi af vangá verið allt of lágt tilgreind í fyrra í tillögunum til fjármálaráðuneytisins, en kennurum hafi ekki fjölgað svo teljandi sé. Hluti ríkissjóðs af rekstrarkostnaði er hins vegar áætlaður jafnhár sem í núgildandi fjárlögum.

2. Áætlaður byggingarkostnaður húsmæðraskóla þeirra, sem eru í smíðum, er um 6.75 millj. kr. og ríkissjóðshlutinn af þeirri fjárhæð er um 5 millj. króna. Áfallinn kostnaður er 1. júlí 1949 um 5.7 millj. kr., en þegar hafa verið greiddar úr ríkissjóði um 3.4 millj. króna, að fjárlagastyrk þessa árs meðtöldum. Áætlaður kostnaður 1. júlí 1949 til ársloka 1950 er um 1 millj. króna, en hluti ríkissjóðs af þeim

kostnaði er um 640 þús. kr. Því vantar um 1.64 millj. kr. til þess, að ríkissjóður geti fullnægt skuldbindingum sínum til ársloka 1950, en ekki treystir ráðuneytið sér til að taka hærri fjárhæð til þess í frumvarpið en 400 þús. krónur.

XVI. 1. Óbreytt frá núgildandi fjárlögum.

2. Íþróttafulltrúi hefur gert grein fyrir fjárþörf íþróttasjóðs á næsta ári og telur hana vera kr. 1 637 000.00, og er þá miðað við þær framkvæmdir, sem eru á döfinni. Hið minnsta, sem komizt verður af með, telur hann vera kr. 800 000.00, en ráðuneytið treystir sér ekki til að taka nema kr. 500 000.00 í frumvarpið.

3. Liðurinn er felldur niður, og er ekki eðlilegt, að laun framkvæmdastjóra Í. S. Í. séu greidd úr ríkissjóði.

XXVI. Laun hækka um kr. 7 200.00 í grunn vegna ráðningar aðstoðarmanns með þessum launum. Hann kemur í stað annars, sem hafði kr. 6 000.00 grunnlaun, en laun þessa manns voru áætluð undir öðrum kostnaði í núgildandi fjárlögum. Annar kostnaður hækkar því raunverulega.

Um 15. gr. A.

I. Á undanförnum áratug hefur fé það, sem í fjárlögum hvers árs hefur verið heimilað til bóka-, tímarita- og handritakaupa ekki verið notað að fullu, en öll hefur fjárhæðin verið hafin á hverju ári. Hefur nú safnazt í sjóð svo álitleg fjárhæð, að ekki þykir ástæða til að veita fé til þessa í ár, en til málamynda eru þó settar kr. 1 000.00 í frumvarpið.

Bókband er nú orðið mjög dýrt, og er hér veitt jafnmikið sem bókbandskostnaður varð árið 1948.

5., 6. og 7. liðir hækka nokkuð eftir tillögum landsbókavarðar.

II. Liðurinn er alveg óbreyttur samkv. tillögu þjóðskjalavarðar.

III. Á næsta ári er ráðgert að flytja þjóðminjasafnið í nýtt húsnæði, og er áætlunin miðuð við það.

IV. Laun hækka nokkuð og gera forstöðumenn safnsins grein fyrir þeirri hækkun. Tillögurnar frá þeim eru annars yfirleitt til hækkunar frá því, sem er í núgildandi fjárlögum, og telja þeir sig hafa gert grein fyrir þeim í skýringum við tillögur til fjárveitinga 1949. Menntamálaráðuneytið hefur enga athugasemd gert við tillögurnar, og eru þær teknar í frumvarpið eins og þær koma fyrir.

V. Samkvæmt reynslu síðasta árs áætlast kostnaður við ljós, hita, ræstingu og viðhald nokkru hærri en í núgildandi fjárlögum.

15. gr. A. er síðan að mestu óbreytt frá núgildandi fjárlögum, þó eru felldir niður námsstyrkir til einstakra nemenda á 15. gr. A. XVI.—XXI. incl. núgildandi fjárl., með því að það fellur undir verksvið menntamálaráðs að úthluta slíkum styrkjum.

Um 15. gr. B.

I. 1. Launagreiðslur í iðnaðardeildinni eru svo til óbreyttar frá fjárlögum 1949. Annar kostnaður, sem í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1949 var áætlaður kr. 250 000.00 eftir tillögum forstöðumanns deildarinnar, var í meðförum Alþingis lækkaður niður í kr. 190 000.00 og ákveðinn þannig í fjárlögum. Vegna þessa niðurskurðar á kostnaðinum í ár má búast við, að ekki verði fært að skerða áætlun deildarstjórans um kostnaðinn á næsta ári, og er tillögum hans fylgt.

2. Launagreiðslur í fiskideildinni eru áætlaðar nokkru hærri en í fjárlögum 1949, með því að bætt er við nokkru af ósérfróðu aðstoðarfólki. Er þetta sjálfsögð viðbót, enda nýtist vinna sérfræðinganna miklu betur þess vegna.

Áætlun deildarstjórans um annan kostnað er nokkuð laus í sér, og virðist mega draga úr ýmsum liðum, svo sem útgáfustarfsemi og ferðakostnaði. Liður þessi verður áætlaður kr. 200 000.00.

3. Launagreiðslur í landbúnaðardeildinni eru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1949 áætlaðar kr. 70 300.00 auk verðlagsuppbótar, en þá var miðað við laun starfsmanna þeirra, sem þá störfuðu við deildina.

Þegar síðasta hönd var lögð á fjárlögin í þinginu, var áætlunin lækkuð um laun Kristínar Kristjánsdóttur, að því er virðist af hreinu athugunarleysi, en hún hafði starfað og verið ráðin sérfræðingur við jarðvegsrannsóknir frá byrjun ársins 1948. Nú eru áætlaðar jafnháar launagreiðslur að viðbættum launum einnar aðstoðarstúlku við störf við jurtakynbætur, og eru þau áætluð kr. 4 200.00 auk verðlagsuppbótar. Ráðuneytið getur ekki fallizt á að gera ráð fyrir launum eins sérfræðings til viðbótar við jurtakynbótarannsóknir eins og farið er fram á í tillögum atvinnudeildarinnar.

Fyrir öðrum kostnaði við deildina er ekki gerð nægileg grein, þótt hann sé nokkuð sundurliðaður. Að svo stöddu telur ráðuneytið ekki fært að gera ráð fyrir honum hærri en kr. 150 000.00, og er það örlítil hækkun frá núg. fjárl., en sama fjárhæð sem í frumvarpi til fjárl. fyrir árið 1949. Tillögurnar gera ráð fyrir allmiklu hærri kostnaði.

Tilraunabúin á Hesti, Úlfarsá og Engey virðist þurfa að reka með allmiklum halla, og er gerð grein fyrir hallanum á Hestbúinu í fylgiskjölum með frumvarpinu. Að sjálfsögðu hefur fjármálaráðuneytið ekki aðstöðu til að dæma um eðlilegan kostnað við rekstur atvinnudeildarinnar og verður það því að taka að mestu leyti til greina tillögur forstöðumanna deildanna, sem atvinnumálaráðuneytið hefur engar athugasemdir gert við. En svo er að sjá, sem höfuð vanti á þessa stofnun, sem m. a. hefði tögl og hagldir á fjármálum hennar.

4. Sameiginlegur kostnaður hefur hækkað nokkuð, einkum er hiti, ljós og ræsting áætlað allmiklu hærra en í núgildandi fjárlögum, og er miðað við reynslu síðasta árs.

IV. Kostnaður við veðurþjónustu er áætlaður tæpum 100 þús. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum samkvæmt tillögum veðurstofustjóra.

VIII. Kostnaður við skrifstofu húsameistara er svipaður sem í núgildandi fjárlögum, en þó eru ýmis gjöld áætluð töluvert hærri nú.

Um 16. gr. A.

1.—3. Framlög til Búnaðarfélags Íslands eru áætluð óbreytt frá gildandi fjárlögum.

4. Styrkur samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna. Álíta verður, að harðindin s. l. vor hafi dregið mjög úr jarðræktarframkvæmdum þannig að ætla megi, að 3 900 000 kr. dugi til greiðslu jarðræktarstyrkja á næsta ári. Er það 300 000 kr. hærra en á þ. á. fjárlögum, en sú fjárhæð virðist hafa verið of lágt áætluð.

Framlag til verkfærakaupasjóðs kr. 80 000.00 er að vísu ákveðið í lögum, en með því að taka ekki upp fjárveitingu í þessu skyni tvö undanfarin ár virðist Alþingi hafa breytt fyrri ákvörðun sinni í þessu efni, enda ber að skoða slíka ráðstöfun fjárveitingavaldsins sem frestun á framkvæmd laganna um það fjárhagstímabil, sem um ræðir. Þetta ákvæði er líka harla þýðingarlítið, þar sem ríkið styrkir vélakaup bænda á annan veg, t. d. með greiðslu helmingskostnaðar af andvirði vélanna skv. 9. gr. l. nr. 7/1945, og má verja til þess 3 millj. kr. úr framkvæmdasjóði.

Styrkur til framfærslu samkvæmt 37. gr. jarðræktarlaga. Fallast verður á tillögu búnaðarmálastjóra, að áætla þurfi 860 000.00 kr. til þessara framkvæmda. Hins vegar þykir ekki fært að leggja fram meira fé til skurðgröfukaupa en ákveðið er í ár eða 100 000 kr.

5. Til búfjárræktar. Lagt er til að sama fjárveiting verði veitt á næsta ári og veitt var í núgildandi fjárlögum.

6. Sama máli gegnir um fjárframlög ttil tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins.

8. Til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti er lagt til, að veitt verði sama fjárhæð og í ár.

9. Til fyrirhleðslu á Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará undir Eyjafjöllum, er tekinn upp nýr liður, 50 þús. kr., samkv. ósk samgöngumálaráðuneytisins.

11. Sandgræðslan: Framlag til sandgæðslustöðva er hækkað um 25 000 kr. frá gildandi fjárlögum. Þá er tekinn upp nýr liður 10 000 kr. til skrifstofukostnaðar samkv. tillögum sandgræðslustjóra. Á þ. á. fjárlögum voru veittar 50 þús. kr. til sandgræsðlu í Meðallandi, og nú leggur sandgræðslustjóri til, að veittar verði á næsta ári 100 000 kr. í viðbót og auk þess 150 þús. kr. til sandgræðslu á Hólssandi. Ráðuneytið er sammála sandgræðslustjóra um, að nauðsyn beri til í náinni framtíð að reisa skorður við hinum gífurlega uppblæstri lands á Hólsfjöllum, sem virðist aukast hröðum skrefum, en treystist ekki til að mæla með fjárveitingu nú, fyrr en fyrir liggur ýtarleg áætlun um heildarkostnað við hefting sandfoksins þar og hvernig þeim framkvæmdum yrði hagað svo, að sem beztum notum komi. Sama máli gegnir um sandgræðslu í Meðallandi. Er þetta til athugunar fyrir Alþingi.

12. Framlög til skógræktar ríkisins hafa verið lækkuð nokkuð frá tillögum skógræktarstjóra, en alls er lagt til, að varið verði til þessara framkvæmda kr. 147 þús. meira en á núgildandi fjárlögum er áætlað.

17. Gert er ráð fyrir sömu fjárveitingu og áður. Yfirdýralæknir hefur lagt til, að veittar verði á þessum lið 9000 kr. námsstyrkur til þriggja dýralæknanema. Á þetta getur ráðuneytið ekki fallizt, þar sem menntamálaráði er falin úthlutun námsstyrkja af því fé, sem veitt er til þessa á 14. gr.

19. Farið er eftir tillögum sauðfjárveikivarna að mestu leyti. Með bréfi, dags. 29. ágúst 1949, hefur landbúnaðarráðherra lagt til að afurðatjónsbætur að fjárhæð 840 þús. kr. til bænda á svæðinu milli Blöndu og Héraðsvatna fyrir árin 1947—1948 verði greiddar með skuldabréfum, sem greiðist á 10 árum, og er þar vísað til heimildar í fjárlögum þessa árs til lántöku allt að 1 millj. kr. í þessu skyni.

Ráðuneytið hefur fallizt á þetta, að því er framangreint svæði snertir, og telur þá, að rétt sé að viðhafa sömu aðferð við afurðatjónsbótagreiðslu samkvæmt þeirri áætlun sauðfjársjúkdómanefndar, sem nú liggur fyrir, en þar eru þessar bætur taldar muni nema 6 millj. kr., sem teknar hafa verið upp í frv. Ráðuneytið leggur til, að í 22. gr. sé tekin heimild til lántöku í þessu skyni, er nemi sömu upphæð, og sé þá fyrirhugað að viðhafa þá aðferð, er landbúnaðarráðherra hefur áður bent á viðvíkjandi Blöndu-Héraðsvatnasvæðinu, og verði þær bætur samkv. því einnig greiddar með skuldabréfum og dreifist á 10 ár.

Um 16. gr. B.

1. Framlag til Fiskifélags Íslands er 24 500 kr. hærra en s. l. ár. Til haf- og fiskrannsókna eru veittar 300 000 kr. í stað 150 þús. kr. s. l. ár, en reynslan hefur sýnt, að ekki mun af veita helmingi hærri upphæð, ef þessar rannsóknir eiga að koma að tilætluðum notum. Þá er tekinn upp nýr liður til alþjóða hvalveiðaráðs 2000 kr. Aðrir liðir eru svo til óbreyttir frá núgildandi fjárlögum.

Um 16. gr. C.

1. Í áætlun Landssambands iðnaðarmanna er farið fram á allverulegar hækkanir á styrk til Landssbandsins, til iðnlánasjóðs og iðnskólabyggingar. Ráðuneytið hefur ekki séð sér fært að leggja til, að umræddar fjárveitingar verði hækkaðar frá því, sem nú er, og hefur því tekið inn í frv. allar þær sömu fjárhæðir og veittar eru á þ. á. fjárlögum, að undanteknum 9. lið (styrkur til yrkiskólaþingsins), sem er að sjálfsögðu felldur niður.

Um 16. gr. D.

Til raforkumála er alls ætlazt til, að varið verði 4.7 millj. kr., eða ca. 300 þús. kr. lægra en í fyrra. Fylgt hefur verið tillögum raforkumálastjóra að öðru leyti en því, að ekki hefur þótt fært að áætla meira til raforkuframkvæmda en 1 millj. króna.

Um 17. gr.

2. Tryggingastofnun ríkisins hafði sent tvær áætlanir. Önnur miðuð við núverandi ástand, þ. e. frestun heilsugæzlu og framlenging viðaukalaga frá 1948, en hina miðaða við, að lögin komi til fullra framkvæmda. Ekki virðist útlit fyrir, að heilsugæzlan verði tekin upp á næsta ári í því formi, sem lögin gera ráð fyrir, og hefur því verið áætlað framlag til tryggingasjóðs 17.3 millj., eins og á síðustu fjárlögum, en aftur á móti 4 millj. króna sem framlag til sjúkrasamlaga samkvæmt alþýðutryggingarlögum.

7. Veittar hafa verið 400 000 kr. árlega, nú um skeið, vegna byggingaframkvæmda í Reykjalundi. Síðasta Alþingi samþykkti lög um vöruhappdrætti fyrir þennan félagsskap, sem gert er ráð fyrir, að gefi af sér 1 800 000 kr. á ári, ef allt selst. Með þessu virðist lagður öruggur fjárhagsgrundvöllur að þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru í Reykjalundi. Með því að nokkuð er í óvissu um, hvernig sala happdrættismiða muni ganga fyrsta árið, þykir ekki rétt að svipta félagið byggingarstyrknum að öllu leyti, og er því lagt til, að veittar verði 200 000 kr. í þessu skyni.

17. Til bindindisstarfsemi er lagt til, að varið verði á næsta ári 300 000 kr., þar með talið það fé, sem Stórstúka Íslands fengi til umráða eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

23. Vinnumiðlun. Kostnaður er áætlaður hinn sami og á þ. á. fjárlögum, 100 þús. kr. Atvinnuleysi hefur ekkert verið síðan stríðinu lauk, og því fjarri lagi að verja hátt á þriðja hundrað þúsund kr. til slíkrar starfsemi árlega, en að óbreyttri löggjöf um þessi efni er þýðingarlaust að áætla lægri fjárhæð.

Um 18. gr.

I. Lögboðin eftirlaun embættismanna og ekkna þeirra, samkvæmt eftirlaunalögum fara heldur lækkandi frá ári til árs, eftir því sem eftirlaunaþegarnir týna tölunni, en fáir munu bætast við úr þessu. Áætlunin í frumvarpinu byggist á þessu, og er tilgangslaust að ætla fjárhæðirnar upp á eyri.

II. b. Frú Bentína Hallgrímsson, ekkja séra Friðriks Hallgrímssonar, hefur úr lífeyrissjóði kr. 1 792.50 í grunn. Verða því teknar hér í frumvarpið kr. 2 707.50, til þess að hún fái alls kr. 4 500.00 í grunn, helming af eftirlaunum manns hennar.

Frú Emilía Briem, ekkja séra Þorsteins Briem, hefur úr lífeyrissjóði kr. 2440.48. Verða því teknar í frumvarpið kr. 2059,52, til þess að hún fái kr. 4 500.00 í grunn.

Frú Guðrún Sveinsdóttir, ekkja Vigfúsar Einarssonar, skrifstofustjóra, hefur úr lífeyrissjóði kr. 2 873.76. Verða teknar í frumvarpið kr. 3 126.24, til þess að grunneftirlaun hennar verði kr. 6 000.00.

Frú Halldóra Ólafsdóttir, ekkja Sigurðar Guðmundssonar, skólameistara, hefur úr lífeyrissjóði kr. 3 572.34. Verða teknar í frumvarpið kr. 1 977.66 til þess að grunneftirlaun hennar verði kr. 5 550.00, helmingur af eftirlaunum manns hennar.

III. Á árinu 1948 nam fjárhæðin, sem greidd var á móti lífeyrissjóðsiðgjaldi starfsmannanna kr. 3 121 416.79. Síðan hefur starfsmönnum fjölgað, og einkum mun nú verða gerð gangskör að því, að starfsmenn, sem undan hafa fallið iðgjaldagreiðslu, hefji hana, og eykur það þá einnig iðgjaldagreiðslu ríkissjóðs. Þá eykst þessi fjárhæð, ef lögfest verður uppbót á laun starfsmanna ríkisins.

Að öllu athuguðu er óvarlegt að áætla hana lægri en 3 750 þús. króna á árinu 1950.

IV. Uppbæturnar áætlast jafnháar á árinu 1950 sem 1949.

V. Hér er sömuleiðis áætluð jafnhá fjárhæð sem 1949.

Um 19. gr.

Til dýrtíðarráðstafana var veitt á þessa árs fjárlögum 64 millj. kr., en á næsta ári er ætlazt til, að ekki verði varið nema 33.5 millj. kr. í þessu skyni. Er þá eingöngu miðað við niðurgreiðslur á neyzluvörum innanlands, en ekki uppbætur á útfluttan fisk, eins og tíðkazt hefur undanfarin ár. Er það álit ráðuneytisins, að finna þurfi aðrar leiðir en greiðslur úr ríkissjóði til þess að tryggja hallalausan rekstur sjávar-

útvegsins á næsta ári. Fjárhæðin 33.5 millj. er miðuð við reynslu þessa árs, og má ætla, að þessi útgjöld skiptist þannig:

Niðurgreiðsla á kjöti	7	millj. kr.
Kjötuppbætur til framleiðenda	6.5	— —
Niðurgreiðsla á mjólk	5.5	— —
Niðurgreiðsla á smjöri og tap á erlendu smjöri	8.5	— —
Niðurgreiðsla á smjörlíki	3.3	— —
Niðurgreiðsla á saltfiski	0.7	— —
Niðurgreiðsla á kartöflum	2	— —
Samtals	33.5	millj. kr.

Ed. 50. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr

1. Framan við greinina bætist:
   a. Í stað orðanna „að Hofsstöðum“ í B. 42 í 2. gr. laganna kemur: að Hlíð.
   b. Í stað orðanna „að Kletti austan undir Klettshálsi“ í B. 43 í sömu grein kemur: um Klettsháls og Vattarnes að Firði í Múlahreppi.
2. Aftan við greinina bætist:
   a. Í stað orðanna „að Fossi“ í B. 65 í sömu gr. kemur: að Reykjarfirði.
   b. Á eftir B. 65 kemur nýr töluliður, er orðast svo:
      Fossheiðarvegur: Frá Fossi á Barðastrandarveg.
   c. Í stað orðanna „að Sveinseyri“ í B. 66 í sömu gr. kemur: að Sellátrum.
   d. Í stað orðanna „að Brjánslæk“ í B. 67 í sömu gr. kemur: að Auðshaugi á Hjarðarnesi.
   e. Á eftir B. 67 kemur nýr liður, er orðast svo:
      Siglunesvegur: Frá Haukabergi að Siglunesi.
   f. Á eftir B. 68 í sömu gr. kemur nýr liður, er orðast svo:
      Melanesvegur: Frá Saurbæ að Melanesi.
   g. Á eftir B. 69 í sömu gr. kemur nýr liður, er orðast svo:
      Útvíkurvegur: Frá Gjögri um Útvíkur að Látrum.

Nd. 51. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Gíslasyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. A. 40 í 2. gr. laganna orðast svo:
   Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.
2. A. 41 í sömu gr. orðast svo:
   Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi um Þykkvabæjarklaustur að Mýrum og Jórvík í Álftaveri.

3. Á eftir A. 43 í sömu gr. kemur nýr liður:
Holtsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti á Síðu.
4. Á eftir A. 44 í sömu gr. kemur nýr liður:
Brunasandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Fossála á Síðu um Brunasand sunnan hraunsins að Teigingalæk.

Nd. 52. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:
1. Á eftir B. 25 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Hítarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár um Jörfa að Hítarnesi og Krossholti.
2. Á eftir B. 27 í sömu gr. koma 2 nýir liðir:
a. *Stakkhamarsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofsstaða um Borgarholt, Stakkhamar og Mel að Krossum.
b. *Staðastaðarvegur:* Af Ólafsvíkurvegi að Staðastað.
3. Á eftir B. 28 í sömu gr. koma 3 nýir liðir:
a. *Arnarstapavegur:* Af Útnesvegi að Arnarstapa.
b. *Hellnavegur:* Af Útnesvegi að Hellnum.
c. *Öndverðarnesvegur:* Af Útnesvegi að Öndverðarnesi.
4. Á eftir B. 30 í sömu gr. kemur nýr liður:
Rifsvegur: Af Hellissandsvegi að Rifi.
5. Á eftir B. 31 í sömu gr. kemur nýr liður:
Framsveitarvegur: Af Eyrarsveitarvegi nálægt Eiði um Hjarðarból og Hallbjarnareyri að Setbergi og á Eyrarsveitarveg við Vindás.
6. Á eftir B. 32 í sömu gr. koma 2 nýir liðir:
a. *Bjarnarhafnarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi austan Hraunsfjarðar að Seljum og Bjarnarhöfn.
b. *Helgafellsvegur:* Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.

Ed. 53. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 1. gr. Framan við a-lið bætast tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
a. Á eftir A. 20 kemur:
Sólheimavegur: Frá Skeiða- og Hreppavegi hjá Hruna um Sólheima og Hlíð á Gnúpverjaveg við Kálfá.
b. *Skarðsvegur:* Frá Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, Steingrímur Steinþórsson, Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afnema þau sérréttindi, sem nokkrir viðskiptamenn áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölu ríkisins njóta nú og eru í því fólgin, að þeir fá þar keypt vínföng og tóbak fyrir lægra verð en aðrir kaupendur þurfa að borga fyrir þær vörur.

Greinargerð.

Tillögur um afnám sérréttinda í áfengiskaupum voru fram bornar á þremur þingum á síðasta kjörtímabili, og á síðasta þingi var einnig flutt tillaga um afnám slíkra hlunninda í viðskiptum við tóbakseinkasöluna. En þessar þingsályktunartillögur hafa aldrei hlotið fullnaðarafgreiðslu. Tillögur um afnám sérréttindanna voru einnig fram bornar á síðasta þingi, í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, en voru þá felldar með eins atkvæðis mun. Flm. þykir því rétt að leggja þetta mál fyrir hið nýkjörna Alþingi.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar, að áfengir drykkir skuli ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana.

Greinargerð.

Tillögur um þetta efni hafa áður verið fram bornar á Alþingi, en ekki hlotið afgreiðslu, og er málið því enn upp tekið.

Nd. 56. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1944, um breyting á l. nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Í stað b-liðar 4. gr. l. nr. 8/1944 koma tveir liðir, svo hljóðandi:

a. *Selfosshérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.
b. *Hveragerðishérað:* Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk íbúa Hveragerðis.

Sakir erfiðleika á því að ná til læknis hefur fólkið í Hveragerði ráðið til sín sérstakan lækni á sinn kostnað. Munu þeir greiða honum sömu laun og héraðslæknar hafa. Þessi ákvörðun héraðsbúa um að fá læknisþjónustuna í héraðinu bætta, og hve mikið menn vilja á sig leggja til þess, sýnir ljóslega nauðsyn málsins.

Málið hefur um nokkurt skeið verið rætt í héraði. Þannig samþykkti sýslunefnd Árnessýslu 1947 svo hljóðandi ályktun:

„Sýslufundur Árnessýslu fyrir árið 1947, haldinn að Laugarvatni, beinir þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnarinnar og landlæknis, að þeir aðilar sjái svo um, að læknum verði fjölgað í Árnessýslu, þannig að starfandi séu þar minnst fjórir læknir, og hafi einn þeirra aðsetur á Eyrarbakka, annar í Hveragerði, þriðji á Selfossi og fjórði í Laugarási.“

Ályktun þessi var samþykkt í einu hljóði.

Á sýslufundi Árnessýslu í maí 1949, sem haldinn var á Selfossi, var einnig í einu hljóði samþykkt endurnýjun á áskoruninni frá 1947.

Vænti ég, að Alþingi taki þessu máli með velvild og af fullum skilningi.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða farkennurum jöfn laun.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að greiða farkennurum án kennararéttinda sömu laun af hálfu ríkissjóðs og farkennurum, er kennararéttindi hafa.

Greinargerð.

Í 15. gr. launalaga frá 1945 segir svo: „Farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fá ¾ af launum annarra barnakennara, miðað við jafnlangan starfstíma.“ Samkvæmt þessu fá farkennarar án kennaraprófs nú lægri laun en kennaraprófsmenn, þótt hvorir tveggja leysi sömu störf af hendi. Mun slík tilhögun vera nálega einsdæmi hér á landi. Það er t. d. kunnugt, að við gagnfræðaskóla og menntaskóla starfa kennarar, er eigi hafa aflað sér starfsréttinda með prófi, og njóta þeir sömu launa og samverkamenn þeirra, er próf hafa eða lögvernduð réttindi. Yfirleitt hefur verið talið, að sá, sem ráðinn er eða skipaður til opinbers starfs, eigi að hljóta þau laun, sem ákveðin eru fyrir starfið, enda gert ráð fyrir, að því aðeins hafi honum verið falið slíkt starf, að hann geti leyst það af hendi.

Farkennarar í sveitum eru nú um 100 talsins. Af þeim munu um 30 hafa kennararéttindi (próf frá Kennaraskólanum), en nál. 70 eru án réttinda, og er því dregið af launum þeirra. Kennarar, sem réttindin hafa, eru mjög tregir til að taka að sér farkennslu, og hafa þá aðrir verið ráðnir, til þess að koma í veg fyrir, að skólahald legðist niður í hlutaðeigandi skólahverfum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að margir farkennarar eru, þótt þá skorti réttindi, prýðilega menntaðir og vel til starfs fallnir. En aðstaða þeirra er slík, að þeir verða að víkja úr starfi, hvenær sem réttindamaður sækir um það, og þar á ofan að sætta sig við lægri laun, meðan þeir gegna starfinu.

Enn mun þess nokkuð langt að bíða, að lokið verði byggingu skólahúsa í sveitum landsins, þótt að því sé nú víða stefnt að koma þeim upp og heppilegt kunni að reynast. Farkennslan verður því að minnsta kosti enn um hríð mikilsverður þáttur

í menningarlífi sveitanna. Mun og óhætt að fullyrða, að árangur slíkrar kennslu geti orðið og hafi víða orðið tiltölulega mjög góður, miðað við kennslutíma. Margir farkennarar hafa sýnt lofsverðan áhuga, en haft að ýmsu leyti óhægari aðstöðu til starfs en kennarar við fasta skóla. Er því sízt ástæða til að ætla þeim minni hlut en öðrum. Farkennarastéttin hefur að vísu litlar kröfur gert í þessum efnum, en ekki ætti hún að gjalda hógværðar sinnar.

Láta mun nærri, að upphæð sú, sem ríkissjóður yrði að greiða, ef heimildin yrði samþykkt og notuð, næmi um 180 þús. kr., og þarf engum að vaxa hún í augum samanborið við ýmislegt annað, sem farið er fram á um þessar mundir. Hluti sveitarsjóða af mismuninum, sem að vísu er mjög lítill (alls um 16 þús. kr.), verður eigi greiddur nema með breytingu á launalögunum.

Það skal viðurkennt, að eigi sé viðkunnanlegt að heimila ríkisstjórninni að greiða launaviðbætur umfram ákvæði launalaga. En slík heimild var samþykkt á síðasta Alþingi til almennrar uppbótar á laun opinberra starfsmanna, og tillaga um nýja heimild sömu tegundar er fram komin á Alþingi því, er nú situr. Verður því aðferð sú, er í tillögu þessari felst, að teljast vel frambærileg, eins og nú er komið, enda um réttlætismál að ræða. Engin ástæða er til, að þeir, sem vinna fræðslustörf í sveitum landsins, beri minna úr býtum af ríkisfé, en þeir, sem hliðstæð störf vinna annars staðar á landinu.

Nd. 58. Frumvarp til jarðræktarlaga. [43. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

I. KAFLI
Um stjórn ræktunarmála og réttindi.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af fulltrúaráði, er nefnist Búnaðarþing, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Kjósa skal til Búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, svo og tölu fulltrúa, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð ráðunauta félagsins og héraðsráðunauta búnaðarsambandsins, undir umsjón stjórnar félagsins.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt skulu vera svo margir, sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands. Skulu starfssvæði þeirra ákveðin eftir því sem um semst á milli búnaðarsambanda. Sé starfssvæði ráðunauts minna en meðal sýslufélag, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það.

Héraðsráðunautar skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna, ef stjórn búnaðarsambandsins óskar, og eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður, og hafa eftirlit með ræktuninni.

Þeir annast og hafa umsjón með úttekt jarðabóta, er styrks njóta samkvæmt lögum þessum. Þar, sem starfsemi þeirra nær yfir meira en tvö sýslufélög, skulu

þeir hafa sérstaka mælingamenn sér til aðstoðar, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra. Fer um ráðningu mælingamanna eins og héraðsráðunauta.

5. gr.

Kostnaður Búnaðarfélags Íslands við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun og farkostnaður héraðsráðunauta greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum. Um launagreiðslu fer eftir 8. fl. launalaganna.

Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera aðeins eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, skal vera félagsmaður í hlutaðeigandi búnaðarfélagi.

7. gr.

Ákvæði laga þessara um styrk til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarða í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 87 19. júní 1933, I. kafla, 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðahlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum nr. 35 frá 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingalóða á hlutaðeigandi stað.
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land telst í lögum þessum: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna og sjávar- og sveitaþorpa. Lönd þessi má eigi skerða, eða taka undir annan atvinnurekstur, nema um sé að ræða:

a. Almenna nauðsyn ríkis-, bæjar- og sveitarfélaga;
b. nauðsynlegan atvinnurekstur, er eigandi landsins hefur með höndum eða efnir til;
c. sölu lands eða leigu, til þess að landið verði notað undir mannvirki vegna nauðsynlegs atvinnnurekstrar, er eykur verðmæti þess og ætla má, að verði til varanlegra hagsbóta fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

9. gr.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land eða hætta að nytja það til ræktunar af þeim ástæðum, sem um getur í 8. gr., staflið a—c, og skal þá ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðar úrskurðar.

10. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt að áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar
2. Vegar- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það hindri eigi eða torveldi framræslu landsins, og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess jafnan gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við hlutaðeigandi héraðsráðunaut.

   Línur, sem lagðar eru í jörð á ræktuðu landi eða ræktanlegu, skulu ætíð merktar svo greinilega á landinu, að ekki verði um villzt, hvar þær liggja, að öðrum kosti er ekki skylt að bæta það tjón, er hljótast kann á línum þessum við ræktunarframkvæmdir. Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu landsins, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur að hálfu af vegagerðaraðila (ríki eða sýslu) og að hálfu af þeim, er láta gera framræsluna.
3. Vegagerðaraðilum er skylt að haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna jarðfoks, landbrots o. þ. l.

Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur skipaður þrem mönnum úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af samgöngumálaráðuneytinu, oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um styrki til jarðræktar og húsabóta.

11. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 15. gr.):

I.	Áburðargeymslur:		
	a. Safnþrær, alsteyptar	kr. 10.00	pr. m^3
	b. Áburðarhús, alsteypt eða steypt með járnþaki	— 7.00	— —
	c. Haugstæði, steypt með 1 m veggjum	— 3.00	— —
II.	Framræsla vegna túna, akur-, engja- og hagaræktar:		
	a. Skurðir, handgrafnir	— 1.00	— —
	b. Skurðir, vélgrafnir, helmingur kostnaðar.		
	c. Hnausræsi	— 1.00	— m
	d. Kílræsi (þó ekki nema tvisvar á sama teig)	— 1.50	— 100 m
	e. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi)	— 2.00	— m
III.	Jarðrækt:		
	Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar	— 200.00	— ha
IV.	Grjótnám úr ræktunarlandi, þó ekki yfir 50 m^3 á ári	— 2.00	á m^3
V.	Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðarstólpum úr harðviði. Netagirðingar treystar með því, og 5 m bil milli jarðfastra staura:		
	a. Girðingar með járnstólpum, steyptum stólpum eða stólpum úr harðviði. Netagirðingar treystar með gaddavír eða gaddavírsgirðingar. Vírinn sé að gildleika eigi grennri en nr. 12½ og netin að tilsvarandi styrkleika og með slönguhnútum	— 0.35	á m
	b. Girðingar úr öðru efni og vír grennri en nr. 12½	— 0.20	— —

VI. Heyhlöður:
a. Þurrheyshlöður steyptar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu ..... — 1.00 pr. m³
b. Súgþurrkunarkerfi í hlöður, steyptar með járnþaki, pr. m³ af rými hlöðunnar ..... — 0.25 — —
c. Þurrheyshlöður úr timbri og járni ..... — 0.75 — —
d. Þurrheyshlöður úr öðru efni ..... — 0.50 — —
e. Votheyshlöður með járnþaki, hringlaga ..... — 5.00 — —
f. Votheyshlöður af annarri lögun með járnþaki ..... — 3.50 — —

VII. Búvélageymslur og grænmetisgeymslur:
a. Búvélageymslur með steyptum undirstöðum, steyptu gólfi og steyptum veggjum, er nái a. m. k. 1.00 m yfir jörð, með járnþaki ..... — 1.50 — —
b. Grænmetisgeymslur, alsteyptar, vel einangraðar og loftræstar ..... — 5.00 — —

Styrkur á jarðabætur greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar.

Styrkur til jarðræktar greiðist því aðiens, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunauts, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðsla.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilegt stór safnþró fyrir kúaþvag á býlinu.

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöður en að rúmmál þeirra sé minnst 100 m³.

Styrkur til búvélageymslna greiðist ekki á minni geymslu en með 50 m² gólffleti og eigi stærri en 200 m².

12. gr.

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbætur á jarðabætur þær, sem taldar eru í 11. og 15. gr., sem hér segir:

a. Byggingar þær, sem taldar eru undir lið I a—c, lið VI og lið VII samkvæmt verðlagsvísitölu byggingarkostnaðar í sveitum.
b. Aðrar jarðabætur, sem taldar eru í greininni samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar nema II b.

Af jarðabótastyrk þeim, sem talinn er í 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélaga til sameiginlegra félagsþarfa.

13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótastyrk hvers býlis og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarstyrk. Skal þá skrá sérstaklega, hve mikið af styrknum gengur til afgjaldsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum.

14. gr.

Enginn styrkur greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið. til lóða undir hús, fiskreiti eða til annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem styrktar eru samkvæmt 11. gr. Reiknast þær til afgjaldsgreiðslu 50% hærra en styrkupphæðinni nemur.

III. KAFLI
Um Vélasjóð.

16. gr.

Vélasjóður er eign ríkisins. Starfsemi sjóðsins skal vera:

1. Að kaupa vélknúnar skurðgröfur og jarðræktarvélar, og gera tilraunir um nothæfi þeirra og rekstur.
2. Að leigja ræktunarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem nefndir eru í 21. gr. skurðgröfur þær, er þau hafa með höndum.
3. Að taka að sér fyrir aðila þá, sem nefndir eru í 21. gr., vélavinnu við stærri ræktunarframkvæmdir, sem henta þykir að vinna með vélum þeim, er sjóðurinn á.
4. Að annast jarðræktarframkvæmdir fyrir ríkið að því leyti, sem henta þykir að vinna að þeim með skurðgröfum og öðrum stórvirkum jarðræktarvélum, svo sem undirbúning að landnámi samkvæmt lögum nr. 35 frá 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum og öðrum hliðstæðum framkvæmdum.
5. Að aðstoða ræktunarfélög og aðra hliðstæða aðila við val, útvegun og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarframkvæmdir, svo og að gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, er nefnist Verkfæranefnd ríkisins. Skal nefndin skipuð þannig: Einn maður, er landbúnaðarráðherra tilnefnir, búnaðarmálastjóri og verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

18. gr.

Starfssvið verkfæranefndar er:

1. Að hafa á hendi stjórn Vélasjóðs og annast alla starfsemi hans.
2. Að hafa á hendi eftirlit með viðhaldi ræktunarvéla, sem keyptar eru af ræktunarfélögum, samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum, sem um það gilda á hverjum tíma.
3. Að annast verkfæratilraunir, er bæði geta verið prófun einstakra nýrra véla og verkfæra og prófun véla í flokkum.

19. gr.

Til þess að annast störf þau, sem um getur í 18. gr., ræður verkfæranefnd framkvæmdastjóra, er skal hafa sérþekkingu í landbúnaðarvélfræði, og aðra starfsmenn, eftir því sem þörf krefur. Skal Verkfæranefnd ríkisins setja framkvæmdastjóra erindisbréf og ákveða starfssvið hans.

Allir innflytjendur og framleiðendur landbúnaðarvéla og verkfæra skulu afhenda Verkfæranefnd ríkisins til reynslu eina vél eða verkfæri af hverri nýrri tegund, er þeir flytja inn eða framleiða.

Skylt er nefndum aðilum að flytja vélar og verkfæri þau, er þeir láta til tilrauna, að og frá tilraunastað. Verkfæranefnd ber ekki ábyrgð á tækjunum, en innflytjendum eða öðrum, er láta tæki af höndum, er heimilt að hafa mann við tilraunirnar, er sér um meðferð og stjórn tækjanna.

Verkfæranefnd ber að hraða prófun tækja þessara eftir því, sem við verður komið, og birta opinberlega skýrslu um árangurinn að tilraun lokinni.

Kostnaður við framkvæmdastjórn, þar með talinn skrifstofukostnaður og enn fremur kostnaður við verkfæratilraunir, greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki að kaupa nægilega margar vélar til að halda uppi þeirri starfsemi, sem tilgreind er í 16. gr. svo viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að fengnum rökstuddum tilllögum verkfæranefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.

21. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirmælum vatnalaga, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar Vélasjóðs leigðar, eftir því sem ástæður leyfa og verkfæranefnd ákveður. Hið sama gildir um búnaðarsambönd, ræktunarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og sveitafélög. Búnaðarfélag Íslands hafi ávallt gert eða samþykkt fullkomnar áætlanir um framkvæmdir þær, er gera skal.

22. gr.

Leiga fyrir vélar þær, er Vélasjóður selur á leigu samkvæmt 16. gr., staflið 2, skal miðuð við, að hún nægi til að greiða viðhald og endurnýjun vélanna.

Um leigukjör og rekstur leiguvéla skal nánar ákveðið í reglugerð.

Þá er Vélasjóður tekur að sér framkvæmdir samkvæmt 16. gr., staflið 3 og 4, skulu hlutaðeigandi aðilar greiða allan rekstrarkostnað og auk þess leigu fyrir vélar þær, sem notaðar eru við vinnuna, er samsvari því, er um leiguvélar er að ræða.

23. gr.

Auk styrks þess, er um ræðir í öðrum kafla þessara laga, skal, þegar um áveitur er að ræða, greiða styrk til bygginga flóðgarða og flóðgátta ⅓ kostnaðar, og sé verkið þá unnið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir. Styrkur þessi greiðist þó eigi fyrr en fullnaðarúttekt á verkinu hefur farið fram.

IV. KAFLI

Um búferlaflutning.

24. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhæfar til búreksturs.

25. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt héraðsráðunaut hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja, að máli skipti, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar.

26. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða býli geti eigi talizt byggilegt til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis styrk samkvæmt II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

27. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótastyrks (sbr. 26. gr.), flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji hann reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

V. KAFLI
Um erfðaleigulönd.

28. gr.

Þegar bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum óska þess, lætur Búnaðarfélag Íslands fram fara athugun á því, hvaða lönd liggi bezt við ræktun innan takmarka eða í nágrenni kaupstaðarins eða kauptúnsins. Þetta nær þó eigi til þeirra landa, sem líkur eru til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að verði í náinni framtíð tekin til byggingarlóða eða annarra framkvæmda en ræktunar. Þegar um jarðir í eigu einstaklinga er að ræða, skal leita samþykkis hlutaðeigandi eiganda, til þess að slík athugun megi fram fara.

Hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal láta Búnaðarfélagi Íslands í té þær upplýsingar og skýrslur hér að lútandi, sem nauðsynlegar eru og félagið til tekur.

29. gr.

Að lokinni þeirri athugun, er um getur í 29. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagning vegakerfis og skiptingar landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingu þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi því aðeins styrkhæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

30. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til afnota, skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því, og Alþingi veitir til þess lagalega heimild. Fer framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

31. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 30. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefur tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefur léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

32. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 30. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins samkvæmt fasteignamati, að

viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

33. gr.

Réttur til erfðaleigu á löndum þessum erfist samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, 46. gr.

34. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Að landið sé einungis leigt til ræktunar og óheimil sé önnur notkun þess og að gera á því önnur mannvirki, nema um það sé gerður sérstakur samningur. Sé um byggingar að ræða, skal sá hluti landsins, sem nauðsynlegur er til þeirra afnota, afmarkaður og leigjast sem byggingarlóð.
3. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig ræktunarmannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.

35. gr.

Hvenær sem ríkið telur sig hafa þörf fyrir erfðaleiguland til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi leigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semjist.

Nú krefst ríkið meira af landinu en ¼ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

36. gr.

Leigutaka er heimilt að selja rétt sinn og veðsetja með þeim takmörkunum, sem felast í 33. gr., þó má hann aldrei veðbinda það fyrir hærri fjárhæð en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, sem eru eign leigutaka.

37. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, samanber 34. gr. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

38. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, mælingamanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er styrks eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 100—1000 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmuna skyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti héraðsráðunautur, mælingamaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögreglumál.

39. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Einnig gefur Búnaðarfélag Íslands út fyrirmæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 54 4. júlí 1942 — jarðræktarlög — og lög nr. 38 7. apríl 1943, um breyting á jarðarræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er, að dómi Búnaðarfélags Íslands, völ á nægilega mörgum búfræðingum með sömu eða meiri menntun en gert er ráð fyrir í framhaldsdeild bændaskólans á Hvanneyri, til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og með samþykki Búnaðarfélags Íslands ráða til þessa starfa búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, og miðast þá launakjör þeirra við X. flokk launalaganna.

Verkfærakaupasjóður leggst niður, og innstæður einstakra hreppabúnaðarfélaga greiðist til þeirra.

Til ársloka 1952 skal þúfnasléttum í túni styrkt með 400—500 kr. á ha, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 12. gr., enda skal styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst 1/10 túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda, miðað við skýrslur Búnaðarfélags Íslands yfir túnþýfi í landinu frá 1945.

Til ársloka 1959 skulu þau býli, er eigi hafa 10 ha tún, njóta 300 kr. styrks á ha til jarðræktar að viðbættri verðlagsuppbót.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar stjórnarflokkar þeir, er að núverandi ríkisstjórn standa, í byrjun febrúar 1947 gerðu málefnasamning um stjórnarmyndun, var í þeim samningi ákveðið að endurskoðun skyldi fara fram á jarðræktarlögunum og tillögur skyldu gerðar um nauðsynlegar breytingar á þeim, er lagðar yrðu fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Um þetta segir svo í málefnasamningi flokka ríkisstjórnarinnar:

„Lögin um jarðræktarstyrk verði endurskoðuð með það fyrir augum, að jarðræktarstyrkurinn verði hækkaður hlutfallslega og samræmdur núgildandi vinnulaunum og breyttum jarðvinnsluaðferðum."

Nefnd til að annast endurskoðun jarðræktarlaganna var skipuð af landbúnaðarráðherra 11. júní 1947. Í nefndinni áttu sæti: Pálmi Einarsson landnámsstjóri, formaður, Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi, Gunnlaugur Kristmundsson fyrrverandi sandgræðslustjóri, Hafsteinn Pétursson bóndi og Ólafur Jónsson tilraunastjóri.

Nefndin skilaði áliti og tillögum 11. desember 1947.

Þann 29. sept. 1948 skipaði stjórn Búnaðarfélags Íslands aðra nefnd til þess að athuga tillögur þær, er hin stjórnskipaða nefnd hafði samið og lagt fram. Í nefndina voru skipaðir: Einar Ólafsson bóndi, Lækjarhvammi, Gunnar Þórðarson bóndi, Grænumýri, Hafsteinn Pétursson bóndi, Gunnsteinsstöðum, Jón Sigurðsson bóndi, Reynistað og Ólafur Jónsson tilraunastjóri.

Nefnd þessi skilaði áliti sínu og tillögum til Búnaðarfélags Íslands.

Loks var málið lagt fyrir Búnaðarþing það, er sat að störfum í febrúar—marz 1949. Gerði þingið ýmsar breytingar á frumvarpi því, er hin stjórnskipaða nefnd hafði samið. Hefur landbúnaðarráðuneytið tekið þær flestar til greina og fellt þær inn í frumvarp þetta til nýrra jarðræktarlaga, sem þó er í meginatriðum byggt á tillögum hinnar stjórnskipuðu nefndar og frumvarpi því, er hún samdi og afhenti landbúnaðarráðuneytinu 11. des. 1947.

Í greinargerð þeirrar nefndar segir meðal annars svo um jarðræktarlögin og endurskoðun þeirra:

„Á Alþingi 1922 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um, að ríkisstjórnin léti undirbúa lagasetningu varðandi ýms búnaðarmál. Atvinnumálaráðuneytið felur Búnaðarfélagi Íslands með bréfi, dagsettu 9. júní 1922, að undirbúa og koma fram með frumvarp eða aðaldrætti að frumvarpi til ræktunarlaga.

Búnaðarfélag Íslands undirbjó þá strax um sumarið og haustið frumvarp til jarðræktarlaga, er sent var ríkisstjórninni 19. des. 1922.

Frumvarp þetta er í ársbyrjun 1923 lagt fyrir Alþingi og síðan samþykkt þar með nokkrum breytingum og staðfest sem lög 23. júní 1923.

Aðalákvæði þessara fyrstu jarðræktarlaga voru fyrirmæli um styrkveitingar til áburðarhúsa og safnþróa, túnræktar og matjurtagarða, enn fremur fyrirmæli um stofnun vélasjóðs og vélayrkju.

Inn í þessi lög eru einnig sett sérákvæði um jarðeignir ríkissjóðs, skiptingu þessara jarða og rétt ábúanda til að vinna af sér jarðarafgjöld. Önnur ákvæði laganna eru um jarðræktarlán, erfðafestulönd og tilraunanýbýli, en þessir kaflar laganna komu lítt til framkvæmda.

Í lögunum sjálfum er þegar ákveðið, að þau skyldu endurskoðuð, áður en 5 ár væru liðin frá gildistöku þeirra, enda kom fljótt í ljós nauðsyn þess, því þegar í upphafi var við framkvæmd laganna breytt frá þeirri stefnu, er þau mörkuðu um styrkveitingar, að styrkur skuli greiðast sem ákveðinn hluti af kostnaðarverði, í stað þess var strax greiddur ákveðinn styrkur á hvert dagsverk, og fór þannig fram um nokkurt skeið. Mat jarðabóta til dagsverka var ákveðið í handbók trúnaðarmanna af Búnaðarfélagi Íslands. en eigi lögfest.

Lögin voru endurskoðuð 1928. Þá er styrkurinn á verkeiningu lögfestur og dagsverk lagt til grundvallar verkeiningunni. Hvernig lagt er í dagsverk, er lagt í hendur framkvæmdavaldsins að ákveða. Við þessa endurskoðun var tekið upp í lögin að styrkja votheysgryfjur og ákvæði sett um verkfærakaupasjóð og styrk til verkfærakaupa. Ákvæðin um tilraunabýli eru felld niður. Nokkrar minni háttar breytingar eru gerðar á lögunum 1933 og aftur 1935. Við fyrri breytinguna er ákveðið að styrkja þurrheyshlöður, en 1935 snertir breytingin fyrsta kafla laganna um stjórn ræktunarmála.

Sama ár er framkvæmd gagnger endurskoðun laganna, og eru jarðræktarlögin nýju samþykkt á Alþingi 1936. Lögunum er þá breytt í mjög mörgum atriðum, bæði um framkvæmdaatriði og styrkákvörðunina. Þá eru dagsverkin lögð niður og verkeiningar og styrkur á þær lögfestur. Framkvæmdir, sem styrktar eru, meira sundurgreindar og mismunur gerður á styrk, eftir því hverjar framkvæmdir eru taldar þýðingarmestar, heildarhámark og fylgifjárákvæði ákveðin og nýir kaflar um félagsræktun og búferlaflutning felldir inn í lögin.

Jarðræktarlögin frá 1936 gilda til 1942 að öðru en því, að nokkrar breytingar eru gerðar eftir óskum Búnaðarþings á I. kafla laganna 1937, og eftir það vann Búnaðarþing að undirbúningi breytinga þeirra, er samþykktar voru á Alþingi 1942 og felldar inn í meginmál laganna frá 1936. Flokkum styrkkerfisins er enn fjölgað, en styrkkerfinu haldið í svipuðu formi. Verðlagsuppbót á styrkgreiðslurnar ákveðin og heildarhámörkin hækkuð.

Strax um haustið 1942 kemur í ljós, að V. kafli laganna um Vélasjóð er ekki fullnægjandi eins og aðstaða var að verða um notkun véltækni við jarðvinnslustörf, einkum framræslu. Þáverandi verkfæranefnd undirbjó breytingu á þessum kafla laganna, sem samþykkt var á Alþingi 1943. Nú síðast á Alþingi 1945 er með lögum felld niður 17. gr. jarðræktarlaganna frá 1936 og 1942.

Þrátt fyrir þessar margvíslegu breytingar, er á lögunum hafa verið gerðar og hér hafa verið mjög lauslega raktar, þá var við síðustu breytingar laganna öllum aðilum ljóst, að þessum málum var ekki skipað til varanlegrar frambúðar fyrir landbúnaðinn.

Á undanförnum árum og á yfirstandandi tíma hefur orðið gerbylting í vinnutækni, bæði í jarðræktar- og byggingarmálum og búskaparháttum yfirleitt, sem

hlutu að leiða til þess, að lagaákvæði, sem sett voru við aðrar ástæður, urðu fljótt í ósamræmi við þá þróun og breytingar, er orðið hafa hin síðustu ár.

Á Alþingi 1944 og síðar 1945 og 1946 eru bornar fram breytingartillögur við jarðræktarlögin, samdar í fyrstu af milliþinganefnd þeirri, sem Búnaðarþing 1943 skipaði til að athuga og gera tillögur um landbúnaðarmál.

Þegar til endurskoðunar jarðræktarlaganna kemur, eru fleiri sérstök viðhorf, sem hljóta að koma til athugunar:

1. Hið stórbreytta verðlag í landinu hefur raskað þeim grundvelli, er styrkkerfið frá 1942 var byggt á, nær það jöfnum höndum til vinnulauna og byggingarefnisins og efnis til girðinga. Auk þess hefur reynslan verið sú, að fólk hefur ekki verið fáanlegt til jarðræktarstarfa, er unnin voru með hest- eða handafli.
2. Breytt viðhorf varðandi ræktunartækni. Hin aukna véltækni, er bæði tekur til stórvirkra framræslu og jarðvinnsluvéla, hefur að nokkru leyti gert framkvæmdir mögulegar, þrátt fyrir dýrt vinnuafl. Reynslan sýnir, að það er frekar hægt að fá menn til að vinna með vélum heldur en að vinna með hestafli eða að framræslu með handafli.
3. Frá því að jarðræktarlögin voru síðast endurskoðuð, hefur verið gefin út ný löggjöf, sem grípur mjög inn í ákvæði jarðræktarlaganna, og framkvæmdir gerðar á grundvelli þeirra falla undir ákvæði jarðarræktarlaga. Má þar til nefna lög nr. 7 frá 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og lög nr. 35 frá 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Þá má og í þessu sambandi nefna, að fyrir Alþingi 1946 lá frumvarp til laga um samþykktir um vélaviðgerðarverkstæði landbúnaðarins.
4. Hin síðustu ár hafa sölumöguleikar erlendis fyrir aðalútflutningsvörur landbúnaðarins, sauðfjárafurðirnar, verið mjög takmarkaðir, og verðlag þeirra á erlendum markaði ekki í samræmi við framleiðsluverð, en hins vegar hefur verið skortur á mjólk og sérstaklega smjöri til innanlandsnotkunar. Þetta hefur óneitanlega ýtt þróun landbúnaðarframleiðslunnar í ákveðna átt, og má því telja fulla nauðsyn, að jarðræktarlögin séu í samræmi við, hvernig rétt þykir að styðja að þróun framleiðslunnar.
5. Með tilliti til þeirrar fjárhagskreppu, sem vofir yfir hérlendis eigi síður en erlendis er full ástæða til að athuga, með hverjum hætti er hægt að halda sem flestum við framleiðslustörf, og þá sérstaklega við landbúnaðarframleiðslu.

Að öllu þessu athuguðu og með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengin er um framkvæmd laganna frá öndverðu, varð nefndin sammála um að gera allmiklar breytingar á þeim.

Að öðrum þræði er hér að ræða um breytingar, sem eru afleiðing breyttra framkvæmdastöðu og aukinnar tækni við jarðræktarstörf, að hinu leyti má telja, að ræktunar- og búnaðarmenning sé það á veg komin, að vissra ákvæða, sem fyrst og fremst voru ætluð til hvatningar til að taka upp ýmsa nýbreytni, sé ekki lengur þörf."

Í frumvarpi nefndarinnar eru nokkur nýmæli, þar sem horfið er að verulegu leyti frá fyrri skipan og gert ráð fyrir, að nýir hættir verði upp teknir til þess að tryggja, að jarðræktarstyrkurinn komi að sem mestum og beztum notum og löggjöf þessi nái sem bezt tilgangi sínum.

1. Gert er ráð fyrir auknum leiðbeiningum í jarðrækt og bættu eftirliti með framkvæmd jarðabótanna og úttekt þeirra. Komið skal upp föstu kerfi í því skyni. Héraðsráðunautar skulu vera 10 á landinu, þeir skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og laun þeirra greidd að hálfu úr ríkissjóði.
2. Styrkjakerfið er gert einfaldara en áður var. Megináherzla er lögð á framræsluna, jarðvinnslu og byggingar fyrir áburð og vothey. Styrkur sé veittur til jarðvinnslu á einfaldari hátt, í stað þess að styrkja ræktunina mismunandi eftir ræktunaraðferðum.

Um það segir svo í greinargerð nefndarinnar:

„Í ákvæðunum um styrk til jarðvinnslu er stefnt að því að gera styrkveitingarnar sem einfaldastar og það sjónarmið fyrst og fremst látið ráða, að aðalatriðið sé, að landið sé brotið á fullkominn hátt, gert vélfært og jafnað undir þá lokavinnslu, er við teljum, að tilheyri rekstrinum. Hitt teljum við skipta minna máli, hverju sáð er í landið á hverjum tíma, hvort það sé gert að túni, ræktað í því grænfóður, korn eða garðjurtir, eða viðhöfð forræktun, áður en landið er gert að varanlegu túni, þar sem, eins og áður er fram tekið, slík atriði heyra raunverulega frekar undir rekstur jarðarinnar en hina eiginlegu nýræktun landsins."

3. Í frumvarpi nefndarinnar eru felld niður öll ákvæði núgildandi jarðræktarlaga um hámark styrks til jarðabóta og öll stigbreyting styrksins. Um það segir í áliti nefndarinnar:

„Meiri hluti nefndarinnar var sammála um að fella niður öll hámarksákvæði. Þessir nefndarmenn litu svo á, að það sé æskileg þróun, að bændur rækti og hýsi svo jarðir sínar að peningshúsum, að skipting jarðar geti farið fram, er börn búenda hafa aldur til að stofna heimili.

Hámarksákvæðin ýta ekki undir þá stefnu að býlafjölgun verði með þessum hætti.

Í öðru lagi hefur nefndin lagt áherzlu á það með tillögum sínum, að hinum opinbera styrk sé fyrst og fremst beint að þeim verkefnum, sem jafna aðstöðumun einstakra býla við ræktunina, gildir það einkum framræsluna og byggingar vegna geymslu áburðar, og votheysgeymslur. Telur meiri hluti nefndarinnar litlar líkur til, að bændur leggi í þessar framkvæmdir fram yfir eðlilega þörf býlisins, og aukning þessara framkvæmda fram yfir það verði í nær öllum tilfellum gerð með tilliti til, að jörðin skiptist, og verður að telja slíkt rétta stefnu.

Hins vegar er óeðlilegt með löggjöf að hafa áhrif á það, hvenær þeir skipta jörðum sínum, en það er í raun og veru gert beint og óbeint með því að svipta þær styrk, þegar ræktun er komin að ákveðnu marki."

4. Nefndin gerir ráð fyrir, að Verkfærakaupasjóður sé lagður niður.

Um það segir svo:

„Með lögunum um ræktunarsamþykktir hefur verið gengið inn á þá braut að styrkja kaup á ræktunarvélum, sem notaðar eru til félagsvinnu, á ríflegri hátt en áður hefur tíðkazt. Nefndin telur, að hér sé stefnt í rétta átt. Styrkur sá, er síðan 1928 hefur verið veittur úr verkfærakaupasjóði, varð til þess í fyrstu að örfa bændur til verkfærakaupa, en hin síðari ár hefur hann engin áhrif haft í þessa átt, því fjármagnið, sem til umráða var, var svo hlutfallslega lítið, í samanburði við verkfæraverð. Hefur því nefndin lagt til, að þessi ákvæði séu felld niður.

Eftir að breytingin var gerð 1942 á lögunum og sjóðurinn var gerður að sameiningarsjóði, hefur árlega verið veitt úr sjóðnum sem ríkisframlaginu nam, og hefur aðeins hrokkið til hin síðustu ár 1943—1945 að greiða 10% á keypt verkfæri, en á árinu 1946 voru, með því að veita 10% styrk eftir styrkbeiðnir á verkfæri óafgreiddar, er að kaupverði nam 936 117 krónum.

Við síðustu áramót áttu 63 félög innstæður af séreignarsjóðum samkvæmt lögunum frá 1936. Heildarupphæð þessara innstæðna var 42 868.32 krónur eða 680 krónur að meðaltali á félag. Hafa nokkur þessara félaga fengið styrk af þessum innstæðum sínum á þessu ári, sem ekki nemur þó stórum fjárhæðum.

Þessar séreignir félaganna telur nefndin rétt, að séu greiddar til hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélaga án skilyrða, eins og kemur fram í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, enda er aðeins um fremur óverulegar upphæðir að ræða."

Allmikið ber á milli frumvarps þess, sem hin stjórnskipaða nefnd skilaði 1947, og tillagna Búnaðarþings 1949, sem að mestu eru teknar upp í lagafrumvarp þetta. Það, sem mestu máli skiptir, er eftirfarandi:

1. Búnaðarþing vill láta Búnaðarfélag Íslands ákveða tölu héraðsráðunauta, en vill ekki binda það í lögum, hve margir þeir verði. Þá gerir þingið ráð fyrir, að farkostnaður ráðunautanna sé greiddur að hálfu úr ríkissjóði.

   Laun ráðunauta greiðist samkvæmt 8. fl. launalaganna, en ekki samkvæmt 10. fl., eins og nefndin lagði til í frumvarpi sínu. Þetta er bein og eðlileg afleiðing af því, að í lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, sem sett voru eftir að jarðræktarlaganefndin lauk störfum, eru ákvæði um, að héraðsráðunautar í búfjárrækt taki laun samkvæmt 8. fl. launalaga. Verður eitt að gilda um héraðsráðunauta, hvort sem þeir starfa á sviði jarðræktar eða búfjárræktar.
2. Búnaðarþing hækkar styrki þá, sem um er að ræða í 11. og 15. gr., mun meira en hin stjórnskipaða nefnd gerði ráð fyrir í frumvarpi sínu. Jafnframt eykur þingið nokkuð við styrkkerfið og gerir það margbrotnara en nefndin vildi vera láta.
3. Búnaðarþing gerir nýjar tillögur um verkfæranefnd, skipan hennar og störf, þannig að nefndin sé enn meira á vegum Búnaðarfélags Íslands en verið hefur, svo og að innflytjendum búvéla sé skylt að afhenda nefndinni búvélar til reynslu, — sbr. 17. og 19. gr. frumvarps þessa.
4. Búnaðarþing leggur til, að í ákvæði til bráðabirgða verði tekið upp nýtt ákvæði á þá leið, að til ársloka 1959 skuli þau býli, er eigi hafa 10 ha tún njóta 300 kr. styrks á ha til jarðræktar að viðbættri verðlagsuppbót.

Ýmsar fleiri tillögur Búnaðarþings, er minna máli skipta, hafa verið felldar inn í frumvarp þetta til nýrra jarðræktarlaga, eins og það er nú fram sett.

Ed. 59. Frumvarp til laga [44. mál]

um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Hermann Jónasson, Karl Kristjánsson.

I. KAFLI

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra, á þann hátt, er síðar greinir í lögum þessum, til þess að hafa eftirlit með verðlagi í landinu.

2. gr.

Verðlagsstjóri skal skipaður með eftirfarandi hætti:

Stjórn Stéttarsambands bænda, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasambands Íslands tilnefna hver um sig einn mann í nefnd, er gerir tillögur um skipun verðlagsstjóra.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Ef atkvæði eru jöfn, sker ríkisstjórnin úr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra samkvæmt tillögum nefndarinnar, og verðlagsstjóri ræður starfsmenn sína og trúnaðarmenn í samráði við hana.

3. gr.

Verðlagsstjóra er skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar tillögur til fjárhagsráðs um verðlag í landinu, álagningu og hver verðlagsákvæði skuli þar um sett.

Tillögur þessar getur verðlagsstjóri gert, hvenær sem hann telur þess þörf, enda getur fjárhagsráð krafið hann um slíkar tillögur, eftir því sem þurfa þykir.

Skylt er verðlagsstjóra að gera rækilegan samanburð á verðlagi og gæðum íslenzkra iðnaðarvara og sams konar vara, sem hægt er að fá erlendis frá. Ársfjórðungslega gefi verðlagsstjóri fjárhagsráði skýrslu um athuganir þessar. Skýrslan beri með sér, hver fyrirtæki innlend standist samanburð við útlönd og sé hagfelldast, að annist framleiðslu á þeim höfuðnauðsynjum, sem þjóðin þarfnast frá iðnaðinum.

4. gr.

Fjárhagsráð skal að fengnum tillögum verðlagsstjóra ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Fjárhagsráð getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum.

Þá getur fjárhagsráð og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur fjárhagsráð ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

Verðlagsstjóri á sæti í fjárhagsráði, er ákvarðanir eru þar teknar samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Hann hefur þar tillögu- og atkvæðisrétt. Afl atkvæða ræður úrslitum, en atkvæði formanns, séu atkvæði jöfn.

5. gr.

Fjárhagsráð getur að meira eða minna leyti fengið verðlagsstjóra í hendur vald til að framkvæma í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 4. gr.

6. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

7. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka í neinu því, sem háð er verðeftirliti samkvæmt 4. gr., nema með leyfi fjárhagsráðs. — Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

8. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af fjárhagsráði, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda, þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almennngi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

9. gr.

Verðlagsstjóri og starfsmenn hans skulu hafa eftirlit með því, að verðlagsákvæðunum sé hlýtt. — Verðlagsstjóri hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. — Ef upp rís ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker fjárhagsráð úr. Þó getur verðlagsstjóri skotið þeim úrskurði til dómstólanna, sbr. næsta kafla þessara laga.

10. gr.

Verðlagsstjóri og þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu, enda hvílir á þeim þagnarskylda um þau atriði, er þeir komast að í greindu starfi, og er þeim bannað að skýra óviðkomandi frá því, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum alm. hegningarlaga um opinbera starfsmenn.

II. KAFLI

11. gr.

Sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, skal fara með og dæma mál út af brotum á lögum þessum.

12. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti 3 menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og tveir meðdómendur, sem skulu tilnefndir af nefnd þeirri, er um ræðir í 2. gr. laga þessara. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Í kaupstöðum skulu meðdómendur skipaðir strax og lög þessi ganga í gildi og til eins árs. Annars staðar á landinu skulu þeir á hverjum stað tilnefndir, þegar fyrsta mál kemur fyrir, og gildir sú tilnefning árlangt. Varadómendur skulu skipaðir af sama aðila á sama hátt.

13. gr.

Dómsmálaráðherra tilkynnir, hvenær tilnefning meðdómenda skuli fara fram. Ef aðili hefur ekki tilkynnt ráðherra innan viku frá því tilkynning um tilnefningu barst honum, tilnefnir ráðherra meðdómanda af hálfu þess aðila.

14. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglunum um kæru.

15. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

16. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað.

17. gr.

Í verðlagsdómi ræður afl atkvæða úrslitum.

Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

18. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, verðlagsstjóra eða embættis- og starfsmönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, er honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 króna dagsektum.

Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur vísvitandi eða vegna vítaverðs gáleysis, sæti fangelsisrefsingu allt að 4 árum.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum eða samþykktum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða afbrot er

ítrekað, skal sökunautur sæta fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá niður umboð verðlagsstjóra, starfsmanna hans í verðlagseftirliti og trúnaðarmanna.

Greinargerð.

Frv. að mestu samhljóða þessu lá fyrir síðasta þingi, en fékk ekki afgreiðslu.

Viðbót er það, sem tekið er fram í 3. gr., að verðlagsstjóri skuli gera samanburð á innlendri og erlendri framleiðslu um verðlag og gæði og gefa fjárhagsráði ársfjórðungslega skýrslu um þann samanburð. Er þess full nauðsyn, að jafnan liggi ljóst fyrir, hvort innlendi iðnaðurinn fullnægir hlutverki sínu.

Hér skal svo látið nægja að taka upp eftirfarandi kafla úr greinargerð hins áður flutta frumvarps:

„Nú er verðlagseftirlitinu þannig háttað samkvæmt ákvæðum laga nr. 70 frá 1947, um fjárhagsráð o. fl., að verðlagsstjóri ásamt starfsmönnum hefur með höndum verðlagseftirlit. Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra, en hann ræður sér trúnaðarmenn og aðra starfsmenn til eftirlits. Fjárhagsráð á að vísu að gera tillögur um skipun verðlagsstjóra. En meðan það eru ekki umboðsmenn neytendanna í landinu, sem ráða skipun verðlagsstjóra og hverjir eru eftirlitsmenn hans, er það undir hælinn lagt, hvort verðlagsstjóri velst þannig og starfslið hans, að hann sé umboðsmaður neytendanna í landinu frekar en hins aðilans, sem hann á að hafa eftirlit með. Í þessu kerfi, sem nú gildir, er því engin eða ekki næg trygging fyrir neytendur í landinu. Það getur lánazt, en það getur líka alveg eins mistekizt. Vegna þess að því er að einhverju leyti treyst eða hefur verið treyst, getur það orðið skálkaskjól og unnið gegn tilgangi sínum.

Það þykir því rétt að veita neytendum mikla íhlutun um verðlagningu og fulla íhlutun um verðlagseftirlit með því að fá þeim í hendur vald til að velja verðlagsstjóra og trúnaðarmenn hans.

Neytendur geta þá engan um það sakað nema sjálfa sig, ef verðlagning og verðlagseftirlit er slælega framkvæmt. En hagsmunir neytendanna ættu að tryggja það, að val verðlagsstjóra og eftirlitsmanna hans yrði vel vandað og framkvæmt í samræmi við það. Það má auðvitað hugsa sér ýmsa fulltrúa neytendanna, sem falin væri þessi tilnefning. Í frumvarpinu hafa orðið fyrir valinu Stéttasamband bænda, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasamband Íslands. Mundu stjórnir þessara sambanda tilnefna einn mann hver í fjögurra manna nefnd, er annaðist tilnefninguna.

Með þessum hætti teljum við, að réttlát verðlaging og verðlagseftirlit sé tryggt svo sem verða má.

En þótt eftirlit sé gert fullkomnara, má þó búast við brotum, sem kæra verður, rannsaka og dæma í, að þeirri rannsókn lokinni.

Almenningur telur, að furðu hljótt hafi verið um þennan málarekstur — og það um of. Til þess að almenningur geti haft tryggingu fyrir því, að mál út af verðlagsbrotum séu samvizkusamlega rekin, þykir rétt að veita neytendum vald til að tilnefna meðdómsmenn, er dæmi í verðlagsmálum með hinum almenna dómara, líkt og nú tíðkast í sjórétti.

En auk þess þykir ástæða til að búa enn þá rammbyggilegar um hnútana. Til þess að sem flestir landsmenn fái tækifæri til að fylgjast með rekstri þessara mála, sem svo mjög skipta hag hans beint og óbeint, þykir rétt að ákveða, að málsmeðferð öll sé rekin fyrir opnum dyrum, nema dómurinn ákveði annað. Enn fremur að dómar séu birtir.

Loks er ákveðið í frumvarpinu að þyngja refsingar mjög frá því, sem nú er, og gera refsiákvæði ótvíræðari en verið hefur.

Brask með erlendan gjaldeyri, svartur markaður og vöruokur eru nú einna alvarlegustu þjóðfélagsmeinsemdir, þar sem þjóðin hefur hrakizt út í fen verðbólgunnar og skortur er á erlendum gjaldeyri.

Þeir þegnar þjóðfélagsins, sem auðga sig á gjaldeyrisbraski, svörtum markaði, vöruokri og öðru slíku, drýgja þau auðgunarafbrot, sem eru þjóðfélaginu einna hættulegust eins og á stendur.

Þess vegna á að refsa þessum mönnum eins þunglega og sízt mildara en öðrum þeim, sem önnur þjóðhættuleg auðgunarafbrot fremja. Og þetta á að gera opinbert öllum almenningi. Auðvitað á jafnframt, ef brot þessara manna eru stór eða endurtekin, að svipta þá rétti til verzlunar eða iðnaðar um skemmri tíma eða ævilangt. Það er fjarstæða að sýna þessum mönnum, sem þannig brjóta af sér, þann trúnað að veita þeim innflutnings- og gjaldeyrisleyfi eða leyfi til að reka stærri iðnað.

Ef frumvarp þetta verður að lögum og ákvæðum þess sæmilega framfylgt, mundi það gerbreyta til bóta, á stuttum tíma, því ömurlega ástandi, er ríkir í verðlagsmálum Íslendinga á tuttugustu öldinni. En til þess að þetta frumvarp, ef að lögum verður, nái fyllilega tilgangi sínum, þarf auðvitað fyrst og fremst að veita landsmönnum það verzlunarfrelsi, sem þeir hafa verið rændir svo greypilega og með þeim ömurlegu afleiðingum, sem af því hafa hlotizt — og einatt hljóta að verða af slíkum verknaði.

Ef sá háttur væri upp tekinn, er að framan er rakinn, þykir mega fullyrða, að verðlagsbrot yrðu stórum færri en nú er. Með tilliti til þess þykir óhætt að ákveða, að meðdómendastarf í verðlagsdómi skuli unnið án endurgjalds.

Flutningsmenn gera sér ljóst, að ýmissa viðtækari breytinga er þörf, enda hefur frumvarp þess efnis legið fyrir þinginu í allan vetur. En frumvarp þetta mundi þó valda straumhvörfum, og með því að flytja það fæst úr því skorið, hvort áhugi er til fyrir því meðal þingmanna að gera verzlun og verðlagseftirlit heilbrigðara með því að láta almenning ráða eftirlitinu — í stað stjórnskipaðra nefnda og embættismanna, sem almenningur ræður engu um, hverjar eru og hvernig rækja það starf, sem þó á að vera fyrir hann unnið.

Flutningsmenn vilja að lokum taka það fram, að takmarkið er ekki fyrst og fremst verðlagseftirlit og þungar refsingar, ef verðlagsbrot eru framin. Takmarkið er svo heilbrigð verzlun, að í henni sjálfri felist nóg trygging fyrir almenning — án þess að ríkið kosti opinbert eftirlit. En meðan verðlagseftirlit helzt, vegna illrar nauðsynjar, verður að koma því svo fyrir, að það sé sem öruggast.

Vonandi ber þjóðin gæfu til að koma verzlunarmálum sínum sem fyrst í það horf, að það eftirlit, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði afnumið með öllu.“

Ed. 60. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hélt fund um frv. þetta í dag. Einn nefndarmanna (LJóh) var fjarstaddur. Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en fjórði nefndarmaðurinn, þeirra sem mættir voru, (BrB), tók enga afstöðu til málsins.

Alþingi, 2. des. 1949.

Bernh. Stefánsson, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	H. Guðmundsson.

Ed. 61. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Karl Kristjánsson, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

3. tölul. 2. gr. laganna orðist svo:

Framlag úr ríkissjóði, ein milljón króna á ári, næstu 10 árin frá gildistöku þessara laga.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingar sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins. Þó mega lán til þeirra fyrirtækja, er ekki hafa fengið hámarkslán í stofnlánadeild sjávarútvegsins eða Fiskveiðasjóði Íslands, nema allt að 50% af stofnkostnaði. Lán fiskimálasjóðs að viðbættum lánum með fyrri veðrétti mega þó aldrei nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má vera hærri en 350 þús. kr. Vextir af lánum skulu vera 2½% á ári, en lánskjör að öðru leyti þau sömu og hjá Fiskiveiðasjóði Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með löggjöfinni um fiskimálasjóð var m. a. leitazt við að mæla að nokkru lánsfjárþörf þeirra atvinnufyrirtækja við sjávarsíðuna, er minnstu fjármagni ráða og sízt geta komið fótum undir rekstur sinn með lánum Fiskveiðasjóðs Íslands og stofnlánadeildar sjávarútvegsins einum saman.

Samkvæmt gildandi fyrirmælum mega þessar stofnanir eigi lána nema ákveðinn hundraðshluta stofnkostnaðar hvers fyrirtækis. Það er hins vegar vitað, að víða er svo málum komið, að brýn nauðsyn er frekari stofnlána með bærilegum kjörum. Þessi þörf verður enn meiri þar, sem svo hagar til, sem eigi mun fátítt, að ekki hafa fengizt þau lán, er reglur stofnlánadeildar og fiskveiðasjóðs þó heimila þeim stofnunum að veita.

Vitað er, að nýbyggingarráð gaf á sínum tíma ýmsum fyrirtækjum vilyrði fyrir miklum mun meiri stofnlánum en þau síðan fengu. Þetta mælir sterklega með því, að ríkisvaldið geri hér nokkrar ráðstafanir til fyrirgreiðslu.

Fiskimálasjóður hefur til þessa verið í hinni mestu fjárþröng, enda hefur hvorki 3. tölul. 2. gr. laganna, um allt að 1 millj. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði, komið til framkvæmda né heldur verið notuð heimild síðasta málsl. sömu greinar um lántöku.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja, að svo búið megi ekki standa. Leggja þeir til, að ákveðið verði í lögunum árlegt framlag til fiskimálasjóðs úr ríkissjóði í 10 ár, er nemi 1 millj. kr. á ári. Jafnframt er lagt til, að rýmkuð verði ákvæði laganna um hámark lánsfjár, miðað við hundraðshluta stofnkostnaðar, þegar viðkomandi fyrirtæki hafa eigi fengið hámarkslán í stofnlánadeild og fiskveiðasjóði. Lagt er til, að hámark einstakra lánveitinga hækki verulega. Loks eru svo ákvæði um lækkun vaxta í 2½%.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, væri nokkurt spor stigið í þá átt að beina auknu fjármagni til bátaútvegsins, en þess væri vissulega full þörf.

Jafnframt vænta flutningsmenn þess, að lántökuheimild 2. gr. laganna verði notuð.

Nd. 62. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum minnst 4 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlínum, sem einangra svæði þar sem garnaveiki hefur verið skal viðhaldið svo lengi að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynst í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlínum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmsra smágirðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

2. gr.

Í stað upphafs 1. málsl. 13. gr. komi:

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, a. m. k. næstu 4 ár eftir að fjárskiptum lýkur beggja megin við þær, nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd, ef hún telur hættulaust, leyft flutning lambhrúta til kynbóta milli fjárskiptasvæða innan þess tíma, enda sé ekki um að ræða flutning þeðan, sem garnaveiki hefur verið.

3. gr.

1. málsgrein 37. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframtali tæpum tveim árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1950 skal miða við framtal á árinu 1949, þ. e. fjártölu í árslok 1948 o. s. frv.

4. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur, sem svarar hálfu lambsverði á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af niðurlagsverði næsta ár á undan, miðað við meðal vænleika sláturlamba á hverju fjárskiptasvæði, þó ekki yfir kr. 75.00 á bótaskylda kind. Hámark þetta skal taka til bóta á árinu 1949 og framvegis.

Kostnað við flutning líffjár á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitar tilfærslu á fé á fjárkaupasvæðum, svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða kosti fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu fá keypt, ef unnt er, líflömb, er nema 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, samanber þó 39. gr.

Séu nægjanleg líflömb fáanleg skal fjáreigendum gefinn kostur á að fá allt að 20% til viðbótar. Sé ekki unnt að útvega þessi 50% lambanna svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur vegna þeirra, er til vanta, á sama hátt og fyrir er mælt í 39. grein.

Framlag ríkisins skal greiða ári eftir að fjárskipti hefjast, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptra líflamba.

5. gr.

39. gr. laganna orðist svo (var 40. gr. í lögunum):

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð á svæðinu. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

6. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein, er verði 40. gr., svo hljóðandi:

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með vaxtalausum ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að ⅕ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að ⅗ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu eftir 5 ár frá útgáfudegi.

7. gr.

39. gr. (óbreytt) verður 41. gr.

41. gr. (óbreytt) verður 42. gr. o. s. frv.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 13. október s. l. skipaði atvinnumálaráðherra, í samráði við fjármálaráðuneytið, þá Guðmund Jónsson bónda, Hvítárbakka, Einar Bjarnason stjórnarráðsfulltrúa og Sæmund Friðriksson framkvæmdastjóra, í nefnd til þess að endurskoða lög nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengin er af fjárskiptum. Skyldi nefndin sérstaklega athuga, hvaða breytingar séu nauðsynlegar á gildandi löggjöf til þess, að unnt verði af fjárhagsástæðum að hraða fjárskiptum á sýktum svæðum á landinu. Hefur nefndin samið frumvarp þetta og lét fylgja því svo hljóðandi greinargerð:

„Samkvæmt bréfum dags. 13. okt. s. l., frá hinu háa ráðuneyti, var okkur undirrituðum falið að endurskoða lög nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Var okkur einkum ætlað að athuga, hvaða breytingar séu nauðsynlegar á lögunum til þess að unnt verði, af fjárhagslegum ástæðum, að hraða fjárskiptum á sýktum svæðum.

Við yfirlestur laganna virðist okkur að ýmis ákvæði hefðu í upphafi gjarna mátt vera á annan veg, varðandi bótagreiðslur ríkissjóðs o. fl. En þar sem ákvæði þessi

hafa nú gilt fyrir þau svæði, þar sem fjárskipti hafa farið fram, frá því lögin gengu í gildi, virðist okkur örðugra um vik að gera gagngerðar breytingar í þessu efni.

Skal nú vikið lítilsháttar að þeim breytingum, sem við leggjum til að gerðar verði á lögunum.

1. Í 9. gr. laganna er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli viðhalda varnargirðingum um óákveðinn tíma, en ekki tekið neitt fram hver taki við viðhaldskostnaði framvegis eða hvernig girðingunum skuli ráðstafað, eftir að þær virðast ekki hafa beina þýðingu, sem varnarlínur.

Við leggjum til að varnargirðingar milli fjárskiptasvæða verði viðhaldið á kostnað ríkissjóðs í 4 ár eftir fjárskipti og lengur þar sem þær afmarka svæði, þar sem garnaveiki er eða hefur verið. Þegar liðin eru 4 ár frá fjárskiptum er líklegt að komið væri í ljós ef mistök hefðu átt sér stað, og ætti því að vera allmikið öryggi í því fólgið, að halda girðingunum í fullu standi þennan tiltekna tíma. Um áframhaldandi viðhald girðinga er lagt til, að fjárskiptasvæðum sé gefinn kostur á að fá varnargirðingar án endurgjalds, gegn viðhaldsskyldu, fyrst að hálfu í 2 ár og síðan að öllu leyti. Eignarréttur þessi getur í sumum tilfellum verið neikvæður, einkum þar sem svo hagar til, að engin not eru af girðingunum vegna fjallskila. En líklegt er þó, að allvíða verði fallizt á að taka við girðingum með þeim skilyrðum, sem um getur, er gæti orðið til viðvarandi ávinnings bæði í varnarlegu tilliti, ef eitthvað óvænt kæmi í ljós, og vegna fjallskila og fjárgeymslu. Ef héruðin hins vegar vilja ekkert á sig leggja og ekki þykir þörf á að hafa varnir á milli svæða, verði að ráðstafa girðingunum með sölu til einstaklinga eða hreppsfélaga eða taka þær upp að öðrum kosti.

2. Í 13. gr. laganna er ákvæði um bann við að flytja fé yfir varnarlínur, nema með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar. Við álítum rétt að binda bann þetta í aðalatriðum við sama tíma og viðhald girðinga, þ. e. 4—6 ár, og gæti það ákvæði losað nefndina við látlausar beiðnir um búferlaflutning milli fjárskiptahólfa. Komið gat til álita að setja í lögin ákvæði um að engin greiðsla kæmi fyrir bann við búferlaflutningum. En við sjáum ekki beina ástæðu til að setja slíkt ákvæði inn í lögin, en teljum eðlilegt að sauðfjársjúkdómanefnd reyni að komast hjá bótagreiðslum vegna flutnngabanns.

Í þessa grein viljum við setja nokkru fyllri ákvæði en nú eru um skipting á flutnnigskostnaði líflamba milli ríkissjóðs og fjárskiptafélaga.

3. Við álítum rétt að breyta 1. málsgrein 37. gr. á þá leið, að miða bótaskylda fjártölu við framtal tæpum tveim árum áður en fjárskipti fara fram, í stað tæpra þriggja ára, eins og nú er í lögunum. Reynslan hefur sýnt, að margvíslegar breytingar eiga sér stað á þeim tíma, frá því bótaréttur er ákveðinn og þar til fjárskipti fara fram og því meiri, sem tíminn er lengri. Veldur þar um kaup og sala á sauðfé, búferlaflutningar o. fl. Hefur reynst mjög erfitt í ýmsum tilfellum að finna út, hver bótaréttur sumra einstaklinga er. Auk þess virðist okkur eðlilegra að bótaskyldan sé miðuð við fjáreign nær þeim tíma, sem fjárskipti fara fram, en lögin nú gera ráð fyrir.

4. Þá gerum við tillögur um, að 38. gr. verði breytt töluvert. Er þar fyrst að nefna að við teljum réttara að miða bætur fyrir bótaskylt fé við meðal vænleik lamba þar sem fjárskipti fara fram, en við kaupverð líflamba. Þetta er byggt á því, að það er afurðatapið, sem verið er að bæta, en hins vegar ekki meiningin að greiða þau lömb, sem keypt eru. Það er ekki eðlilegt að þeir, sem átt hafa mjög rýrt fé og léleg frálagslömb fái bætur í samræmi við væn og dýr lömb, sem þeir kynnu að kaupa. Hitt er heldur ekki sanngjarnt, að þeir, sem átt hafa vænt fé og þung sláturlömb fái bætur eftir líflambaverði, ef þeir t. d. hitta á að kaupa léleg lömb.

Að vísu má segja, að þessi breyting hafi ekki mikið gildi, eins og nú standa sakir, ef hámark það, er um getur í grein þessari á bótagreiðslum yrði lögfest, þ. e. a. s. að ekki verði greitt hærra en kr. 75.00 á bótaskylda kind. Er þessi tillaga byggð á því, að ekki virðist full ástæða til að miða bætur við brúttóafurðir. Þó verðlag hækki á afurðum er ekki þar með víst að nettóarður af hverri kind hækki. Því virðist okkur

að forsvaranlegt geti verið að binda bæturnar við þetta hámark. Við ætlumst til að þetta nái til bóta á yfirstandandi ári og framvegis. Þess má geta, að eftir núgildandi lögum hafa aldrei verið greiddar hærri bætur en kr. 75.00 á bótaskylda kind. Auk þess myndi slíkt hámark auðvelda mjög allar áætlanir um kostnað við framkvæmdir fjárskipta.

5. Við leggjum til að greinaröðun sé breytt þannig, að 40 .gr. verði 39. gr. Ekki er þar um neinar teljandi efnisbreytingar að ræða. Aðeins skilgreint betur, hvað skuli teljast sauðleysisbætur og hvenær þær skuli greiddar.

6. Næst kemur 40. grein, sem yrði ný grein. Er þar gert ráð fyrir, að bætur megi greiða að verulegu leyti í ríkisskuldabréfum, þ. e. a. s. venjulegar fjárskiptabætur með allt að 20% í ríkisskuldabréfum og sauðleysisbætur með allt að 60% í ríkisskuldabréfum, þar sem þær koma til greina.

Við teljum að ekki sé heppilegt eða sanngjarnt að lækka bæturnar beinlínis úr því sem komið er, því slíkt væri mikið ósamræmi frá því sem verið hefur og kæmi niður á þeim, sem lengst hafa búið við veikina. Hins vegar myndu þessi ákvæði dreifa kostnaði ríkissjóðs yfir lengra tímabil og létta á, á meðan þunginn er mestur við framkvæmdir þessar.

Þau tvö atriði að setja hámark, miðað við kr. 75.00 á kind og heimildin um greiðslu í ríkisskuldabréfum, er það, sem við teljum að hægt sé að gera til að draga úr kostnaði ríkissjóðs næstu árin, án þess þó að valda verulegri skerðingu á bótarétti fjáreigenda, frá því, sem verið hefur.

Aðrar leiðir til að draga úr árlegum kostnaði ríkissjóðs teljum við að ekki yrðu árangursríkari, þegar á allt er litið, enda er til þess ætlazt, að þessi ákvæði verki aftur fyrir sig til þeirra fjárskiptasvæða, sem eiga að fá greiddar bætur á árunum 1949 og 1950.

Við sjáum svo ekki ástæður til að gera tillögur um aðrar breytingar á lögunum en þær, sem felast í meðfylgjandi frumvarpi og rætt er um í þessari greinargerð.

Reykjavík, 22. nóvember 1949.

Sæm. Friðriksson. Guðmundur Jónsson. Einar Bjarnason.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík."

Nd. 63. Frumvarp til laga [47. mál]

um viðauka við og breyting á lögum nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, er síldveiðar hafa stundað fyrir Norðurlandi á árinu 1948 eða 1949, skal veittur greiðslufrestur á afborgunum af lánum til skipakaupa úr stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóði Íslands, er féllu í gjalddaga á þessum árum, þannig að lánstíminn lengist um tvö ár. Útgerðarmenn skulu sanna að síðari veðlán falli ekki í gjalddaga af þessum sökum.

2. gr.

Ráðherra er heimilt samkvæmt meðmælum skilanefndar að veita útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem stundað hafa síldveiðar á tímabilinu 1945 til 1949, þó þeir sæki ekki um aðstoð samkvæmt II. kafla laga nr. 100/1948, eftirgjöf að

nokkru eða öllu leyti á kröfum og lánum þeim, er um ræðir í 1. til 3. tölulið 13. gr. laga nr. 100/1948, enda sanni þeir fyrir skilanefnd, að þeir geti rekið útgerð sína áfram.

3. gr.

Ráðherra er heimilt samkvæmt meðmælum skilanefndar að láta ríkissjóð taka að sér, að nokkru eða öllu leyti, greiðslu á bráðabirgðalánum þeim, sem Landsbankinn og Útvegsbankinn veittu útgerðarmönnum, með ábyrgð ríkissjóðs, til áframhaldandi rekstrar á síldarvertíðunum 1948 og 1949. Skilyrði fyrir greiðslu þessara lána eru þau sömu og um getur í 2. gr. þessara laga.

4. gr.

Síðasti málsliður 11. gr. laga nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands orðist svo:

Ef tilskilið ársgjald er ekki greitt að fullu á gjalddaga má reikna 0.5% dráttarvexti af hinni vangoldnu upphæð fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir aflabrestinn á síldveiðunum síðastliðið sumar varð sjávarútvegsmálaráðuneytinu ljóst, að frekari ráðstafanir, en um ræðir í lögum nr. 100 1948, þyrfti að gera til þess að aðstoða síldarútvegsmenn, svo að útgerð þeirra stöðvaðist ekki að fullu.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið leitaði álits skilanefndar, sem skipuð var samkv. lögum nr. 85 1948, og sem starfað hefur að undanförnu að skuldaskilum útvegsmanna, um hugsanlegar ráðstafanir til úrbóta. Framangreint lagafrumvarp er byggt á tillögum skilanefndarinnar, er greinir í bréfi hennar, dags. 25. nóvember 1949, og er það svo hljóðandi:

„Til svars bréfi hins háa sjávarútvegsmálaráðuneytis, dags. 22. þ. m., og með skírskotun til samtals við hæstvirtan ráðherra, sama dag, leyfir skilanefndin sér að taka fram eftirfarandi:

1. Eftir því sem nefndin hefur komizt næst, við athugun á högum þeirra útgerðarmanna og fyrirtækja, er þegar hafa sótt um aðstoð samkvæmt l. 100 1948, virðist henni, að aðstoð sú og eftirgjöf lána, sem nefnd lög mælast til, að veitt verði, mundu tæpast koma að tilætluðum notum, verði nefndum mönnum og fyrirtækjum ekki jafnframt séð fyrir einhverri aðstoð við greiðslu áfallinna afborgana, af lánum Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands, sem á bátum þeirra hvíla. Þar sem slík frestun á afborgunum, sem ræðir um í nefndu bréfi ráðuneytisins, ætti að geta farið fram, án þess að tryggingin fyrir lánunum væri skert, að minnsta kosti að nokkru verulegu leyti, virðist skilanefndinni, að sú leið geti verið haganleg og komið að miklum notum, enda verði leitað samþykkis þeirra, er veð kynnu að eiga í skipunum á eftir nefndum lánum. Samanlögð upphæð áfallinna ógreiddra afborgana af lánum stofnlánasjóðs árin 1948 og 1949, er eftir því sem næst verður komizt kr. 3 906 900.00. Áfallnar ógreiddar afborganir til Fiskveiðasjóðs Íslands munu nema sem næst kr. 2 000 000.00.

Í þessu sambandi vill nefndin vekja athygli á því, að dráttarvextir þeir, er krafðir hafa verið af ofangreindum lánum geta talizt óeðlilega háir, miðað við venjulegar reglur um dráttarvexti af lánum.

2. Skilanefndinni er ljóst, að rýmkun skilyrða þeirra, er 14. gr. l. 100 1948 setur fyrir veitingu aðstoðar samkvæmt lögunum, mundi auðvelda starf nefndarinnar. T. d. getur nefndin átt erfitt með að gera sér rökstudda grein fyrir því, hverjir séu hæfir til að reka eða standa fyrir útgerð. Á hinn bóginn telur nefndin eðlilegt,

að því skilyrði, að viðkomandi sýni nefndinni fram á, að hann hafi möguleika til að halda rekstri áfram, sé haldið.

3. Þessu treystir nefndin sér ekki til að svara, þar sem hún hefur ekki kynnt sér hag annarra en þeirra, er sótt hafa um aðstoð. Gera má ráð fyrir, að þeir vélbátar, sem eigi hafa stundað síldveiðar á árunum 1945—1948, séu ekki margir.

Nefndin telur sig ekki hafa haft aðstöðu til að kynna sér svo hag útvegsmanna yfirleitt, að hún geti gert tillögur í því efni, er getur í niðurlagi bréfs ráðuneytisins.

Að lokum vill nefndin skjóta því til ráðuneytisins, hvort ekki væri rétt að taka til athugunar bráðabirgðalán þau með ríkisábyrgð, sem veitt voru á síldarvertíðum 1948 og 1949 til áframhaldandi reksturs.

Virðingarfyllst.

F. h. Skilanefndar

Sveinbjörn Jónsson.“

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um stuðning vegna vatnsflóða og skriðuhlaups í Neskaupstað.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina, að hún bæti einstaklingum og bæjarfélaginu að sanngjörnum hluta það eignatjón, sem þarna varð, enda liggi glöggar upplýsingar fyrir um tjónið. Bætur ríkissjóðs gangi til greiðslu á láni, sem tekið verður samkvæmt tillögu þessari.

Greinargerð.

Þann 23. nóvember s. l. gerðust þeir atburðir í Neskaupstað eftir nokkurra daga samfellda rigningu, að vatnsflóð með aur- og grjótskriðu féll yfir miðhluta bæjarins.

Skriðufallið umkringdi nokkur hús, fyllti húsagarða, eyðilagði aðalvatnsveituna, og gerði þrjár götur í bænum ófærar. Aurskriðan braut niður steinsteypta húsagarða og brauzt í gegnum ný og vönduð íbúðarhús.

Fólk hefur orðið að flýja úr nokkrum húsum, þar sem segja má, að ekki sé hægt að þeim að komast. Í sumum tilfellum hefur orðið geysimikið tjón á húsmunum, þar sem aurskriðan má heita fyllti íbúðirnar.

Sundlaug bæjarins fylltist gersamlega af aur og grjóti, og búningsklefar og böð urðu illa úti.

Eignatjón hefur orðið mjög mikið, og fullvíst er, að bæjarfélagið verður fyrir tjóni, sem nemur hundruðum þúsunda króna.

Brýn nauðsyn er á, að strax verði hafizt handa með miklum mannafla að ryðja til í bænum, gera götur færar, lagfæra vatnsveituna, hreinsa sundlaugina og öll íbúðarhúsin.

Tjón, sem hljótast af slíkum atburðum, eru ekki bótaskyld af neinum vátryggingum. Þau skella því með öllum þunga á þá, sem fyrir óhöppunum verða.

Það er í fyllsta máta eðlilegt, að ríkisheildin hlaupi nokkuð undir bagga, þegar svona stendur á, enda mun slíkt hafa verið gert í nokkrum tilfellum áður.

Við flm. þessarar tillögu flytjum hana samkv. beiðni bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Á fundi sínum 25. þ. m. samþykkti bæjarstjórnin eftirfarandi:

„Bæjarstjórn Neskaupstaðar skorar eindregið á þingmenn Sunnmýlinga og Lúðvík Jósefsson að beita sér sameiginlega fyrir því, að Neskaupstaður fái tafarlaust bráðabirgðalán ekki lægra en 150 þús. krónur, svo unnt sé að vinna af fullum krafti að því að bæta tjón það, er varð hér í bænum af völdum vatnavaxta hinn 23. nóvember. Bæjarstjórn er þeirrar skoðunar, að tjón, sem hlýzt af náttúruhamförum sem þessum, eigi að bætast af þjóðarheildinni, en ekki bitna eingöngu á fámennum sveitarfélögum og einstaklingum.

Skorar bæjarstjórn því á þingmennina að flytja nú þegar tillögu til þingsályktunar um, að ríkissjóður bæti eftir mati skaða þann, er bæjarfélagið og einstaklingar í bænum urðu fyrir af völdum hlaupanna."

Nd. 65. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig, systkini sín eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn, enda hafi hann eignazt hús það, sem íbúðin er í, fyrir 1. jan. 1946. Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd þó leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði sínu eftir 1. jan. 1946, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, verði honum talin þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist:

Þegar íbúð er leigð öðrum en skyldmennum leigusala, sbr. 1. gr., skulu fjölskyldur með þrjú börn innan 16 ára eða fleiri hafa forgangsrétt að hinu leigða húsnæði. Ef leigusali sjálfur selur ekki slíkri fjölskyldu íbúðina á leigu, skal hann gefa húsaleigunefnd kost á að ráðstafa íbúðinni á þennan hátt, áður en hann leigir hana öðrum.

3. gr.

I. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skal skipa þriggja manna húsaleigunefnd. Tveir af þeim skulu skipaðir af ríkisstjórninni, annar eftir tilnefningu Leigjendafélags Reykjavíkur og hinn eftir tilnefningu Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, en hæstiréttur skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Þrír varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu vera lögfræðingar.

II. Í stað 2. og 3. málsgr. sömu gr. laganna komi:

Húsaleigunefnd úrskurðar um gildi uppsagnar og önnur þau atriði, er greinir í lögum þessum, og framkvæmir mat á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum samkvæmt lögunum. Skulu allir nefndarmenn vera á fundi, þegar ákvarðanir eru teknar, og taka þátt í atkvæðagreiðslu. Nú er aðalmaður forfallaður, og kemur þá varamaður í hans stað. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

4. gr.

Við 1. málsgr. 9. gr. laganna bætist:

Nú er félag leigjenda og félag fasteignaeigenda starfandi í bæjarfélagi eða þorpi, og tilnefna þau þá sinn manninn hvort í húsaleigunefnd, en bæjar- eða sveitarstjórn kýs þá ekki menn í nefndina.

5. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Hámark þeirrar húsaleigu, að viðbættri vísitöluuppbót samkv. 6. gr., sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera 7 krónur á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarinnar. Nú er lofthæð íbúðar minni en 2,5 m, og lækkar þá hámark þetta hlutfallslega sem því nemur, er hæðin er minni en 2,5 m. Nú er greidd hærri húsaleiga en ákvæði laga þessara heimila, og skal leigan þá lækkuð samkv. hámarksákvæðunum hér að framan.

6. gr.

Í stað „10—10000 krónum“ í 17. gr. laganna komi: 200—50000 krónum.

7. gr.

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist:

Bæjarstjórn (sveitarstjórn) er heimilt að ákveða:

1. Að þau ákvæði laga þessara, er snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, falli úr gildi hvenær sem er eftir 1. október 1950.
2. Að ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði og leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi, sem húseigandi býr sjálfur í, skuli falla úr gildi hvenær sem er eftir 14. maí 1951.
3. Að önnur ákvæði laganna falli úr gildi hvenær sem er eftir 14. maí 1952.

Ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórna samkv. 1.—3. tölul. gildir aðeins fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög.

Nú verða lögin í gildi á einhverjum stöðum eftir 14. maí 1952, og skulu þá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög greiða allan kostnað við framkvæmd laganna frá þeim tíma.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Húsnæðismálin í kaupstöðum landsins eru þjóðfélagsleg vandamál, sem ríkisvaldið hefur orðið að láta til sín taka. Ber nauðsyn til, að þeim málum sé skipað með almenningsheill fyrir augum, en þess jafnframt gætt, að allir, sem hlut eiga að máli, geti unað við.

Sú mikla röskun, sem varð á fjárhags- og atvinnulífi þjóðarinnar á stríðsárunum, hafði í för með sér mjög öra og óeðlilega mikla fólksfjölgun í Reykjavík og á nokkrum öðrum stöðum, jafnframt því að fólki fækkaði víða úti um land. Af þessu hefur leitt skort á húsnæði, þar sem fólksfjölgun er mest. Í kjölfar þess kemur svo eftirspurn umfram framboð, kapphlaup um þær íbúðir, sem boðnar eru til leigu, og yfirboð um húsaleigu. Af þessum rótum eru runnin fyrst og fremst þau margháttuðu vandkvæði í húsnæðismálum, sem raun er á, einkum í Reykjavík.

Húsaleigulög þau, er nú gilda, voru sett til að koma í veg fyrir öngþveiti í húsnæðismálum, en jafnframt voru þau þáttur í ráðstöfunum gegn vaxandi dýrtíð. Þau hafa nú verið í gildi alllengi og hlotið misjafna dóma. Húseigendur telja um of mikla íhlutun af hálfu ríkisvaldsins að ræða, þar sem húsnæðið er bundið árum saman. Hafa þeir látið í ljós þá skoðun, að húsaleigulögin beri að afnema sem fyrst

og að litlu máli skipti fyrir leigjendur, þótt það yrði gert með litlum fyrirvara. Leigjendur líta allt öðrum augum á málið. Þeir telja það geta leitt til vandræða, ef húsaleigulögin verða felld úr gildi og látið með öllu íhlutunarlaust af stjórnarvöldum, hvernig íbúðarhúsnæði er ráðstafað.

Hér er leitazt við að taka tillit til beggja þessara aðila, húseigenda og leigjenda. Lagt er til, að húsaleigunefnd verði þannig skipuð, að bæði Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur og Leigjendafélag Reykjavíkur eigi þar fulltrúa, en hæstiréttur skipi oddamann. Með þeirri skipan hefðu báðir aðilar, húseigendur og leigjendur, jafna aðstöðu til áhrifa í nefndinni.

Með þessu frv. er og að því stefnt, að húseigendur fái full og óskoruð ráð yfir húseignum sínum, áður en mjög langur tími líður. En hve það dregst lengi, fer eftir aðstöðu í hverju bæjarfélagi fyrir sig. Samkvæmt frv. á að veita bæjarstjórnum heimild til að kveða á um, hvenær hætt verður að framkvæma húsaleigulögin á hverjum stað. Bæjarstjórnir eiga að hafa mestan kunnugleika á þessum málum, í hverju bæjarfélagi fyrir sig. Má vænta þess, að ákvarðanir þeirra í þessum efnum verði á fullkominni sanngirni byggðar.

Þrátt fyrir ákvæði húsaleigulaganna er leigjendum oft og tíðum íþyngt um of með greiðslu á húsaleigu. Ákvæði frv. um hámark húsaleigu, þar sem miðað er við stærð gólffletar, er sett leigjendum til verndar að þessu leyti. Samkvæmt því lækkar húsaleiga að miklum mun miðað við það, sem margir greiða nú. Húsaleignefnd, þar sem Leigjendafélag Rvíkur á fulltrúa, á samkvæmt frv. að sjá um framkvæmdir á þessu með því að meta húsaleiguna og staðfesta leigumála.

Nd. 66. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður:

3. Á eftir C. 44. komi:
   Eiðisbraut: Af Langanesvegi utan við Krossós að Eiði.

Nd. 67. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:
Á eftir A. 20 í 2. gr. laganna koma tveir nýir liðir:

1. *Auðsholtsvegur:* Af Skeiða- og Hreppavegi ofan Laxárbrúar um Birtingaholt að Auðsholti.
2. *Unnarholtsvegur:* Af Auðsholtsvegi austan Unnarholtshverfis vestan Langholtsfjalls á Hreppaveg hjá Hryggjarholti.

Nd. 68. Frumvarp til laga [50. mál]

um tekjuskattsviðauka árið 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1950 leggja á tekjur ársins 1949 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9— 10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	og	4	% af afgangi.
—	10— 12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	5	— — —
—	12— 14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	6	— — —
—	14— 17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	7	— — —
—	17— 20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	8	— — —
—	20— 25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	9	— — —
—	25— 30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	10	— — —
—	30— 40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	11	— — —
—	40—100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	12	— — —
—	100—125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	10	— — —
—	125—150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	7	— — —
—	150—200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	5	— — —
—	200	—	—	—	16730	—	—	200	—			

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum, sem nú eru í gildi, um tekjuskattsviðauka, að öðru leyti en því, að það nær til ársins 1950. Tekjuþörf ríkissjóðs hefur ekki rénað, og því er frumvarpið borið fram.

Nd. 69. Frumvarp til laga [51. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Á árinu 1950 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.

b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er til framlengingar á lögum nr. 95 1948 og er samhljóða þeim að öðru leyti en því, að það nær til ársins 1950. Rétt þykir að láta lögin heita bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Nd. 70. Frumvarp til laga [52. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1950 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1950, svo og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er um að ræða framlenging fyrir árið 1950 á ýmsum gjaldahækkunum, sem gilda í ár, og sumar hafa raunar gilt í mörg ár, og sömu ástæður eru nú sem áður fyrir þeim.

Ed. 71. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Í stað orðanna „Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi lögum, án skattsektar“ í niðurlagi 3. mgr. 17. gr. laga nr. 67 5. júní 1947, komi:

Því, sem umfram kann að vera, skal skipta jafnt á skattárin 1942—1946 og reikna skatt af hverjum hluta sem viðbótartekjum og viðbótareign fyrir hvert ár, þó þannig, að skatturinn fyrir öll árin nemi ekki minna en 15% af hinni undandregnu eign.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það kom strax í ljós, eftir að lög um eignakönnun voru samþykkt, að mismunandi sjónarmið voru uppi um það, hvernig skilja bæri 17. gr. laganna, þ. e. hvernig skattleggja bæri undandregnar eignir, sem væru fram yfir 45 þús. kr. Sumir hafa viljað halda því fram, að greiða bæri aðeins eignarskatt af því, sem umfram væri. Þetta getur varla hafa verið tilætlun löggjafans. Það er gagnstætt öllum reglum og venjum um skattlagningu að skattstiginn lækki, þegar skattstofninn hækkar. Annað sjónarmið er það, að því, sem er umfram 45 þús. kr., verði bætt við tekjur ársins 1947, og skattar lagðir á samkvæmt því. Þetta hefði að vísu gefið ríkissjóði mestar tekjur, en varla gæti það talizt vera í anda laganna. Þriðja sjónarmiðið var að skipta umframeigninni jafnt niður á fimm ár, í líkingu við ákvæði 10. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, og bæta henni við skattskyldar tekjur og eignir áranna 1942—1946, að báðum árum meðtöldum. Þó þykir eðlilegt, að skattur af þeirri upphæð verði ekki undir 15% að meðaltali, þar sem greiða skal þann hundraðshluta af 35—45 þús. kr. undandreginni eign. Þessa síðastnefndu leið hefur framtalsnefndin valið með samþykki fjármálaráðuneytisins og úrskurðað skatt samkvæmt þeim skilningi, þar sem þessi tilvik hafa komið fyrir. En með því að þessi óvissa hefur verið um skilning á umræddri lagagrein og margs konar óþægindi, málaferli, kostnaður og tafir gætu hlotizt af, bæði fyrir ríkissjóð og einstaklinga, ef gleggri skýringarákvæði yrði ekki sett, þykir rétt, að sá skilningur, sem framtalsnefndin hefur til þessa farið eftir, verði lögfestur.

Ed. 72. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1950 með 450% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. laganna, sem henni heimilast að innheimta með 550% álagi, og öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla, sem heimilað er að innheimta með 600% álagi.

Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkissjóður hefur jafnmikla þörf enn sem áður fyrir tekjur þessar, og er því lagt til, að ákvæðin verði látin gilda áfram á árinu 1950.

Ed. 73. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 129 29. desember 1947, skulu gilda til ársloka 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er um að ræða framlenging til ársloka 1950 á ákvæði, sem gilt hefur undanfarið, frá ári til árs, og ekki er tímabært að hrófla við.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um rannsókn á tjóni bænda af völdum harðinda vorið 1949.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Hermann Jónasson, Halldór Ásgrímsson, Sigurður Ágústsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í samráði við Búnaðarfélag Íslands rannsókn á tjóni bænda af völdum harðindanna vorið 1949. Að rannsókn lokinni verði gerðar tillögur til Alþingis um bætur til þeirra bænda, sem harðast hafa orðið úti af þessum orsökum.

Greinargerð.

S.l. vor var eitt hið allra harðasta, sem um getur hina síðari áratugi hér á landi. Langt fram í júnímánuð geisuðu stormar og stórhríðar um mikinn hluta landsins. Hafði þetta veðurfar víðtækar afleiðingar, fyrst og fremst fyrir þá, sem landbúnað stunda. Skuggi fóðurskortsins grúfði yfir mörgum byggðalögum, og erfiðleikarnir á að mæta sauðburði í slíkri veðráttu voru lítt viðráðanlegir. Sem betur fór tókst víðast hvar að bæta nokkuð úr fóðurskortinum með heymiðlun milli landshluta og miklum fóðurbætiskaupum. En þessi fóðurkaup urðu geysidýr, og hefur fjöldi bænda vegna þeirra stofnað til skulda, sem eru þeim óviðráðanlegar. Hitt var þó enn þá hrapallegra, að vanhöld á lömbum urðu sums staðar mjög mikil. Eru dæmi til þess, að einstakir bændur misstu mikinn hluta lamba sinna og hafa því orðið fyrir tilfinnanlegum búsifjum af völdum harðindanna.

Í till. þessari er lagt til, að fram verði látin fara rannsókn á þessu tjóni í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þegar yfirlit hefur fengizt yfir tjónið að rannsókn lokinni, verði síðan gerðar tillögur til Alþingis um nokkra fjárveitingu í því skyni að bæta þeim bændum tjón þeirra, sem harðast hafa orðið úti. Ætti slíkri rannsókn að geta verið lokið áður en fjárlög fyrir árið 1950 verða afgreidd.

Ríkissjóður hefur oftlega hlaupið undir bagga með atvinnuvegum þjóðarinnar, einstökum stéttum og einstaklingum, þegar hart árferði, aflabrestur og önnur skakkaföll hafa bakað þeim óvenjulegt tjón. Hér er um sérstakar aðstæður að ræða. Þess vegna vænta flm. þessarar till. þess, að hún fái greiða afgreiðslu og að sú rannsókn, sem þar er lagt til, að fram fari, hefjist hið fyrsta, þannig að hægt verði að gera nauðsynlegar ráðstafanir.

Ed. 75. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr.

1. Framan við greinina bætist:
   a. Í stað „að Hábæ í Þykkvabæ“ í A. 32 kemur: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
   b. Í stað „að Reykholtsdalsvegi“ í B. 14 kemur: á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal.
   c. Liðurinn B. 21 orðist svo:
      Hvítársíðuvegur: Af Kleifavegi inn Hvítársíðu að Fljótstungu.
   d. Á eftir B. 21 kemur nýr liður:
      Hálsasveitarvegur: Af Hvítársíðuvegi undan Gilsbakka, yfir brú á Hvítá hjá Barnafossi og að Reykholti.
   e. B. 46 skal orða svo:
      Kaldrananesvegur: Af Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði að Kaldrananesi.
   f. Í stað „að Árnesi“ í B. 47 komi: um Árnes að Eyri í Ingólfsfirði.
2. Á eftir b-lið greinarinnar kemur nýr stafliður:
   Í stað „að Gemlufalli við Dýrafjörð“ í B. 54 kemur: að ferjustað við Dýrafjörð undan Gemlufalli.
3. Aftan við greinina bætist:
   a. Í stað „að Sveinseyri“ í B. 66 kemur: um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
   b. Á eftir „Tungusveit“ í C. 14 bætist: Goðdali.
   c. Í stað „Rip“ í C. 17 kemur: um Rip að Eyhildarholti.

d. Í stað „að Sandvík í Bárðardal“ kemur: um Sandvík að Bjarnastöðum.
e. Á eftir D. 6 kemur nýr liður, er orðist svo:
Jökuldalsvegur eystri: Af Jökuldalsvegi hjá Hákonarstöðum, yfir Jökulsá og út Jökuldal að austan á Austurlandsveg nálægt Þrívörðum í Heiðarenda.
f. Á eftir D. 8 kemur nýr liður, er orðast svo:
Kirkjubæjarvegur: Af Hróarstunguvegi nyrðri hjá Stórabakka, um Hallfreðarstaði og á Hróarstunguveg eystri hjá Kirkjubæ.
g. Á eftir D. 11 kemur nýr liður, er orðast svo:
Seyðisfjarðarvegur nyrðri: Frá Seyðisfirði að Brimnesi.

Sþ. 76. Fyrirspurn [57. mál]

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd laga nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

a. Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til þess að tryggja framkvæmd þessara laga?
b. Telur ríkisstjórnin horfur á því, að sjóðurinn geti hafið bótagreiðslur á tilskildum tíma?
c. Hverjar hafa tekjur sjóðsins orðið til þessa?

Nd. 77. Frumvarp til laga [58. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
1. Sigrid Johanne Emilie Adelheid Holbæk, frú í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
2. Henrik Schuman Wagle, vélamaður í Reykjavík, fæddur 10. júní 1894 í Noregi.
3. Ida Elisabeth Wagle, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 8. apríl 1925 í Noregi.
4. Arne Marselius Wagle, nemi í Reykjavík, fæddur 7. marz 1930 í Noregi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir um íslenzkan ríkisborgararétt, sem teknir hafa verið upp í lagafrumvarp þetta, hafa dvalið hér á landi um og yfir 20 ár, og eru auk þess af íslenzku bergi brotnir, að undanteknum nr. 2, sem er kvæntur íslenzkri konu og faðir 3. og 4.

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um tilraunir með límvatn sem áburð til ræktunar.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að framkvæmdar verði þegar á næsta vori raunhæfar tilraunir með límvatn frá fiskimjölsverksmiðjum sem áburð til ræktunar. Skal tilraunastöðvum ríkisins í jarðrækt og öðrum hliðstæðum stofnunum falið að framkvæma tilraunirnar, svo og öðrum þeim aðilum, er bezt hafa til þess skilyrði. Skal tilraununum hagað þannig, að gengið verði úr skugga um það, hvort ekki sé mögulegt að nota þetta efni til áburðar í stórum stíl og bæta á þann hátt að einhverju leyti úr áburðarskortinum.

Greinargerð.

Um langan aldur notuðu íslenzkir bændur slor og fiskúrgang til áburðar, bæði á tún og í garða, þar sem því varð við komið, og jafnan með ágætum árangri. Þótti áburður þessi einnig gefast vel sem undirburður undir túnþökur. Eftir að tekin var hér upp fiskimjölsframleiðsla, hvarf sá möguleiki að nota fiskúrgang fyrir áburð, nema þar sem hráefnið var sólþurrkað, áður en það var malað. Var þá jafnan þurrkað á ræktaðri jörð, ef því varð við komið, og brást ekki, að efnið flutti moldinni næringu ámóta við ýmsar aðrar áburðartegundir. Þegar fiskúrgangur er þurrkaður við eimun eingöngu, inniheldur fiskimjölið 65% af eggjahvítuefni. Sé efnið hins vegar pressað og síðan eimað, lækkar eggjahvítuefnisinnihaldið ofan í 55%. Mismunurinn flýtur til sjávar með límvatni efnisins frá pressunni. Ef sams konar efni er sólþurrkað, verður eggjahvituinnihald mjölsins einnig aðeins 55%, svo að sama eggjahvítumagn flýtur frá efninu til jarðarinnar við sólarhitun eins og til sjávarins við pressun. Er ljóst af þessu, að dýrmætum áburðarefnum er á glæ kastað með því að láta þetta renna ónotað til sjávar.

Tilraun þá, sem hér um ræðir, má framkvæma á mjög auðveldan og ódýran hátt, og er eðlilegast, að hún sé framkvæmd af tilraunastöðvum ríkisins í jarðrækt, sem framkvæmt gætu hana bæði í sambandi við grasrækt og garðrækt. Þá ætti Sandgræðsla ríkisins einnig að gera slíkar tilraunir í sambandi við sandgræðsluna, svo og Skógrækt ríkisins í sambandi við trjárækt. Kostnaður við þetta yrði á þennan hátt aðeins kostnaður á flutningi límvatnsins til tilraunastöðvanna, sem væntanlega endurgreiddist í betri vexti, ef tilraunirnar bæru árangur. En auk þess væri æskilegt, að búnaðarfélögin í þeim hreppum, þar sem fiskimjölsverksmiðjur starfa, gerðu sams konar tilraunir heima fyrir.

Ef tilraunirnar leiddu í ljós, að unnt væri að nota þetta efni í stórum stíl sem áburð, gæti svo farið, að bæta mætti allverulega úr áburðarskortinum, því að þúsundir smálesta renna árlega frá verksmiðjunum til sjávar af þessu efni engum til gagns.

Ed. 79. Frumvarp til laga [60. mál]

um notendasíma í sveitum.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Bernharð Stefánsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal í næstu 10 ár leggja fram 2.5 millj. kr. árlega til lagningar notendasíma um sveitir landsins, og skal sú upphæð tekin upp í fjárlög hvers árs.

2. gr.

Á innflutningsáætlun hvers árs skal áætla nægilega fjárhæð til þess, að hægt sé að flytja það efni til landsins, er þarf til að leggja þá notendasíma, er um getur í 1. gr. Gjaldeyrisleyfi fyrir þeim innflutningi ber að veita það snemma árs, að efnið geti verið komið til landsins, þegar framkvæmdir eiga að hefjast.

3. gr.

Um stofngjöld og rekstur notendasíma fer eftir gjaldskrá og reglum Landssíma Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Ákvarðanir um það, hvar leggja skuli notendasíma ár hvert, skulu teknar af þriggja manna nefnd, er skipuð sé póst- og símamálastjóra, formanni Stéttarsambands bænda og búnaðarmálastjóra. Póst- og símamálastjóri er formaður nefndarinnar.

5. gr.

Þegar teknar eru ákvarðanir um lagningu notendasíma, skal hafa hliðsjón af því, hvar mest sé vöntun síma og hvernig sveitir séu að öðru leyti á vegi staddar í því efni, svo og af aldri þeirra beiðna, er fyrir liggja. Enn fremur skal leitast við að skipuleggja framkvæmdir eftir því, sem hentast þykir fjárhagslega.

6. gr.

Nú vilja einhverjar sveitir eða sýslufélög flýta lagningu notendasíma um sveitina eða sýsluna og bjóða fram lán til framkvæmdanna. Er þá skylt að taka við því og leggja síma til þeirra, ef gjaldeyrisyfirvöldin veita innflutningsleyfi fyrir meira efni en um ræðir í 2. gr. Vextir af lánum til notendasíma skulu vera 4%.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að aukið sé framlag ríkissjóðs til lagningar notendasíma um sveitir landsins og það ákveðið að ljúka lagningu þeirra á næstu 10 árum. Þessum málum er nú komið þann veg, að símar eru komnir á vel annan hvern bæ, sem í byggð er, en eftir er að koma tæpum helming af sveitabýlunum í símasamband.

Í skrifstofu póst- og símamálastjóra hefur verið gerð áætlun um það, hvað kosta muni að koma síma á alla þá bæi í sveit, sem enn vantar síma, og er talið, að með núverandi verðlagi kosti það milli 27 og 28 millj. kr. og að frádregnu stofngjaldi notenda símans sem næst 25 millj. kr. eða 2.5 millj. kr. á ári í 10 ár. Á þessu er það byggt að hafa framlagið 2.5 millj. kr. á ári og ljúka verkinu á 10 árum.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um það, að veita skuli árlega leyfi fyrir þeim gjaldeyri, sem nauðsynlegur er til þess, að símí verði lagður um sveitirnar eftir frv., og er talið, að um ⅓ af kostnaðinum sé erlendur gjaldeyrir.

Af ýmsum ástæðum er nú mjög misjafnt, hve margir bæir í hinum ýmsu sveitum hafa fengið síma. Til þessa hefur póst- og símamálastjóri ráðið mestu um það, hvar símar hafa verið lagðir. Er vafasamt, að rétt sé að fela einum manni slík völd. Fyrir því er gert ráð fyrir því í frv., að nefnd manna, þ. e. símamálastjóri, formaður Stéttarsambands bænda og búnaðarmálastjóri, ákveði framvegis, hvar notendasímar skuli lagðir árlega. Verða tveir hinar síðarnefndu að skoðast heppilegir full-

trúar bænda til að ráða hér um. Gert er ráð fyrir því, að þegar ákvarðanir eru teknar um, hvar leggja skuli síma ár hvert, þá sé tekið tillit til þess, hvar mest vöntun síma sé nú og hvernig aðrar ástæður í því efni séu. Má þá vænta þess, að þá jafnist það misrétti, sem nú er á milli byggðalaga hvað afstöðu til símanota snertir, og að það jafnist til fulls á næstu 10 árum.

Rétt þykir að lofa mönnum að flýta fyrir framkvæmd þessarar 10 ára símaáætlunar með því að lána fé til framkvæmdanna. Þó þótti ekki ráðlegt annað en takmarka not lánsfjárins, er menn kynnu að vilja leggja fram, við möguleika til þess að fá flutt inn símaefni til lagningar notendasímanna umfram það, sem skylt er eftir frv. En leyfi gjaldeyrisástand þjóðarinnar, að meira sé flutt inn af símaefni en skylt er eftir frv., þá virðist sjálfsagt að koma símanum um land allt á skemmri tíma en 10 árum, ef þeir, er hann eiga að fá, vilja lána fé til framkvæmdanna.

Sþ. 80. Breytingartillögur [56. mál]

við till. til þál. um rannsókn á tjóni bænda af völdum harðinda vorið 1949.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni, Erlendi Þorsteinssyni, Finni Jónssyni og Haraldi Guðmundssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands rannsókn á tjóni bænda, síldveiðisjómanna og síldverkunarfólks, bændanna af völdum harðindanna vorið 1949 og síldveiðisjómanna og síldverkunarfólks vegna aflabrests á síldveiðum sumrin 1945—49. Að rannsókn lokinni verði gerðar tillögur til Alþingis um bætur til þeirra bænda, síldveiðisjómanna og síldverkunarfólks, sem harðast hafa orðið úti af fyrrgreindum orsökum.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á tjóni bænda af völdum harðinda vorið 1949 og síldveiðisjómanna og síldverkunarfólks vegna aflabrests sumrin 1945—1949.

Ed. 81. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta. Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur, er málið var tekið fyrir. Hinir nefndarmennirnir leggja einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt..

Alþingi, 8. des. 1949.

Lárus Jóhannesson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Hermann Jónasson.

Ed. 82. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 7. maí 1946, um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta. Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur, er mál þetta var rætt. Nefndarmenn leggja einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 8. des. 1949.

Lárus Jóhannesson, form., frsm. | Erl. Þorsteinsson, fundaskr. | Þorst. Þorsteinsson.

Hermann Jónasson.

Ed. 83. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um bæjarstjórn í Húsavík.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., borið það saman við þau lög, sem síðast hafa verið sett um stjórn bæjarmálefna, l. um bæjarstjórn á Sauðárkróki, nr. 57 24. maí 1947 og l. um bæjarstjórn í Keflavík, nr. 17 22. marz 1949. Virðist frv. mjög nákvæmlega sniðið eftir þeim lögum. Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

a. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. almennum hafnarlögum.
b. Ákvæði um stundarsakir orðist svo:
   1. Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps fer með stjórn kaupstaðarins, þangað til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram.
   2. Skipti á eignum o. s. frv.

Alþingi, 8. des. 1949.

H. Guðmundsson, form. | Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr. | F. R. Valdimarsson, frsm.

Lárus Jóhannesson. Gísli Jónsson.

Sþ. 84. Nefndarálit [48. mál]

um till. til þál. um stuðning vegna vatnsflóða og skriðuhlaups í Neskaupstað.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þáltill. og er einróma sammála um, að nauðsynlegt sé, að ríkissjóður veiti nú þegar þá aðstoð, sem farið er fram á í fyrri málsgr. tillögunnar, þ. e. að veita ábyrgð fyrir 150 þús. kr. láni, er Neskaupstaður kynni að taka vegna

tjóns af völdum vatnsflóðsins og skriðukaupsins þ. 23. nóv. s. l. En með því að enn liggja ekki fyrir upplýsingar um eignatjón, þykir nefndinni ekki ástæða til að taka afstöðu til bóta á því á þessu stigi málsins. Nefndin telur ekki heldur rétt að tefja afgreiðslu á umbeðinni ábyrgðarheimild, þar til fullkomnar upplýsingar um eignatjón liggja fyrir, og leggur því til, að þáltill. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. mgr. till. falli niður.

Alþingi, 9. des. 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Helgi Jónasson.
Ásmundur Sigurðsson.	Karl Kristjánsson.	Jónas G. Rafnar.
Halldór Ásgrímsson.	Ingólfur Jónsson.	Pétur Ottesen.

Ed. 85. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Mál þetta hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum, en jafnan afgreitt þannig, að samþykkt hefur verið tímabundin undanþága til handa Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja að starfa sjálfstætt. Er undanþáguheimild sú, sem nú gildir, bundin við næstkomandi áramót.

Á síðasta Alþingi var málið afgreitt á þann veg, að það var afgreitt með rökstuddri dagskrá í trausti þess, að aðilar gætu komið sér saman um framtíðarskipulag þess fyrir lok þ. á. Þetta samkomulag hefur ekki náðst. Halda stjórnendur og meðlimir Bátaábyrgðarfélagsins fast við þá ósk sína, að félagið fái að starfa óháð hér eftir sem hingað til, og hafa m. a. sent erindi til Alþingis undirritað af 65 vélbátaeigendum um, að frv. þetta nái fram að ganga. Stjórn Samábyrgðarinnar hefur hins vegar lagt til, að gefin verði heimild í lögunum, að ráðherra geti í samráði við Samábyrgðina veitt Bátaábyrgðarfélaginu undanþágu frá ári til árs til þess að starfa áfram á sama grundvelli og verið hefur. Liggur í þessu viss viðurkenning fyrir því, að það fyrirkomulag sé félaginu hagkvæmt og Samábyrgðinni ekki til tjóns að óbreyttum kringumstæðum. Ef ástæður skyldu hins vegar breytast, hefur Alþingi það jafnan í hendi sér að breyta ákvæðum laganna i samræmi við það. Sýnist því ekki ástæða til annars en að verða við tilmælum Bátaábyrgðarfélagsins. Raddir komu fram um það í nefndinni, aðallega frá StgrA, að tímabinda undanþáguna við 5 ár, en við nánari athugun þótti ekki ástæða til þess.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. des. 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Sig. Óli Ólafsson.
Erl. Þorsteinsson.	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 86. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á lögum nr. 6. 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist:

Nú vinnur kona framteljanda utan heimilis, og má þá frádráttarbær kostnaður vegna heimilisstjórnar nema þeim launum, sem ráðskonu sannanlega eru greidd, en þó ekki hærri upphæð en konan vinnur sér inn.

2. gr.

1. málsgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 10. gr., skal draga sem hér segir:

a. Fyrir einstakling kr. 1200.00.
b. Fyrir hjón kr. 2400.00.
c. Fyrir hvert barn kr. 1000.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmdar við álagningu skatta árið 1950.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur það valdið mikilli óánægju og umræðum, að tekjur konu, sem vinnur utan heimilis, eru skattlagðar sameiginlega með tekjum manns hennar þannig að tekjurnar samanlagðar lenda í miklu hærri skattstiga en ef skattlagt væri í tvennu lagi. Hefur því verið unnið að því af ýmsum aðilum, sérstaklega samtökum kvenna, að fá komið í gegn þeirri breytingu á skattalögum, að slíkar tekjur kvenna vegna starfa utan heimilis væru skattlagðar sérstaklega.

Nú hafa frv. í þessa átt verið felld hér á Alþ. og þessi lausn málsins mætt ýmiss konar andstöðu. Er því sérstaklega haldið fram af hálfu skattyfirvaldanna, að ef til þessa ráðs yrði gripið, yrði jafnframt að setja ýmis ákvæði og gera vissar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja misnotkun í sambandi við slíka samsköttun hjóna. Þyrfti þetta því meiri undirbúnings við en kostur væri á að svo stöddu og væri heppilegast að geyma ákvörðun varðandi þessa leið, þar til gengið yrði frá því heildarlagafrumvarpi um skattamálin, sem væntanlega verður innan tíðar lagt fyrir Alþingi.

Enda þótt þeir aðilar, sem hafa beitt sér fyrir málinu, haldi fast við þá lausn þess að afnema samsköttun hjóna, þykir vonlítið á þessu þingi að fá því framgengt. Hins vegar veldur núverandi skattlagningaraðferð svo miklu ranglæti eða auknum álögum hjá þeim heimilum, sem hún snertir, að ekki verður hjá því komizt að finna einhverja bráðabirgðalausn til úrbótar.

Með 1. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að þar, sem kona vinnur utan heimilis, verði frádráttur vegna heimilisstjórnar hækkaður frá því, sem nú er, og getur það ákvæði gert samsköttunina nokkru léttbærari en hún nú er.

Í 2. gr. er um almennt réttlætismál að ræða, þar sem gert er ráð fyrir nokkuð hækkuðum persónufrádrætti frá því, sem nú er.

Sþ. 87. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um að greiða út kaup sjómanna síldveiðiflotans.

Flm.: Áki Jakobsson, Ásmundur Sigurðsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að nú þegar verði innleystar sjóveðskröfur þær, sem til hafa orðið vegna síldveiðanna s. l. sumar, jafnframt verði sjómönnum þeim, sem kröfurnar eiga, greidd laun sín án frekari dráttar.

Greinargerð.

Nú eru nær þrír mánuðir síðan síldarvertíð lauk, en enn þá er stór hópur sjómanna, sem ekki hefur fengið kaup sitt greitt. Það er óþarfi að taka það fram, að menn þessir og aðstandendur þeirra eru í hinum mestu vandræðum með afkomu sína, vegna þess að þeir fá ekki kaupið greitt. Það er ekki nóg með, að þessir menn eru knúðir til alls konar vanskila, heldur eru margir í hinni mestu neyð.

Öllum sjóveðskröfum þessum er þann veg háttað, að bankarnir munu leysa þær út heldur en að tapa veðréttum fyrir lánum þeim, sem þeir hafa veitt út á skipin, en þeir hafa þann leiða sið að leysa ekki sjóveðin fyrr en komið er að uppboði, og þá er að sjálfsögðu kominn á kröfurnar margháttaður aukakostnaður, sem hægt væri að komast hjá, ef bankarnir leysa sjóveðin strax. Tillaga þessi, ef framkvæmd verður, felur því ekki í sér neinn aukakostnað fyrir bankana, heldur þvert á móti sparar þeim og þar með útgerðinni alls konar kostnað, sem hleðst á kröfurnar við málssókn, fjárnám og uppboð. Auk þess leysir þetta hina brýnu þörf síldarsjómannanna.

Nd. 88. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur Steinþórsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

2. málsgr. 9. gr. laganna falli burt.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Engar vörur má flytja til landsins nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð þó gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Fjárhagsráð úthlutar innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til kaupa á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og getur sett þau skilyrði um innflutninginn, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa skal hagað samkvæmt fyrirmælum 11. gr. laga þessara.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir kornvörum, kaffi og sykri skulu veitt eftir óskum innflytjenda, ef þeir hafa tryggt sér gjaldeyri til greiðslu á vörunum. Að öðru leyti skulu leyfi fyrir þessum vörum miðuð við það, að jafnan sé nóg af þeim á

öllum verzlunarstöðum á landinu til þess að fullnægja þörfinni fyrir þær, eða til þess að allir neytendur geti fengið það magn af þessum vörum, sem skömmtunarseðlar gilda fyrir, ef eitthvað af vörunum er skammtað.

Þegar fjárhagsráð hefur ákveðið, hvaða fjárhæð skuli varið til innflutnings á fatnaði, vefnaðarvörum og skófatnaði úr öðru efni en gúmmí til smásöludreifingar árið 1950, skal það veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir helmingi þeirrar fjárhæðar, og gildi þau sem stofnleyfi í 6 mánuði frá útgáfudegi þeirra. Skal þessum stofnleyfum skipt þannig milli innflytjenda, að Samband ísl. samvinnufélaga fái 45% handa sambandskaupfélögunum og önnur verzlunarfyrirtæki 55% af heildarfjárhæðinni og séu stofnleyfin veitt öllum innflytjendum á sama tíma. Á sama hátt skulu gefin út stofnleyfi til innflutnings á iðnaðarefnivörum til fata- og skógerðar, og skal heildarupphæð þeirra leyfa ekki fara fram úr 50% af samanlagðri upphæð þeirra stofnleyfa, sem um getur í 1. málslið þessarar málsgreinar, enda sé þess gætt, að ekki sé veittur innflutningur til annars vefnaðarvöruiðnaðar og skógerðar en þess, sem hagkvæmt er að hafa í landinu. Samband ísl. samvinnufélaga á rétt á að fá 45% af þessum efnivöruinnflutningi til þeirra iðnaðarfyrirtækja, er það og félög þess reka.

Eftir að stofnleyfin hafa verið gefin út, skulu gefnir út nýir skömmtunarseðlar, og má samanlagt gjaldeyrisverðmæti þeirra ekki fara fram úr 70% af heildarupphæð stofnleyfanna. Vörur þær, sem fluttar eru inn gegn stofnleyfunum, má aðeins selja gegn hinum nýju skömmtunarseðlum eða seðlum, er síðar verða út gefnir. Nú hafa stofnleyfi verið gefin út samkv. 2. málsgr. þessarar greinar og nýir skömmtunarseðlar hafa öðlazt gildi, og skal úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til kaupa á þeim vörum, er þar greinir, þar eftir hagað þannig, að leyfunum sé skipt milli innflytjenda í hlutfalli við gjaldeyrisverðmæti þeirra skömmtunarseðla, sem gefnir eru út samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og innflytjendur skila til fjárhagsráðs.

Meðan takmarkaður er innflutningur á þeim vörum, sem nefndar eru í 2. málsgr. þessarar greinar, skulu þær skammtaðar, til þess að tryggt sé, að þær skiptist jafnt milli landsmanna, og skal þess gætt, að aldrei séu gefnir út skömmtunarseðlar, er gildi fyrir meira af vörum en flutt er til landsins. Á skömmtunarseðlunum sé tilgreint það gjaldeyrisverðmæti, er þeir gilda fyrir, og um leið og útsöluverðið á vörunum er ákveðið skal einnig ákveðið skömmtunarverðmæti þeirra (þ. e. gjaldeyrisverðmæti), hverrar tegundar fyrir sig, enda séu vörurnar aðeins seldar gegn skömmtunarseðlum. sem gilda fyrir jafnmikið og skömmtunarverðmæti vörunnar nemur. Skylt er að verðmerkja vörurnar, þar sem tilgreint sé hvort tveggja, skömmtunarverðmæti þeirra og útsöluverð.

Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir eftirtöldum vörum skal hagað sem hér greinir:

1. Stofnleyfi skulu gefin út fyrir smávörum (er teljast með vefnaðarvöruflokknum), gúmmískófatnaði, búsáhöldum, leir-, gler- og postulínsvörum og hreinlætisvörum. Skal stofnleyfunum skipt milli Samb. ísl. samvinnufélaga og félaga þess annars vegar og annarra verzlana hins vegar, í sömu hlutföllum og stofnleyfum þeim, sem um getur í 2. málsgr. þessarar greinar. Seinni úthlutanir leyfa fyrir þessum vörum verði þannig, að innflutningurinn skiptist milli framannefndra tveggja aðila í réttu hlutfalli við skilaða vefnaðarvöruskömmtunarseðla þeirra, sbr. 3. málsgr.
2. Leyfum fyrir nýjum, þurrkuðum og niðursoðnum ávöxtum, kryddvörum alls konar og nýlenduvörum, sem ekki eru taldar í 1. málsgr. þessarar greinar, skal skipt milli innflytjenda í hlutfalli við skilaða skömmtunarseðla fyrir neyzlusykri árið á undan.
3. Leyfum fyrir varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmí skal skipt milli kaupstaða og sýslufélaga í réttu hlutfalli við tölu skráðra bifreiða í hverju umdæmi. Síðan skal úthlutun til verzlana og viðgerðarstöðva innan hverrar sýslu og kaupstaðar fara eftir ósk bifreiðaeigenda.

Þegar fjárhagsráð veitir fjárfestingarleyfi samkv. 5. gr., skal það áætla, í erlendum gjaldeyri, verð þess timburs, sements, steypustyrktarjárns, þakefnis, miðstöðvarefnis, hreinlætistækja, gólfdúks og rúðuglers, sem til framkvæmdarinnar þarf, og skal leyfishafi fá ávísanir á innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þessum vörum. Ávísanir þessar getur hann aðeins notað þannig, að afhenda þær verzlunum, kaupfélögum eða öðrum verzlunarfyrirtækjum, og skulu viðkomandi verzlanir þá fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þeim vörum, sem ávísanirnar gilda fyrir.

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir byggingarefni, sem ætlað er til viðhalds mannvirkja og framkvæmda, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi fyrir, skal skipt milli héraða (kaupstaða og sýslufélaga) í hlutfalli við mannfjölda. Í hverju héraði skal leyfum þessum skipt milli verzlana í sömu hlutföllum og þeim leyfum, sem veitt eru samkvæmt næstu málsgrein hér að framan.

Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til kaupa á öðrum vörum en þeim, sem nefndar eru í þessari grein, fer eftir ákvörðunum fjárhagsráðs, nema fyrirmæli um það efni séu sett með öðrum lögum eða ályktunum frá Alþingi.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð ráðstafar gjaldeyri til kaupa á þeim vörum erlendis, sem eigi þarf innflutningsleyfi fyrir, svo og til annarra nauðsynja.

Fjárhagsráð hefur heimild til að ráðstafa farmrými í skipum, sem íslenzkir aðilar hafa til vöruflutninga að og frá landinu, ef nauðsynlegt þykir.

Ríkisstjórnin getur ákveðið skömmtun á einstökum vörutegundum, ef hún telur þess þörf, og skal þá framkvæmd skömmtunarinnar falin fjárhagsráði.

5. gr.

Í stað orðanna „innflutnings- og gjaldeyrisdeildar“ í 1. málsgr. 13. gr. laganna komi: fjárhagsráðs.

6. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð getur ákveðið hámarksverð á hvers konar vörum, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur það og úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem til greina koma við verðlagningu á vörum. Þá getur fjárhagsráð einnig ákveðið gjöld fyrir flutninga á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Fjárhagsráð getur enn fremur ákveðið hámarksverð á veitingum á greiðasölustöðum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

7. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð fer með verðlagseftirlit, nema það verði falið öðrum með lögum, og getur ráðið falið sérstökum trúnaðarmönnum eftirlitið. Þeir, sem fara með verðlagseftirlit samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

8. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Úrskurðum og ályktunum fjárhagsráðs um verðlagsmál verður ekki áfrýjað. Þó má taka mál til meðferðar á ný, ef ástæður hafa breytzt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta.

9. gr.

Upphaf 19. gr. laganna verði þannig:

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af fjárhagsráði, skulu birtar þegar í stað, og ganga þær í gildi o. s. frv.

10. gr.

Í stað orðanna „innflutnings- og gjaldeyrisdeildar“ í 20. gr. laganna komi: fjárhagsráðs.

11. gr.

Upphaf 21. gr. laganna verði þannig:

Fjárhagsráðsmönnum og starfsmönnum fjárhagsráðs er bannað, o. s. frv.

12. gr.

Upphaf 22. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði eða starfsmönnum þess í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa, o. s. frv.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var fram borið frumvarp, á þingskjali 37, um breytingar á lögunum um fjárhagsráð. Var það samþykkt í neðri deild þingsins, en fellt í efri deild með eins atkvæðis mun. Frumvarp það, sem hér er flutt, boðar sömu stefnu í viðskiptamálum og hitt, sem lá fyrir síðasta þingi. Aðalatriði frumvarpsins eru þau, að innfluttum vörum skuli skipt sem sanngjarnlegast milli landsmanna og að þeir geti ráðið því, hjá hvaða verzlunarfyrirtækjum þeir kaupa vörurnar.

Helztu lagabreytingarnar, sem frumvarp þetta felur í sér, eru þessar:

1. Innflutnings- og gjaldeyrisdeildin (þ. e. svonefnd viðskiptadeild) verði lögð niður, en fjárhagsráð annist úthlutun allra innflutnings- og gjaldeyrisleyfa.
2. Innflutningi á vefnaðarvörum og skófatnaði, sem ætlað er til smásöludreifingar, verði hagað þannig, að í fyrstu verði veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir helmingi þeirrar fjárhæðar, sem ákveðið verður að verja til kaupa á þessum vörum árið 1950, og nefnast þau stofnleyfi. Skal þessum stofnleyfum skipt þannig, að Samband ísl. samvinnufélaga og deildir þess fái 45%, en önnur verzlunarfyrirtæki 55% af heildarupphæðum stofnleyfanna. Einnig séu gefin út stofnleyfi fyrir efni til fata-, iðnaðar- og skógerðar, og á S. Í. S. rétt á að fá 45% af þeim innflutningi. Vörur þær, sem inn verða fluttar gegn stofnleyfunum, má aðeins selja gegn nýjum skömmtunarseðlum, sem út verða gefnir, og mega þeir nýju seðlar ekki gilda samtals fyrir meira en 70% af samanlögðum upphæðum stofnleyfanna.

   Eftir að úthlutun stofnleyfanna er lokið, skal úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til kaupa á framannefndum vörum hagað þannig, að leyfunum sé skipt milli innflytjenda í hlutfalli við gjaldeyrisverðmæti þeirra nýju skömmtunarseðla og skömmtunarseðla, er síðar verða gefnir út, sem innflytjendur skila til fjárhagsráðs, enda er svo fyrir mælt, að meðan innflutningur á þessum vörum er takmarkaður, skuli þeim jafnað milli landsmanna með skömmtun og aldrei gefnir út skömmtunarseðlar, er gildi fyrir meira af vörum en keypt er til landsins.
3. Úthlutun leyfa fyrir nokkrum vörum, sem ekki eru skammtaðar, þ. e. smávörum til fatagerðar, gúmmískófatnaði, búsáhöldum, leir-, gler- og postulínsvörum og hreinlætisvörum, verði hagað þannig, að í fyrstu verði gefin út stofnleyfi eins og fyrir vefnaðarvörum, en framvegis skiptist leyfi fyrir þessum vörum milli S. Í. S. og félaga þess annars vegar og annarra verzlana hins vegar, í sömu hlutföllum og vefnaðarvöruleyfin.

4. Leyfi fyrir ávöxtum, kryddvörum og nýlenduvörum, öðrum en þeim, sem taldar eru í 1. málsgr. 3. gr. skiptist milli innflytjenda í hlutfalli við sölu þeirra á sykri næsta ár á undan. Þar með telst ekki sala á sykri til brauðgerðarhúsa eða verksmiðja.
5. Leyfum fyrir varahlutum og hjólbörðum til bifreiða sé skipt milli héraða (kaupstaða og sýslufélaga) í hlutfalli við tölu skráðra bifreiða í hverju lögsagnarumdæmi, og þeim leyfum, sem koma í hlut hvers héraðs, skipt milli verzlana og viðgerðarstöðva, sem þar eru reknar, eftir óskum bifreiðaeigenda.
6. Þeir, sem fá fjárfestingarleyfi til framkvæmda, skulu jafnframt fá ávísanir á innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þeim helztu erlendu vörum, sem til framkvæmdanna þarf, en ávísunum þessum framvísa þeir síðan hjá þeim verzlunarfyrirtækjum, sem flytja inn vörurnar.

Í 4.—12. gr. frv. eru ekki nýmæli, en efni þeirra aðallega formsbreytingar, sem stafa af því, að ráðgert er, að viðskiptanefndin verði lögð niður.

Verðlagseftirlitið er nú ein af undirdeildum fjárhagsráðs, og er hér gert ráð fyrir, að fjárhagsráð hafi þetta eftirlit og geti falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast það. En í því sambandi skal athygli vakin á því, að sérstakt frumvarp um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, liggur nú fyrir efri deild Alþingis, og verði það að lögum, falla að sjálfsögðu úr gildi ákvæði fjárhagsráðslaganna um verðlagseftirlit.

Nd. 89. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:
Á eftir A. 46 í 2. gr. laganna kemur nýr tölul.:
Byggðarholts- og Bæjarvegur: Frá Stafafelli um Byggðarholt og Bæ á Suðurlandsveg hjá Skiphólum.

Ed. 90. Frumvarp til laga [27. mál]

um bæjarstjórn í Húsavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Húsavíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Húsavíkurhrepp og heitir Húsavíkurkaupstaður.

Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Suður-Þingeyjarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Sýslumaður Þingeyjarsýslu er jafnframt bæjarfógeti Húsavíkurkaupstaðar.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera hin sama og nú er.

4. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.

5. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

6. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórn heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.

7. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

8. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

9. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

10. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. almennum hafnarlögum.

12. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innistæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

13. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

14. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

15. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

16. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innistæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

17. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjar-

stjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda. — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga, — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera svo fulkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

18. gr.

Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur — með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

19. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

21. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 7. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komi þá þegar til framkvæmda.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps fer með stjórn kaupstaðarins, þangað til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram.
2. Skipti á eignum og skuldum Suður-Þingeyjarsýslu — svo og ábyrgðarskuldbindingum — á milli sýslunnar og Húsavíkurkaupstaðar skulu fara fram hið fyrsta. Rísi nokkur ágreiningur, sker ráðherra úr.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um framkvæmd á ályktun síðasta Alþingis um innflutning jeppabifreiða eða hliðstæðra bifreiða til landbúnaðarþarfa.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að framkvæmd verði ályktun síðasta Alþingis um innflutning 750 jeppabifreiða eða annarra hliðstæðra bifreiða til landbúnaðarþarfa ásamt nægilegu magni varahluta.

Greinargerð.

Sem kunnugt er var á síðasta þingi flutt tillaga til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að á því ári, sem nú er að líða, yrðu fluttar inn ekki færri en 600 jeppabifreiðar, sem eingöngu yrðu seldar bændum, enda settar strangar reglur um úthlutun, er tryggðu, að þær héldust í sveitum landsins í eigu þeirra, er landbúnað stunda.

Að flutningi þessarar tillögu stóð nærri því hálfur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins, enda beinlínis upplýst, að tillagan væri flutt samkvæmt samþykkt landsfundar flokksins frá næsta sumri á undan.

Undirtektir þingsins undir málið voru, vægast sagt, með ágætum. Umræður urðu miklar þegar við fyrri hluta umræðu, og mæltu ræðumenn mjög fast með samþykkt þess. Síðan var tillögunni vísað til allsherjarnefndar, sem afgreiddi málið þannig að hækka töluna úr 600 upp í 750. Segir í nefndarálitinu, sem undirritað er af sex nefndarmönnum af sjö, að sú hækkun sé gerð samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands. Kom og m. a. greinilega fram, að Framsóknarflokkurinn, sem mikil völd hefur í þeirri stofnun, var þess fremur fýsandi, að við væri bætt, en dregið úr, þótt Sjálfstæðisflokkurinn yrði fyrri til að flytja málið inn í þingið. Einnig bætti nefndin við ákvæði um innflutning varahluta, samkv. tillögu frá þremur þingmönnum Sósíalistaflokksins. Þannig breytt var tillagan samþykkt af yfirgnæfandi meiri hluta þingmanna og mótatkvæðalaust.

Þó sýndi Alþingi enn fremur, hve mikil alvara því var í þessu máli. Til þess að tryggja það ákvæði tillögunnar, að strangar reglur yrði settar til tryggingar því, að bifreiðar þessar héldust í sveitum landsins, voru samþykkt sérstök lög um úthlutun þeirra. Frumvarp til þeirra laga var flutt af sex þingmönnum úr öllum flokkum þingsins, enda gekk meðferð þess mjög greiðlega í báðum deildum.

Þá má enn fremur á það minna, að flokkar þeir, er fjölmennastir eru að þingmannatölu, hafa öll völd í nefndum þeim og ráðum, er innflutningsmálunum stjórna. Það var því ekki nema eðlilegt, að margir bændur gerðu sér vonir um að fá greitt úr þörf sinni fyrir þessi heppilegu tæki, þegar fréttist um svo ákveðnar samþykktir Alþingis.

Þrátt fyrir allan þennan viðbúnað hefur sú sorglega saga gerzt, að enginn jeppi hefur verið fluttur inn til landsins á árinu. Er nú komið að áramótum og því sýnt, að ekki verður úr bætt á þessu ári. Hafa það orðið mjög mikil vonbrigði fyrir þá bændur, er nauðsynlega þurfa á þessum tækjum að halda og bjuggust við, að úr yrði bætt.

Nú mun fjárhagsráð starfa að undirbúningi innflutningsáætlunar fyrir næsta ár, og er því full ástæða til, að Alþingi feli nú hinni nýju ríkisstjórn að hlutast til um, að úr þessu verði bætt svo sem föng eru á. Er þá tæplega hægt að ætlast til minna en að sá innflutningur, sem Alþingi hafði samþykkt á yfirstandandi ári, fari nú fram á næsta ári, sérstaklega þegar þess er gætt, að við meðferð málsins á síðasta þingi var það fyllilega gefið í skyn, að hér væri aðeins um byrjun að ræða, og þyrfti að halda áfram á sömu braut, þar til þörfum landbúnaðarins fyrir þessi tæki væri

fullnægt, er verða mundi á þrem til fjórum árum. Enn fremur má geta þess, að sá flokkur, sem upphaflega flutti þetta mál inn í þingið — Sjálfstæðisflokkurinn —, fer nú með völd í landinu, þótt minnihlutastjórn sé, en hins vegar naut málið á síðasta þingi svo eindregins fylgis þingmanna úr öðrum flokkum, að nægur stuðningur ætti að vera tryggður nú, þegar aðeins er farið fram á að bæta úr þeirri vanrækslu, sem hér hefur átt sér stað.

Ed. 92. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur á fundum sínum í dag athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur.

Alþingi, 13. des. 1949.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
	H. Guðmundsson.	

Nd. 93. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Jón Gíslason.

1. gr.

Framan við 1. gr. laganna komi:

I. KAFLI

Um úthlutun jeppabifreiða.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Úthlutun þeirra bifreiða, er um ræðir í 1. gr., annast 5 manna nefnd. Skulu 3 þeirra kosnir af stjórn Búnaðarfélags Íslands og 2 af stjórn Stéttarsambands bænda. Kosningin gildir til tveggja ára. Sömu aðilar kjósa jafnmarga varamenn. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi aðilum í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í nefndinni.

3. gr.

Framan við 12. gr. laganna komi:

II. KAFLI
Um úthlutun heimilisdráttarvéla.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Meðan innflutningur og gjaldeyrisleyfi er háð ákvörðun ríkisvaldsins, skal úthlutunarnefnd jeppabifreiða, sem um ræðir í 2. gr., einnig úthluta til bænda þeim heimilisdráttarvélum, sem til landsins eru fluttar.

5. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma 5 nýjar greinar, er verða 13.—17. gr., svo hljóðandi:

a. (13. gr.) Í októbermánuði ár hvert skal úthlutunarnefndin safna skýrslum frá hreppabúnaðarfélögunum um tölu, tegund og eigendur þeirra dráttarvéla, sem eru innan félagsins.

Enn fremur skulu stjórnir búnaðarfélaganna safna umsóknum félagsmanna um dráttarvélar og senda þær, ásamt tillögum sínum um úthlutunina og skýrslunni, til úthlutunarnefndar fyrir 31. des.

b. (14. gr.) Þegar fjárhagsráð hefur ákveðið tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem til landsins verða fluttar á árinu, skal það tilkynna það úthlutunarnefnd. Úthlutunarnefndin ákveður því næst, samkvæmt tillögum hreppabúnaðarfélaganna, hverjir fái vélarnar, og tilkynnir það viðkomandi mönnum. Þeir, sem tilkynningu fá um, að þeim hafi verið úthlutað dráttarvél, afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvélategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt um útvegun vélanna, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og fær gjaldeyrisleyfi samkvæmt þeim. Enn fremur er gjaldeyrisyfirvöldunum skylt að veita innflytjandanum gjaldeyrisleyfi fyrir verkfærum tilheyrandi dráttarvélunum, er nemi minnst 50%, miðað við innflutningsverðmæti vélanna.

c. (15. gr.) Fjárhagsráð skal árlega veita innflutningsleyfi fyrir nægum varahlutum í þær dráttarvélar, sem til eru í landinu. Jafnframt er innflytjendum skylt að hafa fyrirliggjandi næga varahluti í þær dráttarvélategundir, sem þeir hafa umboð fyrir.

d. (16. gr.) Óheimilt er að úthluta heimilisdráttarvélum til þeirra, sem áður hafa fengið þær eða eiga slíkar vélar í nothæfu ástandi. Dráttarvélunum má ekki úthluta til annarra en þeirra, sem landbúnað stunda.

e. (17. gr.) Nú fær einhver úthlutaða dráttarvél og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir, skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar selja hana nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

6. gr.

13. gr. laganna verður 18. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lögin gefin út samkvæmt því í einu lagi.

8. gr.

Fyrirsögn laganna orðist svo:

Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Greinargerð.

Í fyrsta lagi er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir breytingu á 2. gr. laganna frá 28. maí 1949, um úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa. Hér er lagt til, að nefnd sú, er úthlutar jeppunum og dráttarvélum, sé eingöngu kosin af heildarsamtökum bændanna sjálfra, þ. e. Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Virðist það mjög eðlilegt, að svo sé, þar sem hér er um að ræða mikilsverð framleiðslutæki fyrir bændur landsins.

Þá er lagt til, að bætt sé inn í lögin kafla um úthlutun minni dráttarvéla, sem hentugar eru til landbúnaðarstarfa og búrekstrar. Í lögunum um úthlutun jeppanna er í 12. gr. heimild fyrir ríkisstjórnina að láta nefndina úthluta dráttarvélunum. Þessa grein, 12. greinina, er í frumvarpinu lagt til að fella niður, og í þess stað ákveðið, að nefndin úthluti, eftir tillögum hreppabúnaðarfélaganna, öllum þeim dráttarvélum, sem til landsins verða fluttar.

Í b-lið 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að þeir, sem vélarnar fá, geti sjálfir að mestu ráðið því, hvaða vélartegund þeir kaupa. Ef frumvarp þetta verður að lögum, verða vélarnar fluttar inn eftir pöntunum bændanna sjálfra, sem með aukinni notkun þeirra fara að hafa reynslu fyrir sér um gæði tegundanna og notagildi þeirra. Nú eru þegar fluttar til landsins margar tegundir heimilisdráttarvéla, mismunandi að gæðum og verði, og eflaust fer tegundum vélanna fjölgandi á næstu árum. Virðist það vera óheppilegt og dýrt fyrir þjóðarbúskapinn, sérstaklega hvað viðkemur varahlutum til þeirra og viðhaldi öllu. Er því mjög nauðsynlegt að flytja helzt til landsins þær vélar, sem bezt reynast og bændur vilja að fenginni reynslu helzt nota.

Þá er í frumv. grein um sölu á vélunum manna á milli og einnig ákvæði um það, að vélunum megi aðeins úthluta til þeirra, sem landbúnað stunda, sem er mjög sjálfsagður hlutur, meðan bændurna vantar þessi nauðsynjaverkfæri í þúsundatali.

Nd. 94. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1944, um breyt. á l. nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og sent það landlækni til umsagnar. Mælti hann með því, að frv. næði fram að ganga. Jafnframt óskaði hann þess, að nefndin flytti tillögu um tvær smábreytingar á lögunum um skipun læknishéraða. Hin fyrri er fólgin í því að flytja Bakkagerðislæknishérað aftur fyrir Egilsstaðahérað í upptalningu læknishéraðanna til samræmis við þá reglu, sem að öðru leyti er fylgt í upptalningunni. Síðari breytingin er í því fólgin að breyta heiti Breiðabólsstaðarhéraðs í Kirkjubæjarhérað, þar eð afráðið hefur verið að flytja læknissetrið frá Breiðabólsstað á Síðu að Kirkjubæjarklaustri.

Með tilvísun til framanritaðs mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   Í 3. gr. laga nr. 8/1944 færist Bakkagerðishérað aftur fyrir Egilsstaðahérað.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Í stað breytinganna í 6. gr. l. nr. 8 1944 á 43. tölul. 1. gr. laga nr. 44/1932 komi:
„Síðuhérað“ verði: Kirkjubæjarhérað.
„Læknissetur á Breiðabólsstað á Síðu“ verði: Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri.

3. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Alþingi, 13. desember 1949.

Gylfi Þ. Gíslason, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Kristín Sigurðardóttir.
Jónas Rafnar. Jónas Árnason.

Nd. 95. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 15. des. 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Frá fjárhagsnefnd

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Einar Olgeirsson. Sig. Ágústsson.

Nd. 96. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 14. des. 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.
Einar Olgeirsson. Sig. Ágústsson.

Nd. 97. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. þetta verði samþ. Einn nefndarmanna (EOl) er andvígur frv. og mun gefa út sérstakt nefndarálit.

Alþingi, 14. des. 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form. Skúli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.
Sig. Ágústsson.

Nd. 98. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar á þessu sumri.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Einar Olgeirsson. Sig. Ágústsson.

Nd. 99. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Einar Olgeirsson. Sig. Ágústsson.

Nd. 100. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Sig. Ágústsson.

Ed. 101. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og fjallar það um framlengingu heimildar, sem ríkisstjórninni var veitt með lögum frá 1941 til að fella niður toll á ýmiss konar kornvörum, lækka um helming toll á ýmiss konar sykri og hækka um 50% toll á áfengi og tóbaki og gjald af innlendum tollvörutegundum. Hefur heimild þessi verið framlengd ár frá ári síðan. Fellst nefndin á, að svo verði enn gert, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm. (LJóh) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 14. des. 1949.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. H. Guðmundsson. Þorst. Þorsteinsson.

Brynj. Bjarnason.

Sþ. 102. Þingsályktun [48. mál]

um stuðning vegna vatnsflóða og skriðuhlaups í Neskaupstað.

(Afgreidd frá Sþ. 14. des.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ábyrgjast 150 þúsund króna lán fyrir Neskaupstað vegna tjóns þess, sem varð í bænum við vatnsflóð og skriðuhlaup þann 23. nóv. s. l.

Nd. 103. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Önnur málsgr. 40. gr. laganna orðist þannig:

Heiðursverðlaun fyrir hryssu	kr. 80.00
1. verðlaun fyrir hryssu	— 25.00
2. verðlaun fyrir hryssu	— 15.00
3. verðlaun fyrir hryssu	— 7.00
3. verðlaun fyrir stóðhest	— 30.00

2. gr.

Fyrri málsgr. 83. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

3. gr.

84. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913, um fordagæzlu, og lög nr. 32 frá 8. sept. 1931, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk landbúnaðarráðherra, og fer hér á eftir greinargerð hans fyrir frumvarpinu:

„Í lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, er ákveðið, að þriðju verðlaun fyrir stóðhesta skuli vera kr. 3.00, en svo var til ætlazt, að verðlaunin séu kr. 30.00 til samræmis við 2. verðlaun, sem eru kr. 60.00. Ber því nauðsyn til að leiðrétta þetta.

Í 83. gr. laganna eru ákvæði um sektir fyrir brot á lögunum, en nauðsynlegt verður að telja, að þau ákvæði nái einnig til brota á reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt lögunum.

Með 84. gr. laganna eru úr gildi numin lög nr. 52 8. sept. 1931, en á að vera: lög nr. 32 8. sept. 1931, og ber því nauðsyn til að leiðrétta það."

Sþ. 104. Breytingartillaga [2. mál]

við till. til þál. um innflutning heimilisvéla.

Frá Erlendi Þorsteinssyni og Haraldi Guðmundssyni.

Aftan við tillgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Innkaupastofnun ríkisins verði falinn innflutningur heimilisvéla, og er henni ekki heimilt að taka hærri álagningu en 3% af andvirði vélanna kominna í skip í útflutningshöfn.

Nd. 105. Frumvarp til laga [67. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1950 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. . .

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða lögum, sem gilda árið 1949. Skattauki þessi hefur verið samþykktur frá ári til árs um langt skeið. Frv. er flutt eftir beiðni menntamálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði um málið.

Nd. 106. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem er stjórnarfrv., samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin á s. l. sumri. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1949.

Finnur Jónsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr. Pétur Ottesen, frsm.
Gísli Guðmundsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 107. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1944, um breyting á l. nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í 3. gr. laga nr. 8/1944 færist Bakkagerðishérað aftur fyrir Egilsstaðahérað.

2. gr.

Í stað b-liðar 4. gr. l. nr. 8/1944 koma tveir liðir, svo hljóðandi:

a. *Selfosshérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.
b. *Hveragerðishérað:* Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði.

3. gr.

Í stað breytinganna í 6. gr. l. nr. 8 1944 á 43. tölul. 1. gr. laga nr. 44/1932 komi:
Síðuhérað verði: Kirkjubæjarhérað.
Læknissetur á Breiðabólsstað á Síðu verði: Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Sþ. 108. Nefndarálit [2. mál]

um till. til þál. um innflutning heimilisvéla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur til, að hún verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. skal orða svo:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fylgja þeirri stefnu, sem mörkuð var á síðasta þingi, með því að hlutast til um, að þær verksmiðjur, sem fram-

leitt geta nýtízku heimilisvélar, fái innflutt nægilegt efni til þeirrar framleiðslu. Á sama hátt verði hlutazt til um, að innfluttar verði heimilisvélar, sem ekki verða framleiddar í landinu, og önnur nauðsynleg heimilistæki, til þess að fullnægja þörfum heimilanna til sjávar og sveita, og fari bæði um efnisinnflutning og annan innflutning eftir því sem gjaldeyrisástæður leyfa.

2. Fyrirsögn till. verði:

Tillaga til þingsályktunar um innflutning og framleiðslu heimilistækja.

Einn nefndarmanna, LJós, var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 14. des. 1949.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.	Jón Gíslason, fundaskr.	Finnur Jónsson, með fyrirvara.
Jón Sigurðsson.	Skúli Guðmundsson.	Stefán Stefánsson.

Sþ. 109. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að halda áfram að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. 6 nefndarmenn eru á móti þáltill. Einn nefndarmanna (ÁS) vill samþ. þáltill. með breytingum. Við undirritaðir leggjum til, að þáltill. verði samþ. óbreytt.

Sú skoðun kom fram í nefndinni, að þær launauppbætur, sem heimilaðar yrðu með samþykkt þáltill., ætti að miða við launaupphæð og greiða uppbætur aðeins á lægri laun.

Það er vissulega rétt, að þeir starfsmenn ríkisins, sem lægst laun hafa, þarfnast uppbótarinnar mest. En þess er rétt að minnast, að hér er um bráðabirgðalausn að ræða, og eins hins, að launalögin voru á sínum tíma sett í samráði við stéttarfélag þessara launþega. Misjafnar uppbætur nú mundu raska þeim grundvelli, er þar var lagður. Verður að telja rétt, að breytingar á launakerfi starfsmanna ríkisins verði gerðar í samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en ekki gerðar með samþykkt þáltill., sem ætlað er að leysa þessi mál til bráðabirgða.

Á síðasta Alþingi var, 18. maí, samþykkt svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar rannsaka, hvort rétt sé, að kaup og kjör starfsmanna ríkisins eftir launalögum séu nú mun lakari en annarra starfsstétta vegna kauphækkana þeirra og kjarabóta eftir setningu launalaganna 1945, og ef svo reynist, heimilar Alþingi ríkisstjórninni að verja allt að 4 milljónum króna úr ríkissjóði til greiðslu uppbóta á laun starfsmanna ríkisins á yfirstandandi ári. Ríkisstjórnin ákveður í samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hverjir fái uppbætur greiddar og eftir hvaða reglum."

Sú rannsókn, sem um ræðir í þingsályktuninni, hefur farið fram. Fyrrverandi ríkisstjórn hefur notað heimildina um greiðslu uppbóta. Enn fremur hefur fyrrv. ríkisstjórn greitt uppbætur á laun starfsmanna ríkisins fyrir nóvembermánuð. — Þáltill. sú, er hér liggur fyrir, fjallar um það, að til bráðabirgða fái ríkisstjórnin heimild til þess að greiða sömu uppbætur og undanfarið á mánaðarlaun starfsmanna ríkisins, þar til afgreiðslu fjárlaga er lokið. Í greinargerð fyrir tillögunni er þess getið, að sérstök nefnd vinni að endurskoðun launalaganna. Ber að leggja á það áherzlu, að sú nefnd hraði störfum, þar sem telja verður eðlilegast fyrir alla aðila, sem hlut eiga að máli, að laun starfsmanna ríkisins verði endanlega ákveðin **með breytingu á launalögum.**

Reynist ekki mögulegt að ganga endanlega frá launalögum eða breytingu á þeim, áður en afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1950 lýkur, verður í þeim að ákveða launauppbætur til starfsmanna ríkisins fyrir árið 1950.

Við leggjum því til, að þáltill. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1949.

Erl. Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Jónas G. Rafnar.

Ed. 110. Frumvarp til laga [68. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Breytingar þær og viðaukar, sem í lögum þessum felast, skulu vera í gildi frá og með 1. jan. 1950.

I. KAFLI

2. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafli laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögunum.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

4. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa, til þess ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld skv. 113. gr.

5. gr.

Til ársloka 1954 skulu sýslunefndir í tryggingaumdæmum utan kaupstaða fara með störf tryggingnefnda, sbr. 11. gr. laganna. Þó er sýslunefnd heimilt að fela þessi störf sérstakri nefnd, er hún kýs. Í kaupstöðum annast stjórnir sjúkrasam-

laganna þessi störf. Verði öll sjúkrasamlög í tryggingaumdæmi sameinuð í eitt samlag, skal stjórn þess fara með störf trygginganefndar í umdæminu í stað sýslunefndar.

II. KAFLI

6. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að miða skerðingu eða niðurfellingu lífeyris samkvæmt 2. málsgr. 13. gr. laganna við það, að lífeyrir og eftirlaun úr opinberum sjóði eða af opinberu fé og ellilífeyrir samkv. 15. gr. fari ekki samtals fram úr upphæð, sem samsvarar lífeyri að viðbættum 50%, í stað einfalds lífeyris, eins og málsgreinin ákveður.

7. gr.

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarslegum ástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig fullan einstaklingslífeyri samkv. 15. gr.

8. gr.

Hámark lífeyrishækkunar, sem tryggingaráði er heimilt að veita vegna sjúkleika eða ellilasleika samkv. 17. gr. laganna, skal miðast við 50 af hundraði af lífeyrisupphæðinni, og má einnig veita hana mönnum, sem sökum fullkomins skorts á vinnugetu og einstæðingsskapar geta eigi komizt af með venjulegan lífeyri.

Heimilt er tryggingaráði að binda hækkun samkvæmt þessari grein því skilyrði, þegar um einstæðingsskap er að ræða, að stjórn þess sveitarfélags, þar sem lífeyrisþeginn á heima, sjái honum fyrir viðunandi húsnæði gegn leigu, sem ekki fari fram úr 25% af lífeyrisupphæðinni, enda hafi hann verið búsettur í sveitarfélaginu óslitið eigi skemur en 5 síðastliðin ár.

9. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að greiða ekklum allt að fullum barnalífeyri, í stað hálfs, eins og ákveðið er í síðustu mgr. 23. gr. laganna.

10. gr.

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsgr. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.

11. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða fjölskyldubætur vegna barna, þótt þau dveljist ekki á heimili föðurins og ákvæði 2. málsgr. 32. gr. laganna taki til þeirra, ef sannað er, að hann kostar framfæri þeirra að fullu, enda greiðast bæturnar þá til hans.

12. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða dánarbætur samkv. 1. málslið 35. gr. laganna til ekkna og ekkla yfir 67 ára aldur.

13. gr.

Heimilt er tryggingaráði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa tvö börn eða fleiri innan 16 ára á framfæri sínu.

Mæðralaunin mega nema allt að:

	Á 1. verðlagssvæði:	Á 2. verðlagssvæði:
1. Til mæðra með 2 börn	kr. 400.00	kr. 300.00
2. — — — 3 —	— 800.00	— 600.00
3. — — — 4 — eða fleiri	— 1200.00	— 900.00

Tryggingaráð ákveður mæðralaunin með hliðsjón af fjárhagsástæðum móðurinnar.

Mæðralaun falla niður, ef móðirin giftist, og greiðast ekki, ef hún býr með karlmanni, þótt ógift séu.

14. gr.

Til ársloka 1954 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. gr. laganna, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. gr. laganna séu fyrir hendi.

Þá er og heimilt að greiða sjúkrabætur til manna, sem náð hafa 67 ára aldri, ef þeir njóta ekki lífeyris eða annarra bóta frá Tryggingastofnuninni.

15. gr.

Tryggingaráði er heimilt, þegar ekki liggja fyrir fullar sannanir þess, að tekjur umsækjanda um sjúkrabætur hafi rýrnað svo vegna sjúkleikans, að þær fari niður fyrir það mark, sem 2. málsgr. 39. gr. laganna ákveður, að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur hans á veikindaárinu liggja fyrir.

16. gr.

Ákvæði b-liðs 42. gr. laganna um lengri biðtíma þeirra, sem hafa launþega í þjónustu sinni, skulu aðeins gilda um þá, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða gjald samkv. 112. og 113. gr. af meiru en 52 vinnuvikum.

17. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að víkja frá þeim ákvæðum í. málsgr. 43. gr. laganna, sem gera sjúkrahúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, ef sérstaklega stendur á.

Þá er ráðinu og heimilt að lengja tilkynningarfrest þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

18. gr.

Sömu reglur, sem gilda um bótarétt og gjaldskyldu útgerðarmanns samkv. 47. gr. laganna, skulu og gilda um bifreiðareiganda, sem sjálfur ekur bifreið sinni í atvinnuskyni.

19. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að ákveða, að árlegar umsóknir um bætur, sbr. 65. gr. laganna, megi niður falla að því er varðar einstakar bótategundir, fleiri eða færri, og ákveður ráðið þá, hversu oft skuli endurnýja umsóknir og leggja fram eða endurnýja skilríki til sönnunar bótaréttinum.

III. KAFLI

20. gr.

Framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt 3. kafla laganna skal frestað til 1. jan. 1955 að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndarstöðvum og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr. laganna, til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr. laganna helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. laganna um skipun lækna við slíkar stöðvar.

21. gr.

Til þess tíma, er í 20. gr. segir, skal 3. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi, með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Þar sem sjúkrasamlög eru ekki starfandi, skulu þau stofnuð eigi síðar en svo, að samlagsmenn njóti réttinda frá 1. júlí 1950, enda þótt samlagsstofnun hafi eigi verið ákveðin með atkvæðagreiðslu samkvæmt 29. gr. þeirra laga.
2. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skuli sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. ⅔ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.
3. Takmörkun sú, er um getur í 38. gr. laga nr. 104/1943, á greiðslu kostnaðar við sjúkrahúsvist þeirra, sem haldnir eru ellikröm eða öðrum slíkum krankleika, skal niður falla, þegar í hlut eiga sjúklingar, sem orðnir eru fullra 67 ára.

   Eigi sjúklingur, sem sjúkrasamlag greiðir fyrir samkvæmt þessu ákvæði, rétt til lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, skal greiða lífeyrinn til samlagsins upp í kostnaðinn, eða samlagið takmarka greiðslu sína við þá upphæð, sem á vantar, að lífeyrir með fullu álagi samkvæmt 17. gr. almannatryggingalaganna hrökkvi fyrir daggjöldum og læknishjálp samkvæmt reglum samlagsins.

   Nú á sjúklingurinn ekki rétt á lífeyri frá Tryggingastofnuninni vegna tekna eða vegna þess, að hann er sjóðfélagi í sérstökum lífeyrissjóði, og takmarkar samlagið þá greiðslu sína á sama hátt og segir í næstu málsgrein hér á undan. Heimilt skal að ákveða í samþykktum samlags frekari greiðslur en hér er gert ráð fyrir.
4. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkvæmt 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 20 krónur á ári, að viðbættri verðlagsuppbót.
5. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

22. gr.

Til ársloka 1954 skal Tryggingastofnun ríkisins vera heimilt að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59/1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 100 þús. kr. á ári, auk vísitöluuppbótar, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

IV. KAFLI

23. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. laganna skuli innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 310 vísitölustig.

24. gr.

Nú er tekjum manns og eignum þannig háttað, að sveitarstjórn bæri að greiða iðgjald hans samkv. ákvæðum 109. gr., og getur sveitarstjórn þá leitað álits yfirskattanefndar í kaupstöðum, en skattanefndar utan kaupstaða um það, hvort honum sé samt sem áður fært að greiða iðgjaldið sjálfur. Sé nefndin á einu máli um, að svo sé, er honum skylt að greiða sjálfur iðgjaldið, þrátt fyrir ákvæði greinarinnar.

25. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda á 2. verðlagssvæði samkv. 112. gr. laganna skulu vera 25% lægri en sú grein ákveður.

26. gr.

Störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelst og starfar á heimilum foreldra sinna, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. gr. laganna á sama hátt og störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl.

27. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal vera heimilt, til ársloka 1954, að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á því tímabili, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingariðgjöld fyrir árið 1946 skv. 2. kafla laga nr. 104/1943.

28. gr.

Til ársloka 1954 skal framlag sveitarfélaga samkvæmt 114. gr. laganna vera 3.6 milljónir króna á ári, að viðbættri vísitöluuppbót.

Um innheimtu framlaganna gilda ákvæði 117. gr. laganna, auk ákvæða 115. gr., þó þannig, að Tryggingastofnunin getur innheimt þau án milligöngu innheimtumanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún kýs það heldur.

29. gr.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt 116. gr. laganna skal til ársloka 1954 vera 5.8 milljónir króna á ári, að viðbættri vísitöluuppbót.

30. gr.

Skrár þær, er sveitarstjórnum ber að gera samkvæmt 118. gr. laganna, skulu vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal senda annað eintak þeirra hlutaðeigandi innheimtumanni.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 118. gr. skulu einnig gilda um framlagningu skrár um iðgjöld samkv. 112. og 113. gr., svo og um kærur út af þeim gjöldum.

31. gr.

Heimilt skal að fresta afhendingu nýrra tryggingaskírteina, sbr. 127. gr., eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota fyrri skírteini á meðan slík frestun varir.

32. gr.

Til ársloka 1954 skulu sjúkrasamlög í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

33. gr.

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðarstjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

34. gr.

Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. ósk félagsmálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði þess. — Frumvarpinu fylgdu athugasemdir þær og fylgiskjal, sem hér fara á eftir.

Með bréfi dags. 9. júní 1948 fór félagsmálaráðuneytið þess á leit, að tryggingaráð tæki að sér endurskoðun tryggingalaganna, sem mælt var fyrir um í 12. lið viðaukalaganna frá 1947 og hefja skyldi fyrir árslok 1948.

Tryggingaráð féllst á að verða við tilmælum ráðuneytisins, og varð að samkomulagi, að Skúli Guðmundsson alþingismaður tæki sæti í ráðinu, þegar unnið væri að endurskoðuninni, í stað Helga Jónassonar. Haraldur Guðmundsson forstjóri hefur starfað með ráðinu að endurskoðuninni og tekið þátt í öllum fundum þess. Í endurskoðunarnefndinni hafa því starfað eftirtaldir menn: Gunnar J. Möller, formaður, Brynjólfur Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Kjartan Ólafsson, Sigfús Sigurhjartarson og Skúli Guðmundsson.

Það kom brátt í ljós, að ókleift var að ljúka endurskoðuninni á árinu 1948. Samdi því nefndin frv. til viðaukalaga við almannatryggingalögin, er gilda skyldu til ársloka 1949, og var frv. þetta samþykkt á Alþingi í desember 1948.

I lögum þessum er mælt svo fyrir, að heildarendurskoðun laganna skuli hraða svo, að niðurstöður hennar liggi fyrir næsta reglulegu Alþingi, þegar það kemur saman.

Nefndin hélt nokkra fundi á s. l. vetri og ákvað þá að miða tillögur sínar um breytingar á lögunum við það, að eigi þyrfti að auka framlög hins opinbera til tryggingasjóðs eða hækka iðgjöldin. Ekki var þá enn unnt að sjá, hver afkoma trygginganna hafði orðið árið 1948, og var því ákveðið að fresta frekari fundum þar til síðar á árinu. Í ágústmánuði hóf nefndin störf að nýju, kynnti sér ýtarlega niðurstöður áranna 1947 og 1948, ræddi og athugaði vandlega lögin í heild og þau atriði þeirra sérstaklega, sem einstakir nefndarmenn töldu ástæðu til að breyta eða óskir höfðu komið um frá öðrum, að breytt yrði. Jafnframt lét nefndin reikna út og rannsaka, hvern kostnað breytingar þær, sem um var rætt, myndu hafa í för með sér. Samdi nefndin þá og fyrstu frumdrög að frv. Vegna alþingiskosninganna féllu fundir niður frá því snemma í september og til loka októbermánaðar, er nefndin gat aftur tekið til starfa. Er því frv. síðbúnara en til var ætlazt og æskilegt hefði verið.

Samkvæmt reikningum Tryggingastofnunarinnar fyrir árið 1947 var verulegur tekjuafgangur hjá tryggingasjóði á því ári. Reikningar ársins 1948 eru enn eigi fullgerðir, en víst má telja, að nokkur tekjuafgangur hafi orðið hjá tryggingasjóði einnig það ár, en þó talsvert minni en árið 1947. Í þessu sambandi skal á það bent, að þegar tryggingalögin voru sett, var svo ráð fyrir gert, að útgjöldin færu hækkandi a. m. k. þrjú fyrstu árin, þar sem nokkur tími þyrfti að líða, þar til almenningur gerði sér fulla grein fyrir réttindum þeim, sem lögin veita, og færði sér fríðindin í nyt. Með tilliti til þessa þótti fært að láta bótagreiðslur laganna koma til framkvæmda að mestu leyti þegar 1. janúar 1947, án þess að innheimta nokkur biðtímagjöld. Ákvæði laganna um, að þau skyldu endurskoðuð fyrir árslok 1950, var og við það miðað, að þá væru fyrir hendi niðurstöður þriggja ára og að þá mætti vænta þess, að útgjöldin hefðu náð fullum þunga að öðru leyti en því, sem stafar af fólksfjölgun í landinu og breytingum á fjölda ellilífeyrisþega.

Reynslan hefur nú staðfest þessa skoðun. Bótagreiðslur stofnunarinnar urðu þannig um 5 millj. kr. hærri árið 1948 heldur en 1947, og víst má telja, að þær hækki enn nokkuð á þessu ári.

Ákvæðin um sjúkrabætur komu aðeins að litlu leyti til framkvæmda fyrr en á árinu 1948. Hafa því sjúkrabætur hækkað mjög á þessu ári, og vantar þó áreiðanlega enn mikið á, að þær hafi náð fullum þunga, jafnvel þótt ekki sé gert ráð fyrir breytingum á árferði og atvinnuástandi.

Auk þess hafa nokkrar breytingar þegar verið gerðar á lögunum, sem auka útgjöldin og rýra tekjurnar frá því, sem gert var ráð fyrir, þegar lögin voru sett. Má þar nefna ákvæðin um greiðslur sjúkradagpeninga til giftra kvenna, sem ekki hafa sjálfstæðar tekjur, er tóku gildi í byrjun þessa árs, greiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda fyrir gamalmenni og öryrkja og lækkun iðgjalda átvinnurekenda á 2. verðlagssvæði, sem tóku gildi í ársbyrjun 1948. Þá má og geta þess, að í byrjun þessa árs voru áhættuiðgjöld atvinnurekenda, slysatryggingaiðgjöldin, lækkuð um 20—30%, og er nú til athugunar, hvort fært þyki að lækka þau enn nokkuð um næstu áramót, þar sem talsverður afgangur hefur orðið af slysatryggingaiðgjöldum undanfarin ár, en

sá afgangur ásamt afgangi af áætluðum sjúkrabótum hefur verið yfirfærður til næsta árs, en eigi talinn með í tekjuafgangi tryggingasjóðs.

Eftir vandlega athugun á reikningum tryggingganna og áætlunum fyrir yfirstandandi ár og árið 1950 þótti nefndinni rétt að gera engar þær tillögur um breytingar á lögunum, er röskuðu fjárhagsgrundvelli þeirra í meginatriðum, en miða tillögur sínar við það, sem ætla mætti, að Tryggingastofnuninni væri fært, að óbreyttum ákvæðum laganna um tekjuöflun. Aðalástæðurnar fyrir þessari niðurstöðu eru þessar:

a. Reynsla sú, sem fengin er af framkvæmd almannatryggingalaganna, nær aðeins til tveggja ára og þess, sem liðið er af árinu 1949. Vantar því enn mikið á, að fullséð geti talizt, hver útgjöldin verða og hversu öruggir tekjustofnarnir reynast.
b. Þriðji kafli laganna, um heilsugæzlu, hefur enn eigi komið til framkvæmda.
c. Eftir h. u. b. 2 ár eiga að falla niður takmarkanir þær á lífeyrisgreiðslum, sem mælt er fyrir um í fyrsta bráðabirgðaákvæði laganna, en það ákvæði gildir aðeins til ársloka 1951.
d. Síðan lögin tóku gildi, hefur yfirleitt verið nægileg atvinna og afkoma alls almennings því verið góð. Hafa því tekjur tryggingganna innheimzt vel og bótagreiðslur orðið léttari en ella mundi. Nú virðist allmikil óvissa um atvinnu- og fjármál þjóðarinnar og ekki ugglaust um, að svo geti farið, að gjaldheimtan verði nokkru erfiðari í náinni framtíð en verið hefur, og að samtímis verði fastar sótt á um bótagreiðslur en til þessa.

Tillögur nefndarinnar skiptast efnislega í tvo meginþætti.

1. Lagt er til, að frestað verði í aðalatriðum framkvæmd heilsugæzlu samkv. III. kafla laganna, þar til 1. janúar 1955, og að III. kafli alþýðutryggingalaganna frá 30. desember 1943 verði látinn halda gildi með nokkrum breytingum til sama tíma.
2. Lagt er til, að gerðar verði ýmsar breytingar og lagfæringar á lögunum, einkum kaflanum um bótagreiðslur, sem ætla má, að rúmast geti innan þess ramma, sem almannatryggingunum er settur með gildandi ákvæðum um tekjuöflun til þeirra.

Um fyrra atriðið skal þetta tekið fram:

Heilsugæzlustofnanir þær, sem gert er ráð fyrir, að bæjarfélögin komi upp, svo sem lækningastöðvar og heilsuverndarstöðvar, eru enn ekki fyrir hendi og engar líkur til, að þær verði fullgerðar í lok ársins 1951, eins og til var ætlazt, nema á örfáum stöðum. En án þessara stofnana og nægilegra sjúkrahúsa er mjög erfitt, ef ekki ókleift, að framkvæma ákvæði heilsugæzlukaflans eins og til er ætlazt. Sjúkrahússkorturinn hér í Reykjavík, ásamt vöntun á lækningastöð og heilsuverndarstöð, hlýtur sérstaklega að torvelda mjög allar heilsugæzluframkvæmdir. Það hefur komið í ljós, að miklir erfiðleikar eru á því að ná viðhlítandi samningum við læknasamtökin um fastar greiðslur og ákveða þeim gjaldskrá á þeim grundvelli, sem lögin gera ráð fyrir, meðan fyrrnefndar stofnanir eru ekki upp komnar og bætt að verulegu leyti úr sjúkrahússkortinum. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur nú fyrir nokkru gert áætlun um að reisa bæjarsjúkrahús og aðrar nauðsynlegar heilsugæzlustofnanir, og er við það miðað, að þeim framkvæmdum verði lokið á árinu 1955. Hefur Tryggingastofnunin þegar heitið nokkrum fjárhagslegum stuðningi til þessara framkvæmda, og er frestunin við það miðuð, að stofnanirnar verði þá tilbúnar til notkunar.

Gert er ráð fyrir, að sjúkrasamlögin haldi áfram störfum meðan framkvæmd heilsugæzlunnar er frestað. Er það jafnframt nauðsynlegt að dómi nefndarinnar að stofna sjúkrasamlög í þeim hreppum, þar sem þau hafa ekki enn verið stofnuð, svo að sjúkratryggingarnar taki til allra landsmanna. Þá telur nefndin og nauðsynlegt að afnema takmörkun þá á greiðslum fyrir sjúkrahús- og hælisvist, sem nú er í lögunum um sjúkrasamlög, þegar í hlut eiga menn, sem orðnir eru 67 ára og ríkisframfærslan sér ekki fyrir hælis- eða sjúkrahúsvist. Samkvæmt gildandi lögum ber sjúkra-

samlögunum eigi að greiða sjúkrahúsvist lengur en 5 vikur fyrir þá, sem haldnir eru ellikröm eða öðrum slíkum krankleika. Sama er og um t. d. geðveikissjúklinga, en fyrir þá greiðir ríkisframfærslan nú því aðeins, að þeir dveljist á viðurkenndu geðveikrahæli.

Þótt Tryggingastofnunin greiði þessum aðilum fullan ellilífeyri eða örorkulífeyri með þeirri hækkun, sem heimiluð er í 17. gr. tryggingalaganna, vantar mikið á, venjulega um helming, að lífeyrisgreiðslan hrökkvi fyrir sjúkrahúsvistinni. Sé hlutaðeigandi eignalaus, en svo er um þá flesta, verður sveitarfélagið oftast að leggja fram það, sem til vantar.

Að sjálfsögðu una sveitarfélögin, sem leggja fram fé bæði til almannatrygginganna og sjúkrasamlaganna, því illa að verða auk framlagsins að greiða um og yfir helming kostnaðar sjúkrahús- og hælisvistar fyrir þá, sem mest þarfnast tryggginganna. Í frv. er því lagt til, að sjúkrasamlögin greiði það, sem á vantar, að lífeyririnn hrökkvi fyrir sjúkrahúsvistinni, þegar um ellikröm eða aðra slíka sjúkdóma er að ræða. Jafnframt er gert ráð fyrir, að framkvæmd ríkisframfærslunnar verði breytt í það horf, að öryrki með alvarlegan langvinnan sjúkdóm, sem ekki fær vist á hæli, sem viðurkennt er fyrir þann sjúkdóm, og því dvelst í öðru sjúkrahúsi eða hæli, geti notið styrks frá ríkisframfærslunni, að svo miklu leyti, sem lífeyrir hans ekki nægir fyrir sjúkrahúskostnaðinum.

Meðan sjúkrasamlögin starfa og hinir tryggðu greiða sérstakt iðgjald til þeirra, er heimilt að lækka iðgjöldin til almannatrygginganna um allt að 30%. Þrátt fyrir þessa lækkun greiða hinir tryggðu nokkru hærri gjöld samanlagt til almannatrygginganna og sjúkrasamlaganna en þeim var ætlað að greiða til almannatrygginganna, er heilsugæzlan kæmi til framkvæmda.

Kvæntur maður á 1. verðlagssvæði greiðir nú til almannatrygginganna 390 kr. á ári. Sé sjúkrasamlagsiðgjaldið 15 krónur á mánuði, greiðir hann fyrir sig og konu sína 360 krónur á ári, eða samtals í tryggingagjöld 750 krónur. Iðgjaldið til almannatrygginganna væri án lækkunar 560 krónur. Mismunurinn er því 190 krónur á ári fyrir hjón, en 90—100 krónur fyrir einhleypt fólk.

Kvæntur maður á 2. verðlagssvæði greiðir til almannatrygginganna 310 krónur. Sé sjúkrasamlagsiðgjaldið 9 krónur á mánuði, greiðir hann því samtals 526 krónur á ári. Iðgjald hans til almannatrygginganna væri án lækkunar 430 krónur. Mismunur er því 96 krónur á ári. Sé um einhleypt fólk að ræða, er mismunurinn tilsvarandi.

Hins vegar er og þess að gæta, að sjúkrasamlögin veita meðlimum sínum að ýmsu leyti meiri fríðindi en ætlazt er til, að þeir verði aðnjótandi samkvæmt heilsugæzlukaflanum. Þannig greiða sjúkrasamlögin læknishjálp heimilislæknis að fullu, en samkvæmt almannatryggingalögunum er svo til ætlazt, að hinir tryggðu greiði sjálfir fjórðung af kostnaði við læknishjálp utan sjúkrahúsa bæði til heimilislækna og sérfræðinga.

Sjúkrasamlögin greiða nú ¾ hluta og sum meira af verði flestra lyfja, en samkv. almannatryggingalögunum er sjúklingnum ætlað að greiða helming af verði lyfja annarra en þeirra, sem lífsnauðsynleg teljast, en þau eru nú einnig greidd að fullu. Fyrir þá, sem hafa fyrir stórri fjölskyldu að sjá eða oft þurfa að leita læknis, er því sennilega engu óhagstæðara að greiða mismuninn en að taka á sig að greiða fjórðungsgjald til heimilislæknisins og helming lyfjaverðs í stað fjórða hluta.

Skal þá vikið að síðara atriðinu, tillögum um breytingar á ákvæðunum um bótagreiðslur.

Síðan tryggingalögin voru sett, hefur dýrtíðin aukizt og kaup launþega yfirleitt hækkað, þótt vísitöluuppbótin sé bundin við 300 stig. Hlutfallið milli bótaupphæða laganna og kaupgjalds hefur því raskazt bótaþegum í óhag. Nokkuð hefur þó verið úr þessu bætt með því að miða lífeyrisgreiðslur til öryrkja og gamalmenna við 315 stig í stað 300 og með því að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Lætur nærri, að þetta hvort tveggja samsvari 10% hækkun á lífeyrinum, sem nú er á 1. verðlagssvæði 3780 kr. að viðbættu sjúkrasamlagsiðgjaldi, 15 kr. á

mánuði, eða alls 3960 kr. í stað 3600 kr., ef miðað er við grunnlífeyrinn og 300 vísitölustig.

Rannsókn sú á raunverulegum framfærslukostnaði í hinum ýmsu byggðarlögum, sem gert er ráð fyrir í 8. bráðabirgðaákvæði laganna, hefur enn eigi leitt til ákveðinnar niðurstöðu, enda verðlag og kaupgjald tíðum breytingum háð og allt í óvissu um framtíðina. Nefndin hefur því eigi talið fært að gera að svo stöddu tillögur um breytingar á verðlagssvæðum eða hinum lögbundnu bótaupphæðum, þar sem líklegt má telja, að með því væri aðeins tjaldað til einnar nætur. Hefur nefndin því valið þá leið í tillögum sínum að auka og rýmka heimildir laganna. Með því má bæta nokkuð hlut þeirra, sem verst eru settir, án þess að tefla á of tæpt vað eða raska fjárhagsgrundvelli tryggginganna.

Nefndin leggur því til, að heimilað verði að rýmka nokkuð ákvæðin um greiðslur hjónalífeyris og hækkun elli- og örorkulífeyris samkv. 17. gr., svo og ákvæði 13. gr. um lífeyrisgreiðslur til þeirra, sem njóta mjög lágra eftirlauna af opinberu fé eða úr opinberum sjóðum. Þá hefur nefndin og talið rétt að samræma ákvæðin um greiðslur barnalífeyris og rýmka nokkuð reglurnar um greiðslu barnalífeyris og fjölskyldubóta, þegar sérstaklega stendur á, svo og að heimila greiðslu nokkurra dánarbóta til ekkna og ekkla, sem náð hafa 67 ára aldri. Loks leggur nefndin til, að bætt verði við nýjum bótaflokki, og tryggingaráði heimilað að greiða, auk barnalífeyris, mæðralaun til einstæðra mæðra, sem eiga fyrir tveimur eða fleiri börnum að sjá. Áætlað er, að mæðralaun samkv. frv. nemi um 900—1100 þús. kr. á ári, og er þá svo til ætlazt, að eiginkonur lífeyrisþega geti einnig komið til greina við ákvörðun mæðralauna, enda njóti þær þá ekki makabóta samkvæmt eldri heimildarákvæðum.

Sjúkrabætur, þ. e. sjúkradagpeningar, er sá bótaflokkur, sem veldur einna mestum örðugleikum í framkvæmd, einkum þegar um er að ræða sjúklinga, sem hafa tekjur sínar af eigin atvinnurekstri, en ekki taka laun fyrir vinnu í annarra þjónustu og sjúkdómunum er þannig háttað, að rúmlega eða sjúkrahúsvist er ekki nauðsynleg og sjúklingurinn býr fjarri lækni.

Þegar svo stendur á, sérstaklega ef sjúkdómurinn tekur stuttan tíma, er ávallt mjög erfitt og stundum ókleift að meta raunverulegan tekjumissi hlutaðeiganda og skera úr um það, hve mikið starfsgeta hans hefur skerzt. Þótt nefndinni hafi verið þetta fullljóst, varð ofan á að ganga nokkuð til móts við þær óskir, sem fram hafa komið um rýmkun á þeim sérákvæðum, er taka til þeirra, sem að framan greinir. Leggur nefndin því til, að biðtími atvinnurekenda, sem ekki hafa fleiri launþega við reksturinn en svo, að samsvari 52 vinnuvikum á ári, verði ákveðinn hinn sami og launþega, og að heimilað verði að víkja frá þeim ákvæðum laganna, sem gera rúmlegu að skilyrði fyrir sjúkrabótum. Jafnframt hefur nefndin talið rétt að heimila tryggingaráði að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þegar vafi þykir leika á um, hver raunverulegur tekjumissir vegna sjúkleikans hefur orðið, þar til fyrir liggja upplýsingar um heildartekjur á veikindaárinu.

Ekki er unnt að segja um það með fullri vissu, hversu mikla útgjaldaaukningu frv. hefur í för með sér. Þar sem um heimildir er að ræða, fer það að sjálfsögðu að verulegu leyti eftir því, hversu tryggingaráð metur þörfina ríka og hvað það telur tryggingunum fjárhagslega fært á hverjum tíma.

Eins og fyrr er sagt, áætlar nefndin kostnað við mæðralaun 900—1100 þús. kr. á ári, en alls er áætlað, að útgjöld Tryggingastofnunarinnar aukist vegna frv., ef það verður að lögum, um 2—2.5 millj. kr., eða sem svarar 5% aukningu bótagreiðslna í heild.

Eins og áður er sagt, lætur nærri, að greiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda og mismunurinn á vísitölu þeirri, sem elli- og örorkulífeyrir miðast við, og vísitölu kaupgjaldsins samsvari 10% hækkun á lífeyrisgreiðslunum. Um helmingur aukningarinnar samkv. frv. má ætla að komi fram sem viðbót við lífeyrisgreiðslur, þannig að hækkunin á þeim í heild nemi 13—15% af upphæðum þeim, sem lögin ákveða, miðað

við 300 vísitölustig. Hins vegar skiptist viðbótin ekki jafnt milli lífeyrisþega, þar sem svo er til ætlazt, að hún renni til þeirra eingöngu, sem verst eru settir.

Sú reynsla, sem þegar er fyrir hendi um framkvæmd tryggingalaganna, veldur því, að allar áætlanir um útgjöld þeirra, önnur en til heilsugæzlu, eru nú öruggari en þegar lögin voru afgreidd. Auk þess hefur tryggingasjóði á þessum árum safnazt nokkurt fé, og verður sú fjárhæð í lok þessa árs sennilega nálægt þeirri upphæð, sem ábyrgð ríkissjóðs skv. 2. málsgr. 116. gr. laganna tekur til. Telur nefndin því ekki ástæðu til að ætla, að grípa þurfi til ábyrgðar ríkissjóðs eða ráðstafana þeirra, sem um getur í 3. málsgr., meðan framkvæmd heilsugæzlunnar er frestað. Þeim halla, sem verða kann á tryggingunum á þessu tímabili, álítur nefndin, að tryggingasjóði verði fært að mæta þann tíma, sem til þess þarf að breyta lögunum í það horf, að jöfnuður náist. En hrökkvi það fé ekki, má grípa til láns úr varasjóði í bili skv. 100. gr. Hefur og jafnan verið litið svo á, að tryggingasjóði bæri, ef fé er fyrir hendi, að greiða þann halla, sem verða kynni á rekstri tryggginganna einstök ár, og ekki skyldi leitað til ríkissjóðs vegna tekjuhalla, meðan nokkurt fé væri í tryggingasjóðnum. Á sama hátt virðist eðlilegt að líta svo á, að ef ríkissjóður þyrfti að leggja út fé vegna ábyrgðarinnar umfram hið fasta framlag, bæri tryggingasjóði að endurgreiða það fé af tekjuafgangi síðar.

Með tilliti til þess, sem að framan segir, leggur nefndin til, að framlag ríkissjóðs verði fastákveðið næstu 5 ár 5.8 millj. kr. á ári auk verðlagsuppbótar. Er það sama upphæð og í fjárlögum þessa árs, þ. e. upphæð sú, sem taka ber í fjárlög samkvæmt 1. málsgr. 116. gr. að frádreginni þeirri upphæð, sem framlög ríkissjóðs til sjúkrasamlaga og ríkisframfærslunnar námu, þegar lögin voru sett.

Nefndin er sammála um frv. í heild, en Skúli Guðmundsson hefur þó sérstöðu um nokkur atriði, sem hann gerir grein fyrir hér á eftir. Þrír nefndarmanna, Brynjólfur Stefánsson, Gunnar J. Möller og Kjartan Ólafsson, vilja vekja athygli á því, að 13. gr. frv., um mæðralaun, geti leitt til þess, að gera þurfi breytingar á lögunum, þegar bráðabirgðaákvæðið um skerðingu lífeyris vegna tekna fellur úr gildi.

Auk þeirra ákvæða tryggingalaganna, sem nefndin leggur til, að gerðar verði breytingar á með frv., voru ýmis önnur atriði þeirra rædd og athuguð ýtarlega, svo sem hækkun fastra bótaupphæða, jarðarfarastyrkir, lækkun iðgjalds fólks á aldrinum 16—18 og 65—67 ára, afnám sérákvæða um slysatryggingar og mismunandi sjúkrabótatíðtíma svo og um iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. og 113. gr.

Með tilliti til þess, sem áður er sagt, að ekki þyki fært að gera breytingar á lögunum, sem raski fjárhagsgrundvelli tryggginganna í meginatriðum, varð það ofan á í nefndinni að flytja engar breytingartillögur um þessi atriði, enda voru skoðanir nefndarmanna skiptar um ýmis þeirra.

Nefndin er sammála um að hafa frv. í sama formi og viðaukalög undanfarinna ára. Ætla má, að ekki verði hjá því komizt að gera fleiri breytingar á lögunum á næstu árum, og þykir hentugra að hafa jafnan allar breytingar á aðallögunum í einum lögum en að breyta einstökum greinum þeirra með sérstökum lögum hverju sinni.

Til þess að tryggingalöggjöfin komi að fullum notum og nái tilgangi sínum þarf hún að vera í samræmi við ástand líðandi stundar — breytast með breyttum tímum.

Eins og áður er sagt, er nefndin sammála um frv. í heild, en Skúli Guðmundsson hefur þó sérstöðu um nokkur atriði. Vill hann í því sambandi taka fram um tryggingalögin og frv., það sem hér fer á eftir:

1. Ég tel, að fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna eigi að vera jafn til allra mæðra. Tillaga um þetta, sem ég bar fram í nefndinni, var felld með 3 atkv. gegn 2.
2. Ég legg til, að við 1. málsgr. 13. gr. frv. (um mæðralaun) bætist orðin: enda sé faðir ekki á lífi.

3. Ég tel, að ákvæðum laganna um sjúkrabætur (42.—43. gr.) eigi að breyta þannig, að sá tími, sem líður frá því að veikindi byrja þar til greiðsla sjúkrabóta hefst, verði jafnlangur fyrir alla sjúklinga.
4. Samkv. 45.—58. gr. laganna eiga allir þeir, sem vinna í annarra þjónustu, rétt til sérstakra slysabóta, ef þeir slasast við vinnu, án þess að þeir þurfi að borga sérstaklega fyrir þá tryggingu. Aðrir landsmenn njóta ekki þessara fríðinda, og tel ég, að með þessum ákvæðum sé þjóðfélagsþegnunum svo misjafnt skammtaður rétturinn, að eigi sé við unandi. Ég tel því þörf að breyta ákvæðum þessa kafla laganna og í því sambandi einnig fyrirmælum 113. gr. þeirra. Af umræðum í nefndinni varð mér hins vegar ljóst, að aðrir nefndarmenn vildu ekki gera breytingu á þessum ákvæðum, og lagði ég því ekki fram þar ákveðnar tillögur um breytingar, en áskil mér rétt til að koma þeim á framfæri síðar.
5. Ég tel iðgjaldaálögur samkv. 112. gr. laganna ósanngjarnar og að sú lagagrein eigi að falla niður. Þrátt fyrir verulegan tekjuafgang hjá Tryggingastofnuninni undanfarin ár, geri ég ráð fyrir, að afla þyrfti nýrra tekna, a. m. k. að einhverju leyti, á móti þeim iðgjöldum, sem nú eru innheimt samkv. 112. gr., eða draga úr útgjöldum stofnunarinnar, ef ákvæði greinarinnar yrðu felld úr gildi. Ég hef þó ekki enn lagt fram ákveðnar tillögur í nefndinni um þetta efni, enda hafa aðrir nefndarmenn lýst andstöðu við að fella úr gildi ákvæði 112. gr. og því fyrirsjáanlega árangurslaust að leggja slíkar breytingartillögur fram í nefndinni.
6. Samkv. 133. gr. laganna eiga þeir, sem tryggðir eru hjá sérstökum viðurkenndum lífeyrissjóðum, að borga Tryggingastofnun ríkisins helming þess iðgjalds, sem ákveðið er í 107. gr. laganna. Í stað þessa ákvæðis tel ég réttara, að lögfest verði, að allir landsmenn verði tryggðir hjá Tryggingastofnun ríkisins með fullum skyldum og réttindum, en að þeir, sem þess óska, geti keypt viðbótartryggingar hjá öðrum stofnunum eða sérstökum lífeyrissjóðum.

Um einstakar greinar frv. skal þetta fram tekið:

I. KAFLI

Um 1. gr.

Ástæðurnar fyrir því, að frv. er valið það form, sem raun ber vitni, eru raktar hér að framan.

Um 2. gr.

Starf heilsugæzlustjóra hefur þegar verið tekið upp með því verksviði, sem greinin kveður á um. Heilsugæzlustjóri sinnir þeim störfum, sem áður heyrðu undir deildarstjóra sjúkratryggingadeildar, auk yfirstjórnar læknamálefna og undirbúnings heilsugæzlu. Þótti sjálfsagt að kveða á um starf þetta í lögum, svo og um afstöðu heilsugæzlustjóra og tryggingayfirlæknis.

Um 3. gr.

Starf sérfræðinganefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. almannatryggingalaganna, hefur í reyndinni orðið harla lítið, enda þörfin fyrir slíka nefnd mun minni, eftir að skipaður hefur verið heilsugæzlustjóri auk tryggingayfirlæknis. Rétt þykir þó, að til sé aðili utan stofnunarinnar sjálfrar, sem hægt sé að áfrýja til úrskurðum um orkutap og örorkustig þeirra, sem ekki vilja una úrskurði starfsmanna stofnunarinnar um þessi atriði. Er því lagt til, að nefndin starfi áfram með nokkuð breyttri skipan og verkefni hennar verði einskorðað við þessa úrskurði.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að Stéttarsamband bænda fái sömu aðstöðu til áhrifa á ákvörðun slysatryggingargjalda og Alþýðusambandið og Vinnuveitendafélag Íslands hafa nú.

Um 5. gr.

Samkvæmt lögunum skal kjósa tryggingganefndir hlutfallskosningu á sameiginlegum fundi allra sveitarstjórna í hverju tryggingaumdæmi eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Þetta hefur þótt fyrirhafnarsamt og kostnaðarsamt, og með því að störf tryggingganefnda hafa víðast hvar ekki reynzt meiri en svo, að sýslunefndir ættu að geta bætt þeim á sig, er hér lagt til, að sá háttur verði upp tekinn, nema sýslunefnd kjósi heldur að fela sérstakri nefnd störfin, enda kjósi þá sýslunefnd tryggingganefndina. Þó þykir réttara, þar sem sjúkrasamlag nær yfir heilt tryggingaumdæmi, að samlagsstjórnin fari með þessi störf.

II. KAFLI

Um 6. gr.

Ákvæði 2. mgr. 13. gr. laganna hafa valdið mikilli óánægju, sérstaklega hjá fólki, er hefur smáupphæðir sem nokkurs konar heiðurslaun á 18. gr. fjárlaga, og öðrum, sem líkt stendur á um. Samkv. ákvæðum málsgr. skal draga slíkar upphæðir að fullu frá lífeyri, sem hlutaðeigandi ætti rétt á samkv. almannatryggingalögunum, þannig að þeir (á 1. verðlagssvæði), sem fá 1200 kr. í grunn eða meira af opinberu fé, fá engan lífeyri hjá Tryggingastofnuninni.

Þetta virðist tæplega eðlilegt eða sanngjarnt, og er því hér lagt til, að nokkuð verði úr þessu bætt, þannig að Tryggingastofnuninni sé heimilt að greiða því fólki, sem hefur í eftirlaun sem svarar hálfum lífeyri eða minna (600 kr. í grunn) af opinberu fé, fullan elli- eða örorkulífeyri og þeim, sem meira fá, það, sem á vantar, að þeir hafi hálfan annan lífeyri.

Útgjaldaaukning samkv. þessari grein er áætluð 400 þús. kr.

Um 7. gr.

Ástæðan til þess, að hjónum er ætlaður lægri lífeyrir en tveim einhleypingum, er vitanlega sú, að talið er, að hjón geti jafnaðarlega komizt af með minna sér til framfæris. Sú ástæða er ekki fyrir hendi, þegar hjónin búa ekki saman. Samt þótti ekki rétt að leggja til, að hjónum verði ávallt greiddur fullur einstaklingslífeyrir hvoru um sig, ef þau búa ekki saman, þar sem slíkt gæti leitt til misbrúkunar og stuðlað að því, að hjón á ellilífeyrisaldri slitu sambúð. Hins vegar geta oft verið góðar og gildar ástæður til þess, að gömul hjón geti ekki haft sameiginlegt heimili, og er þessu ákvæði ætlað að ná til slíkra tilvika.

Ekki er hægt að áætla með neinni vissu, hversu mikla útgjaldaaukningu þetta ákvæði hefði í för með sér, en ekki er þar um stóra fjárhæð að ræða.

Um 8. gr.

Reynslan virðist hafa sýnt, að lífeyrir sá, sem lögin ákveða almennt, sé sæmileg úrlausn þeim, sem nokkra vinnugetu hafa eða eru í heimili með vandamönnum, en sé hins vegar gersamlega ófullnægjandi fyrir þá, sem standa algerlega einir og enga vinnugetu hafa. Því er lagt til, að heimildin til hækkunar á lífeyri verði látin ná einnig til þeirra, sem sökum einstæðingsskapar og algers skorts á vinnugetu geta ekki komizt af með venjulegan lífeyri, auk þeirra, sem heimildin nær nú til, þ. e. þeirra, sem þarfnast sérstakrar umönnunar vegna sjúkleika eða ellilasleika.

Jafnframt er lagt til, að heimildin verði hækkuð úr 40% í 50%, og er það gert aðallega með tilliti til þeirrar verðlags- og kauplagsröskunar, sem orðið hefur, síðan lögin voru sett, til þess að hægt sé að bæta þeim að nokkru þann mun, sem mesta hafa þörfina.

Meiri hl. nefndarinnar vill, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að binda hækkun lífeyris til einstæðinga því skilyrði, að sveitar- eða bæjarstjórn sjái lífeyrisþeg-

unum fyrir húsnæði gegn hóflegri leigu, svo sem í greininni segir. Rökin eru þau, að hækkunin komi að litlu haldi, ef mikill hluti lífeyrisins fari í að greiða okurleigu. — Minni hlutinn, Br. St. og G. J. M., er þessu ákvæði andvígur, með þeim rökum, að það muni reynast mjög erfitt í framkvæmd og geti jafnvel stuðlað að því, að húsaleiga stórhækki hjá lífeyrisþegum þeim, sem hér eiga hlut að máli, enda megi ætla, að mestur hluti þeirra búi nú við lága húsaleigu.

Áætlað er, að kostnaður af þessari breytingu verði einhvers staðar á milli 250 og 500 þús. kr.

Um 9. gr.

Svo getur staðið á, að maður, sem misst hefur konu sína frá barnahóp, sé fyrst í stað engu betur settur en kona, sem misst hefur mann sinn. Því er lagt til, að heimilt sé að greiða ekkli fullan barnalífeyri, en haldið skilyrðum síðustu málsgr. 23. gr. fyrir heimildinni. Jafnframt er gert ráð fyrir, að heimildin verði einkum notuð fyrsta árið eftir fráfall konunnar.

Um 10. gr.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum á ekkja, sem giftist aftur, rétt til barnalífeyris í þrjú ár hið mesta. Aftur á móti eiga mæður óskilgetinna barna og fráskildar konur, sem barnalífeyri fá samkvæmt úrskurði, óskertan rétt til barnalífeyris til 16 ára aldurs barnanna, þó að þær giftist eða taki upp sambúð með karlmanni. Á meðan barnsfaðir er á lífi á Tryggingastofnunin að vísu endurkröfurétt á hendur sveitarfélagi barnsföður eða barnsmóður og sveitarfélögin endurkröfu á hendur barnsföður. En misréttið, sem í þessu felst, verður sérstaklega áberandi, ef barnsfaðirinn deyr. Þá fellur niður endurkrafan á sveitarfélögin, og í staðinn kemur krafa í dánarbú barnsföður, þ. e. a. s. lífeyririnn verður raunverulega óendurkræfur í flestum tilfellum.

Það er því lagt til, að þetta misræmi verði leiðrétt og ákveðið, að barnalífeyrir falli jafnan niður eftir þrjú ár, ef kona giftist, hvort sem um er að ræða ekkjubörn, óskilgetin börn eða börn fráskilinna kvenna.

Um 11. gr.

Samkv. 2. mgr. 32. gr. eru fjölskyldubætur ekki greiddar vegna barna, sem barnalífeyrir er greiddur með, „eða greitt er með af öðrum, sem því svarar, samkvæmt úrskurði". Þetta hefur verið skýrt svo, að óheimilt sé að greiða fjölskyldubætur ekki einasta þeim, sem barnalífeyri fá, heldur einnig þeim, sem barnalífeyri greiða samkvæmt úrskurði.

Sú undantekning, sem í frvgr. felst, hefur verið upp tekin samkvæmt tillögu tryggingaráðs Reykjavíkur.

Um 12. gr.

Dánarbætur þær, sem hér um ræðir, 200 kr. í grunn á mánuði í 3 mánuði alls, eru nú eingöngu greiddar ekkjum, og það því aðeins, að ekkjan sé yngri en 67 ára. Hér er lagt til, að tryggingaráði verði heimilað að greiða dánarbætur, þó að ekkja sé 67 ára eða eldri, því að oft getur verið um engu minni röskun að ræða á högum ekkjunnar, þó að hún sé orðin svona gömul, heldur en konu, sem missir mann sinn á yngra aldri.

Einnig er hér lagt til, að heimilt sé að greiða ekkli dánarbætur við fráfall konunnar, ef hann er orðinn 67 ára, þar sem gera má ráð fyrir, að ekkli, sem kominn er á lífeyrisaldur, sé jafnaðarlega um megn að standa straum af kostnaði við fráfall konunnar.

Útgjaldaaukning samkv. þessari grein er áætluð ca. 270 þús. kr.

Um 13. gr.

Þessi grein er nýmæli í lögunum, þar sem með henni er upp tekinn nýr bótaflokkur, — mæðralaun. Lagt er til, að mæðralaun verði greidd einstæðum mæðrum,

sem hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu, þannig að kona með tvö börn fái sem svarar þriðjungi lífeyris, kona með þrjú börn tvo þriðju lífeyris og kona með fjögur börn eða fleiri sem svarar fullum lífeyri samkv. 15. gr. laganna.

Talið er, að móðir, sem hefur aðeins fyrir einu barni að sjá og fær greiddan með því barnalífeyri, eigi jafnaðarlega að geta komizt af án frekara styrks. Eftir því sem börnin eru fleiri, er móðirin að sjálfsögðu bundnari af þeim, og þegar börnin eru orðin 4, má ætla, að öll vinna móðurinnar sé bundin við að annast þau. Mikill meiri hluti þeirra kvenna, sem mæðralauna mundu njóta samkv. þessum reglum, eru ekkjur og fráskildar konur, því að flest óskilgetin börn eru einbirni mæðra sinna.

Áætlað er, að mæðralaun mundu nema 900—1100 þús. kr. á ári.

Einstakir nefndarmenn gerðu fyrirvara um grein þessa, eins og fram kemur í hinni almennu grg. hér að framan.

Um 14. gr.

Fyrri liður greinarinnar er sama efnis og 4. tölul. 1. gr. viðaukalaganna frá 28. des. 1948. Þykir rétt, að það ákvæði gildi á meðan 92. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda vegna frestunar heilsugæzlukaflans.

Um síðari liðinn er það að segja, að þegar 67 ára maður eða eldri heldur áfram störfum og sparar stofnuninni með því lífeyrisgreiðslu, virðist ósanngjarnt að synja honum um sjúkrabætur, ef hann verður fyrir tekjumissi vegna veikinda, fyrir það eitt, að hann er orðinn 67 ára.

Um 15. gr.

Það er oft illmögulegt, þegar atvinnurekendur eiga í hlut, að gera sér grein fyrir því, hvers menn missa í af tekjum vegna veikinda eða hversu miklum tekjum þeir halda þann tíma, sem þeir eru veikir.

Oft er helzt einhvern stuðning að finna í skattaframtali manna fyrir veikindaárið, og því er lagt til, að heimilt sé að fresta úrskurði þangað til það liggur fyrir.

Um 16. gr.

Reglan um lengri biðtíma atvinnurekenda, annarra en einyrkja, þegar um sjúkrabætur er að ræða, olli talsverðum deilum, þegar lögin voru sett, og síðan hafa heyrzt mörg andmæli gegn henni, einkum frá málsvörum bænda og samtökum þeirra.

Þetta atriði hefur verið mikið rætt í nefndinni, og getur meiri hluti hennar ekki fallizt á, að fært sé að afnema mun þann, sem gerður er að þessu leyti á launþegum og atvinnurekendum. Ástæðan er einkum sú, hversu afar erfitt er að meta fjárhagstjón atvinnurekenda af skammvinnum veikindum, sem og hin, að ætla má, að atvinnurekandi, sem nokkuð hefur umleikis, standi allajafna nokkurn veginn jafnréttur, þótt hann sé veikur í mánuð eða skemur.

Hins vegar vill nefndin koma til móts við óskir þær, sem fram hafa komið um breytingu á þessari reglu, með því að leggja til, að reglan um 5 vikna biðtíma gildi aðeins um þá atvinnurekendur, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða slysatryggingargjald af 52 vinnuvikum. Í þessu sambandi er rétt að benda á 3. gr. reglugerðar frá 21. des. 1946 og 26. gr. frumvarps þessa (sbr. 7. lið núgildandi viðaukalaga), um það, hvernig meta skuli til vinnuvikna vinnu fólks, sem dvelur á heimili foreldra sinna og vinnur þeim, en tekur lítið eða ekkert kaup (sjá aths. við 26. gr.).

Er nefndinni þó ljóst, að ákvæði greinarinnar eykur mjög á erfiðleika í framkvæmd sjúkrabótareglnanna.

Um 17. gr.

Í reyndinni hefur ekki þótt unnt að framfylgja stranglega ákvæðum þeim, sem hér um ræðir, einkum þó ákvæðinu um tilkynningarfrestinn. Því er lagt til, að tryggingaráði verði heimilað að víkja frá þessum ákvæðum.

Um 18. gr.

Tryggingastofnunin hefur talið rétt og heimilt að innheimta gjald samkv. 112. gr. hjá þeim mönnum, sem hér um ræðir. Það hefur þó verið vefengt, að lagaheimild sé til þessa, og er það atriði nú fyrir dómstólunum, og hefur þegar fallið úrskurður í undirrétti, sem gengur á móti tryggingunum. Greinin er til þess ætluð að taka af öll tvímæli um þetta. Hér er um talsvert fjárhagsatriði að ræða, þar sem gjöld þessi munu nema nokkrum hundruðum þúsunda á ári.

Um 19. gr.

Í 65. gr. laganna er svo ákveðið, að sækja skuli árlega um hvers konar bætur. Þetta kostar allmikla vinnu hjá umboðsmönnum tryggingannna og er varla nauðsynlegt til lengdar um allar tegundir bóta. Því er lagt til, að það verði lagt á vald tryggingaráðs, hversu oft skuli endurnýja umsóknir. Einkum er haft í huga, að fallið verði frá árlegum umsóknum um ellilífeyri og endurkræfan barnalífeyri.

III. KAFLI

Um 20. gr.

Um þessa grein vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan og til 1. tölul. 1. gr. núgildandi viðaukalaga.

Um 21. gr.

Í þessari grein og þeirri næstu á eftir eru tillögur um þær ráðstafanir, sem nauðsynlegt þykir að gera til bráðabirgða vegna frestunar kaflans um heilsugæzlu, ef samþ. verður.

Um 1. tölul. Nú hafa verið stofnsett sjúkrasamlög í 159 hreppum og kaupstöðum af 220—230. Mun láta nærri, að 10—12% landsmanna standi enn utan sjúkratryggingannna. Telur nefndin, að hér sé um óviðunandi glompu í tryggingakerfinu að ræða, enda eru þess allmörg dæmi, að fólk, sem býr utan samlagssvæða og orðið hefur fyrir þungum búsifjum af völdum sjúkdóma, leiti til tryggingannna, án þess að nokkuð sé hægt fyrir það að gera, annað en að greiða sjúkradagpeninga, sem oftast hrökkva skammt fyrir kostnaðinum og koma því aðeins til greina, að um vinnandi mann sé að ræða, sem orðið hefur fyrir tekjumissi. Hin dæmin eru þó vafalaust fleiri, sem stofnunin fær enga vitneskju um. Nefndin er því á einu máli um að leggja til, að samlög verði nú lögboðin alls staðar þar, sem þau hafa ekki þegar verið stofnuð.

Um 2. tölul. Reynslan sýnir, að utan kaupstaðanna og einkum í sveitahreppum eru samlögin yfirleitt of smá. Mörg dæmi eru um það, að einn eða tveir þungir sjúklingar kosta lítið sveitasamlag árstekjur þess eða vel það. Er það ljóst, að sveiflurnar í afkomu slíkra samlaga hljóta að geta orðið geysimiklar og rekstur þeirra á allan hátt ótryggari en stærri samlaga. Telur nefndin því mjög æskilegt, að stuðlað verði að sameiningu slíkra samlaga í stærri samlög. Þó þykir varla fært að fyrirskipa slíka sameiningu, nema verulegur vilji sé fyrir því í hinum einstöku héruðum, og er því það skilyrði sett, að stjórnir ⅔ hluta þeirra samlaga, sem sameina skal, fallist á sameininguna.

Um 3. tölul. Hér er gert ráð fyrir, að niður falli takmörkun sú um greiðslu fyrir sjúkrahúsvist, er um getur í 38. gr. laga nr. 104/1943, að því leyti er tekur til sjúklinga þeirra, sem haldnir eru ellikröm eða öðrum slíkum krankleika. Er gert ráð fyrir, að takmörkunin falli niður, er sjúklingarnir eru orðnir fullra 67 ára.

Ákvæði þetta á að koma í veg fyrir það, að sjúklingar, sem haldnir eru sjúkdómum, sem stafa af ellikröm, njóti eigi sömu hlunninda af hálfu tryggingannna sem annað sjúkt fólk. Lögin um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (lög nr. 78/1936) heimila greiðslu á sjúkrahúsvist fyrir þá, sem haldnir eru nokkrum ákveðnum langvinnum sjúkdómum (geðveiki, berklaveiki, mænusótt o. fl.), svo og aðra

sjúklinga, sem „þarfnast sér til lækningar sjúkrahúsvistar misserum saman eða siendurtekinnar sjúkrahúsvistar árum saman. Elli og sjúkdómar þeir, er almennt teljast til ellikramar, koma hér ekki til greina“ (reglugerð nr. 19/1944). Af þessu leiddi, að fólk haldið ellisjúkdómum og ýmsum öðrum sjúkdómum, sem gátu valdið langvinnri sjúkrahúsvist, enda þótt sjúkdómurinn væri ekki í eðli sínu talinn langvinnur, féll niður við styrkveitingu samkv. lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla og fékk aðeins greitt fyrir 35 fyrstu dagana í sjúkrahúsi frá viðkomandi sjúkrasamlagi. Hér er því um hóp sjúklinga að ræða, er verður hart úti þrátt fyrir sjúkratryggingalöggjöfina — óbrúað bil, sem nauðsynlegt er að ráða bót á.

Samkv. almannatryggingalögunum byrjar greiðsla ellilífeyris við 67 ára aldur. Þar sem lögin um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla ná aldrei til ellisjúkdóma, þykir fara vel á því, að sjúkrasamlögin taki að sér greiðslu sjúkrahúsvistar fyrir fólk með slíka sjúkdóma, sem er 67 ára og eldra, að því leyti sem ellilífeyririnn með álagi samkv. 17. gr. nægir eigi til þess að greiða sjúkrahúsvistina. Á hinn bóginn er til þess ætlazt, að rýmkað verði svo á framkvæmd laganna um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla og reglugerð nr. 19/1944, að styrkur verði einnig greiddur þeim sjúklingum, sem eru undir 67 ára að aldri og þarfnast sjúkrahúsvistar vegna nauðsynlegrar hjúkrunar, sjúkdóms eða ellikrankleika um lengri tíma.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að ríkisframfærslan geti veitt styrk til sjúklinga, þótt vistaðir verði á öðrum sjúkrahúsum en þeim, sem sérstaklega hefur verið samið við eða eru beint við sjúklinganna hæfi (t. d. geðveikisjúklingum í sjúkrahúsum öðrum en geðveikrahælum). Í slíkum tilfellum nemi greiðslan þó aldrei hærri upphæð en þeirri, sem samið hefur verið um við samsvarandi sjúkrahús eða hæli, sem er við hæfi sjúklinganna.

Samkv. þessu verður framkvæmd trygginga- og ríkisframfærslulaganna og skipting kostnaðar í aðalatriðum á þessa leið:

I. Gert er ráð fyrir breytingu á tryggingalöggjöfinni, svo og á framkvæmd ríkisframfærslulöggjafarinnar (lögum og/eða reglugerð), er nái til þess, að tryggðir eða framfærðir séu umfram það, sem áður var:
   1. Sjúklingar með króniska sjúkdóma, aðra en þá, sem ríkisframfærslulög og reglugerð hafa tekið sérstaklega til, ef vistaðar eru af brýnni þörf á viðurkenndu sjúkrahúsi eða hjúkrunarheimili, og eins þó að ekki sé um lækningu að ræða, ef sjúklingarnir þarfnast hjúkrunar, sem aðeins er á færi slíkra stofnana að láta í té.
   2. Sjúklingar, sem vistaðir eru af brýnni þörf á viðurkenndu sjúkrahúsi, einnig þó að sjúkrahúsið teljist ekki sérstaklega við sjúklinganna hæfi (þ. e. geðveikir á sjúkrahúsum öðrum en geðveikrahæli o. s. frv.) og án tillits til þess, hvort sérstaklega hefur verið samið við sjúkrahúsið eða ekki. Fyrir þá vist greiðist þó aðeins með hliðsjón af því, sem um hefur verið samið á hliðstæðum stofnunum.

II. Kostnaður skiptist þannig á milli ríkisframfærslu, tryggingganna og sjúkrasamlaga:
   1. Ríkisframfærslan hefur á sínum vegum sjúklinga með sjúkdóma, sem ríkisframfærslulög og reglugerð taka nú til og án tillits til aldurs þeirra, en aðra sjúklinga með langvarandi sjúkdóma aðeins fram að 67 ára aldri.
   2. Sjúkrasamlögin hafa á sínum vegum sjúklinga þá, sem ríkisframfærslan annast ekki, eftir að þeir hafa náð 67 ára aldri.
   3. Úrskurðaður elli- og örorkulífeyrir greiðist, með álagi samkvæmt 17. gr. almannatryggingalaganna, ef veitt er, ríkisframfærslu og sjúkrasamlögum fyrir þá sjúklinga, sem samkvæmt hinum nýju ákvæðum bætast á þeirra framfæri.

Um 4. tölul. Samkv. núgildandi lögum er hámark framlags þess, sem hér um ræðir, 18 kr., auk verðlagsuppbótar, á hvern samlagsmann. Þetta þýðir, að þau samlög, sem hafa hærra mánaðargjald en kr. 13.50, fá ekkert framlag frá ríki og sveitarfélagi á móti þeim hluta iðgjaldsins, sem er umfram þessa upphæð.

Síðan framangreint hámark var ákveðið hafa daggjöld sjúkrahúsa hækkað mjög verulega, og vafalaust er, að ákvæði 3. tl. þessarar greinar hefur talsverða útgjaldaukningu í för með sér fyrir samlögin. Þótti nefndinni því rétt að leggja til, að hámark framlaganna yrði hækkað eins og í greininni segir.

Um 5. tölul. Árin 1948 og 1949 hefur Tryggingastofnunin, samkv. ákvæði í viðaukalögum, greitt sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem eigi höfðu svo háar tekjur, að varðaði skerðingu lífeyris. Ákvæðið er sett vegna frestunar heilsugæzlukaflans, en gamalt fólk og öryrkjar áttu að fá sjúkratryggingu án iðgjaldagreiðslu, þegar hann kæmi til framkvæmda.

Hér er lagt til, að ákvæðið verði rýmkað nokkuð, þannig að samlagsiðgjöld verði greidd fyrir alla þá, sem einhvers lífeyrisréttar njóta, í stað þess að nú nær ákvæðið aðeins til þeirra, sem ekki hafa meiri tekjur en svo, að þeir eigi rétt á fullum lífeyri.

Um 22. gr.

Greinin er sama efnis og 3. liður 1. gr. núgildandi viðaukalaga og kemur í stað 94. gr. almanntryggingalaganna.

IV. KAFLI

Um 23. gr.

Samkv. ákvæði í lögum um dýrtíðarráðstafanir er greiðsla elli- og örorkulífeyris miðuð við 315 vísitölustig. Jafnframt var ákveðið, að hér umrædd iðgjöld skyldu innheimt með álagi, miðuðu við 310 stig, til að mæta útgjaldahækkun af þessum sökum, að svo miklu leyti sem útgjöld stofnunarinnar eru borin uppi með þessum gjöldum. Þar að lútandi ákvæði fellur úr gildi um þessi áramót og þarf að framlengja það.

Um 24. gr.

Því hefur verið haldið fram af hálfu sveitarfélaga, að oftlega væru sveitarfélög skv. 109. gr. skylduð til að greiða iðgjöld fyrir fólk, sem vel gæti greitt gjöldin sjálft. — Hér er gert ráð fyrir, að yfirskattanefnd geti, með einróma úrskurði, leyst sveitarsjóð undan greiðsluskyldunni, þegar svo stendur á.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 5. lið núg. viðaukalaga. — Sjá enn fremur hina alm. greinargerð hér að framan.

Um 26. gr.

Greinin er sama efnis og 7. liður núg. viðaukalaga. Samkv. hinum tilvitnuðu reglum er sá tími, sem börn dvelja á heimili foreldra sinna og vinna þeim kauplaust, aðeins reiknaður að ¼ hluta til gjaldskyldra vinnuvikna. Sé kaup greitt, umfram fæði og dvalarkostnað, reiknast hverjar 150 kr. sem ein vika til viðbótar, unz fullu iðgjaldi er náð.

Um 27. gr.

Sama efnis og 6. tl. núg. viðaukalaga. Rökin fyrir þessari heimild eru þau, að bæði slysatryggingagjöld fyrir 1946 og gjöld skv. 113. gr. fyrir 1947 voru miðuð við unnar vikur á árinu 1946.

Um 28. gr.

Grunnupphæð samanlagðs framlags sveitarfélaga er hér ákveðin hin sama og í núg. bráðabirgðalögum, og er þá miðað við upphæð þá, sem ákveðin er í 114. gr. almannatryggingalaganna, að frádregnum framlögum sveitarfélaga til sjúkrasamlaga, þegar lögin tóku gildi, og hluta sveitarfélaga í kostnaði við ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla á sama tíma.

Innheimtu þessara framlaga hefur verið hagað þannig, að utan kaupstaða hafa innheimtumenn ríkisins, sem jafnframt eru umboðsmenn stofnunarinnar, innheimt framlögin, samkv. samningi við stofnunina, en í kaupstöðum hafa sjúkrasamlögin haft innheimtuna á hendi, nema í Reykjavík, þar sem aðalskrifstofan innheimtir

framlögin beint. — Hér er lagt til, að sami háttur verði á þessu alls staðar á landinu og innheimtan fengin innheimtumönnum ríkisins, þó þannig, að stofnunin geti innheimt framlögin beint þar, sem það þykir henta.

Um 29. gr.

Framlag ríkissjóðs er hér ákveðið með sömu viðmiðun og framlag sveitarsjóða í næstu grein hér á undan.

Um 30. gr.

Fyrri málsgr. er samhljóða 9. lið 1. gr. viðaukalaganna, og er ákvæðið sett samkv. eindregnum óskum innheimtumanna stofnunarinnar.

Síðari málsgreinin er nýtt ákvæði, sem veitir gjaldendum samkv. 112. og 113. gr. möguleika á að kynna sér álagningu gjaldanna og kæra yfir þeim til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Um 31. gr.

Útgáfa tryggingaskírteina skv. 127. gr. hefur mjög takmarkaða þýðingu, á meðan framkvæmd á heilsugæzlukaflanum er frestað, þar sem hinir tryggðu þurfa ekki að sanna skil sín við stofnunina nema gagnvart stofnuninni sjálfri og umboðsmönnum hennar. Er því lagt til, að framlengd verði heimildin í síðara hluta 9. tl. 1. gr. núg. viðaukalaga til að fresta útgáfu nýrra skírteina, enda kostar árleg útgáfa skírteina talsvert fé og mikla vinnu.

Um 32. gr.

Ákvæði þetta er framlenging á 11. bráðabirgðaákvæði almannatryggingalaganna, sbr. og 10. lið oftnefndra viðaukalaga.

Um 33. gr.

Greinin er sama efnis og 13. liður núg. viðaukalaga. Ákvæði þessi um lögveð fyrir tryggingagjöldum voru sett samkv. ábendingu og óskum innheimtumanna stofnunarinnar.

Um 34. gr.

Í 16. gr. almannatryggingalaganna er ákveðið, að sé greiðslum ellilífeyris frestað fram yfir 67 ára aldur, hækki árlegur lífeyrir hins tryggða um 5% fyrir hvert ár, sem frestunin varir, þó ekki yfir 40%. — Það hefur verið talið vafasamt, að fólk, sem vegna tekna á ekki rétt á lífeyri (sbr. brb.ákv. 1), öðlist rétt til þessarar hækkunar fyrir þann tíma, sem það átti ekki lífeyrisréttinn.

Nefndin telur eðlilegt og sanngjarnt, að fólk, sem heldur áfram að vinna og afla sér tekna eftir 67 ára aldur og sparar stofnuninni með því útgjöld, sé látið njóta þess með umræddri hækkun, þegar það lætur af störfum, enda skynsamlegt að örva fólk á þann hátt til að leggja ekki árar í bát og leita til tryggginganna, fyrr en það má til. Leggur nefndin því til, að því sé slegið föstu, að reglan gildi einnig um þetta fólk.

Fylgiskjal.

Rekstrar- og efnahagsreikningur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1947 er hér prentaður sem fylgiskjal með greinargerð endurskoðunarnefndar almannatryggingalaganna fyrir frumvarpi því, sem nefndin hefur samið og lagt er fyrir Alþingi. Rétt þykir að láta skýringar fylgja á eftirtöldum yfirfærslum til næsta árs (tilvísanir í svigum merkja númer liðanna gjaldamegin á rekstrarreikningi):

1.	Greitt til stofnkostnaðarsjóðs (V)	kr. 1 692 832.50
2.	v. lækkunar á framlagi ríkissjóðs 1948 (VII, 1)	— 1 600 000.00
3.	v. endurgreiðslu iðgjalda skv. 112. gr. (VII, 2)	— 600 000.00
4.	v. heilsugæzlu (VII, 3)	— 1 000 000.00
5.	v. slysatrygginga (VII, 4)	— 2 459 012.45
6.	v. sjúkrabóta (VII, 5)	— 2 774 971.72

Um 1. Þessi upphæð er tekjur af skírteinagjaldi samkv. 127. gr. laganna. Var ákveðið að leggja upphæðina til hliðar til að standast kostnað af skráningu samkv. 126. gr., þegar gerð verður, og uppsetningu heildarspjaldskrár fyrir stofnunina. Slíkar tekjur falla ekki oftar til, þar sem skírteinisgjald greiðist aðeins í fyrsta skipti, sem skírteini eru afhent.

Um 2. Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1948 ákvað Alþingi, að 1 600 000 kr. af tekjuafgangi stofnunarinnar 1944 skyldi varið til lækkunar á framlagi ríkissjóðs 1948. Því er upphæðin færð gjaldamegin 1947 og sem skuld á efnahagsreikningi.

Um 3. Í viðaukalögunum frá 1947 var ákveðið, að iðgjöld skv. 112. gr. skyldu lækkuð um 25% á 2. verðlagssvæði og lækkunin ná til ársins 1947. Nam lækkunin sem næst 600 þús. kr. á því ári.

Um 4. Þessi upphæð var lögð til hliðar fyrir kostnaði við undirbúning undir framkvæmd heilsugæzlu. Hefur enn ekki þurft að taka til hennar og því verið ákveðið að yfirfæra hana áfram.

Um 5. Þessi upphæð er tekjuafgangur slysatryggingadeildar árið 1947. Slysatryggingin er borin uppi með sérstökum áhættuiðgjöldum atvinnurekenda (skv. 113. gr.). Tekjuafgangur hennar á því ekki að renna í hinn almenna tryggingasjóð, en hins vegar er að sjálfsögðu skylt að taka tillit til hans við ákvörðun áhættuiðgjalda, sem ákveðin eru með reglugerð. Með tilliti til góðrar afkomu slysatryggingarinnar voru gjöldin lækkuð um síðustu áramót, og til athugunar er nú enn frekari lækkun.

Um 6. Greiðsla sjúkrabóta hófst hinn 1. júlí 1947, og höfðu þær bætur verið áætlaðar kr. 3 000 000.00 á því ári. Greiddar sjúkrabætur á árinu námu hins vegar aðeins um 225 þús. kr. Afgangurinn var yfirfærður til næsta árs, með því að sýnt þótti, að hin mjög svo lágu útgjöld stöfuðu að verulegu leyti af því, að hinir tryggðu voru almennt ekki farnir að átta sig á rétti sínum til þessara bóta, sem og af því, að fjöldi sjúkrabótamála frá árinu 1947 var enn óúrskurðaður í árslok. Það hefur hins vegar sýnt sig, að þrátt fyrir mjög ört vaxandi þunga í þessum bótaflokki hefur einnig orðið mikill afgangur af áætluðum sjúkrabótum árið 1948.

Efnahagsreikningur Tryggingastofnunar ríkisins 31. des. 1947.

Eignir:

I.	Sjóður	kr.	408 552.54
II.	Bankainnstæður	—	20 104 452.80
III.	Innstæður í Söfnunarsjóði	—	1 733 176.05
IV.	Ýmsir viðskiptamenn:		
	1. Ríkissjóður kr. 4 303 895.63		
	2. Bæjarsjóður Reykjavíkur — 4 000 386.44		
	3. Íslenzk endurtrygging — 276 705.67		
	4. Sjóvátryggingafélag Íslands — 45 303.93		
	5. Aðrar deildir — 106 146.02		
		—	8 732 437.69
V.	Ógreiddir vextir	—	549 532.78
VI.	Óinnheimt iðgjöld frjálsra slysatrygginga	—	93 345.00
VII.	Jöfnuður á reikn. umboðsm. og innheimtum.	—	17 836 915.08
VIII.	Verðbréf	—	21 734 102.21
IX.	Inneign hjá ríkissjóði v. ellilauna	—	2 294 798.26
X.	Áhöld	—	80 000.00
XI.	Til jafnaðar á ógreiddu áhættufé í Ísl. endurtr.	—	60 000.00
		Kr.	73 627 312.38

Skuldir:

I.	Áramótareikningur		kr.	195 353.35
II.	Ógreiddur skrifstofu- og innheimtukostnaður		—	219 174.52
III.	Ógreitt framlag til sjúkrasamlaga		—	707 321.59
IV.	Fyrirfram innborguð iðgjöld		—	4 690.00
V.	Ógreitt áhættufé í Ísl. endurtr.		—	60 000.00
VI.	Ógreiddar slysabætur		—	2 478 760.65
VII.	Iðgjaldavarasj. frjálsra slysatr.		—	20 206.32
VIII.	Afskriftasjóður		—	3 195 641.31
IX.	Stofnkostnaðarsjóður		—	1 692 832.50
X.	Höfuðstólsandvirði slysalífeyris		—	2 438 990.83
XI.	Vörzlufé:			
	1. Ellistyrktarsjóðs	kr. 1 886 919.35		
	2. Verðlækkunarskattshluta	— 3 311 795.63		
	3. Sjúkrasamlags Reykjavíkur	— 432 429.00		
	4. Til sérstakrar ráðstöfunar v. öryrkja	— 34 043.08		
	5. v. lækkunar á framl. ríkissjóðs 1948	— 1 600 000.00		
	6. v. endurgreiðslu iðgjalda skv. 112. gr.	— 600 000.00		
	7. v. heilsugæzlu	— 1 000 000.00		
	8. v. slysatrygginga	— 2 459 012.45		
	9. v. sjúkrabóta	— 2 774 971.72	—	14 099 171.23
XII.	Tryggingasjóður:			
	1. Tekjuafgangur 1947		—	7 285 049.28
XIII.	Varasjóður frjálsra slysatrygginga:			
	1. Frá fyrra ári	kr. 344 372.22		
	2. Tekjuhalli 1947	— 10 392.89	—	333 979.33
XIV.	Varasjóður Tryggingastofnunar ríkisins:			
	1. Frá fyrra ári	kr. 38 395 049.40		
	2. Aukning 1947	— 2 501 092.07	—	40 896 141.47
			Kr.	73 627 312.38

Reykjavík, 31. maí 1948.

Rekstrarreikningur Tryggingastofnunar ríkisins árið 1947.

Tekjur:

I.	Iðgjöld:			
	1. Samkv. 107. gr., álögð	kr. 17 444 572.00		
	Þar af til afskriftarsjóðs	— 1 221 120.04	kr.	16 223 451.96
	2. Samkv. 112. gr., álögð	kr. 8 415 233.30		
	Þar af til afskriftarsjóðs	— 841 523.33	—	7 573 709.97
	3. Samkv. 113. gr., álögð	kr. 6 427 801.20		
	Þar af til afskriftarsjóðs	— 642 780.12	—	5 785 021.08
II.	Framlög sveitar- og bæjarfélaga		—	10 800 000.00
III.	Framlög ríkissjóðs:			
	1. Samkv. almannatryggingalögum	kr. 17 976 724.14		
	2. Samkv. framfærslulögum	— 223 684.54	—	18 200 408.68
IV.	Skírteinisgjöld, álögð	kr. 1 820 250.00		
	Þar af til afskriftarsjóðs	— 127 417.50	—	1 692 832.50

V.	Endurkræfur lífeyrir	kr.	2 557 597.18	
	Þar af til afskriftarsjóðs	—	467 964.82	
				kr. 2 089 632.36
VI.	Endurgreiddar bætur samkv. alþýðutryggingalögum			— 28 009.13
VII.	Iðgjöld samkvæmt alþýðutryggingalögum			— 89 698.27
VIII.	Iðgjöld frjálsra slysatrygginga			— 440 626.20
IX.	Þóknun og umboðslaun v/ frjálsra slysatrygginga			— 47 262.45
X.	Tjónshluti endurtryggjenda			— 866 684.79
XI.	Úr varasjóði frjálsra slysatrygginga, tekjuhalli			— 10 392.89
XII.	Vextir og arður			— 1 288 756.77
				Kr. 65 136 487.05

Gjöld:

I.	Bætur:			
	1. Ellilífeyrir	kr.	21 345 879.41	
	2. Örorkulífeyrir	—	3 643 844.27	
	3. Örorkustyrkur	—	1 097 159.24	
	4. Barnalífeyrir	—	5 903 501.02	
	5. Fjölskyldubætur	—	4 271 347.10	
	6. Fæðingarstyrkur	—	2 323 516.04	
	7. Ekkjubætur	—	465 490.64	
	8. Makabætur	—	48 071.95	
	9. Sjúkrabætur	—	225 028.28	
	10. Slysabætur	—	2 267 762.02	
	11. Ellilaun og örorkubætur, jan. 1947	—	114 165.53	
				kr. 41 705 765.50
II.	Bætur frjálsra slysatrygginga			— 977 511.68
III.	Iðgjaldahluti endurtryggjenda			— 394 254.65
IV.	Innheimtu- og skrifstofukostnaður	kr.	1 979 431.20	
	÷ Endurgreitt af sérsjóðum	—	80 000.00	
				— 1 899 431.20
V.	Greitt til stofnkostnaðarsjóðs			— 1 692 832.50
VI.	Vextir:			
	1. Til ellistyrktarsjóða	kr.	86 429.71	
	2. — verðlækkunarskattshluta	—	90 957.28	
	3. — vörzlufjár Sjúkrasamlags Rvíkur	—	16 429.00	
	4. — höfuðstóls slysalífeyris	—	52 750.01	
	5. — varasjóðs	—	1 727 777.22	
				— 1 974 343.22
VII.	Til sérstakrar ráðstöfunar:			
	1. v/ lækkunar á framl. ríkissj. 1948	kr.	1 600 000.00	
	2. — endurgr. iðgj. skv. 112. gr.	—	600 000.00	
	3. — heilsugæzlu	—	1 000 000.00	
	4. — slysatrygginga	—	2 459 012.45	
	5. — sjúkrabóta	—	2 774 971.72	
				— 8 433 984.17
VIII.	Til varasjóðs:			
	1. Hluti af iðgj. skv. 113. gr. (v. bifr. '46)	kr.	655 607.45	
	2. Önnur iðgj. skv. alþýðutryggingalögum	—	89 698.27	
	3. Endurgr. bætur skv. alþýðutr.lögum	—	28 009.13	
				— 773 314.85
IX.	Til tryggingasjóðs, tekjuafgangur			— 7 285 049.28
				Kr. 65 136 487.05

Reykjavík, 31. maí 1948.

Nd. 111. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni.

2. gr. frv. orðist svo:

Ríkisstjórnin skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Ríkisstjórninni heimilast að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 85% af andvirði togaranna og nota til þess m. a. það lán, sem ríkisstjórninni í þessum lögum heimilast að taka, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélög þessa fjárstuðnings. Lánið skal greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir. Ríkisstjórninni heimilast að taka þau lán til viðbótar, er þarf til að fullnægja þessari kvöð.

Nd. 112. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um bæjarstjórn í Húsavík.

Frá allsherjarnefnd.

Málið var afgreitt á fundi nefndarinnar, þar sem vantaði tvo nefndarmenn, StJSt og ÁkJ, en viðstaddir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1949.

Jóhann Hafstein, frsm. Jónas G. Rafnar, Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 113. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

2. gr. laga nr. 85 frá 9. okt. 1946 orðist þannig:

Meðan eigi er lokið samningum þeim, er nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenzka sambandslagasamningsins 30. nóvember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á, til að láta Færeyinga halda þeim rétti, er þeir hafa haft til fiskveiða með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og opnum bátum hér við land fyrst um sinn, þó eigi lengur en til ársloka 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk utanríkisráðuneytisins, og hafa einstakir nm. óbundnar hendur um fylgi við það eða brtt., sem fram kunna að koma.

Frv. fylgdi svo hljóðandi athugasemd:

Með lögum nr. 96 frá 29. des. 1948 var gildistími 2. gr. laga þeirra, sem hér um ræðir, framlengdur til ársloka 1949. Var það gert vegna þess, að samningaviðræður stóðu þá yfir varðandi ýmis atriði, er snerta skilnað Íslands og Danmerkur, og þótti rétt að láta Færeyinga halda þeim réttindum, sem talin eru í téðri grein, meðan svo stóð á. Endanlegir samningar hafa enn eigi verið gerðir, og er því í frumvarpi þessu lagt til, að réttindi Færeyinga verði framlengd til ársloka 1950.

Ed. 114. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (BrB) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1949.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm.	H. Guðmundsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Ed. 115. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Í frumvarpi þessu hafa verið færðar saman í einn stað heimildir ríkisstjórnarinnar til að innheimta ýmis gjöld með viðaukum, sem settar voru í l. nr. 94 29. des. 1948 og l. nr. 14 frá 16. marz 1949 og giltu þá fyrir árið 1949.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og fellst á rök ríkisstjórnarinnar fyrir því, að fjárhagur ríkisins leyfi ekki, að heimildir þessar verði felldar úr gildi. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

BrB var ekki á fundi, þegar mál þetta var afgreitt.

Alþingi, 16. des. 1949.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm.	H. Guðmundsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um greiðslu dýrtíðaruppbótar á ellilaun og örorkubætur.

Flm.: Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson, Finnbogi R. Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að greidd verði 20% dýrtíðaruppbót á ellilaun og örorkubætur, og miðist greiðslan við 1. júlí 1949.

Að því leyti sem greiðsla þessi verður ekki innt af höndum úr sjóðum Tryggingastofnunar ríkisins, heimilast ríkisstjórninni að verja fé í þessu skyni úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Frá 1. júlí s. l. hefur ríkið greitt opinberum starfsmönnum 20% launauppbætur, og var það samþykkt með sérstakri þingsályktun þann 18. maí s. l. Þar með hefur Alþingi viðurkennt, að dýrtíðaraukningin undanfarin 2—3 ár sé svo mikil, að ekki sé viðunandi fyrir opinbera starfsmenn að lifa á óbreyttu kaupi. Þessi 20% launahækkun hefur verið greidd á öll laun opinberra starfsmanna, bæði há og lág.

Ellilaun og örorkubætur eru 3780 kr. árlega á 1. verðlagssvæði og 2835 kr. á 2. verðlagssvæði fyrir einstaklinga. Það er í raun og veru óþarfi að rökstyðja þá ráðstöfun, sem þáltill. þessi felur í sér. Þau mörgu gamalmenni og öryrkjar, sem þurfa að lifa á þessum launum, áttu fullt í fangi með að láta þetta hrökkva til fyrir því allra nauðsynlegasta og tókst það raunar ekki, og urðu því að treysta á utanaðkomandi hjálp. Á síðustu 2—3 árum hefur dýrtíð aukizt svo mikið, að Alþingi og ríkisstjórn hafa séð sig tilneydd að hækka laun opinberra starfsmanna um 20%, og má þá nærri geta, hvernig afkoman er hjá gamla fólkinu, sem á að lifa á 300 kr. eða 225 kr. á mánuði. Uppbætur á ellilaun og örorkubætur eru mannúðarmál, sem ekki verður komizt hjá að samþykkja.

Ed. 117. Frumvarp til laga [71. mál]

um framlengingu heimilda í l. nr. 92 29. des. 1948, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Heimildir þær, sem veittar eru í 1. gr. laga nr. 92 29. des. 1948, tölulíðum 1—6 og 8—13, skulu vera í gildi á árinu 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Greinargerð.

Heimildir þær í viðaukalögum frá 29. des. 1948, sem í frv. greinir, falla úr gildi í árslok 1949. Fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um viðauka við lög um almannatryggingar og breytingar á þeim, sem undirbúið hefur verið samkv. 2. gr. viðaukalaganna, en telja má víst, að afgreiðslu þess verði eigi lokið fyrir áramót. Hins vegar er nauðsynlegt, að heimildir viðaukalaganna haldi gildi þar til almannatryggingalögunum hefur verið breytt, en þá verða þau væntanlega felld úr gildi.

Viðaukalögin fara hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Lög um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. *að* III. kafli laga nr. 104 30. desember 1943, um sjúkratryggingar, skuli vera í gildi til ársloka 1949 með þeirri breytingu, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 47. gr. hækki úr 12 krónum í 18 krónur á ári, grunngjaldið, og að til sama tíma skuli frestað framkvæmd III. kafla laga nr. 50 7. maí 1946, um heilsugæzlu, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndar- og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr., til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr. helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. um skipun lækna við slíkar stöðvar;
2. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi tvöfaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr.
3. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59 frá 1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 100 000 krónum, auk vísitöluuppbótar, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkv. ákvörðun tryggingaráðs;
4. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða giftum konum, þótt þær eigi vinni utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. grein, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. greinar séu fyrir hendi;
5. *að* iðgjöld atvinnurekenda á II. verðlagssvæði samkv. 112. gr. skuli á árinu 1949 vera 25% lægri en greinin ákveður;
6. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætt hafa atvinnurekstri á árinu 1948, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingaiðgjöld fyrir árið 1946 samkv. II. kafla laga nr. 104 frá 1943;
7. *að* störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelur og starfar á heimili foreldra sinna, skuli metin til vinnuviku samkv. 112. gr. á sama hátt og nú er gert um störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð frá 21. des. 1946 um áhættuiðgjöld o. fl.
8. *að* iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. skuli á árinu 1949 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 310 vísitölustig, og að grunnupphæð heildarframlags sveitarfélaganna til tryggingasjóðs samkv. 114. gr. skuli það ár vera 3,6 millj. króna;
9. *að* skrár þær, er sveitarstjórnum ber að gera samkv. 118. gr., skuli á árinu 1949 vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður og annað eintak þeirra sent hlutaðeigandi innheimtumanni, svo og, að afhendingu nýrra tryggingaskírteina megi á árinu 1949 fresta, eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota skírteini ársins 1947, meðan sú frestun varir;
10. *að* bráðabirgðaákvæði 11 skuli vera í gildi til ársloka 1949;

11. *að* vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1949 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1950;
12. *að* lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1949 vera 5 kr. á mánuði;
13. *að* sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104 frá 1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum, er gangi fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs, og að iðgjöld samkv. sömu greinum vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skuli hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

2. gr.

Heildarendurskoðun laganna skal hraða svo, að niðurstöður hennar liggi fyrir næsta reglulegu Alþingi, þegar það kemur saman.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Lög nr. 126 frá 1947 falla úr gildi 31. desember 1948.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1948.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson

Sþ. 118. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um innlausn lífeyristrygginga fólks, er missti fyrirvinnu sína af stríðsvöldum.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að innleystur verði með peningagreiðslu lífeyrir, sem keyptur hefur verið fólki, sem misst hefur fyrirvinnu sína af stríðsvöldum, samkv. 3. gr. l. nr. 76 27. júní 1941, og að innleyst verði á nafnverði þau skuldabréf, sem þegar hafa verið afhent handhöfum þessara lífeyrisgreiðslna og enn eru í eigu þeirra.

Greinargerð.

Með 3. gr. laga nr. 76 frá 27. júní 1941, um breyt. á l. nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingar sjómanna, var ákveðið, að kaupa skyldi hinum tryggða og aðstandendum hans árlegan lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum. Vegna hinnar miklu lækkunar, sem orðið hefur á verðgildi peninga á stríðstímunum og eftir stríðið, reyndust lífeyriskaup þessi aðstandendum þeirra, er létust af stríðsvöldum, mjög óhagstæð. Því var það, að er lögin nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatrygginga skipshafna o. fl., voru sett, var í síðustu málsgrein 23. gr. tekin upp heimild fyrir stjórn stríðsslysatryggingarinnar til að innleysa lífeyri, sem seldur var samkv. lögum um stríðsslysabætur, hinum lífeyristryggðu að skaðlausu. Mjög margir af hinum tryggðu hafa notað sér þetta, en í framkvæmd hefur sá ljóður á orðið, að fólk þetta hefur aðeins fengið afhent skuldabréf, bæði ríkisskuldabréf og skuldabréf Reykjavíkurbæjar, en ekki peninga, svo að hagræði það, sem ekkjum og foreldrum átti að verða af þessari innlausn, hefur orðið sáralítið. Vátryggingar-

félög þau, sem tóku við stríðsslysabótunum og veittu lífeyristrygginguna, munu hafa komið þessu fé fyrir í verðbréfum og kváðust því ekki geta greitt út með öðru en skuldabréfum.

Heildarupphæð sú, sem hér er um að ræða, er um það bil 1 300 000 kr., og af þeirri upphæð er búið að greiða aðstandendum um 800 000 kr. í skuldabréfum. Nú má gera ráð fyrir því, að ýmsir þeirra, er fengið hafa þessi skuldabréf, séu búnir að selja þau á einn eða annan hátt, svo að varla þarf að innleysa meira en ca. 600 000 kr. Ýmsir hinna lífeyristryggðu hafa ekki óskað eftir að fá líftrygginguna innleysta, og er ekki fjarri lagi að telja, að þeir, sem ekki hafa þegar látið innleysa líftryggingu sína, séu ákveðnir í að halda henni áfram.

Eðlilegast er, að Tryggingastofnun ríkisins, sem ávallt hefur mikið fé handbært, leysi inn þessi skuldabréf. Ef tillagan verður samþykkt, er þess að vænta, að ríkisstjórnin leitist við að fá þessa stofnun til að innleysa bréfin, en að öðrum kosti innleysi ríkissjóður.

Ég vil loks benda á, að aðstandendur þeirra, sem létust af stríðsvöldum, hafa verið mjög illa settir vegna hinnar gífurlegu lækkunar á verðgildi peninga, sem átt hefur sér stað síðan þessi lífeyrir var keyptur. Bætur þessar hafa raunverulega lækkað mjög mikið við að þær voru bundnar á þennan hátt samanborið við það, ef aðstandendur hefðu getað hagnýtt sér þær til kaupa á varanlegum verðmætum, eins og t. d. íbúðarkaupa handa sjálfum sér. Fyrir langflest af þessu fólki er það lítils virði að fá skuldabréf í hendurnar, og með því móti fæst alls ekki það fram, sem til var ætlazt er innlausnarheimildin var veitt með lögunum nr. 43 frá 9. maí 1947.

Sþ. 119. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um rekstur tunnuverksmiðju á Akureyri.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um það, að tunnuverksmiðja ríkisins á Akureyri verði starfrækt svo, að um „verulegan árlegan rekstur sé að ræða“, eins og lofað var af stjórn tunnuverksmiðja ríkisins, þegar hún keypti verksmiðjuna af Akureyrarkaupstað.

Greinargerð.

Haustið 1946 keypti stjórn tunnuverksmiðja ríkisins tunnuverksmiðju, sem Akureyrarkaupstaður átti og hafði látið smíða í síldartunnur í allmörg ár. Hafði bærinn einkum látið smíða tunnur yfir vetrarmánuðina, til þess með því að vinna á móti því atvinnuleysi verkamanna, sem altítt er norðanlands á vetrum, þegar veður hamla ýmiss konar útivinnu.

Akureyrarkaupstaður seldi tunnuverksmiðjuna vægu verði og lét jafnframt í té ýmsar ívilnanir til þess að auðvelda rekstur hennar. Þannig lofaði bærinn að undanþiggja verksmiðjuna útsvarsgreiðslu um 10 ára skeið. Enn fremur að á sama tíma skyldi bærinn ekki krefja vörugjald af aðfluttu efni til verksmiðjunnar né af tunnum, sem fluttar yrðu frá verksmiðjunni. Þá var og veittur afsláttur á rafmagni til rekstrar verksmiðjunnar og henni leigðar verðmætar lóðir fyrir lítið verð og veittur forgangsréttur að bryggju, sem verksmiðjan stendur við, „eftir því sem rekstur hennar útheimtir“.

Allar þessar ívilnanir voru veittar af hálfu bæjarins í þeirri góðu trú, að verksmiðjan mundi verða rekin að staðaldri, þegar hún væri komin í eigu ríkisins — enda lofaði stjórn tunnuverksmiðja ríkisins því, að þarna skyldi verða um „veru-

legan árlegan rekstur að ræða“, eins og komizt er að orði í sjálfum kaupsamningnum.

Reynslan hefur hins vegar orðið sú, að rekstur tunnuverksmiðjunnar hefur verið miklu minni og stopulli en ástæða var til að ætla samkv. gerðum samningi. Er það mjög bagalegt fyrir þá verkamenn á Akureyri, sem skortir mjög vinnu yfir vetrarmánuðina, en mundu fá þar á nokkra bót, ef verksmiðjan væri rekin eins og vera ber. Einnig bitnar þetta að sjálfsögðu á bæjarfélaginu í heild.

Þáltill. þessi er því flutt til að ýta undir það, að staðið verði við gefin loforð og skuldbindingar ríkisins í þessu efni.

Sþ. 120. Nefndarálit [25. mál]

um till. til ál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að halda áfram að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. 2 nefndarmenn vilja samþykkja till. óbreytta, 6 nefndarmenn eru á móti till. Ég vil hins vegar samþykkja tillöguna með breytingum.

Um það verður ekki deilt, að síðan launalögin voru samþykkt hefur dýrtíðin í landinu vaxið að mun, enda er nú svo komið og viðurkennt af flestum, að laun hinna lægra launuðu starfsmanna hrökkvi ekki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Alþingi viðurkenndi þessa staðreynd á s. l. vori, þegar það samþykkti að heimila ríkisstjórninni að greiða þær uppbætur, sem hér er farið fram á að framlengja.

Ég álít hins vegar, að ekki sé rétt að ganga fram hjá því, að lögákveðin laun eru mjög misjöfn eftir launaflokkum. Þannig hefur lægsti launaflokkur 3600 kr. grunnlaun, eða 10800 kr. með núgildandi verðlagsuppbót, en hæsti flokkur 15000 kr. grunnl., þ. e. 45000 kr. með verðlagsuppbót. Þar sem eingöngu er um að ræða bætur vegna aukinnar dýrtíðar, virðast öll rök hníga að því, að ekki sé ástæða til að greiða þær uppbætur eftir sömu hlutfallstölu á öll laun, heldur beri að greiða hlutfallslega hærri upphæð á lág laun og miðlungslaun en laun í hinum hærri flokkum. E. t. v. verður þessu fyrirkomulagi mótmælt með þeim rökum, að með því sé verið að raska þeim grundvelli, sem launastiginn byggist á og viðurkenndur var við setningu launalaganna. Því er til að svara, að þær uppbætur, sem hér er um að ræða, eru eingöngu greiddar vegna hækkaðs verðs á lífsnauðsynjum, það er hinn eðlilegi lífeyrir, sem þarf að hækka. Aðrir þættir launagreiðslnanna, sem byggjast á eðli hinna ýmsu starfa, t. d. það, sem tekið er tillit til, að eitt starf kostar meiri og dýrari undirbúning en annað, einu starfi fylgir meiri ábyrgð en öðru, hafa ekki breytzt. Ég tel því, að með þessum uppbótargreiðslum eigi fyrst og fremst að taka tillit til þess fjölda, sem sannarlega á erfitt með að láta laun sín hrökkva fyrir lífsnauðsynjum, þótt e. t. v. geti talizt réttmætt að greiða nokkrar uppbætur á hin hærri laun. Mun sú aðferð, að greiða hlutfallslega lægri uppbætur á háu launin, áreiðanlega spara ríkissjóði nokkurt fé, og þar sem sýnt er, m. a. með afstöðu meiri hluta fjárveitinganefndar, að óvíst mun um afdrif málsins í þinginu, er því meiri ástæða til að finna millileið, er samkomulag geti náðst um.

Þá ber þess enn fremur að gæta, að verulegur hluti þeirra uppgjafastarfsmanna, er unnið hafa langa starfsævi í þjónustu ríkisins og nú njóta aðeins lítilla eftirlauna, eiga við miklum mun erfiðari fjárhag að búa en starfandi embættismenn í hinum hærri launaflokkum. Virðist því alleinkennilegt, að þeir, sem standa að flutningi þessarar tillögu og vilja samþykkja hana óbreytta, skuli hafa gleymt þessu fólki.

Ég legg því til, að tillagan á þskj. 29 verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða til bráðabirgða uppbætur á laun starfsmanna ríkisins vegna aukinnar dýrtíðar, 20% á grunnlaun upp að og með 650 kr. á mánuði, en síðan lækkandi um 1.5% á hvern launaflokk þar fyrir ofan.

Enn fremur sé ríkisstjórninni heimilt að greiða uppbætur á eftirlaun uppgjafastarfsmanna, 20% á allt að 500 kr. grunnlaun á mánuði.

Alþingi, 16. des. 1949.

Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 121. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að halda áfram að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Þáltill. þessari var að lokinni fyrri umræðu vísað til nefndarinnar þann 28. f. m. Hefur nefndin rætt till. alls á fimm fundum. Safnað hefur verið ýmsum gögnum í málinu, m. a. nefndaráliti frá þeirri nefnd, sem stjórnskipuð var á s. l. sumri til þess að rannsaka kaup og kjör starfsmanna ríkisins með hliðsjón af þál. frá 18. maí s. l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna, svo og bréfum og úrskurði ráðuneytisins í sambandi við störf þessarar nefndar. Þá hefur nefndin einnig kynnt sér sérálit hr. alþm. Skúla Guðmundssonar, en hann var einn af þeim, sem skipaðir voru í hina stjórnskipuðu nefnd, og starfaði í henni á tímabili. Rætt hefur og verið við fjármálaráðherra um málið og enn fremur við formann stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Getur meiri hl. ekki mælt með samþykkt hennar. Tveir nefndarmenn (JR og ErlÞ) vilja láta samþ. hana óbreytta, en einn nefndarmanna (ÁS) vill láta samþykkja hana með einhverjum breytingum. Munu þeir því skila sérstöku nefndaráliti.

Forsaga þessa máls er sú, að þál., sem samþykkt var þann 18. maí um sama efni, var borin fram eftir að gengið hafði verið frá fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Voru því engar ráðstafanir gerðar til tekjuöflunar á móti útgjöldum, sem af samþykkt hennar kynni að leiða. Flutningsmenn bentu þó á ákveðinn tekjustofn í greinargerð fyrir tillögunni. Benti þetta til þess, að upphæð sú, 4 millj. kr., sem tekin er upp í tillöguna, skuli vera hin endanlega uppbótargreiðsla á launin á yfirstandandi ári, enda kom það hvergi fram í umræðum um málið, að nokkuð annað kæmi til greina. Mál þetta kom svo seint fram á þinginu, að ekki gafst neinn tími til þess fyrir fjárveitinganefnd að athuga tillöguna eða gefa út álit um hana. Benti form. nefndarinnar á það í umræðunum, hversu óverjandi það væri að afgreiða svo stórt fjárhagsmál án þess að láta það fá þinglega meðferð. Við atkvæðagreiðslu lýsti fjármálaráðherra því yfir, að hann mundi því aðeins greiða upphæðina, að til væri fé í ríkissjóði af tekjum ársins fram yfir útgjöld, þar sem ekki væri séð fyrir tekjum til þess að mæta þessum útgjöldum, og að þetta mundi ekki verða ljóst fyrr en í lok ársins. Greiðir hann síðan atkvæði á móti þál. Sama gerir meiri hl. fjvn. og enn fremur meiri hl. þeirra þingmanna, sem studdu ríkisstjórnina og báru ábyrgð á fjármálaafgreiðslunni, þar á meðal helmingur sjálfrar ríkisstjórnarinnar. Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt, höfðu þingmenn fulla ástæðu til að halda, að því mætti örugglega treysta:

1. að engin uppbótargreiðsla yrði látin fara fram fyrr en full óhlutdræg rannsókn hefði verið látin fara fram á kaupi og kjörum starfsmanna ríkisins á þann hátt, sem ákveðið er í tillögugreininni;

2. að engar uppbótagreiðslur yrðu látnar fara fram fyrr en vitað var, að greiðslujöfnuður ársins væri það miklu hagstæðari en gert var ráð fyrir í fjárlögum sem uppbótunum næmi;
3. að fyrir lægju ágreiningslausar tillögur frá stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um það, hverjir skyldu fá uppbætur og eftir hvaða reglum;
4. að aldrei kæmi til mála að greiða meira en þær 4 millj. kr. í uppbætur á þ. á., sem þáltill. heimilar.

Í framkvæmdinni eru hins vegar öll þessi atriði ýmist sniðgengin eða brotin. Í fyrsta lagi kemur hin stjórnskipaða nefnd sér ekki saman um starfsgrundvöll til undirbúnings sjálfri rannsókninni, sem veldur því, að einn nefndarmanna segir sig úr nefndinni. Fjármálaráðherra gefur út úrskurð um deiluatriðið og ákveður með honum starfsgrundvöll nefndarinnar, sem þó verður að teljast mjög vafasamur með tilliti til þál. og eðlis málsins í heild. Í öðru lagi er sá samanburður, sem gerður er af nefndinni, í mörgum tilfellum mjög hæpinn, að ekki sé fastara að orði kveðið, enda treystir nefndin sér ekki til þess að gera neinar ákveðnar tillögur um uppbætur, en lætur sér nægja að fella þann dóm, að sanngjarnt sé, að laun starfsmanna ríkisins verði eitthvað bætt upp. Í þriðja lagi gerir stjórn bandalagsins engar tillögur um skiptingu á þeim 4 millj., sem ætlaðar voru til uppbótanna, heldur um skiptingu á allt annarri og miklu hærri upphæð, sem ríkisstjórninni að sjálfsögðu bar að hafna. Í fjórða lagi var ekkert um það vitað, er fyrsta uppbótagreiðsla fór fram, hvernig afkoma ríkissjóðs yrði á þ. á., og það er ekki vitað enn þá, þótt nú sé búið að greiða út miklu hærri upphæð en heimilt var. Í fimmta lagi hefur þegar verið greidd meira en 1 millj. kr. fram yfir heimildarupphæðina.

Allt þetta færði málið á það stig, að starfsmenn ríkisins telja sig eiga kröfu á því, að fá nú og framvegis 20% launauppbót í stað 8,33% samkv. hámarksákvæðum þál., sem bein afleiðing af þessu er svo þáltill. á þskj. 29 fram borin.

Verði þáltill. samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 29, er ljóst:

1. að rúmlega 6 millj. kr. verður varið á þ. á. til uppbóta á laun starfsmanna ríkisins í stað 4 millj., sem ákveðið var sem hámark með þál. frá 18. maí s. l., og það alveg eins þótt allt sé í óvissu um afkomu ríkissjóðs á árinu. Gæti því vel farið svo, að bæta verði á árinu allri þessari upphæð við aðrar skuldir ríkissjóðs;
2. að gerð verður krafa um það, að haldið verði áfram allt næsta ár að greiða 20% uppbót á laun starfsmanna ríkisins. Mundi þetta nema 12—15 millj. kr. á því ári. Á fjárlagafrv. fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir þessum útgjöldum, og verður því að áætla tekjur á móti með nýjum tollum eða sköttum, nema niður verði felldir aðrir útgjaldaliðir frv., sem ekki mun reynast auðvelt, ef marka má reynslu undanfarinna ára;
3. að búast má við, að gerð verði krafa um sömu uppbætur, svo sem eðlilegt er, á öll eftirlaun og allan örorku- og ellilífeyri og aðra þá styrki, sem þeir þegnar þjóðfélagsins, sem ekki eru á betri vegi staddir, hafa sér einvörðungu til lífsviðurværis, og yrði þá erfitt að standa á móti þeim kröfum, en það mundi aftur hafa í för með sér milljónaútgjöld fyrir ríkissjóðinn, bæjar- og sveitasjóðina;
4. að slík almenn launahækkun starfsmanna ríkisins mundi óhjákvæmilega kalla á almenna launahækkun í landinu, til samræmingar við kjör þessara manna og á þann hátt torvelda stórkostlega lækkun dýrtíðarinnar, sem allir virðast þó vera sammála um, að verði að koma, ef bjarga á atvinnuvegunum, sem vitað er, að eru meginstoðirnar undir tekjuöflun ríkisins;
5. að sú stefna, sem hér er tekin upp, að breyta gildandi launalögum með einfaldri þál., er svo skaðleg fyrir fjárhagskerfi ríkisins og getur haft svo afdrifaríkar afleiðingar í för með sér, að alvarlega verður að vara við því að fara inn á slíka braut í afgreiðslu fjárfrekra mála.

Meiri hl. nefndarinnar vill benda á, að fjvn. bar fram á Alþingi árið 1944 till. til þál. á þskj. 1163 um athugun á starfskerfi og rekstrargjöldum ríkisins, þar sem

ríkisstjórninni var falið að láta athuga, hvernig unnt væri að draga verulega úr rekstrargjöldum ríkisins og ríkisstofnana. Jafnframt bendir n. á ákveðnar leiðir í málinu og setur fram traustan og öruggan rökstuðning fyrir tillögunum. Meiri hl. fjvn. hefur síðan á hverju ári minnt á þá ríku þörf á framkvæmd þessa máls og leyfir sér enn að benda á, hversu rík nauðsyn það er að koma þessum málum í það horf, sem lagt er til í fyrrnefndri þál. Allar fyrrverandi ríkisstjórnir hafa haft það á stefnuskrá sinni að stöðva dýrtíðina og draga úr henni, ef unnt væri, og fyrrverandi ríkisstjórn var raunverulega mynduð til þess fyrst og fremst að leysa þennan vanda. Mikill meiri hluti þjóðarinnar krefst þess, að fyrstu sporin í þessa átt verði stigin af sjálfu ríkisvaldinu, þ. e. að allur rekstrarkostnaður ríkisins verði minnkaður eftir því, sem frekast er unnt. Stýfing vísitöluuppbótar við 300 stig var merkasta tilraunin í þessa átt. Er það raunverulega sú eina kjaraskerðing, sem starfsmenn ríkisins hafa orðið fyrir síðan 1945, að launalögin voru sett. Samþykkt þeirrar þáltill., sem hér um ræðir, er ekki einasta að afnema þessi lagafyrirmæli fyrir ákveðnar stéttir, heldur er hér beinlínis lagt fyrir ríkisstjórnina að reikna með 360 stiga vísitölu á laun starfsmanna ríkisins, eða um 22 stigum hærra en vísitalan er reiknuð af hagstofunni að vera nú í landinu.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að það sé allt önnur og heppilegri stefna, sem nú eigi að taka í dýrtíðarmálunum og í fjárhagsmálum þjóðarinnar yfirleitt, og telur, eins og áður er fram tekið, að samþykkt þessarar tillögu torveldi lausn dýrtíðarmálanna á Alþingi, og leggur því til, að þáltill. verði felld.

Einstakir nefndarmenn eru þó ábundnir af því að fylgja breytingartillögum, sem fram kynnu að koma.

Alþingi, 16. des. 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Ingólfur Jónsson.	Pétur Ottesen.
Karl Kristjánsson.	Halldór Ásgrímsson.	Helgi Jónasson.

Nd. 122. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGNM.

1. Við 3. gr. Á eftir gr. komi: Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustin 1947 og 1948 vegna fyrirhugaðra fjárskipta 1950 og 1951, skal þó miða fjártöluna við skattframtal þeirra tæpum þremur árum áður en fjárskipti hefjast, enda haldi þeir áfram búskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði.
2. Við 4. gr. Á eftir 1. málsgr. komi: Ríkisstjórninni er þó heimilt að breyta þessu hámarki, ef óvenjulegar verðsveiflur eiga sér stað.

Alþingi, 17. des. 1949.

Steingr. Steinþórsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Pétur Ottesen.
Ásgeir Bjarnason.	Ásmundur Sigurðsson.	

Nd. 123. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er flutt í Ed. og hefur hlotið afgreiðslu þar án þess að nokkur breyting væri á því gerð, og stóð sjávarútvegsnefnd þeirrar deildar óskipt að þeirri afgreiðslu **málsins.**

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja hefur, þrátt fyrir ákvæði gildandi laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, fengið leyfi til þess nú um skeið að halda áfram sjálfstæðri starfsemi. Hefur leyfi þetta eða undanþága ávallt verið tímabundin, lengst af við tvö ár í senn, nú síðast eitt ár, og rennur út við næstu áramót. Vestmannaeyingar hafa jafnan lagt á það mikið kapp að fá að halda áfram sjálfstæðum rekstri þessa félags, sem nú á að baki sér 87 starfsár og er elzta bátaábyrgðarfélag landsins. Fyrir þessu þingi liggur áskorun, sem gengur í þessa átt, frá stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, áréttuð með samhljóða áskorunum frá eigendum og útgerðarmönnum 65 vélskipa í Eyjum. Þrátt fyrir undanþágu þessa eru ærin tengsl milli Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja og annarra bátaábyrgðarfélaga í landinu, sem lögin um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip taka til, og Samábyrgðarinnar, þar sem Vestmannaeyjafélagið er í aðalatriðum háð sams konar ákvæðum um tryggingarskyldu, aðstoð við björgun o. fl., sbr. 1. gr. frv., og kaupir allar endurtryggingar hjá Samábyrgðinni. Sérstaða Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja nú um 10 ára skeið virðist ekki hafa valdið neinum vandkvæðum fyrir heildarstarfsemina á þessu sviði, en ef sú yrði raunin á, er það vitanlega á valdi Alþingis að grípa þar í taumana.

Með tilliti til þessa getur sjávarútvegsnefnd eftir atvikum mælt með samþykkt **frumvarpsins.**

Alþingi, 16. des. 1949.

Finnur Jónsson, form.	Pétur Ottesen, frsm.	Sig. Ágústsson, fundaskr.
Gísli Guðmundsson.	Lúðvík Jósefsson.	

Sþ. 124. Nefndarálit [7. mál]

um till. til þál. um ábyrgð ríkissjóðs á láni handa Flateyjarhreppi til þess að fullgera hraðfrystihús og fiskiðjuver í Flatey á Breiðafirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á 3 fundum. Hefur hún undir meðferð málsins átt kost á því að kynna sér allar aðstæður. Sést á þeim gögnum, sem nefndinni bárust, að hlutafé er alls kr. 525 000.00, og er Flateyjarhreppur eigandi að 325 þús. af þeirri upphæð, en mismunurinn skiptist á milli kaupfélagsins og hreppsbúa. Kostnaðarverð fiskiðjuversins er þegar orðið 1.4 millj. kr., og er gert ráð fyrir, að það verði tilbúið til starfa í janúarmánuði n. k.

Með því að hér er um að ræða ábyrgð á hluta af framlögðu hlutafé hreppsins, getur þessi aðstoð ríkissjóðs ekki fallið undir 22. gr. VI. í fjárlagafrv., þótt hún á

sínum tíma yrði samþ. óbreytt, enda hreppnum nauðsynlegt að fá þessa aðstoð nú þegar.

Nefndin leggur því til, að þáltill verði samþ.

Alþingi, 16. des. 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Erlendur Þorsteinsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson.
Ingólfur Jónsson.	Helgi Jónasson.	Pétur Ottesen.
Jónas G. Rafnar.	Halldór Ásgrímsson.	Karl Kristjánsson.

Nd. 125. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm.	Skúli Guðmundsson, fundaskr.	Sig. Ágústsson.
	Jóhann Hafstein.	

Nd. 126. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 7. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm.	Skúli Guðmundsson, fundaskr.	Sig. Ágústsson.
	Jóhann Hafstein.	

Nd. 127. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Áka Jakobssyni.

Aftan við 2. gr. frv. komi ný gr., er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er ríkisstjórninni að veita þeim bæjarfélögum og kauptúnum norðanlands, sem orðið hafa fyrir mestum áföllum atvinnulega vegna undanfarinna 5 síldarleysisára, lán til kaupa á togurum, er nemi allt að 95% af kostnaði þeirra, enda sé aðstaða fyrir hendi til togaraútgerðar frá viðkomandi kaupstað eða kauptúni.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þau lán, er nauðsyn krefur, til framkvæmda þessu.

Nd. 128. Frumvarp til laga [74. mál]

um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árunum 1950—1953 tryggja sölu á skuldabréfum, er byggingarsjóður verkamanna gefur út samkvæmt 3. gr. laga nr. 44/1946, þannig að upphæð sú, sem sjóðurinn hefur til útlána á nefndum árum, verði 14 millj. kr. árlega, að meðtöldum þeim tekjum, sem hann hefur samkvæmt sömu grein nefndra laga. Í þessu skyni skulu m. a. gerðar ráðstafanir þær, sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal setja reglur um lánveitingar þeirra stofnana og tryggingarfélaga, sem ávaxta fé í verðbréfum eða útlánum á annan hátt. Er ríkisstjórninni heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að nefndum aðilum skuli skylt að ráðstafa ákveðnum hluta þess fjár, sem þeir verja til verðbréfakaupa á árunum 1950—1953, til kaupa á skuldabréfum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

Ákvæði greinar þessarar ná þó ekki til banka né annarra peningastofnana.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samkomulags um það við banka og aðrar peningastofnanir, að þeir kaupi skuldabréf þau, sem um ræðir í 1. gr., fyrir ákveðinn hluta þess fjár, sem þeir verja til útlána.

4. gr.

Ríkissjóður kaupir skuldabréf þau, sem um ræðir í 1. gr., fyrir 3 millj. kr. árlega á árunum 1950—1953.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þótt mikið hafi verið um húsabyggingar á Íslandi á undanförnum árum, fer því víðs fjarri, að húsnæðismál þjóðarinnar séu komin í það horf, að viðunandi megi teljast. Alþýðu manna er fátt nauðsynlegra en að eiga kost á góðu og ódýru húsnæði, en mjög skortir enn á, að allur almenningur búi í viðunandi híbýlum. Samkvæmt skýrslu, sem húsaleigunefndin í Reykjavík hefur gert nýlega, búa enn þá 1677 manns í bröggum í Reykjavík, þar á meðal 419 börn. Nefndin hefur og skýrt frá því, að hún hafi nú á þessu ári ekki getað sinnt húsnæðisbeiðni 40 fjölskyldna — með 96 börnum —, og telur hún þessar fjölskyldur hafa verið eða vera ýmist á hálfgerðum vergangi eða hafast við í algerlega óviðunandi húsnæði. Ber þetta m. a. vott um hið hörmulega ástand í húsnæðismálum Reykjavíkur. Utan Reykjavíkur er og víða mjög mikill húsnæðisskortur, auk þess sem þörf er mikillar endurbótar á því húsnæði, sem fyrir er.

Alþýðuflokkurinn hefur frá upphafi haft það meðal helztu stefnuskráratriða sinna að stuðla að því, að allur almenningur eigi þess kost að búa í góðu og ódýru húsnæði. Hann hefur talið það nauðsynlegt til þess að tryggja örugga afkomu og heilbrigt menningarlíf. Þess vegna hefur hann álitið það skyldu hins opinbera að veita hinum efnaminni stéttum aðstoð til þess að eignast góð og ódýr híbýli. Í samræmi við þá stefnu beitti hann sér fyrir því fyrir tveimur áratugum, að sett voru lög um aðstoð af hálfu hins opinbera við byggingu verkamannabústaða, og á árinu 1945 fyrir löggjöf um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar. Þótt lagasetningin

um verkamannabústaði sætti mikilli andspyrnu í fyrstu, hefur reynslan sýnt, að hún hefur reynzt mjög mikilvæg í baráttunni gegn húsnæðisskorti og orðið til þess að bæta mjög lífskjör hinna efnaminni stétta. Til ársloka 1948 höfðu verið byggðar 598 íbúðir samkvæmt lögum þessum. Framlög ríkis og sveitarfélaga höfðu þá numið 6 357 000 kr., en lánveitingar 24 654 000 kr.

Einmitt nú á hinum síðustu árum, þegar sár húsnæðisskortur hefur sorfið mjög að miklum fjölda manna, hefði verið mikil nauðsyn á víðtækum byggingarframkvæmdum af hálfu þeirra byggingarfélaga, sem byggingarsjóður verkamanna veitir lán og styrkir. Þessi byggingarstarfsemi hefur þó verið minni en skyldi sökum þess, hversu byggingarsjóði hefur reynzt erfitt að afla sér fjár með sölu skuldabréfa sinna. Síðast liðin tvö ár hefur t. d. verið mjög erfitt um verðbréfasölu. 1948 gaf sjóðurinn út skuldabréf að upphæð 5 millj. kr., og hefur ekki tekizt að selja af þeim bréfum nema fyrir 2.2 millj. kr. Er auðséð, að eigi byggingarsjóði að vera kleift að veita lán til verulegra framkvæmda á sviði verkamannabústaðabygginga, verður að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja sjóðnum fé, og er það tilgangur þess frv., sem hér er borið fram.

Þjóðin ver nú árlega miklu fé til fjárfestingar, þ. á m. íbúðabygginga. Mikið hefur á það skort, að allar framkvæmdir á þessu sviði hafi verið skynsamlegar eða við það miðaðar að greiða sem bezt og haganlegast úr húsnæðisvandamálum þjóðarinnar, og á þetta einkum við um byggingarframkvæmdirnar, áður en tekin var upp stjórn á fjárfestingu með stofnun fjárhagsráðs. Skynsamlegasta leiðin, sem hægt hefði verið að fara og hægt er að fara til þess að auka framboð húsnæðis, þannig að það komi hinum efnaminni stéttum að sem beztu gagni, er að stuðla að byggingu sem flestra verkamannabústaða með því að tryggja byggingarsjóði verkamanna verulegan hluta þess fjár, sem tilætlunin er að festa í íbúðarhúsabyggingum. Byggingarfélög verkamanna hafa dýrmæta reynslu að því er snertir byggingarstarfsemi, og þau byggja hentugar og ódýrar íbúðir, auk þess sem þau sérstöku kjör, sem þau geta veitt vegna aðstoðar hins opinbera, gera efnalitlu fólki kleift að eignast þessar íbúðir. Þess má t. d. geta í þessu sambandi, að síðustu íbúðirnar, sem Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík hefur byggt, munu kosta um 108 000 kr., en stærð þeirra er 70 fermetrar og rúmmál þeirra 282 rúmmetrar. Sambærilegar íbúðir, sem einstaklingar hafa byggt, hafa verið seldar á 135 000—140 000 krónur. En mánaðarleiga sú, sem greiða þarf fyrir slíka íbúð í verkamannabústöðunum, er aðeins um 300 kr. á mánuði. Í þessu sambandi er og rétt að benda sérstaklega á það, að þær íbúðir, sem hér er um að ræða, hafa ekki lent í braski, enda eru í gildandi lögum ákvæði, sem ætlað er að koma í veg fyrir slíkt, og virðast þau hafa reynzt vel.

Eins og að líkum lætur, fer því víðs fjarri, að þessi byggingarfélög hafi getað byggt yfir alla félagsmenn sína. Hér í Reykjavík eru nú t. d. um 600 manns á biðlista hjá Byggingarfélagi verkamanna, og utan af landi liggja fyrir margar beiðnir um lán úr byggingarsjóði verkamanna, án þess að þeim hafi verið hægt að sinna. En horfur á því, að hægt verði að halda áfram byggingarstarfsemi í sama mæli og áður, eru því miður ekki góðar, ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana, hvað þá að hægt verði að auka hana.

Það er markmið þessa frv. að tryggja byggingarsjóði verkamanna nægilegt fé til þess að hægt verði að byggja 200 nýja verkamannabústaði á ári í næstu fjögur ár. Til þess að það verði hægt, verður byggingarsjóðurinn að hafa 14 millj. kr. til útlána á ári í næstu 4 ár, ef gert er ráð fyrir, að meðalverð íbúðar sé 100 000 kr. og kaupandi greiði 30% byggingarkostnaðar. Tekjur þær, sem sjóðurinn hefur nú samkvæmt gildandi lögum og getur varið til útlána, nema um 2.5 millj. kr. á ári, svo að sjóðurinn þarf að geta selt skuldabréf fyrir um 11.5 millj. kr. árlega á nefndum árum til þess að geta lánað fé til byggingar þess fjölda verkamannabústaða, sem nefndur var að framan. Nokkurn hluta þeirra skuldabréfa getur sjóðurinn vafalaust selt, án þess að gerðar verði sérstakar ráðstafanir, en það er tilgangur þessa frv. að tryggja sölu þess, sem umfram er.

Leið sú, sem lagt er til í frv., að farin verði til þess, er sú að tryggja þessum framkvæmdum eins konar forgangsrétt að því fé, sem opinberar stofnanir, sjóðir og tryggingafélög, er samkvæmt eðli starfsemi sinnar kaupa árlega nokkuð af verðbréfum, ráðstafa til útlána á þessum árum. Á þetta við um t. d. Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóð barnakennara, Íslenzka endurtryggingu, Brunabótafélag Íslands, Sjóvátryggingarfélag Íslands, Almennar tryggingar og Samvinnutryggingar, en lánveitingar eða skuldabréfakaup þessara aðila námu á síðast liðnu ári 35.7 millj. kr. að meðtöldum lánum til ríkissjóðs. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin leiti samkomulags við banka, sparisjóði og slíkar peningastofnanir um að tryggja þessum framkvæmdum ákveðinn hluta af því fé, sem þær verja til útlána. Er hér ekki um það að ræða að þrengja verðbréfamarkaðinn enn með því að skylda þessar stofnanir til nýrrra verðbréfakaupa og stofna þannig e. t. v. til mjög aukinnar verðbólgu, heldur að tryggja, að þessar bráðnauðsynlegu byggingarframkvæmdir sitji fyrir nokkru af því fé, sem hvort sem er verður varið til lánveitinga. Að síðustu er svo gert ráð fyrir því, að ríkissjóður kaupi á nefndum árum umrædd skuldabréf fyrir 3 millj. kr. árlega. Nú greiðir ríkissjóður árlega til byggingarsjóðs um 1½ millj. kr. Í þessu sambandi má benda á, að samkv. gildandi lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, nr. 35 1946, skyldi ríkissjóður útvega byggingarsjóði sveita lán, þannig að stofnfé hans gæti þegar í stað orðið 10 millj. kr., auk þess sem ríkissjóður skyldi greiða 2.5 millj. kr. til sjóðsins á ári í 10 ár, en meiri hluti fjár þessa byggingarsjóðs fer til byggingar íbúðarhúsa í sveitum. Með tilliti til þessa virðist ekki óeðlilegt, að ríkissjóði sé gert að skyldu að verja 3 millj. kr. árlega til kaupa á umræddum skuldabréfum í næstu fjögur ár, einkum þegar höfð er í huga hin geysibrýna þörf fyrir þær framkvæmdir, sem fénu á að verja til.

Nd. 129. Frumvarp til laga [75. mál]

um lánstíma og lánskjör lána þeirra, sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsum, og um lækkun húsaleigu.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Skylt er að breyta lánstíma og lánskjörum sérhvers láns, sem tryggt er með lögformlegu, þinglýstu veði í íbúðarhúsi eða íbúð, ef skuldari óskar þess, í það horf, að lánstími verði minnst 40 ár, miðað við upphafstíma lánsins, og vextir eigi hærri en 3% p. a.

2. gr.

Nú óskar skuldari að nota þann rétt, sem um getur í 1. gr. þessara laga, og skal hann þá tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta, í Reykjavík borgarfógeta, er færir hinn breytta lánstíma og lánskjör inn í veðmálabækur embættisins og tilkynnir skuldareigandi breytingarnar.

Jafnframt skal hann tilkynna viðkomandi húsaleigunefnd um breytingu lánsins, og skal hún þá gera nýtt mat á leigu þess húsnæðis, sem lánskjörin hafa breytzt á, og skal húsaleigan lækka til samræmis við vaxtalækkun og lengingu lánstímans.

3. gr.

Þinglýsing samkvæmt 2. gr. er undanþegin stimpilgjaldi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frv. er tvenns konar: Annars vegar að gera það kleift að lækka húsaleiguna og þar með dýrtíðina, hins vegar að gera þeim, sem af litlum efnum en mikilli bjartsýni hafa ráðizt í það að eignast þak yfir höfuðið, kleift að halda því.

Í flestum þeim íbúðum, sem byggðar hafa verið á stríðsárunum og eftir þau, er húsaleiga, hvort sem hún er greidd af leigjanda eða húseiganda, miklu hærri en húsaleiga gömlu húsanna, og er víða svo komið, að meðaltekjumenn verða að greiða þriðjung launa sinna í húsaleigu, eins og víða var fyrir stríð. Þar sem svo er, verður húsaleigan tilfinnanlegasti þáttur dýrtíðarinnar, og er því nauðsynlegt að gera róttækar ráðstafanir til lækkunar húsaleigu þessarar, ef raunhæft á að berjast gegn dýrtíðinni. Eru og komin fram frumvörp þess efnis á Alþingi, og er Einar Olgeirsson fyrsti flm. slíks frumvarps, sem samið er af stjórn Leigjendafélags Reykjavíkur og liggur nú fyrir Nd.

En nú er víða svo ástatt, að slík lögboðin lækkun húsaleigunnar, í nýjum húsum sérstaklega, sem lítt efnaðir menn hafa verið að koma sér upp og leigja frá sér eina íbúð eða meira, til þess að geta þannig staðið undir stuttum lánum og háum vöxtum —, mundi beinlínis gera slíkum húseigendum ókleift að standa í skilum og valda því, að þeir misstu hús sín, ef slíkum lögum væri framfylgt. En slíkt væri þó ekki eðlilegur tilgangur laganna, því vissulega er það þjóðfélaginu hollara, að þorri manna geti eignazt íbúðir, en að fjöldi þess fólks, sem ráðizt hefur í að reyna að eignast íbúðir eða hús, missi þau og þorri húseigna safnist á hendur örfárra auðugra manna.

Þess vegna eru í frv. þessu gerðar ráðstafanir til þess að tryggja, að mikil lækkun húsaleigunnar gæti farið fram án þess að rýja þar með þá skulduga húseigendur, sem ráðizt hafa í að byggja. Og jafnframt væri með þessu frv. þeim mönnum, sem eiga einstakar íbúðir og skulda miklar veðskuldir út á þær, gert kleift að halda þeim, þegar erfiðast gerist um lífsafkomu og dýrtíðin vex í sífellu, en tekjur minnka.

Þjóðfélagslega séð væri þetta að öllu leyti heilbrigt. Það er alveg óeðlilegt að ætla að láta þá kynslóð, sem nú hefur verið að byggja landið upp, húsa það, borga þessi hús upp á jafnvel 10—15 árum, eins og þorri manna yrði að gera, ef þeir eiga að fullnægja þeim lánsskilyrðum, sem þeir hafa orðið að undirgangast á undanförnum árum. Alþingi hefur sjálft með setningu laganna um verkamannabústaði og fleiri laga viðurkennt 40 ár sem eðlilegan borgunartíma góðra steinhúsa.

Nú er það svo, að lánskjörin — bæði lánstíminn og vextirnir — eru aðalatriðið, sem ræður húsaleigunni. Til þess að sýna, hve miklu munar, ef farið væri að ákvörðun þessa frv., skal tekið hér dæmi:

Hugsum okkur 150 þús. kr. veðskuldir hvíla á íbúð og hún eigi að borgast upp á 10 árum með 6% vöxtum. Sú vaxtagreiðsla nemur 9000 kr. á ári í byrjun afborgunartímans, eða 750 kr. á mánuði, vextirnir einir, og munu þó 6% vextir taldir frekar lágir í reyndinni. Afborgunin er 15 þúsund kr. á ári, eða 1250 kr. á mánuði. Samanlagt yrði eigandi slíkrar íbúðar að greiða 2000 kr. á mánuði miðað við fyrsta árið, til þess að eignast slíka íbúð, — eða reyna að ná inn leigu, er kæmist eitthvað í námunda við þetta, til þess að eignast íbúðina. Lítt efnaðir menn hefðu bókstaflega ekki efni á að eignast íbúð með slíkum hætti og mundu því missa hana strax og kreppa tæki að, atvinnuleysi skapaðist, aukatekjur rýrnuðu eða afkoma á annan hátt versnaði. Það er hins vegar þjóðfélaginu nauðsynlegt, ef skapa á öruggari afkomu og meira efnahagslegt jafnrétti, að aðstoða slíka menn við að eignast íbúðir og jafnframt koma í veg fyrir, að barátta þeirra fyrir að eignast slíkar íbúðir verði til þess að auka dýrtíðina.

Hvernig mundi það dæmi, sem hér var tekið, hins vegar verða, ef þetta frv. yrði að lögum?

40 ára lánstími á 150 þús. kr. veðskuld með 3% vöxtum mundi gerbreyta þessu viðhorfi þannig:

Slík vaxtagreiðsla, 3%, yrði 4500 kr. á ári, eða 375 kr. á mánuði, miðað við fyrsta afborgunarár. Afborgunin yrði 3750 kr. á ári, eða 312 kr. á mánuði. Samanlagt yrði eigandi slíkrar íbúðar að greiða 687 kr. á mánuði til þess að eignast íbúðina, eða láta reikna sér slíka leigu eftir hana. Slíka leigu yrði meðaltekjumönnum kleift að greiða, og yrði þó að gæta sparsemi.

Þetta dæmi, sem hér er nefnt, er tekið af handahófi, aðeins til samanburðar. Oft munu veðskuldir af tveggja íbúða smáhúsum svipaðar þessu, en hitt mun og til, að veðskuldir á einni íbúð séu eins og hér segir. Algengt mun, að skuldir vegna húsbygginga séu víxilskuldir án veða, og mundu þær skuldir ekki lenda undir ákvæði þessa frv.

Það, sem nú er sagt, skal látið nægja sem rökstuðningur þess, að frv. þetta sé nauðsyn til þess að hægt sé í senn að lækka húsaleigu og þar með dýrtíð, en gera jafnframt hinum smáu í þjóðfélaginu kleift að eignast íbúðir yfir sig og halda þeim, sem þeir á undanförnum áratug hafa verið að reyna að eignast.

Nd. 130. Frumvarp til laga [76. mál]

um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ákvæði III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skulu gilda til ársloka 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um málið. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Þar sem vafi leikur á því, að III. kafli nefndra laga gildi lengur en til ársloka 1949, þykir rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni og framlengja ákvæði kaflans óbreytt.

Sþ. 131. Breytingartillaga [25. mál]

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að halda áfram að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eysteinn Jónsson.

1. Tillgr. skal orða svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða fyrir desembermánuð um eina milljón króna í uppbót á laun starfsmanna ríkisins.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um uppbót á laun starfsmanna ríkisins.

Nd. **132. Lög** [27. mál]

um bæjarstjórn í Húsavík.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 90.

Ed. **133. Lög** [50. mál]

um tekjuskattsviðauka árið 1950.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 68.

Ed. **134. Lög** [52. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 70.

Nd. **135. Frumvarp til laga** [77. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Til 1. apríl 1950 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1949, öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir tilmælum fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um málið. Frv. fylgdi svo hljóðandi athugasemd:

„Með því að allar líkur benda til, að Alþingi samþykki ekki fjárlög fyrir árið 1950 fyrir næstu áramót, er nauðsynlegt, að ríkisstjórninni verði veitt heimild sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.“

Ed. 136. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1944, um breyt. á l. nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og tefur verið prentað upp á þskj. 107. Átti formaður n. og Gísli Jónsson tal við Lúðvík Norðdal héraðslækni, Selfossi, sem lét þess getið, að ekki hefði verið leitað til sín um undirbúning málsins og að hann vildi ekki mæla með frv.

Nefndin telur þó rétt að verða við óskum vesturhreppa Árnessýslu um sérstakt læknishérað og leggur því til, að frv. verði samþykkt og afgreiðslu þess hraðað, svo að það geti orðið að lögum 1. janúar 1950.

Fyrir n. lá vélrituð brtt. frá 1. þ. m. N.-M. og uppkast að annarri brtt., sem landlæknir telur þurfa, ef brtt. þm. yrði samþykkt.

Nefndin vill ekki tefja afgreiðslu málsins og leggur því ekki með því, að breytingartill. verði samþykktar.

Alþingi, 19. des. 1949.

Haraldur Guðmundsson, form., frsm. Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskrifari. Gísli Jónsson.
Finnbogi R. Valdimarsson. Lárus Jóhannesson.

Ed. 137. Breytingartillaga [41. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1944, um breyt. á l. nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins kemur ný grein, svo hljóðandi:

Síðari málsliður 7. gr. laganna orðist svo:

Egilsstaðahérað skal ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækna, enda hvílir eigi á þeim aðstoðarlækni kvöð sú um þjónustu í öðrum héruðum, er um ræðir í lögum nr. 52 1842.

Ed. 138. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frv. þetta, og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur.

Alþingi, 19. des. 1949.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
H. Guðmundsson.

Nd. **139. Breytingartillaga** [76. mál]

við frv. til l. um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við orðið „1950" bætist: að undanteknum liðunum d., e. og f. í 30. gr., sem falli niður.

Nd. **140. Breytingartillaga** [76. mál]

við frv. til l. um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað „ársloka 1950" komi 1. marz 1950.

Nd. **141. Breytingartillaga** [77. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað „1. apríl" komi: 1. marz.

Ed. **142. Lög** [41. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1944, um breyting á l. nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 107.

Ed. **143. Lög** [67. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1950.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 105.

Nd. **144. Lög** [32. mál]

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.).

Samhljóða þskj. 39.

Nd. **145. Lög** [54. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.).

Samhljóða þskj. 72.

Nd. **146. Lög** [55. mál.

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.).

Samhljóða þskj. 73.

Nd. **147. Breytingartillaga** [76. mál]

við frv. til l. um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í stað „ársloka 1950“ komi: 1. febr. 1950.

Nd. **148. Breytingartillaga** [77. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í stað „1. apríl“ komi: 1. febrúar.

Sþ. **149. Breytingartillaga** [2. mál]

við brtt. á þskj. 108 (Heimilisvélar).

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við tillgr. bætist:

Þó skal gjaldeyrir til eldavéla — annarra en rafmagnseldavéla — veittur eftir sömu reglum og til almennra rekstrarvara.

Nd. **150. Breytingartillaga** [76. mál]

við brtt. á þskj. 139 [III. kafla dýrtíðarlaga].

Frá Kristinu Sigurðardóttur.

Breytingartillagan orðist svo:

Við 1. gr. Aftan við „1950“ bætist: að undanteknum liðnum f. í 30. gr., sem falli niður.

Nd. 151. Breytingartillaga [47. mál]

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Finnur Jónsson, Pétur Ottesen.

Á eftir 3. gr. komi ný gr., er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna.

Nd. 152. Breytingartillaga [76. mál]

við brtt. á þskj. 150 (III. kafli dýrtíðarlaga).

Frá Ingólfi Jónssyni og Jóhanni Hafstein.

Við 1. gr. Aftan við „1950" bætist: að undanteknum liðunum d. og f. í 30. gr., sem falli niður.

Nd. 153. Frumvarp til laga [76. mál]

um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ákvæði III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skulu gilda til 1. febr. 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 154. Frumvarp til laga [77. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til 1. febrúar 1950 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1949, öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Sþ. 155. Þingsályktun [25. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að halda áfram að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna.

(Afgr. frá Sþ. 20. des.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að halda áfram að greiða til bráðabirgða sömu uppbót á mánaðarlaun starfsmanna ríkisins og greidd hefur verið frá 1. júlí s. l. á grundvelli ályktunar Alþingis frá 18. maí s. l., þar til afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1950 er lokið.

Enn fremur sé ríkisstjórninni heimilt að greiða uppbætur á eftirlaun uppgjafastarfsmanna, 20% á allt að 500 kr. grunnlaun á mánuði.

Nd. 156. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „ákvæði" komi: I. og.

Fyrirsögn frv. breytist samkvæmt því.

Nd. 157. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við orðið „1950" bætist: að undanteknum liðnum f. í 30. gr., sem falli niður.

Nd. 158. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við orðið „1950" bætist: þó þannig, að á eftir e-lið 30. gr. komi:

Innflutningsgjald á þeim vörum, sem um getur í d- og e-lið, skal þó ekki greiða af slíkum vörum, sem ætlaðar eru vörubifreiðum.

Nd. **159. Lög** [71. mál]

um framlengingu heimilda í l. nr. 92 29. des. 1948, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 117.

Ed. **160. Lög** [77. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 154.

Ed. **161. Lög** [70. mál]

um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 153.

Sþ. **162. Fyrirspurnir.** [78. mál]

I. Til menntamálaráðherra um störf milliþinganefndar um skipun læknishéraða og um læknisþjónustu í sveitahéruðum.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Hvað líður störfum milliþinganefndar, sem skipa skyldi samkvæmt þál. frá 11. marz 1945 til þess að athuga um skipun læknishéraða og um læknisþjónustu í sveitahéruðum.
2. Hvenær má vænta, að nefndin skili skýrslu og tillögum í málinu?
3. Hverjir eiga sæti í nefndinni?
4. Hver er orðinn kostnaður við nefndarstörfin?

II. Til ríkisstjórnarinnar um lánveitingar úr ríkissjóði til skipakaupa o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Hverjir hafa fengið lán hjá ríkissjóði til kaupa á togurum og bátum samtals um það bil 25 milljónir króna, sem fjármálaráðherra skýrði frá við 1. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1950, að veitt hafi verið, og hve hátt lán hefur hver lántakandi fengið?
2. Hefur ríkisstjórnin veitt öll þau stofnlán til skipakaupa eða annarra framkvæmda, sem henni hafa borizt óskir um, og ef svo er ekki, hvaða reglum hefur hún þá fylgt við lánveitingarnar

3. Hefur ríkisstjórnin gefið loforð um stofnlán eða útvegun stofnlána, sem ekki er enn búið að uppfylla, og ef svo er, hverjir hafa þá fengið slík fyrirheit, og hvað há stofnlán hefur verið lofað að veita þeim eða útvega, hverjum fyrir sig?
4. Hvenær hefur ríkisstjórnin fengið heimild til þessara lánveitinga?

Sþ. 163. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um húsnæði fyrir Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Flm. Steingrímur Aðalsteinsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá Hjúkrunarkvennaskóla Íslands nú þegar fyrir bráðabirgðahúsnæði, sem nægi til þess að hægt sé að hafa í skólanum a. m. k. 80 hjúkrunarnema.

Jafnframt hlutist ríkisstjórnin til um það — með fjárframlögum og annarri fyrirgreiðslu — að hafizt verði handa um byggingu framtíðar húsnæðis fyrir skólann.

Greinargerð.

Hjúkrunarkvennaskóli Íslands er nú til húsa á þriðju hæð Landsspítalans. Með því að láta þrjá til fjóra nemendur búa saman í herbergi er hægt að troða í skólann 50 nemendum. Sú tala nemenda er allt of lág til þess að fullnægja þörf þeirra sjúkrahúsa og heilbrigðisstöðva, sem nú þegar starfa, fyrir lærðar hjúkrunarkonur, og verður þó vitanlega þörf fyrir miklu fleiri hjúkrunarkonur eftir því sem bætt verður úr sjúkrahúsaskortinum, sem eins og allir vita er mjög tilfinnanlegur, og þá ekki sízt hér í höfuðborginni. Enn fremur þegar heilsugæzla samkv. III. kafla laga um almannatryggingar kemur til framkvæmda.

Sem dæmi um skort lærðra hjúkrunarkvenna má nefna það, að Landsspítalann verður nú að reka með aðeins 50% þeirra hjúkrunarkvenna, sem þörf er á að hafa þar.

Það liggur í augum uppi, að slíkur skortur á lærðum hjúkrunarkonum hlýtur á næstu árum að valda stórkostlegum vandræðum í heilbrigðis- og heilsugæzlumálum þjóðarinnar, nema tafarlaust séu gerðar ráðstafanir til úrbóta.

Frumskilyrði til þess, að hægt sé að mennta fleiri hjúkrunarkonur, er það, að hjúkrunarkvennaskólanum sé strax séð fyrir meira húsnæði en hann nú hefur, og lýtur fyrri hluti tillögunnar að því bráðabirgðaákvæði.

En svo er hvort tveggja, að húsnæði það, sem skólinn hefur í Landsspítalanum, er nú þegar alveg ófullnægjandi, og svo hitt, að það er stórbagalegt fyrir starfsemi Landsspítalans að geta ekki fengið þetta húsrými til íbúðar fyrir hjúkrunarkonur og starfsfólk spítalans.

Þess vegna verður jafnframt bráðabirgðaúrræðum að hefjast þegar handa um það að tryggja hjúkrunarkvennaskólanum framtíðarhúsnæði í eigin húsi, sem sniðið verði við vaxandi þarfir hans og kröfur komandi tíma.

Nd. 164. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar á þessu sumri.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „á þessu sumri“ komi: sumarið 1949.
2. Við 3. gr. Í stað „n. k.“ komi: það ár.
3. Við fyrirsögn frv. Í stað orðanna „á þessu sumri“ komi: sumarið 1949.

Sþ. **165. Tillaga til þingsályktunar** [80. mál]

um síldveiðar og síldarleit.

Flm.: Finnur Jónsson, Erlendur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja öflugar tilraunir með hagnýtum veiðarfærum til að veiða síld þá, sem sannanlega er hér í Faxaflóa og við Suðurland. Jafnframt verði gert út skip til þess að fylgjast með síldargöngunni og til að gera nauðsynlegar sjávarathuganir vegna hennar.

Í þessu skyni heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem það eigi er fyrir hendi í fiskimálasjóði, allt að tveim milljónum króna. Framkvæmd veiðitilraunanna annist þrír menn eftir skipun ráðherra, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, annar af Alþýðusambandi Íslands og hinn þriðji án tilnefningar.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hefur feikna síldarganga verið hér við Suðurland og þó einkum í Faxaflóa í haust og vetur. Nokkrir bátar hafa stundað reknetaveiði og margir aflað sæmilega. Hins vegar eru engir möguleikar á að hagnýta hina geysilegu síldargöngu, svo að verulegu haldi komi, með reknetum. Ekki er heldur líklegt, að venjuleg herpinótaveiði geti komið að gagni, því að oftast nær er svo órólegur sjór á síldarslóðunum, að hætt er við, að bátar og nætur verði fyrir tjóni af þeim völdum. Einnig stendur síldin oft svo djúpt, að hún mundi varla nást í herpinót með tíðkanlegum aðferðum.

Verður því að leita annarra ráða. Kemur þar ýmislegt til greina. Kunnugt er, að ýmsar þjóðir nota mjög sterka ljóskastara við síldveiðar í myrkri til þess að fá síldina upp í yfirborð sjávar. Suðurlandabúar, einkum Spánverjar, nota við fiskveiðar á höfum úti tvö skip til að draga eina vörpu í sameiningu. Vera mætti, að unnt væri að nota herpinót og dæla síldinni upp í skipin úr nótinni, til þess að nótin ofreynist síður í sjávargangi. Enn hefur mönnum komið til hugar að nota sterkar dælur í stað veiðarfæra. Vera má, að ýmislegt af þessu megi kallast hugarórar, hitt getur engum dulizt, að hin mikla síldarganga í Faxaflóa er gullnáma, sem við Íslendingar höfum ekki ráð á að láta lítt notaða ár eftir ár. Og reynslan hefur sýnt, að tilviljun ein ræður því, hvort síldin kemur inn á sundin eða firðina, svo að unnt sé að veiða hana þar. Við verðum því að finna leið til þess að veiða hana á hafi úti eins og annan fisk. Þá er og nauðsynlegt að fylgjast með síldargöngunni, hvaðan hún kemur og hvert hún fer. Dýptarmælar skipa og reknet koma þar að góðu haldi. Einnig má geta þess, að erlendar þjóðir nota tæki, er gerir svipað gagn og Radar, til að finna þéttar fiskitorfur. Hefur það þann kost umfram dýptarmæli að mæla út frá skipinu í allt að 10 mílna fjarlægð. Jafnframt verður að láta fara fram reglulegar sjávarathuganir, svo sem mæla sjávarhita, athuga sjávarseltu og önnur lífsskilyrði, er síldin býr við og áhrif geta haft á gönguna. Hið síðastnefnda mundi að sjálfsögðu verða framkvæmt af fiskideild Atvinnudeildar háskólans.

Af hálfu hins opinbera munu hafa verið gerðar nokkrar tilraunir í þá átt, sem hér er lagt til, bæði að fylgjast með síldargöngunni og lítils háttar tilraun með nýja gerð veiðarfæra, en eigi borið árangur, enda hvort tveggja í smáum stíl. Mun þar nokkru valda, að Alþingi hefur eigi heimilað fé til þessa og fiskimálasjóður eigi haft mikið til umráða. Einstaklingum mun einnig um megn að ráða fram úr þessu máli. Þegar þessa er gætt og svo hins, að hér er um veiðimöguleika að ræða, sem nema mundu fé því, er þyrfti til að rétta við þjóðarbúskapinn, er eigi annað fyrir hendi en Alþingi heimili ríkisstjórninni nægilegt fé til framkvæmda, en þar eð mál þetta, að áliti tillögumanna, þolir ekki að bíða afgreiðslu fjárlaga, er lagt til, að heimild verði að þessu sinni gefin í þál.-formi. Með samþykkt tillögunnar væri að

áliti flm. gerð tilraun til að leysa þann þátt fiskirannsóknanna, sem gæti gefið okkur með skjótum hætti stórkostlegt fé og atvinnu í aðra hönd, eins og sakir standa, og jafnframt vakið menn til umhugsunar um hina miklu vanrækslu, sem þing og stjórn sýna á sviði fiskirannsóknanna.

Nd. 166. Frumvarp til laga [81. mál]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum í janúar og febrúarmánuði 1950 75 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðum með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum framleiddum á tímabili því, er um ræðir í 1. gr., nái kr. 1.53 hvert enskt pund fob. og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði þessa fisks.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð fisks þess, er um ræðir í 1. gr., verði kr. 2.52 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði rýrnun á saltfiski þessum, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 75 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða í janúar og febrúarmánuði 1950.

6. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

7. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 75 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

10. gr.

Til aðstoðar verðlagsyfirvöldum við ákvörðun verðlags á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, skipar ráðherra að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum.

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

11. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

12. gr.

Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstursvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara, þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um kr. 2 500 000.00.

13. gr.

Til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til ársloka 1950, að undanteknum

14. gr.

Komi ákvæði 12. gr. til framkvæmda, er ríkisstjórninni heimilt að innheimta söluskatt samkvæmt 21. gr. laga nr. 100/1948 með allt að 30% af tollverði allrar

innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og fram hefur komið í yfirlýsingum þeim, er forsætisráðherra hefur gefið f. h. ríkisstjórnarinnar, er nú unnið að því á hennar vegum að undirbúa heildartillögur, sem að því miða m. a. að gera bátaútveginum fært að starfa á heilbrigðum grundvelli, í stað þess að framleiðslu þessari sé haldið uppi með styrkjum úr ríkissjóði.

Á það hefur jafnan verið lögð höfuðáherzla af fulltrúum bátaútvegsins, síðan verðbólgan færðist í aukana, að gerðar væru ráðstafanir af hálfu þings og stjórnar til þess að þeim yrði kleift að byggja atvinnu sína á viðunandi starfsgrundvelli.

Í samþykktum aðalfundar Landssambands íslenzkra útvegsmanna undanfarið hefur þetta sjónarmið jafnan verið haft á oddi, þótt um leið hafi verið gerðar aðrar kröfur, svo sem um ábyrgðarverð o. fl., meðan öðrum ráðum yrði ekki við komið.

Framleiðslukostnaður flestra sjávarafurða er nú svo sem kunnugt er miklu hærri en erlent markaðsverð þeirra. Við þetta bætist fallandi verðlag á sumum þessum afurðum, og er því ljóst, að stórt átak þarf til þess að fá þessum málum komið í það horf hér heima fyrir, að unnt sé að halda áfram framleiðslu sjávarafurðanna, án meðgjafar úr ríkissjóði, og þar með tryggja atvinnu almennings á hagkvæman hátt.

Það er lausn þessa vandamáls, sem ríkisstjórnin leitar nú eftir með ráði beztu manna. Mun hún kappkosta að leggja niðurstöður sínar fyrir Alþingi svo fljótt sem þess er kostur. Vitanlega er hér um slíkt stórmál að ræða, að ríkisstjórnin verður að vanda sem bezt til undirbúnings þess, áður en það er lagt fyrir Alþingi. Þessum undirbúningi miðar nú vel áfram.

Þótt allur hæfilegur hraði verði við hafður á meðferð þessa máls, bæði hjá ríkisstjórninni og Alþingi, þykir sýnt að verja þurfi svo miklum tíma í athugun og afgreiðslu þess, að ekki tjái að láta hjá líða að gera til bráðabirgða nauðsynlegar ráðstafanir til að gera bátaflotanum fært að hefja veiðar nú þegar, í stað þess að hann bíði þeirrar heildarúrlausnar, sem að er stefnt. Af þessum ástæðum er þetta frumvarp fram komið.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til, að til febrúarmánaðarloka sé tekin ábyrgð á blautfisksverði bátaflotans og hliðstæðar ráðstafanir gerðar, vegna hraðfrystihúsanna og saltfiskverkunar, þeim, er áður hafa tíðkazt, síðan farið var út á þá braut að veita stuðning ríkisins til þess reksturs, er hér um ræðir, með því að tryggja aðilum ákveðið verð fyrir fiskinn.

Verðbreytingar þær, sem í frumvarpinu greinir, frá því sem ákveðið var í lögum s. l. ár, byggjast á breyttum aðstæðum við þennan rekstur, hvað kaupgjald og rekstrarvöruverðlag snertir. Er þar gengið svo langt til móts við kröfur útvegsmanna sem fært þykir.

Ríkisstjórnin telur það fært og vill leggja á það höfuðáherzlu, að Alþingi lögfesti fyrir lok febrúarmánaðar þau úrræði til frambúðar í þessu efni, sem hún mun bera fram, og ætlast þar af leiðandi ekki til, að þörf verði fyrir bráðabirgðaráðstafanir þær, er hér um ræðir, lengur en til 1. marz.

Ef Alþingi hins vegar gegn vonum ríkisstjórnarinnar hefur ekki fallizt á tillögur hennar eða samþykkt aðra frambúðarlausn fyrir 1. marz, hefur ríkisstjórnin til öryggis gert ráð fyrir framlengingu þessa bráðabirgðaástands til vetrarvertíðarloka, enda falli bráðabirgðaráðstafanir úr gildi hvenær sem er á þessu tímabili, þegar heildarlöggjöf verður sett um þessi efni, sem gerir þær ráðstafanir ónauðsynlegar.

Sá varnagli er hér sleginn, að fiskábyrgðin framlengist til vetrarvertíðarloka, ef heildarráðstafanirnar fást ekki lögfestar í tæka tíð. Í viðræðum, er fram hafa farið milli ríkisstjórnarinnar og fulltrúa útvegsmanna að undanförnu, hefur það komið greinilega fram, að þeir telja sér engan veginn fært að hefja útgerð með tveggja mánaða ábyrgð eina að bakhjalli, án þess að um leið sé gert ráð fyrir framhaldi ábyrgðarinnar til loka vertíðar, ef heildarlöggjöf um þessi efni hefur ekki verið sett fyrir lok febrúarmánaðar eða síðar á þessu tímabili.

Þessar bráðabirgðatillögur hníga aðeins að því að leysa vanda bátaútvegsins. Er þó svo komið hag togaraútvegsins að flestir hinna eldri togara hafa nú um langt skeið verið bundnir við festar sakir undangengins hallarekstrar, en nýju togararnir berjast nú í bökkum, þeir, sem skársta hafa afkomuna. En svo sem að framan greinir væntir ríkisstjórnin þess, að Alþingi samþykki hið allra bráðasta endanlega skipan þessara mála, er rétti hlut allrar útflutningsframleiðslu landsmanna.

Um 1. gr.

Verð það, sem ákveðið er í þessari grein, er kr. 0.10 hærra en það, sem gilti á árinu 1949. Á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var fyrri hluta desembermánaðar, gerðu útvegsmenn kröfu til þess, að fiskverð yrði ákveðið kr. 1.04 pr. kg fyrir árið 1950. Ríkisstjórnin hefur síðan athugað gaumgæfilega þau gögn, sem fyrir liggja um afkomu bátaútvegsins, og eru niðurstöður þeirra athugana þær, að ef miðað er við það verð, sem í gildi var á árinu 1949, muni ekki verða hjá því komizt að tryggja bátaútveginum kr. 0.75 pr. kg. Þó vísast í þessu sambandi til þess, sem segir um 5. gr.

Um 2. gr.

Frystihúseigendur hafa einnig snúið sér til ríkisstjórnarinnar með kröfur um hækkað verð fyrir framleiðslu sína. Miðað við sama hráefnisverð og var árið 1949, gera þeir kröfu til þess, að verð á þorskflökum verði hækkað úr kr. 1.33 í kr. 1.56½ pr. lb. Eftir nána athugun, sem fram hefur farið á auknum kostnaði við þessa framleiðslu, telur ríkisstjórnin, að þetta verð ætti að verða kr. 1.39½ pr. lb.

Sé hins vegar miðað við hækkað hráefnisverð, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins, hækkar verð þetta í kr. 1.53.

Um 3. gr.

Hækkun sú, sem gert er ráð fyrir á saltfiskverðinu úr kr. 2.25 í kr. 2.48 pr. kg, stafar af hækkun hráefnisverðsins, þar sem ætlað er, að lækkun á saltverði muni vega upp hækkun á vinnslukostnaði.

Um 5. gr.

Í 5. gr. dýrtíðarlaganna frá 1949 voru ætlaðar 5 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða. Var fé þessu varið til greiðslu á tryggingariðgjöldum bátaflotans. Talið er nauðsynlegt að verja enn nokkurri upphæð í þessu skyni.

Upphæð sú, sem hér er gert ráð fyrir, svarar því sem næst til þess hluta af aflamagninu, sem áætlað er, að geti komið á tímabilið janúar—febrúar.

Framlengist gildi laganna til miðs maí, sbr. 12. gr., þá hækkar framlag ríkissjóðs hlutfallslega upp í kr. 3 500 000.00.

Ráðstafanir þær, sem 1., 2., 3. og 5. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir, hafa í för með sér aukinn kostnað fram yfir það, sem var á árinu 1949.

Aflamagnið á tímabilinu janúar—febrúar er áætlað 23000 smál., og sé gert ráð fyrir sömu hlutfallslegu skiptingu á því, eftir verkunaraðferðum, og var á árinu 1949, mun aukinn kostnaður nema kr. 6 170 000.00. Miðað við sama aflamagn hefði sá hluti fiskábyrgðarinnar, sem komið hefði á fyrrgreint tímabil á árinu 1949 numið kr. 5 400 000.00.

Alls nemur því áætlaður kostnaður af ráðstöfunum þeim, er hér um ræðir og eiga að ná yfir tímabilið 1. jan. til febrúarloka kr. 11 570 000.00.

Sé miðað við alla vetrarvertíðina og aflamagnið áætlað 86 þús. smál., næmi viðbótarkostnaður alls kr. 21 400 000.00, en sá hluti fiskábyrgðarinnar, sem komið hefði á þetta tímabil árið 1949, hefði numið kr. 20 200 000.00, miðað við óbreytt verðlag.

Samkvæmt framansögðu virðist því verða að gera ráð fyrir, að með þeim breytingum á verðlagi, er um ræðir í þessu frumvarpi, yrði kostnaðurinn alls til vertíðarloka kr. 41 600 000.00.

Um 6.—11. gr.

Ákvæði þessara greina eru að efni til samhljóða ákvæðum 7.—12. gr. laga nr. 100 1948 og þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Fulltrúar útgerðarmanna hafa í viðræðum sínum við ríkisstjórnina gert þá ófrávíkjanlegu kröfu fyrir því að útgerð hæfist í byrjun janúarmánaðar, að afkoma bátaútvegsins yrði tryggð til vertíðarloka. Þar sem ríkisstjórnin telur eftir atvikum, að ekki verði hjá því komizt, að taka þessa kröfu útgerðarmanna til greina, þá er svo ráð fyrir gert í 12. gr. frumvarpsins, að gildi laganna framlengist þar til ný heildarlöggjöf hefur verið sett um þessi mál, þó ekki lengur en til 15. maí n. k. Jafnframt er þá hækkað framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um 2.5 millj. króna. Um aths. við þessa grein vísast að öðru leyti til þess, sem sagt er í aths. við 14. gr.

Um 13. gr.

Talið er, að fjárhæð sú, er ríkissjóður tekur að sér að ábyrgjast til 1. marz 1950, nemi 11.5 millj. króna, ef allt kæmi jafnskjótt til útflutnings, sem framleitt er á þessum tíma. Samkvæmt venju er lítið flutt út af bátafiski mánuðina janúar og febrúar, og má því ætla, að aðeins lítill hluti ofangreindrar fjárhæðar falli til greiðslu vegna útflutnings þessa mánuði. Lagt er til, að framlengja III. kafla laga nr. 100/1948, og er gert ráð fyrir, að tekjur af leyfisgjöldum samkvæmt 30. gr. laganna standi straum af fiskábyrgðinni til 1. marz. Tekjur af gjöldum þessum voru á síðasta ári um 8 millj. kr., þegar frá eru dregin gjöld af heimilistækjum. Verða þessar tekjur eftir atvikum að teljast nægilegar til 1. marz. Þótt framlenging laganna sé bundin við árslok 1950, telur stjórnin sjálfsagt, að það ákvæði verði tekið til athugunar, þegar séð verður hversu miklu nemur skuldbinding ríkissjóðs til 1. marz. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að suma af þessum tekjuliðum ætti að fella úr gildi hið allra bráðasta, og er þá einkum átt við varahluti í bifreiðar og bifreiðagúmmí.

Um 14. gr.

Ríkisstjórnin væntir þess, að Alþingi samþykki varanlegar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum fyrir 1. marz, svo að ákvæði 12. gr. komi ekki til framkvæmda og þá ekki heldur ákvæði 14. gr. En þrátt fyrir þetta hefur ríkisstjórnin þó talið sér skylt að benda á tekjustofna til að standa undir fiskábyrgðinni til 15. maí, ef Alþingi gegn vonum stjórnarinnar neitar að fallast á þær úrlausnir, er stjórnin mun bera fram varðandi dýrtíðarmálin, til þess þannig að forðast að það hendi, að ríkissjóði verði bundnir baggar fiskábyrgðarinnar, án þess að tryggðar séu tekjur til að standa undir þeim.

Komi ákvæði 12. gr. laganna til framkvæmda, þarf ríkissjóður að fá tryggðar tekjur vegna ábyrgðarinnar, er nemi 42 millj. kr. Lagt er til, að söluskatturinn samkv. 21. gr. laga nr. 100/1948 hækki mjög verulega, þannig að í stað þess að þessi skattur er nú innheimtur með 6%, þá sé hann frá 1. marz innheimtur með allt að 30%. Nokkrar undanþágur eru frá skattinum í 23. gr. nefndra laga og má áætla, að undanþágurnar nái til um 50—60 millj. kr. af heildarinnflutningi. Frá 1. marz mætti því áætla,

að skatturinn legðist á um 200 millj. kr. innflutning og þyrfti þá að hækka núverandi söluskatt upp í 27%. Lagt er til, að ákveða megi skattinn samtals allt að 30%. Er þá gert ráð fyrir, að tekjurnar geti staðið straum af verðbótum á þann bátafisk, sem til er í landinu 1. marz, og á þann fisk, sem aflast til 15. maí 1950.

Stjórnin telur ástæðu til að taka fram, að þessi mikla hækkun á söluskattinum er í rauninni beinn gjaldeyrisskattur, en alls ekki rétt mynd af þeirri skiptingu byrðanna á þjóðfélagsþegnana, sem fram mun koma í tillögum stjórnarinnar til varanlegra úrbóta.

Ed. 167. Frumvarp til laga [82. mál]

um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkið lætur reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

2. gr.

Til byggingarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán innanlands eða utan fyrir hönd ríkissjóðs, að fjárhæð allt að 4 milljónir króna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur vinnslustöðvar þeirrar, er um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir lögum nr. 1 1. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta vísast til bréfs stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins á fylgiskjali 1, og greinargerðar Vilhjálms Guðmundssonar, verkfræðings, á fylgiskjali 2.

Fylgiskjal I.

SÍLDARVERKSMIÐJUR RÍKISINS

Reykjavík, 17. des. 1949.

Herra Jóhann Þ. Jósefsson, atvinnumálaráðherra, Reykjavík.

Bygging stöðvar til vinnslu soðkrafts úr síldarsoði hjá S. R.

Vér leyfum oss að skýra yður frá því, hæstvirtur ráðherra, að á fundi stjórnar S. R. í gær var eftirfarandi tillaga samþykkt með 5 samhljóða atkvæðum:

„Stjórn S. R. Samþykkir að fara þess á leit við atvinnumálaráðherra, að hann útvegi heimild Alþingis til þess að reisa megi vinnslustöð til hagnýtingar síldarsoðs hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, og útvegi einnig heimild til handa ríkisstjórninni til lántöku f. h. ríkissjóðs að upphæð allt að 4 milljónum króna til byggingarframkvæmda þessarar stöðvar. Byggingarframkvæmdir stöðvarinnar verði faldar stjórn S. R. Enn fremur rekstur stöðvarinnar samkv. lögum nr. 1 1938 um Síldarverksmiðjur ríkisins."

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur á liðnum árum oft rætt um betri hagnýtingu hráefnisins og þá fyrst og fremst hagnýtingu þeirra efna, sem fara forgörð-

um í síldarsoðinu (límvatninu). Ekki hefur stjórn verksmiðjanna þó lagt til, fyrr en nú, að hafizt yrði handa um vinnslu soðkrafts úr síldarsoðinu og hafa ástæður til þess fyrst og fremst verið þær, að erlendar vinnsluaðferðir hafa verið nokkuð á reiki og markaðshorfur á soðkrafti síldarsoðs óljósar.

Eftirspurn eftir soðkrafti úr síldarsoði hefur farið ört vaxandi og hagkvæmt verð fengizt fyrir soðkraftinn í Bandaríkjunum.

S. l. vor þótti ljóst, að bygging stöðvar til vinnslu á soðkrafti úr síldarsoði myndi verða þýðingarmikið og arðbært fyrirtæki fyrir síldarútveginn. Tók ríkisstjórnin því í samráði við stjórn S. R. upp í áætlunina um Marshallaðstoð til Íslands á tímabilinu 1949/50 $ 470 000 fjárveitingu til kaupa á vélum og efni í slíka stöð.

Nú hefur stjórn S. R. látið rannsaka þetta mál nánar. Fór Vilhjálmur Guðmundsson, verkfræðingur, tæknilegur framkvæmdastjóri S. R., til Bandaríkjanna nú í haust í því skyni. Niðurstaðan af athugunum hans og stjórnar S. R. er sú, að í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar sé um góðan markað að ræða fyrir soðkraft úr síldarsoði og um öruggar vinnsluaðferðir til hagnýtingar þess sé orðið að ræða í Bandaríkjunum.

Hins vegar telur stjórn S. R. með tilliti til aflabrestsins á síldveiðunum 5 undanfarin ár, að ekki sé rétt að reisa í fyrstu eins stóra stöð til vinnslu síldarsoðsins eins og í fyrstu kom til orða og $ 290 000 fjárveiting af Marshallfé nægi til véla og efniskaupa stöðvar, sem ynni soðkraft úr soði af 5000 málum síldar á sólarhring, en Vilhjálmur Guðmundsson hefur gert áætlanir bæði um rekstur og stofnkostnað slíkrar stöðvar. Áætlar hann stofnkostnaðinn kr. 4 000 000.00 og að hægt sé að afskrifa stofnkostnað stöðvarinnar á 5 árum af eigin tekjum stöðvarinnar með því að stöðin taki endurgjaldslaust við soðinu, sem hingað til hefur runnið í sjóinn. Magn soðsins er í áætluninni miðað við það soð, sem fyrir hendi hefur verið hjá S. R. að meðaltali á ári undanfarin 5 síldarleysissumur.

Oss skilst, að nauðsyn sé á umræddri kr. 4 000 000.00 lántökuheimild, enda þótt fjárveiting til véla- og efniskaupa í stöðina fáist af Marshallfé, því að leggja verði fé hér heima gegn þeirri upphæð. Að öðru leyti leyfum vér oss að vísa til meðfylgjandi greinargerðar Vilhjálms Guðmundssonar, tæknilegs framkvæmdastjóra S. R., dags. 2. þ. m.

Vér leyfum oss að vænta þess að þér sjáið yður fært, hæstvirtur ráðherra, að verða við beiðni vorri um að leggja þetta mál fyrir Alþingi til afgreiðslu, svo sem farið er fram á í framangreindri tillögu stjórnar S. R.

Virðingarfyllst
f. h. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins
Sveinn Benediktsson.

Fylgiskjal II.

Greinargerð um framleiðslu soðkrafts hjá Síldarverksmiðjum ríkisins.

Það er alkunna, að við vinnslu síldar, eins og hún enn fer fram hér í landi, fara um 20—25% af þurrefni síldarinnar forgörðum með soðinu, sem rennur frá síldarverksmiðjunum. Hefur að sjálfsögðu verið reynt að bæta úr þessu, en lítið áunnizt. Til þess að fullkomin hagnýting síldarinnar megi takast, virðist einkum um 2 leiðir vera að ræða, annað hvort nýja gerð verksmiðja og breyttar vinnsluaðferðir eða sérstakar stöðvar, er tengdar væru hinum eldri verksmiðjum og ynnu úr síldarsoðinu. Skal hér nú gerð nokkur grein fyrir hinu síðara, enda er talsverð reynsla fengin fyrir því úti í löndum og sú aðferð samrýmanlegust þeim verksmiðjum og vinnsluaðferðum, er vér hljótum að búa við enn um hríð.

Í fisksoði lýsis- og fiskimjölsverksmiðjanna er um 6—9% af föstu efni, sem að mestu er uppleyst í soðinu.

Fyrir um það bil 10 árum var farið að framleiða soðkraft (condensed fish solubles) úr fisksoði í Bandaríkjunum, en soðkraftur kallast soðið, þegar búið er að

eima úr því um 85% af vatninu, og inniheldur soðkrafturinn um 50% af þurrefni og 50% af vatni.

Við notkun soðkraftsins í ýmsar fóðurblöndur kom í ljós, að í honum er fólginn mikill næringarkraftur vegna ýmissa vitamína eða vaxtarefna (growth promoting factors), er soðið hefur að geyma.

Framleiðsla soðkrafts var fremur lítil hin fyrstu ár, en seinustu árin hefur framleiðslan aukizt gífurlega og mun nú vera um 50 000 tonn á ári í Bandaríkjunum. Láta mun nærri, að nú sé framleiddur soðkraftur úr 60—70% af soði lýsis- og fiskimjölsverksmiðjanna þar í landi.

Utan Bandaríkjanna er soðkraftur unninn í Kanada, á Nýfundnalandi og í Suður-Afríku, en framleiðslumagn er enn mjög lítið á þessum stöðum. Hjá norskum síldarverksmiðjum er nú hafinn mikill undirbúningur að hagnýtingu síldarsoðsins, en Noregur og Portugal munu vera einu löndin í Evrópu auk Íslands, þar sem völ er á hráefni til soðkraftsframleiðslu svo að nokkru nemi.

Hjá Síldlarverksmiðjum ríkisins hefur framleiðsla soðkrafts verið til athugunar um árabil og nauðsyn hennar löngu orðin ljós, þótt framkvæmdir hafi dregizt í þeim efnum. Því hefur m. a. valdið, að vinnsluaðferðir erlendis hafa verið nokkuð á tilraunastigi og markaðshorfur fyrir framleiðsluna óljósar.

Síldarverksmiðjur ríkisins hafa nú látið kanna allrækilega vinnsluaðferðir þær, sem notaðar eru við vinnslu soðkrafts í Bandaríkjunum, markaðshorfur þar og markaðsverð.

Niðurstöður þeirra athugana hafa leitt í ljós, að vinnsluaðferð dr. Sven Lassens, forstjóra Can Camp Laboratories í Kaliforníu, er sú aðferð, sem mestri útbreiðslu hefur náð og gefur bezta soðkraftinn með hæsta markaðsverði. Dr. Lassen er upphafsmaður soðkraftsframleiðslu Bandaríkjanna og kunnur vísindamaður á sviði fiskiðnaðar.

Vegna hinna mikilvægu næringarefna, sem finnast í svo ríkum mæli í soðkraftinum, reynir nú mjög á notkun hans í ýmsar fóðurblöndur, en soðkraftsframleiðslan fullnægir hvergi þörfinni. Enn má auka nokkuð framleiðslu soðkrafts í Bandaríkjunum, en hráefnið er takmarkað, því að víða er gengið mjög nærri fiskistofninum, svo að sett hafa verið svokölluð „bræðslubönn", og mun framleiðslan vart ná 100 000 tonnum á ári, nema afli breytist til muna frá því, sem hann hefur verið undanfarin 20 ár.

Samkvæmt upplýsingum stærstu fóðurfirmanna, sem nota soðkraft í fóðurblöndur sínar, er nú markaður fyrir a. m. k. 150 000—200 000 tonn af soðkrafti á ári í Bandaríkjunum. Má því telja markaðshorfur fyrir soðkraft í Bandaríkjunum góðar.

Hin góða reynsla, sem fengizt hefur af notkun soðkrafts í skepnufóður í Bandaríkjunum, hefur vakið mikinn áhuga á soðkrafti í ýmsum löndum Evrópu, en soðkraftur er þar enn ófáanlegur.

Söluverð soðkraftsins í Bandaríkjunum hefur farið hækkandi hin síðari ár, þrátt fyrir aukna framleiðslu. Nú er almennt talið, að verðið muni ekki hækka meira, en geti haldizt óbreytt um nokkurt skeið. Láta mun nærri, að meðalverð allrar soðkraftsframleiðslu Bandaríkjanna í ár hafi verið um 6,5 cent pundið eða um kr. 1 340.00 hvert metratonn.

Ef reiknað er með þessu meðalverði og 10% afföllum vegna saltinnihalds íslenzka soðkraftsins, að flutningsgjöld, vátrygging og annar kostnaður við flutning soðkrafts til Bandaríkjanna nemi um kr. 200.00 á tonn, væri fobverð soðkrafts nú um kr. 1 000.00 á tonn. Þegar þess er gætt, að í soðkraftinum er um 50% af vatni, sést, hve mikils virði þurrefnið í soðinu er.

Síldarsoðið, sem rennur frá síldarverksmiðjunum, nemur um 95 kg á hvert mál síldar.

Úr 95 kg af síldarsoði má með aðferð dr. Lassens vinna afurðir sem hér segir:

13,2 kg soðkraftur (50%).
0,3 — síldarlýsi.
0,3 — síldarmjöl.

Ef fob-verð afurðanna er reiknað:

kr. 1.00 pr. kg soðkraftur.
— 1.95 — — síldarlýsi.
— 1.00 — — síldarmjöl.

Nemur verðmæti afurðanna úr 95 kg af soði um 14 krónum. Með sama afurðaverði á mjöli og lýsi fæst nú að meðaltali úr hverju máli Norðurlandssíldar verðmæti, er nemur 66 krónum.

Með því að vinna soðkraft úr síldarsoðinu eykst því verðmæti síldarafurðanna um 20%.

Með fimm síldarleysissumur og hina miklu fjárfestingu síldariðnaðarins í huga þykir sýnt, að nokkur bið verði á því, að takast megi að nýta þessi verðmæti að fullu, og verður að sjálfsögðu að miða áætlanir um framleiðslu soðkrafts við reynslu undanfarinna síldarleysisára.

Svo sem fyrr segir, hefur soðkraftur einkum gildi sem markaðsvara vegna hinna ýmsu vitamína eða vaxtarefna hans, en á ári hverju verða miklar framfarir í framleiðslu slíkra efna.

Þó að talið sé, að soðkraftur þurfi ekki að óttast samkeppni frá tilbúnum vaxtarefnum í mörg ár, þykir rétt að reikna með örum afskriftum (t. d. 20%) á vinnslutækjum, sem notuð eru við framleiðslu soðkrafts.

Við athugun á stofnkostnaði soðkraftsstöðva og staðháttum hjá Síldarverksmiðjum ríkisins virðist stöð til vinnslu á soðkrafti úr 5000 málum síldar á sólarhring henta bezt, og er stærð hinnar fyrstu stöðvar valin þannig, að nota megi allan útbúnað hennar á hagkvæman hátt, verði stöðin síðar stækkuð.

Gerður hefur verið samanburður á stofn- og rekstrarkostnaði slíkrar stöðvar á Siglufirði og Raufarhöfn, en aðrir staðir koma ekki til greina eins og síldveiðum hefur verið háttað hin síðari ár.

Skilyrði til starfrækslu 5000 mála soðkraftsstöðvar virðast heldur betri á Siglufirði en á Raufarhöfn, og yrðu að meðaltali 22 vinnslusólarhringar í slíkri stöð á ári, ef miðað er við 5 síðastliðin síldarleysissumur (1945—1949).

Stofnkostnaðar- og rekstraráætlanir 5000 mála soðstöðvar hjá S. R. á Siglufirði líta þannig út:

Stofnkostnaðaráætlun 5000 mála soðstöðvar hjá S. R. á Siglufirði.

1.	Vinnslutæki	$ 240 000		
2.	Rör, fittings, járn o. fl.	– 20 000		
3.	Gufuketill	– 30 000		
4.	Tollar á $ vörum		kr.	400 000
5.	Flutningsgjöld		—	100 000
6.	Uppsetning á vinnslutækjum		—	170 000
7.	Uppsetning á katli		—	160 000
8.	Ýmsar leiðslur að soðstöð		—	70 000
9.	Ketilhús		—	150 000
10.	Kostnaður vegna stöðvarhúss		—	100 000
11.	Ófyrirséð		—	125 000
	Samtals		kr.	1 275 000
	Samtals	$ 290 000 á gengi 939/66	—	2 725 000
			Samtals kr.	4 000 000

Rekstraráætlun 5000 mála soðstöðvar hjá S. R. á Siglufirði. 22 vinnslusólarhringar á ári. 480 tonn af síldarsoði unnin á sólarhring.

Gufa	kr.	210 000
Rafmagn	—	5 000
Vinnulaun	—	50 000
Sýra	—	65 000
Viðhald 82,5% af 4 000 000)	—	100 000
Vextir af stofnfé (5% af 4 000 00)	—	200 000
Afskriftir (20% af 4 000 00)	—	800 000
Annar kostnaður	—	100 000
Samtals	kr.	1 530 000

Verðmæti afurða:

Soðkraftur 1 467 tonn á 1 000.00	kr.	1 467 000
Síldarlýsi 37 tonn á 1 950.00	—	72 000
Síldarmjöl 37 tonn á 1 000.00	—	37 000
Samtals	kr.	1 576 000

Yfirlit.

Stofnkostnaður:

Í dollurum	kr.	2 725 000
Í krónum	—	1 275 000
Samtals	kr.	4 000 000

Afurðir:

Í dollurum	kr.	1 467 000
Í pundum	—	109 000
Samtals	kr.	1 576 000

Með núverandi markaðsverði soðkraftsins í Bandaríkjunum skilar soðstöðin á 2 árum þeim gjaldeyri, sem nauðsynlegur er vegna stofnkostnaðar stöðvarinnar, en með 22 vinnslusólarhringum á ári fengist stöðin að fullu greidd á 5 árum.

P. t. Reykjavík, 2. des. 1949.

Vilhjálmur Guðmundsson.

Nd. 168. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Nr. 8 í 12. kafla orðist svo:			
	8 Olíufræ og olíurík aldin, einnig mulin	1 kg		2
2.	Nr. 18 í 15. kafla orðist svo:			
	18 — risínusolía (laxerolía)	—	2	8
3.	Nr. 2 í 25. kafla orðist svo:			
	2 Sandur, ót. a.	tollfrjáls		

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
4.	Í stað nr. 16 í 25. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	Gips:			
	16 — óunnið ..... tollfrjálst			
	16a— brennt, mulið eða þvegið	—	2	8
5.	Nr. 1 í 28. kafla orðist svo:			
	1 Bróm, fosfór, brennisteinn og brennisteinsmjólk og sambönd þessara efna innbyrðis, svo og með klóri og joði, svo framarlega sem þau falla ekki undir annað tollskrárnúmer	—	7	8
6.	Í stað nr. 11 í 28. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	— e d i k s ý r a:			
	11 — — edik	—	7	30
	11a— — önnur	—	7	8
7.	Nr. 51 og 52 í 28. kafla orðist svo:			
	51 — metylalkóhól	—	7	8
	52 — isóprópylalkóhól	—	7	8
8.	Á eftir nr. 15 í 31. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	15a— hárliðunarvökvar og hárliðunarduft, ót. a.	—	7	30
9.	Nr. 7 í 45. kafla falla niður.			
10.	Orðin „með eða“ í nr. 19 í 45. kafla falli niður.			
11.	Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir úr cellulose	—	2	2
12.	Í stað nr. 3—4 í 46. kafla B komi þrjú nr., svo hljóðandi:			
	Garn:			
	4 — tvinni	—	20	8
	5 — netjagarn, ólitað	—	2	5
	5a— annað	—	20	15
13.	Í stað nr. 19 í 50. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
	— fiskinet og fiskinetjaslöngur:			
	19 — — úr nylon og öðrum gerviþráðum	—	2	5
	19a— — úr öðrum vefjarefnum	—	2	2
14.	Nr. 42 í 50. kafla falli niður.			
15.	Nr. 22 í 60. kafla falli niður.			
16.	Á eftir fyrirsögninni að XV. flokki, „Ódýrir málmar og vörur úr þeim“, komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ef inn eru fluttar vörur úr málmum þeim, sem teljast til 64.—70. kafla, og vörur þessar eiga að koma í hærri tolla en tilsvarandi vörur úr járni og stáli í 63. kafla, má fjármálaráðuneytið mæla svo fyrir, að greiða skuli af þeim hin lægri aðflutningsgjöld eftir 63. kafla. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
17.	Á eftir nr. 22 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	22a Bryggjur, brýr, hús og önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
18.	Á eftir nr. 26 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	26a Fiskkörfur og körfur undir mjólkurflöskur úr vír og þess háttar	—	2	8
19.	Aftan við nr. 88 í 63. kafla komi svo hljóðandi athugas.:			
	Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að færa niður í 15% verðtoll skálar, sem eru pressaðar til vaskagerðar og að öðru leyti óunnar.			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
20.	Í stað nr. 27—28 í 72. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi:			
	27 Vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, til graftar, og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
21.	Nr. 64 í 72. kafla orðist svo:			
	64 Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra	—	7	15
22.	Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 13—16 í 73. kafla, „Rafmagnsbúnaðar í báta, bifreiðar og bifhljól“, komi: Rafmagnsbúnaðar í bifreiðar, skip og önnur farartæki.			
23.	Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 37—45 í 73. kafla, „Búsáhöld og hlutar til þeirra“ komi: Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar.			
24.	Nr. 46—54 í 73. kafla falli niður.			
25.	Á eftir nr. 1 í 76. kafla komi nýtt númer, svo hljóðandi:			
	1a Fallhlífar og tilheyrandi ..... tollfrjálsar			
26.	Nr. 12 í 77. kafla falli niður.			
27.	Í stað nr. 29—32 í 77. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.:			
	29 — bifreiðavogir (bryggjuvogir)	—	7	8
	30 — aðrar	—	7	30
28.	Við nr. 3 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna.			
29.	Aftan við nr. 11 í 79. kafla komi svo hljóðandi aths.:			
	Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður að nokkru eða öllu leyti aðflutningsgjöld af hljómplötum með verkum eftir íslenzka höfunda og verkum sungnum og/eða leiknum af Íslendingum.			
30.	Á eftir nr. 10 í 82. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvarandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
31.	XXI. flokkur og 87. kafli orðist svo:			
	XXI. FLOKKUR			
	Listaverk og safnmunir, ót. a.			
	87. kafli.			
	Listaverk og safnmunir, ót. a.			
	1 Listaverk ..... tollfrjáls			
	Aths. Tollundanþágan eftir nr. 1 tekur aðeins til frumverksins. Fjármálaráðuneytinu er þó heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af afsteypum, sem gerðar eru erlendis eftir hér gerðum frummyndum úr gipsi eða öðru áþekku efni.			
	Safnmunir, ót. a.:			
	2 — frímerki og önnur slík merki ..... tollfrjáls			
	3 — safnmunir til opinberra safna ..... tollfrjálsir			
	4 — aðrir	—	7	30

2. gr.

Á eftir l-lið 3. gr. komi átta nýir stafliðir, svo hljóðandi:

m. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af votheysturnum og vélaútbúnaði til að steypa þá og af vélum og áhöldum til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu.
n. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af jeep-bifreiðum og almenningsvögnum og af völuflutningabifreiðum.
o. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæðið í b-lið 24. gr. samþykktar þeirrar um alþjóðaflugmál, sem birt var með auglýsingu nr. 45/1947.
p. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum og útbúnaði til Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli, sem rekin er samkvæmt milliríkjasamningi frá 30. apríl 1947.
q. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði í b- og c-lið 7. gr. alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sem birtur er sem fylgiskjal með lögum nr. 13/1948, um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.
r. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem inn er flutt eingöngu vegna framkvæmdar samnings frá 16. september 1948, milli ríkisstjórnar Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
s. Að fella niður aðflutningsgjöld af munum, sem sendir eru hingað að gjöf og góðgerðafyrirtæki eiga að annast dreifingu á til bágstaddra og þvílíkra.
t. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af munum, sem aðeins eru fluttir hingað til sýningar eða flutnings um stundarsakir og endurútfluttir eru þegar að sýningu eða flutningi loknum, og af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu og flutt eru út þegar eftir að þau hafa verið reynd.

3. gr.

Í stað orðanna „eða báta“ í síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi: báta eða flugvéla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi 5. liður 1. gr. laga nr. 6/1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæði hefur komið í ljós þörf fyrir óhjákvæmilegar breytingar á tollskrárlögunum og farið hefur verið fram á ýmsar breytingar við ráðuneytið, sem því hefur þótt eðlilegt að taka til greina. Til hins fyrrnefnda má telja ýmsa milliríkjasamninga, sem Íslendingar hafa gerzt aðilar að undanfarið og gera ráð fyrir tollfrelsi fyrir ýmiss konar varning, en að sjálfsögðu þurfa tollfrelsisákvæði þessi að fá lagagildi hér og eru þau því tekin upp í frumvarpið, sbr. t. d. p- og r-lið 2. gr. Til hins fyrrnefnda má einnig nefna nokkur atriði, sem framkvæmdin hefur leitt í ljós, að óhjákvæmilegt er að breyta, sbr. t. d. 14.—18. lið 1. gr. frumvarpsins. Til hins síðarnefnda, þ. e. a. s. breytinga, sem farið hefur verið fram á, má nefna beiðnir um tolllækkanir vegna fyrirhugaðrar sementsverksmiðju, fyrirhugaðrar vinnu á neyzluhæfri feiti úr lýsisafurðum, fræum og jurtakjörnum, og nokkrar aðrar tolllækkanir vegna iðnaðarins og landbúnaðarins, sbr. t. d. 19. lið 1. gr. og m-lið 2. gr. Þá má telja til hins síðarnefnda nokkrar lækkanir til styrktar „hagnýtingu íslenzks höfundaréttar erlendis“, eins og það er orðað í þar að lútandi erindum, sbr. t. d. 29. lið 1. gr. Um allar þessar breytingar má segja það, að þær koma til að hafa sáralitla fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð, en þær eru, eins og sagt var, fyrst og fremst lagfæringar vegna atvinnuveganna og milliríkjasamninga, sem gerðir hafa verið undanfarið.

Um einstök atriði þykir ástæða til að taka það fram, sem hér fer á eftir.

Um 1. gr.

1., 2. og 5.—7. Með bréfi, dags. 10. október f. á., fór Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga þess á leit, að lækkuð yrði aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem taldar eru upp í 1., 2. og 5.—7. lið frumvarpsins, og gjöldin af vörum þessum yrðu lækkuð eins og gert er ráð fyrir í þessum liðum frumvarpsins, en í bréfi samlagsins segir, að með tilliti til þess, að samlagið hafi gengizt fyrir stofnun félagsskapar, í samvinnu við smjörlíkisframleiðendur í Reykjavík, til þess að vinna neyzluhæfa feiti úr lýsisafurðum annars vegar, og fræjum og jurtakjörnum hins vegar, er fullnægi þörfum landsins fyrir feitmeti til smjörlíkis, sápugerðar o. fl., séu þessar tolllækkanir nauðsynlegar. Með því að hér er um hráefni til iðnaðar að ræða, nota á þau m. a. til vinnslu úr innlendum hráefnum og það er í samræmi við ýmsa aðra liði tollskrárinnar, að tollarnir í umræddum tollskrárliðum verði eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eru bornar fram tillögur þær fimm, sem hér er um að ræða.

3. og 4. Í ráði er að hefja sementsframleiðslu hér á landi. Til þeirrar framleiðslu mun reynast nauðsynlegt að flytja inn kísilsand og óunnið gips. Af báðum þessum vörutegundum er nú mun hærri tollur en á fullunnu sementi og þykir því eðlilegt, að tollurinn á þessum hráefnum verði lækkaður svo sem hér er lagt til.

8. Meistarafélag hárgreiðslukvenna hefur farið fram á lækkun þá á aðflutningsgjöldum, sem hér er gert ráð fyrir á hárliðunarvökva og hárliðunardufti, en vörur þessar teljast nú til nr. 16 í 31. kafla tollskrárinnar (hárliðunarvökvinn) og til nr. 24 í sama kafla (duftið) og er hvort tveggja í 120 aura vörumagnstolli af kg með 200% viðauka, 90% verðtolli með 65% viðauka og 6% söluskatti. En vörur þessar eru aðeins notaðar til iðninnar og því ekki sanngjarnt að tolla þær með hinum háu tollum, sem eru á öðrum ilmvötnum, og til þess að lagfæra þetta er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir.

9. og 31. Alls staðar nema hér eru frímerki til safna talin til safnmuna (articles for collections) eða safnaramuna (collectors pieces) og eru tollfrjáls. Þar eð það er hvort tveggja, að mjög auðvelt er að koma frímerkjum undan tolli og að fyrirhöfnin við flokkun á þeim og mat svarar alls ekki til þeirra tolltekna, sem af þeim fást, er lagt til, að frímerki til safna verði tollfrjáls eins og annars staðar. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að frímerki til safna teljist eftirleiðis til safnmuna í 87. kafla.

Eins og orðalagið á XXI. flokki er nú teljast ekki aðeins listmunir og safnmunir til þessa flokks, heldur og allir munir til listasafna og opinberra safna, t. d. hillur, stólar, borð og geymsluglös. Það mun ekki hafa verið tilgangurinn, þegar tollskráin var samin, að til flokksins teldist annað en listaverk og safnmunir, og til þess að leiðrétta þetta og til þess að þessi flokkur verði í samræmi við tollskrárfrumvarp Þjóðabandalagsins og tollskrárfrumvarp rannsóknarnefndar Evróputollsambandsins í Brüssel eru ákvæðin í XXI. flokki orðuð um. Listaverk eru yfirleitt alls staðar tollfrjáls nema hér, enda erfitt að koma réttu mati á slíka hluti til tolls, t. d. ef flutt væri inn málverk eftir Rembrandt.

Nokkuð hefur verið gert að því, að láta íslenzka listamenn gera gipssteypur af hérlendum mönnum og senda síðan gipsmyndirnar út til afsteypunar úr varanlegra efni, einkum bronsi, en hér hafa ekki verið möguleikar á því að gera slíkar afsteypur. Þar eð ekki þykir sanngjarnt að heimta aðflutningsgjöld af slíkum afsteypum eftir listaverkum íslenzkra manna, meðan ekki er hægt að gera þær hér, er lagt til, að ráðuneytinu heimilist að fella niður tolla af slíkum afsteypum. Ætlazt er þó til, að einungis verði felld niður aðflutningsgjöld af 1. afsteypu og ef til vill fleirum svo lengi sem ekki er um að ræða margar afsteypur, sem geta orðið markaðsvara.

10. og 29. Menntamálaráðuneytið hefur lagt til við ráðuneytið, að greitt verði fyrir „hagnýtingu íslenzks höfundaréttar“ með því, (1) að ekki verði hærri aðflutningsgjöld af tónverkum en af bókum og (2) að aðflutningsgjöld af hljómplötum með íslenzkum tónverkum verði felld niður. Sjálfsagt þykir að verða við þessum tilmælum og er því vegna fyrra atriðisins 10. liður frumvarpsins tekinn upp í það, en eftir lögfestingu hans koma nótnabækur og nótnablöð með texta í nr. 1—3 í 45.

kafla eins og bækur, en vegna síðara atriðisins er gert ráð fyrir, að við nr. 12 í 79. kafla bætist athugasemdin, sem tekin er upp í 29. lið frumvarpsins.

11., 12. og 13. Netagerðir hafa flutt inn óspunninn nylonþráð, spunnið úr honum netagarn og síðan hnýtt úr því net. Þá hefur verið flutt inn vörpugarn og annað netagarn úr nylon til netagerðar og netabætinga. Farið er fram á lækkun á aðflutningsgjöldunum af nylonþræðinum og neta- og vörpugarninu til samræmis við tollana á öðru vefjarefni og garni til netagerðar. Í því sambandi er m. a. bent á það, að af netum úr nylongarni eru miklu lægri tollar en af garninu í þau. Óspunninn nylonþráður telst til nr. 1 í 46. kafla B tollskrárinnar með 7 aura vörumagnstolli af kg og 8% verðtolli, og nylonnetagarn telst til nr. 5 í sama kafla með 20 aura vörumagnstolli af kg og 15% verðtolli, en af vörpum, nótum og öðrum fiskinetum úr nylon, sem teljast til nr. 19 í 50. kafla, er aðeins 2 aura vörumagnstollur af kg og 2% verðtollur. Til þess að bæta úr þessu misræmi eru bornar fram tillögur þær þrjár, sem hér um ræðir. Til þess að veita netagerðunum einhverja vernd er hafður nokkru hærri verðtollur af nylongarninu og nylonnetunum en af nylonþræðinum óspunnum. Auk þess er ekki óeðlilegt, að nokkru hærri tollur sé á garninu og netunum úr nylon en af sams konar vörum úr hampi, hör og baðmull.

14. Allur sá aðfluttur vefnaður, sem hingað til hefur verið innfluttur sem pressudúkur, hefur komið undir skýrgreininguna á segldúki og verið tollaður sem slíkur eftir nr. 15 í 48. kafla tollskrárinnar, enda hefði verið ósanngjarnt að tolla pressudúk með hinum háu tollum eftir 50. kafla 42 og ekki sízt vegna hinna lágu tolla á pressunum sjálfum, sem teljast til 72. kafla 42. Af þessu má vera ljóst, að nr. 42 í 50. kafla er aðeins til að villa, og er því lagt til, að það tollskrárnúmer verði fellt niður.

15. Til nr. 12 í 71. kafla teljast olíulampar, olíuljósker, gasljósatæki og hlutar til þeirra, einnig þótt þau séu úr öðrum efnum en ódýrum málmum, ót. a. Af hlutum til olíu- og gasljósatækja teljast aðeins lampaglösin og ljóskeraglösin til nr. 22. í 60. kafla, en aðrir lampahlutar, þó úr gleri séu, teljast hins vegar til nr. 12 í 71. kafla. Að taka þannig lampaglösin og ljóskeraglösin undan og telja þau til 60. kafla, skapar aðeins örðugleika fyrir tollskoðunina og er því lagt til, að nr. 22 í 60. kafla verði fellt niður, en við það koma lampaglösin og ljóskeraglösin, eins og aðrir lampa- og ljóskerahlutar, undir nr. 12 í 71. kafla.

16. Notkun léttmálmanna alúmínims og magnesíms og legeringa þessara málma fer stöðugt í vöxt, og er þessi vaxandi notkun þeirra mikið á kostnað járns og stáls. Komið hafa því fram beiðnir um það, að lækkaður sé tollur á ýmsum vörum úr léttmálmunum í samræmi við tolla þá, sem eru á samsvarandi vörum úr járni og stáli, t. d. á mjólkurbrúsum. Með því að gera ráð fyrir, að við hina stöðugt vaxandi notkun léttmálmanna og við uppfinningu nýrra málmlegeringa berist stöðugt nýjar beiðnir um lækkanir á tollum á vörum úr þessum málmum í samræmi við tollana eftir 63. kafla, sem af málmköflunum er lagmest sundurliðaður, og til þess að ekki þurfi stöðugt að vera að breyta tollskránni að þessu leyti, er hér lagt til, að ráðuneytinu heimilist að ákveða, að tolla þá, sem greiða ber af vörum úr járni og stáli, megi einnig greiða af vörum úr öðrum ódýrum málmum.

17. Frá því að tollskráin öðlaðist gildi, hefur það stöðugt valdið örðugleikum að flokka efni í brýr og bryggjur úr járni og stáli til tolls, en mannvirki þessi hafa jafnan verið send hingað „komplet“ og hafa sendingar þessar því samanstaðið af alls konar varningi, sem talizt hefur til ýmissa tollskrárnúmera, en þar eð mannvirkin hafa verið boðin út í einu lagi, hefur verðið á vörureikningnum verið tilgreint í einu lagi og því verið ósundurliðað eftir vörutegundum, og hafa því mannvirki þessi, vegna reglunnar í 5. gr. tollskrárlaganna, átt að koma í 7 aura vörumagnstoll og 30% verðtoll. Þetta hefur þó þótt óeðlilega hár tollur og því verið leyft að meta hina ýmsu hluti til tolls, en jafnan hafa verið örðugleikar á slíku mati og mikill ágreiningur risið út af því. Til þess að bæta úr þessu er það lagt til eftir erlendri fyrirmynd, að nýtt númer verði tekið upp í 63. kafla og að til þess teljist bryggjur,

brýr, hús og önnur mannvirki úr járni og stáli og hlutar til þeirra, ót. a., en tollarnir, sem lagt er til, að verði á þessum innflutningi, munu vera meðaltalstollar, sem orðið hefur á efninu eftir að sundurliðun hefur komið fram við matið á hinum einstöku varningstegundum, og þessi tollur er sá sami og ætlazt er til, að verði á áþekkum vörum í 72. kafla 27.

18. Fiskkörfur úr strái og öðrum fléttiefnum teljast til nr. 5 í 42. kafla tollskrárinnar með 2 aura vörumagnstolli og 8% verðtolli. Í stað strákarfanna undir fisk hafa undanfarið flutzt hingað fiskkörfur úr galvanhúðuðu járni, en þær teljast nú til nr. 104 í 63. kafla með 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli. Þar eð ekki þykir sanngjarnt, að fiskkörfur úr galvanhúðuðu járni, sem eru bæði endingarbetri og hagkvæmari í notkun en strákörfurnar, séu í miklu hærri tolli en strákörfurnar, er hér lagt til, að körfur úr galvanhúðuðu járni tollist á sama hátt og strákörfurnar. Þá hefur verið farið fram á, að körfur undir mjólkurflöskur tollist á sama hátt, og er hér orðið við þeirri beiðni.

19. Inn hafa verið fluttar skálar, sem eru mótaðar úr heilum járnplötum og eru að öðru leyti óunnar. Skálar þessar hafa svo verið soðnar hér tvær og tvær saman, þær fægðar og síðan enn soðnar saman við hér tilbúin eldhúsborð, sem eru gerð hér úr ryðfríu stáli. Farið hefur verið fram á, að lækkaður sé verulega tollur á hinum mótuðu skálum til vaska- og eldhúsborðagerðar, og þar eð ekki þykir sanngjarnt, að á þeim sé sami tollur og af fullunnum vöskum, er hér lagt til, að heimilt sé að færa verðtollinn af þeim niður um helming.

20. Í tollskránni er hvergi talað um dráttarbrautir og hluta til þeirra. Hefur þetta valdið svipuðum örðugleikum og tollun sú á brúm og bryggjum, sem um getur undir 17 hér að framan. Til þess að bæta úr þessu eru dráttarbrautirnar teknar upp í nr. 27 í 72. kafla, en í tollskrám þeim, sem sniðnar eru eftir tollskrárfrumvarpi Þjóðabandalagsins, eins og okkar tollskrá er í aðalatriðum, teljast dráttarbrautir til tollskrárnúmera, en svara til nr. 27 í 72. kafla. Þá er nr. 27 orðað um og fært til samræmis við tollskrárfrumvarp Þjóðabandalagsins, verzlunarskýrslurnar og þau tæki, sem í framkvæmdinni hafa verið flokkuð í þetta númer, en í þetta tollskrárnúmer hafa verið flokkaðar ámokstursvélar, dúnkraftar, gálgar (kranar, lyftivindur), götuvaltarar (götuþjapparar), jarðýtur, loftborar, loftpressur, mokstursvélar, mulningsvélar (grjótkvarnir, steinmulningsvélar), skurðgröfur fyrir síma- og rafmagnsstrengi, steinsteypuhrærivélar, tjörudreifarar og vélskóflur. Sanngjarnt þykir, að vörumagnstollurinn verði 2 aurar af kg, en ekki 7 aurar, enda er hér yfirleitt um þungavarning að ræða og mjög undan 7 aura vörumagnstollinum kvartað.

21 og 24. Í þeim erlendu tollskrám, sem eru sniðnar eftir tollskrárfrumvarpi Þjóðabandalagsins, eru mörkin milli 72. og 73. kafla þau, að til 73. kafla teljast ekki aðrar vélar og tæki en þau, sem eru beinlínis talin þar upp, en aðrar vélar og tæki teljast til 72. kafla. Við samningu tollskrárinnar hefur þess ekki verið gætt, að hafa nógu glögg mörk milli þessara kafla. Það, sem ruglingi veldur, eru númerin 46—54 í 73. kafla. Vélar, sem þar eru taldar, geta líka talizt til 72. kafla, t. d. mætti spyrja, hvaða ástæða sé til að láta slípi- eða fágunarvélar og málmhúðunartæki teljast til 73. kafla 47 og 52 með 15% verðtolli, en láta aðrar blikk- og járnsmíðavélar og aðrar slíkar vélar teljast til nr. 50 eða 63 í 72. kafla með aðeins 8% verðtolli. Og ekki verða mörkin dregin eftir því, hvort vélarnar gangi fyrir rafmagni eða ekki, t. d. eru prentvélar taldar upp í nr. 50 í 72. kafla, en á seinni árum munu ekki hafa verið fluttar inn aðrar en rafknúnar prentvélar. Til þess að bæta úr þessu og til þess að mörkin milli umræddra tveggja tollskrárkafla verði glögg og ótvíræð, er lagt til í 24. lið frumvarpsins, að nr. 46—54 í 73. kafla verði felld niður. Þá er lagt til, að verðtollurinn eftir nr. 64 í 72. kafla verði lækkaður úr 30% í 15%, en farið hefur verið fram á þá breytingu af hálfu iðnaðarins, því að til þess númers hafa verið taldar ýmsar hjálparvélar í iðnaðinum, t. d. flöskuhreinsunarvélar, miðaálímingarvélar og pylsugerðarvélar. Í fyrsta lagi vegna þessarar beiðni, í öðru lagi vegna þess, að við niðurfellinguna á nr. 46—54 í 73. kafla koma ýmsar vélar, sem nú teljast til þessara númera

73. kafla, undir nr. 64 í 72. kafla og í þriðja lagi vegna þess, að engin sanngirni er í því, að tolla vélar ótaldar annars staðar með 30% verðtolli, þegar smíðatól og önnur handverkfæri úr járni og stáli ótalin annars staðar eru tolluð eftir 63. kafla 80 með aðeins 15% verðtolli, er lagt til í 21. lið frumvarpsins, að verðtollurinn eftir nr. 64 í 72. kafla verði lækkaður úr 30% í 15%.

22. Rétt þykir, að rafmagnsbúnaður í flugvélar komi í sömu tollskrárnúmer og rafmagnsbúnaður í önnur farartæki. Fyrirsögnin að nr. 13—16 í 73. kafla er því orðuð um.

23. Eins og orðalagið er nú á fyrirsögninni að nr. 37—45 í 73. kafla, „Búsáhöld og hlutar til þeirra", mætti ætla, að til þessara númera ættu aðeins að teljast hin smærri rafmagnstæki, sem ætluð eru til notkunar á heimilum, en ekki hin stærri tæki, sem notuð eru í veitingahúsum, verzlunum og í iðnaðinum. En ekki þykir sanngjarnt, að hin stærri tæki komi í hærri tolla en hin smærri, en það gera þau, ef orðið búsáhöld er tekið bókstaflega, t. d. þvottavélar til þvottahúsa til nr. 54 í 73. kafla og eftir niðurfellinguna á því númeri til nr. 64 í 72. kafla með 7 aura vörumagnstolli og 15% verðtolli, en ekki í 2 aura vörumagnstoll og 8% verðtoll, eins og tollarnir eru nú eftir nr. 40 í 73. kafla tollskrárinnar. Til þess að taka af allan vafa í þessu efni er fyrirsögninni að nr. 37—45 breytt þannig, að ekki að eins hin smærri tæki til heimilisnotkunar geti talizt til þessara númera, heldur og hin stærri til annarrar notkunar.

25. Fallhlífar teljast nú til nr. 43 í 52. kafla tollskrárinnar með 20 aura vörumagnstoll af kg og 50% verðtolli, hvort tveggja með viðaukum. Er þetta óeðlilega hár tollur á þessari vöru, og er því lagt til, að þessu verði breytt og fallhlífar verði tollfrjálsar eins og flugvélar.

26. Ljóskastarar hafa aðallega verið fluttir inn til báta og skipa og til flugstarfseminnar, en vegna þessarar aðalnotkunar þeirra er 30% verðtollur of hár tollur á þeim og ekki í samræmi við tollana á sams konar varningi í nr. 15 og 16 í 73. kafla tollskrárinnar. Lagt er því til, að nr. 12 í 77. kafla verði fellt niður, en eftir það teljast ljóskastarar til skipa og annarra farartækja til nr. 16 í 73. kafla tollskrárinnar, en aðrir ljóskastarar til 73 kafla 88.

27. Bryggjuvogir eru stór og dýr tæki og hliðstæð löndunartækjum, sem ýmist teljast til nr. 48 eða 35 í 72. kafla tollskrárinnar með 8% verðtolli, en nú teljast þessar vogir til nr. 32 í 77. kafla með 30% verðtolli. Þar eð ekki þykir sanngjarnt að hafa þessar vogir í svo háum tolli, er lagt til, að verðtollurinn á þeim verði lækkaður úr 30% í 8%. Með því að númer vantar í 77. kafla fyrir centimalvogir og sundurliðun á vogum í þeim kafla er alltof margbrotin, er nr. 29—32 í þeim kafla orðuð um og gerð einfaldari.

28. Oft er farið fram á eftirgjöf á tollum af orgelum til kirkna. Sanngjarnt þykir, að ráðuneytinu heimilist að gefa eftir verðtoll af orgelum til kirkna, ef sérstaklega stendur á, enda munu kirkjur ekki hafa verið hafðar í huga, er verðtollurinn af orgelum var ákveðinn.

29. Farið er fram á niðurfellingu á aðflutningsgjöldum af hljómplötum með íslenzkum tónverkum til styrktar innlendri tónlistarstarfsemi, og til þess að verða við þessari beiðni, er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir.

30. Notkun tilbúinna mótanlegra efna (plasts) fer stöðugt í vöxt og er það mest notað í vörur, sem áður voru gerðar úr kátsjúki, trjávið, steinkenndum efnum, gleri og málmum. Hafa komið fram beiðnir um lækkun á tollum á ýmsum vörum úr plasti, t. d. veggflísum, til samræmis við tollana á sams konar vörum úr öðrum efnum. Þar eð hér er eins ástatt og um tillögu nr. 16, er hér lagt til, að ráðuneytinu heimilist að ákveða að tolla þá, sem ber að greiða af vörum úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, megi einnig greiða af vörum úr plasti.

Um 2. gr.

m. Tilsniðnir votheysturnar úr timbri teljast til nr. 31 í 40. kafla tollskrárinnar með 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli, eins og tilsniðnar heyhlöður og önnur mannvirki úr timbri. Nokkrir votheysturnar hafa verið fluttir inn til reynslu og er farið fram á, að af þeim megi greiða sömu aðflutningsgjöld og af vélum til landbúnaðar, sem teljast til nr. 10—21 í 72. kafla tollskrárinnar með 2 aura vörumagnstolli og 2% verðtolli. Með því að notkun heygeymslna þessara er enn á tilraunastigi og almennt er ekki farið að smíða þær hér, er lagt til, að ráðuneytinu heimilist að láta tolla votheysturnana með hinum lágu tollum eftir nr. 10—21 í 72. kafla tollskrárinnar. Lagt er til, að sama verði látið gilda um vélaútbúnað til að steypa votheysturna, en slíkur útbúnaður hefur verið talinn til nr. 28 í 72. kafla tollskrárinnar.

n. Lagt er til, að tolla megi jeep-bifreiðar og almenningsvagna með hinum lægri tollum, sem eru á vöruflutningabifreiðum, í stað hinna hærri tolla, sem greiða ber eftir nr. 1 og 5 í 75. kafla tollskrárinnar.

o., p., q. og r. Hér eru lögfest tollfrelsisákvæði nokkurra milliríkjasamninga, sem gerðir hafa verið undanfarið.

s. Fyrir hver jól hafa verið sendir hingað gjafabögglar til sjómannastofunnar, til dreifingar meðal erlendra sjómanna, sem hafa verið hér yfir jólin. Er ekki viðurkvæmilegt að heimta aðflutningsgjöld af slíkum gjafabögglum og öðrum slíkum sendingum, og er því lagt til, að ráðuneytinu heimilist að gefa eftir aðflutningsgjöld af slíkum sendingum. Sams konar heimildarákvæði eru í tolllögum nágrannaríkjanna og er ákvæðið í s-lið sniðið eftir þeim.

t. Haldnar hafa verið hér norrænar heimilisiðnaðarsýningar, iðnsýningar og fleiri þess háttar sýningar, og hafa aðflutningsgjöld verið greidd af þeim munum, sem hafa orðið hér eftir, en verið endurgreidd af hinum, sem hafa farið út aftur. Vegna reglunnar í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit, þykir þó rétt að lögfesta þessa afgreiðsluaðferð, og er því borin fram tillaga sú, sem felst í fyrri hluta t-liðs. Þá þykir rétt að heimila endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu.

Um 3. gr.

Lagt er til, að sama gildi um viðgerðir á flugvélum erlendis og það, sem nú gildir að þessu leyti um báta og skip.

Nd. 169. Frumvarp til laga [84. mál]

um skipamælingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfirstjórn þess ráðherra, er siglingamál lúta.

2. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn eftir þörfum til þess að vinna störf lögum þessum samkvæmt. Skilyrði til löggildingar eru þessi:

1. Óflekkað mannorð.
2. Lögræði.
3. Fjárforræði.
4. Þekking á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og nauðsynleg leikni í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum skipaskoðunarstjóra.

Áður en skipamælingamaður tekur til starfa, skal hann rita undir heit, þar sem hann leggur við drengskap sinn og heiður, að hann skuli rækja starfann með trúmennsku og samvizkusemi.

3. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, enda sé í hverju umdæmi kostur eins eða fleiri löggiltra skipamælingamanna. Skipaskoðunarstjóra er þó rétt að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

4. gr.

Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er eða skrá skal hér á landi.

Skip skal mæla samkvæmt „Alþjóðareglum um mælingar skipa“ („International Regulations for Tonnage Measurement of Ships“), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi undirrituðum í Osló 10. júní 1947.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Reikna skal gjöld öll af skipum, sem miðuð eru við nettórúmlestatal, samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 4. gr.

6. gr.

Nú er skip byggt á landi hér, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipaskoðunarstjóra) skriflega tilkynningu um skipasmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, er skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er útgefið.

7. gr.

Nú er skipi breytt þannig, að rúmlestatal breytist, og er þá skylt að tilkynna það samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram, að því leyti sem hún er nauðsynleg til ákvörðunar rúmlestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, ef breyting hefur orðið á rúmlestatali.

Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út.

8. gr.

Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma, og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 6. gr. Skal þá mæla skip af nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatals þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breytzt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu.

9. gr.

Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla skip af nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipi, er máli skipti um rúmlestatal þess eða greinargerð í mælibréfi varðandi það.

10. gr.

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip af nýju, nema skipaskoðunarstjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, síðan það var mælt og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal mæling þá fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

12. gr.

Nú er skip smíðað hér, eða því er breytt, fyrir erlendan aðilja, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir beiðni hlutaðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum.

Skip erlendra aðilja skal eigi mæla, er þau koma hingað, ef þau eru úr ríki, sem bundið er við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 og mæld hafa verið samkvæmt Genfarsamþykkt 30. júní 1939. Sama er um skip úr öðru ríki, ef Ísland er samningi bundið um viðurkenningu mælibréfa, sem þar hafa verið gefin út. En rétt er þó að líta eftir því, skipi að kostnaðarlausu, að nettórúmlestatal það, sem merkt er á skip, svari til þeirrar nettórúmlestatölu, sem mælibréf greinir, og að skipi hafi ekki verið breytt svo að máli skipti í þessu sambandi, eftir útgáfu mælibréfs. Nú verður það leitt í ljós, að öðruvísi er háttað að þessu leyti en í mælibréfi segir, og skal þá tafarlaust skýra skipamælingayfirvöldum þess ríkis frá því.

13. gr.

Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirvöldum þess ríkis eftirrit af mælibréfi, ef það ríki er bundið við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 eða samningar standa annars til þess, ásamt mælingarskýrslum.

14. gr.

Nú er skip smíðað fyrir íslenzkan aðilja, eða því er breytt erlendis, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér og gefa síðan út mælibréf. Ef það ríki, sem hlut á að máli, er aðili að Oslóarsamningnum 10. júní 1947, þá skal þegar gefa út mælibréf handa skipinu, nema sérstök þörf hafi verið til þess að mæla það upp, enda skal því þá að henni lokinni gefið mælibréf.

15. gr.

Skip, sem mæld hafa verið samkvæmt reglum Genfarsamþykktar 30. júní 1939, sbr. Oslóarsamninginn 10. júní 1947, skulu fá svonefnt „alþjóðlegt mælibréf samkvæmt Oslóarsamningi 10. júní 1947“ („International Tonnage Certificate in accordance with Convention of June tenth 1947“), og skal gefa þau út bæði á íslenzku og ensku.

Sama rétt sem alþjóðlegt mælibréf veitir mælibréf, sem grundvallað er á hinni svonefndu „ensku aðferð“, og gefið er út í því landi, sem skip á heima í, áður en Oslóarsamningurinn kom til framkvæmdar.

Gerð og efni mælibréfa skal vera samkvæmt fyrirmynd, sem fylgir Oslóarsamningnum, 5. gr. hans.

16. gr.

Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingamönnum og létta þeim starf þeirra og ryðja úr vegi öllu, er tálma kann því, eftir föngum.

17. gr.

Gjöld í ríkissjóð fyrir allar mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips og skipstjóri, ef hann skal beiðast mælingar. Ráðherra setur eftir tillögum skipaskoðunarstjóra gjaldskrá

um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem hafnsögumannskaup.

18. gr.

Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem þeim á hendur eru mæltar í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1949.

Frá sama tíma er úr lögum numin tilskipun 25. júní 1869, um skipamælingar, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Skip, sem mæld hafa verið áður en lög þessi gengu í gildi eftir hinni svonefndu „ensku aðferð", þarf eigi að mæla af nýju, að öllu óbreyttu, er máli skiptir um rúmlestatal þeirra, og fá skulu þau alþjóða mælibréf, sbr. 15. gr. Önnur skip þarf að mæla upp, og gefa síðan þeim til handa alþjóðlegt mælibréf.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða stjórnarfrumvarpi, er lá fyrir síðasta þingi, en varð ekki útrætt.

Hinn 30. júní 1939 varð samkomulag í Genf um reglur um mælingu skipa. Og 10. júní 1947 var samningur undirritaður í Osló um það, að ríki þau, sem aðiljar eru eða verða að honum, skuli mæla skip sín eftir fyrirmælum Genfarsamkomulagsins. Undir Oslóarsamninginn rituðu fulltrúar frá Norðurlöndum, Frakklandi, Hollandi og Belgíu. Auk þess geta fleiri ríki gerzt aðiljar. Þau ríki, sem við samning þenna verða bundin, verða að færa löggjöf sína um skipamælingar til samræmis áðurnefndum samningi. Ákvæði um skipamælingar hér á landi eru nú í tilsk. 25. júní 1869, sem því þarf nú að breyta. Frumvarp þetta er í þessu skyni flutt. Auk ákvæða Oslóarsamningsins og tilsk. 29. júní 1869 hafa lög Norðmanna um skipamælingar frá 8. júní 1928 verið höfð til hliðsjónar við samningu frumvarps þessa.

Um 1.—3. gr.

Skipaskoðunarstjóri annast nú eða lætur annast mælingar skipa, og er einsætt að halda þeirri skipun. Landinu er nú skipt í lögbundin skipaskoðunarumdæmi, samkvæmt 10. gr. laga nr. 68/1947, en hallkvæmara virðist að fela ráðherra með atbeina skipaskoðunarstjóra skiptingu landsins í skipamælingaumdæmi, með því að reynsla kann að sýna það, að breytinga þurfi á þeirri skiptingu, sem upphaflega er gerð, og sýnist þá óþarft að leita þurfi hverju sinni til löggjafarvaldsins um slíkar breytingar.

Um 4. gr.

Mælingarskyldan tekur til allra skoðunarskyldra fljótandi fara samkvæmt 2. gr. laga nr. 68/1947, er hér er skráð eða hér skal skrá. Og er svo mælt samkvæmt tillögum skipaskoðunarstjóra. Í tilsk. 25. júní 1869, 1. gr. 1. tölul., eru herskip og stjórnarskip, innlend og erlend, er eigi annast farmflutninga, undan mælingu þegin. Hér er lagt til, að ráðherra geti undanþegið skip skyldunni, ef sérstaklega stendur á. Og mundi það verða gert um erlend skip, er hingað koma, þar sem samningar standa til eða milliríkjavenjur. Og ráðherra getur mælt íslenzk stjórnarskip undan mælingarskyldu, eftir því sem við þykir eiga.

Um 5. gr.

Þykir eigi þurfa að skýra.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er, að viðkomandi mælingamanni sé skýrt frá skipasmíð svo tímanlega, að hann geti mælt það neðan þilja, meðan hægast er að framkvæma mælingu. Sbr. annars 11. gr. tilsk. 25. júní 1869.

Um 7.—9. gr.

Breytingar á skipi, er hafa í för með sér eða kunna að hafa í för með sér breytingar á rúmlestatali þess, er og nauðsynlegt að tilkynna, svo að mæling geti farið fram. Ef breytt er um nafn á skipi, þarf og að ganga úr skugga um það, hvort því hefur jafnframt verið breytt að rúmmáli eða ekki, og þá mæla það upp, ef efni standa til.

Um 10. gr.

Stundum ber það við, að menn krefjast uppmælingar á skipi alveg að ástæðulausu, og virðist þá rétt að heimila skipaskoðunarstjóra að synja kröfu þar um.

Um 11. gr.

Ef skipaskoðunarstjóri hefur vissu eða grun um, að mæling sé röng eða breytingar hafi verið gerðar á skipi, án þess að til þeirra hafi verið sagt, þá er einsætt, að hann getur látið mæla skip upp. Ef breytingar, sem máli skipta, hafa engar verið gerðar, þá er sannlegt, að ný mæling komi eiganda eigi að gjaldi. Sbr. 2. málsgr. 17. gr. tilsk. 25. júní 1869.

Um 12. gr.

1. málsgr. tekur til skipa, sem byggð eru eða breytt er hér fyrir erlendan aðilja, og má þá auðvitað mæla það hér, enda nauðsynlegt vegna afgreiðslu þess héðan og ákvörðun hafnargjalda o. s. frv.

Í 2. málsgr. segir um erlend skip, er hingað koma. Þau þarf eigi að mæla, ef þau hafa mælibréf samkvæmt Oslóarsamningnum eða ef Ísland er annars samningum bundið um viðurkenningu mælibréfa heimaríkis skips. Sbr. og 15. gr. frv., 2. málsgr. En samkvæmt Oslóarsamningnum er þó rétt að ganga úr skugga um það, að rúmlestatal það, sem merkt er á skip, svari til rúmlestatölu þess samkvæmt mælibréfi, og að skipi hafi eigi síðar verið breytt.

Um 13. gr.

Hún tekur til íslenzkra skipa, sem verða eign erlendra aðilja, og er íslenzkum mælingayfirvöldum þá gert skylt að senda samsvarandi yfirvöldum erlendis, þar sem Oslóarsamningurinn eða aðrir samningar standa til, eftirrit af mælibréfi með greinargerð um mælinguna sjálfa.

Um 14. gr.

Hér segir um erlent skip, sem verður eign íslenzks aðilja, og íslenzk skip, sem breytt er erlendis. Aðalreglan er þá sú, að skip verður hér mælt eða mælt upp. En undantekningar eru frá henni, ef skip er frá ríki, sem við Oslóarsamninginn eða sérsamning við Ísland er bundið. Þá hefur það mælibréf, sem hér er viðurkennt, og þá verður hér mælibréf út gefið samkvæmt því, nema einhver sérstök ástæða þyki til uppmælingar.

Um 15. gr.

Í viðbót við Oslóarsamninginn er fyrirmynd mælibréfs, og er öllum aðiljum hans skylt að hafa enska texta mælibréfs eftir þeim viðbæti. Mælibréf gefið út, er mæling var gerð eftir ensku aðferðinni, áður en Oslóarsamningurinn kemur til framkvæmdar, veitir samkvæmt honum sama rétt og alþjóðamælibréf eftir þeim samningi, enda þarf eigi að mæla þau skip, er eftir ensku aðferðinni hafa þá verið mæld, aftur, sbr. 19. gr. 2. mgr. frv.

Um 16.—19. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Sþ. 170. Þingsályktun [7. mál]

um ábyrgð ríkissjóðs á láni handa Flateyjarhreppi til þess að fullgera hraðfrystihús og fiskiðjuver í Flatey á Breiðafirði.

(Afgreidd frá Sþ. 4. jan.).

Samhljóða þskj. 8.

Sþ. 171. Skýrsla

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A. Skýrsla um tekjur og gjöld frá 1. jan. 1947 til 31. des. 1948.

Tekjur:

1.	**Eign 1. jan. 1947:**			
	a. Veðskuldabréf	kr.	12 600.00	
	b. Ríkisskuldabréf	—	6 000.00	
	c. Bankainnstæða	—	3 316.23	
				kr. 21 916.23
2.	**Vextir:**			
	a. Af veðskuldabréfum	kr.	1 260.00	
	b. — ríkisskuldabréfum	—	600.00	
	c. — sparisjóðsinnstæðu	—	214.47	
				— 2 074.47
				Kr. 23 990.70

Gjöld:

1.	Greiddur auglýsingakostnaður			kr. 88.00
2.	**Eign í árslok 1948:**			
	a. Veðskuldabréf	kr.	12 600.00	
	b. Ríkisskuldabréf	—	6 000.00	
	c. Sparisjóðsinnstæða	—	5 302.70	
				— 23 902.70
				Kr. 23 990.70

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. jan. 1949.

F. h. r.
Friðg. Bjarnarson.

B. Skýrsla frá verðlaunanefnd.

Hinn 2. marz 1948 gaf nefnd sú, er kosin var á Alþingi 18. febrúar það ár til þess að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar, út auglýsingu um það, að þeir, sem til verðlauna hygðu, skyldu gefa sig fram við nefndina fyrir lok ársins. Enginn gaf sig fram, og verður því upphæð sú, er að þessu sinni mátti verja til verðlauna úr sjóðnum, væntanlega lögð við höfuðstólinn.

Reykjavík, 14. maí 1949.

Þorkell Jóhannesson. Matthías Þórðarson. Þórður Eyjólfsson.

Nd. 172. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson og Pétur Ottesen.

1. gr.

Í stað orðanna „til grenjavinnslu“ í 2. málsl. 4. gr. laganna kemur: til vinnslu grenja og minkabæla.

2. gr.

Orðin „og sömu upphæð fyrir hvern mink“ í 8. gr. laganna falla niður.

3. gr.

Í stað 11. gr. laganna koma sex nýjar greinar, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (11. gr.) Frá 1. janúar 1951 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma. Ríkissjóður greiðir eigendum minkabúa bætur fyrir tjón, er af banni þessu leiðir, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

b. (12. gr.) Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til útrýmingar villiminka.

c. (13. gr.) Skylt er hreppsnefndum á þeim svæðum, þar sem vart hefur orðið villiminka, að gera skýrslur um útbreiðslu þeirra og dvalarstaði, eftir því sem unnt er. Sama skylda til skýrslugerðar hvílir á bæjarstjórnum. Skýrslur þessar skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni, bæjarfógeta og í Reykjavík lögreglustjóra.

d. (14. gr.) Sýslumaður, bæjarfógeti eða í Reykjavík lögreglustjóri ákveða, hver í sínu lögsagnarumdæmi, að fram fari að minnsta kosti tvisvar á ári, að vetrar- og vorlagi, allsherjar útrýming á þeim svæðum, þar sem villiminka hefur orðið vart.

Sýslumaður, bæjarfógeti eða lögreglustjóri ákveða hverju sinni, hvenær útrýming skuli fara fram.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn sjá um framkvæmd útrýmingarinnar eftir fyrirlagi sýslumanns, bæjarfógeta eða lögreglustjóra.

Nú verður vart villiminka, eftir að allsherjar útrýming fór fram, og er hreppsnefnd eða bæjarstjórn þá skylt að sjá um, að þeir menn, sem til þess hafa verið ráðnir, vinni að útrýmingu dýranna.

e. (15. gr.) Nú vinna menn villiminka, án þess að þeir hafi verið ráðnir til þess, og skulu þeir þá fá verðlaun úr ríkissjóði, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, og hefur oddviti eða bæjarstjóri og í Reykjavík bæjargjaldkeri á hendi greiðslu verðlaunanna.

f. (16. gr.) Skylt er mönnum að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um útrýmingu villiminka, enda fái þeir greiðslu úr ríkissjóði fyrir starfa sinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur. Auk þeirrar greiðslu, er hér um ræðir, skulu menn þessir, þegar þeir vinna að útrýmingu á vegum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, fá hálf verðlaun samkvæmt ákvæðum 15. gr. fyrir hvert dýr, sem þeir vinna.

g. Fyrirsögn III. kafla laganna verði: Útrýming minka.

4. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist:

Bæjarstjórnir skulu fá kostnað við eyðingu villiminka endurgreiddan úr ríkissjóði að ⅔ hlutum.

Greinargerð.

Með hverju ári sem líður kemur það enn betur í ljós, hver hætta er á sívaxandi tjóni af völdum minksins. Það er sjáanlegt, að verði ekki hið allra bráðasta hafizt handa um algera útrýmingu villiminksins, þá muni hann innan skamms að kalla eyðileggja æðarvarp hér á landi auk alls annars fuglalífs. Enn fremur mun hann eyðileggja nytjafisk í ám og vötnum, og gætir þess nú þegar á nokkrum stöðum, þar sem hann hefur hafzt við nokkur síðustu árin.

Í stöðuvötnum heldur minkurinn sig helzt á hrygningarstöðvunum. Sú er t. d. reynslan við Laugarvatn og Apavatn í Árnessýslu. Silungsveiði er að kalla horfin í Laugarvatni og hefur stórminkað á síðustu árum í Apavatni. En við bæði þessi vötn hefur minkurinn hafzt við nú um nokkurt skeið. Er ljóst, hvert stefnir í þessu máli, ef ekki verða gerðar róttækar ráðstafanir til útrýmingar þessu skaðsemdar dýri.

Náttúrufræðingarnir Finnur Guðmundsson og Sigurður Þórarinsson hafa báðir opinberlega látið í ljós álit sitt á, hvers vænta megi af völdum villiminksins fyrir fuglalífið í landinu, verði ekki hafizt handa um útrýmingu dýrsins. Ekki mun hægt að telja, að þessir menn hafi ekki þekkingu til þess að geta um það borið, hvers vænta megi af völdum þessa dýrs, ef það heldur áfram að auka hér kyn sitt, eða að dómar þeirra séu vilhallir.

Í dagblaðinu Vísi birtist 23. sept. f. á. viðtal við dr. Finn Guðmundsson um villiminkinn. Leyfa flutningsmenn frv. sér að prenta hér það, sem dr. Finnur Guðmundsson segir:

„Tíðindamaður blaðsins [þ. e. Vísis] hefur átt tal við dr. Finn Guðmundsson um fuglalíf hér á landi og áhrif útbreiðslu villiminksins á það. Fórust honum m. a. orð á þessa leið:

„Eins og kunnugt er, er nú villiminkur um allt Suðvesturland, allt frá Markarfljóti og vestur í Dali og um suðureyjar á Breiðafirði. Enn fremur mun hann vera kominn á heiðarnar upp af Borgarfirði, og má telja víst, að hann muni leggja undir sig alla Húnavatnssýslu og innanverða Strandasýslu. Auk þess mun hafa orðið vart við villiminka við Eyjafjörð og dauður minkur hefur fundizt við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. ....

Á ferðum mínum um landið síðustu ár hef ég haft gott tækifæri til að fylgjast með áhrifum þeim, sem minkurinn hefur haft á fuglalífið, og hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að fuglalífi hefur hnignað stórkostlega á útbreiðslusvæði minksins. — Einkum virðist öndum og vaðfuglum hafa fækkað áberandi, en þó er langt frá því, að aðrir fuglar séu óhultir fyrir minknum. Má í því sambandi benda á það, að frá því er minkurinn komst í Þingvallahraun, hefur músarrindillinn algerlega horfið þaðan. Það er fátt ömurlegra en að koma að vorlagi á þau svæði, sem áður voru kvik af fugli, en sjá nú ekki annað en einstaka stygga og ráðvillta fugla.“

Dr. Finnur kvaðst ráðleggja þeim, sem vildu kynnast þessu af eigin raun, að fara t. d. út í Viðey og Engey að vorlagi og sjá muninn á fuglalífinu í þeim eyjum. Í Engey er enginn minkur, en í Viðey eru sjávarbakkarnir sundurgrafnir eftir hann. Kvaðst dr. Finnur ekki vilja að þessu sinni fara út í tjón það, sem minkurinn kynni að valda á nytjafiskum í ám og vötnum, þar eð hann þekkti þá hlið málsins lítið, enda væri erfiðara að fylgjast með því, en búast mætti við, að tjón á þessu sviði ættu eftir að koma betur í ljós. Varðandi áhrif villiminksins á hænsnarækt sagði dr. Finnur, að í sumum sveitum væri ekki hægt að stunda hana nema innan rammbyggilegra girðinga og á múruðu gólfi.

„En það þýðir lítið að vera að fárast yfir þessu,“ hélt dr. Finnur Guðmundsson áfram. „Aðalatriðið er að finna leiðir til að bæta að einhverju leyti úr þessu ófremdarástandi. Það, sem ég álít, að beri að gera fyrst af öllu, er að banna tafarlaust allt minkaeldi í landinu og lóga aliminkum. Í fljótu bragði kann það að virðast dálítið einkennilegt að vilja banna minkaeldi á svæðum, þar sem allt er morandi í villiminkum. Þeir, sem eru mótfallnir því, að banna minkaeldi, halda því fram, að í

fyrsta lagi mundi aldrei vera hægt að útrýma villiminknum og þess vegna stafi engin aukin hætta af áframhaldandi minkaeldi, og í öðru lagi sé nú svo um hnútana búið, að aliminkar geti alls ekki sloppið úr haldi.

Hvað fyrra atriðið snertir er ég svo bjartsýnn, að ég tel alls ekki útilokað, að takast megi að útrýma milliminknum, og hvað síðara atriðið snertir er það augljós fjarstæða, að hægt sé að veita tryggingu fyrir því, að minkar geti ekki sloppið úr haldi. En það, sem mestu veldur um það, að ég álít, að banna eigi minkaeldi, eru skoðanir þær, sem virðast vera almennar hjá bændum á útbreiðslusvæði minksins.

Ég hef víða orðið var við áhugaleysi hjá þeim fyrir útrýmingu minksins, og virðist mega rekja það til þeirrar skoðunar, að það sé til lítils og leggja nokkuð á sig í þessu skyni, meðan minkaeldi sé leyft í landinu, og get ég vel skilið þessa afstöðu. En ég er viss um, að þetta viðhorf mundi gerbreytast hjá mörgum, ef minkaeldi væri bannað með öllu. Og eitt er víst, að villiminkum verður aldrei útrýmt hér á landi nema almenn þátttaka sé í herferðinni gegn minknum. Og ég álít, að það eigi tvímælalaust að banna allt minkaeldi, ef það er nauðsynlegt til þess að slík þátttaka fáist, jafnvel þótt örugg vissa sé ekki fyrir því, að takast muni að útrýma villiminknum með öllu.

Þetta mundi alltaf vera heiðarleg tilraun og sú mikilvægasta, sem gerð hefur verið í þessu máli hingað til. Og þessi tilraun mundi ekki vera dýru verði keypt, því að því er ég bezt veit, mun það ekki vera ýkjamikið fjármagn, sem bundið er í þeim fáu minkabúum, sem enn eru eftir í landinu. Og fyrir þjóðarbúskapinn í heild hefur minkaeldið litla þýðingu eins og sakir standa. Árið 1949 munu hafa verið 8 eða 9 minkabú hér á landi, þar voru samtals um 5000 dýr, og þar af mun rúmlega fjórðungur hafa verið fullorðin dýr. Síðan í fyrra mun aliminkum hafa fækkað töluvert, og munu þeir nú varla vera yfir 4000, þar af um 1000 fullorðnir. ....

Þegar svo minkaeldi hefur verið bannað og öllum aliminkum hefur verið lógað, þyrfti að gefa út leiðbeiningar um minkadráp og minkaeyðingu, og ætti að senda þær á hvert heimili á útbreiðslusvæði minksins, og ef einhver sérstök tæki reyndust nauðsynleg til veiðanna, ætti að sjá svo um, að þau væru ávallt fáanleg í öllum verzlunum á svæðinu. ....

Ég er ekki viss um, að menn geri sér almennt ljóst, hversu mikil alvara er hér á ferðum. Ég segi alvara vegna þess, að ég býst við, að flestir séu mér sammála um, að það skipti dálitlu máli, hvort við eigum að sætta okkur við að veita minknum viðtöku, en fórna í staðinn hinu fjölbreytta fuglalífi landsins. Við skulum annars hugsa okkur Ísland án fugla. Mundi okkur þá ekki finnast eyðilegt og tómt um að litast. Ég er hræddur um, að svo mundi fara fyrir mörgum, sem ef til vill gera sér ekki fyllilega ljóst nú, hversu mikilvægur þáttur fuglarnir eru í náttúru Íslands og hversu mildandi og lífrænan blæ þeir setja á okkar kalda, hrjóstruga og skóglausa land.“ “

Dr. Sigurði Þórarinssyni farast svo orð í útvarpserindi um náttúruvernd, er hann flutti 8. nóv. s. l.:

„Í nágrannalöndum okkar er náttúruvernduninni háttað svipað og verndun fornminja hér, en lög um verndun þeirra fengum við 16. nóv. 1907. Þar eru náttúruverndarnefndir eða ráð skipuð sérfræðingum, og hefur ríkisstjórnin heimild til að friðlýsa hvers konar náttúruminjar samkvæmt tillögum frá náttúruverndarnefnd. Nefnd þessi er og höfð með í ráðum hvert sinn, sem ráðizt er í einhverjar framkvæmdir, sem geta haft í för með sér skerðingu á náttúruminjum. Hefði t. d. slík nefnd verið hér til, þegar ráðizt var í að flytja minka inn í landið, hefði komið í hennar hlut að gefa úrskurð um það, hvort hætta ætti á þetta, og hefði það svar vitanlega orðið neitandi. En minkurinn er einhver sú háskalegasta sending, sem borið hefur að ströndum þessa lands, og er nærri enn óhugnanlegra, hverjum vettlingatökum þetta minkamál hefur verið tekið, eftir að ljóst var orðið, hvílíkur vágestur minkurinn er.“

Það verður ekki vefengt, að álit náttúrufræðinganna um villiminkinn og skað-

semi hans er rétt. Það verður aldrei rækilega unnið að útrýmingu villiminka fyrr en búið er að lóga öllum aliminkum.

Til þess að útrýming villiminksins heppnist, verða menn mikið að sér að leggja, ef það á að takast. Það er ekki hægt að gera kröfu til þess, að menn leggi óhemju vinnu í slíkt verk, sem að mestu leyti verður bótalaust, ef þeir eiga á hættu að fá þetta skaðræðisdýr yfir sig úr búrunum jafnharðan aftur.

Staðhæfingar manna um það, að útbúnaður búranna sé nú orðinn svo góður, að engin hætta sé á, að dýrin sleppi út, eru einskis verðar. Reynslan bæði hér og erlendis hefur leitt í ljós hið gagnstæða. Menn eiga heimtingu á, að Alþingi geri þá ráðstöfun, sem líklegust er til, að heppnast megi að útrýma villiminknum.

Sþ. 173. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um rannsókn á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa þrjá menn í milliþinganefnd til að gera ýtarlega athugun á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna. Að lokinni þeirri athugun skal nefndin gera tillögur um:

1. Breytingar á gildandi lögum, er nauðsynlegar kunna að reynast til að tryggja konum jafnrétti við karla að lögum og í framkvæmd.
2. Ný lagaákvæði, er rétt þykir að setja til að tryggja konum sömu aðstöðu og karlmönnum til að sjá fyrir sér og sínum og njóta hæfileika sinna í starfi.

Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var borið fram frv. til laga um réttindi kvenna. Var ætlazt til, að lögfest yrði réttarstaða kvenna að því er við kemur stjórnmálum, atvinnu- og fjármálum og launamálum. Einnig, að konum yrði tryggður sami réttur og körlum til náms og menntunar, svo og innan vébanda fjölskyldulífsins.

Frv. þetta náði ekki fram að ganga í þeirri deild, sem það var borið fram í, hv. Ed., en var afgreitt þaðan með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti rannsaka, að hve miklu leyti kvenfólk nýtur ekki sömu réttinda nú og karlmenn, og að þeirri rannsókn lokinni leggi fyrir Alþingi frumvarp til laga eða breytinga á eldri lögum, eftir því sem þurfa þykir, til þess að skapa sem fullkomnast lagalegt jafnrétti milli kvenna og karla í þjóðfélaginu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Í þingsályktunartillögu þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir í framanskráðri dagskrártillögu, verði látin fram fara og gerðar tillögur í samræmi við þær niðurstöður, sem komizt verður að.

Því ber ekki að neita, að réttindamálum kvenna hefur mikið þokað í rétta átt síðustu áratugi, einkum á sviði félagsmála og að því er snertir möguleika til menntunar. Hins vegar skortir mikið á, að konur hafi í atvinnu- og launamálum fullt jafnrétti við karla. Víðast hvar eru konum greidd lægri laun en körlum fyrir vinnu sína, þótt um alveg hliðstæð störf sé að ræða. Einnig eru störf flokkuð eftir því, hvort ætlazt er til, að þau séu unnin af konum eða körlum, og þá goldið hærra fyrir þau störf, er karlar vinna. Þessi flokkun virðist víða vera af algerðu handahófi gerð, og er nú svo komið fyrir aukna tækni, þar sem vélar vinna erfiðustu störfin — og þá einkum þau, sem talin voru karlmannaverk —, að hin svokölluðu kvennastörf

gera meiri kröfur til verkhæfni heldur en störf í sömu starfsgrein unnin af karlmönnum, þótt hin síðarnefndu séu betur launuð.

Misrétti það, sem hér á sér stað, verður ekki lagað, nema málið sé vandlega athugað með tilliti til þess að ákveða, hvar löggjafarvaldið getur gripið inn í, og er ætlazt til, að tillögur þær, sem hér er gert ráð fyrir, geti orðið til úrbóta og jafnframt fyrsti undirbúningur að lausn á vandasömu máli.

Ed. 174. Frumvarp til laga [29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar sumarið 1949.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunda sumarið 1949, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. það ár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 175. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum minnst 4 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlínum, sem einangra svæði þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlínum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

2. gr.

Í stað upphafs 1. málsl. 13. gr. komi:

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, a. m. k. næstu 4 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd, ef hún telur hættulaust, leyft flutning lambhrúta til kynbóta milli fjárskiptasvæða innan þess tíma, enda sé ekki um að ræða flutning þaðan, sem garnaveiki hefur verið.

3. gr.

1. málsgrein 37. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframtali tæpum tveim árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1950 skal miða við framtal á árinu 1949, þ. e. fjártölu í árslok 1948 o. s. frv. Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustin 1947 og 1948 vegna fyrirhugaðra fjárskipta 1950 og 1951, skal þó miða fjártöluna við skattaframtal þeirra tæpum þremur árum áður en fjárskipti hefjast, enda haldi þeir áfram búskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði.

4. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur, sem svarar hálfu lambsverði á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af niðurlagsverði næsta ár á undan, miðað við meðal vænleika sláturlamba á hverju fjárskiptasvæði, þó ekki yfir kr. 75.00 á bótaskylda kind. Hámark þetta skal taka til bóta á árinu 1949 og framvegis. Ríkisstjórninni er þó heimilt að breyta þessu hámarki, ef óvenjulegar verðsveiflur eiga sér stað.

Kostnað við flutning líffjár á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitar tilfærslu á fé á fjárkaupasvæðum, svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða kosti fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu fá keypt, ef unnt er, líflömb, er nema 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, samanber þó 39. gr.

Séu nægjanleg líflömb fáanleg skal fjáreigendum gefinn kostur á að fá allt að 20% til viðbótar. Sé ekki unnt að útvega þessi 50% lambanna svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur vegna þeirra, er til vanta, á sama hátt og fyrir er mælt í 39. grein.

Framlag ríkisins skal greiða ári eftir að fjárskipti hefjast, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptra líflamba.

5. gr.

39. gr. laganna orðist svo (var 40. gr. í lögunum):

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð á svæðinu. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

6. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein, er verði 40. gr., svo hljóðandi:

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með vaxtalausum ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að ⅕ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að ⅗ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu eftir 5 ár frá útgáfudegi.

7. gr.

39. gr. (óbreytt) verður 41. gr.

41. gr. (óbreytt) verður 42. gr. o. s. frv.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 176. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá fjármálaráðherra.

Við 14. gr. Í stað orðanna: „með allt að 30% af tollverði allrar innfluttrar vöru“ komi: með allt að 25% af tollverði allrar innfluttrar vöru.

Nd. 177. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um tvær breytingartillögur, sem fylgja sér á eftir.

Bréf, sem nefndinni hafa borizt um málið, eru birt hér sem fylgiskjöl. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartill. og sérálit.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Á eftir „enskt pund fob.“ komi: miðað við 7 punda pökkun.
2. Við 3. gr. Í stað „kr. 2.48“ komi: kr. 2.52.

Alþingi, 9. jan. 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Sig. Ágústsson.

Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 7. jan. 1950.

Formaður fjárhagsnefndar Nd. Alþingis,
herra bankastjóri Ásgeir Ásgeirsson, Reykjavík.

Vér viljum ekki láta hjá líða að tilkynna yður, að eftirfarandi tillaga var samþykkt á framhaldsaðalfundi vorum kl. 17 00 í dag:

„Framhaldsaðalfundur L. Í. Ú., haldinn í Reykjavík 7. janúar 1950, telur, að lágmarksskilyrði fyrir því, að útgerð vélbátaflotans geti hafizt á komandi vetrarvertíð, séu eftirfarandi:

1. Að Alþingi samþykki nú þegar frumvarp til laga um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins, eins og það liggur nú fyrir, enda sé þá aðeins um bráðabirgðalausn að ræða, þar sem frumvarpið leysir ekki til frambúðar vandamál útvegsins, hvorki vélbátaflotans né togaraflotans.
2. Að samningar náist um „frílista“ þann, sem nefnd allsherjarsamtaka útvegsmanna hefur lagt fyrir og rætt við ríkisstjórnina.
3. Að sjóveðskröfur frá síðastliðnu sumri verði innleystar með aðstoð ríkisins hið fyrsta.“

Virðingarfyllst,

F. h. Landssambands ísl. útvegsmanna

Sverrir Júlíusson.

J. V. Hafstein.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 7. jan. 1950.

Í 11. gr. frv. til laga um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi, er ákveðið, að vextir af útgerðarlánum megi ekki vera hærri en 4%, eins og nánar er fram tekið í nefndri grein frumvarpsins. Vér leyfum oss að benda hinu háa Alþingi á, að það er mjög óeðlilegt, að löggjafarþing þjóðarinnar ákveði með beinum lagaákvæðum, hvaða vexti bankar skuli taka af tilteknum tegundum lána, og vitum vér ekki til, að slíkt sé gert í neinu landi, sem býr við svipað fjárhagskerfi og vér gerum, enda hefur þessi ákvörðun Alþingis valdið nokkurri undrun meðal bankamanna í nágrannalöndunum, svo ekki sé meira sagt.

Hins vegar er það víðast hvar svo, að þjóðbankar og ríkisstjórnir hafi samráð um, hvaða vaxtapólitík skuli rekin hverju sinni. Svo hefur það einnig verið hér. Stjórn Landsbanka Íslands hefur jafnan haft samráð við ríkisstjórn landsins um allar vaxtabreytingar, og er hún að sjálfsögðu fús til að gera það nú, eins og jafnan áður. Engin ástæða virðist því vera til að óttast það, að núverandi ríkisstjórn og stjórn bankans geti ekki samið um málið án íhlutunar Alþingis.

Virðingarfyllst,

Landsbanki Íslands

Gunnar Viðar. Jón Árnason. Jón G. Maríasson.

Til Alþingis.

Fylgiskjal III.

FISKÁBYRGÐARNEFNDIN

Reykjavík, 8. jan. 1950.

Saltfiskverð.

Á fundi hjá forsætisráðherra hinn 15. des. s. l., þar sem viðstaddir voru atvinnumálaráðherra, fiskábyrgðarnefnd og nefnd útvegsmanna kosin af aðalfundi L. Í. Ú., var m. a. rætt um verð á saltfiski. Úr hópi útvegsmanna komu þá fram raddir um það, að verðlækkun, sem orðið hefði á salti nú í haust, mundi vega upp þá auknigu, sem orðið hefði á vinnslukostnaði saltfisks á s. l. ári, og mundi því ekki þörf á frekari hækkun á ábyrgðarverði saltfisks en þeirrar, sem kynni að leiða af hækkuðu hráefnisverði (fiskverði).

Verð það á saltfiski, sem sett var í frv. um fiskábyrgð, sem nú liggur fyrir þinginu, kr. 2.48 pr. kg, var byggt á þessu áliti útvegsmanna sjálfra, og taldi fiskábyrgðar-

nefnd því ekki ástæðu til að rengja það álit nefndar útvegsmanna.

Nú munu hins vegar hafa komið fram einhverjar efasemdir hjá útvegsmönnum um það, að þetta gæti staðizt, og hefur því verið óskað eftir því, að S. Í. F. léti í té áætlun um þær breytingar, sem orðið hefðu á s. l. ári á framleiðslukostnaði saltfisks.

Samkvæmt upplýsingum frá forstjóra S. Í. F., hr. Kristjáni Einarssyni, sem hann lét formanni nefndarinnar í té í símtali í dag, telur hann, að vegna aukins framleiðslukostnaðar þurfi saltfisksverð að vera 4 aur. hærra en frv. gerir ráð fyrir eða kr. 2.52.

Telur hann, að hækkun vegna vinnulauna, verðhækkunar á striga og aukningu útflutningsgjalds (aflatryggingarsjóð) nemi 6¼ aur. pr. kg, en lækkun vegna verðlækkunar á salti 2¼ aur. pr. kg. Nettóhækkun verður því eins og áður segir 4 aur. pr. kg.

Lifrarverð.

Samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra hefur nefndin athugað lítillega verð á lifur með tilliti til lýsisverðs, sem hugsanlegt er, að fáist á næstunni.

Eftir þeim gögnum, sem nefndin hefur getað aflað sér, telur hún, að ef miðað er við verð það á lýsi, sem Hollendingar greiða fyrir þær 4000 smál., sem þeir kaupa, þ. e. £ 84-0-0 fob., muni mega telja öruggt, að fyrir lifrina náist kr. 0.80 pr. l.

Sé reiknað með hækkun á lifrarverði úr kr. 0.80 í kr. 1.20 og miðað við þá áætlun um útgerð línubáts við Faxaflóa, sem nefndin gerði, verður útkoman sem hér segir:

Afli 450 smál. Lifur 31500 l. Hækkun lifrarverðs um kr. 0.40 pr. l. mundi nema kr. 12 600, sem skiptist þannig:

Til skipverja	kr. 7 560.00
Til bátseigenda	— 5 040.00

Hver 10 aur. breyting á lifrarverðinu þýddi því fyrir hásetann kr. 131.25 breyting á hlut.

Hver 10 aur. breyting á lifrarverðinu þýddi fyrir bátseigandann kr. 1260.00 eða 0,7 aur. pr. kg af hlut bátsins af aflamagninu.

Til skýringar þessu skal þó tekið fram, að lifrarmagn það, sem hér er reiknað með, þ. e. 31500 l. úr 450 smál. af fiski, getur að sjálfsögðu aðeins átt við línubáta á þeim tíma og þeim stöðum, sem fiskur er feitastur og lifrarauðugastur, þ. e. á vetrarvertíðinni í Faxaflóa og Vestmannaeyjum.

Nd. 178. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni, Einari Olgeirssyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 14. gr. Greinin falli niður.

Nd. 179. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Einari Olgeirssyni.

Við 12. gr. Greinin falli niður.

Nd. 180. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 13. gr. Í stað „til ársloka 1950“ komi: til 1. marz 1950.

Ed. 181. Frumvarp til laga [87. mál]

um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal endurgreiða hluta af verðtolli og vörumagnstolli, sem lagður var á tilbúin timburhús, sem innflutt voru frá Svíþjóð á árunum 1945, 1946 og 1947. Skal endurgreiðslan miðast við það, að verðtollur, sem ríkið fær af húsunum, sé 10%, en vörumagnstollur 2 aurar á kg.

2. gr.

Þeir, sem eru eigendur húsanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fá tollendurgreiðsluna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á árunum 1945—1947 var allmikið flutt inn af sænskum timburhúsum. Gert var ráð fyrir, að hús þessi yrðu tiltölulega ódýr, og urðu margir til þess að ráðast í að byggja þau, enda var ýtt undir það af hálfu yfirvaldanna vegna hinnar miklu húsnæðiseklu. Byggingarkostnaður húsanna reyndist þó að fara langt fram úr áætlun, þannig að hús, sem gert var ráð fyrir að kostuðu 110—120 þús. kr., komust upp í 270 þús. kr. fullbyggð.

Strax þegar fyrstu húsin komu til landsins, kom í ljós, að tollyfirvöldin kröfðust 30% tolls af öllu efni í þau. Var stuðzt við ákvæði tollskrárinnar um tilhöggvin hús, en það ákvæði hafði verið sett á tímum atvinnuleysis í íslenzkum byggingariðnaði sem verndartollur. Tiltölulega lítið af húsunum var þó flutt inn sem fullunnin vara, talsvert var hálfunnið og auk þess mikið af algerlega óunnum viði, en allt var þetta látið koma undir ofangreint ákvæði.

Þessi háa tollgreiðsla kom illa við menn jafnframt því sem verið var að styðja að auknum byggingum með opinberri aðstoð, og var málið rætt á Alþingi í sambandi við lögin um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Var í sambandi við þau lög samþykkt svofellt bráðabirgðaákvæði:

„Ríkisstjórninni heimilast að endurgreiða toll af þeim innfluttum tilbúnum húsum, sem flutt verða inn á árinu 1946, að því leyti sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsanna þarf.“

Heimild þá, sem í þessu ákvæði felst, hefur ríkisstjórnin enn þá ekki notað. Hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að fá tollinn endurgreiddan samkvæmt henni, en allar slíkar tilraunir hafa reynzt árangurslausar.

Árið 1947 var borin fram tillaga í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að endurgreiða þennan toll, en sú tillaga var

felld með jöfnum atkvæðum. Nokkrir þeirra þingmanna, sem greiddu atkvæði gegn henni, gerðu þá grein fyrir atkvæði sínu, að heimildin væri þegar til og tillagan því óþörf.

Í sambandi við athugun málsins í fjárveitinganefnd skrifaði tollstjórinn í Reykjavík nefndinni bréf, þar sem hann útskýrir þetta mál. Bréf þetta hljóðar svo:

TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. marz 1947.

Með bréfi 12. f. m. hefur fjárveitinganefnd sent mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurgreiðslu tolls af innfluttum tilbúnum húsum, þingskjal nr. 307. Spyrst nefndin sérstaklega fyrir um, hve mikilli upphæð tollendurgreiðsla sú, sem tillagan gerir ráð fyrir, muni nema og í öðru lagi, hvort mér sé kunnugt um, hvort þeir, er húsin hafa byggt, hafi notið við það opinberrar aðstoðar, en sé vitneskja um það ekki fyrir hendi, óskar nefndin eftir lista yfir innflutning húsanna.

Þess skal þegar getið, að mér er ókunnugt um, hvort eða að hve miklu leyti þeir, er húsin hafa byggt eða eru að byggja, hafa notið til þess opinberrar aðstoðar. Hins vegar fylgir hér með skýrsla um innflutning sænskra timburhúsa til Reykjavíkur árin 1945 og 1946 og það sem af er þessu ári. Eru í skýrslunni greindir innflytjendur húsanna, tala húsanna, verð þeirra og aðflutningsgjöld af þeim, eftir því sem næst verður komizt eftir þeim gögnum, er fyrir liggja, og upplýsingum innflytjenda.

Samkvæmt skýrslu þessari hafa verið flutt inn gegnum Reykjavík 108 tilbúin sænsk timburhús, þar af 1 á árinu 1945, 86 á árinu 1946 og 21 í janúarmánuði þessa árs. Nemur innflutningsverð húsanna kr. 3 617 867.88, en aðflutningsgjöld af þeim kr. 1 276 193.56, og eru gjöld fyrir innflutningsleyfi þá ekki með talin.

Sú endurgreiðsluheimild laga nr. 44 frá 1946, sem fyrrnefnd tillaga fer fram á að notuð verði, er takmörkuð á tvennan hátt, þannig að hún nær

1) aðeins til þeirra húsa, sem inn eru flutt 1946, og
2) aðeins til tolls af þessum húsum að því leyti, sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsanna þarf.

Um fyrra atriðið er það að segja, að varla virðist fært að gera þann mun á húsum þeim, er inn voru flutt á árinu 1946, og þeim, er inn voru flutt í upphafi þessa árs, að hin fyrri njóti jafnstórfelldrar tollívilnunar og tillagan gerir ráð fyrir, en hin engrar. Af húsum þeim, sem inn eru flutt árið 1946, eru 5 flutt inn í maí, 16 í september, 9 í október, 44 í nóvember og 12 í desember. Sést á þessu, að meginhluti þessara húsa er fluttur inn á tveim síðustu mánuðum ársins. Hús þau, er inn hafa verið flutt á þessu ári, komu hingað með skipum, er létu úr erlendri höfn 4. janúar og tóku höfn hér 13. og 16. janúar. Er því augljóst, að allur undirbúningur undir innflutning þeirra húsa hefur farið fram árið 1946. Má og vera, að útskipun á þeim hafi verið hafin fyrir áramót.

Þar sem svo er ástatt, og innflutningur húsanna síðustu mánuði ársins 1946 og í upphafi ársins 1947 virðist samfelldur og í engu ólíks eðlis, vil ég leggja til, að verði að því ráði horfið að láta hin fyrrnefndu njóta tollívilnunar, þá verði hún einnig látin ná til hinna síðarnefndu svo og hússins, er inn var flutt 1945. Hef ég því tekið öll þessi hús upp í skrá þá, er að framan getur. Til þessa þarf þó rýmri lagaheimild en nú er fyrir hendi.

Af hinni takmörkuninni, að tollinn skuli aðeins endurgreiða að því leyti, sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsanna þarf, leiðir, að eigi er unnt að tiltaka endurgreiðsluna nákvæmlega, nema fyrir hendi sé skýrsla um þær efnistegundir, er inn hafa verið fluttar til húsanna, þar sem tilgreint sé magn og verð hverrar tegundar óunninnar. Slíkar skýrslur eru ekki fyrir hendi, svo að mér sé kunnugt um, og get ég því ekki tiltekið endurgreiðsluna nákvæmlega.

Skv. framansögðu eru aðflutningsgjöld af húsunum alls kr. 1 276 193.56, og er

þá reiknað með 30% verðtolli og 7 aura vörumagnstolli af kílógrammi. Hins vegar mundi mest af efni því óunnu, er inn hefur verið flutt til húsanna, eiga að tollast með 8% verðtolli. Meginhluti efnisins til húsanna er timbur, en af því óunnu er 10 aura vörumagnstollur á kúbikfet, eða sem svarar um ½ eyrir af kílógrammi. Af mestum hluta annars efnis til húsanna óunnins mun vörumagnstollur vera 2 aurar af kílógrammi. Með tilliti til þessa, svo og þess, að innkaupsverð efnisins óunnins hlýtur að vera nokkuð lægra en hinna tilbúnu húsa, verður að telja, að full tollendurgreiðsla skv. tillögunni af öllum húsunum nemi rúmlega 1 000 000.00 króna.

Auk framangreindra 108 húsa, er inn hafa verið flutt í gegnum Reykjavík, hafa 7 hús verið flutt inn beint til Akureyrar á þrem síðustu mánuðum ársins 1946, og hækkar endurgreiðsluupphæðin vegna þessa um upphæð, er ætla má að sé hlutfallslega miðuð við tölu húsanna, en innflutningsverð Akureyrarhúsanna hef ég ekki getið fengið uppgefið.

Eins og fyrr segir, er eigi unnt að reikna tollendurgreiðsluna nákvæmlega út, nema fyrir hendi séu ábyggilegar skýrslur um þær efnistegundir, er inn hafa verið fluttar til húsanna, þar sem tilgreint sé magn og verð hverrar tegundar óunninnar. Ættu skýrslur þessar að vera frá seljendum húsanna. Verði ákveðið, að tollendurgreiðslan skuli fara fram að öllu leyti samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 44 frá 1946, er nauðsynlegt að binda hana því skilyrði, að skýrslur þessar verði lagðar fram af þeim, er hennar eiga að njóta.

Nú má vera, að það verði erfiðleikum bundið og jafnvel í sumum tilfellum ómögulegt fyrir kaupendur húsanna að útvega þessar skýrslur frá hinum erlendu seljendum, og yrði þá eigi unnt að framkvæma nákvæmlega útreikning tollendurgreiðslunnar. Ef Alþingi vill veita kaupendum margnefndra húsa tollívilnun, væri því eðlilegra og mun auðveldara í framkvæmd, að horfið væri frá því að nota heimild bráðabirgðaákvæðis laga nr. 44 frá 1946, en í þess stað sett sérstök lög um, að verðtollur af tilbúnum húsum, fluttum inn á árunum 1945 og 1946 og til ákveðins dags á þessu ári, t. d. 1. apríl, skuli lækkaður úr 30% niður í lægri tollflokk, er þingið teldi hæfilegan. Eins og fyrr segir, mundi meginhluti efnisins til húsanna hafa átt að tollast með 8% verðtolli, hefði það verið flutt inn óunnið, en nokkuð af því þó með 10% verðtolli og e. t. v. einhver lítill hluti með hærri tolli. Er því varla fært að lækka verðtollinn meir en niður í 10%. Fælist og í þeirri lækkun mjög mikil ívilnun fyrir kaupendur húsanna, þó vörumagnstollurinn væri látinn standa óbreyttur. ef gert er ráð fyrir, að tollverð Akureyrarhúsanna sé að meðaltali hið sama og húsanna, er flutt hafa verið til Reykjavíkur, mundi verðtollsendurgreiðslan miðuð við þessa lækkun nema um 770 000.00 kr.

Auk þess að vera skýrari og auðveldari í framkvæmd hefur þessi ráðstöfun þann kost fram yfir þingsályktunartillöguna, að með henni væri fengin lagaheimild til að láta öll tilbúin hús, er flutt hafa verið inn frá stríðslokum til þess dags, njóta sömu tollkjara.

Að lokum skal á það bent, að verði ákveðið að endurgreiða að meira eða minna leyti toll af framangreindum húsum, þarf að búa svo um, að endurgreiðslan verði þeim til hagsbóta, er byggja þau handa sér, en eigi milliliðum.

Torfi Hjartarson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Samkvæmt tillögu tollstjóra er í frv. þessu gert ráð fyrir, að endurgreiddur sé tollur af þeim sænskum timburhúsum, sem inn voru flutt á árunum 1945, 1946 og 1947, í stað þess að skv. heimildinni frá 1946 skyldi endurgreiðslan bundin við hús, sem innflutt voru á því ári.

Þá er einnig farið eftir tillögu tollstjóra um það að miða endurgreiðsluna við ákveðna upphæð, í stað þess að reikna hana út eftir reikningum erlendis frá, sem

erfitt yrði fyrir alla að fá nú. Er gert ráð fyrir, að núverandi eigendur húsanna fái endurgreitt 20% af verðtollinum.

Seint á síðasta þingi undirrituðu 31 þm., sem flestir eiga enn sæti á þingi, áskorun til ríkisstjórnarinnar um það, að hún endurgreiddi á árinu 1949 hluta af verðtolli og vörumagnstolli af hinum tilbúnu húsum, sem um getur í fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði.

Samkvæmt því og í samræmi við útreikninga tollstjóra í bréfi hans er hér lagt til, að eigendur húsanna fái endurgreiðslu á vörumagnstolli, er nemi 5 aurum á kg.

Eins og segir í upphafi greinargerðar þessarar, fór byggingarkostnaður hinna sænsku húsa mjög langt fram úr áætlun. Flestir þeirra manna, sem byggðu þessi hús, gerðu það af litlum efnum, og liggur nú við borð, að margir þeirra tapi þeim, sökum hins mikla viðbótarkostnaðar, sem á þau hefur lagzt.

Þar sem hér er um auðsætt réttlætismál að ræða og með tilliti til fyrri undirtekta þingsins er þess að vænta, að mál þetta fái fljóta og góða afgreiðslu.

Nd. 182. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni og Sigurði Ágústssyni.

Á eftir 5. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

Nd. 183. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 12. gr. Aftan við greinina bætist: en hlutfallslega minna, ef ábyrgðin fellur niður fyrir 15. maí.

Nd. 184. Breytingartillögur [81. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „í janúar og febrúarmánuði“ komi: á árinu.
2. Við 13. gr. Greinin falli burt.

Ed. 185. Breytingartillaga [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr stafliður:
Í stað „Kræklingahlíð til Akureyrar“ í C. 1 í sömu gr. laganna kemur: Kræklingahlíð, yfir Glerá hjá Lyngholti, til Akureyrar.

Nd. 186. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Flm.: Finnur Jónsson, Pétur Ottesen, Áki Jakobsson, Sigurður Ágústsson.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):
Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.
Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna.

Nd. 187. Frumvarp til laga [88. mál]

um Bjargráðasjóð Íslands.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Stofna skal allsherjarsjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélag verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli. Sjóðurinn skal heita Bjargráðasjóður.

2. gr.

Hvert sveitarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 2 krónur fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðagjald greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 krónum fyrir hvern mann.

4. gr.

Í stjórn bjargráðasjóðs eru: Skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands.

Fé bjargráðasjóðsins skal geymt og ávaxtað í Landsbankanum eða Búnaðarbankanum, og skal það vera tiltækt hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því að afstýra hallæri.

Ráðherra setur að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu, reglur um lánveitingar, vörzlu innstæðufjár, vaxtakjör og annað, er máli þykir skipta um stjórn hans og starfsemi.

6. gr.

Reikningar bjargráðasjóðsins skulu endurskoðaðir samkvæmt lögum nr. 61 1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðagjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn (í Reykjavík tollstjóri) innheimta gjaldið og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar eigi síðar en 1. október ár hvert.

8. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnum í té manntalsskýrslur til afnota við útreikning bjargráðagjalda.

9. gr.

Allt það fé, sem rennur úr ríkissjóði í bjargráðasjóðinn samkv. 3. gr., að vöxtum meðtöldum, svo og helmingur þess fjár, sem sjóðurinn fær samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal vera sameign allra landsmanna. Hins vegar skal helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur samkv. 2. gr., vera séreign hverrar sýslu og kaupstaðar, og leggjast vextir af því fé við séreignina.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóðnum.

10. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til að hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upprunalega gjalds.

11. gr.

Nú verður hallæri í sveitarfélagi af óvenjulegum harðindum eða langvarandi aflaleysi, eða tjón verður þar af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi það, sem skemmdist eða ónýttist, verið óvátryggt fyrir tjóni þessu, og getur þá stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði samkvæmt lögum þessum, til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti.

12. gr.

Nú hefur slíkt ástand skapazt sem í 11. gr. segir, og er þá bjargráðastjórn heimilt að veita hjálp með þeim hætti, er hér segir:

1. beinum styrk úr bjargráðasjóði,
2. lánveitingum til sýslu- eða sveitarfélaga,
3. lánveitingum til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn veði í fasteign eða ábyrgð sýslu- eða sveitarfélags.

Hverjum þeim, sem láns beiðist eða styrks úr bjargráðasjóði, ber að senda sjóðsstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal.

Nú þykir bjargráðastjórn á skorta um, að gögn þau séu fullnægjandi, sem borizt hafa, og getur hún þá krafizt fyllri gagna frá þeim aðilum, er henni þykir henta. Nú berast ekki þau skilríki, sem bjargráðastjórn hefur beiðzt, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að synja beiðninni af þeim ástæðum einum.

13. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hafa samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu áliti bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki séreign sýslu eða kaupstaðar til forðatryggingar, og má þá bjargráðastjórn veita héraðinu vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins, gegn veði í bjargráðagjaldi héraðsins eða þeim tryggingum öðrum, sem stjórnin metur gildar.

14. gr.

Nú gengur mikil óáran um land allt eða í stórum landshlutum, svo að fé bjargráðasjóðs hrekkur ekki til nauðsynlegrar hjálpar og sjóðurinn kemst í fjárþröng, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast svo hátt lán sem þurfa þykir fyrir bjargráðasjóðinn, eða veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er þar fyrir hendi, en slík bráðabirgðalán ber bjargráðasjóði að endurgreiða af tekjum sínum, enda séu eignir sjóðsins og tekjur að veði fyrir bráðabirgðalánum þessum.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45/1913, um bjargráðasjóð Íslands, og lög nr. 20/1925, um heimild til að veita lán út Bjargráðasjóði.

Greinargerð.

Bjargráðasjóður Íslands var, svo sem kunnugt er, stofnaður með lögum nr. 45 1913, og skyldi hlutverk hans vera eins og segir í 1. gr. laganna: „til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því".

Lítið hefur lögum þessum verið breytt frá því þau voru sett, en árið 1925 voru sett lög um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði, og eru það eins konar viðbótarlög við bjargráðasjóðslögin.

Þegar bjargráðasjóður Íslands var stofnaður 1913, var honum ætlað allríflegt tillag miðað við þess tíma aðstæður og peningagildi, 50 aurar á ibúa hvern í landinu, og skyldi ríkissjóður greiða helminginn, 25 aura, en sveitarsjóðir hinn helminginn. Mun láta nærri, að slíkt gjald svari til um það bil kr. 2.50 nú frá hvorum þessum aðila. Ekkert hefur tillögum til sjóðsins verið breytt í þau 35 ár, sem hann hefur starfað.

Með lögum nr. 76 23. júní 1932, um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, var meðal annars samþykkt að fresta framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45/1913, um

bjargráðasjóð Íslands, fyrst til ársloka 1933, en síðan var frestunin jafnan framlengd til 1942.

Þetta tíu ára tímabil féllu því niður allar greiðslur til sjóðsins, bæði af hálfu ríkissjóðs og sveitarfélaga. Þessi ár voru því tekjur sjóðsins ekki aðrar en vaxtatekjur hans.

Árið 1941, fyrsta janúar, voru innlánsvextir í sparisjóðum lækkaðir úr 4% í 3%, og fyrsta janúar 1942 voru sparisjóðsvextir enn lækkaðir úr 3% í 2%, og stóð svo til 1. janúar 1948. Þessar ráðstafanir allar urðu til þess að draga mjög úr vexti sjóðsins.

Verður því ekki sagt, að af hálfu hins opinbera hafi mikið verið gert til að efla sjóð þennan eða hlynna að honum á annan hátt.

Reglur um útlán úr Bjargráðasjóðnum eru allstrangar samkv. lögum sjóðsins, og hefur það orðið til þess, þótt tekjur hans væru frekar rýrar, að nokkurt fé hefur safnazt, og eru eignir sjóðsins nú í peningum og verðbréfum röskar tvær milljónir króna. Það er að vísu ekki mikið fé á þann mælikvarða, sem nú er lagður á fjármuni, en þegar tillit er tekið til þess, að bæði hafa verið felldar niður svo til allar tekjur sjóðsins um tíu ára skeið og að hann hefur tapað allmiklu fé bæði vegna mæðiveikiráðsafana og þegar sveitarfélög landsins voru gerð upp í Kreppulánasjóði, og þegar það enn fremur er athugað, að gleymzt hefur að ákveða að greiða tillög sjóðsins með verðlagsuppbót, eins og þó hefði mátt ætlazt til, er ekki hægt að vænta þess, að hagur hans sé betri en raun ber vitni.

Á undanförnum veltiárum hefur sama og ekkert verið leitað til Bjargráðasjóðs, og hafa því tekjur hans síðustu árin nær allar lagzt fyrir í peningum og verðbréfum. Tekjur sjóðsins árið 1948 voru þessar:

1.	Bjargráðasjóðsgjald sveitarfélaganna	kr.	34 063.50
2.	Tillag úr ríkissjóði	—	33 000.00
3.	Vaxtatekjur	—	68 233.47
	Samtals	kr.	135 296.97

Á s. l. hausti hafa Bjargráðasjóði borizt lánbeiðnir, er nema samtals 345 þús. krónum, og þó er vitað, að nokkur sveitarfélög hafa ekki enn sent lánbeiðnir til Bjargráðasjóðsins vegna þess, að nokkrir þingmenn þeirra héraða, sem harðast urðu úti í vorharðindunum s. l. vor, hafa borið fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um sérstaka hjálp úr ríkissjóði til þessara héraða. Mjög verður að telja það vafasamt, að vorharðindi þau, sem urðu 1949 og ollu talsverðum erfiðleikum hjá bændum í ýmsum sveitum austan, norðan og vestan lands, geti talizt þess eðlis, að þau falli undir verksvið Bjargráðasjóðs, eins og starfsreglum hans er nú háttað. Eins og lögum hans og starfsháttum er nú fyrirkomið, eru þess engin tök að veita lán eða styrk til þess að greiða fram úr þessum erfiðleikum, nema sveitarfélög þau eða sýslufélög, sem í hlut eiga, sæki um lán úr sjóðnum, ábyrgist þau og annist greiðslu afborgana af þeim, þegar þar að kemur.

Það verður að telja, að sá stakkur, sem Bjargráðasjóði er skorinn með lögunum frá 1913 og 1925, sé nú orðinn svo þröngur, að sjóðurinn raunverulega fái ekki notið sín, nema reglum hans verði breytt í verulegum atriðum og starfshættir hans færðir meira til samræmis við þær venjur, sem nú má telja ríkjandi ordnar um lánveitingar, styrktarstarfsemi og önnur slík viðskipti.

Af framangreindum ástæðum hefur þótt rétt að leggja til, að nokkrar breytingar yrðu gerðar á lögum um Bjargráðasjóð Íslands, til að gera hann starfhæfari miðað við aðstæður í þjóðfélaginu á yfirstandandi tima. Þessar breytingar er að finna í frumvarpi því, er hér liggur fyrir og samið er af fyrirsvarsmönnum bjargráðasjóðsins. Réttara þótti að semja lögin upp en að flytja breytingartillögur við núgildandi lög sjóðsins, sérstaklega þar sem þau eru tvenn, en hagkvæmara þykir

að hafa lögin ein og fella hin eldri lög hvor tveggja úr gildi. Núgildandi lög um bjargráðasjóð og lánveitingar úr honum eru til hægðarauka prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl með frumvarpinu. Skal nú vikið að breytingum þeim, sem gerðar hafa verið, og raktar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Greinin er svo að kalla samhljóða 1. gr. núgildandi laga um bjargráðasjóð, enda þykir ekki rétt að breyta aðalhlutverki sjálfs sjóðsins, og þarfnast hún ekki sérstakra skýringa.

Um 2. og 3. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 2. og 3. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því, að iðgjald í bjargráðasjóð er hækkað úr 25 aurum í eina krónu á mann, frá báðum þeim aðilum, er þar greinir.

Um 4. gr.

Nú skipa stjórn bjargráðasjóðs fimm menn, og eru þrír þeirra sjálfkjörnir, en tveir kosnir til 6 ára í senn, annar af Búnaðarfélagi Íslands, en hinn af Fiskifélagi Íslands. Hér er lagt til, að þeir þrír, sem sjálfkjörnir eru, sitji áfram í stjórn sjóðsins, og sé stjórnendum fækkað um tvo. Þá er og í þessari grein ákveðið, að geyma megi og ávaxta fé sjóðsins bæði í Landsbankanum og Búnaðarbankanum, en eins og kunnugt er, var bjargráðasjóður lagður til Búnaðarbankans við stofnun þess banka og hefur verið þar síðan.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 5. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Reglugerð sú, sem í lögunum var gert ráð fyrir, að samin yrði, eftir tillögu Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins, hefur aldrei verið sett.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að fyrirkomulag það, sem verið hefur á endurskoðun sjóðsins, falli niður, en reikningar bjargráðasjóðs verði endurskoðaðir samkv. lögum nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.

Um 7. gr.

Grein þessi er óbreytt frá því, sem er í gildandi lögum, að öðru leyti en því, að bæjarfógetum og sýslumönnum er gert að skila bjargráðagjaldi eigi síðar en 1. október ár hvert. Þykir réttara að hafa ákveðinn gjalddaga til sjóðsins, svo að unnt sé að gera reikninga hans upp í loks hvers reikningsárs.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 9. gr. núgildandi laga með þeim breytingum, að samkv. frumvarpinu skal allt tillag ríkissjóðs og helmingurinn af tillagi sveitarsjóða renna í sameignarsjóðinn, en aðeins helmingur af tillagi sveitarfélaganna skal renna í séreignarsjóð sýslu og kaupstaða. Þykir réttara að hafa slíka skipun, vegna þess að með þeim hætti verður hægt að ráðstafa meira fé samkv. 12. gr. en annars mundi.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. og 12. gr.

Í 11. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir því, að sýslunefndir og bæjarstjórnir geri sérstaka samþykkt um hagnýtingu séreignarinnar í bjargráðasjóði. Þessar

bjargráðasamþykktir hafa aldrei verið gerðar, að því er séð verði, og virðist þetta ákvæði því ekki hafa náð tilgangi sínum. Þykir því rétt að fella þessi ákvæði niður og gera ekki framvegis ráð fyrir slíkum bjargráðasamþykktum, en setja í þess stað í lögin sjálf ákvæði bæði um það, hvaða tjón geti komið til greina að bæta og með hverjum hætti það skuli gert. Eru þær reglur teknar upp í 11. og 12. gr. og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Í þessum greinum er einnig að finna þau ákvæði úr lögunum frá 1925 um heimild til að veita lán úr bjargráðasjóði, sem rétt hefur þótt að láta haldast.

Um 13. gr.

Greinin svarar til fyrri hluta 12. gr. í núgildandi lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af því, að bjargráðasamþykktir eru felldar niður. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin svarar til niðurlags 13. gr. núgildandi laga og felur í sér ábyrgðarheimild ríkissjóðs til handa bjargráðasjóði, ef á hann verða lagðar svo miklar byrðar, að sjóðurinn komist í fjárþröng.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Lög um bjargráðasjóð Íslands.

1. gr.

Stofna skal allsherjarsjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að sýslufélagið eða bæjarfélagið megnar ekki af eigin ramleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli.

Sjóðurinn skal heita bjargráðasjóður.

2. gr.

Hvert sveitarfélag og bæjarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 25 aura fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðagjald greiðist úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr landssjóði, er nemi 25 aurum fyrir hvern mann.

4. gr.

Þessir menn skulu vera í bjargráðastjórn og hafa á hendi reikningshald bjargráðasjóðsins og geyma eignarskilríki hans: Forstjóri atvinnumálaskrifstofu stjórnarráðsins, formaður Búnaðarfélag Íslands og annar maður, sem það félag kýs á búnaðarþingi til 6 ára í senn, formaður Fiskifélags Íslands og annar maður, sem það félag kýs á fiskiþingi til 6 ára í senn.

Öllum tekjum bjargráðasjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum með þeim skilyrðum, sem landsstjórnin setur því til tryggingar, að féð glatist ekki og taka megi til þess, hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því, að afstýra hallæri.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir bjargráðastjórnina eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands.

6. gr.

Stjórnarráðið, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag skulu hvert um sig velja einn sjóðgæzlumann til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka ársreikninga bjargráðasjóðsins, reikningsbækur hans og eignaskilríki.

Stjórnarráðið setur reglur fyrir sjóðgæzlumennina.

Reikninga bjargráðasjóðsins skal jafnan leggja fyrir Alþingi, endurskoðaða af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðagjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta gjaldið, og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar.

8. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnum í té manntalsskýrslur til afnota við útreikning bjargráðagjalda.

9. gr.

Allt það fé, sem rennur úr landssjóði í bjargráðasjóðinn, samkvæmt 3. gr., að vöxtum meðtöldum, skal vera sameign allra landsmanna.

Hins vegar skal það allt vera séreign hverrar sýslu eða kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn, að vöxtum meðtöldum.

Skrifstofukostnað bjargráðastjórnar skal gjalda af sameigninni.

10. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til að hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upphaflega gjalds.

Nú á sýsla eða kaupstaður sérstakan sjóð, sem eingöngu er ætlaður til hjálpar í hallæri, og getur þá stjórnarráðið veitt leyfi til að lækka bjargráðagjaldið, ef bjargráðastjórnin mælir með því.

11. gr.

Í hverri sýslu skal sýslunefnd, en í kaupstað bæjarstjórn, gera samþykkt um hagnýtingu þeirrar séreignar, sem sýslan eða kaupstaðurinn á í bjargráðasjóðnum. Skal sú samþykkt heita bjargráðasamþykkt.

Þessum bjargráðasamþykktum skal haga eftir fyrirmyndum, sem bjargráðastjórnin semur, og þarf samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær öðlist gildi, en leita skal áður álits bjargráðastjórnar um hvert frumvarp.

Í þessum bjargráðasamþykktum má skipa fyrir um allt það, sem stjórnarráðið, eftir tillögum bjargráðastjórnarinnar, telur nauðsynlegt því til tryggingar, að bjargráðasjóðurinn komi að réttum notum og verði ekki illa varið.

12. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hérað tilkall til séreignar sinnar í bjargráðasjóðnum til útbýtingar, samkvæmt bjargráðasamþykkt sinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn og skepnur, ef illa vetrar, þá má héraðið með leyfi bjargráðastjórnarinnar neyta séreignar sinnar til að kaupa eða tryggja sér varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema það komi til útbýtingar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki séreign einhvers héraðs til forðatryggingar eða hjálpar í hallæri, og má þá stjórnarráðið með ráði bjargráðastjórnarinnar veita því héraði vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins gegn veði í bjargráðagjaldi héraðsins.

Ef mikil óáran gengur um land allt og bjargráðasjóðurinn kemst í fjárþröng, þá má landsstjórnin, ef bjargráðastjórnin fer þess á leit, lána bjargráðasjóðnum fé úr landssjóði, eða útvega honum lán annars staðar, gegn veði í eignum og tekjum sjóðsins.

Fylgiskjal 2.

Lög um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

1. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar Bjargráðasjóðs Íslands, er atvinnumálaráðherra heimilt að lána af fé sjóðsins:

a) hreppsfélögum eða bæjarfélögum, sem eru nauðulega stödd vegna afleiðinga heimsstyrjaldarinnar miklu eða af öðrum ófyrirsjáanlegum atvikum.
b) fóðurbirgðafélögum eða öðrum félögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.
c) hreppsfélögum, er koma á fót hjá sér bústofnlánadeildum.
d. sýslufélögum, til að fyrirbyggja kornvöruskort vegna samgöngutálma af hafísvöldum.[1])

2. gr.

Lán þessi skulu veitt gegn 5 af hundraði í vöxtu á ári og ekki til lengri tíma en 20 ára. Lánin skulu jafnan tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi sýslusjóðs eða bæjarsjóðs. Nánari reglur um afgreiðslu lánanna, innihald skuldabréfa og innheimtu lánanna getur atvinnumálaráðherra sett.

3. gr.

Hreppsfélagi eða bæjarfélagi, sem óskar láns eftir heimild a-liðs 1. gr., er skylt að gefa atvinnumálaráðherra nákvæma skýrslu um hag sinn og sýna fram á, hvers vegna efnahagur hreppsins eða bæjarins er kominn svo, að lán sé nauðsynlegt. Og meðan nokkuð er ógreitt af slíku láni, er hlutaðeigandi hreppsfélagi eða bæjarfélagi skylt að senda atvinnumálaráðuneytinu árlega, nægilega snemma, áætlun um tekjur sínar og gjöld, og má ekki, meðan svo stendur á, ráðast í neinar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, nema þær séu beinlínis lögskipaðar, enda er hreppsnefnd eða bæjarstjórn skyld til að breyta áætluninni, ef ráðuneytið leggur svo fyrir.

4. gr.

Lán þau, er ræðir um í b-lið 1. gr., skal aðeins nota til stofnunar forðabúra eða stækkunar þeirra, enda séu samþykktir þeirra settar og staðfestar eftir því, sem lög mæla fyrir. Fjárhæð slíkra lána má ekki nema meiru en helmingi stofnkostnaðar eða aukningar.

5. gr.

Lán eftir c-lið 1. gr. má ekki veita nema hlutaðeigandi hreppsfélag hafi sett reglur um bústofnslánadeildina, sem atvinnumálaráðherra hefur staðfest, og skal vera heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að tekjur bústofnslánadeildarinnar megi taka lögtaki. Atvinnumálaráðuneytið lætur hreppsnefndum í té fyrirmynd að slíkum reglum, og hefur heimild til að setja frekari reglur um lán þessi, ef þurfa þykir.

---

1) L. nr. 22 19. júní 1933, § 1.

6. gr.

Að jafnaði má ekki veita hærri lán úr Bjargráðasjóði í neina sýslu eða kaupstað en sem svarar hluta þeirra í séreigninni og hinum sameiginlega sjóði.

Fylgiskjal 3.

Úr reikningum bjargráðasjóðs.

1. Séreignir sýslna og kaupstaða í Bjargráðasjóði 1. janúar 1949.

1.	Reykjavík	kr.	289 864.76
2.	Borgarfjarðarsýsla	—	24 997.41
3.	Akraneskaupstaður	—	12 356.04
4.	Mýrasýsla	—	25 598.12
5.	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	—	53 935.00
6.	Dalasýsla	—	26 272.98
7.	Austur-Barðastrandarsýsla	—	13 620.84
8.	Vestur-Barðastrandarsýsla	—	30 389.71
9.	Vestur-Ísafjarðarsýsla	—	33 601.65
10.	Norður-Ísafjarðarsýsla	—	45 887.80
11.	Ísafjarðarkaupstaður	—	29 321.04
12.	Strandasýsla	—	24 415.65
13.	Vestur-Húnavatnssýsla	—	23 037.01
14.	Austur-Húnavatnssýsla	—	33 322.38
15.	Skagafjarðarsýsla	—	58 089.18
16.	Eyjafjarðarsýsla	—	38 981.40
17.	Siglufjarðarkaupstaður	—	13 016.63
18.	Ólafsfjarðarkaupstaður	—	5 927.39
19.	Akureyrarkaupstaður	—	29 643.28
20.	Suður-Þingeyjarsýsla	—	53 857.52
21.	Norður-Þingeyjarsýsla	—	24 109.74
22.	Norður-Múlasýsla	—	29 437.77
23.	Suður-Múlasýsla	—	52 398.61
24.	Seyðisfjarðarkaupstaður	—	13 212.89
25.	Neskaupstaður	—	12 768.69
26.	Austur-Skaftafellssýsla	—	15 591.03
27.	Vestur-Skaftafellssýsla	—	23 937.06
28.	Vestmannaeyjakaupstaður	—	34 501.88
29.	Rangárvallasýsla	—	49 197.22
30.	Árnessýsla	—	73 292.22
31.	Gullbringusýsla	—	45 211.19
32.	Hafnarfjarðarkaupstaður	—	35 890.14
33.	Kjósarsýsla	—	19 175.96
		Samtals kr.	1 294 860.19

2. Efnahagsreikningur Bjargráðasjóðs Íslands pr. 31. des. 1948.

A. Hinn sameiginlegi bjargráðasjóður:			
1. Í bankainnstæðum	kr. 469 618.19		
2. – verðbréfum	— 248 000.00		
3. – útlánum	— 42 850.00		
		kr.	760 468.19
B. Séreignasjóður (samkv. skrá)		—	1 294 860.19
		Samtals kr.	2 054 328.38

Skuldir engar.

Nd. 188. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til laga um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 5. gr. frv. komi ný grein, þannig:

Meðan ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins samkvæmt lögum þessum er í gildi, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að gjaldeyri, sem fæst fyrir neðangreindar vörur frá bátaútveginum, megi selja með álagi, er ákveðið sé af ríkisstjórninni, ef framleiðslukostnaður þeirra vörutegunda er meiri en söluverði þeirra nemur, og falli álag þetta til þeirra, er framleiða vörurnar, enda komi allur gjaldeyrir fyrir þær til ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna á sama hátt og gjaldeyrir fyrir aðrar útflutningsvörur. Vörur þær, sem þetta gildir um, eru:

1. Söltuð og reykt Faxasíld.
2. Fryst Faxasíld.
3. Vetrarsíld frá öðrum veiðisvæðum.
4. Smásíld.
5. Gellur.
6. Kinnfiskur.
7. Sundmagi.
8. Hákarls- og háfsskrápur.
9. Hákarls- og háfslýsi.
10. Alls konar fiskroð.
11. Reyktur fiskur.
12. Grálúða, witches, megrin og frystur háfur.
13. Hrogn.

Nd. 189. Breytingartillaga [81. mál.]

við brtt. á þskj. 186 (Ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins).

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Í stað „einni og hálfri milljón króna“ í síðari málsgr. till. komi: tveimur og hálfri milljón króna.

Nd. 190. Frumvarp til laga [81. mál]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum í janúar og febrúarmánuði 1950 75 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðum með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum framleiddum á tímabili því, er um ræðir í 1. gr., nái kr. 1.53 hvert

enskt pund fob. miðað við 7 punda pökkun, og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði þessa fisks.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð fisks þess, er um ræðir í 1. gr., verði kr. 2.52 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði rýrnun á saltfiski þessum, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 75 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða í janúar og febrúarmánuði 1950.

6. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

7. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

8. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 75 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

9. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

11. gr.

Til aðstoðar verðlagsyfirvöldum við ákvörðun verðlags á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, skipar ráðherra að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum.

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

12. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

13. gr.

Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstursvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara, þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um kr. 2 500 000.00, en hlutfallslega minna, ef ábyrgðin fellur niður fyrir 15. maí.

14. gr.

Til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950, að undanteknum f-lið 30. gr. laganna.

15. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 191. Fyrirspurnir [89. mál]

I. Til fjármálaráðherra um stríðsskaðabætur af hálfu Þjóðverja.

Frá Finni Jónssyni.

1. Hversu miklu hafa skaðabótagreiðslur af hálfu Þjóðverja vegna ófriðarins numið:
   a. Eignir þýzka ríkisins?
   b. Innstæður eða eignir þýzkra borgara?
2. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að verja þessum skaðabótum?

II. Til dómsmálaráðherra um undirbúning laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

1. Hvað líður undirbúningi frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?
2. Hefur við undirbúning málsins verið leitað álits þeirra aðila, sem hlut eiga að máli?
3. Má vænta þess, að frv. þetta verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr?

III. Til fjármálaráðherra um leigumála á húseign ríkisins á Leifsgötu 16.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

1. Hvernig er varið leigumála á húseign ríkisins á Leifsgötu 16?
2. Getur Landsspítalinn fengið hús þetta til afnota sem húsnæði fyrir hjúkrunarkonur?

Nd. 192. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 1.30 fyrir hvern lítra af lifur.

Nd. 193. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Áka Jakobssyni.

Við 13. gr. Í stað „15. maí“ komi: ársloka.

Nd. 194. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 14. gr. Niðurlag greinarinnar á eftir „að undanteknum“ hljóði svo: d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

Nd. 195. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Til að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950.

Ed. 196. Frumvarp til laga [81. mál.]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum í janúar og febrúarmánuði 1950 75 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðuum með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum framleiddum á tímabili því, er um ræðir í 1. gr., nái kr. 1.53 hvert enskt pund fob. miðað við 7 punda pökkun, og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði þessa fisks.

Ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð fisks þess, er um ræðir í 1. gr., verði kr. 2.52 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði rýrnun á saltfiski þessum, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 75 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða í janúar og febrúarmánuði 1950.

6. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

7. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

8. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 75 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

9. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

11. gr.

Til aðstoðar verðlagsyfirvöldum við ákvörðun verðlags á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, skipar ráðherra að fengnum tillög-

um frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum.

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

12. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

13. gr.

Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstursvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um kr. 2 500 000.00, en hlutfallslega minna, ef ábyrgðin fellur niður fyrir 15. maí.

14. gr.

Til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950, að undanteknum d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

15. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkv. 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 197. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á landskiptalögum, nr. 46 27. júní 1941.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 10. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú á ekki að endurskipta gömlum túnum, engjum eða öðru landi, — sem afnotaréttur (eignarréttur) hefur skapazt um samkvæmt nefndum hefðarlögum, — um leið og beitilandi er skipt, og skal þá eigi að síður meta hið hefðbundna land, og komi í ljós skakkt hlutfall samkvæmt því fasteignamati, sem skipt er eftir, þá skal það jafnað um leið og beitilandinu er skipt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flutti samhljóða frumvarp þessu á síðasta þingi. Frumvarpið dagaði þá uppi í efri deild. Nefndin flytur frumvarpið nú öðru sinni. Frumvarpinu fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

„Afstaða sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er mjög algeng við landskipti, og eru skiptin þá oftast ágreiningslaust framkvæmd eins og hér er mælt fyrir um, enda mun það vera eftir anda laganna, sbr. 11. gr. — Hins vegar hefur það borið við, þegar sérstaklega ósanngjarnir aðilar hafa átt hlut að máli, að ágreiningur hefur risið um, hvernig skilja beri lögin viðvíkjandi þessu atriði. Þykir því rétt að taka hér af öll tvímæli."

Nd. 198. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Stafliður d. í 1. gr. laganna orðist þannig:

Að jörðin sé ekki veðbundin öðrum lánsstofnunum en Byggingarsjóði í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands eða þeim lánsstofnunum, er koma í þeirra stað, verði verkefni þessara sjóða breytt eða þeir lagðir niður.

2. gr.

Fyrsti og annar málsl. 12. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu, til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

3. gr.

45. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni, til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma. Ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gilda eigi að því er snertir jarðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt samkv. tilmælum landbúnaðarráðherra og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarpið er samið af nýbýlastjórn, og fylgir því bréf stjórnarinnar, dags. 3. des. 1949, svo hljóðandi:

„Í lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, eru í III. kafla, 12. gr., fyrirmæli, er takmarka mjög veðbindingu óðalsjarða, þannig að lán, sem tekin eru með veði í óðalinu, til húsabóta og annarra varanlegra umbóta á jörðinni, mega aldrei nema hærri upphæð en 100% af fasteignamatsverði landsins, en þó ekki yfir 65% af heildarmati óðalsins.

Frá því að lög þessi voru sett, hafa orðið þær breytingar, að hlutfallið milli fasteignamats jarða og framkvæmdakostnaðar við umbætur á jörðunum hefur stórkostlega raskazt. Fasteignamatið, sem framkvæmt er 1939—42, er grundvallað á öðr-

um og lægri verðmæli og helzt óbreytt enn um langt skeið. Umbótakostnaður, bæði ræktun og húsabætur, hafa síðan farið hækkandi frá ári til árs, þetta hefur leitt til, að lánsheimild sú, er í lögunum felst, er nú allsendis ófullnægjandi fyrir þá, sem þurfa að gera umbætur á óðalsjörðum, enda þótt láns- og veðsetningarheimildin á þeim tíma, sem lögin voru sett, væri fullnægjandi fyrir aðila.

Í fyrstu eftir að lögin um ættaróðal og erfðaábúð voru sett, voru það einkum þær jarðir, sem gerðar voru að ættaróðulum, er upp höfðu verið byggðar og á höfðu verið gerðar varanlegar ræktunarumbætur. Með lögum um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, er samþykkt voru á Alþingi 1946, er tilskilið, að þjóð- og kirkjujarðir, sem ábúendur kaupa samkvæmt þeim lögum, séu gerðar að ættaróðali. Hafa síðan farið fram allmargar jarðasölur eftir þeim lögum. Flestar þessar jarðir eru lítt upp byggðar að varanlegum húsakosti og skammt á leið komnar með ræktun sína. Hafa margir þessara aðila leitað lána í byggingarsjóði og ræktunarsjóði, en vegna hins þrönga takmarks, sem sett er um veðhæfi óðalseigna, hafa þeir ekki getað fengið föst lán úr þessum sjóðum, er þeim sé nokkur stuðningur að, þegar miðað er við, hverju til umbótanna hefur verið kostnað.

Það er ljóst, að útilokun frá lánsmöguleikum getur leitt til þess, að óðalsjarðir falli úr ábúð og fari í eyði, ef eigendur þeirra geta ekki komið upp á þeim húsakosti og nauðsynlegri ræktun með viðhlítandi lánskjörum.

Það er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu, að óðalsréttarjarðir hafi þá lánsaðstöðu, er lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, svo og Ræktunarsjóður Íslands, veita öðrum jörðum í landinu, en þau lög, er um þessar stofnanir gilda, fela í sér takmarkanir um lánveitingar, sem telja má, að tryggi nægilega, að fé, sem lánað er út á jarðirnar, fari til nauðsynlegra framkvæmda, er bæti búrekstraraðstöðu jarðarinnar, og að jarðirnar verði þó ekki of hlaðnar veðskuldum.

Með tilliti til þessa er þess óskað, að hið háttvirta landbúnaðarráðuneyti taki til velviljaðrar athugunar meðfylgjandi breytingartillögur við lög um ættaróðal og erfðaábúð varðandi framangreind atriði.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson
landnámsstjóri.

Til landbúnaðarráðuneytisins.“

Nd. 199. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Flm.: Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson.

1. gr.

Aftan við 3. málsgr. 4. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsliður: Skulu þessi lán standa hjá stofnlánadeild, meðan þörf er á, og skal seðlabankinn reikna stofnlánadeild 1% vexti af því fé.

2. gr.

6. gr. laganna fellur niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. var lagt fyrir síðasta þing og fékk ekki afgreiðslu. Síðan hefur komið í ljós, að orðin er enn meiri nauðsyn á framgangi þessa máls, og er því frv. flutt á ný. Síðast fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar stofnlánadeild sjávarútvegsins var stofnuð við Landsbankann. var tilgangur löggjafans sá, að tryggja sjávarútveginum ódýrt stofnfé, einkum til þeirrar nýsköpunar, sem átti sér stað í sjávarútveginum á þeim árum, sem stofnlánadeildin var stofnuð. Það hefur hins vegar sýnt sig, eins og af ýmsum var búizt við, að þær 100 milljónir króna, sem seðlabankinn upprunalega lánaði stofnlánadeildinni, nægði ekki fyrir hinn nýja togara- og bátaflota. Það þarf nú að tryggja meira fé í stofnlánadeildina. Nú er það hins vegar svo, að samkvæmt 6. gr. laganna greiðir stofnlánadeildin seðlabankanum jafnóðum þær afborganir, sem hún fær frá skuldunautum sínum, þannig að veltufé stofnlánadeildarinnar fer síminnkandi, þ. e. a. s. sá hluti, sem til A-lána fer, og mundi, ef þessi lagagrein væri óbreytt, engum nýjum aðila verða lánað A-lán úr stofnlánadeild, en deildin sjálf smám saman hverfa. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gera á lögunum, mundi stofnlánadeildin geta notað afborganir þær, sem hún nú fær af lánum sínum, til nýrra útlána, en á þeim er sjávarútveginum hin mesta þörf, því enn skortir lánsfé handa síðustu nýsköpunartogurunum og allmörgum nýjum bátum.

Þá er enn fremur lagt til að ákveða með lögum þessum upphæð vaxtanna á því fé, sem seðlabankinn lánar stofnlánadeildinni. Í lögunum eins og þau nú eru ákveður bankastjórnin vextina með samþykki bankamálaráðherra. Eru þeir hafðir svo háir, að enginn möguleiki sé fyrir stofnlánadeild að hafa ágóða af lánum sínum og afla sér þar með nokkurs rekstrarfjár til útlána til viðbótar stofnfénu. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til, mundi stofnlánadeild hins vegar fá muninn á 1% vöxtum þeim, er hún samkvæmt þessari breytingu greiðir seðlabankanum, og 2½% útlánsvöxtunum — eða m. ö. o. 1½% af öllum A-lánum til sín.

Tilgangur þessara laga er að tryggja áframhaldandi starfsemi stofnlánadeildarinnar og það, að hún fái haldið upphaflegu stofnfé sínu og geti tryggt sjávarútveginum ódýr stofnlán. Án þessara breytinga verður stofnlánadeildin smádrepin og sjávarútveginum ekki tryggð nein ný ódýr stofnlán, en þau eru lífsskilyrði fyrir áframhaldandi vöxt hans og viðgang.“

Ed. 200. Nefndarálit [81. mál.]

um frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá neðri deild og var borið þar fram af ríkisstjórninni. Aðalefni þess er það, að ríkissjóður taki ábyrgð á ákveðnu afurðaverði til bátaútvegsins mánuðina janúar og febrúar þ. á., og framlengist sú ábyrgð til 15. maí þ. á., ef ekki verður fyrir lok febrúarmánaðar sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstrarvandamál bátaútvegsins.

Frumvarpið tók allmiklum breytingum í neðri deild, frá því er það var lagt fram, og voru þær veigamestar, að felld var niður heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta söluskatt samkvæmt 21. gr. laga nr. 100/1948 með allt að 30% tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættri 10% álagningu, en heimild þessi skyldi þá fyrst koma til greina, ef ábyrgðin framlengdist til 15. maí, svo og það nýmæli í 15. gr. frv., að ríkisstjórninni skuli heimilt að taka lán til stuðnings þeim, er stunduðu síldveiðar á s. l. sumri.

Eins og frv. þetta liggur fyrir, verður að líta á það sem hreina bráðabirgðaráðstöfun. Stöðvun útvegsins nú mundi vera beinn þjóðarvoði. Lítur nefndin svo á, að þessar bráðabirgðaráðstafanir verði því að gera, og leggur til, að frv. verði samþ., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að vera með breytingartill., sem fram kunna að koma, eða bera fram breytingartillögur.

Einn nm. (LJóh.) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 11. jan. 1950.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Brynj. Bjarnason. Þorst. Þorsteinsson.

H. Guðmundsson.

Ed. 201. Breytingartillögur [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt í janúar og febrúarmánuði 1950 það verð, sem lagt er til grundvallar við verðlagningu landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári, sbr. lög nr. 94/1947.
2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hefur Alþingi ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf um lausn rekstrarvandamála bátaútvegsins, og framlengist þá gildi laga þessara þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkv. 5. gr. um kr. 2 500 000.00, en hlutfallslega minna, ef ábyrgðin fellur niður fyrir 15. maí.

Ed. 202. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni og Haraldi Guðmundssyni.

Við 15. gr. Í stað „allt að einni og hálfri milljón króna“ komi: allt að 2¼ milljón króna.

Nd. 203. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um þetta mál. Ég er andvígur þessum álögum nú, eins og þegar þær voru á lagðar, og mundi, ef þær yrðu felldar, koma fram með tekjuöflunartillögur, sem kæmu réttlátar niður og yrðu ekki fyrst og fremst til að auka dýrtíðina, eins og þetta frv. gerði og gerir.

Hins vegar mun ég freista að koma fram breytingartillögum, ef frv. yrði samþykkt við 2. umr. En aðaltillaga mín er, að það sé fellt.

Alþingi, 11. jan. 1950.

Einar Olgeirsson.

Nd. 204. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. þessa. Undirritaður meiri hluti leggur til, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 4. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 11. jan. 1950.

Ásgeir Ásgeirsson, form.	Skúli Guðmundsson, fundaskr.	Sigurður Ágústsson, frsm.

Jóhann Hafstein.

Nd. 205. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Fyrir „allt að 3 millj. kr.“ í 9. gr. laganna komi: allt að 5½ millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum frá 12. jan. 1945 var svo fyrir mælt, að ríkið legði fram helming af kostnaðarverði véla þeirra og verkfæra, er verkfæranefnd ríkisins teldi væntanlegum ræktunarsamböndum þörf á vegna ræktunarframkvæmda samkvæmt lögunum. Framlag þetta skyldi greitt úr framkvæmdasjóði ríkisins, er stofnaður hafði verið með lögum nr. 55 frá 1942. Samkvæmt áætlun, er var gerð í sambandi við samningu laganna 1944—45 um hinn væntanlega vélakost sambandanna, var talið, að um 6 milljónir mundu duga til að fullnægja þeirri þörf. Var því framlag ríkisins úr framkvæmdasjóði bundið við 3 millj. króna.

Nú er það sýnilegt, að hin upphaflega áætlun um stofnkostnað við öflun ræktunarvélanna muni ekki standast. Ekki er það samt svo, að vélafjöldinn færi mjög fram úr áætlun, heldur hitt, að við reynsluna hafa samböndin mjög hallazt að kaup-

um á hinum stærri og dýrari vélum fram yfir það, sem upphaflega hafði verið ætlað, og svo hitt, að verð hefur farið mjög hækkandi hin síðari ár og hækkar enn, m. a. vegna gengisbreytinga þeirra, sem urðu síðastliðið haust.

Síðastliðið haust fól verkfæranefnd ríkisins þeim Pálma Einarssyni landnámsstjóra og Sigurði Kristjánssyni framkvæmdastjóra vélasjóðs að endurskoða stofnkostnaðaráætlunina samkv. hinum breyttu viðhorfum og reynslu þeirri, sem fengin er.

Fer hér á eftir bréf Pálma Einarssonar til flutningsmanns um mál þetta.

„Reykjavík, 6. jan. 1950.

Þar sem allflest hreppabúnaðarfélög í landinu hafa nú gerzt aðilar að starfandi ræktunarsamböndum, hefur verið gerð athugun á því, hvern vélakost og jarðvinnslutæki þessi ræktunarsambönd þurfa, og er að miklu leyti miðað við þá upphaflegu áætlun, er verkfæranefnd gerði um þetta, en nokkrar breytingar hafa orðið um stærð véla og verkfæra, sem flestar hafa farið í þá átt, að fjölgað hefur 35—40 hestafla vélum, en færri teknar af 30 hestafla vélum og minni gerðum.

Samkvæmt spjaldskrám vélasjóðs um jarðvinnslutæki ræktunarsambanda, sem búið er að styrkja, þá kemur í ljós, að af samþykktum vélakosti, sem kemur undir ákvæði laganna um ræktunarsamþykktir, að því er tekur til framlags úr framkvæmdasjóði, má gera ráð fyrir, að eftir sé að veita úr framkvæmdasjóði styrk á 55 beltisdráttarvélar með tilheyrandi verkfærakosti og 11 skurðgröfur, sem eru og vænta má að verði eign ræktunarsambanda.

Sé miðað við núverandi söluverð þessara véla, verður sundurliðað verð þeirra miðað við stærðir sem hér segir, og eru þá reiknuð með í verðinu þau verkfæri til jarðvinnslu, sem hverri vél þurfa að fylgja.

12	stk.	30 hestafla vélar með verkfærum	kr.	780 000.00
18	—	35—50 hestafla vélar með verkfærum	—	1 620 000.00
7	—	yfir 50 hestafla vélar með verkfærum	—	750 000.00
18	—	aðrar stærðir véla með verkfærum	—	442 000.00
			Samtals kr.	3 592 000.00
11	—	skurðgröfur 55—65 hestafla	—	1 276 000.00
			Alls kr.	4 868 000.00

Framlag framkvæmdasjóðs til þessara vélakaupa næmi samkvæmt lögum 2.434 þúsund krónum.

Hér er ekki að ræða um neina verulega aukningu á vélakosti frá því, sem upprunalega var áætlað, þegar stofnframlög ræktunarsambanda voru ákveðin, en nauðsyn á hækkun framlagsins byggist fyrst og fremst á þeirri miklu verðlagshækkun, sem verður á þeim vélakosti, sem kom seinni hluta ársins 1949, og að áætla verður allar ókomnar vélar ekki lægra verði. Af hinum tilgreinda vélakosti kom nokkur hluti til landsins á síðasta ári, og á yfirstandandi ári er búizt við 24 vélum. Eftir er að greiða ræktunarsamböndum styrk á 5 skurðgröfur, sem þau hafa keypt á síðustu tveimur árum.

Það má því reikna með, að á árinu 1950 komi meiri hluti styrkfjárhæðarinnar til útborgunar, eða rúmlega 1.5 milljónir.

Þetta leyfi ég mér að tjá þér sem niðurstöðu athugana okkar Sigurðar Kristjánssonar, sem gerðar voru samkvæmt ákvörðun síðasta fundar verkfæranefndar ríkisins.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Hr. alþm. Bjarni Ásgeirsson, Reykjavík.“

Nú mun ekki vera eftir í framkvæmdasjóði ríkisins nema um ½ milljón óráðstöfuð til þessara mála, og virðist því óvarlegt að ætla til viðbótar minna en 2½ milljón króna, svo að nokkurn veginn öruggt geti talizt, að ræktunarsambönd þau, sem enn hafa ekki eignazt nauðsynlegan vélakost, geti hlotið þann stuðning við öflun hans, er lögin heita þeim.

Í lögum um dýrtíðarráðstafanir, nr. 128 frá 1947, er svo ákveðið í 2. gr., að tekjur þær, sem til kunna að falla samkv. II. kafla laganna (um eignaraukaskatt), skuli skiptast að jöfnu milli framkvæmdasjóðs ríkisins og afla- og hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins. Ekki munu enn þá liggja fyrir upplýsingar um, hve hárri upphæð heildarskatturinn nemur, en lauslegar áætlanir munu hafa verið um, að hann gæti orðið 10 milljónir króna. En það ætti að koma í ljós einhvern tíma á þessu ári. Ef þessi áætlun stæðist, að 5 millj. króna tilféllu hvorum sjóðnum, væri það um helmingur hinna nýju tekna framkvæmdasjóðs, sem bundnar yrðu til þessara framkvæmda í þarfir ræktunarmálanna.

Ed. 206. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 1.30 fyrir hvern lítra af lifur.

Ed. 207. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til laga um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Á eftir 5. gr. frv. komi ný grein, þannig:

Meðan ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins samkvæmt lögum þessum er í gildi, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að gjaldeyri, sem fæst fyrir neðangreindar vörur frá bátaútveginum, megi selja með álagi, er ákveðið sé af ríkisstjórninni, ef framleiðslukostnaður þeirra vörutegunda er meiri en söluverði þeirra nemur, og falli álag þetta til þeirra, er framleiða vörurnar, enda komi allur gjaldeyrir fyrir þær til ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna á sama hátt og gjaldeyrir fyrir aðrar útflutningsvörur. Vörur þær, sem þetta gildir um, eru:

1. Söltuð og reykt Faxasíld.
2. Fryst Faxasíld.
3. Vetrarsíld frá öðrum veiðisvæðum.
4. Smásíld.
5. Gellur.
6. Kinnfiskur.
7. Sundmagi.
8. Hákarls- og háfsskrápur.
9. Hákarls- og háfslýsi.

10. Alls konar fiskroð.
11. Reyktur fiskur.
12. Grálúða, witches, megrin og frystur háfur.
13. Hrogn.

Ed. 208. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 13. gr. Niðurlag greinarinnar frá og með orðunum „15. maí 1950“ orðist svo: ársloka 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. hlutfallslega við gildistíma laganna.

Ed. 209. Frumvarp til laga [81. mál.]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum í janúar og febrúarmánuði 1950 75 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðum með haus.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 1.30 fyrir hvern lítra af lifur.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum framleiddum á tímabili því, er um ræðir í 1. gr., nái kr. 1.53 hvert enskt pund fob. miðað við 7 punda pökkun, og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði þessa fisks.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð fisks þess, er um ræðir í 1. gr., verði kr. 2.52 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði rýrnun á saltfiski þessum, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 75 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða í janúar og febrúarmánuði 1950.

6. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

7. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

8. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 75 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

9. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

11. gr.

Til aðstoðar verðlagsyfirvöldum við ákvörðun verðlags á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, skipar ráðherra að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum.

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

12. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

13. gr.

Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstursvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um kr. 2 500 000.00, en hlutfallslega minna, ef ábyrgðin fellur niður fyrir 15. maí.

14. gr.

Til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950, að undanteknum d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

15. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 210. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá fjármálaráðherra.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Komi ákvæði 13. gr. til framkvæmda, er ríkisstjórninni heimilt að innheimta söluskatt samkvæmt 21. gr. laga nr. 100/1948 með allt að 25% af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði.

Ed. 211. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við síðari mgr. bætist: miðað við 60% lýsismagn af 1. flokks lýsi. Lifur, sem inniheldur minna lýsismagn, skal tryggja með hlutfallslega lægra verði, miðað við lýsismagnið.

Nd. **212. Frumvarp til laga** [81. mál.]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum í janúar og febrúarmánuði 1950 75 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðum með haus.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 1.30 fyrir hvern lítra af lifur, miðað við 60% lýsismagn af 1. flokks lýsi. Lifur, sem inniheldur minna lýsismagn, skal tryggja með hlutfallslega lægra verði, miðað við lýsismagnið.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum framleiddum á tímabili því, er um ræðir í 1. gr., nái kr. 1.53 hvert enskt pund fob. miðað við 7 punda pökkun, og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði þessa fisks.

Ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð fisks þess, er um ræðir í 1. gr., verði kr. 2.52 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði rýrnun á saltfiski þessum, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 75 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða í janúar og febrúarmánuði 1950.

6. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

7. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

8. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 75 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

9. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

11. gr.

Til aðstoðar verðlagsyfirvöldum við ákvörðun verðlags á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, skipar ráðherra að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum.

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

12. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

13. gr.

Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstursvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um kr. 2 500 000.00, en hlutfallslega minna, ef ábyrgðin fellur niður fyrir 15. maí.

14. gr.

Til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950, að undanteknum d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

15. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkv. 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 213. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á lögum nr. 50 frá 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga o. fl.

Flm.: Magnús Kjartansson, Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Fyrsti liður 1. greinar laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að III. kafli laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og sveitum, kaflinn um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, taki gildi á ný. Í þeim kafla er sem kunnugt er svo fyrir mælt, að sveitarstjórnir skuli safna skýrslum um fjölskyldur þær í kaupstöðum eða kauptúnum, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og kynna sér aðstæður þeirra. Síðan skuli sveitarstjórnir semja áætlanir um, hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi húsnæði og geta ekki byggt sér sæmilegar vistarverur af eigin ramleik. Skýrslur þessar skulu síðan sendar ríkisstjórninni ásamt áætlunum um kostnað og þann tíma, sem gert er ráð fyrir, að framkvæmdirnar taki. Síðan segir svo í 31. gr.:

„Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á .... að nauðsyn sé slíkra íbúðabygginga, sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið."

Síðan segir í lögunum, að íbúðir þær, sem byggðar eru samkvæmt þessum ákvæðum, skuli „leigðar þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búa, og skulu þeir ganga fyrir, sem búa við lakast húsnæði og erfiðastar heimilisástæður". (34. gr.)

Tilgangur þessarar löggjafar var sem sagt sá að útrýma með öllu heilsuspillandi húsnæði á Íslandi, og er svo fyrir mælt, að stefnt skuli að því að ljúka því verkefni á fjórum árum. Þessi löggjöf er við hlið tryggingalaganna og nýju fræðslulöggjafarinnar merkasta félagsmálalöggjöf, sem sett hefur verið hér á landi.

En það fyrirheit, sem Alþingi gaf þjóðinni með lagasetningunni um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, var ekki efnt. Samkvæmt henni voru aðeins byggðar 64

íbúðir við Skúlagötu í Reykjavík og nokkrar íbúðir á Ísafirði. En áður en lengra væri haldið til framkvæmda hinni myndarlegu áætlun var kaflinn um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis raunverulega felldur úr gildi vorið 1948 af fylgismönnum þáverandi ríkisstjórnar. Ástæðan til þeirrar ráðstöfunar var þó ekki sú, að þörfin væri niður fallin, heldur hefur hún, sem alkunnugt er, farið vaxandi á síðustu árum. Árið 1946, eftir að samþykkt hafði verið að útrýma heilsuspillandi húsnæði á Íslandi, var framkvæmd rannsókn á húsnæði í Reykjavík, og komst héraðslæknir að þeirri niðurstöðu, að af 326 braggaíbúðum væru 200 heilsuspillandi, og að af 1884 kjallaraíbúðum væru 452 heilsuspillandi. Í þessum 652 íbúðum bjuggu þá um 3300 manns, en rannsóknin var engan veginn tæmandi, náði t. d. ekki til skúra, háaloftsskonsa o. s. frv. Hliðstæðar tölur eru ekki til frá síðari árum, en ástandið mun sízt hafa farið batnandi, t. d. skýrði húsaleigunefndin í Reykjavík frá því fyrir skömmu, að hún hefði vitneskju um að 1677 manns, þar af 419 börn, byggju í bröggum og öðru bráðabirgðahúsnæði, en það er 377 manns fleira en bjó í bröggum 1946. Á sama hátt hafa aðstæður verið í ýmsum öðrum kaupstöðum og kauptúnum.

Við þetta bætist, að möguleikar manna til að koma sér upp íbúðum af eigin ramleik eða komast yfir sæmilegt leiguhúsnæði með viðunanlegum kjörum hafa rýrnað stórum á undanförnum árum. Byggingarframkvæmdir hafa verið takmarkaðar á skipulegan hátt, byggingarkostnaður hefur aukizt að mun, fjáröflunarmöguleikar og lánskjör hafa stórversnað og svartur markaður færzt í aukana. Afleiðingin hefur orðið sú, að jafnvel fólki með sæmileg launakjör er nú að verða ókleift að búa í nýjum húsum, hvað þá þeim, sem við erfiðust kjör lifa og nú neyðast til að búa við hættu á heilsutjóni, að mati lækna.

Síðan kaflinn um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis var raunverulega felldur úr gildi, hafa þingmenn sósíalista tvívegis lagt til, að veitt yrði fé á fjárlögum til framkvæmda honum. Þær tillögur hafa verið felldar. En nú er ástæða til að ætla, að hugarfarsbreyting hafi orðið hjá meiri hluta Alþingis. Undanfarnar vikur hafa málgögn Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins gert mál þessi að umtalsefni, lýst á eftirminnilegan hátt hinum ömurlegu lífskjörum þess fólks, sem þjóðfélagið neyðir til að búa í bröggum, saggakjöllurum, háaloftum og skúrum, og bent á þjóðfélagslegar afleiðingar þessa hörmulega misréttis. Virðist að óreyndu ástæða til að ætla, að þessar lýsingar sýni viðhorf þeirra stjórnmálamanna, sem að blöðunum standa, og að Alþingi það, er nú situr, muni á ný gera ráðstafanir til að framkvæma hina myndarlegu áætlun um útrýmingu alls heilsuspillandi húsnæðis á Íslandi.

Nd. 214. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin sendi Tóbakseinkasölu ríkisins frumvarpið til umsagnar, og í bréfi, sem prentað er hér með sem fylgiskjal, lýsir forstjóri einkasölunnar sig samþykkan því, að hætt verði að krefja viðskiptamenn um greiðslu á flutningskostnaði og að söluverð á tóbaksvörum verði hið sama hvar sem er á landinu.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. jan. 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form. Skúli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Sig. Ágústsson,

Einar Olgeirsson, Jóhann Hafstein.

Fylgiskjal.

Með bréfi frá 14. des. senduð þér mér til umsagnar frv. til laga um breyting á 11. og 12. gr. laga frá 1931 um einkasölu ríkisins á tóbaki. Eins og ég tjáði formanni háttvirtrar fjárhagsnefndar þegar eftir að ég fékk bréf yðar, þá tel ég, að rétt sé, að álagning Tóbakseinkasölunnar vegna flutningskostnaðar falli niður, enda hafði ég lagt til við fjármálaráðuneytið fyrir alllöngu síðan, að svo yrði. Bæði er það, að álagning þessi er óeðlileg að því leyti, að sjálfsagt virðist vera, að sama verð gildi um sömu vöru hvar sem er á landinu, og ranglát að því leyti, að þessi 5%, sem hér um ræðir, gera meira en bæta upp flutningskostnaðinn, sé miðað við eðlilegan flutningskostnað með skipi.

Ég vil benda háttvirtri fjárhagsnefnd Alþingis á það, að ég tel þá breytingu, sem felst í 2. gr. frv., ná þeim tilgangi, sem frv. stefnir að, og teldi ég eðlilegast, að breyting á annarri málsgrein 11. greinar laganna yrði sú ein, að málsgreinin: „kostnað á vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn“, falli niður. Mun það þá koma af sjálfu sér, að einkasalan greiði þennan kostnað eftir nánari reglum, sem hún setur og miðast verða við venjulegan flutningskostnað.

Ég vil taka það fram, að svar við bréfi yðar er fyrst sent í dag sökum þess, að til athugunar var að láta því fylgja tillögu um frekari breytingar á einkasölulögunum, en þær tillögur verða að bíða síðari tíma. Vona ég, að sá dráttur, sem orðið hefur á að svara bréfi yðar og stafar af þessum ástæðum, hafi ekki valdið neinum óþægindum.

Virðingarfyllst,

Jóhann Möller,
forstj. Tóbakseinkasölunnar.

Til fjárhagsnefndar Nd. Alþingis, Reykjavík.

Nd. 215. Breytingartillaga [51. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. 1. málsliður orðist svo: Frá 1. janúar 1950 skal innheimta:

Nd. 216. Frumvarp til laga [51. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Frá 1. janúar 1950 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtolli samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 217. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 1. gr. Síðari málsgrein gr. falli niður.

Nd. 218. Breytingartillaga [81. mál.]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo: Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 1.30 fyrir hvern lítra af lifur.

Ed. 219. Frumvarp til laga [81. mál.]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum í janúar og febrúarmánuði 1950 75 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðum með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum framleiddum á tímabili því, er um ræðir í 1. gr., nái kr. 1.53 hvert enskt pund fob. miðað við 7 punda pökkun, og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði þessa fisks.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð fisks þess, er um ræðir í 1. gr., verði kr. 2.52 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði rýrnun á saltfiski þessum, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 75 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða í janúar og febrúarmánuði 1950.

6. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

7. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

8. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 75 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

9. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

11. gr.

Til aðstoðar verðlagsyfirvöldum við ákvörðun verðlags á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, skipar ráðherra að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum.

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

12. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

13. gr.

Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstursvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara, þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um kr. 2 500 000.00, en hlutfallslega minna, ef ábyrgðin fellur niður fyrir 15. maí.

14. gr.

Til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950, að undanteknum d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

15. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 220. Breytingartillaga [51. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjármálaráðherra.

Við 4 gr. Aftan við greinina bætist: og gilda til ársloka 1950.

Nd. 221. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Ásgeir Bjarnason.

Við 1. gr. Framan við greinina koma tveir liðir:

1. Á eftir liðnum B. 33 í 2. gr. laganna kemur:
   Sauðafellsvegur: Af Vesturlandsvegi að Sauðafelli.
2. Liðurinn B. 34 í sömu lagagr. orðist þannig:
   Haukadalsvegur: Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Leikskála og áfram að Skarði og Krossi.

Ed. 222. Breytingartillaga [51. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 1.30 fyrir hvern lítra af lifur.

Sþ. **223. Frumvarp til laga** [81. mál.]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

(Eftir eina umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 209.

Nd. **224. Breytingartillaga** [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Fimm manna nefnd, kosin með hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, skal úthluta togurum þessum fyrir 29. jan. þ. á. Kaupendum skal reiknað kaupverð togaranna í ísl. krónum með þeirri gengisskráningu ísl. krónu gagnvart sterlingspundi, er gildir á úthlutunardegi, hvaða breyting sem verða kann á gengi því, áður en togararnir verða að fullu greiddir.

Sþ. **225. Breytingartillaga** [81. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 1. gr. Síðari málsgrein 1. gr. falli niður.

Sþ. **226. Lög** [81. mál]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 12. jan.)

Samhljóða þskj. 209.

Nd. **227. Breytingartillaga** [51. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað „Frá 1. janúar 1950“ í upphafi greinarinnar komi: Í janúar- og febrúarmánuði 1950.

Ed. 228. Frumvarp til laga [51. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Frá 1. janúar 1950 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1950.

Ed. 229. Breytingartillaga [51. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 4. gr. Í stað „ársloka 1950“ komi: 1. marz 1950.

Ed. 230. Lög [51. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1949, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 13. jan.)

Samhljóða þskj. 228.

Ed. 231. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin tók mál þetta fyrir til umræðu strax að lokinni 1. umræðu í Ed. í desember s. l. Mætti atvmrh. á fundinum og lagði fram mótmæli frá stjórn Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og stjórn skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum gegn því að leyfa útlendingum veiði innan landhelgi Íslands eða á hinu kortlagða þorskanetasvæði við Vestmannaeyjar. Út af þessu þótti nefndinni rétt að senda frv. ásamt framanrituðum mótmælum til stjórnar Fiskifélags Íslands til umsagnar. Var því ekki unnt að skila málinu úr nefnd svo snemma, að það fengi afgreiðslu í Alþingi fyrir lok s. á.

Með bréfi, dags. 5. þ. m., tilkynnir Fiskifélag Íslands nefndinni, að stjórn þess hafi á fundi samþykkt að mæla með því, að frv. næði fram að ganga, með þeim fyrirvara þó, að Færeyingum verði sett það skilyrði fyrir áframhaldandi heimild til handfæraveiða í landhelgi, að þeir stundi ekki veiðar á kortlögðum þorskanetasvæðum við strendur landsins.

Út af þessu þótti nefndinni nauðsyn á því að fá málið enn betur upplýst, áður en hún skilaði áliti sínu, og hefur hún í viðræðum við utanríkisráðuneytið og Skipaútgerð ríkisins fengið eftirfarandi upplýsingar:

Fyrir nokkrum árum var kortlagt netasvæði við Vestmannaeyjar, sem takmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirfarandi staða: a) Geirfuglasker, b) 63°15′8″ n.br., 20°46′5″ v.l. c) 63°19′3″ n.br., 21°0′0″ v.l. d) 63°27′4″ n.br., 20°55′7″ v.l. e) Einidrangur. Enn fremur var á sama tíma kortlagt neta- og línusvæði við Reykjanes, sem takmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirfarandi staða: a) Útskálaviti. b) 64°16′0″ n.br. og 23°26′0″ v.l. c) 63°42′7″ n.br. og 23°25′0″ v.l. d) Reykjanesviti. Bæði hin kortlögðu svæði ná alllangt út fyrir landhelgislínu. Eru því engin tök á því að banna veiðar á þessum svæðum að óbreyttri landhelgislöggjöf. En vegna þess, að svæðin eru á vissum tímum ársins aðalveiðisvæði meginhluta bátaflotans og þann tíma þéttsett mjög verðmætum veiðarfærum, er afar nauðsynlegt að á þeim sé ekki veitt með dragnót, botnvörpu eða handfærum á þeim tíma, sem bátaflotinn veiðir þar með netum eða línu. Hafa því svæði þessi verið kortlögð, sem fyrr greinir, og hinum ýmsu fiskveiðiþjóðum, sem veiðar stunda hér við land, send þessi kort, með tilmælum um, að þær hlutist til um það, að þegnar þeirra veiddu ekki með dragnót, botnvörpu eða handlínu á hinum kortlögðu svæðum á tímabilinu frá 1. febr. til 15. maí ár hvert, eða á þeim tíma, sem bátaflotinn starfar þar við neta- og línuveiðar, til þess að forðast það að valda tjóni á veiði og veiðarfærum Íslendinga. Hafa flestar þessar þjóðir orðið við þessum tilmælum að meira en minna leyti.

Að fengnum þessum upplýsingum leit n. svo á, að hvorki væri heppilegt né rétt að setja það sem skilyrði fyrir framlengingu undanþágu þeirrar, sem hér um ræðir, að Færeyingar veiddu heldur eigi með handfærum á hinum kortlögðu svæðum, þar sem áður hefði ekki verið rætt um það atriði beinlínis við viðkomandi aðila. Hins

vegar leggur n. á það áherzlu, að ráðuneytið leiti nú þegar samkomulags um það við rétta aðila, að Færeyingar veiði ekki á fyrrnefndum kortlögðum svæðum frá 1. febr. til 15. maí með botnvörpu, dragnót eða handfærum, til þess að valda þar ekki á þann hátt veiðarfæratapi fyrir bátaflota vorum. Takist ekki slíkir samningar, lítur n. svo á, að ekki beri að framlengja oftar slíka undanþágu sem hér um ræðir, þótt svo kynni að fara, að eigi hefði verið gengið að fullu þá frá skilnaðarmálinu á milli ríkjanna, nema að tilsettu því skilyrði, sem Fiskifélag Íslands hefur nú viljað setja í frv. í sambandi við afgreiðslu þess.

Afgreiðsla málsins á þennan hátt nú er að sjálfsögðu ekkert fyrirheit um það af n. hálfu, að slík undanþága sem hér um ræðir verði tekin upp í endanlega samninga milli ríkjanna, þegar gengið verður frá þeim málum á sínum tíma.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, þykir n. rétt að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. jan. 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Eiríkur Einarsson.

Steingrímur Aðalsteinsson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 20. des. 1949.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar, Alþingi.

Út af frumvarpi því um framhaldandi fiskveiðaréttindi Færeyinga hér við land, sem nú liggur fyrir háttvirtri efri deild, hefur stjórn Útvegsbændafélags Vestmannaeyja sent mótmæli til Alþingis símleiðis, svo hljóðandi:

„Við leyfum oss hér með að fara fram á það við Alþingi, að það í sambandi við afgreiðslu málaleitunar dönsku ríkisstjórnarinnar gagnvart fiskveiðum Færeyinga hér við land leyfi ekki erlendum skipum veiðar innan landhelgi eða á hinu kortlagða þorskanetasvæði við Vestmannaeyjar með hvers konar veiðarfærum.

Við viljum benda á þá staðreynd, að er handfæraskipin hefja veiðar á netasvæðinu, tæla þau fiskinn frá botni og stórspilla með því þorskanetaveiðunum.

Stjórn Útvegsbændafélags Vestmannaeyja

Jónas Jónsson. Jóhann Sigfússon. Kjartan Guðmundsson.
Sæmundur Jónsson. Ársæll Sveinsson.

Stjórn skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi

Jóhann Pálsson. Eyjólfur Gíslason. Ólafur Sigurðsson.

Þetta leyfi ég mér hér með að tilkynna háttvirtri sjávarútvegsnefnd efri deildar.

Virðingarfyllst

Jóhann Þ. Jósefsson.

Fylgiskjal II.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 5. jan. 1950.

Vér höfum móttekið bréf hv. sjávarútvegsnefndar, dags. 21. f. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 85 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, ásamt umsögn Útvegsbændafélags Vestmannaeyja.

Á fundi sínum í gær samþykkti stjórnin að mæla með frv. þessu, þó með þeim fyrirvara, að Færeyingum verði sett það skilyrði fyrir áframhaldandi heimild til handfæraveiða í landhelgi, að þeir stundi ekki veiðar á kortlögðum þorskanetasvæðum.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis, Reykjavík.

Ed. 232. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1. febr. 1936, um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. jan. 1950.

Gísli Jónsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.
Steingr. Aðalsteinsson. Eiríkur Einarsson.

Nd. 233. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á eftir 2. gr. komi ný gr, svo hljóðandi:
   Í stað „100 ár“ í staflið a. í 26. gr. laganna komi: 75 ár.
2. Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 234. Nefndarálit [59. mál]

um till. til þál. um tilraunir með límvatn sem áburð til ræktunar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt þáltill. Þótti rétt að senda hana til umsagnar til Búnaðarfélags Íslands, landnámsstjóra og rannsóknaráðs ríkisins, og eru umsagnir þessara aðila birtar hér með sem fylgiskjöl.

Það er sameiginlegt álit þessara aðila, að ekki muni svara kostnaði að flytja límvatnið langar leiðir frá verksmiðju og komi því helzt til greina að nota það í námunda við verksmiðjurnar, nema því að eins, að það sé áður eimað, en þá bæri

frekar að nota það sem fóður en áburð. Hins vegar þykir rétt, að tilraunir þær, sem um ræðir í þáltill., verði framkvæmdar nálægt verksmiðjum undir eftirliti fyrrnefndra aðila, þar sem þannig mætti fá árangur af rannsóknunni án verulegs kostnaðar. Vill n. leggja áherzlu á, að framkvæmdar verði tilraunir með límvatnið á þessum grundvelli þegar á komandi vori, og leggur því til, að þáltill. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. jan. 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson.
Halldór Ásgrímsson.	Ingólfur Jónsson.	Jónas G. Rafnar.
Ásmundur Sigurðsson.	Pétur Ottesen.	Helgi Jónasson.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 6. jan. 1950.

Með bréfi, dagsettu 15. des. f. á., hefur hin háttvirta fjárveitinganefnd Alþingis sent Búnaðarfélaginu til umsagnar: Tillögu til þingsályktunar um tilraunir með límvatn sem áburð til ræktunar.

Vér höfum rætt þetta mál við jarðræktarráðunauta vora. Þeir hafa haft samráð við jarðvegsfræðing landbúnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans. Hefur hann látið oss í té umsögn sína um þetta mál. Sú umsögn fylgir hjálagt í afriti. Má skoða þessa umsögn sem sameiginlegt álit jarðræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands og dr. Björns Jóhannessonar.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands vill leyfa sér, auk þess, sem fram kemur í áðurnefndri umsögn, að taka eftirfarandi fram:

Stjórnin telur mjög nauðsynlegt, að leitað verði eftir leiðum til þess að hagnýta þau verðmæti, sem í límvatni eru, á sem hagkvæmastan hátt, hvort sem heppilegra kann að reynast að hagnýta hin verðmætu efni til fóðurs, sem líklegt má teljast, eða til áburðar.

Virðingarfyllst,

Steingr. Steinþórsson.

Til fjárveitinganefndar, Alþingi.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS

Reykjavík, 17. des. 1949.

Sem svar við tilmælum yðar um, að ég láti í ljós álit varðandi tillögu til þingsályktunar um tilraunir með límvatn, sem áburð til ræktunar, skal athygli vakin á eftirfarandi:

Naumast virðist koma til greina að nota límvatn sem áburð af tveim ástæðum. Sú fyrri er, að límvatnið er of dýr áburður, hin síðari, að það er, þegar mestur hluti vatnsins hefur verið eimaður burt, verðmætt fóðurefni.

Þessar ályktanir má rökstyðja sem hér segir:

Gerum ráð fyrir, að bóndinn beri á hvern hektara 75 kg af hreinu köfnunarefni og að hvert kíló kosti, komið á túnið, kr. 4.00 í tilbúnum áburði. Mun verðið hér ríflega áætlað, en samkvæmt þessu kostar köfnunarefnisáburður kr. 300.00 á einn hektara túns.

Nærri mun láta, að límvatn frá síldarverksmiðjum innihaldi 1% af köfnunarefni, og þyrfti þá 7500 kg af límvatni á hvern hektara túns til að jafngilda 75 kg

af köfnunarefni í tilbúnum áburði, og er þá gert ráð fyrir, að köfnunarefni í límvatni sé jafnvirkt og í tilbúnum áburði. En raunverulega mun hvert kg af köfnunarefni í tilbúnum áburði öllu virkara.

7500 kg af límvatni mætti þá kosta kr. 300.00 komið í landið, eða flutnings- og dreifingarkostnaður á hverja smálest, miðað við að límvatnið fáist ókeypis, mætti vera kr. 40.00, og er af þessu ljóst, að límvatnið óeimað þolir að kalla engan flutning og yrði aðeins notað hið næsta verksmiðjunum. Eigi hins vegar að eima vatnið úr límvatninu, svo að það innihaldi t. d. um 50% vatn, þá mundi slík eiming varla kosta minna en kr. 350—400 á 7500 kg af límvatni, og er þá ljóst, að það fær ekki staðizt samanburð við tilbúinn áburð, einkum ef þess er jafnframt gætt, að hér er um nokkurs konar vatnsgraut að ræða, er yrði að flytjast á tunnum og yrði alls óþjáll í dreifingu.

Í annan stað vill svo til, að nefndur límvatnsgrautur er verðmætt fóðurefni, og mundi útflutningsverðmæti slíkrar vöru nema allmiklu meira en verðmæti hennar sem áburðar. Það kæmi því vart til greina að nota límvatnið sem áburð á þennan hátt.

Björn Jóhannesson.

Til Búnaðarfélags Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 16. des. 1949.

Móttekið bréf háttvirtrar fjárveitinganefndar, dags. 15. þ. m., ásamt tillögu til þingsályktunar varðandi tilraunir með límvatn sem áburð til ræktunar.

Tilraunir með notkun límvatns frá fiskimjölsverksmiðjunum hafa ekki verið framkvæmdar af tilraunastöðvunum. Tilraunaráði er kunnugt um, að það hefur verið lítils háttar reynt af einstaklingum við túnrækt, án þess þó að þeir hafi haldið áfram notkun þess. Límvatn hefur þó nokkurt áburðargildi vegna köfnunarefnis þess, sem í því er.

Tilraunaráð jarðræktar ákvað fyrir tveimur árum, að tilraunastöðin á Akureyri aflaði sér límvatns frá Siglufirði og gerði tilraunir með það. Það var reynt að fá það þá um vorið, en var þá ekki fyrir hendi nægilega snemma til að tilraunin kæmi að gagni. Að sjálfsögðu munu tilraunastöðvarnar fúsar til að taka málið upp aftur. Á hitt má aftur benda, að ekki má festa miklar vonir við fjárhagslega hagstæðan árangur af notkun þess, vegna þess hve efnainnihaldið af hinu verðmæta efni, köfnunarefninu, er hlutfallslega lítið, en flutningskostnaður á límvatninu yrði fyrirhafnar- og kostnaðarsamur. En í þessu sambandi kæmi því einnig til greina að gera rannsókn á því, hvort hægt væri með tækniaðferðum að nema burtu nokkurn hluta vatnsins til að auka styrkleika þess og áburðargildi.

Samkvæmt framansögðu tel ég mál þetta mjög athyglisvert, en að órannsökuðu máli er ekki hægt að gera sér grein fyrir, hvað slíkar tilraunir kostuðu, nái tilraunin bæði til hagnýtingar límvatnsins í óbreyttu ástandi og líka til hins, að breyta því í hagstæðara notkunarform. Tilraunir með notkun límvatns í óbreyttu ástandi geta tilraunastöðvarnar ein eða fleiri tekið upp. En rannsóknir í sambandi við að breyta því í hagstæðara notkunarform má búast við að kosti það mikið, að gera má ráð fyrir, að til slíkra rannsókna þyrfti sérstakan fjárhagslegan stuðning.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til fjárveitinganefndar sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 23. des. 1949.

Bréf háttvirtrar fjárveitinganefndar sameinaðs Alþingis, dags. 15. þ. m., og tillaga til þingsályktunar nr. 78 um tilraunir með límvatn sem áburð til ræktunar hefur verið til athugunar í rannsóknaráði, sem hefur samþykkt að gefa eftirfarandi álit:

Svonefnt límvatn eða pressuvökvi frá síldarverksmiðjum er talið nema 90 kg úr hverju máli síldar, sem unnið er með pressum.

Í límvatninu er talið vera ca. 6% af proteini og eitthvað af söltum og fitu, en aðeins proteinið er talið nýtilegt fyrir jarðrækt.

Í proteini er ca. 16% af köfnunarefni, og því eru ca. 10 kg af köfnunarefni í hverri smálest af límvatni, og verðmætið þannig 35—40 kr. á smálest, á ræktunarstaðnum.

Eins og er rennur límvatnið til sjávar. Ef í þess stað ætti að hirða vatnið til eins eða annars, þyrfti að útbúa safn- og geymsluþrær með allmiklum kostnaði, og þeim mun meiri sem lengra þyrfti að flytja vatnið.

Er því augljóst, að notkun límvatns til áburðar kemur aðeins til greina í nánd við verksmiðjustaðina, með ýtrasta sparnaði í geymslu- og flutningskostnaði, og að takmörkuðu leyti eftir staðháttum. En um nytsemi þess til áburðar í stórum stíl er naumast að ræða.

Á það skal að lokum bent, að eimað límvatn er mjög eftirsótt dýrafóður og kemur því að sjálfsögðu ekki til greina sem áburður.

Virðingarfyllst,

Ásgeir Þorsteinsson

p. t. formaður.

Til fjárveitinganefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Ed. 235. Lög [69. mál]

um breyting á lögum nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

(Afgreidd frá Ed. 16. jan.)

Samhljóða þskj. 113.

Ed. 236. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1948, um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Í stað orðanna „Á árinu 1949“ í niðurlagi 1. gr. komi: Á árinu 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir, er framtalsnefnd falið að annast álagningu eignaaukaskatts. Gert var ráð fyrir í lögunum að eignaaukaskatturinn yrði lagður á á árinu 1948. Framkvæmd eignakönnunarinnar hefur reynzt það tafsöm, að eigi var unnt að byrja á álagningu eignaaukaskattsins á því ári, enda framlengdi síðasta Alþingi frestinn til ársloka 1949. Nú hefur komið í ljós, að eigi verður unnt að ljúka álagningu skattsins á þessu ári og verður því nauðsynlegt að Alþingi framlengi álagningarfrestinn til ársloka 1950.

Eignakönnunarframtölin bárust ekki framtalsnefnd fyrr en seint á árinu 1948 eða eftir að yfirskattanefndir höfðu yfirfarið þau. Í árslok 1948 varð svo að senda framtölin aftur til skattanefnda og skattstjóra til samanburðar á framtölum 1949. Hefur þetta orðið til þess að tefja fyrir útreikningi eignaaukaskattsins, sem reynist vera mjög erfiður og vinnufrekur í framkvæmd. Enn fremur var ekki hægt að nota eignakönnunarframtölin, fyrr en endanlega var gengið frá þeim eftir samanburð ýmissa gagna.

Nd. 237. Frumvarp til laga [96. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1946 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:				Áætlun:		Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga ..	kr.	88 500 000.00	kr.	136 566 139.31
2.	— —	3. — A.	— ..	—	33 194 477.00	—	53 993 927.28
3.	— —	3. — B.	— ..	—	10 000.00	—	1 650.45
4.	— —	4. —	— ..	—	615.234.00	—	1 194 335.03
5.	— —	5. —	— ..	—	100 000.00	—	6 893 860.52
6.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.	fjárlaga	—	2 834 681.00	—	25 483 279.63
	Greiðslujöfnuður			—	18 055 442.00	—	4 199 441.50
				Kr.	143 309 834.00	Kr.	228 332 633.72

	Útborganir:				Áætlun:		Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga ..	kr.	1 144 568.00	kr.	1 232 599.19
2.	— —	8. —	— ..	—	300 000.00	—	307 795.16
3.	— —	9. —	— ..	—	1 515 576.00	—	2 681 957.00
4.	— —	10. — I.	— ..	—	2 234 926.00	—	2 770 603.35
5.	— —	10. — II.	— ..	—	269 919.00	—	283 123.34
6.	— —	10. — III.	— ..	—	1 194 400.00	—	1 798.557.03
7.	— —	11. — A.	— ..	—	7 816 765.00	—	10 368 952.58
8.	— —	11. — B.	— ..	—	790 989.00	—	756 781.97
9.	— —	11. — C.	— ..	—	3 173 385.00	—	4 129 606.69
10.	— —	11. — D.	— ..	—	825 000.00	—	809 467.23
11.	— —	12. —	— ..	—	10 216 817.00	—	10 760 022.94
12.	— —	13. — A.	— ..	—	20 832 275.00	—	28 312 794.96
13.	— —	13. — B.	— ..	—	3 363 150.00	—	4 312 144.86
14.	— —	13. — C.	— ..	—	6 618 650.00	—	6 926 857.54

15.	Gjöld samkvæmt	13.	gr.	D.	—	..	kr.	943 940.00	kr.	1 428 717.65
16.	— —	14.	—	A.	—	..	—	3 002 587.00	—	3 615 952.02
17.	— —	14.	—	B.	—	..	—	21 834 891.00	—	26 043 420.21
18.	— —	15.	—	A.	—	..	—	2 188 084.00	—	2 348 850.49
19.	— —	15.	—	B.	—	..	—	2 944 204.00	—	3 381 566.93
20.	— —	16.	—	A.	—	..	—	10 549 724.00	—	11 978 522.23
21.	— —	16.	—	B.	—	..	—	898 500.00	—	2 366 595.04
22.	— —	16.	—	C.	—	..	—	1 005 285.00	—	1 076 270.19
23.	— —	17.	—		—	..	—	7 472 125.00	—	13 357 705.10
24.	— —	18.	—		—	..	—	3 771 127.00	—	5 155 657.05
25.	— —	19.	—	1.	—	..	—	12 000 000.00	—	16 245 874.35
26.	— —	19.	—	2.	—	..	—	500 000.00	—	7 807 423.77
27.	Eignahreyfingar samkv.	20.	gr.	fjárlaga			—	15 892 947.00	—	58 074 814.85
							Kr.	143 309 834.00	Kr.	228 332 633.72

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1946, sem lagður var fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 238. Frumvarp til fjáraukalaga [97. mál]

fyrir árið 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1946, eru veittar kr. 95 598 692.41 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. eru veittar:

1. Póstur ..... kr. 1 283 507.29
   en tekjur fóru kr. 321 462.13 fram úr fjárlagaáætlun.
2. Sími ..... — 4 181 071.20
   en tekjur fóru kr. 2 002 576.80 fram úr fjárlagaáætlun.
3. Áfengisverzlun ríkisins ..... — 1 681 723.24
   af kr. 17 471 597.89 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.
4. Tóbakseinkasala ríkisins ..... — 350 343.76
   af kr. 8 160 150.61 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.
5. Ríkisútvarpið ..... — 687 443.55
   af kr. 1 387 329.30 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg ..... — 299 336.18
   af kr. 380 364.31 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.
7. Áburðarsala ríkisins ..... — 4 165.88
   af kr. 262 280.02 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
8. Grænmetisverzlun ríkisins ..... — 63 493.79
   af 111 401.51 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
9. Landssmiðjan ..... — 429 200.10
   en tekjur fóru kr. 341 200.10 fram úr fjárlagaáætlun.

10.	Vífilsstaðabúið	kr.	240 345.66
	en tekjur urðu kr. 277 906.42.		
11.	Kleppsbúið	—	203 489.01
	en tekjur urðu kr. 218 446.22.		
12.	Bessastaðabúið	—	96 050.63
	en tekjur urðu kr. 80 598.76.		
13.	Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	228 684.42
	en tekjur urðu kr. 174 498.10.		
14.	Skólabúið á Hólum	—	207 331.29
	en tekjur urðu kr. 198 769.51.		
15.	Skólabúið á Hvanneyri	—	559 966.89
	en tekjur urðu kr. 341 243.55.		
		Kr.	10 516 152.89

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr.	eru veittar	kr.	88 031.19
— — — — - 8. —	— —	—	7 795.16
— — — — - 9. —	— —	—	1 166 381.00
— — — — - 10. —	— —	—	1 153 038.72
— — — — - 11. — A.	— —	—	2 552 187.58
— — — — - 11. — C.	— —	—	956 221.69
— — — — - 12. —	— —	—	543 205.94
— — — — - 13. — A.	— —	—	7 480 519.96
— — — — - 13. — B.	— —	—	948 994.86
— — — — - 13. — C.	— —	—	308 207.54
— — — — - 13. — D.	— —	—	484 777.65
— — — — - 14. — A.	— —	—	613 365.02
— — — — - 14. — B.	— —	—	4 208 529.21
— — — — - 15. — A.	— —	—	160 766.49
— — — — - 15. — B.	— —	—	437 362.93
— — — — - 16. — A.	— —	—	1 428 798.23
— — — — - 16. — B.	— —	—	1 468 095.04
— — — — - 16. — C.	— —	—	70 985.19
— — — — - 17. —	— —	—	5 885 580.10
— — — — - 18. —	— —	—	1 384 530.05
— — — — - 19. — 1.	— —	—	4 245 874.35
— — — — - 19. — 2.	— —	—	7 307 423.77
		Kr.	53 416 824.56
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar		—	42 181 867.85
20. gr. Inn fór kr. 22 648 598.63 fram úr fjárlagaáætlun.			
		Kr.	95 598 692.41

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1946. Í 1. athugasemd þeirra við ríkisreikninginn segir svo:

„Það hefur verið venja um alllangt skeið, að tekið væri upp í tillögur til fjáraukalaga allar umframgreiðslur um fjárlög fram og allar greiðslur samkvæmt öðrum lögum, sömuleiðis greiðslur samkvæmt þingsályktunum og enn fremur greiðslur eftir væntanlegum fjáraukalögum. Umframgreiðslurnar hafa verið teknar eftir hinum einstöku gjaldaliðum RR. og greinum fjárlaga.

Yfirskoðunarmenn hafa nú í samráði við fjármálaráðuneytið og samkvæmt beiðni frá því, í tillögum sínum um að leitað verði aukafjárveitinga um greiðslur um fjárlög fram, talið saman umframgreiðslurnar á hverri grein fjárlaga og greinum RR. Verður, þó þannig sé að farið, upphæð fjáraukalaganna sú sama og þó farið væri eftir hinni eldri reglu, en kostnaður við prentun fjáraukalaganna verður miklu minni en áður var. Sú mikla sundurliðun, sem verið hefur á fjáraukalögunum, hefur að miklu leyti verið uppprentun á RR. og ekki haft neina verulega þýðingu.

Um eitt atriði hefur nú og verið breytt til frá því er áður tíðkaðist. Um langt skeið hafa fyrningargjöld fasteigna ekki verið talin með í tillögum til aukafjárveitinga, þó að þau færu fram úr áætlun fjárlaga, en nú er fyrningin tekin með á sama hátt og önnur gjöld. Hvað heildarupphæð fjáraukalaganna áhrærir skiptir þetta ekki neinu verulegu. Aðeins verða fjáraukalögin nokkru hærri.

Ríkisbúin voru ekki tekin á fjárlög fyrir árið 1946. Í till. til fjáraukalaga hafa yfirskoðunarmenn aðeins tekið rekstrarhalla þeirra ríkisbúa, er rekin voru með tapi.“

Í mörg ár hefur verið lagt fram frumvarp til fjáraukalaga, byggt að öllu leyti á tillögum yfirskoðunarmanna og að efni til alveg samhljóða ríkisreikningnum, þannig, að allar umframgreiðslur, sem óskað er aukafjárveitingar fyrir, eru þar greindar. Ríkisreikningurinn er lagður fram sem fylgiskjal með og grundvöllur undir frumvarpi til laga um samþykkt á ríkisreikningnum. Alveg á sama hátt mætti hann vera grundvöllur undir frumvarpi til fjáraukalaga, þegar tillögurnar víkja í engu frá honum, og í fjölda ára hefur Alþingi samþykkt frumvarp til fjáraukalaga óbreytt frá því sem ríkisreikningurinn hefur talið umframgreiðslur.

Þess vegna hefur ráðuneytið nú, til þess að spara fyrirhöfn og prentunarkostnað, ákveðið að leggja frumvarp til fjáraukalaga fram á svipaðan hátt sem frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningnum, og er vísað í ríkisreikninginn um sundurliðun umframgreiðslnanna.

Sþ. 239. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um þátttöku Íslands í Evrópuráðinu.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin ræddi tillöguna á þrem fundum og aflaði sér upplýsinga frá utanríkisráðuneytinu. Varð það niðurstaða í nefndinni, að meiri hl. hennar mælir með því, að Alþingi samþykki tillöguna óbreytta, en minni hl. (FRV) er henni andvígur og mun skila sérstöku áliti.

Með þingsályktunartillögunni á þskj. 17 er birt Stofnskrá Evrópuráðsins á ensku og íslenzku, og er þar skýrt frá markmiði og starfstilhögun Evrópuráðsins. Í athugasemdum eru einnig rakin nokkur söguleg drög að stofnun þessara samtaka og hvaða ríki eigi þar hlut að máli.

Meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að það sé bæði rétt og eðlilegt, að Ísland gerist aðili að þessum samtökum, og er það einnig í beinu framhaldi af þátttöku Íslands í samstarfi Vestur-Evrópuríkjanna til fjárhagslegrar viðreisnar þeirra.

Það verður að sjálfsögðu ekki um það dæmt á þessu stigi, hver verði afrek Evrópuráðsins, en markmið þess, að koma á nánari einingu þátttökuríkjanna til tryggingar friði, sem byggist á réttlæti og alþjóðasamvinnu, svo og til þess að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála, hlýtur vissulega að vera í samræmi við utanríkismálastefnu íslenzka lýðveldisins. Ísland á ekki að sitja hjá í þessu samstarfi lýðræðis- og menningarríkja álfunnar. Er þess og að vænta, er

stundir líða fram, að Evrópuráðið geti orðið öflugt tæki til þess að greiða fyrir framkvæmd þeirra hugsjóna, er það hefur sett sér að markmiði.

Meiri hl. nefndarinnar mælir því eindregið með því, að Alþingi samþykki, að Ísland gerist aðili að Evrópuráðinu.

Alþingi, 16. jan. 1950.

Stefán Jóh. Stefánsson, form., frsm.	Jóhann Hafstein, fundaskr.	Eysteinn Jónsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Ólafur Thors.	Hermann Jónasson.

Ed. 240. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Stafliður d. í 1. gr. laganna orðist þannig:

Að jörðin sé ekki veðbundin öðrum lánsstofnunum en Byggingarsjóði í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands eða þeim lánsstofnunum, er koma í þeirra stað, verði verkefni þessara sjóða breytt eða þeir lagðir niður.

2. gr.

Fyrsti og annar málsl. 12. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu, til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

3. gr.

Í stað „100 ár“ í staflið a. í 26. gr. laganna komi: 75 ár.

4. gr.

45. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni, til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma. Ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gilda eigi að því er snertir jarðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 241. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingólfi Jónssyni og Helga Jónassyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist svolátandi nýr tölul.:

A. 29 í 2. gr. laganna orðast þannig:

Ásvegur: Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás, Sandhólaferju og Háfshverfi að Hábæ.

Ed. 242. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar sumarið 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál, en einn nefndarmanna (LJóh) var þá ekki viðstaddur og skrifar því ekki undir nál.

Frv. er staðfesting á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin s. l. sumar til að koma í veg fyrir stöðvun síldveiðiflotans. Telur nefndin rétt, að sú staðfesting verði veitt.

Nokkrir bátar stunduðu fiskveiðar við Grænland í sumar, og telur nefndin rétt, að þeim verði gert fært að stunda veiðar á komandi vertíð, en til þess þurfa þeir að fá stuðning vegna sjóveða, sem á þeim hvíla. Ber nefndin fram breytingartillögur um þetta. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán, er Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veita, til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1949.
   Enn fremur að ábyrgjast bráðabirgðalán til að leysa sjóveð af bátum, er stunduðu fiskveiðar við Grænland sumarið 1949, enda sé jafnframt tryggt, að þeir gangi til fiskveiða hér við land á komandi vertíð.
2. Við fyrirsögn: Fyrirsögnin orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1949, o. fl.

Alþingi, 16. jan. 1950.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Brynj. Bjarnason. H. Guðmundsson.

Þorst. Þorsteinsson,
(með fyrirvara um brtt. n.)

Sþ. 243. Nefndarálit [24. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að yfirtaka fyrir hönd ríkissjóðs núverandi læknisbústað á Reykhólum.

Frá fjárveitinganefnd.

Heimildarinnar er leitað, til þess að unnt sé að koma í framkvæmd nauðsynlegri skipulagningu og hefja fyrirhugaðar framkvæmdir á jörðinni samkvæmt tillögum skipulagsnefndar. Land það, sem ríkissjóður fær hér til eignar og umráða, er alls að stærð 22.9 hektarar, og er í því landi meginhitamagn jarðarinnar. Íbúðarhúsið er byggt úr steinsteypu, stærð þess er 600 rúmmetrar. Húsið er upphitað með hverahita og raflýst. Nefndin var einróma sammála um að leggja til, að heimildin yrði veitt.

Í sambandi við afgreiðslu þessa máls barst n. erindi frá læknisbústaðanefnd Kleppjárnsreykjalæknishéraðs, þess efnis, að tekin yrði upp í þáltill. sams konar

heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að yfirtaka læknisbústaðinn á Kleppjárnsreykjum. Lætur n. fylgja hér með þau gögn, sem henni bárust hér að lútandi. Að vísu er þetta mál ekki aðkallandi eða nauðsynlegt vegna skipulagningar á staðnum, en hins vegar stendur líkt hér á og á Reykhólum, að ríkissjóður er eigandi jarðarinnar að öðru leyti og að þar hefur þegar verið reist hæli á kostnað ríkisins og rekið á þess kostnað. Er ekki sjáanlegt annað en að það sé ríkissjóði hagur að eignast þannig þessar eignir, enda engin fjárútlát í sambandi við yfirtökur eignanna, sem ætlazt er til, að afhentar séu ríkissjóði kvaðalaust að öðru en því, að þeim sé við haldið framvegis á hans kostnað, enda taki hann og leigu af eignum. Yfirtaka þessara eigna skuldbindur að sjálfsögðu ekki ríkissjóð til þess að byggja nýja læknisbústaði í þessum héruðum, þótt svo skyldi fara, sem ekki þykir líklegt, að læknissetrunum verði ákveðinn annar staður síðar meir. Meiri hl. nefndarinnar var því fylgjandi að leggja til, að heimild þessi verði einnig veitt, en tveir nefndarmenn (ÁS og HÁ) tóku ekki þátt í afgreiðslu um þetta atriði. Einn nm. (ErlÞ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Nefndin leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Aftan við tillgr. bætist ný málsgr., er orðist svo:
   Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að yfirtaka á sama hátt fyrir hönd ríkissjóðs núverandi læknisbústað á Kleppjárnsreyjum ásamt hitaréttindum, landi og öllum byggingum, sem á því eru, og með þeim skilmálum, sem um semst við viðkomandi aðila.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að yfirtaka fyrir hönd ríkissjóðs núverandi læknisbústaði á Reykhólum og Kleppjárnsreykjum.

Alþingi, 17. jan. 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Ásmundur Sigurðsson, (með fyrirvara). Ingólfur Jónsson.
Pétur Ottesen. Karl Kristjánsson. Jónas G. Rafnar.
Halldór Ásgrímsson. Helgi Jónasson.

Fylgiskjal.

Pt. Reykjavík, 1. des. 1949.

Herra alþingism. Pétur Ottesen.

Við, undirrituð læknisbústaðarnefnd Kleppjárnsreykjalæknishéraðs, leyfum okkur að fara fram á það, að þér hr. alþm. athugið möguleika á því, að Alþingi veiti ríkisstjórninni sams konar heimild til að yfirtaka eignir læknisbústaðarins á Kleppjárnsreykjum, sem er eign læknishéraðsins, og ráðgerð er um læknisbústaðinn á Reykhólum, samkv. þingsályktunartillögu á þskj. 28/1949, og flytja tillögu um það efni.

Ástæður eru þær, að ríkið á jörðina Kleppjárnsreyki, að undanskildu nokkru landi og hitaréttindum vegna íbúðarbygginga og gróðurhúsa. Ýmissa ástæðna vegna væri þó heppilegra, að öll eignin væri í eigu eins og sama aðila. Ef Alþingi veitir ríkisstjórninni nefnda heimild og um semst milli hennar og héraðsins, yrði þá eignin öll í eigu ríkisins.

Virðingarfyllst.

Andrés Eyjólfsson. Sigurður Jakobsson. Davíð Þorsteinsson.

Eign Kleppjárnsreykjalæknishéraðs á Kleppjárnsreykjum er:

1. Íbúðarhús, byggt 1941—1942, stærð 135 fermetrar: 5 herbergi ásamt eldhúsi og baði. Undir nokkrum hluta hússins er kjallari og í honum íbúðarherbergi og geymsla.
2. Sambyggð álma, til læknisþarfa, 63.4 fermetrar: 2 sjúkraherbergi, lækningastofa, apótek, biðstofa og bað.
3. 3 ha lands (tún, ásamt girðingu um það).
4. Útihús: Bílskúr, geymsla og hesthús.

Vatns- og hitaleiðslur eru í húsin. Hitaréttindi eru til upphitunar á húsum læknisbústaðarins og tveimur gróðurhúsum.

Ed. 244. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist þannig:

Frá 1. janúar 1950 til ársloka 1953 skal gjald það, er um ræðir í lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, renna til þess að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands.

Við árslok 1953 skulu lög nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðherra hefur sent nefndinni þetta frv. með tilmælum um, að nefndin flytti það. Hefur nefndin samþ. að verða við þeim tilmælum. Eru einstakir nefndarmenn óbundnir um fylgi við frv. eða breytingartillögur, sem fram kynnu að koma, og áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur við það.

Frumvarpinu fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Með lögum nr. 41/1946 var svo kveðið á, að frá 1. janúar 1946 til ársloka 1949 skyldi gjald það, er um ræðir í lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, renna til þess að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskirannsókna, sem reist verði á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans. Gjald þetta nam ⅛% af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Jafnframt voru á fjárlögum 1946, 15. gr. B. I. 2. e., veittar kr. 100 000.00 til þessara byggingaframkvæmda. Bygging sú fyrir fiskiðn- og fiskirannsóknir, sem hér um ræðir, er enn þá ekki risin af grunni, og ber til þess ýmsar ástæður, sem nánar verður greint frá hér á eftir. Hins vegar er ljóst, að fé það, sem þegar hefur safnazt í byggingarsjóð, muni ekki nægja fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru, og er því farið fram á framlengingu um 4 ár á því tímabili, sem umrætt útflutningsgjald renni í stofnsjóð byggingar fyrir fiskiðn- og fiskirannsóknir.

Það er viðtekin regla meðal erlendra þjóða, sem rannsóknastarfsemi stunda, að aðbúnaður rannsóknanna og tilkostnaður er í réttu hlutfalli við mikilvægi þess málefnis eða þýðingu þess atvinnuvegar fyrir þjóðarbúskapinn, sem rannsóknirnar fjalla um.

Um mikilvægi sjávarútvegsins fyrir Íslendinga verður ekki deilt. Frá honum koma 90% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar, og í sambandi við hann hefur risið upp einasta stóriðja, sem orðið hefur til á Íslandi. Flestum er líka ljóst, að vísindaleg og hagnýt rannsóknastarfsemi fyrir þennan atvinnuveg er þjóðarnauðsyn. Má í því sambandi benda á, hve mjög oss ríður á að skilja göngur nytjafiskanna og hvaða ytri skilyrðum þær eru háðar, eða hver nauðsyn oss er, að sjávaraflinn sé gernýttur og fundnar séu nýjar leiðir til að nytja hann, þegar þær gömlu takmarkast eða lokast. Sem stendur er aðbúnaður sá, sem rannsóknarstarfsemi sjávarútvegsins býr við, í fullkomnu ósamræmi við aðbúnað fyrir aðrar rannsóknir í landinu. Fiskirannsóknirnar búa í leiguhúsnæði, sem á engan hátt er til frambúðar, þótt telja megi, að með því sé fengin sæmileg bráðabirgðalausn á húsnæðisvanda þeirra. Fiskiðnrannsóknirnar eru að því leyti verr settar, að núverandi húsnæði þeirra er allsendis ófullnægjandi, en hikað hefur verið við að flytja þær í bráðabirgðahúsnæði vegna þess, að talið var, að slík lausn gæti tafið fyrir þeim byggingarframkvæmdum, sem ræðir um í frumvarpi þessu.

Tilgangurinn með byggingu þeirri, sem hér um ræðir, er að skapa rannsóknum sjávarútvegsins þau ytri skilyrði, sem þeim eru nauðsynleg. Í henni verða sameinaðar allar rannsóknir í þágu sjávarútvegsins. Stærð hennar og tilhögun er miðuð við framtíðarþarfir þess atvinnuvegar, að svo miklu leyti sem hægt er að sjá þær fyrir. Ekki er gert ráð fyrir, að byggingin verði fullgerð öll í einu, heldur að hún verði byggð í áföngum, eftir því sem fjármagn leyfir og þörf verður fyrir húsnæðið.

Nokkur dráttur hefur orðið á því, að byrjað væri á byggingu þessari. Þar sem ástæðurnar fyrir honum eru sumar hverjar nokkuð óvanalegar, þykir rétt að rekja sögu þessara byggingarframkvæmda í fáum dráttum.

Sumarið 1945 starfaði stjórnskipuð 6 manna nefnd, og var verkefni hennar meðal annars að gera tillögur um endurskipulagningu Atvinnudeildar háskólans. Nefndin varð ásátt um, að bæta bæri fiskiðnaðardeild í Atvinnudeildina, og komst jafnframt að þeirri niðurstöðu, að bráða nauðsyn bæri til að sjá fiskifræðingum fyrir framtíðarhúsnæði. Í áliti sínu til ráðherra farast nefndinni orð á þessa leið:

„Skipulagsnefndin hefur orðið ásátt um, að reisa beri hið fyrsta hús, er rúmi innan veggja sinna allar rannsóknir í þarfir sjávarútvegsins og ekkert annað, og telur, að með tillögum sínum sé gengið frá öllum nauðsynlegum undirbúningi, til þess að það starf megi hefjast. Með stofnun sem þeirri, er hér er fyrirhuguð, telur nefndin, að lagður sé traustur framtíðargrundvöllur að vísindalegum og hagnýtum rannsóknum í þágu þessa höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar."

Á Alþingi 1946 voru síðan, að tilstuðlan atvinnumálaráðherra, gerðar þær ráðstafanir, sem að framan greinir, til að tryggja byggingunni fjármagn.

Snemma í janúar 1947 skipaði atvinnumálaráðuneytið þá prófessor Alexander Jóhannesson, Árna Friðriksson fiskifræðing og dr. Þórð Þorbjarnarson í byggingarnefnd, og var prófessor Alexander Jóhannesson formaður nefndarinnar. Nefndin tók þegar til starfa og réð Halldór Jónsson húsameistara til að gera uppdrætti að byggingunni. Allur undirbúningur nefndarinnar miðaðist við það, að byggingin stæði á lóð háskólans, eins og tilskilið var í lögum. Hinn 18. marz s. á. tilkynnti háskólaráð, að það leyfði, að fyrirhuguð bygging fyrir fiski- og fiskiðnrannsóknir yrði reist á lóð háskólans. Leyfi þetta var þó bundið því skilyrði, að háskólaráð ákvæði stað fyrir bygginguna á lóðinni og samþykkti teikningar að byggingunni. Um miðjan janúar 1948 tilkynnti byggingarnefndin háskólaráði, að endanlegar teikningar af byggingunni lægju nú fyrir, og mæltist til, að háskólaráð gerði bindandi samþykkt um, að byggingin yrði reist á lóð háskólans. Á fundi hinn 12. marz synjaði háskólaráð loks um lóð undir bygginguna þrátt fyrir þau loforð, sem áður höfðu verið gefin. Prófessor Alexander Jóhannesson baðst þá lausnar úr nefndinni, en atvinnumálaráðuneytið skipaði nokkru síðar þá Davíð Ólafsson fiskimálastjóra og Hafstein Bergþórsson útgerðarmann til að taka sæti í nefndinni, og var Davíð Ólafsson formaður. Fyrsta verk hinnar endurskipuðu nefndar var að fá henluga lóð fyrir bygg-

inguna. Hinn 21. júní 1948 tókst nefndinni loks fyrir tilstuðlan atvinnumálaráðuneytisins að fá hentuga lóð fyrir bygginguna við Skúlagötu á milli húss Fiskifélags Íslands og Nýborgar.

Vegna miðsvæðisafstöðu lóðarinnar og nálægðar við höfnina var hún ein sú æskilegasta, sem völ gat verið á. Hins vegar var sá ókostur á lóðinni, að sprengja þurfti fyrir nær öllum grunninum og flytja þurfti burtu geysimagn af uppgrefti. Ekki var gert ráð fyrir, að byrjað yrði á grunninum fyrr en snemma árs 1949, þar sem beðið var eftir mikilvirkum graftarvélum, er verktakinn, Reykjavíkurhöfn, átti von á. Byggingarnefndin hafði þegar 1948 fengið fjárfestingarleyfi fyrir hluta byggingarinnar. Framlenging þessa fjárfestingarleyfis fyrir 1949 dróst fram í aprílmánuð, og var því ekki hægt að byrja á grunngreftinum fyrr en um mánaðamótin apríl—maí. Á Skúlagötulóðinni stóðu allmargir íbúðarskálar frá tíma setuliðsins. Reyndist tafsamt mjög að fá leyfi til að rífa þá og útvega fólkinu annað viðunandi húsnæði. Verkfall og sumarfrí urðu líka til að tefja framkvæmdir. Komið var fram í septembermánuð áður en hægt var að byrja á uppslætti. Afhendingarleyfi fyrir byggingarefni höfðu ekki fengizt fram að þeim tíma, en þá fengust afhendingarleyfi fyrir hluta af timbrinu og sementinu, sem fjárfestingarleyfið hljóðaði upp á. Afhendingarleyfi fyrir steypustyrktarjárni fékkst ekki, og var því borið við, að járnið væri ekki til í landinu. Tilraunir nefndarinnar til að fá lánað steypustyrktarjárn hjá aðila, sem vegna síðbúnaðar varð að fresta byggingarframkvæmdum fram yfir áramót, strönduðu á neitun fjárhagsráðs um að tryggja honum framlengingu á fjárfestingarleyfi. Nefndin var því tilneydd að taka þá ákvörðun að fresta byggingarframkvæmdum fram yfir áramót.

Sþ. 245. Fyrirspurn [99. mál]

til viðskiptamálaráðherra um innflutning fólksflutningabifreiða.

Frá Jónasi Rafnar og Ingólfi Jónssyni.

1. Hafa verið veitt gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir fólksflutningabifreiðum á árunum 1948 og 1949? Ef svo er, hve mörg — og eftir hvaða reglum hafa leyfin verið veitt?
2. Hve mörg innflutningsleyfi án gjaldeyris hafa verið veitt fyrir fólksflutningabifreiðum frá 1. jan. 1948 til 15. júlí 1949, og eftir hvaða reglum hafa þau leyfi verið veitt?
3. Hve mörg innflutningsleyfi fyrir fólksflutningabifreiðum hafa verið veitt til þessa samkv. þeim reglum um leyfisveitingar, sem viðskiptanefnd auglýsti um miðjan júlímánuð síðastliðinn?

Sþ. 246. Þingsályktun [59. mál]

um tilraunir með límvatn sem áburð til ræktunar.

(Afgreidd frá Sþ. 18. jan.)

Samhljóða þskj. 78.

Ed. 247. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1948, um breyt. á l. nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundi sínum í dag. Fjarstaddur var LJóh. Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „Á árinu 1950“ komi: Fyrir árslok 1950.

Alþingi, 18. jan. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Þorst. Þorsteinsson, frsm. H. Guðmundsson.

Brynj. Bjarnason.

Nd. 248. Lög [22. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

(Afgreidd frá Nd. 19. jan.)

Samhljóða þskj. 26.

Ed. 249. Lög [17. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

(Afgreidd frá Ed. 19. jan.)

Samhljóða þskj. 18.

Ed. 250. Breytingartillaga [29. mál]

við brtt. á þskj. 242 [Aðstoð til síldarútvegsmanna].

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við tölul. 1. Fyrir orðið „veita“ í fyrri málsgr. komi: veittu.

Nd. 251. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 19. jan. 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Sig. Ágústsson, frsm.

Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Ed. 252. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. falli niður, og tala annarra greina breytist samkv. því.
2. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, er orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 19. jan. 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. H. Guðmundsson.

Þorst. Þorsteinsson. F. R. Valdimarsson.

Sþ. 253. Nefndarálit [70. mál]

um till. til þál. um greiðslu dýrtíðaruppbótar á ellilaun og örorkubætur.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum minum um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, 7 menn í nefndinni, mun vilja vísa málinu frá með tilvisun til þess, að verið sé að endurskoða tryggingalögin. Einn nefndarmanna (Gísli Guðmundsson) sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Ég vil hins vegar samþykkja tillöguna óbreytta.

Samkvæmt upplýsingum frá tryggingaráði telur það, að unnt sé að greiða helming upphæðarinnar úr tryggingasjóði fyrir bótatímabilið frá 1. júli 1949 — 30. júni 1950 án þess að hækka framlög hins opinbera eða iðgjöld til sjóðsins, ef tekjuafgangur tryggginganna undanfarin ár er ekki skertur.

Nú hefur Alþingi fallizt á að greiða 20% uppbót á laun opinberra starfsmanna og eftirlaunafólks, og er sú ákvörðun miðuð við tímabilið frá 1. júlí 1949 og þangað til fjárlög yfirstandandi árs hafa verið afgreidd. Verður það ekki talin sanngirni að skilja gamalmennin og öryrkjana eftir, þegar um slíkar uppbætur er að ræða vegna vaxandi dýrtíðar. Enn fremur má á það benda, að þær greiðslur ná hlutfallslega jafnt til þeirra, sem hæst voru launaðir fyrir, sem hinna, er aðeins höfðu brýnustu þurftarlaun. Nú má fullyrða, að það fólk, sem eingöngu þarf að lifa á ellilaunum eða örorkustyrk, eigi öllum öðrum fremur við erfiðan fjárhag að búa, og því tel ég á engan hátt forsvaranlegt, að því sé ekki veittar sams konar uppbætur og fyrrnefndum aðilum. Þess vegna legg ég til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 20. jan. 1950.

Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 254. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um þátttöku Íslands í Evrópuráðinu.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Af þeim frekar fátæklegu gögnum og upplýsingum, sem nefndarmönnum í utanríkismálanefnd hefur verið gefinn kostur á, hef ég ekki getað sannfærzt um, að hið svonefnda „Evrópuráð“ sé svo þýðingarmikil stofnun, eða líkleg til að verða í náinni framtíð, að mikils sé um vert fyrir Ísland að gerast aðili að henni að svo stöddu.

Þótt mér þyki líklegast, að úr „Evrópuráði“ verði ekki annað eða meira en nú er, þ. e. lauslegir málfundir ráðherra og fulltrúa ríkisstjórna nokkrum sinnum á ári, þá virðist mér ekki varlegt að áætla kostnað af þátttöku Íslands minni en 100—200 þús. kr. árlega að minnsta kosti, ef með er talinn ferðakostnaður á ráðherrafundi, eins mánaðar „ráðgjafarþing“ og nefndafundi, þ. á m. t. d. milliþinganefndar, sem ráðgert er, að komi saman fjórum sinnum á ári.

Teldi ég því fé betur varið, eins og nú er ástatt um hag þjóðar og ríkis, til þess að leita íslenzkum útflutningsvörum nýrra markaða og efla íslenzka utanríkisþjónustu í því skyni en til þess að kosta marga fulltrúa á málfundi um stofnun yfirríkis í Evrópu frá Íslandi til Tyrklands, sem allir vita, að ekki er raunhæfur grundvöllur fyrir næstu áratugina. Tel ég, að vel megi bíða og sjá, hver árangur verður af slíkum bollaleggingum, t. d. á þessu ári og því næsta, án þess að Íslandi verði nokkur vansi að, enda mun hið vinsamlega boð til Íslands um þátttöku í „Evrópuráði“ fremur vera komið fram fyrir kurteisis sakir en vegna þess, að sjálfsagt væri talið, að Ísland væri þar með frá upphafi. Er því engin hætta á, að það ylli misskilningi eða þætti sýna andúð Íslendinga á „Evrópuhreyfingu“ (sem að vísu er ekki kunnugt um, að neinn sérstakur áhugi sé fyrir hér á landi), þótt boðinu yrði ekki tekið að svo stöddu.

Ísland er nú þegar aðili að allmörgum alþjóðlegum samtökum og milliríkjastofnunum. Hefur mér verið tjáð, að til vandræða horfi um húsrúm í utanríkisráðuneytinu fyrir öll þau kynstur prentaðra gagna, sem að berast frá slíkum stofnunum, en um raunhæfan árangur eða gagn fyrir Ísland af þátttöku í þeim má hins vegar deila. Ég hygg, að leitun sé á þeim milliríkjastofnunum, sem stofnað hafi verið til á óraunhæfari grundvelli en „Evrópuráð“ í núverandi mynd. Það ætti t. d. að vera augljóst, að tilgangslaust er að halda áfram að tala um tollabandalag allra þátttökuríkja í „Evrópuráði“, þ. á m. þjóða með svo gerólíka hagsmunaaðstöðu sem Bretland, Frakkland, Tyrkland og Ísland, á sama tíma og viðurkennt er opinberlega, að tollabandalag með svo nátengdum þjóðum sem Norðurlanda-

þjóðirnar eru sé óframkvæmanlegt og ráðlegast að hætta umræðum um það næstu tíu árin.

Alþjóðleg samtök og milliríkjastofnanir alls konar eru til miklu fleiri en svo, að til mála ætti að koma, að Íslendingar eða íslenzka ríkið gerðust þátttakendur í þeim öllum. Mörg þeirra, sem Íslendingum hefur ekki enn þótt ástæða til að ganga í, stefna að gagnlegum markmiðum, en önnur eru ekki annað en skálkaskjól fyrir skrafskjóður og starf þeirra einber hégómi.

Ég tel, að Ísland eigi ekki að ganga í nein slík samtök til þess eins „að vera með“ eða fyrir það eitt, að því sé boðið til þátttöku, heldur því aðeins, að sannanlega sé gagn að þátttökunni fyrir þjóðina á þeim tíma, þegar hún er ráðin, með því að einhver árangur liggi fyrir um hina alþjóðlegu starfsemi. Af starfsemi Evrópuráðs er enn enginn árangur. Litlar líkur eru til þess, að hann verði nokkurn tíma nokkur, en hægur hjá að fylgjast með starfsemi þess án nokkurs tilkostnaðar og gerast aðili að gagnlegum samþykktum þess, ef þær yrðu gerðar.

Ég get ekki lagt því lið, að sárnaumum gjaldeyri þjóðarinnar sé eytt til fánýtra fundahalda erlendis, og get því ekki mælt með því, að Alþingi samþykki, að Ísland gerist aðili að Evrópuráði að svo stöddu.

Alþingi, 20. jan. 1950.

F. R. Valdimarsson.

Ed. 255. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1948, um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna „Á árinu 1949“ í niðurlagi 1. gr. komi: Fyrir árslok 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 256. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og m. a. leitað umsagnar stjórnar Fiskifélags Íslands, fiskimálasjóðs og L. Í. Ú. Hefur nefndin ekki orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Einn nefndarmanna, Eiríkur Einarsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgr. í nefndinni. Form. n., Gísli Jónsson, vill fella frumvarpið. Meiri hlutinn, Guðmundur Í. Guðmundsson, Steingrímur Aðalsteinsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Á eftir orðunum „25% af stofnkostnaði“ komi: og ekki yfir 150 þús. kr.

Alþingi, 20. jan. 1950.

Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm. Steingr. Aðalsteinsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 257. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum. Telur nefndin, að breytingar þær, sem í frumvarpi þessu eru gerðar á gildandi lögum um Bjargráðasjóð, séu til verulegra bóta. Nefndin mælir því með, að frumvarpið verði samþykkt, en vill leggja til, að á því verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Bjargráðastjórn skal gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallærishætta sé fram undan, og skal hún vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til þess að hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upprunalega gjalds. Sú hækkun rennur óskipt í séreignarsjóð viðkomandi sýslueða bæjarfélags.
3. Við 12. gr. Greinin verði 13. gr., og fyrsta málsgrein hennar orðist svo:
   Nú hrökkva ekki til þess að afstýra hallæri þær ráðstafanir, sem 11. og 12. gr. gera ráð fyrir, og er þá bjargráðastjórninni heimilt að veita aðstoð úr sameignarsjóði með þeim hætti, er hér segir:
4. Við 13. gr. Greinin verði 12. gr.
5. Við 14. gr. Í stað orðanna: „svo hátt lán sem þurfa þykir“ komi: nauðsynlegt lán.
6. Á eftir 14. gr. komi ný grein, er verði 15. gr. og hljóði svo:
   Ráðherra setur, að fengnum tillögum bjargráðastjórnar, reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu.

Alþingi, 20. jan. 1950.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. | Jón Sigurðsson, fundaskr. | Ásgeir Bjarnason.
Pétur Ottesen. | Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 258. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta var borið fram í Nd. og samþykkt þar óbreytt. Efni þess er, að útsöluverð á tóbaksvörum skuli vera hið sama, hvar á landinu sem er, og einkasalan því greiða flutningskostnað innanlands.

Nefndin telur þetta sanngjarnt og eðlilegt, og mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (BrB) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 23. jan. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. | Lárus Jóhannesson, fundaskr. | H. Guðmundsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 259. Nefndarálit [70. mál]

um till. til þál. um greiðslu dýrtíðaruppbótar á ellilaun og örorkubætur.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt þáltill. á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vildi minni hl. (ÁS) láta samþykkja tillöguna óbreytta, en á þetta gat meiri hl. ekki fallizt. Hefur minn hl. þegar gefið út sérstakt nál.

Nefndinni þótti rétt að senda þingsályktunartillöguna til umsagnar til Tryggingastofnunar ríkisins. Er bréf tryggingaráðs birt hér með sem fylgiskjal. Eins og bréfið ber með sér, hafa á yfirstandandi bótatímabili ellilaun og örorkubætur verið greiddar bótaþegum með vísitölu 315 í stað lögboðinnar vísitölu, 300. Nemur þetta um 5% hærri vísitöluuppbót en kaupgreiðslur í landinu miðast við. Auk þess greiðir tryggingastofnunin sjúkrasamlagsgjöld fyrir allan þorra lífeyrisþega vegna frestunar heilsugæzlu. Nema þær greiðslur víða nál. 5% af lífeyrisupphæðinni. Er því ljóst, að lífeyrisþegar hafa nú þegar á þennan hátt fengið nálægt 10% uppbót á laun sín, eða sömu uppbót og starfsmenn ríkisins fengu á s. l. ári. Þar sem Alþingi hefur nú ákveðið með sérstakri þingsályktunartillögu að heimila ríkisstjórninni að greiða starfsmönnum ríkisins 20% launauppbót, þar til fjárlög þessa árs verða afgreidd, er eðlilegt og rétt, að hlutur lífeyrisþega verði bættur upp í sömu hlutföllum. Þetta verður þó ekki að fullu tryggt með samþykkt þingsályktunartill., sem ríkisstjórnin þarf ekki skilyrðislaust að framkvæma, og sízt nema nægilegt fé sé fyrir hendi eða sérstakar tekjur tryggðar á móti útgjöldunum, en það er ekki gert í þingsályktunartillögunni.

Samkvæmt ákvæðum tryggingalaganna ber ríkissjóður, sveitarsjóðirnir og hinir tryggðu allan kostnað við bætur, eftir þeim hlutföllum, sem lögin mæla fyrir um, og jafnframt er þar tryggt, að hinar tilskildu tekjur séu greiddar stofnuninni. Ef þingsályktunartillagan á þskj. 116 verður samþykkt og lífeyris- og örorkubætur greiddar síðan eftir þeim fyrirmælum, sem lögin mæla fyrir um um skiptingu kostnaðarins, án þess þó að lögunum sjálfum sé breytt, getur meiri hl. nefndarinnar ekki fallizt á, að slíkt sé rétt eða heppilegt. Hins vegar er vitað, að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breytingar á tryggingalöggjöfinni, og er engin ástæða til að ætla, að það verði ekki samþykkt á þessu þingi. Þykir því rétt að taka ákvæði um uppbótina upp í það frumvarp, frekar en að afgreiða málið á þann hátt, sem minni hl. leggur til. Nokkur ágreiningur hefur risið upp um það, hvort fyrirmæli tryggingalaganna séu svo skýr, að stofnunin hafi tvímælalausa heimild til að halda sjóðum, sem safnazt hafa, óskertum, en það er stofnuninni nauðsynlegt, bæði til þess að geta mætt ófyrirsjáanlegum útgjöldum, svo sem þeim, er hér um ræðir, og til þess að draga úr áhættu ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna. Þykir því rétt, að Alþingi láti í ljós vilja sinn um þetta atriði við afgreiðslu þessa máls. Sést af bréfi tryggingaráðs, að fái stofnunin fullan umráðarétt yfir sjóðunum, getur hún, án þess að til komi sérstakt fjárframlag frá ríkissjóði, greitt 10% uppbót á ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrk og makabætur fyrir bótatímabilið frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950. Með því að taka slík ákvæði upp í frumvarp það, sem fyrir liggur, og tryggja stofnuninni jafnframt umráðaréttinn yfir sjóðunum, er miklu betur séð fyrir því, að bótaþegar fái þá uppbót, sem til er ætlazt í þáltill., þar sem engin ástæða er til að ætla, að sá meiri hluti Alþingis, sem nú aðhyllist hina rökstuddu dagskrá, færi síðar að greiða atkvæði gegn þessum sömu ákvæðum, er þau verða borin fram í frumvarpsformi. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að málið verði afgreitt með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem upplýst er, að Tryggingastofnun ríkisins hefur þegar hækkað upphæð elli- og örorkulífeyris um nálægt 10% og hefur haft nokkurn tekjuafgang undan-

farin ár, sem Alþingi telur sjálfsagt, að hún haldi til að mæta auknum útgjöldum, og þar sem enn fremur nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á almannatryggingalögunum, telur meiri hluti nefndarinnar eðlilegt, að í það frumvarp verði tekin heimild fyrir tryggingastofnunina til að greiða úr tryggingasjóði 10% uppbót á ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrk og makabætur fyrir bótatímabilið frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950. Í trausti þess, að svo verði gert, telur Alþingi ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. jan. 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Helgi Jónasson. Halldór Ásgrímsson. Pétur Ottesen.
Ingólfur Jónsson. Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 18. janúar 1950.

Af tilefni bréfs háttv. fjárveitinganefndar, dags. 10. þ. m., þar sem óskað er umsagnar tryggingaráðs um tillögu til þingsályktunar um greiðslu dýrtíðaruppbótar á ellilaun og örorkubætur, þskj. 116, skal þetta tekið fram:

1. Ellilaun og örorkubætur samkv. alþýðutryggingalögunum frá 1935 greiðast ekki lengur. Tilsvarandi greiðslur samkv. almannatryggingalögunum eru elli- og örorkulífeyrir, örorkustyrkur og makabætur.
2. Greiðslur þessar námu samtals ca. kr. 27.3 millj. árið 1948. Yfirstandandi bótatímabil, þ. e. frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950, má ætla, að upphæðin verði 28—29 millj. króna.
3. Uppbót samkv. tillögunni, 20%, mundi því nema um 2.8 millj. króna fyrir síðara misseri ársins 1949, en nálægt 5.7 millj. fyrir allt bótatímabilið.

Í þessu sambandi þykir rétt að taka fram, að elli- og örorkulífeyrir greiðist á yfirstandandi bótatímabili með verðlagsuppbót, sem miðuð er við 315 vísitölustig, þ. e. 5% hærri vísitölu en kaupgreiðslur miðast við. Auk þess greiðir Tryggingastofnunin sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir allan þorra lífeyrisþega vegna frestunar heilsugæzlu og nema iðgjaldagreiðslur þessar víða nálægt 5% af lífeyrisupphæðinni. Lífeyririnn nemur þannig nú hér í Reykjavík að meðtöldu sjúkrasamlagsiðgjaldi, kr. 16.00 pr. mán., 3972.00 krónum á ári fyrir einstakling, í stað 3600 króna, þegar lögin tóku gildi, miðað við 300 stiga vísitölu. Lætur því nærri, að lífeyririnn hafi hækkað um 10% á þessu tímabili.

Með tilliti til uppbótar þeirrar, sem greidd hefur verið á laun opinberra starfsmanna síðara missiri ársins 1949, og ályktana Alþingis, er nú situr, um sama efni og um uppbót á eftirlaun, telur tryggingaráð eðlilegt, að tekin verði upp í frv það um breytingu á almannatryggingalögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, heimild til að greiða í einu lagi 10% uppbót á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk og makabætur fyrir bótatímabilið frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950. Samkvæmt framansögðu má ætla, að slík uppbótargreiðsla muni nema 2.8—2.9 millj. króna, og telur ráðið, að unnt sé að greiða þá upphæð úr tryggingasjóði, án þess að hækka framlög hins opinbera eða iðgjöld til sjóðsins, ef tekjuafgangur undanfarinna ára ekki er skertur.

Þyki framhald á slíkum uppbótargreiðslum nauðsynlegt, með tilliti til eftirlaunaákvarðana og launagreiðslna almennt, eftir 1. júlí 1950, verður að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að sjá tryggingasjóði fyrir tekjum til að mæta þeim greiðslum, og telur ráðið eðlilegt, ef svo verður, að það sé gert á þann hátt að hækka framlög og iðgjöld til tryggingasjóðs hlutfallslega jafnt á þeim aðilum, sem nú leggja fé fram, en ætla ekki ríkissjóði einum að bera þann bagga.

Framanritað var lagt fyrir tryggingaráð á fundi þess í dag, og féllst ráðið á efni þess. Sigfús Sigurhjartarson tekur þó fram það, sem hér fer á eftir:

1. Að hann telur eðlilegt og æskilegt, að elli- og örorkulífeyrisþegar fái sömu uppbætur á laun sín sem opinberir starfsmenn og eftirlaunamenn;
2. að hann telur ekki ástæðu til að tengja ákvörðun um þessar uppbætur við afgreiðslu frumvarps þess um breytingar á lögum um almannatryggingar, sem nú liggur fyrir Alþingi;
3. að hann telur, að tryggingarnar geti tekið á sig að greiða allt að 10% uppbætur fyrir bótaárið 1949—1950 án þess að gera sérstakar ráðstafanir til tekjuöflunar, enda haldi tryggingarnar tekjuafgangi liðinna ára; fallist Alþingi hins vegar á hærri greiðslur, verði að gera sérstakar ráðstafanir til tekjuöflunar.

Tryggingastofnun ríkisins.

H. Guðmundsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 260. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. (VH, GÍG og StgrA) láta samþ. frv. með einhverjum breytingum, og hafa þeir gefið út sérálit. Minni hl. getur hins vegar ekki fallizt á þetta af eftirfarandi ástæðum:

1. Með 2. gr. laga um fiskimálasjóð, töluliðum 1 og 2, eru sjóðnum tryggðar fastar tekjur með útflutningsgjöldum. Samkv. rekstrarreikningi sjóðsins námu þessar tekjur árið 1948 rúml. 1.5 millj. kr. 3. tölulið sömu greinar kveður svo á, að árlegt framlag úr ríkissjóði skuli greitt sjóðnum, allt að 1 millj. króna í 10 ár, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Þótti óhjákvæmilegt að hafa þann fyrirvara á þessu framlagi, þegar lögin voru sett á sínum tíma. Ef 1. gr. frv. er samþykkt, er þessi fyrirvari felldur niður, en þó engar ráðstafanir gerðar til þess að tryggja það, að framlagið sé greitt, því að það fer eftir sem áður allt eftir afkomu ríkissjóðs og afgreiðslu fjárlaganna í hvert sinn. Að lögbinda framlagið á þann hátt, sem hér er ætlazt til, er hvort tveggja í senn, harla óviðeigandi og sára þýðingarlítið, þar sem hér er raunverulega ekki um annað að ræða en viljayfirlýsingu.
2. Með sömu lögum sem að framan getur er stjórn sjóðsins heimilað að taka 10 millj. króna lán til starfsemi sjóðsins og ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast slíka lántöku. Það er því ljóst, að sé ríkissjóður þess ekki megnugur að taka inn á fjárlög þá upphæð, sem nú er heimiluð í lögunum, nema auka skuldir sem því svarar, er sama takmarki náð fyrir sjóðinn með því að nota lánsheimildina, sem gefin er í gildandi lögum.
3. Samkv. 4. gr. téðra laga er fiskimálasjóði ætlað að styrkja ýmiss konar rannsóknir í sambandi við fiskigöngur og fiskistofna og nýjungar í þarfir sjávarútvegsins, enn fremur að styrkja ýmsar tilraunir til að veiða með nýjum aðferðum og nýjum veiðarfærum og að síðustu að kosta markaðsleitir fyrir sjávarafurðir. Það er að vísu ekki tekið fram í lögunum, hve miklum hluta af tekjum sjóðsins skuli varið til þessara framkvæmda, en samkvæmt eðli málsins mætti

halda, að allar fastatekjur sjóðsins ættu að notast til þessa eingöngu, þ. e. útflutningsgjöldin. Hins vegar hefur reynslan orðið sú, að tæpar 400 þús. kr. er varið á árinu 1948 til þessarar starfsemi, með þeim afleiðingum, að mörg verkefni, sem beinlínis er ætlazt til, að sjóðurinn beri kostnað af, og mjög aðkallandi eru, bíða enn óleyst og margir aðilar sækja enn um styrki og aðstoð beint til Alþingis, til þess að standast kostnað við lausn slíkra vandamála, þrátt fyrir það þótt fiskimálasjóði hafi verið falin framkvæmd þeirra mála og sköpuð öll skilyrði til þess að sinna þeim mjög myndarlega.

4. Með 5. gr. téðra laga er fiskimálasjóði gefin heimild til að veita lán til ýmiss konar fiskiðjufyrirtækja. Hér er þó aðeins um heimild að ræða, gagnstætt því sem er um styrkveitingarnar, sem beint eru fyrirskipaðar. Það er því ljóst, að löggjafinn hefur beinlínis ætlazt til þess, að verkefnin, sem rætt er um í 4. gr. laganna, væru höfuðverkefni sjóðsins, en lánastarfsemin aukaverkefni, ef fé væri til, sem ekki þætti nauðsynlegt að nota samkv. 4. gr. laganna. En hér hefur hlutunum alveg verið snúið við. Lánastarfsemin samkv. 5. gr. laganna er orðin aðalverkefni sjóðsins, sem sést bezt á því, að árið 1948 eru, eins og fyrr segir, veittar tæpar 400 þús. Samkv. fyrirmælum 4. gr. eru ný lán veitt á árinu að upphæð kr. 1 141.120.00. Afborganir lána á þessu ári eru aðeins kr. 191 383.00, og eru þó útistandandi skuldir í árslok yfir 5 millj. króna, en tapaðar skuldir á árinu eru taldar kr. 107 000.00. Það er öllum ljóst, að starfsemi sú, sem sjóðurinn lánar þannig fé til, er í hinni mestu fjárþröng, en hitt dylst heldur ekki af reikningum sjóðsins, að hann er kominn út á hreinar villigötur með starfsemi sína og því engan veginn í samræmi við fyrirmæli laganna um fiskimálasjóð.

Nú vilja flm. frv. auka þessa starfsemi og gera hana enn ótryggari, áhættusamari og kostnaðarmeiri fyrir sjóðinn, svo að sjáanlegt er, að hér er tæplega lengur um lánastarfsemi að ræða, eins og það er almennt skilið, heldur beina styrktarstarfsemi, enda benda afborganir lána og afskriftir skulda til þess, að þannig sé þessum málum nú komið hjá sjóðnum.

Ég tel, að verkefni fiskimálasjóðs samkvæmt 4. gr. laganna sé svo mikilvægt, að það, hvernig það er rækt og hver árangur af því fæst, sé miklu meira virði fyrir fiskveiðar og fiskiðnaðinn í landinu en lánastarfsemi sú, sem sjóðurinn rekur nú, því sé það mögulegt að koma rekstri þessara mála á öruggan starfsgrundvöll, en að því miða öll verkefnin, sem upp eru tekin í 4. gr. laganna, þá er miklu minni vandi að tryggja þessum rekstri þau lán, sem hann eðlilega þarfnast. Ef hins vegar er hugsað, að stofnunin skuli framvegis hafa það sem aðalverkefni að lána fé, er eðlilegast að taka það fram í lögunum og takmarka þá þar, hve mikið af eignum sjóðsins skuli jafnan bundið í slíkum lánum. Annars kemur fullkomlega til greina, hvort ekki ætti að flytja alla lánastarfsemi sjóðsins yfir til Fiskveiðasjóðs Íslands, og mætti sjálfsagt á þann hátt draga mjög úr kostnaði við rekstur sjóðsins, sem virðist, borið saman við rekstur Fiskveiðasjóðs, vera óskiljanlega mikill, eða yfir 50% á árinu 1948.

Frv. var sent Fiskifélagi Íslands og fiskimálasjóði til umsagnar, og eru svör þeirra birt hér með.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 24. jan. 1950.

Gísli Jónsson,
form.

Fylgiskjal I.

FISKIMÁLASJÓÐUR

Reykjavík, 29. des. 1949.

Stjórn Fiskimálasjóðs hefur kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 89 frá 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, sem fylgdi bréfi yðar dags. 9. des. s. l.

Sjóðsstjórnin er því eindregið fylgjandi, að tekið sé upp í fjárlög næstu tíu ára einnar milljón króna framlag til sjóðsins, eins og um getur í frumvarpinu, enda hefur sjóðsstjórnin áður ritað hæstvirtri fjárveitingarnefnd Alþingis og farið þess á leit, að tekin yrði upp í fjárlög árleg greiðsla til sjóðsins, sbr. 3. málsgr. 2. greinar laganna um Fiskimálasjóð frá 1947.

Varðandi hámarkslánveitingu úr sjóðnum, kr. 350 000.00, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, vill sjóðsstjórnin taka fram eftirfarandi:

Árlegar tekjur sjóðsins verða sem næst kr. 2 500 000.00, ef frumvarpið nær fram að ganga, og gæti því sjóðurinn ekki sinnt nema sjö umsóknum á ári, þó að allar tekjur sjóðsins yrðu eingöngu notaðar til lánveitinga, en eins og hæstvirtri sjávarútvegsnefnd mun kunnugt, hefur sjóðurinn í mörg horn að líta, kostar margs konar tilraunastarfsemi, síldarleit úr lofti og á sjó, markaðsleitir o. fl. Nú liggja fyrir hjá sjóðnum allmargar umsóknir um lán, sem ekki hefur verið unnt að sinna. Þó hefur sjóðsstjórnin farið þá vafasömu leið að lofa lánum af væntanlegum tekjum sjóðsins næstu tvö ár, en með því leyst mestu vandræði þeirra, sem í nýbyggingar eða viðbótarbyggingar hafa ráðizt á síðustu árum. Sparisjóðurinn í héraði eða bankarnir hafa svo lánað til bráðabirgða, þar til lán úr sjóðnum kæmu til útborgunar.

Með tilliti til ofanritaðs telur sjóðsstjórnin það ekki tímabært að hækka hámarkslán úr sjóðnum, meðan hann ræður yfir svo takmörkuðu fjármagni til lánastarfsemi, heldur sé reynt að dreifa þessu lánsfé til sem flestra fyrirtækja og flestra staða á landinu.

Varðandi lækkun á vöxtum af lánum vill sjóðsstjórnin benda á, að nú eru reiknaðir tvenns konar vextir, 5% af lánum þeim, sem urðu eign sjóðsins, þegar Fiskimálanefnd var lögð niður, og 4% af þeim lánum, sem veitt hafa verið síðan lögin um Fiskimálasjóð voru sett.

Haldið hefur verið þeirri venju, sem áður gilti, að reikna vexti eftir á, en þær lánsstofnanir, sem lánað hafa gegn 2½% ársvöxtum og eingöngu gegn 1. veðrétti, taka forvexti og ganga ríkt eftir, að greiddar séu tilskildar afborganir og vextir.

Hjálagt sendum vér yður eitt eintak af reikningum síðasta árs, enn fremur skrá um lán, sem lofað hefur verið á næstu árum.

Virðingarfyllst,
Fiskimálasjóður
Gunnar Pálsson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis.

Lán veitt á árinu 1949.

H.f Frosti, Hafnarfirði	kr.	90 000.00
S. U. N., Norðfirði	—	18 000.00
Ísver h.f., Súgandafirði	—	75 000.00
Guðmundur Jörundsson, Akureyri	—	150 000.00
Fiskimjöl og lýsi h.f., Grindavík	—	70 000.00
Sveinbjörn Árnason, Garði	—	50 000.00
Fram h.f., Fáskrúðsfirði	—	50 000.00
H.f. Mata, Reykjavík	—	85 000.00

Ísver h.f., Súgandafirði	kr.	30 000.00
S.f. Frosti, Keflavík	—	75 000.00
Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	—	50 000.00
Ís h.f., Kópavogi	—	150 000.00
Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar h.f.	—	80 000.00
Fiskimjöl h.f., Ísafirði	—	70 000.00
Ísfélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum	—	150 000.00
Samtals	kr.	1 193 000.00

Lofuð lán.

Hraðfrystihús Flateyjar	kr.	150 000.00
Þorlákur Guðmundsson, Súðavík	—	6 000.00
Frosti h.f., Súðavík	—	60 000.00
H.f. Fram, Fáskrúðsfirði	—	50 000.00
Hraðfrystihús Suðurfjarðarhrepps	—	150 000.00
Hraðfrystihús Dýrfirðinga, fiskimjölsverksmiðja	—	80 000.00
Kaupfélag Borgfirðinga, eystra	—	100 000.00
Íshúsfélag Bolungavíkur, Bolungavík	—	100 000.00
H.f. Ísfell, Flateyri	—	150 000.00
Hraðfrystihús Hellissands h.f., Hellissandi	—	70 000.00
Hraðfrystihús Grundarfjarðar h.f., Grundarfirði	—	115 000.00
Hraðfrystihús Gerðabátanna h.f., Gerðum	—	70 000.00
Björn Benediktsson netagerðarm., Reykjavík	—	150 000.00
Fiskimjöl, Ísafirði	—	150 000.00
Fiskiðjusamlag, Ísafirði	—	150 000.00
K.f. Stykkishólms og Sig. Ágústsson fiskimjölsverksm.	—	150 000.00
Sigurður Ágústsson	—	100 000.00
Íshúsfélag Stokkseyrar	—	80 000.00
K.f. Vopnafjarðar	—	100 000.00
Hraðfrystihús Breiðdælinga	—	80 000.00
Vélsmiðjan Þór, Ísafirði	—	100 000.00
H.f. Kaldbakur, Vatneyri	—	150 000.00
Dráttarbraut Norðfjarðar	—	50 000.00
H.f. Frosti, Raufarhöfn	—	150 000.00
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	—	150 000.00
Samtals	kr.	2 661 000.00

Fylgiskjal II.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 5. jan. 1950.

Vér höfum móttekið bréf hv. sjávarútvegsnefndar, dags. 9. f. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Á fundi sínum í gær samþykkti félagsstjórnin að mæla með frv. þessu, en vill þó í því sambandi benda á, hvort ekki gæti til mála komið að færa útlánastarfsemi þessa yfir í Fiskveiðasjóð.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis, Reykjavík.

Nd. 261. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Framan við 1. gr. frv. koma nýir töluliðir:

1. Fyrir orðin „um Kleifar að Norðtungu“ í B. 20 í 2. gr. laganna komi: um Kleifar og Norðtungu að Hermundarstöðum.
2. Fyrir orðin „að Vogalæk“ í B. 22 í sömu gr. laganna komi: um Vogalæk að Álftárósi.
3. Á eftir sama lið laganna bætist nýr liður:
   Grímsstaðavegur: Frá Urriðaárbrú efri að Syðri-Hraundal.
4. Í stað orðanna „og Laxárholt að Vogi“ í B. 23 í sömu gr. laganna komi: Laxárholt, Akra og Einholt á Stykkishólmsveg hjá Fiflholtum.

Sþ. 262. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um kaup á lóðum í Grjótaþorpinu í Reykjavík.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita um það álits sérfróðra manna, hvort eigi megi telja líklegt eða fullvíst, að bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar hafi verið í Grjótaþorpinu eða um það bil þar, sem nú stendur húsið Grjótagata 4. Sé það álit fræðimanna og komi í ljós, að Reykjavíkurbær hafi ekki í hyggju að gera ráðstafanir til þess að eignast þessa lóð og næstu lóðir, t. d. til þess að reisa þar ráðhús eða annað opinbert stórhýsi, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að leitast við að fá keyptar þessar lóðir og hús þau, er á þeim standa, svo að síðar verði hægt að reisa þar opinbera byggingu eða hagnýta þær á annan hátt, er hæfi helgi staðarins.

Greinargerð.

Ýmsar tilgátur hafa komið fram um það, hvar Ingólfur Arnarson, fyrsti landnámsmaður Íslands og frumbyggi höfuðborgar þess, hafi reist bæ sinn, er hann tók sér bólsetu í Reykjavík. Mörg rök munu hníga að því, að bæjarstæði hans hafi verið í brekkunni, sem nú er kölluð Grjótaþorp, eða nánar tiltekið þar, sem nú stendur húsið Grjótagata 4. Telja ýmsir fróðir menn líklegt, að þar megi finna í jörðu meiri eða minni leifar af skálarústum Ingólfs.

Í till. þeirri, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir því, að leitað verði álits hinna sérfróðustu manna í þessu máli. Telji þeir bæjarstæði Ingólfs hafa verið á þessum stað, er lagt til, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að lóð sú, sem hér er um að ræða, ásamt næstu lóðum, komist í opinbera eign, enda væri þá hér um að ræða hjarta Reykjavíkur og jafnframt einn merkasta sögustað landsins. Virðist sjálfsagt, að slíkur sögustaður sé opinber eign og honum sýndur hinn fyllsti sómi, t. d. með því, að þar sé reist vegleg opinber bygging eða glæsilegt minnismerki, enda vill svo vel til, að á þessum stað hafa ekki verið reistar frambúðarbyggingar. Flm. þessarar till. telja æskilegast, að Reykjavíkurbær reisi ráðhús sitt á þessum stað. Reynist Reykjavíkurbær hins vegar ekki hafa áhuga á því að eignast þessar sögulegu lóðir undir ráðhúsbyggingu eða til annarra þarfa, er talizt gætu hæfa helgi staðarins, virðist eðlilegast, að ríkið geri ráðstafanir til þess að eignast þessar lóðir og hagnýti þær á þann hátt, að sögustaðnum væri fullur sómi sýndur.

Sþ. 263. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða farkennurum jöfn laun.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur tekið tillöguna til meðferðar og sent hana til umsagnar fræðslumálastjóra og stjórn Sambands ísl. barnakennara. Eru báðir þessir aðilar tillögunni meðmæltir, en fræðslumálastjóri leggur til, að farkennarar án kennararéttinda fái því aðeins full laun, að þeir hafi gegnt starfi í tvö ár eða lengur. Meiri hlutinn hefur komið sér saman um að leggja til, að ákvæði tillögunnar gildi um þá, er starfað hafa í þrjú ár. Kostar það ríkissjóð um 80 þús. kr. á ári, en útgjaldaaukning samkv. tillögunni eins og hún var fram borin hefði orðið um 180 þús. kr.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við tillgr. bætist: enda hafi þeir stundað kennslu í 3 ár eða lengur.

Alþingi, 25. jan. 1950.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.	Ásmundur Sigurðsson.
Halldór Ásgrímsson.	Helgi Jónasson.	Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal I.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 5. janúar 1950.

Vegna tillögu til þingsályktunar á yfirstandandi Alþingi um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða farkennurum jöfn laun, sem háttvirt fjárveitinganefnd sendi hingað til umsagnar, skal tekið fram:

1. Áður en launalögin frá 1945 komu til framkvæmda, voru farkennarar lægst launaðir allra kennara. Höfðu þeir allir sömu laun, hvort sem þeir höfðu kennararéttindi eða ekki.
2. Launamálanefndin mun hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri sanngjarnt, að þeir kennarar, sem hefðu kostað sig 3—4 ár og lokið námi úr kennaraskóla, hefðu ekki sömu laun fyrir sama tíma, hvort sem þeir kenndu í föstum skóla eða farskóla. Hins vegar mun hafa verið talið, að réttindalausir menn mundu ekki hafa farkennslu að aðalstarfi — enda ekki ráðnir nema frá ári til árs — og þeir hefðu ekki lagt í kostnað við sérnám til kennslustarfa, svo að ekki væri ósanngjarnt að ætla þeim nokkru lægri laun en hinum, sem réttindi höfðu. Þá þótti það og trúlegt, að þeir réttindalausir farkennarar, sem vel reyndust og hug hefðu á að gera kennslu að atvinnu, mundu sjá sér líka fjárhagslegan hag í því að fara í kennaraskóla og öðlast hvort tveggja í senn: faglega menntun og hærri laun.
3. Síðustu 2 árin hefur reynzt erfitt að fá farkennara. Það er undantekning, ef kennaraprófsfólk fer í farkennslu, enda full þörf fyrir það í fasta skóla. Einnig hefur réttindalaust fólk — svo sem gagnfræðingar, héraðsskólafólk o. þ. u. l. — verið fremur tregt til farkennslu. Ekki hafa réttindalausir kennarar, svo teljandi sé, talið sig eiga kröfu á sömu launum og þeir, sem hafa margra ára sérnám, en hins vegar hafa þeir sagt, að farkennaralaunin (¾) væru svo lág samanborið við laun fyrir önnur störf, að vart væri gerandi að gerast farkennari. Mun t. d. verkamannakaup töluvert hærra og vetrarmannskaup svipað.

4. Síðustu árin hefur orðið að ráða fólk í fastar kennarastöður, þótt eigi hafi það haft kennarapróf, og fær það þá sömu laun og fólk, sem hefur kennarapróf. Rétt er og það, sem um getur í greinargerðinni, að í framhaldsskólum fá allir kennarar sömu laun — miðað við starfstíma.

Eftir atvikum get ég fallizt á, að sanngjarnt sé, að þeir réttindalausir kennarar, sem kennt hafa — eða kenna — með góðum árangri a. m. k. 2 ár og hafa um það vottorð frá hlutaðeigandi námsstjóra og skólanefnd, fái sömu laun og kennarar með réttindum.

Ég hef leitað umsagnar stjórnar Sambands íslenzkra barnakennara um málið, og fylgir hún hér með.

Helgi Elíasson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Fylgiskjal II.

SAMBAND ÍSLENZKRA BARNAKENNARA

Reykjavík, 4. janúar 1950.

Með tilvísun til bréfs fjárveitinganefndar sameinaðs Alþingis, dags. 15. des. s. l., viljum vér taka þetta fram:

Stjórn Sambands ísl. barnakennara telur rétt, að farkennurum, sem um getur í tillögu til þingsályktunar nr. 57, séu greidd full farkennaralaun. En stjórnin vill benda á, að þessir menn hafa ekki rétt til að vera í S. Í. B. og lögum samkvæmt er ekki heimilt að skipa þá í stöður.

Virðingarfyllst.

F. h. Sambands ísl. barnakennara

Ingimar Jóhannsson, form. Guðm. I. Guðjónsson, ritari.

Til fjárveitinganefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Ed. 264. Breytingartillaga [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist nýr stafliður: C. 29. í sömu gr. laganna (Eyjafjarðarbraut) orðist svo:

Eyjafjarðarbraut: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jórunnarstaði og Hólsgerði að Vatnahjallavegi.

Til vara:

Eyjafjarðarbraut: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jórunnarstaði að Hólsgerði.

Nd. **265. Frumvarp til laga** [88. mál]

um Bjargráðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal allsherjarsjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélag verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli. Sjóðurinn skal heita Bjargráðasjóður.

2. gr.

Hvert sveitarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 2 krónur fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðagjald greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 krónum fyrir hvern mann.

4. gr.

Í stjórn bjargráðasjóðs eru: Skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands.

Fé bjargráðasjóðsins skal geymt og ávaxtað í Landsbankanum eða Búnaðarbankanum, og skal það vera tiltækt hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórn skal gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallærishætta sé fram undan, og skal hún vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

6. gr.

Reikningar bjargráðasjóðsins skulu endurskoðaðir samkvæmt lögum nr. 61 1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðagjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn (í Reykjavík tollstjóri) innheimta gjaldið og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar eigi síðar en 1. október ár hvert.

8. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnum í té manntalsskýrslur til afnota við útreikning bjargráðagjalda.

9. gr.

Allt það fé, sem rennur úr ríkissjóði í bjargráðasjóðinn samkv. 3. gr., að vöxtum meðtöldum, svo og helmingur þess fjár, sem sjóðurinn fær samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal vera sameign allra landsmanna. Hins vegar skal helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur samkv. 2. gr., vera séreign hverrar sýslu og kaupstaðar, og leggjast vextir af því fé við séreignina.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóðnum.

10. gr.

Ráðherra getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til þess að hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upprunalega gjalds. Sú hækkun rennur óskipt í séreignarsjóð viðkomandi sýslu- eða bæjarfélags.

11. gr.

Nú verður hallæri í sveitarfélagi af óvenjulegum harðindum eða langvarandi aflaleysi, eða tjón verður þar af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi það, sem skemmdist eða ónýttist, verið óvátryggt fyrir tjóni þessu, og getur þá stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði samkvæmt lögum þessum, til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti.

12. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hafa samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu áliti bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki séreign sýslu eða kaupstaðar til forðatryggingar, og má þá bjargráðastjórn veita héraðinu vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins, gegn veði í bjargráðagjaldi héraðsins eða þeim tryggingum öðrum, sem stjórnin metur gildar.

13. gr.

Nú hrökkva ekki til þess að afstýra hallæri þær ráðstafanir, sem 11. og 12. gr. gera ráð fyrir, og er þá bjargráðastjórninni heimilt að veita aðstoð úr sameignarsjóði með þeim hætti, er hér segir:

1. beinum styrk úr bjargráðasjóði,
2. lánveitingum til sýslu- eða sveitarfélaga,
3. lánveitingum til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn veði í fasteign eða ábyrgð sýslu- eða sveitarfélags.

Hverjum þeim, sem láns beiðist eða styrks úr bjargráðasjóði, ber að senda sjóðsstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal. Nú þykir bjargráðastjórn á skorta um, að gögn þau séu fullnægjandi, sem borizt hafa, og getur hún þá krafizt fyllri gagna frá þeim aðilum, er henni þykir henta. Nú berast ekki þau skilríki, sem bjargráðastjórn hefur beiðzt, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að synja beiðninni af þeim ástæðum einum.

14. gr.

Nú gengur mikil óáran um land allt eða í stórum landshlutum, svo að fé bjargráðasjóðs hrekkur ekki til nauðsynlegrar hjálpar og sjóðurinn kemst í fjárþröng, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynlegt lán fyrir bjargráðasjóðinn, eða veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er þar fyrir hendi, en slík bráðabirgðalán ber bjargráðasjóði að endurgreiða af tekjum sínum, enda séu eignir sjóðsins og tekjur að veði fyrir bráðabirgðalánum þessum.

15. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum bjargráðastjórnar, reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45/1913, um Bjargráðasjóð Íslands, og lög nr. 20/1925, um heimild til að veita lán úr bjargráðasjóði.

Nd. 266. Lög [10. mál]

um viðauka við lög nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 26. jan.)

Samhljóða þskj. 11.

Ed. 267. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrri málsgr. 83. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

2. gr.

84. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913, um forðagæzlu, og lög nr. 32 frá 8. sept. 1931, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 268. Frumvarp til laga [101. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 1. apríl 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir tilmælum fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um málið. Frv. fylgdi svo hljóðandi athugasemd:

„Þar sem Alþingi hefur ekki lokið við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1950, ber nauðsyn til að framlengd sé heimild sú til handa ríkisstjórninni, sem felst í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði."

Ed. 269. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Stafliður b. undir 1. tölulið í 4. gr. laganna orðist svo:

Til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands, ⅛% fram til ársloka 1953, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkv. 1. gr. sem þessu nemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðuneytið sendi nefndinni frumvarp þetta með ósk um að flytja það, og hefur nefndin orðið við þeim tilmælum. Einstakir nefndarmenn eru óbundnir um fylgi við frv. eða brtt., sem fram kynnu að koma.

Frumvarpinu fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Með lögum nr. 41/1946 var svo kveðið á, að frá 1. janúar 1946 til ársloka 1949 skyldi gjald það, er um ræðir í lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, renna til þess að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskirannsókna, sem reist verði á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans. Gjald þetta nam ⅛% af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Jafnframt voru á fjárlögum 1946, 15. gr. B. I. 2. e., veittar kr. 100 000.00 til þessara byggingaframkvæmda. Bygging sú fyrir fiskiðn- og fiskirannsóknir, sem hér um ræðir, er enn þá ekki risin af grunni, og ber til þess ýmsar ástæður, sem nánar verður greint frá hér á eftir. Hins vegar er ljóst, að fé það, sem þegar hefur safnazt í byggingarsjóð, muni ekki nægja fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru, og er því farið fram á framlengingu um 4 ár á því tímabili, sem umrætt útflutningsgjald renni í stofnsjóð byggingar fyrir fiskiðn- og fiskirannsóknir.

Það er viðtekin regla meðal erlendra þjóða, sem rannsóknastarfsemi stunda, að aðbúnaður rannsóknanna og tilkostnaður er í réttu hlutfalli við mikilvægi þess málefnis eða þýðingu þess atvinnuvegar fyrir þjóðarbúskapinn, sem rannsóknirnar fjalla um.

Um mikilvægi sjávarútvegsins fyrir Íslendinga verður ekki deilt. Frá honum koma 90% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar, og í sambandi við hann hefur risið upp einasta stóriðja, sem orðið hefur til á Íslandi. Flestum er líka ljóst, að vísindaleg og hagnýt rannsóknastarfsemi fyrir þennan atvinnuveg er þjóðarnauðsyn. Má í því sambandi benda á, hve mjög oss ríður á að skilja göngur nytjafiskanna og hvaða ytri skilyrðum þær eru háðar, eða hver nauðsyn oss er, að sjávaraflinn

sé gernýttur og fundnar séu nýjar leiðir til að nytja hann, þegar þær gömlu takmarkast eða lokast. Sem stendur er aðbúnaður sá, sem rannsóknarstarfsemi sjávarútvegsins býr við, í fullkomnu ósamræmi við aðbúnað fyrir aðrar rannsóknir í landinu. Fiskirannsóknirnar búa í leiguhúsnæði, sem á engan hátt er til frambúðar, þótt telja megi, að með því sé fengin sæmileg bráðabirgðalausn á húsnæðisvanda þeirra. Fiskiðnrannsóknirnar eru að því leyti verr settar, að núverandi húsnæði þeirra er allsendis ófullnægjandi, en hikað hefur verið við að flytja þær í bráðabirgðahúsnæði vegna þess, að talið var, að slík lausn gæti tafið fyrir þeim byggingarframkvæmdum, sem ræðir um í frumvarpi þessu.

Tilgangurinn með byggingu þeirri, sem hér um ræðir, er að skapa rannsóknum sjávarútvegsins þau ytri skilyrði, sem þeim eru nauðsynleg. Í henni verða sameinaðar allar rannsóknir í þágu sjávarútvegsins. Stærð hennar og tilhögun er miðuð við framtíðarþarfir þess atvinnuvegar, að svo miklu leyti sem hægt er að sjá þær fyrir. Ekki er gert ráð fyrir, að byggingin verði fullgerð öll í einu, heldur að hún verði byggð í áföngum, eftir því sem fjármagn leyfir og þörf verður fyrir húsnæðið.

Nokkur dráttur hefur orðið á því, að byrjað væri á byggingu þessari. Þar sem ástæðurnar fyrir honum eru sumar hverjar nokkuð óvanalegar, þykir rétt að rekja sögu þessara byggingarframkvæmda í fáum dráttum.

Sumarið 1945 starfaði stjórnskipuð 6 manna nefnd, og var verkefni hennar meðal annars að gera tillögur um endurskipulagningu Atvinnudeildar háskólans. Nefndin varð ásátt um, að bæta bæri fiskiðnaðardeild í Atvinnudeildina, og komst jafnframt að þeirri niðurstöðu, að bráða nauðsyn bæri til að sjá fiskifræðingum fyrir framtíðarhúsnæði. Í áliti sínu til ráðherra farast nefndinni orð á þessa leið:

„Skipulagsnefndin hefur orðið ásátt um, að reisa beri hið fyrsta hús, er rúmi innan veggja sinna allar rannsóknir í þarfir sjávarútvegsins og ekkert annað, og telur, að með tillögum sínum sé gengið frá öllum nauðsynlegum undirbúningi, til þess að það starf megi hefjast. Með stofnun sem þeirri, er hér er fyrirhuguð, telur nefndin, að lagður sé traustur framtíðargrundvöllur að vísindalegum og hagnýtum rannsóknum í þágu þessa höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar.“

Á Alþingi 1946 voru síðan, að tilstuðlan atvinnumálaráðherra, gerðar þær ráðstafanir, sem að framan greinir, til að tryggja byggingunni fjármagn.

Snemma í janúar 1947 skipaði atvinnumálaráðuneytið þá prófessor Alexander Jóhannesson, Árna Friðriksson fiskifræðing og dr. Þórð Þorbjarnarson í byggingarnefnd, og var prófessor Alexander Jóhannesson formaður nefndarinnar. Nefndin tók þegar til starfa og réð Halldór Jónsson húsameistara til að gera uppdrætti að byggingunni. Allur undirbúningur nefndarinnar miðaðist við það, að byggingin stæði á lóð háskólans, eins og tilskilið var í lögum. Hinn 18. marz s. á. tilkynnti háskólaráð, að það leyfði, að fyrirhuguð bygging fyrir fiski- og fiskiðnrannsóknir yrði reist á lóð háskólans. Leyfi þetta var þó bundið því skilyrði, að háskólaráð ákvæði stað fyrir bygginguna á lóðinni og samþykkti teikningar að byggingunni. Um miðjan janúar 1948 tilkynnti byggingarnefndin háskólaráði, að endanlegar teikningar af byggingunni lægju nú fyrir, og mæltist til, að háskólaráð gerði bindandi samþykkt um, að byggingin yrði reist á lóð háskólans. Á fundi hinn 12. marz synjaði háskólaráð loks um lóð undir bygginguna þrátt fyrir þau loforð, sem áður höfðu verið gefin. Prófessor Alexander Jóhannesson baðst þá lausnar úr nefndinni, en atvinnumálaráðuneytið skipaði nokkru síðar þá Davíð Ólafsson fiskimálastjóra og Hafstein Bergþórsson útgerðarmann til að taka sæti í nefndinni, og var Davíð Ólafsson formaður. Fyrsta verk hinnar endurskipuðu nefndar var að fá hentuga lóð fyrir bygginguna. Hinn 21. júní 1948 tókst nefndinni loks fyrir tilstuðlan atvinnumálaráðuneytisins að fá hentuga lóð fyrir bygginguna við Skúlagötu á milli húss Fiskifélags Íslands og Nýborgar.

Vegna miðsvæðisafstöðu lóðarinnar og nálægðar við höfnina var hún ein sú æskilegasta, sem völ gat verið á. Hins vegar var sá ókostur á lóðinni, að sprengja þurfti fyrir nær öllum grunninum og flytja þurfti burtu geysimagn af uppgrefti.

Ekki var gert ráð fyrir, að byrjað yrði á grunninum fyrr en snemma árs 1949, þar sem beðið var eftir mikilvirkum graftarvélum, er verktakinn, Reykjavíkurhöfn, átti von á. Byggingarnefndin hafði þegar 1948 fengið fjárfestingarleyfi fyrir hluta byggingarinnar. Framlenging þessa fjárfestingarleyfis fyrir 1949 dróst fram í aprílmánuð, og var því ekki hægt að byrja á grunngreftinum fyrr en um mánaðamótin apríl—maí. Á Skúlagötulóðinni stóðu allmargir íbúðarskálar frá tíma setuliðsins. Reyndist tafsamt mjög að fá leyfi til að rífa þá og útvega fólkinu annað viðunandi húsnæði. Verkfall og sumarfrí urðu líka til að tefja framkvæmdir. Komið var fram í septembermánuð áður en hægt var að byrja á uppslætti. Afhendingarleyfi fyrir byggingarefni höfðu ekki fengizt fram að þeim tíma, en þá fengust afhendingarleyfi fyrir hluta af timbrinu og sementinu, sem fjárfestingarleyfið hljóðaði upp á. Afhendingarleyfi fyrir steypustyrktarjárni fékkst ekki, og var því borið við, að járnið væri ekki til í landinu. Tilraunir nefndarinnar til að fá lánað steypustyrktarjárn hjá aðila, sem vegna síðbúnaðar varð að fresta byggingarframkvæmdum fram yfir áramót, strönduðu á neitun fjárhagsráðs um að tryggja honum framlengingu á fjárfestingarleyfi. Nefndin var því tilneydd að taka þá ákvörðun að fresta byggingarframkvæmdum fram yfir áramót.

Ed. 270. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar sumarið 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán, er Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veittu, til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1949.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1949.

Ed. 271. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar sumarið 1949.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til að leysa sjóveð af bátum, er stunduðu fiskveiðar við Grænland sumarið 1949, enda sé jafnframt tryggt, að þeir gangi til fiskveiða hér við land á yfirstandandi vertíð.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Nd. 272. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
      Bjargráðasjóður Íslands skal vera allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn o. s. frv.
   b. Síðasti málsliður fellur niður.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „Landsbankanum eða Búnaðarbankanum“ komi: banka með ríkisábyrgð.

Ed. 273. Frumvarp til laga [88. mál]

um Bjargráðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Bjargráðasjóður Íslands skal vera allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli.

2. gr.

Hvert sveitarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 2 krónur fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðagjald greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 krónum fyrir hvern mann.

4. gr.

Í stjórn bjargráðasjóðs eru: Skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands.

Fé bjargráðasjóðsins skal geymt og ávaxtað í banka með ríkisábyrgð, og skal það vera tiltækt hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórn skal gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallærishætta sé fram undan, og skal hún vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

6. gr.

Reikningar bjargráðasjóðsins skulu endurskoðaðir samkvæmt lögum nr. 61 1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðagjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn (í Reykjavík tollstjóri) innheimta gjaldið og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar eigi síðar en 1. október ár hvert.

8. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnum í té manntalsskýrslur til afnota við útreikning bjargráðagjalda.

9. gr.

Allt það fé, sem rennur úr ríkissjóði í bjargráðasjóðinn samkv. 3. gr., að vöxtum meðtöldum, svo og helmingur þess fjár, sem sjóðurinn fær samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal vera sameign allra landsmanna. Hins vegar skal helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur samkv. 2. gr., vera séreign hverrar sýslu og kaupstaðar, og leggjast vextir af því fé við séreignina.

Allur kostaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóðnum.

10. gr.

Ráðherra getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til þess að hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upprunalega gjalds. Sú hækkun rennur óskipt í séreignarsjóð viðkomandi sýslu- eða bæjarfélags.

11. gr.

Nú verður hallæri í sveitarfélagi af óvenjulegum harðindum eða langvarandi aflaleysi, eða tjón verður þar af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi það, sem skemmdist eða ónýttist, verið óvátryggt fyrir tjóni þessu, og getur þá stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði samkvæmt lögum þessum, til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti.

12. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hafa samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu áliti bjargráðastjórnar. Skýrsla um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki séreign sýslu eða kaupstaðar til forðatryggingar, og má þá bjargráðastjórn veita héraðinu vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins, gegn veði í bjargráðagjaldi héraðsins eða þeim tryggingum öðrum, sem stjórnin metur gildar.

13. gr.

Nú hrökkva ekki til þess að afstýra hallæri þær ráðstafanir, sem 11. og 12. gr. gera ráð fyrir, og er þá bráðabirgðastjórninni heimilt að veita aðstoð úr sameignarsjóði með þeim hætti, er hér segir:

1. beinum styrk úr bjargráðasjóði,
2. lánveitingum til sýslu- eða sveitarfélaga,
3. lánveitingum til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn veða í fasteign eða ábyrgð sýslu- eða sveitarfélags.

Hverjum þeim, sem láns beiðist eða styrks úr bjargráðasjóði, ber að senda sjóðsstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal. Nú þykir bjargráðastjórn á skorta um, að gögn þau séu fullnægjandi, sem borizt hafa, og getur hún þá krafizt fyllri gagna frá þeim aðilum, er henni þykir henta. Nú berast ekki þau skilríki, sem bjargráðastjórn hefur beiðzt, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að synja beiðninni af þeim ástæðum einum.

14. gr.

Nú gengur mikil óáran um land allt eða í stórum landshlutum, svo að fé bjargráðasjóðs hrekkur ekki til nauðsynlegrar hjálpar og sjóðurinn kemst í fjárþröng, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynlegt lán fyrir bjargráðasjóðinn, eða veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er þar fyrir hendi, en slík bráðabirgðalán ber bjargráðasjóði að endurgreiða af tekjum sínum, enda séu eignir sjóðsins og tekjur að veði fyrir bráðabirgðalánum þessum.

15. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum bjargráðastjórnar, reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45/1913, um Bjargráðasjóð Íslands, og lög nr. 20/1925, um heimild til að veita lán úr bjargráðasjóði.

Nd. 274. Breytingartillaga [101. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í stað „1. apríl 1950“ komi: 1. marz 1950.

Nd. 275. Frumvarp til laga [101. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 1. marz 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 276. Frumvarp til laga [29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1949, o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán, er Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veittu, til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1949.

2. gr.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til að leysa sjóveð af bátum, er stunduðu fiskveiðar við Grænland sumarið 1949, enda sé jafnframt tryggt, að þeir gangi til fiskveiða hér við land á yfirstandandi vertíð.

3. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

4. gr.

Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. það ár.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 277. Lög [9. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Ed. 31. jan.).

Samhljóða þskj. 10.

Ed. 278. Lög [101. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

(Afgreidd frá Ed. 31. jan.)

Samhljóða þskj. 275.

Ed. 279. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

3. tölul. 2. gr. laganna orðist svo:

Framlag úr ríkissjóði, ein milljón króna á ári, næstu 10 árin frá gildistöku þessara laga.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingar sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki yfir 150 þús. kr. Þó mega lán til þeirra

fyrirtækja, er ekki hafa fengið hámarkslán í stofnlánadeild sjávarútvegsins eða Fiskveiðasjóði Íslands, nema allt að 50% af stofnkostnaði. Lán fiskimálasjóðs að viðbættum lánum með fyrri veðrétti mega þó aldrei nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má vera hærri en 350 þús. kr. Vextir af lánum skulu vera 2½% á ári, en lánskjör að öðru leyti þau sömu og hjá Fiskiveiðasjóði Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 280. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Flm.: Hermann Jónasson, Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Komist búfé inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með fullgildri girðingu, skal viðkomandi eigandi skógræktarsvæðisins merkja það og tilkynna hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur hlutaðeigandi krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem kostur er. Eigandi skógræktarsvæðisins greiði síðan þann mismun, er kann að vanta til þess, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Nú á hreppstjóri eða nánustu vandamann hans hlut að máli, og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann til þess að framfylgja lögunum í hans stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við flytjum frumvarp þetta samkvæmt ósk Skógræktarfélags Íslands og í samræmi við samþykkt aðalfundar þess árið 1949, og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var í Reykjavík 29. og 30. október, var eftirfarandi tillaga rædd og samþykkt með ósk um, að hún verði felld inn í gildandi lög um skógrækt:

„Komist búfé inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með fullgildri girðingu, skal viðkomandi eigandi skógræktarsvæðisins merkja það og tilkynna hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur hlutaðeigandi krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem kostur er. Eigandi skógræktarsvæðisins greiði síðan þann mismun, er kann að vanta til þess, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Nú á hreppstjóri eða nánustu vandamanna hans hlut að máli, og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann til þess að framfylgja lögunum í hans stað.“

Í lögum um sandgræðslu er 13. greinin nærri samhljóða þessari, en þar sem búfé getur valdið enn meiri spjöllum í skógræktargirðingum, þar sem ungir barrviðir eru að vaxa upp, er enn meiri ástæða til þess að hafa svipuð ákvæði í lögum um skógrækt.

Á síðari árum hafa margir menn gróðursett barrviði með mjög góðum árangri, og eins hafa tugir þúsunda barrplantna verið settar í skógargirðingar ríkisins. Töluverðar skemmdir hafa á stundum orðið sakir beitar og þá einkum vegna sauðfjár. Reynsla er fyrir því, að oftast eru það sömu kindurnar, sem sækja inn í girðingarnar, og hafa þær komizt upp á lag með að stökkva yfir eða ryðja sér braut undir girðingarnar.

Þessi ákvæði hafa verið í sandgræðslulögunum um nokkur ár og munu hafa gefizt vel og án þess að til árekstra hafi komið. Munurinn á orðalagi ofannefndrar tillögu og gildandi ákvæða í sandgærðslulögunum er aðeins sá, að í sangræðslulögunum skal fénaður réttdræpur, ef hann kemst þrásinnis inn í girðingarnar, en hér er gert ráð fyrir, að hann sé réttdræpur, ef hann fer oftar en einu sinni í sömu girðinguna. Auk þess sem orðalagið þrásinnis er allteygjanlegt, þá er alls staðar þar, sem nokkuð hefur verið sett af barrviðum að ráði, mikil hætta á, að búfé geti á örskömmum tíma eyðilagt gróður, sem er mörgum sinnum meiri að verðmæti en verð búfjárins. Þykir því ekki rétt að hætta á tíða eltingarleiki við sama búféð.

Er það því ósk stjórnar Skógræktarfélags Íslands, að þessi ákvæði verði felld inn í lögin um skógrækt, og gætu þau komið sem beint framhald 17. gr., eða sem sjálfstæð grein, sem væntanlega yrði þá 18. gr. laganna."

Ed. 281. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á lögum nr. 6. 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Hermann Jónasson, Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir g-lið 10. gr. laganna kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:

h. Framlag til skóggræðslu eftir þessum reglum:
   1. Land, sem tekið er til skógræktar, má ekki vera minna en 6 ha samfellt land, og verður skattgreiðandi að hafa full umráð landsins. — Skóggræðsla telst ræktun birkis og annars trjágróðurs á skóglausu landi og gróðursetning eða sáning barrviða í birkiskóglendi.
   2. Leggja ber fram vottorð frá skógræktarstjóra eða fulltrúa hans um, að landið sé vel fallið til skóggræðslu og að það sé girt traustri, sauðheldri girðingu.
   3. Á næsta ári eftir að skattgreiðandi hefur gróðursett að fullu að minnsta kosti 1 hektara landsins samkvæmt vottorði skógræktarstjóra eða fulltrúa hans, er skattgreiðanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum fjárhæð, er nemi ⅔ hlutum af gróðursetningarkostnaði að viðbættum ⅔ af þeim hluta girðingarkostnaðar, sem fellur á það land, sem gróðursett er í, miðað við flatarmál hins umgirta svæðis. Frádráttur þessi má þó aldrei nema meiru en 3600 kr. á ári. Fjármálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, nánari reglur um þetta atriði. Í reglunum skal tekið tillit til kostnaðar við gróðursetningu mismunandi trjátegunda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Skógræktarfélags Íslands og í samræmi við samþykktir þess árið 1949.

Öllum er ljós nauðsyn þess, að skógrækt verði aukin hér á landi. Enda þótt framlög ríkissjóðs til skógræktar hafi aukizt verulega hin síðari ár, verður við-

unandi árangri ekki náð nema einstaklingar og félagasamtök leggi hér hönd á plóginn.

Tilgangur þessa frumvarps er sá, að hvetja einstaklinga til að leggja fram vinnu og fjármuni til skóggræðslu, og er lagt til, að það sé gert á þann hátt, að þeir njóti frádráttar skattskyldum tekjum fyrir hluta af því fé, sem til skóggræðslu er varið.

Sú kynslóð, er gróðursetur skóg, nýtur ekki sjálf fjárhagslegs hagnaðar af því starfi. Það eru síðari kynslóðir, er uppskera ávextina af skóggræðslunni, og er því skattaívilnun þessi fullkomlega á rökum reist.

Það er að sjálfsögðu álitamál, í hversu stórum stíl skóggræðsla þurfi að vera til þess, að hlutaðeigandi skóggræðslumaður geti notið skattaívilnunar. Í frumvarpinu er miðað við, að skógræktarlandið sé ekki minna en 6 ha, og koma því eigendur venjulegra sumarbústaða hér ekki til greina.

Framkvæmd þessara laga yrði nánar tilgreind með reglugerð, þar sem skilyrði væru sett fyrir því, hvernig menn geti öðlazt þennan rétt. Að sjálfsögðu yrðu skilyrðin m. a. þessi: — Land það, sem tekið er undir skóggræðslu, skyldi valið af skógræktarstjóra eða fulltrúa hans. — Leiðbeiningum þeirra verður að hlíta í aðalatriðum um plöntuval og aðferðir við gróðursetningu. — Frádráttur í skatti kemur þá fyrst til greina, er þessum fyrirmælum hefur verið hlýtt og gróðursett hefur verið í a. m. k. 1 ha lands, og mætti frádráttur ekki fara fram aftur, fyrr en gróðursett hefði verið í ákveðna spildu í viðbót og svo koll af kolli, unz fullsett er í landið.

Til skýringa má geta þess, að kostnaður við gróðursetningu í 6 ha lands með verðlagi því, sem nú er, mun vera um kr. 20 000.00—30 000.00, og þar af er girðingarkostnaður kr. 5000.00. — Gróðursetningarkostnaður er breytilegur eftir því, hvaða trjátegund er ræktuð og hve gamlar plöntur eru notaðar. — Árið eftir að girt er og gróðursett í 1 ha, geta kr. 3 600.00 komið til frádráttar skattskyldum tekjum og svo áframhaldandi sama upphæð, ef haldið er jafnt og þétt áfram við plöntun í landið, unz plöntun er að fullu lokið.

Sé um stærra land að ræða en 6 ha, verður girðingarkostnaður hlutfallslega lægri, en frádráttur kemur þá lengur til greina.

Loks skal þess getið, að með gróðursetningu barrtrjáa skapast mikil og varanleg verðmæti í landinu, en eigendur þeirra verða að fara með þau eins og lög standa til, en það segir, að þau má ekki uppræta, heldur aðeins hagnýta eðlilegan vöxt.

Nd. 282. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

2. málsgr. 9. gr. laganna falli burt.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Engar vörur má flytja til landsins, nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð þó gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Fjárhagsráð úthlutar innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til kaupa á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og getur sett þau skilyrði um innflutninginn, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa skal hagað samkvæmt fyrirmælum 11. gr. laga þessara.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, sem fjárhagsráð ákveður að veita til kaupa á
kornvörum til manneldis,
kaffi og sykri,
ávöxtum og grænmeti,
fatnaði og vefnaðarvörum,
skófatnaði,
búsáhöldum og
hreinlætisvörum,

skal skipt jafnt milli allra landsmanna og leyfunum úthlutað til hvers einstaklings. Þó er heimilt að úthluta allt að 15 af hundraði af heildarinnflutningi á þessum vörum eftir öðrum reglum og að veita þeim, sem vegna atvinnu sinnar þurfa meira en aðrir af einhverjum vörutegundum, aukaleyfi til kaupa á þeim (vinnuföt, sjóklæði, kaffi og sykur, rúgmjöl til sláturgerðar o. s. frv.). Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir kornvörum, kaffi og sykri séu miðuð við ákveðið vörumagn, en leyfi fyrir öðrum vörutegundum við verð.

Um gjaldeyrissölu bankanna gegn leyfum, sem miðuð eru við vörumagn en ekki ákveðna fjárhæð, skal farið eftir reglum, er um það verða settar. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi séu veitt fyrir eigi skemmra tímabil en 6 mánuði í einu. Að því er snertir þær af framangreindum vörum, sem framleiddar eru í landinu, að einhverju eða öllu leyti úr erlendum efnum, skal nokkur hluti leyfanna gilda til kaupa á efni til þeirrar framleiðslu.

Þegar fjárhagsráð veitir fjárfestingarleyfi samkv. 5. gr., skal það jafnframt veita þeim, er fá slík leyfi, innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllum þeim erlendu vörutegundum, sem þarf til framkvæmdanna og kosta yfir 200 krónur í erlendum gjaldeyri. Leyfi til framkvæmda utan Reykjavíkur séu veitt fyrir eitt ár í senn.

Verzlanir og fyrirtæki, sem fá þau innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, er einstaklingum eru veitt samkv. 1. og 2. málsgr., skulu framvísa þeim hjá sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík hjá fjárhagsráði). Þar séu upphæðir leyfanna lagðar saman og þeim skipt fyrir tölusett heildarleyfi, er innflytjendur síðan framvísa hjá tollyfirvöldum og bönkum.

Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til kaupa á öðrum vörum en þeim, sem nefndar eru í 1. og 2. málsgr., fer eftir ákvörðun fjárhagsráðs og reglum, sem um það kunna að verða settar.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð ráðstafar gjaldeyri til kaupa á þeim vörum erlendis, sem eigi þarf innflutningsleyfi fyrir, svo og til annarra nauðsynja.

Fjárhagsráð hefur heimild til að ráðstafa farmrými í skipum, sem íslenzkir aðilar hafa til vöruflutninga að og frá landinu, ef nauðsynlegt þykir.

Fjárhagsráð fer með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt verður talið.

Ríkisstjórnin getur ákveðið skömmtun á einstökum vörutegundum, ef hún telur þess þörf, og skal þá framkvæmd skömmtunarinnar falin fjárhagsráði.

Ríkisstjórnin getur einnig ákveðið, að verzlunum og iðnaðarfyrirtækjum sé óheimilt að selja nafngreindar vörutegundir nema gegn innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, enda sé þá jafnframt ákveðið hlutfall milli leyfisupphæðar og útsöluverðs vörunnar í hverjum vöruflokki.

5. gr.

Í stað orðanna „innflutnings- og gjaldeyrisdeildar“ í 1. málsgr. 13. gr. laganna komi: fjárhagsráðs.

6. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð getur ákveðið hámarksverð á hvers konar vörum, þar á meðal hámark álagningar, umboðslaun og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur það og úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem til greina koma við verðlagningu á vörum. Þá getur fjárhagsráð einnig ákveðið gjöld fyrir flutninga á landi, svo og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Fjárhagsráð getur enn fremur ákveðið hámarksverð á veitingum á greiðasölustöðum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

7. gr.

16. gr. laganna orðist svo

Fjárhagsráð getur falið sérstökum trúnaðarmönnum eftirlit með verðlagi. Þeir, sem fara með verðlagseftirlit samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

8. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Úrskurðum og ályktunum fjárhagsráðs um verðlagsmál verður ekki áfrýjað. Þó má taka mál til meðferðar á ný, ef ástæður hafa breytzt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta.

9. gr.

Upphaf 19. gr. laganna verði þannig:

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af fjárhagsráði, skulu birtar þegar í stað, og ganga þær í gildi, o. s. frv.

10. gr.

Í stað orðanna „innflutnings- og gjaldeyrisdeildar“ í 20. gr. laganna komi: fjárhagsráðs.

11. gr.

Upphaf 21. gr. laganna verði þannig:

Fjárhagsráðsmönnum og starfsmönnum fjárhagsráðs er bannað, o. s. frv.

12. gr.

Upphaf 22. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði eða starfsmönnum þess í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa, o. s. frv.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa verzlunarmálin allmjög verið til meðferðar og allhörð átök skapazt um þau, sérstaklega um þá stefnu að veita gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir öllum helztu nauðsynjavörum beint til neytendanna og setja ein-

staklingunum í sjálfsvald, hvaða verzlunarfyrirtæki þeir fela að annast útvegun varanna fyrir sig.

Frumvarp um þetta efni var flutt af þremur þingmönnum Framsóknarflokksins á síðasta þingi og var samþykkt í neðri deild þingsins, en vísað frá með rökstuddri dagskrá í efri deild. Þótt Sósialistaflokkurinn telji ekki, að þessar tillögur leysi vandamál þau, er verzlunarkerfið hefur skapað, til fullrar hlítar, þá telur hann, að í þeim felist svo miklar umbætur á verzluninni og vörudreifingu innanlands, að sjálfsagt sé að vinna að lögfestingu þeirra, meðan skilyrði vantar til að fá lögfestar enn þá fyllri umbætur, eins og þær, sem flokkurinn lagði til í frumvarpi sínu um ráðstafanir gegn dýrtíðinni á Alþingi 1947. Var flokkurinn því fylgjandi fyrrnefndu frumvarpi framsóknarmanna á síðasta þingi, þótt sá stuðningur nægði ekki til að tryggja málinu framgang vegna meiri hluta Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins í efri deild. Hins vegar var það sýnt eftir kosningarnar á s. l. hausti, að skipun þingsins hafði breytzt þannig, að nú mátti telja mjög miklar líkur til að fá þetta frumvarp lögfest. Þess vegna sneri Sósialistaflokkurinn sér til Framsóknarflokksins með bréfi þann 21. nóv. s. l. og tjáði sig reiðubúinn til fylgis við málið á yfirstandandi þingi og óskaði svars við því tilboði, að flokkarnir hefðu samvinnu um að fá frumvarpið lögfest. Frá Framsóknarflokknum barst ekkert svar, en nokkru síðar sýndu nokkrir framsóknarþingmenn formanni Sósialistaflokksins annað frumvarp, byggt á allt öðrum grundvelli, sem þeir kváðust nú mundu flytja í stað hins fyrrnefnda, og án þess, að nokkurrar samvinnu væri óskað af hálfu Sósialistaflokksins til að fá lögfestar þær tillögur, er líklegastar væru til að ná samþykki þingsins og gætu jafnframt bætt úr verstu ágöllum verzlunarskipulagsins.

Við flutningsmenn teljum hins vegar, að í þessu frumvarpi, sem er samhljóða frumvarpi framsóknarmanna frá síðasta þingi, séu fólgnar þær beztu tillögur í þessum málum, sem unnt er að fá lögfestar, eins og þingið nú er skipað, og enn fremur að líkur fyrir samþykkt þess séu mjög miklar, aðeins ef Framsóknarflokkurinn vill halda sér við fyrri afstöðu og láta málefnalega afstöðu eina ráða gerðum sínum í þessu efni. Í trausti þess, að svo verði, leyfum við okkur að leggja þetta frumvarp fram til meðferðar þingsins.

Fylgiskjal.

Bréf þingflokks Sósialistaflokksins til þingflokks Framsóknarflokksins.

21. nóv. 1949.

Þingflokkur Framsóknarflokksins, Reykjavík.

Með tilvísun til breytinga, sem nú hafa orðið á skipun Alþingis, má telja líklegt, að hægt sé að fá samþykkt frumvarp það um endurbætur í verzlunarmálunum, sem Framsóknarflokkurinn flutti á síðasta þingi og fellt var fyrir honum með eins atkvæðis mun í efri deild.

Sósialistaflokkurinn vill hér með tjá yður, að hann er nú eins og áður reiðubúinn til að ljá slíku frumvarpi fylgi sitt.

Væntum vér svars yðar um afstöðu Framsóknarflokksins til þessa máls hið fyrsta.

Virðingarfyllst.

F. h. þingflokks Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins

Einar Olgeirsson.

Til þingflokks Framsóknarflokksins, Reykjavík.

Ed. 283. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, er orðist svo:

3. gr. laganna orðist svo:

Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5. gr. þessara laga. Skal að minnsta kosti 60% af árlegum tekjum sjóðsins varið til framkvæmda samkvæmt 4. gr. laganna.

Ed. 284. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina komi 3 liðir:

1. Liðurinn A. 2 í 2. gr. laganna orðist svo:
   Reykjanesbraut: Frá Reykjavík um Hafnarfjörð, Keflavík og Sandgerði að Stafnesi.
2. Á eftir A. 3 í sömu grein laganna komi nýr liður:
   Þorkötlustaðavegur: Frá Járngerðarstaðahverfi að Hrauni.
3. Liðurinn A. 5 í sömu grein laganna orðist svo:
   Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum, hjá Garðskagavita að Kolbeinsstöðum.

Ed. 285. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.

1. gr.

2.—3. töluliður og niðurlagsmálsgr. 9. gr. laganna falli niður. — 4.—5. tölul. sömu greinar verði 2.—3. tölul.

2. gr.

2. málsl. 1. málsgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1950.

Greinargerð.

Í lögum um útsvör frá 1945 eru nokkur ákvæði um skiptingu útsvara milli sveitarfélaga. Á meðal þeirra eru ákvæðin í 2. og 3. tölulið 9. gr. laganna, er mæla svo fyrir, að ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minnsta kosti samtals 3 mánuði á útsvarsárinu í sömu sveit og hefur fengið kaup að minnsta

kosti 3000 kr., eða ef maður er lögskráður á skip utan heimilissveitar í 3 mánuði eða meira og fær þar yfir 5000 kr. í kaup, þá skuli skipta útsvarinu á milli atvinnu- og heimilissveitar eftir vissum nánar ákveðnum reglum. Jafnhliða þessu eru í útsvarslögunum ákvæði um útsvarsjöfnun, er koma á í veg fyrir það, að menn geti komizt í lægra útsvar með því að skrifa sig til heimilis utan atvinnusveitar. Fer sú útsvarsjöfnun fram í sambandi við skiptingu útsvaranna á milli heimilis- og atvinnusveitar. Ákvæði þessi munu eiga rót sína að rekja til þess mikla munar, sem áður var á milli útsvarsstiga Reykjavíkur og nágrannasveita hennar, svo og þess, að nokkur hætta var talin á, að menn, sem stunduðu atvinnu í Reykjavík, létu skrá sig til heimilis í nágrannasveitunum í þeim tilgangi að komast í lægra útsvar.

Á síðari árum hafa orðið miklar breytingar á öllum fjármálum sveitarfélaganna í landinu og jöfnun á milli útsvarsstiga þeirra, en þó einkum á milli útsvarsstiga Reykjavíkur og nágrannasveita hennar. Útsvarsstigi Reykjavíkur og nágrennis hennar eru nú svo svipaðir, að ekki mun nein hætta á, að menn sjái sér hag í því að skrá sig til heimilis í nágrannahreppum Reykjavíkur í þeim tilgangi að komast hjá háum útsvörum í Reykjavík. Svipað mun um aðra kaupstaði landsins, þótt mér sé ekki eins vel kunnugt um það. Það er því með öllu ástæðulaust að viðhalda ákvæðum útsvarslaganna um skiptingu útsvara í þeim tilgangi að afstýra útsvarsflótta.

Heimilissveitir manna hafa margháttuð útgjöld af íbúum sínum, sem atvinnusveit er algerlega laus við, og hafa þessi útgjöld aukizt mjög á síðari árum. Auk hinna föstu óhjákvæmilegu rekstrarútgjalda sveitarfélaganna þurfa nú öll sveitarfélög landsins að greiða til almannatrygginga mjög ríflega fjárhæð á hverju ári. Þessi fjárhæð er að engu leyti miðuð við útsvarstekjur sveitarfélaganna né hversu mikinn hluta þeirra þau þurfa að greiða til atvinnusveitar íbúanna. Hér er eingöngu farið eftir tölu íbúa, fasteignamati og skattskyldum tekjum. Í mörgum sveitarfélögum er þetta framlag stærsti útgjaldaliður hreppsreikninganna. Þegar þessi útgjöld bætast við önnur útgjöld sveitarfélaga vegna íbúanna, sem atvinnusveit er með öllu laus við, er ljóst, að sveitarfélögum, sem þurfa að greiða stórar fjárhæðir vegna útsvarsskiptingar, er með öllu ókleift að standa undir útgjöldum sínum.

Engin sveitarfélög munu hafa goldið slíkt afhroð af ákvæðum útsvarslaganna um skiptingu útsvara sem nágrannahreppar Reykjavíkur. Íbúum þessara hreppa hefur fjölgað mjög á seinustu árum. Valda húsnæðisvandræðin í Reykjavík þar mestu um. Fjölgun íbúanna hefur kallað á margháttuð aukin útgjöld þessara sveitarfélaga. Auk eðlilegrar útgjaldaaukningar vegna fjölgunar íbúa í þessum hreppum hefur reynzt óhjákvæmilegt að ráðast í margháttaðar dýrar framkvæmdir. Tekjur þessara sveitarfélaga hafa hins vegar ekki aukizt að sama skapi og útgjöldin. Verulegur hluti íbúanna stundar atvinnu sína í Reykjavík, og því ber Reykjavík hluti af útsvari þeirra. Nemur þessi útsvarshluti verulegum hluta af heildarútsvörum hreppanna og í sumum tilfellum jafnvel helmingi. Er svo komið um suma hreppana, að ef útsvarsskiptingunni verður haldið áfram, þá er þeim með öllu fyrirmunað að geta séð fyrir þörfum íbúa sinna með eðlilegum hætti.

Á þinginu 1946 flutti ég tillögu um að afnema skiptingu atvinnuútsvara einstaklinga. Tillagan náði þá ekki fram að ganga. Er hún nú flutt hér á ný í þeirri von, að hún fái betri móttökur, enda er afstaðan nokkuð breytt eftir gildistöku laganna um almannatryggingar.

Ed. 286. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að á því verði gerðar nokkrar breytingar, sem þeir hafa gert tillögur um á sérstöku þingskjali. Eru þeir sammála um að mæla með því, að þær verði samþykktar.

Á nefndarfundi voru fjarstaddir FRV og EE.

Alþingi, 2. febr. 1950.

Páll Zóphóníasson, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	H. Guðmundsson.

Ed. 287. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin hljóði svo:
   Aftan við staflið d. í 1. gr. laganna komi:
   Þó nær ákvæði þetta ekki til vaxta af skuldum við Byggingarsjóð í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóð Íslands eða lánsstofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Stafliður a. í 26. gr. laganna orðist þannig:
   Verið samfellt í ábúð eða eigu sömu ættar í 75 ár eða lengur og eru enn í eigu hennar, þegar lög þessi öðlast gildi. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er fullnægja slíkum skilyrðum um eigu eða ábúð sömu ættar. Ábúð eða eignarumráð ekkils eða ekkju ættmanna þeirra, er setið hafa jörðina, telst með ábúðar- eða eignartíma ættarinnar.
3. Eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar, er orðist svo:
   a. (4. gr.) Í stað „100 árin“ í 27. gr. laganna komi: 75 árin.
   b. (5. gr.) Aftan við 33. gr. laganna bætist:
      Geta skal þess í afsals- og veðmálabókum hlutaðeigandi sýslu eða kaupstaðar, að jörð sé ættarjörð, og sömuleiðis breytinga, er á því kunna að verða.

Nd. 288. Lög [66. mál]

um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Nd. 2. febr.)

Samhljóða þskj. 267.

Nd. **289. Lög** [29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1949, o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 2. febr.)

Samhljóða þskj. 276.

Sþ. **290. Tillaga til þingsályktunar** [107. mál]

um réttarrannsókn á slysum, sem orðið hafa á íslenzkum togurum.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið bráðasta fara fram réttarrannsókn á slysum þeim, sem orðið hafa á íslenzkum togurum frá ársbyrjun 1948 og til þessa dags.

Með rannsókninni skal leiða í ljós:

1. Hversu mörg og hvers konar slys hafa orðið á togurunum nefnt tímabil.
2. Hverjar höfuðorsakir megi telja til slysanna.

Á grundvelli þessarar rannsóknar og með hliðsjón af löggjöf annarra þjóða um þetta efni skal ríkisstjórnin undirbúa og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem verða má, frumvarp til breytinga á sjómannalögunum, þar sem m. a. sé lögð rík ábyrgð á hendur útgerðum og yfirmönnum veiðiskipa, til þess að koma í veg fyrir, að of mikið kapp eða varúðarleysi valdi slysum á skipverjum eða líftjóni.

Greinargerð.

Það er að vonum orðið mönnum hið mesta áhyggjuefni, hversu mörg slys, meiri og minni, verða á togurum okkar, þegar þeir eru að veiðum. Allt of oft gerist það, að menn tekur út af togurunum og drukkna. Hitt er þó miklu tíðara — og miklu oftar en opinberlega er frá því greint —, að menn á togurunum slasast meira eða minna við vinnu sína, þó ekki dragi það til dauða.

Í þessu sambandi er sérstaklega athyglisvert, að með stærri og traustari skipum — sem að réttu lagi ættu að auka öryggi skipshafnanna — virðist þessum slysum fara fjölgandi. Bendir það ótvírætt í þá átt — sem einnig mun vera orðin almenn skoðun —, að á þessum nýju og vönduðu skipum sé veiðiskapurinn sóttur af því ofurkappi, sem ekki kunni góðri lukku að stýra, og megi rekja hin tíðu slys á togurunum m. a. til þessa.

Ég tel þetta mál svo alvarlegt, að full ástæða sé til þeirrar rannsóknar, sem þingsályktunartillagan felur í sér, svo að úr því verði skorið, hvort framangreind skoðun hefur við rök að styðjast, og — ef svo reynist — þá verði tafarlaust sett lagaákvæði, sem miði að því að draga úr slíku forsjárlausu kappi í sjósókninni og þar með minnka slysahættuna.

Sþ. 291. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða farkennurum jöfn laun.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Leggur meiri hl. (GÍG, GG, ÁS, HÁ, HelgJ, JR) til, að tillagan verði samþykkt með nokkrum breytingum, og hefur þegar gefið út sérstakt nefndarálit á þskj. 263. Á þessa afgreiðslu gat minni hl. ekki fallizt. Nefndin leitaði umsagnar fræðslumálastjóra og stjórnar Sambands íslenzkra barnakennara, og eru svör þeirra birt með nefndaráliti meiri hl. á fyrrnefndu þingskjali.

Samkvæmt 15. gr. l. nr. 60 frá 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, er ákveðið, að farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fái ¾ af launum annarra barnakennara, miðað við jafnlangan starfstíma, og enn fremur, að af grunnlaunum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði ⅓ úr bæjarsjóði og ¼ hluti úr sveitarsjóðum viðkomandi skólahverfa. Með tilvísun til þessara fyrirmæla er ljóst, að ef tillagan á þskj. 57 verður samþykkt, yrði með einfaldri þingsályktunartillögu raskað hlutfallinu milli launa embættismanna, sem ákveðin eru í fyrrnefndum lögum, og enn fremur því hlutfalli, sem lögin ákveða, að sveitarsjóðum og ríkissjóði beri að greiða af kostnaði barnakennara. Getur minni hl. ekki fallizt á, að slík meðferð málsins sé rétt eða eðlileg.

Það er einnig vitað, að fyrrnefnd lög eru nú til athugunar í milliþinganefnd, og koma þá að sjálfsögðu til athugunar hjá nefndinni breytingar þær á kjörum farkennara, sem hér um ræðir, og virðist því minni hl. eðlilegast, að afgreiðsla málsins verði látin bíða, þar til launalögunum verður breytt, sem vel gæti orðið á þessu þingi, og hefði talið eðlilegast, að flm. hefðu í upphafi borið þetta mál fram sem brtt. við sjálf launalögin, en ekki í þingsályktunarformi. Minni hl. leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að vitað er, að launalögin eru nú til athugunar í milliþinganefnd, sem að sjálfsögðu mun meðal annars athuga breytingu þá á kjörum farkennara, sem hér um ræðir, og með því að enn fremur þykir ekki eðlilegt eða rétt að breyta fyrirmælum gildandi laga með þingsályktun, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. febr. 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Pétur Ottesen. Ingólfur Jónsson.

Nd. 292. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 1948, um breyt. á l. nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 3. febr. 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Sig. Ágústsson. Einar Olgeirsson.

Sþ. 293. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um skilning á 116. gr. laga um almannatryggingar.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson, Einar Olgeirsson, Ásmundur Sigurðsson.

Að gefnu tilefni ályktar Alþingi að lýsa því yfir, að 116. gr. laga um almannatryggingar beri að skilja þannig, að fé, sem samkvæmt henni er veitt á fjárlögum hvers árs, sé óendurkræf eign Tryggingastofnunar ríkisins, eins þótt tekjuafgangur hafi orðið hjá tryggingastofnuninni.

Greinargerð.

Fjármálaráðherra hefur nýlega ritað Tryggingastofnun ríkisins bréf, þar sem hann lýsir þeim skilningi sínum á ákvæðum 116. gr. laga um almannatryggingar, að þar sem framlag ríkisins til Tryggingastofnunarinnar sé „áætlunarupphæð", beri Tryggingastofnuninni að endurgreiða ríkissjóði tekjuafganginn.

Þessi skilningur á nefndri lagagrein er fráleitur. Útgjöld Tryggingastofnunarinnar geta verið mjög misjöfn ár frá ári. Það mundi þess vegna torvelda mjög starfsemi hennar, ef hún mætti aldrei hafa tekjuafgang og engum sjóðum safna, enda hefur slíkt áreiðanlega ekki verið ætlun löggjafans, þegar þetta ákvæði var sett. Orðið „áætlunarupphæð" í lagagreininni, er hins vegar til orðið vegna þess, að tryggingaráði er ætlað að gera áætlun um það, hversu hátt framlag ríkisins þurfi að vera, og er þá skyldugt að taka þá áætlunarupphæð á fjárlög, ef hún fer ekki yfir ákveðið hámark. Hins vegar er augljóst og í samræmi við venjur um gildi fjárlaga, að þegar tiltekin upphæð er veitt í fjárlögum til ákveðinnar framkvæmdar, fyrirtækis eða stofnunar, þá er féð þar með orðið eign þess aðila, sem það er veitt til.

Svo er að sjálfsögðu einnig um það fé, sem veitt hefur verið á fjárlögum til Tryggingastofnunar ríkisins.

Þó að þetta virðist liggja í augum uppi, telja flutningsmenn rétt, — að gefnu þessu tilefni, — að Alþingi staðfesti þann skilning á nefndri lagagrein, sem í þingsályktunartillögu þessari felst.

Sþ. 294. Nefndarálit [28. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um vinnuhjálp húsmæðra.

Frá allsherjarnefnd.

Tillaga þessi var send Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og Húsmæðrafélagi Reykjavíkur til umsagnar. Svör hafa borizt frá félögunum, og mæla þau öll með því, að tillagan verði samþykkt.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 3. febr. 1950.

Ingólfur Jónsson, form.	Skúli Guðmundsson, frsm.	Jón Gíslason, fundaskr.
Stefán Stefánsson.	Jón Sigurðsson.	Finnur Jónsson.
	Magnús Kjartansson.	

Ed. 295. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við staflið d. í 1. gr. laganna komi:

Þó nær ákvæði þetta ekki til vaxta af skuldum við Byggingarsjóð í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóð Íslands eða lánsstofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.

2. gr.

Fyrsti og annar málsl. 12. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu, til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

3. gr.

Stafliður a. í 26. gr. laganna orðist þannig:

Verið samfellt í ábúð eða eigu sömu ættar í 75 ár eða lengur og eru enn í eigu hennar, þegar lög þessi öðlast gildi. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er fullnægja slíkum skilyrðum um eigu eða ábúð sömu ættar. Ábúð eða eignarumráð ekkils eða ekkju ættmanna þeirra, er setið hafa jörðina, telst með ábúðar- eða eignartíma ættarinnar.

4. gr.

Í stað „100 árin“ í 27. gr. laganna komi: 75 árin.

5. gr.

Aftan við 33. gr. laganna bætist:

Geta skal þess í afsals- og veðmálabókum hlutaðeigandi sýslu eða kaupstaðar, að jörð sé ættarjörð, og sömuleiðis breytinga, er á því kunna að verða.

6. gr.

45. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni, til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma. Ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gilda eigi að því er snertir jarðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 296. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Einar Olgeirssyni.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kaupendum þeim íslenzkum, sem kaupa togarana af ríkisstjórninni, skal reiknað kaupverð þeirra í ísl. krónum með þeirri gengisskráningu ísl. krónu gagnvart sterlingspundi, er gilti 1. janúar 1950, hvaða breyting sem verða kann á gengi því, áður en togararnir verða að fullu greiddir.

Nd. 297. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni.

2. gr. frv. orðist svo:

Ríkisstjórnin skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Ríkisstjórninni heimilast að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 75% af andvirði togaranna og nota til þess m. a. það lán, sem ríkisstjórninni í þessum lögum heimilast að taka, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag þessa fjárstuðnings. Lánið skal greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir. Ríkisstjórninni heimilast að taka þau lán til viðbótar, er þarf til að fullnægja þessari kvöð.

Nd. 298. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Áka Jakobssyni.

Aftan við 2. gr. frv. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er ríkisstjórninni að veita þeim bæjarfélögum og kauptúnum norðanlands, sem orðið hafa fyrir mestum áföllum atvinnulega vegna undanfarinna fimm síldarleysisára, lán til kaupa á togurum, eða tryggja þeim lán, er nemi allt að 95% af kostnaðarverði skipanna, enda sé aðstaða fyrir hendi til togaraútgerðar frá viðkomandi kaupstað eða kauptúni.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þau lán, er nauðsyn krefur, til framkvæmda þessara.

Sþ. 299. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um rekstur helicopterflugvélar.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kosta og annast rekstur á helicopterflugvél þeirri, sem Slysavarnafélag Íslands hefur í hyggju að kaupa.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á s. l. sumri fékk Slysavarnafélag Íslands að láni helicopterflugvél til reynslu við hjálpar- og björgunarstörf, með fjárhagslegum stuðningi ríkisstjórnarinnar. Jafnframt fékk landhelgisgæzlan umráð vélarinnar til reynslu við gæzlu.

Að fenginni þessari reynslu þykir hafa komið í ljós, að vélin geti gert mikið gagn hér á landi við áðurnefnd störf. Hefur stjórn Slysavarnafélags Íslands því mikinn áhuga á því, að vélin ílengist hér, og býðst til þess að greiða andvirði hennar úr helicoptersjóði þeim, er félagið hefur undir höndum. Hins vegar treystir félagið sér ekki til að standa undir kostnaði við rekstur vélarinnar og hefur því farið þess

á leit við ríkisstjórnina, að hún taki að sér og kosti rekstur hennar, enda verði vélin að jafnaði við störf í þarfir landhelgisgæzlunnar, en þó ætíð til taks við björgunarstörf og sjúkraflutninga, þegar þörf krefur.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður kr. 240 000.00, miðað við 500 flugtíma.

Ed. 300. Frumvarp til laga [110. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna:

1. Þjóðjörðina Bakka í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Þór Vilhjálmssyni.
2. Kirkjujörðina Stærra-Árskóg í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Jens Kristjánssyni.
3. Þjóðjörðina Syðri-Bakka í Arnarnesshreppi í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Friðrik Júníussyni.
4. Eyðijörðina Fagranes í Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu Rút Þorsteinssyni bónda í Engimýri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til að gefa heimild til að selja einstökum mönnum fjórar jarðir, sem nú eru í opinberri eigu. Um tvær þessara jarða, Bakka í Svarfaðardal og Fagranes í Öxnadal, virðist nægja að vísa til eftirfarandi fylgiskjala.

Um 2. tölul. 1. gr., jörðina Stærra-Árskóg, er það að segja, að bæjarhús þar eru orðin svo úr sér gengin, að nauðsynlegt er að endurbyggja þau. Sama er að segja um flest peningshús, en nægilegt fé fæst ekki frá því opinbera til endurbyggingarinnar, enda tæpast fyrir hendi. Hikar ábúandi, sem von er, við að leggja í stórfelldan byggingarkostnað á annarra eign, þar sem telja má tryggingu fyrir fullri endurgreiðslu vafasama samkv. gildandi lögum, t. d. við brottför eða dauða.

Lítur flutningsmaður frv. svo á, að þar eð ekki hafa verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir til, að hið opinbera geti innt skyldur sínar sem landsdrottinn af hendi að því er endurbyggingar snertir, og ekki eru sérlegar líkur til, að úr því verði bætt bráðlega, þá sé réttara að selja þær jarðir í opinberri eigu, þar sem þörf er bráðrar endurbyggingar, heldur en að láta þær drabba niður.

Á Syðri-Bakka (3. tölul.) hefur ábúandinn byggt íbúðarhús og fleiri byggingar. Á hann því sjálfur meiri hluta þess verðmætis, sem á jörðinni er. Virðast því rök hreppstjórans í Svarfaðardalshreppi viðvíkjandi Bakka í Svarfaðardal einnig eiga við um þessa jörð, og vísast til þeirra.

Engin þessara jarða er í erfðaábúð, og þarf því sérstaka heimild til sölu þeirra.

Fylgiskjal I.

Þór Vilhjálmsson, ábúandi þjóðjarðarinnar Bakki í Svarfaðardal, hefur tjáð mér, að hann hafi í hyggju að fá ábýlisjörð sína Bakka keypta af ríkinu. Jafnframt óskaði ábúandi eftir umsögn minni um málaleitan sína.

Sem umboðsmaður téðrar jarðar tel ég mér skylt að gera grein fyrir afstöðu minni í þessu efni.

Eftir því sem ég get komið auga á, tel ég allt mæla með, að ríkið verði við tilmælum ábúanda um, að hann fái jörðina keypta, og vil ég leyfa mér að renna rökum undir þetta álit mitt

Í fyrsta lagi hefur sá háttur verið á hafður, að þjóðjarðir hafa verið seldar undantekningarlítið, ef þær hafa ekki verið þannig settar, að líklegt mætti teljast, að þorp mynduðust í landi jarðarinnar, eða þær væru það stórar, að ætla mætti að um skiptingu í fleiri jarðir gæti verið að ræða. Hvorugt þetta atriði kemur hér til greina. Bakki var á sínum tíma stórjörð, en jörðin Bakkagerði, sem nú er sjálfstætt býli, var skipt úr jörðinni, og var það ⅓ hluti Bakka; hefur jörðin því nú ekki meira land en henni telst nauðsynlegt.

Í öðru lagi hefur ábúandi Bakka á hinum síðari árum byggt mikið af húsum á jörðinni, án alls stuðnings frá ríkinu, og er hann því eigandi meiri hluta af peningshúsum, sem á jörðinni eru. Hitt er þó öllu veigameira atriði, fyrir ríkissjóð, að íbúðarhús jarðarinnar er orðið gamalt. Byggt á þeim tíma, er lítil kunnátta var um byggingu og fyrirkomulag íbúðarhúsa í sveit, og hefur það komið fram glögglega, að íbúðarhúsið á Bakka hefur ekki farið varhluta af þessari vankunnáttu.

Auk þessa skemmdist húsið í jarðskjálftanum 1934 stórkostlega, og þó ríkið legði fram á þeim tíma nokkurt fé til aðgerða skemmdum þeim, er um ræðir, var húsið að ýmsu verr farið en áður, þó að reynt væri að bæta úr eftir því, sem kostur var á. Nú er húsið það illa komið, að ekki getur verið nema örstutt þar til það verður að endurbyggjast, og mun það verða allkostnaðarsamt. Tel ég, að ríkið mundi ekki geta skotið sér undan þeirri kvöð að kosta bygginguna að mestu leyti, ef það þá verður eigandi jarðarinnar.

Í þriðja lagi er það um Bakka að segja, að allar þær umbætur, sem á jörðinni hafa verið gerðar, og þær eru miklar, eru framkvæmdar af tveim síðustu ábúendum, þeim Vilhjálmi Árnasyni og Þór syni hans, sem nú er ábúandi jarðarinnar.

Þegar þessa er gætt og einnig hins, að hefði ábúandi haft jörðina leigða samkvæmt lögum um ættaróðul og erfðaábúð, hafði hann getað krafizt þess að fá jörðina keypta. Þá fæ ég ekki séð, að annað sé réttlæti en að heimila ábúanda kaup á jörðinni, þó hann að lögum ekki hafi kröfurétt til kaupanna.

Virðingarfyllst.

Tjörn, 20. jan. 1950.

Þór. Kr. Eldjárn
(hreppstjóri).

Fylgiskjal II.

Efstalandskoti Öxnadalshreppi, 20. des. 1949.

Mér undirrituðum hafa borizt hjálögð bréf til umsagnar:

1. Beiðni Rúts Þorsteinssonar, Engimýri, um kaup á Kirkjujörðinni Fagranesi.
2. Afsal kaupréttar fyrir Öxnadalshrepp til handa Rúti Þorsteinssyni, undirritað af meiri hluta hreppsnefndar.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 3. marz 1949, var óskað umsagnar minnar um sölu nefndrar jarðar. Í svari mínu gaf ég þær upplýsingar, er óskað var og ég gat veitt viðkomandi ábúð Rúts á Fagranesi, líkum fyrir framtíðarábúð þar, með búsetu, ásamt áliti um sölu á jörðinni, og vísast til þess um þau atriði.

Enn fremur vil ég taka fram, að vegna niðurskurðar sauðfjár á síðasta hausti og væntanlegra fjárskipta, ráðstafaði ég kúgildum jarðarinnar til slátrunar hjá Kaupfélagi Eyfirðinga, og mun ég gera grein fyrir því, þegar full reikningslok eru fyrir hendi.

Vegna bruna á bæjarhúsum jarðarinnar síðastl. sumar, er því aðeins um land jarðarinnar að ræða og mjög lítil og léleg peningshús.

Hreppstjórinn í Öxnadalshreppi,
Brynjólfur Sveinsson.

Ed. 301. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundi í dag, og leggur hún til samhljóða, að það verði samþykkt. — Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur.

Alþingi, 6. febr. 1950.

Bernh. Stefánsson, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.

Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 302. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Á eftir 51. tölulið B-liðar 2. gr. kemur nýr töluliður:
Selsvör á Selströnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá þessum stað, sem frumvarpið ræðir um, er töluverð útgerð. Stórjörðin Bær á Selströnd hefur verið að skiptast í mörg býli; þó að ræktun hafi verið þar mikil og ör hefur búskapurinn færzt meir í það horf, að landbúin hafa stuðzt við og óhjákvæmilega orðið að styðjast við sjósókn jafnhliða. Til þess að þetta búskaparlag sé framkvæmanlegt, þarf lendingarbætur á þessum stað, og þess vegna er frumvarpið flutt.

Nd. 303. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er framlenging á ákvæðum laga, er féllu úr gildi um síðustu áramót. Nefndin fellst á ástæður þær, er koma fram í greinargerð frv., um nauðsyn

þess að afla tekna til byggingar fiskiðnrannsóknarstöðvar á þann hátt, sem í frv. greinir, og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. febr. 1950.

Finnur Jónsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Áki Jakobsson.
Pétur Ottesen. Gísli Guðmundsson.

Nd. 304. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Flm.: Jónas Rafnar.

1. gr.

5. tölul. 3 mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Málum, þar sem öðrum hvorum aðila er skylt að sæta dómi utan varnarþings síns.

2. gr.

Orðið „skriflega“ í 11. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Í stað orðsins „skriflega“ í 15. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna komi: yfir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Þegar lög nr. 85/1936 voru sett, var svokölluð gestaréttarmeðferð mála úr lögum numin. Aðaleinkenni hennar var það, að dómari leitaði sjálfur sátta, ef stefnandi átti heima utan þeirrar þinghár, þar sem farið var með málið. Stefnandi losnaði við þá fyrirhöfn og þann kostnað að setja málið fyrst fyrir sáttamenn. Þetta hagræði tapaðist við afnám gestaréttarmeðferðar. Afleiðing þessa er sú, að mönnum eru gerð mikil óþægindi og jafnvel fullkomin réttarspjöll. Eitt dæmi, sem raunverulega hefur gerzt, ætti að sýna þetta.

Ræktunarsamband nokkurra hreppa á Suðurlandi átti jarðýtu. Þessa jarðýtu seldi það ræktunarsambandi nokkurra hreppa á Norðausturlandi. Jarðýtan var flutt til kaupanda, en kaupverðið var ekki greitt út í hönd. Þegar seljandi fór að krefja um kaupverðið, vildi kaupandi ekki greiða. Taldi hann jarðýtuna gallaða og að hún hefði hlotið að vera það, þegar kaupin gerðust. Ekkert mat fór þó fram. Seljandi leitaði aðstoðar málflutningsmanns í Reykjavík. Tilraunir hans til að fá kaupverðið greitt báru engan árangur. Hann fór þá fram á við kaupanda, að fá að höfða mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Kaupandi neitaði. Þetta kostaði aukaferð málflutningsmanns til sáttanefndar á Norðausturlandi. Það hefði eins getað verið norður í Trékyllisvík. Síðan þurfti að stefna fyrir dóm og fara aðra ferð í sama hrepp á Norðausturlandi.

Lagabreyting þessi leiddi því til óþarfa kostnaðar og erfiðleika. Og ef kröfur eru litlar, getur borgað sig betur að tapa þeim en leggja í svo fjarstæðan kostnað.

Hér er farið fram á að kippa þessu í lag. Ástæðulaust er að gera mun á varnaraðilum og sóknaraðilum að þessu leyti, og upptalning sú, sem nú stendur í töluliðnum, er villandi, enda er henni ekki beitt.

Um 2. gr.

Í greinargerð fyrir frumvarpi að lögum nr. 85/1936, 5. gr., 11. tölulið, segir: „Þar, sem aðilar hafa, áður en málið var þingfest, komið sér saman um að forðast tafir og kostnað af sáttaumleitunum fyrir sáttanefnd, virðist eðlilegt að leyfa þeim að leggja málið beint undir sáttatilraun dómarans. Samningurinn getur verið munnlegur, ef hann er aðeins viðurkenndur eða sannaður fyrir dómara, þegar mál er þingfest, en hins vegar er eigi nægilegt, að hann sé gerður eftir þingfestingu."

Hér er berum orðum sagt, að samningur geti verið munnlegur. Virðist því orðið „skriflega" hafa slæðzt inn fyrir misritun eða prentvillu. Það er talinn kostur á lagasetningu Íslendinga og fleiri þjóða, að loforð séu óformbundin. Loforð er jafngilt, þótt það sé munnlegt. Undantekningar, t. d. víxlar, eru alveg sérstaks eðlis og staðfesta regluna.

Um 3. gr.

Engin ástæða virðist til að vantreysta dómara til að fá yfirlýsingu aðila um það, hvort unnt muni vera að sættast fyrir sáttamönnum. Málflutningur er orðinn munnlegur, og þarf því dómari að taka við mörgum yfirlýsingum aðila, þótt munnlegar séu. Má ætla, að óþarft sé, að þessi yfirlýsing sé skrifuð á blað.

Sþ. 305. Framhaldsnefndarálit [24. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að yfirtaka fyrir hönd ríkissjóðs núverandi læknisbústað á Reykhólum.

Frá fjárveitinganefnd.

Samkvæmt beiðni heilbrigðismálaráðherra sendi nefndin tillöguna ásamt nefndaráliti landlækni til umsagnar, og er svar landlæknis birt hér með sem fylgiskjal.

Eftir að nefndin hefur rætt málið á ný og meðal annars við heilbrigðismálaráðherra, leggur hún til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 7. febrúar 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.
Pétur Ottesen.	Helgi Jónasson.	Ásmundur Sigurðsson,
Ingólfur Jónsson.	Jónas G. Rafnar.	Karl Kristjánsson.

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 31. jan. 1950.

Til svars bréfi háttvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 26. þ. m., viðvíkjandi tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að yfirtaka fyrir hönd ríkissjóðs núverandi læknisbústað á Reykhólum, vil ég taka fram:

1. Ég hef ekkert í höndum, er leiði í ljós, hvers virði er land það ásamt meðfylgjandi hita- og beitarréttindum, sem fyrirhugað er að afsala ríkinu, miðað við það, sem í móti á að koma: að ríkið taki að sér læknisbústaðinn á staðnum og „sjái

héraðinu“ síðan „fyrir læknisbústað og kosti viðhald hans framvegis að öllu leyti“. Vel má vera, að svo standi á, að þetta út af fyrir sig væru ekki ríkinu óhagstæð makaskipti. En því fer áreiðanlega mjög fjarri, að hér sé á allt litið, sem til greina kemur í þessu sambandi. Slík ráðstöfun mundi óhjákvæmilega draga þann dilk á eftir sér, að uppi yrðu hafðar endalausar kröfur um, að ríkið tæki á sig eignarhald og rekstur hvers læknisbústaðarins eftir annan og síðan allra sjúkrahúsa bæjar- og sveitarfélaga. Er þetta þegar sýnt. Aðstandendur læknisbústaðar, sem öðrum fremur hafa átt kost á að fylgjast með flutningi þessarar tillögu, hafa þegar komið á framfæri kröfu um, að ríkið taki að sér þann læknisbústað, þ. e. læknisbústaðinn á Kleppjárnsreykjum, og undirtektirnar sýna greinilega, hvers vænta má um viðnám Alþingis gegn kröfunum. Læknisbústaðnum á Kleppjárnsreykjum fylgir ekkert land eða hitaréttindi umfram þarfir læknisbústaðarins sjálfs. Hér er því eftir engu að slægjast fyrir ríkið öðru en ábyrgð og kostnaði. Engu síður er Alþingi ætlað að gina við þessu tilboði. Hvar verður numið staðar?

2. Ég ræði hér ekki hin augljósu vandkvæði á því, að ríkið taki í sínar hendur rekstur allra læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa í þarfir einstakra bæjar- og sveitarfélaga. En kröfur um það liggja mjög á lausu, og þarf áreiðanlega lítið við að hræra til að koma skriðunni af stað. Hef ég nokkuð vikið að þessu máli í bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 4. nóv. 1947, og mun bréfið á sínum tíma hafa legið fyrir fjárveitinganefnd. Bréf þetta er prentað í hjálögðum bæklingi, og læt ég mér nægja að vísa til þess (bls. 246 og áfram). Er hér aðallega fjallað um sjúkrahús, en auðvitað gildir nákvæmlega hið sama um sjúkraskýli og læknisbústaði.

3. Í nefndaráliti fjárveitinganefndar á þingskjali 243 segir svo: „Yfirtaka þessara eigna skuldbindur að sjálfsögðu ekki ríkissjóð til þess að byggja nýja læknisbústaði, þótt svo skyldi fara .... að læknissetrunum verði ákveðinn annar staður síðar meir“. Þetta kemur ekki heim við kröfur hlutaðeigenda um læknisbústaðinn á Reykhólum, eftir því sem hermt er í greinargerð þingsályktunartillögunnar. Krafa þeirra er skilyrðislaus: „að ríkið sjái héraðinu fyrir læknisbústað“ án tillits til læknisseturs, enda væri annað lítil fyrirhyggja af þeirra hálfu, með því að hér hagar einmitt svo til, að til greina getur komið breyting á læknishéraðaskipuninni, er gerir flutning læknissetursins óhjákvæmilegan. Reyndar er einnig álitamál, að Kleppjárnsreykir verði lengi taldir æskilegasta læknissetur í því héraði. Fyrir ríkissjóð skiptir þetta ekki öllu. Læknisbústaðir úreldast fljótt, og auðvitað líður ekki á mjög löngu, unz endurbyggja verður báða þessa læknisbústaði, án tillits til þess, hvort læknissetrin verða óbreytt eða ekki. Á þetta þó einkum við um Reykhólabústaðinn, sem þegar er orðinn um 20 ára gamall, og vantar þegar mikið á, að hann sé í samræmi við þær kröfur, sem læknar gera nú almennt til bústaða sinna.

4. Svo að aftur sé vikið að þörf ríkisins á að eignast land það ásamt réttindum, sem fylgir læknisbústaðnum á Reykhólum, svo og þeim vilja eigendanna að tryggja viðhald og endurnýjun læknisbústaðarins með þeim verðmætum, þá virðist ekkert hægara en að koma hvoru tveggja í kring, án þess að úr þurfi að verða hættulegt fordæmi. Ef báðir aðilar fallast á, að þetta tvennt skuli mætast, getur það ekki verið annað en tiltölulega einfalt reikningsdæmi að finna þá fjárhæð, sem þessu svarar. Þá fjárhæð greiðir eða tryggir ríkið eigendunum, en þeir leggja fúlguna í sjóð og helga sjóðinn því hlutverki, sem annars er gert ráð fyrir, að ríkið taki að sér. Þetta eru hrein fjárhagsleg viðskipti án allrar spákaupmennsku, og er slíkt eitt sæmandi, þegar opinberir aðilar eiga hlut að máli, ekki síst þegar ríkið er annar þeirra.

Vilm. Jónsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 306. Þingsályktun [16. mál]

um þátttöku Íslands í Evrópuráðinu.

(Afgreidd frá Sþ. 7. febr.)

Samhljóða þskj. 17 með þeirri leiðréttingu, að á eftir orðunum „írska lýðveldisins“ í fyrstu málsgr. hins ísl. texta fylgiskjalsins (stofnskrár Evrópuráðsins) bætist: ítalska lýðveldisins.

Ed. 307. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. rækilega, borið það saman við gildandi lög og rætt efni þess ýtarlega á mörgum fundum. Hefur heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar eða einstakir nefndarmenn setið flesta fundina og tekið þátt í athugun frumvarpsins.

Aðalefni frv. er í höfuðdráttum þetta.

1. Tekin verði í lögin ákvæði um skipun sérstaks heilsugæzlustjóra, er hafi í samráði við forstjóra yfirstjórn allra læknamálefna Tryggingastofnunarinnar og vinni sérstaklega að undirbúningi þess, að heilsugæzlan komi til fullra framkvæmda.
2. Heimildir þær, sem nú eru í lögunum, til að hækka hinar lögboðnu bótagreiðslur, verði auknar og rýmkaðar. Taka ákvæði frv. um þetta efni fyrst og fremst til þeirra, sem njóta mjög lágra eftirlauna úr opinberum sjóðum, eignalausra einstaklinga og fólks, sem þarfnast sérstakrar hjúkrunar og umönnunar, svo og til hjóna, sem ekki geta búið saman af heilsufarsástæðum eða öðrum tilsvarandi orsökum, og til ekkla, sem hafa fyrir mörgum ungum börnum að sjá.
3. Lagt er til, að aukið verði við nýjum bótaflokki, mæðralaunum til einstæðra mæðra, sem hafa 2 börn eða fleiri á framfæri sínu. Enn fremur að heimilað verði að greiða dánarbætur til ekkna og ekkla, sem náð hafa 67 ára aldri, þegar makinn fellur frá.
4. Framkvæmd III. kafla laganna, um heilsugæzlu, verði frestað til ársloka 1954. Sjúkrasamlög þau, sem nú eru starfandi, hafi með höndum sjúkratryggingarnar til sama tíma samkv. alþýðutryggingalögunum frá 1943, en jafnframt verði lögboðið, að sjúkrasamlög skuli stofnuð í öllum þeim hreppum, þar sem svo hefur enn eigi verið gert. Lagt er til, að nokkrar fleiri breytingar verði og gerðar á sjúkratryggingunum, og er sú þeirra þýðingarmest, að niður skuli felldar takmarkanir þær, er nú gilda um greiðslu sjúkrahúsvistar fyrir gamalmenni, sem haldin eru ellikröm eða öðrum slíkum krankleika, og kostnaðinum, sem af þessu leiðir, verði skipt milli Tryggingastofnunarinnar og sjúkrasamlaganna. Tilsvarandi rýmkun er ætlazt til, að gerð verði á framkvæmd ríkisframfærslulaganna.
5. Heimildir þær, sem veittar voru með viðaukalögunum frá 1948, til að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld gamalmenna og öryrkja, til að greiða giftum konum, sem ekki hafa sérstakar tekjur, sjúkrabætur, og til að leggja fram fé til læknisvitjanasjóða og sjúkrasamlaga vegna óvenjulegs kostnaðar við sjúkraflutninga og læknisvitjanir, eru allar teknar í frv., svo og ákvæðið um lækkun atvinnurekendaiðgjalds á II. verðlagssvæði.

Nefndin fellst á ástæður þær, sem fram eru færðar í greinargerð frv. fyrir því, að óhjákvæmilegt sé að fresta enn um sinn framkvæmd heilsugæzlukafla laganna, þar sem engar líkur virðast til, að heilsugæzlustofnunum þeim, sem lögin gera ráð fyrir, verði komið upp eins fljótt og til var ætlazt. Þá er nefndin einnig sammála um, að þær aðrar breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, séu allar til verulegra bóta á lögunum.

Nefndin er því sammála um meginefni frv. og mælir eindregið með því.

Jafnframt telur nefndin þó rétt að gera nokkrar breytingar á frv. og skal hér stuttlega drepið á efni tveggja breytingartillagna, sem nefndin flytur.

Nokkur ágreiningur hefur komið upp milli fjármálaráðuneytisins annars vegar og Tryggingastofnunarinnar og félagsmálaráðuneytisins hins vegar um það, hvort réttur Tryggingastofnunarinnar til að halda þeim tekjuafgangi, sem safnazt hefur og verða kann einstök ár, sé tvímælalaus. Nefndin er sammála um, að tilætlun löggjafans hafi verið sú, að stofnunin skyldi halda tekjuafganginum, og telur rétt að taka af öll tvímæli um þetta efni. En jafnframt telur hún og rétt, að tekið sé skýrt fram í lögunum, að tekjuafganginn skuli nota til að mæta halla, er verða kann á tryggingunum einstök ár, og að ekki skuli grípa til ábyrgðar ríkissjóðs vegna rekstrarhalla, meðan tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði. Leggur n. því til, að í frv. verði tekin ákvæði um þetta efni.

Eftir að mþn. hafði gengið frá frv., hefur Alþingi samþ. ályktanir um uppbætur á laun opinberra starfsmanna og eftirlaun, 20% til bráðabirgða. Nefndin telur því eðlilegt, að til viðbótar þeirri hækkun, sem þegar hefur verið gerð á ellilífeyri og öðrum tilsvarandi bótagreiðslum og nemur um 10% að meðtöldu sjúkrasamlagsiðgjaldi, verði Tryggingastofnuninni heimilað að greiða allt að 10% uppbót á þessa bótaflokka fyrir tímabilið frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950, enda er svo til ætlazt, að heimildir þær, sem í 6.—13. gr. frv. greinir, verði eigi notaðar fyrr en frá og með 1. júlí 1950. Telur n., að Tryggingastofnuninni sé fært að taka á sig að greiða þessa uppbót, sem ætla má að nemi 2.8—2.9 millj. kr., án þess að henni sé séð fyrir sérstökum tekjum í þessu skyni, ef stofnunin heldur tekjuafgangi fyrri ára óskertum.

Aðrar breytingartillögur nefndarinnar þurfa ekki sérstakra skýringa, enda verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Samkvæmt framansögðu leggur n. til, að frv. verði samþykkt með breytingartillögum þeim, sem prentaðar eru á þskj. 308.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja tillögum, er fram kunna að koma. Þá hefur n. og til athugunar nokkrar brtt., sem hún mun taka afstöðu til fyrir 3. umræðu.

Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur vegna veikinda, þegar frv. var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 7. febrúar 1950.

H. Guðmundsson, form., frsm.	Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.	Gísli Jónsson.
	Lárus Jóhannesson.	

Ed. 308. Breytingartillögur [68. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin fellur niður (greinatalan breytist skv. atkvgr.).
2. Við 5. gr. Aftan við orðin „Í kaupstöðum“ í upphafi 3. málsl. greinarinnar bætist: utan Reykjavíkur.

3. Við 6. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: sem samsvarar lífeyri á I. verðlagssvæði að viðbættum 50% af lífeyrisupphæð þess verðlagssvæðis, þar sem hlutaðeigandi er búsettur.
4. Við 8. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Hámark lífeyrishækkunar, sem tryggingaráði er heimilt að veita vegna sjúkleika eða ellilasleika samkv. 17. gr. laganna, skal miðast við 50 af hundraði af lífeyrisupphæðinni, og má einnig veita hana mönnum, sem eru algerlega eignalausir og sökum fullkomins skorts á vinnugetu og einstæðingsskapar geta eigi komizt af með venjulegan lífeyri.
5. Við 13. gr. Fyrsta málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Heimilt er tryggingaráði að greiða auk barnalífeyris mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa tvö börn eða fleiri innan 16 ára á framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar.
6. Við 29. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður svolátandi:
   Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta halla, er verða kann á rekstri tryggginganna einstök ár, og skal ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs, meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði.
7. Við 34. gr. Aftan við greinina bætist ný grein og bráðabirgðaákvæði, svolátandi:
   a. (35. gr.) Lög þessi taka þegar gildi. Ákvæði 18. gr. um gjaldskyldu bifreiðastjóra og 4. tölul. 21. gr. um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga gilda þó fyrir allt árið 1950. Lög nr. 115 1949, um framlengingu heimilda í l. nr. 92 1948, eru úr gildi numin með lögum þessum.
   b. (bráðabirgðaákvæði) Tryggingaráði er heimilt að greiða úr tryggingasjóði allt að 10% uppbót á ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrki og makabætur fyrir bótatímabilið frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950.

Sþ. 309. Þingsályktun [42. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða farkennurum jöfn laun.

(Afgreidd frá Sþ. 7. febr.)

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að greiða farkennurum án kennararéttinda sömu laun af hálfu ríkissjóðs og farkennurum, er kennararéttindi hafa, enda hafi þeir stundað kennslu í 3 ár eða lengur.

Nd. 310. Frumvarp til laga [113. mál]

um veitingu prestakalla.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Forseti Íslands skipar presta íslenzku þjóðkirkjunnar og veitir þeim lausn frá störfum.

2. gr.

Þegar prestakall losnar, skal biskup Íslands í samráði við kirkjumálaráðherra auglýsa það með hæfilegum umsóknarfresti. Að honum loknum skal biskup senda kirkjumálaráðherra rökstutt álit sitt á umsóknum þeim, sem borizt hafa, og hverj-

um skuli veitt embættið. Enn fremur skal leitað álits hlutaðeigandi héraðsprófasts um umsóknirnar, áður en embættið er veitt, svo og sóknarnefndar eða sóknarnefnda í prestakallinu, og greiði þær atkvæði um það á sameiginlegum fundi. Ef þessir þrír aðilar, biskup, héraðsprófastur og sóknarnefndir, verða á eitt sáttir í áliti sínu um umsækjendur, skal veita embættið samkvæmt því. Sé hlutaðeigandi prófastur meðal umsækjenda, skal þó leitað álits sóknarnefnda einna, og sé það samhljóða álit biskups, skal veita embættið samkvæmt því.

Setja skal í reglugerð, eftir því sem þurfa þykir, nánari ákvæði varðandi veitingu þessara embætta.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 frá 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flm. þessa frv. hafa tvívegis áður flutt frv. um breytingu á gildandi skipun að því er snertir veitingu prestakalla, þ. e. á þingunum 1946 og 1947, en í hvorugt skiptið varð málið útrætt. Þegar málið var flutt á þinginu 1946, var það sent kirkjuráði og biskupi til umsagnar. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 12. maí 1947 að mæla með því, að horfið yrði frá prestskosningum, en óskaði nokkurra breytinga á frv., eins og það lá fyrir þá. Biskup taldi sig hins vegar ekki geta mælt með því, að málið yrði afgreitt á því þingi, og benti á, að æskilegt væri að kynna málið rækilega söfnuðum og prestastéttinni, áður en því yrði ráðið til lykta.

Á næsta þingi var frv. flutt eins og kirkjuráð hafði óskað, að það yrði, og hafði þá prestastétt og söfnuðum gefizt árs tími til þess að ræða málið. Virtist það hljóta góðar undirtektir meðal presta, og gerðu prestafundir m. a. ályktanir um málið. Ekki var það þó rætt á prestastefnu, þótt fyllsta ástæða hefði verið til. Á Alþingi reyndust skoðanir skiptar um málið, og hlaut það eigi afgreiðslu.

Nú er málið flutt í þriðja sinn og enn í sama formi og það hafði hlotið meðmæli kirkjuráðs 1947. Kosning sú, sem nýlega fór fram á presti fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík virðist hafa staðfest mjög áþreifanlega þá skoðun, að prestskosningar séu óheppilegar og að frá þeirri skipan eigi að hverfa í þjóðkirkjunni. Hinn harðvítugi áróður, sem rekinn var í fríkirkjusöfnuðinum í sambandi við prestskosningarnar, getur varla hafa haft bætandi áhrif á safnaðarlífið og er kirkjunni raunar heldur ekki til sóma. Þar við bætist, að söfnuðurinn hefur nú klofnað, þar eð lítill minni hluti safnaðarins hefur ekki viljað una úrslitum kosninganna og stofnað sérstakan söfnuð.

Helztu rök fyrir því að afnema beri prestskosningar eru þessi:

1) Það er ofætlun að vænta þess, að þorri atkvæðisbærra safnaðarmanna geti að jafnaði lagt rökstuddan úrskurð á embættishæfni þeirra, sem þeir eiga að dæma um á kjördegi. Til þess eru kynni safnaðarins af umsækjendunum yfirleitt of lítil.

2) Deilur þær, er allajafna verða í söfnuðunum í sambandi við prestskosningar, hafa oft og einatt mjög truflandi áhrif á safnaðarlífið og geta valdið presti þeim, er embættið hlýtur að kosningabaráttunni lokinni, erfiðleikum, enda eru mörg dæmi slíks. Áróður sá, sem mjög er hætt við, að aldrei verði komizt hjá í kosningum, er oft og einatt engum til sóma né gagns, hvorki umsækjendum, söfnuði né kirkjunni sem stofnun. Samkeppni presta um hylli kjósenda er og ekki holl eða heppileg fyrir stéttina.

3) Þeir, sem hug hefðu á því að sækja um laust prestsembætti, hafa að ýmsu leyti ójafna aðstöðu. Prestar, sem eru í embættum, geta ekki átt langdvalir í öðrum sóknum án þess að afrækja störf sín. Kandidatar eiga í þessu efni hægara um vik,

en embættismönnum er gert þeim mun erfiðara fyrir sem þeir eru samvizkusamari og eru umfangsmeiri störfum bundnir.

4) Eins og nú háttar, er það meiri erfiðleikum bundið en eðlilegt er fyrir þá, sem prestsembættum gegna, að færa sig til og skipta um verkahring. Prestar eru einu embættismennirnir á Íslandi, sem enga von geta átt á því að hljóta þau laun fyrir langt og gott embættisstarf að vera fluttir í betri embætti eða hægari. Til þess að slíkt geti gerzt, þarf að leggja út í harðvítuga kosningahríð, við ærinn tilkostnað og oft og einatt enn meiri leiðindi.

Rökin, sem heyrzt hafa gegn því að hætta prestskosningum, eru einkum þau, að með því væri stigið spor í áttina frá lýðræði, eðlilegt sé að tryggja söfnuðunum fullt vald til þess að velja sér prest, einkum og sér í lagi með tilliti til þess, að ólíkar stefnur séu uppi í trúmálum. Um þetta er það að segja í fyrsta lagi, að kosningar á embættismönnum verða ekki taldar til einkenna lýðræðisskipulags, enda yrði að telja lýðræði bágborið hér og í nágrannalöndum, ef svo væri gert, því að engir embættismenn eru hér kosnir aðrir en prestar, svo sem kunnugt er. Í öðru lagi er það einkenni á öllum lýðræðiskosningum, að þær fara fram með vissu millibili. Lýðræði er ekki tryggt með því að veita kjósendum kost á að kjósa sér umboðsmann, er síðan skuli fara með umboðið til æviloka. Ef um lýðræði á að vera að ræða, þarf að vera hægt að losna við umboðsmanninn, ef hann að einhverju leyti bregzt vonum kjósendanna, og velja annan. Ef tryggja ætti lýðræði í safnaðarmálum, ætti að efna til prestskosninga með vissu árabili, t. d. fjórða eða fimmta hvert ár. Þá og því aðeins yrði það tryggt, að söfnuðir þyrftu ekki að hafa presta, sem þeir vildu ekki sætta sig við. Núverandi skipun tryggir slíkt engan veginn. Með henni er t. d. ekki tryggt, að trúarskoðanir prests séu í samræmi við skoðanir meiri hluta safnaðar. Þótt svo hafi verið, þegar presturinn var kjörinn, geta skoðanir hans breytzt, en hann hefur verið kjörinn til loka embættisaldurs síns. Eins getur meiri hluti safnaðar skipt um skoðun í trúmálum, en hann á þess þó engan kost að skipta um prest og fá annan, er aðhyllist sömu skoðanir og meiri hlutinn.

Það er því á algerum misskilningi byggt, að núverandi skipun tryggi lýðræði á því sviði, sem hér er um að ræða. Auðvitað væri hægt að koma þar á lýðræði með því að taka upp þá skipan að láta kjósa presta á vissu árabili, eins og að var vikið að framan, en líklega mun slíkt eiga fáa formælendur. Það væri þó rökréttara en sú skipun, sem nú ríkir. Eðlilegast frá almennu sjónarmiði og affarasælast fyrir kirkjuna sjálfa og prestastéttina er hins vegar vafalaust að leggja allar kosningar og allan áróður á þessu sviði á hilluna og veita prestsembættin á svipaðan hátt og önnur embætti, en tryggja þó söfnuðum, biskupi og hlutaðeigandi héraðsprófasti tillögurétt og vald til þess að ráða veitingunni, ef þessir aðilar eru á einu máli. En þetta er sú skipun, sem lagt er til, að upp verði tekin samkvæmt þessu frv.

Sþ. 311. Fyrirspurn [114. mál]

til menntamálaráðherra um erlendar fréttir útvarpsins.

Frá Jónasi Árnasyni.

a. Hefur ríkisstjórnin fyrirskipað fréttastofu útvarpsins að taka fréttir eingöngu frá ákveðnum útvarpsstöðvum?

b. Ef svo er ekki, hefur þá ríkisstjórnin bannað fréttastofu útvarpsins að birta fréttir frá ákveðnum útvarpsstöðvum?

Nd. 312. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að leigja einn eða fleiri af þeim togurum, er hún lætur smíða samkvæmt lögum þessum, útgerðarfélagi eða útgerðarfélögum sjómanna, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Allir skipverjar á leigðum togara séu félagsmenn í útgerðarfélaginu, og framkvæmdastjóri þess geti einnig verið félagsmaður. Verðmæti aflans, að frádregnum útgerðarkostnaði, skiptist milli félagsmanna eftir hlutaskiptareglum, er þeir sjálfir setja.
2. Fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir því, að umsamið leigugjald fyrir togara greiðist skilvíslega og að ekki falli sjóveð á togara á leigutímanum.

Sþ. 313. Þingsályktun [28. mál]

um undirbúning löggjafar um vinnuhjálp húsmæðra.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 32.

Ed. 314. Breytingartillaga [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Á eftir C. 38. í sömu gr. kemur nýr liður, sem orðast svo:

Hringbraut: Frá Laxárbrú hjá Arnarvatni um Mývatnssveit — norðan Vatns — að Reykjahlíð.

Nd. 315. Frumvarp til laga [115. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1950 skal koma saman tíunda dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi, er nú situr, mun eigi ljúka störfum fyrir 15. febrúar þ. á. Ber því nauðsyn til að ákveða með lögum annan samkomudag reglulegs Alþingis 1950 en ráðgerður er í 35. gr. stjórnarskrárinnar. Er lagt til, að þingið verði kvatt til fundar eigi síðar en 10. október n. k.

Nd. 316. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 7. maí 1946, um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.
Áki Jakobsson var fjarverandi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 7. febr. 1950.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jóhann Hafstein.

Nd. 317. Breytingartillaga [11. mál]

við brtt. á þskj. 312 (Togarakaup).

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þá er ríkisstjórninni og heimilt að leigja bæjarfélögum einn eða fleiri af þessum togurum.

Ed. 318. Breytingartillaga [104. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr.
a. Aftan við gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
i. Gjafir til Sambands íslenzkra berklasjúklinga.
b. Í stað orðanna „kemur nýr stafliður“ í 1. málsgr. 1. gr. komi: koma tveir nýir stafliðir.

Ed. 319. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

Frá Gísla Jónssyni.

Aftan við 1. gr. komi nýr töluliður, er hljóði svo:
Eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi Kristjáni Kristóferssyni bónda í Feigsdal.

Nd. 320. Lög [95. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1948, um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Afgreidd frá Nd. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 255.

Nd. 321. Lög [102. mál]

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Nd. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 269.

Ed. 322. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og m. a. rætt það við formann bjargráðastjórnarinnar, skrifstofustjóra Jónas Guðmundsson, er mætti á einum fundi nefndarinnar, og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með breytingum, er fylgja á sérstöku þingskjali.

Tveir nefndarmenn, þeir HG og FRV, voru fjarstaddir, þegar málið var rætt, og hafa ekki tekið þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 9. febr. 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 323. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Bjargráðsjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum nr. 45 1913, skal vera allsherjarsjóður. ...
2. Við 2. gr. Í stað „Bjargráðagjald“ í síðari málsl. komi: Bjargráðasjóðsgjald.
3. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Stjórn sjóðsins, sem heitir bjargráðastjórn, skipa skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu. ...
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Bjargráðastjórn hefur á hendi reikningshald sjóðsins, og skulu reikningarnir endurskoðaðir af endurskoðunardeild stjórnarráðsins og endurskoðendum ríkisreikninganna án sérstaks endurgjalds.
5. Við 7. gr. Fyrir „bjargráðagjaldi“ komi: bjargráðasjóðsgjaldi.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrir 1. marz ár hvert er prestum og öðrum þeim, er manntal hafa á hendi, skylt að láta innheimtumönnum bjargráðasjóðsgjalda í té skýrslu um íbúafjölda hvers sveitarfélags, miðað við áramót, til afnota við útreikning og innheimtu gjaldanna.
7. Við 9. gr. Í stað orðanna „vera séreign hverrar sýslu eða kaupstaðar“ komi: vera séreign þeirrar sýslu eða kaupstaðar, er gjaldið greiddi.

8. Við 10. gr.
   a. Í stað „bjargráðagjaldið“ komi: bjargráðasjóðsgjaldið.
   b. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Nú notar einhver sýsla eða bæjarfélag heimild þessarar greinar og hækkar framlag sitt til bjargráðasjóðs með leyfi ráðherra, og er þá ríkissjóði skylt að leggja fram, auk þess, sem fyrir er mælt í 3. gr., fé, er nemur hálfu viðbótargjaldinu, og rennur það í séreignarsjóð viðkomandi sveitarfélags.
9. Við 12. gr. Í stað „bjargráðagjaldi“ í síðustu málsgr. komi: bjargráðasjóðsgjaldi.
10. Við 13. gr.
   a. Í stað „bráðabirgðastjórninni“ í 1. málsgr. komi: bjargráðastjórninni.
   b. Í stað „veða“ í tölulið 3 komi: veði.

Nd. 324. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1950.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna (JörB og JóhH) voru fjarverandi, er málið var afgreitt.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 10. febr. 1950.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Áki Jakobsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 325. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

1. málsgr. 39. gr. laganna orðist svo:

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórn landslista núverandi stjórnmálaflokka með bókstöfunum A, B, C og D, eftir þeirri röð, sem heiti flokkanna verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð. Landslisti nýs stjórnmálaflokks skal merktur þeim upphafsstaf, sem næstur er í stafrófinu á eftir bókstöfum þeirra flokka, sem fyrir eru. Landslistar fleiri en eins nýs stjórnmálaflokks skulu merktir upphafsstöfum á sama hátt, í þeirri röð, sem listarnir koma fram, er flokkarnir í fyrsta sinn hafa lista í kjöri. Sami stjórnmálaflokkur skal jafnan hafa þann listabókstaf, sem hann einu sinni hefur hlotið. Ef stjórnmálaflokkur á ekki landslista í kjöri, skal enginn listi merktur listabókstaf þess flokks.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að ákvæði núgildandi kosningalaga um merkingu framboðslista stjórnmálaflokka við hlutbundnar kosningar hafa oftlega leitt til ýmiss konar

erfiðleika, glundroða og misskilnings. Sprettur það af því, að hinir ýmsu stjórnmálaflokkar hafa ekki haft sama listabókstaf á öllum þeim stöðum, er þeir hafa boðið fram á. Hefur þetta valdið kjósendum og flokkum miklu óhagræði. Mætti nefna þar til mörg dæmi, nú síðast frá bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum, er fram fóru þann 29. jan. s. l.

Í frv. þessu er lagt til, að úr þessu verði bætt. Gert er ráð fyrir, að lögákveðnir verði listabókstafir þeirra stjórnmálaflokka, sem nú eru starfandi í landinu. Listar nýrra stjórnmálaflokka, sem kynnu að verða stofnaðir, verði hins vegar merktir í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistunum, eftir þeirri röð, er þeir koma fram í í fyrsta sinn, er flokkarnir hafa lista í kjöri. Utanflokkalistar verði merktir á eftir flokkslistum, eins og kosningalög gera nú ráð fyrir.

Samkvæmt 22. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar mundi þessi breyting laga um kosningar til Alþingis einnig taka til bæjar- og sveitarstjórnarkosninga.

Nd. 326. Lög [91. mál]

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Afgreidd frá Nd. 10. febr.).

Samhljóða þskj. 295.

Ed. 327. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1950.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Jafnframt vekur nefndin athygli á því, að nauðsyn ber til, að komið verði fastri skipun á samkomudag Alþingis, þannig að öruggt sé, að hægt sé að afgreiða fjárlög fyrir fjárhagsárið áður en það byrjar.

Alþingi, 10. febr. 1950.

Lárus Jóhannesson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Hermann Jónasson.

Brynjólfur Bjarnason. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 328. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og rætt það á nokkrum fundum. Kvaddi nefndin formann stjórnar S. R. til viðtals um málið og leitaði skriflega umsagnar dr. phil. Þórðar Þorbjarnarsonar um frumvarpið. Er umsögn hans birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Nefndin er á einu máli um nauðsyn þess, að komið verði upp stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði við síldarverksmiðjur ríkisins. Hins vegar telur nefndin

ekki rétt, að því sé slegið föstu í lögunum, hvar stöðin skuli vera. Virðist eðlilegast, að það sé á valdi ríkisstjórnar að taka ákvörðun um slíkt í samráði við stjórn S. R. Þá finnst nefndinni og heppilegra, að ríkisstjórninni sé heimilað að reisa þessa stöð, en ekki beinlínis fyrirskipað að gera það, eins og gert er í frumvarpinu.

Við athugun málsins í nefndinni hefur komið fram ábending um, hvort ekki væri rétt að fullgera ekki stöðina þegar í upphafi, svo sem ráðgert er í kostnaðaráætlun hr. Vilhjálms Guðmundssonar, heldur nota í byrjun katla síldarverksmiðjanna við rekstur soðstöðvarinnar. Mundi sparast verulegur hluti af stofnkostnaði stöðvarinnar við þetta, án þess að ríkisverksmiðjurnar þyrftu að verða fyrir tilfinnanlegu óhagræði. Hefur nefndinni þótt rétt að benda á þetta, og vill hún hvetja til, að fullrar varfærni sé gætt í sambandi við kostnað við byggingu stöðvarinnar, þar eð það hefur allt of oft komið í ljós, að þrátt fyrir nákvæmar og hagstæðar kostnaðar- og rekstraráætlanir í upphafi, hefur stofnkostnaður rokið upp úr öllu valdi og rekstrarafkoma því orðið óhagstæðari en ætlað var í upphafi. Sýnist nefndinni rétt, að við byggingu þessarar stöðvar verði ekki lagt í annan og meiri kostnað en óhjákvæmilegur er, en að síðar verði aukið við, ef reynslan sýnir, að slíkt á rétt á sér.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og starfrækja stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði við síldarverksmiðjur ríkisins.

Alþingi, 7. febr. 1950.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.

Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

Ég undirritaður hef móttekið bréf yðar, dags. 23. janúar, þar sem þér óskið eftir umsögn minni um frumvarp til laga, sem nú liggur fyrir Alþingi, um hagnýtingu efna úr síldarsoði.

Efni það, sem gert er ráð fyrir, að framleitt verði úr síldarsoði, hefur ýmist verið kallað soðkjarni eða soðkraftur, eins og gert er í greinargerð frumvarpsins. Undirritaður hefur átt þess kost að fylgjast með þróunarsögu soðkraftsframleiðslunnar í Bandaríkjunum og Nýfundnalandi síðan 1944 og hefur frá byrjun verið þeirrar skoðunar, að framleiðsla þessi sé mál, sem haft geti hina mestu þýðingu fyrir síldariðnað þjóðarinnar. Aflabrestur undanfarinna ára hefur tafið fyrir því, að hafin yrði soðkraftsframleiðsla við síldarverksmiðjur norðanlands, enda hefur meðalafli þessa tímabils verið svo lítill, að framleiðsla soðkrafts hefur verið ógerleg annars staðar en hjá S. R. á Siglufirði og á Raufarhöfn.

Greinargerð Vilhjálms Guðmundssonar, fylgiskjal II, er það ýtarleg, að ég hef litlu við hana að bæta, enda er ég henni sammála í öllum atriðum, er máli skipta. Þó skal það ítrekað, sem vikið er að í greinargerðinni, að vegna þess, hve fá lönd geta framleitt soðkraft, eru ákveðin takmörk fyrir því magni, sem framleiðslan getur náð. Það er því lítt hugsanlegt, að um offramleiðslu á soðkrafti geti orðið að ræða, og er því fyllsta ástæða til að ætla, að öruggur markaður verði fyrir soðkraft um margra ára bil.

Ég hef rannsakað stofnkostnaðar- og rekstraráætlunina í fylgiskjali II, eftir því sem tök hafa verið á. Fæ ég ekki annað séð en áætlun þessi fái staðizt í öllum aðalatriðum að óbreyttum aðstæðum.

Það er skoðun mín á þessu máli, að soðstöð þá, sem um ræðir í frumvarpinu, beri að reisa hið fyrsta.

Virðingarfyllst,

Þórður Þorbjarnarson.

Sjávarútvegsnefnd Ed.
Gísli Jónsson, formaður.

Ed. 329. Breytingartillögur [68. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   2. og 3. málsliður 23. gr. laganna falli niður.
2. Við 13. gr. 1. og 2. málsgr. orðist svo:
   Heimilt er tryggingaráði að greiða, auk barnalífeyris, mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa börn innan 16 ára á framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar.
   Mæðralaunin mega nema allt að:

	Á 1. verðlagssvæði:	Á 2. verðlagssvæði:
1. Til mæðra með 1 barn	kr. 600.00	kr. 400.00
2. — — — 2 börn	— 800.00	— 600.00
3. — — — 3 —	— 1000.00	— 750.00
4. — — — 4 — eða fleiri	— 1200.00	— 900.00

Ed. 330. Breytingartillaga [68. mál]

við brtt. á þskj. 308 (Almannatryggingar).

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við tölulið 7. b. (bráðabirgðaákvæði). Liðurinn orðist þannig:
Þar til gerðar verða almennar breytingar á lífeyrisupphæðum laganna, er tryggingaráði heimilt að greiða úr tryggingasjóði 20% uppbót á ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrki og makabætur.

Ed. 331. Breytingartillögur [68. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 8. gr. Síðari málsgr. greinarinnar falli niður.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Sá tími, er ekkja, sem giftist aftur, á rétt til barnalífeyris samkv. 2. málsgr. 23. gr. laganna, skal vera eitt ár. Sömu takmarkanir skulu og gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.

3. Við 11. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   Fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna skal vera jafn til allra mæðra og nema kr. 200.00 fyrir hverja fæðingu.
4. Við 13. gr. Önnur málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Mæðralaunin mega nema allt að:

	Á 1. verðlagssvæði:	Á 2. verðlagssvæði:
1. Til mæðra með 2 börn	kr. 400.00	kr. 300.00
2. — — — 3 —	— 600.00	— 450.00
3. — — — 4 — eða fleiri ..	— 800.00	— 600.00

Ed. 332. Breytingartillaga [115. mál]

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1950.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Í stað „tíunda dag októbermánaðar“ komi: 1. september.

Ed. 333. Lög [115. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1950.

(Afgreidd frá Ed. 13. febr.)

Samhljóða þskj. 315.

Ed. 334. Breytingartillögur [68. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um Almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 8. gr. Orðin „enda hafi hann verið búsettur í sveitarfélaginu óslitið eigi skemur en 5 síðastliðin ár“ falli niður.
   Til vara: Í stað „5 síðastliðin ár“ komi: 2 síðastliðin ár.
2. Við 13. gr. Á eftir næst síðustu málsgr. komi ný málsgr., er orðist svo:
   Tryggingastofnunin á kröfurétt á hendur barnsföður um endurgreiðslu á mæðralaunum, og fer um innheimtu á þeim samkv. 27. og 117. gr. laganna.
3. Við 16. gr. Í stað „52 vinnuvikum“ komi: 104 vinnuvikum.
4. Við 21. gr. Í stað „1. júlí 1950“ komi: 1. október 1950.
5. Við 30. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Skrár þær, er sveitarstjórnum ber að gera samkvæmt 118. gr. laganna, skal gera í tveim eintökum, og sendist annað þeirra formanni viðkomandi skattanefndar eða skattstjóra, er reiknar út iðgjaldagreiðslurnar og býr til skrá yfir gjöld gjaldenda til Tryggingastofnunarinnar, og skal því lokið mánuði fyrr en greinir í 18. gr. Skattstjóri eða formaður skattanefndar skal síðan senda innheimtumanni iðgjaldanna skrá yfir gjaldendur og hvað hverjum beri að borga í iðgjald, og afrit af þeirri skrá skal hann senda Tryggingastofnuninni.

Sþ. 335. Þingsályktun [2. mál]

um innflutning og framleiðslu heimilistækja.

(Afgreidd frá Sþ. 15. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fylgja þeirri stefnu, sem mörkuð var á síðasta þingi, með því að hlutast til um, að þær verksmiðjur, sem framleitt geta nýtízku heimilisvélar, fái innflutt nægilegt efni til þeirrar framleiðslu. Á sama hátt verði hlutazt til um, að innfluttar verði heimilisvélar, sem ekki verða framleiddar í landinu, og önnur nauðsynleg heimilistæki, til þess að fullnægja þörfum heimilanna til sjávar og sveita, og fari bæði um efnisinnflutning og annan innflutning eftir því, sem gjaldeyrisástæður leyfa. Þó skal gjaldeyrir til eldavéla — annarra en rafmagnseldavéla — veittur eftir sömu reglum og til almennra rekstrarvara.

Nd. 336. Lög [21. mál]

um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 16. febr.)

Samhljóða þskj. 22.

Nd. 337. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um sveitarráðsmenn.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á allmörgum fundum og mælir með samþykkt þess með ýmsum breytingum. Aðalbreytingartillögur nefndarinnar fela í sér eftirfarandi:

a. Að í stað heitisins sveitarráðsmaður komi sveitarstjóri. Telur nefndin það nafn nær íslenzkri málvenju en sveitarráðsmannsheitið.

b. Að einungis verði um heimildarlög að ræða, nái frv. samþykki, þ. e. að hreppsfélögum, sem hafa yfir 500 íbúa, sé heimilt að ráða fastan mann í sína þjónustu með þeim hætti, er frv. gerir ráð fyrir, en séu ekki skylduð til þess.

c. Að hámark launa sveitarstjóra skuli vera samkomulagsatriði milli hans og hreppsnefndar, en launin ekki lögákveðin, eins og gert er ráð fyrir í frv. (árslaun 7200 kr. auk lögboðinnar verðlagsuppbótar). Nefndin leggur þó til, að árslaunin megi ekki vera lægri en kr. 5000.00, auk verðlagsuppbótar. Breytingartillögu þessa rökstyður nefndin með því, að greiðslugeta hinna ýmsu hreppsfélaga sé misjöfn, enda ástæða til þess að miða launin við það, hvort um umfangsmikið starf sé að ræða. Ef hreppsfélag stendur í miklum framkvæmdum, t. d. hafnargerð, gæti verið ástæða til þess að fá sérmenntaðan mann í starf sveitarstjóra, meðan á framkvæmdum stæði, en slíkum manni þyrfti að jafnaði að greiða hærri laun en gert er ráð fyrir í frv.

d. Að hreppsnefnd sé heimilt að fela sveitarstjóra hreppsstjórastörf, ef hreppsstjóri lætur af starfi í hreppi, þar sem starfandi er sveitarstjóri, enda náist um þá ráðstöfun samkomulag milli hreppsnefndar og viðkomandi sýslumanns f. h. sýslunefndar. Tilgangur þessarar breytingartillögu er augljós og þarfnast því ekki skýringa.

Þess skal getið, að nefndin hefur fengið umsögn um frv. frá eftirfarandi aðilum: Sambandi ísl. sveitarfélaga, hreppsnefndum Dalvíkur-, Selfoss-, Eyrarbakka-, Stykkishólms-, Borgarnes- og Patreksfjarðarhreppa. Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga er prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Eins og áður er getið mælir nefndin með frv., en leggur til, að á því verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. Í stað „sveitarráðsmaður“ hvarvetna í greinum frv. komi: sveitarstjóri.
2. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í hreppi, þar sem fleiri en 500 íbúar búa í kauptúni, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.
3. Við 2. gr. 1. málsl. greinarinnar orðist svo:
   Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra til umsóknar og taka við umsóknum um það.
4. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd. Í ráðningarsamningi skal kveðið á um launakjör, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað, sem varðar skipti hreppsnefndar og sveitarstjóra. Árslaun sveitarstjóra skulu ekki vera lægri en kr. 5000.00, auk lögboðinnar verðlagsuppbótar, og greiðast þau úr sveitarsjóði. Ekki er heimilt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar né önnur ákveðin tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.
5. Við 4. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan samkv. því.
6. Við 5. gr. Í stað orðsins „sveitarfélagsins“ í 1. og 2. málsgr. komi: hreppsins.
7. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Nú hættir hreppsstjóri störfum í hreppi, þar sem sveitarstjóri starfar, og er þá heimilt að fela sveitarstjóra hreppsstjórastörf, náist um það samkomulag milli hreppsnefndar og viðkomandi sýslumanns fyrir hönd sýslunefndar. Fari sveitarstjóri með hreppstjórastörf, greiðir ríkissjóður honum þóknun sem svarar hreppsstjóralaunum.
8. Við 8. gr. Í stað orðsins „sveitarstjórnar“ í 1. málsl. gr. komi: hreppsnefndar.
9. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
10. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um sveitarstjóra.

Reykjavík, 13. febr. 1950.

Gylfi Þ. Gíslason, form. Jónas G. Rafnar, frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr.
Kristín Sigurðardóttir. Jónas Árnason.

Fylgiskjal.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 24. jan. 1950.

Háttvirt heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. hefur óskað umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um frv. til l. um sveitarráðsmenn.

Stjórn sambandsins hefur haldið fundi um málið og rætt það nokkuð, en vegna sérstakra anna stjórnarmeðlima hefur svar dregizt lengur en skyldi, og er nefndin beðin velvirðingar á því.

Í umsögn, er stjórn sambandsins sendi allshn. Sþ. á s. l. ári, varðandi þáltill. um undirbúning löggjafar um stjórn stærri kauptúna, var á það bent, að rík þörf væri á heildarendurskoðun sveitarstjórnarlöggjafarinnar, og nokkur atriði nefnd í því

sambandi, er sérstaklega þyrftu athugunar við, svo sem stækkun sveitarfélaganna, ein lög um bæjarstjórnir o. fl. Á það var og drepið, hvort ekki þætti tiltækilegt. að borgarstjóri og bæjarstjórar væru fastir embættismenn, en ekki háðir niðurstöðum pólitískra kosninga eins og nú er. En núgildandi skipun um þau efni hefur leitt til þess, að mjög erfiðlega gengur að fá hæfa menn til þeirra starfa sakir öryggisleysis um lengd starfstímans og fleira, enda er nú svo komið, að bæjarstjóraskipti hafa víða orðið, jafnvel oftar en einu sinni í sumum kaupstöðum síðasta kjörtímabil. Er því nauðsyn lagasetningar um þessi efni til að tryggja meiri festu og öryggi um framkvæmdarstjórn sveitarfélaganna, er stuðli að því, að þeim verði þannig skipað, að hæfir og duglegir menn gefi kost á sér til þeirra.

Frv. það um sveitarráðsmenn, er hér liggur fyrir, fjallar aðeins um skipan framkvæmdarstjórnar sveitarfélaganna í hinum stærri kauptúnum, og stefnir að dómi stjórnarinnar í rétta átt.

Stjórn sambandsins lítur svo á, að stjórn stærri kauptúna hljóti í framtíðinni að verða komið fyrir eitthvað líkt því, sem ráðgert er í frv. þessu, því að svo sem kunnugt má vera eru oddvitastörf í kauptúnum þessum mikil og margþætt, og hafa hinir kjörnu oddvitar margir hverjir átt erfitt með að sinna þeim sem skyldi.

Lagasetning varðandi nokkur kauptún um, að lögreglustjórar gegndu oddvitastörfum jafnhliða löggæzlustarfi, hefur ekki gefið góða raun.

Þar sem stjórn sambandsins telur, að miklu meiri breytingar þurfi að gera á sveitarstjórnarlöggjöfinni en þær, sem frv. felur í sér, þá virðist, að e. t. v. væri réttast, að nú yrði aðeins veitt heimild til þess, að sveitarstjórnirnar gætu ráðið fastan mann í sína þjónustu með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir.

Á það má benda, að þar sem stærð kauptúnanna er nokkuð mismunandi svo og framkvæmdir, getur þörf fyrir ráðningu fasts starfsmanns verið mismikil. Stjórnin leggur því til, að frv. verði breytt á þann veg, að sett verði heimildarlög, þ. e. að þeim sveitarfélögum, er lögin nái til, sé heimilt að koma á þeirri skipan, sem þar er gert ráð fyrir, en séu ekki á þessu sigi skyld til þess. Þegar reynsla væri fengin, mætti þá síðar lögbinda þetta form.

Nokkur ástæða er til að ætla, að sum kauptún teldu sér bundnar meiri fjárhagslegar byrðar en æskilegt væri, ef launin væru ákveðin þau, sem 4. gr. tiltekur. Virðist því betur á því fara, að árslaun sveitarráðsmannsins væru ekki fastbundin í lögunum, heldur væru í þeim ákvæði um lágmarkslaun, er ekki væru lægri en t. d. 5000 kr. á ári, auk lögboðinnar verðlagsuppbótar, en hækka mætti laun sveitarráðsmanns að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins. En því telur stjórnin réttara að fá samþykki ráðuneytisins en t. d. samþykki sýslunefndar, að skapast mundi með því meira samræmi um launagreiðslur þessar á hinum ýmsu stöðum.

Á það má og benda, að vera kann, að annað heiti sé æskilegra en orðið „sveitarráðsmaður“ um starfsmann þennan, en stjórn sambandsins sér ekki ástæðu til að gera tillögu um annað.

Stjórn sambandsins vill og hér með nota tækifærið til að ítreka fyrri ábendingar sínar um, að hið allra fyrsta verði hafin gagngerð endurskoðun á allri löggjöf um sveitarstjórnarmál. Þar er mikið verk að vinna, en þörfin brýn og aðkallandi.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Eiríkur Pálsson.

Ed. 338. Frumvarp til laga [82. mál]

um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og starfrækja stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði við síldarverksmiðjur ríkisins.

2. gr.

Til byggingarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán innanlands eða utan fyrir hönd ríkissjóðs, að fjárhæð allt að 4 milljónir króna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur vinnslustöðvar þeirrar, er um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir lögum nr. 1 1. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 339. Frumvarp til laga [88. mál]

um Bjargráðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Bjargráðasjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum nr. 45 1913, skal vera allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli.

2. gr.

Hvert sveitarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 2 krónur fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðasjóðsgjald greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 krónum fyrir hvern mann.

4. gr.

Stjórn sjóðsins, sem heitir bjargráðastjórn, skipa skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands.

Fé bjargráðasjóðsins skal geymt og ávaxtað í banka með ríkisábyrgð, og skal það vera tiltækt hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórn skal gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallærishætta sé fram undan, og skal hún vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

6. gr.

Bjargráðastjórn hefur á hendi reikningshald sjóðsins og skulu reikningarnir endurskoðaðir af endurskoðunardeild stjórnarráðsins og endurskoðendum ríkis reikninganna án sérstaks endurgjalds.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðasjóðsgjaldi á manntalsþingum. I kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn (í Reykjavík tollstjóri) innheimta gjaldið og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar eigi síðar en 1. október ár hvert.

8. gr.

Fyrir 1. marz ár hvert er prestum og öðrum þeim, er manntal hafa á hendi, skylt að láta innheimtumönnum bjargráðasjóðsgjalda í té skýrslu um íbúafjölda hvers sveitarfélags, miðað við áramót, til afnota við útreikning og innheimtu gjaldanna.

9. gr.

Allt það fé, sem rennur úr ríkissjóði í bjargráðasjóðinn samkv. 3. gr., að vöxtum meðtöldum, svo og helmingur þess fjár, sem sjóðurinn fær samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal vera sameign allra landsmanna. Hins vegar skal helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur samkv. 2. gr., vera séreign þeirrar sýslu eða kaupstaðar, er gjaldið greiddi, og leggjast vextir af því fé við séreignina.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóðnum.

10. gr.

Ráðherra getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til þess að hækka bjargráðasjóðsgjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upprunalega gjalds. Sú hækkun rennur óskipt í séreignarsjóð viðkomandi sýslu- eða bæjarfélags.

Nú notar einhver sýsla eða bæjarfélag heimild þessarar greinar og hækkar framlag sitt til bjargráðasjóðs með leyfi ráðherra, og er þá ríkissjóði skylt að leggja fram, auk þess, sem fyrir er mælt í 3. gr., fé, er nemur hálfu viðbótargjaldinu, og rennur það í séreignarsjóð viðkomandi sveitarfélags.

11. gr.

Nú verður hallæri í sveitarfélagi af óvenjulegum harðindum eða langvarandi aflaleysi, eða tjón verður þar af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi það, sem skemmdist eða ónýttist, verið óvátryggt fyrir tjóni þessu, og getur þá stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði samkvæmt lögum þessum, til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti.

12. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hafa samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu áliti bjargráðastjórnar. Skýrsla um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki séreign sýslu eða kaupstaðar til forðatryggingar, og má þá bjargráðastjórn veita héraðinu vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins, gegn veði í bjargráðasjóðsgjaldi héraðsins eða þeim tryggingum öðrum, sem stjórnin metur gildar.

13. gr.

Nú hrökkva ekki til þess að afstýra hallæri þær ráðstafanir, sem 11. og 12. gr. gera ráð fyrir, og er þá bjargráðastjórn heimilt að veita aðstoð úr sameignarsjóði með þeim hætti, er hér segir:

1. beinum styrk úr bjargráðasjóði,
2. lánveitingum til sýslu- eða sveitarfélaga,
3. lánveitingum til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn veði í fasteign eða ábyrgð sýslu- eða sveitarfélags.

Hverjum þeim, sem láns beiðist eða styrks úr bjargráðasjóði, ber að senda sjóðsstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal. Nú þykir bjargráðastjórn á skorta um, að gögn þau séu fullnægjandi, sem borizt hafa, og getur hún þá krafizt fyllri gagna frá þeim aðilum, er henni þykir henta. Nú berast ekki þau skilríki, sem bjargráðastjórn hefur beiðzt, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að synja beiðninni af þeim ástæðum einum.

14. gr.

Nú gengur mikil óáran um land allt eða í stórum landshlutum, svo að fé bjargráðasjóðs hrekkur ekki til nauðsynlegrar hjálpar og sjóðurinn kemst í fjárþröng, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynlegt lán fyrir bjargráðasjóðinn, eða veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er þar fyrir hendi, en slík bráðabirgðalán ber bjargráðasjóði að endurgreiða af tekjum sínum, enda séu eignir sjóðsins og tekjur að veði fyrir bráðabirgðalánum þessum.

15. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum bjargráðastjórnar, reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45/1913, um Bjargráðasjóð Íslands, og lög nr. 20/1925, um heimild til að veita lán úr bjargráðasjóði.

Nd. 340. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

3. tölul. 2. gr. laganna orðist svo:

Framlag úr ríkissjóði, ein milljón króna á ári, næstu 10 árin frá gildistöku þessara laga.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5 gr. þessara laga. Skal að minnsta kosti 60% af árlegum tekjum sjóðsins varið til framkvæmda samkvæmt 4. gr. laganna.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingar sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki yfir 150 þús. kr. Þó mega lán til þeirra fyrirtækja, er ekki hafa fengið hámarkslán í stofnlánadeild sjávarútvegsins eða Fiskveiðasjóði Íslands, nema allt að 50% af stofnkostnaði. Lán fiskimálasjóðs að viðbættum lánum með fyrri veðrétti mega þó aldrei nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má vera hærri en 350 þús. kr. Vextir af lánum skulu vera 2½% á ári, en lánskjör að öðru leyti þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 341. Breytingartillaga [11. mál]

við brtt. á þskj. 297 (Togarakaup ríkisins).

Frá Emil Jónssyni.

Í stað „15“ í 3. málsl. till. komi: 20.

Ed. 342. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 10. gr.

a. Í stað „Ráðherra“ í upphafi greinarinnar komi: Ríkisstjórnin.
b. Í stað „ráðherra“ í annarri málsgr. komi: ríkisstjórnarinnar.

Ed. 343. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Það fé, sem ríkissjóður leggur sjóðnum til samkv. 3. gr., að vöxtum meðtöldum, skal vera sameign allra landsmanna. Hins vegar skal það fé, sem í sjóðinn rennur samkv. 2. gr., vera séreign þeirrar sýslu eða kaupstaðar, er gjaldið greiddi, og leggjast vextir af því fé við séreignina.

Nd. **344. Frumvarp til laga** [88. mál]

um Bjargráðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Bjargráðasjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum nr. 45 1913, skal vera allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli.

2. gr.

Hvert sveitarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 2 krónur fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðasjóðsgjald greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 krónum fyrir hvern mann.

4. gr.

Stjórn sjóðsins, sem heitir bjargráðastjórn, skipa skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands.

Fé bjargráðasjóðsins skal geymt og ávaxtað í banka með ríkisábyrgð, og skal það vera tiltækt hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórn skal gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallærishætta sé fram undan, og skal hún vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

6. gr.

Bjargráðastjórn hefur á hendi reikningshald sjóðsins, og skulu reikningarnir endurskoðaðir af endurskoðunardeild stjórnarráðsins og endurskoðendum ríkisreikninganna án sérstaks endurgjalds.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðasjóðsgjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn (í Reykjavík tollstjóri) innheimta gjaldið og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar eigi síðar en 1. október ár hvert.

8. gr.

Fyrir 1. marz ár hvert er prestum og öðrum þeim, er manntal hafa á hendi, skylt að láta innheimtumönnum bjargráðasjóðsgjalda í té skýrslu um íbúafjölda hvers sveitarfélags, miðað við áramót, til afnota við útreikning og innheimtu gjaldanna.

9. gr.

Allt það fé, sem rennur úr ríkissjóði í bjargráðasjóðinn samkv. 3. gr., að vöxtum meðtöldum, svo og helmingur þess fjár, sem sjóðurinn fær samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal vera sameign allra landsmanna. Hins vegar skal helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur samkv. 2. gr., vera séreign þeirrar sýslu eða kaupstaðar, er gjaldið greiddi, og leggjast vextir af því fé við séreignina.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóðnum.

10. gr.

Ríkisstjórnin getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til þess að hækka bjargráðasjóðsgjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upprunalega gjalds. Sú hækkun rennur óskipt í séreignarsjóð viðkomandi sýslu- eða bæjarfélags.

Nú notar einhver sýsla eða bæjarfélag heimild þessarar greinar og hækkar framlag sitt til bjargráðasjóðs með leyfi ríkisstjórnarinnar, og er þá ríkissjóði skylt að leggja fram, auk þess, sem fyrir er mælt í 3. gr., fé, er nemur hálfu viðbótargjaldinu, og rennur það í séreignarsjóð viðkomandi sveitarfélags.

11. gr.

Nú verður hallæri í sveitarfélagi af óvenjulegum harðindum eða langvarandi aflaleysi, eða tjón verður þar af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi það, sem skemmdist eða ónýttist, verið óvátryggt fyrir tjóni þessu, og getur þá stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði samkvæmt lögum þessum, til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti.

12. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hafa samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu áliti bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki séreign sýslu eða kaupstaðar til forðatryggingar, og má þá bjargráðastjórn veita héraðinu vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins, gegn veði í bjargráðasjóðsgjaldi héraðsins eða þeim tryggingum öðrum, sem stjórnin metur gildar.

13. gr.

Nú hrökkva ekki til þess að afstýra hallæri þær ráðstafanir, sem 11. og 12. gr. gera ráð fyrir, og er þá bjargráðastjórn heimilt að veita aðstoð úr sameignarsjóði með þeim hætti, er hér segir:

1. beinum styrk úr bjargráðasjóði,
2. lánveitingum til sýslu- eða sveitarfélaga,
3. lánveitingum til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn veði í fasteign eða ábyrgð sýslu- eða sveitarfélags.

Hverjum þeim, sem láns beiðist eða styrks úr bjargráðasjóði, ber að senda sjóðsstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal. Nú þykir bjargráðastjórn á skorta um, að gögn þau séu fullnægjandi, sem borizt hafa, og getur hún þá krafizt fyllri gagna frá þeim aðilum, er henni þykir henta. Nú berast ekki þau skilríki, sem bjargráðastjórn hefur beiðzt, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að synja beiðninni af þeim ástæðum einum.

14. gr.

Nú gengur mikil óáran um land allt eða í stórum landshlutum, svo að fé bjargráðasjóðs hrekkur ekki til nauðsynlegrar hjálpar og sjóðurinn kemst í fjárþröng, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynlegt lán fyrir bjargráðasjóð-

inn, eða veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er þar fyrir hendi, en slík bráðabirgðalán ber bjargráðasjóði að endurgreiða af tekjum sínum, enda séu eignir sjóðsins og tekjur að veði fyrir bráðabirgðalánum þessum.

15. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum bjargráðastjórnar, reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45/1913, um Bjargráðasjóð Íslands, og lög nr. 20/1925, um heimild til að veita lán úr bjargráðasjóði.

Ed. 345. Frumvarp til laga [68. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

1. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafli laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögunum.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

3. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa, til þess ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld skv. 113. gr.

4. gr.

Til ársloka 1954 skulu sýslunefndir í tryggingaumdæmum utan kaupstaða fara með störf trygginganefnda, sbr. 11. gr. laganna. Þó er sýslunefnd heimilt að fela þessi störf sérstakri nefnd, er hún kýs. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast

stjórnir sjúkrasamlaganna þessi störf. Verði öll sjúkrasamlög í tryggingaumdæmi sameinuð í eitt samlag, skal stjórn þess fara með störf tryggingarnefndar í umdæminu í stað sýslunefndar.

II. KAFLI

5. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að miða skerðingu eða niðurfellingu lífeyris samkvæmt 2. málsgr. 13. gr. laganna við það, að lífeyrir og eftirlaun úr opinberum sjóði eða af opinberu fé og ellilífeyrir samkv. 15. gr. fari ekki samtals fram úr upphæð, sem samsvarar lífeyri á I. verðlagssvæði að viðbættum 50% af lífeyrisupphæð þess verðlagssvæðis, þar sem hlutaðeigandi er búsettur.

6. gr.

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarslegum ástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig fullan einstaklingslífeyri samkv. 15. gr.

7. gr.

Hámark lífeyrishækkunar, sem tryggingaráði er heimilt að veita vegna sjúkleika eða ellilasleika samkv. 17. gr. laganna, skal miðast við 50 af hundraði af lífeyrisupphæðinni, og má einnig veita hana mönnum, sem eru algerlega eignalausir og sökum fullkomins skorts á vinnugetu og einstæðingsskapar geta eigi komizt af með venjulegan lífeyri.

Heimilt er tryggingaráði að binda hækkun samkvæmt þessari grein því skilyrði, þegar um einstæðingsskap er að ræða, að stjórn þess sveitarfélags, þar sem lífeyrisþeginn á heima, sjái honum fyrir viðunandi húsnæði gegn leigu, sem ekki fari fram úr 25% af lífeyrisupphæðinni, enda hafi hann verið búsettur í sveitarfélaginu óslitið eigi skemur en 2 síðastliðin ár.

8. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að greiða ekklum allt að fullum barnalífeyri, í stað hálfs, eins og ákveðið er í síðustu mgr. 23. gr. laganna.

9. gr.

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsgr. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.

10. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða fjölskyldubætur vegna barna, þótt þau dveljist ekki á heimili föðurins og ákvæði 2. málsgr. 32. gr. laganna taki til þeirra, ef sannað er, að hann kostar framfæri þeirra að fullu, enda greiðast bæturnar þá til hans.

11. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða dánarbætur samkv. 1. málslið 35. gr. laganna til ekkna og ekkla yfir 67 ára aldur.

12. gr.

Heimilt er tryggingaráði að greiða auk barnalífeyris mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa tvö börn eða fleiri innan 16 ára á framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar.

Mæðralaunin mega nema allt að:	Á 1. verðlagssvæði:	Á 2. verðlagssvæði:
1. Til mæðra með 2 börn	kr. 400.00	kr. 300.00
2. — — — 3 —	— 800.00	— 600.00
3. — — — 4 — eða fleiri	— 1200.00	— 900.00

Tryggingaráð ákveður mæðralaunin með hliðsjón af fjárhagsástæðum móðurinnar.

Mæðralaun falla niður, ef móðirin giftist, og greiðast ekki, ef hún býr með karlmanni, þótt ógift séu.

13. gr.

Til ársloka 1954 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. gr. laganna, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. gr. laganna séu fyrir hendi.

Þá er og heimilt að greiða sjúkrabætur til manna, sem náð hafa 67 ára aldri, ef þeir njóta ekki lífeyris eða annarra bóta frá Tryggingastofnuninni.

14. gr.

Tryggingaráði er heimilt, þegar ekki liggja fyrir fullar sannanir þess, að tekjur umsækjanda um sjúkrabætur hafi rýrnað svo vegna sjúkleikans, að þær fari niður fyrir það mark, sem 2. málsgr. 39. gr. laganna ákveður, að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur hans á veikindaárinu liggja fyrir.

15. gr.

Ákvæði b-liðs 42. gr. laganna um lengri biðtíma þeirra, sem hafa launþega í þjónustu sinni, skulu aðeins gilda um þá, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða gjald samkv. 112. og 113. gr. af meiru en 52 vinnuvikum.

16. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að víkja frá þeim ákvæðum 1. málsgr. 43. gr. laganna, sem gera sjúkrahúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, ef sérstaklega stendur á.

Þá er ráðinu og heimilt að lengja tilkynningarfrest þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

17. gr.

Sömu reglur, sem gilda um bótarétt og gjaldskyldu útgerðarmanns samkv. 47. gr. laganna, skulu og gilda um bifreiðareiganda, sem sjálfur ekur bifreið sinni í atvinnuskyni.

18. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að ákveða, að árlegar umsóknir um bætur, sbr. 65. gr. laganna, megi niður falla að því er varðar einstakar bótategundir, fleiri eða færri, og ákveður ráðið þá, hversu oft skuli endurnýja umsóknir og leggja fram eða endurnýja skilríki til sönnunar bótaréttinum.

III. KAFLI

19. gr.

Framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt 3. kafla laganna skal frestað til 1. jan. 1955 að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndarstöðvum og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr. laganna, til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr. laganna helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. laganna um skipun lækna við slíkar stöðvar.

20. gr.

Til þess tíma, er í 19. gr. segir, skal 3. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi, með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Þar sem sjúkrasamlög eru ekki starfandi, skulu þau stofnuð eigi síðar en svo, að samlagsmenn njóti réttinda frá 1. júlí 1950, enda þótt samlagsstofnun hafi eigi verið ákveðin með atkvæðagreiðslu samkvæmt 29. gr. þeirra laga.
2. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skuli sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. ⅔ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.
3. Takmörkun sú, er um getur í 38. gr. laga nr. 104/1943, á greiðslu kostnaðar við sjúkrahúsvist þeirra, sem haldnir eru ellikröm eða öðrum slíkum krankleika, skal niður falla, þegar í hlut eiga sjúklingar, sem orðnir eru fullra 67 ára.

   Eigi sjúklingur, sem sjúkrasamlag greiðir fyrir samkvæmt þessu ákvæði, rétt til lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, skal greiða lífeyrinn til samlagsins upp í kostnaðinn, eða samlagið takmarka greiðslu sína við þá upphæð, sem á vantar, að lífeyrir með fullu álagi samkvæmt 17. gr. almannatryggingalaganna hrökkvi fyrir daggjöldum og læknishjálp samkvæmt reglum samlagsins.

   Nú á sjúklingurinn ekki rétt á lífeyri frá Tryggingastofnuninni vegna tekna eða vegna þess, að hann er sjóðfélagi í sérstökum lífeyrissjóði, og takmarkar samlagið þá greiðslu sína á sama hátt og segir í næstu málsgrein hér á undan. Heimilt skal að ákveða í samþykktum samlags frekari greiðslur en hér er gert ráð fyrir.
4. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkvæmt 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 20 krónur á ári, að viðbættri verðlagsuppbót.
5. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

21. gr.

Til ársloka 1954 skal Tryggingastofnun ríkisins vera heimilt að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59/1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 100 þús. kr. á ári, auk vísitöluuppbótar, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

IV. KAFLI

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. laganna skuli innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 310 vísitölustig.

23. gr.

Nú er tekjum manns og eignum þannig háttað, að sveitarstjórn bæri að greiða iðgjald hans samkv. ákvæðum 109. gr., og getur sveitarstjórn þá leitað álits yfirskattanefndar í kaupstöðum, en skattanefndar utan kaupstaða um það, hvort honum sé samt sem áður fært að greiða iðgjaldið sjálfur. Sé nefndin á einu máli um, að svo sé, er honum skylt að greiða sjálfur iðgjaldið, þrátt fyrir ákvæði greinarinnar.

24. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda á 2. verðlagssvæði samkv. 112. gr. laganna skulu vera 25% lægri en sú grein ákveður.

25. gr.

Störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelst og starfar á heimilum foreldra sinna, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. gr. laganna á sama hátt og störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl.

26. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal vera heimilt, til ársloka 1954, að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á því tímabili, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingariðgjöld fyrir árið 1946 skv. 2. kafla laga nr. 104/1943.

27. gr.

Til ársloka 1954 skal framlag sveitarfélaga samkvæmt 114. gr. laganna vera 3.6 milljónir króna á ári, að viðbættri vísitöluuppbót.

Um innheimtu framlaganna gilda ákvæði 117. gr. laganna, auk ákvæða 115. gr., þó þannig, að Tryggingastofnunin getur innheimt þau án milligöngu innheimtumanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún kýs það heldur.

28. gr.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt 116. gr. laganna skal til ársloka 1954 vera 5.8 milljónir króna á ári, að viðbættri vísitöluuppbót. Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta halla, er verða kann á rekstri trygginganna einstök ár, og skal ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs, meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði.

29. gr.

Skrár þær, er sveitarstjórnum ber að gera samkvæmt 118. gr. laganna, skulu vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal senda annað eintak þeirra hlutaðeigandi innheimtumanni.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 118. gr. skulu einnig gilda um framlagningu skrár um iðgjöld samkv. 112. og 113. gr., svo og um kærur út af þeim gjöldum.

30. gr.

Heimilt skal að fresta afhendingu nýrra tryggingaskírteina, sbr. 127. gr., eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota fyrri skírteini á meðan slík frestun varir.

31. gr.

Til ársloka 1954 skulu sjúkrasamlög í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

32. gr.

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðarstjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

33. gr.

Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.

34. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Ákvæði 17. gr. um gjaldskyldu bifreiðastjóra og 4. tölul. 20. gr. um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga gilda þó fyrir allt árið 1950. Lög nr. 115 1949, um framlengingu heimilda í l. nr. 92 1948, eru úr gildi numin með lögum þessum.

Bráðabirgðaákvæði.

Tryggingaráði er heimilt að greiða úr tryggingasjóði allt að 10% uppbót á ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrki og makabætur fyrir bótatímabilið frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950.

Ed. 346. Frumvarp til laga [11. mál]

um togarakaup ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að tíu togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 32 775 000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Ríkisstjórninni heimilast að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 75% af andvirði togaranna og nota til þess m. a. það lán, sem ríkisstjórninni í þessum lögum heimilast að taka, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag þessa fjárstuðnings. Lánið skal greiðast með jöfnum afborgunum á 20 árum. Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir. Ríkisstjórninni heimilast að taka þau lán til viðbótar, er þarf til að fullnægja þessari kvöð.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945, um togarakaup ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 347. Breytingartillaga [37. mál]

við brtt. á þskj. 337 (Sveitarráðsmenn).

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 4. brtt. Orðin „Ekki er heimilt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar né önnur ákveðin tímamörk“ falli niður.

Nd. 348. Lög [88. mál]

um Bjargráðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 22. febr.)

Samhljóða þskj. 344.

Nd. 349. Frumvarp til laga [37. mál]

um sveitarstjóra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í hreppi, þar sem fleiri en 500 íbúar búa í kauptúni, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. gr.

Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra til umsóknar og taka við umsóknum um það.

Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd. Í ráðningarsamningi skal kveðið á um launakjör, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað, sem varðar skipti hreppsnefndar og sveitarstjóra. Árslaun sveitarstjóra skulu ekki vera lægri en kr. 5000.00, auk lögboðinnar verðlagsuppbótar, og greiðast þau úr sveitarsjóði. Ekki er heimilt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar né önnur ákveðin tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Sveitarstjóri fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna hreppsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

Að öðru leyti skal starfssvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna hreppsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir. Birta skal slíka samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Nú er hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, og fellur þá niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns þann tíma, er hann gegnir sveitarstjórastarfi, en varamaður hans tekur sæti í hreppsnefndinni.

6. gr.

Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans, að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

7. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfa sínum eða skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við störfum sveitarstjóra til bráðabirgða, meðan ráðuneytið rannsakar misklíðarefnið, og gegnir oddviti starfanum, unz sveitarstjóri hefur tekið við starfa sínum aftur eða nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 350. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67. 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. frv. orðist svo:

Aftan við 3. málsgr. 17. gr. laganna bætist:

Nú gerir skattgreiðandi ekki fulla grein fyrir, á hvaða ári eignaraukinn hefur myndazt, og getur framtalsnefnd þá skipt því, sem umfram kann að verða, jafnt á skattárin 1942—46 og reiknað skatt af hverjum hluta sem viðbótartekjum og viðbótareign fyrir hvert ár, þó þannig, að skatturinn fyrir öll árin nemi ekki minna en 20%, ef undandreginn eignarauki er 45—60 þús. kr., og 25% af því, sem þar er fram yfir.

Alþingi, 22. febr. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. H. Guðmundsson, frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr.

Þorst. Þorsteinsson, Brynj. Bjarnason.

Nd. 351. Frumvarp til laga [117. mál]

um raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Stofna skal við Búnaðarbanka Íslands deild, sem hefur það sérstaka verkefni að veita lán fyrir heimtaugargjöldum til þeirra bænda, sem fá rafmagn hjá rafmagnsveitum ríkisins. Deildin skal heita raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands.

2. gr.

Stofnfé deildarinnar skal vera kr. 5 000 000.00 og greiðast á þrem árum úr jafnvirðissjóði, þannig: 2 millj kr. greiðast fyrir árslok 1950, 2 millj. kr. fyrir árslok 1951 og 1 millj. kr. fyrir árslok 1952.

3. gr.

Lánin skulu veitt til 15 ára gegn tryggingum, sem stjórn Búnaðarbanka Íslands tekur gildar. Vextir skulu vera 3½%.

4. gr.

Leggja skal árlega í varasjóð ½% af útistandandi fé deildarinnar.

5. gr.

Búnaðarbankinn annast reikningshald, útlán og fjárreiður deildarinnar fyrir þóknun, sem ekki má fara yfir ½% árlega af útistandandi fé deildarinnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna þess, að eins og nú er ástatt telur engin lánsstofnun sér skylt að veita lán fyrir heimtaugargjöldum. Hafa því margir bændur, sem fengið hafa rafmagn leitt til sín, orðið að taka víxillán með milligöngu hreppsfélaga eða sýslufélaga. Hefur þetta valdið miklum erfiðleikum og kostnaði, sem vont er að búa undir. Rafmagnsheimtaugargjöld eru mjög há, þegar miðað er við, að ¼ kostnaðar rafmagnsveitnanna greiðist af notendum. Mun láta nærri, að sá hluti sé til jafnaðar 6 þús. kr. á býli. Við það bætist innlagningarkostnaður í íbúðarhús og peningshús, auk rafmagnstækja. Má því fullyrða, að heildarkostnaður við það að fá rafmagnið verði 12—15 þús. kr. til jafnaðar á býli. Aðeins fáir bændur geta bætt slíkum bagga við hin venjulegu útgjöld án þess að taka lán.

Verði raforkulánadeild stofnuð við Búnaðarbankann, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir, má fullyrða, að bætt verður úr þeim vandræðum, sem margir eru nú í vegna þess, að þeir hafa ekki fengið hentugt lánsfé til þess að greiða með heimtaugargjöldin, og einnig má ætla, að deildin með 5 millj. kr. stofnfé geti fullnægt brýnustu þörfum að þessu leyti í næstu framtíð.

Með frumvarpinu er ekki lagt til, að deildin fái árlegar tekjur frá ríkinu. Þykir ekki ástæða til þess að svo stöddu, enda eðlilegra, að tekjuöflun fyrir deildina verði athuguð síðar, eftir að reynsla er fengin fyrir því, að hve miklu leyti stofnféð nægir.

Gert er ráð fyrir, að lánin verði veitt til 15 ára með 3½% vöxtum. Eftir að höfuðstóll deildarinnar hefur verið lánaður út, verða árlegar nettótekjur hennar eigi að síður 500 þús. kr., þar af afborgun 7.5% af stofnfénu og svo vaxtatekjur.

Nægilegt þykir að leggja í varasjóð árlega ½% af útistandandi fé deildarinnar. Búnaðarbankinn mun sjá um rekstur deildarinnar fyrir væga þóknun, eins og 5. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Síðan raforkulögin komu til framkvæmda, hafa rafmagnsveitur verið lagðar um ýmsar sveitir þessa lands. Hafa slíkar framkvæmdir vakið sóknarhug og aukinn framkvæmdavilja í sveitunum. Er enginn vafi á því, að rafmagnsframkvæmdir í sveitunum eru mjög þýðingarmiklar fyrir framtíð þeirra og velgengni. Það má því ekki eiga sér stað, að nú komi kyrrstaða á þessu sviði í stað athafna. Enda þótt tímarnir verði erfiðir og meira þurfi að sér að leggja en áður, verður að halda þeim framkvæmdum áfram, sem sízt verður án verið.

Sþ. 352. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um framkvæmdaratriði í raforkudreifingu.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þess verði vandlega gætt við dreifingu raforkunnar út um byggðir landsins, að hvarvetna verði lagðar þrífasa línur, einnig heim á hin einstöku býli.

Þeim rafmagnsleiðslum, sem þegar hafa verið lagðar út um sveitir og ekki eru af þeirri gerð, skal breytt í þrífasa línur svo fljótt sem kostur er.

Sérstök áherzla sé lögð á útvegun þrífasa hreyfla.

Greinargerð.

Þegar ákveðið var að leiða raforkuna út um sveitir landsins, gerðu menn sér vonir um, að það yrði gert á þann hátt, að raforkan kæmi að fullum notum fyrir þá, er hennar ættu að njóta, eftir því sem þarfir neytendanna heimtuðu og ástæður þeirra leyfðu.

Um það bil, er byrjað var að leggja raforkulínurnar út um héruð, voru samþykktar gjaldskrár í hinum einstöku sýslufélögum, er ákváðu, hvaða gjald hin einstöku býli skyldu greiða upp í kostnaðinn við dreifingu raforkunnar. Þá skyldu þau og greiða sérstakt gjald, ákveðna upphæð fyrir hvert býli, og auk þess annast allan kostnað af lögnum innanhúss. Gert var ráð fyrir, að gerð þessara leiðslna allra væri þannig frá byrjun, að þeirra vegna væri hægt að hafa raforkunnar full not til allra heimilisþarfa, án þess að leggja þyrfti af hálfu notendanna i sérstakan aukakostnað við breytingu á rafleiðslum eða kaup á nýjum rafhreyflum af annarri gerð en upphaflega var hægt að nota, sakir gerðar rafleiðslnanna heim á bæina og leiðsla innanhúss, ef raforkunotin yrðu miklu meiri en í fyrstu.

Nú mun á síðastliðnu sumri hafa komið til orða, að leggja einfasa raflínur heim á hin einstöku sveitabýli og nota einfasa hreyfla á bæjunum. Og jafnvel mun eitthvað byrjað á því að leggja línur af þessari gerð heim á sveitabýli. Er þessi ráðstöfun gerð sakir þess, að stofnkostnaður raflagnanna er nokkru lægri upphaflega heldur en ef fullkomnari línur eru lagðar, þrífasa línur, en við þær eru þrífasa hreyflar notaðir. Einfasa hreyflar eru miklu dýrari en þrífasa, ekki eins endingargóðir að kunnáttumanna sögn eins og þrífasa, og mun það nokkuð stafa af því, að mönnum hættir til að leggja of mikið á hreyflana, vegna þess að þeir eru ekki keyptir eins stórir og helzt þyrfti að vera sakir dýrleika þeirra. Talið er og, að torvelt muni um útvegun þeirra, vegna þess að þrífasa kerfið er víðast hvar notað í nágrannalöndum vorum. Hins vegar mun einfasa gerðin mikið notuð í Ameríku.

Nú munu bændur yfirleitt hugsa sér að koma á hjá sér súgþurrkun á heyi svo fljótt sem þeim er mögulegt, þegar þeir fá raforkuna. Til þess að hreyfa heyblásarana þarf stóra hreyfla, frá 10 ha. upp í 15 ha. a. m. k., og jafnvel enn kraftmeiri. Ég hygg, að erfitt kunni að reynast að útvega svo stóra einfasa hreyfla, og rándýrir verða þeir, ef þeir fást, og helzt mundu þeir þá fást í Bandaríkjunum. Og hvernig er þá útlitið með gjaldeyri hjá oss Íslendingum til að stofna til stórfelldra kaupa frá því landi?

Þó að byrjað yrði á að leggja einfasa línur heim á bæina og nota einfasa hreyfla á heimilunum, mætti búast við því, að fljótlega yrði að bæta línu við og kaupa þrífasa hreyfla. En með þessu fyrirkomulagi yrði þetta verk allt miklu dýrara en ef upphaflega væru lagðar þrífasa línur.

Ég hygg, að það orki ekki tvímælis, að bezt muni þegar frá byrjun að hafa framkvæmd þessa verks á þann veg, að menn geti haft raforkunnar full not með skaplegu móti, þó að það verði í fyrstu nokkru dýrara. Það eitt er víst, að bændur

munu eindregið kjósa, að framkvæmd þessa verks verði hagað á þann veg, að þeir geti frá byrjun notað raforkuna til meira og betra öryggis í búskap sínum við öflun fóðurs fyrir búpening sinn. Sá sparnaður, sem í fyrstu mundi af því leiða að hafa einfasa kerfi fremur en þrífasa, er lítils virði, þegar á það er litið, hvað miklu meira öryggi og meiri not er fengið með þrífasa kerfinu, og vafalaust mundi þrífasakerfinu komið á hvort sem er innan nokkurrar stundar.

Allra hluta vegna mun bezt, að engin víxlspor séu stigin við framkvæmd þessara mála. Er þess að vænta, að Alþingi og ríkisstjórn hafi fulla forsjá um þetta þýðingarmikla framfaramál.

Nd. 353. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um skipamælingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfirstjórn ráðherra.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttó-rúmlestatal þess og samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 4. gr.
3. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenzkan aðila eða því breytt, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér áður en mælibréf er gefið út, nema það ríki, sem skipið hefur fengið mælingu og mælibréf í, sé aðili að Oslóarsamningnum frá 10. júní 1947. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkvæmt því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp að nýju.
4. Við 15. gr. Aftan við 2. málsgr. kemur: enda sé það land aðili að þeim samningi.
5. Við 18. gr. Á eftir greininni kemur ný grein, er hljóðar svo:
   Skip, sem mæld hafa verið eftir hinni svonefndu ensku aðferð áður en lög þessi ganga í gildi, þarf eigi að mæla á ný, að öllu óbreyttu, er máli skiptir um rúmlestatal þeirra, og njóta þau þá þeirra réttinda, sem alþjóðleg mælibréf veita, sbr. 15. gr. Önnur skip þarf að mæla upp og gefa þeim síðan alþjóðlegt mælibréf.
6. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1950. Frá sama tíma er úr lögum numin tilskipun frá 25. júní 1869, um skipamælingar, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við þessi lög.

Alþingi, 22. febr. 1950.

Finnur Jónsson, form.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Áki Jakobsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Pétur Ottesen.	

Nd. 354. Frumvarp til laga [119. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 1. maí 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir tilmælum fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um málið og áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur við það. Frv. fylgdi svo hljóðandi athugasemd:

Með því að enn hafa ekki verið afgreidd fjárlög fyrir árið 1950, er nauðsynlegt, að framlengd verði heimild laga nr. 114 1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Nd. 355. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta hefur fengið einróma afgreiðslu í efri deild, og er hér um heimild að ræða til framkvæmda, er geta orðið mjög mikilsverðar, einkum fyrir síldariðnaðinn. Undirbúningur málsins hefur verið talsvert mikill. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur oft haft til athugunar, hvernig hagnýta mætti hið mikla fasta efni, sem fer forgörðum í síldarsoðinu. Hins vegar munu fyrstu tillögurnar hér á landi um að vinna síldarsoðið á þann hátt, sem hér er stungið upp á, hafa komið fram frá dr. Þórði Þorbjarnarsyni. Síðan hefur stjórn S. R. athugað málið rækilega, og fylgir frumvarpinu nákvæm greinargerð og kostnaðaráætlun frá tæknilegum framkvæmdastjóra verksmiðjanna, Vilhjálmi Guðmundssyni. Áætlar Vilhjálmur kostnað við að reisa verksmiðju, er ynni úr soðkrafti úr 5000 málum síldar á sólarhring, um 4 milljónir króna. Telur hann, að vinnsla á soðkrafti úr síldarsoðinu auki verðmæti síldarafurðanna um 20%. Síldarsoðið, sem rennur frá verksmiðjunum, nemur um 95 kg á hvert mál síldar, en úr því ættu þá að fást 13,2 kg af soðkrafti, 0,3 kg af síldarlýsi og 0,3 kg af síldarmjöli. Verð á soðkrafti er nú um 1000 kr. á tonn fob. Næringarefni til skepnufóðurs eru mjög mikil í soðkraftinum og markaðsútlit mjög gott. Áætlar Vilhjálmur, að stofnkostnað stöðvarinnar megi afskrifa á 5 árum af eigin tekjum stöðvarinnar, enda taki hún endurgjaldslaust við soðinu, sem áður hefur runnið í sjóinn, en gjaldeyrir, sem nauðsynlegur sé vegna stofnkostnaðar stöðvarinnar, fáist greiddur á tveim árum.

Að þessum forsendum athuguðum leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1950.

Finnur Jónsson, form., frsm.
Sig. Ágústsson, fundaskr.
Áki Jakobsson.
Pétur Ottesen.
Gísli Guðmundsson.

Ed. **356. Frumvarp til laga** [120. mál]

um ónæmisaðgerðir.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ónæmisaðgerðir, sem lög þessi taka til, eru bólusetning gegn

1. bólusótt (kúabólusetning),
2. barnaveiki,
3. taugaveiki,
4. kikhósta,
5. berklaveiki,
6. öðrum sóttum, er til greina koma hér á landi, ef virk ónæmisaðgerð gegn þeim verður kunn,
7. enn öðrum sóttum, þegar sérstaklega stendur á, einkum í sambandi við ferðir manna úr landi.

2. gr.

Í Reykjavík og annars staðar, þar sem heilsuverndarstöðvar hafa með höndum almennt eftirlit með ungbörnum, skal í sambandi við framkvæmd eftirlitsins kúabólusetja (frumbólusetja) hvert barn í umsjá stöðvarinnar, eftir að það er orðið misserisgamalt, en áður en það er ársgamalt.

Nú verður kúabólusetningu barns samkvæmt þessari grein ekki komið við í tæka tíð vegna sjúkleika barnsins eða annars, og skal þá heilsuverndarstöðin annast kúabólusetningu þess jafnskjótt sem því verður við komið.

3. gr.

Þar, sem ekki er heilsuverndarstöð, sem hefur með höndum ungbarnaeftirlit, skulu foreldrar og aðrir forsjármenn ungbarna eiga kost á og gera ráðstafanir til að fá þau kúabólusett (frumbólusett), eftir að þau eru orðin misserisgömul, enda gera sér far um að fá því lokið, áður en þau eru tveggja ára.

Kúabólusetningu samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella héraðslæknar.

4. gr.

Nú er barn komið á skólaaldur og hefur ekki verið kúabólusett samkvæmt 2. og 3. gr., og skal þá skólalæknir (héraðslæknir), jafnframt því sem skólaskoðun er framkvæmd, gera ráðstafanir til þess, að barnið verði kúabólusett (frumbólusett) þegar á fyrsta skólaári, en ef því verður ekki við komið, þá svo fljótt sem við verður komið.

Kúabólusetningu samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella skólalæknir (héraðslæknir) sjálfur, jafnframt því sem skólaskoðun er framkvæmd, eða skólahjúkrunarkona undir eftirliti hans, ef hennar er völ.

5. gr.

Skólalæknir (héraðslæknir) skal gera ráðstafanir til þess, að sérhvert skólabarn sé kúabólusett á ný (endurbólusett), eftir að það er orðið fullra 10 ára, en áður en það er 13 ára.

Um framkvæmd kúabólusetningar samkvæmt þessari grein fer á sama hátt sem um framkvæmd kúabólusetningar samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Nú ferst kúabólusetning samkvæmt 5. gr. fyrir, og skal þá barn það eða unglingur, er í hlut á, eiga kost á kúabólusetningu (endurbólusetningu) á heilsuverndarstöð, þar sem hún er, en ella hjá héraðslækni.

7. gr.

Almenningi skal gera kost ónæmisaðgerða samkvæmt 1. gr., 2. og 5. tölulið, svo og eftir því sem þörf kann að krefja samkvæmt 3., 4., 6. og 7. tölulið, samkvæmt hinum síðast nefnda tölulið þó aðeins að svo miklu leyti sem við verður komið.

Ónæmisaðgerðir samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella héraðslæknar.

8. gr.

Þegar ætla má, að sérstakar starfsstéttir eigi öðrum fremur á hættu að sýkjast af hættulegri sótt (svo sem farmenn á sjó eða í lofti, læknar, hjúkrunarfólk, sóttgæzlumenn o. s. frv.), er héraðslækni heimilt í samráði við landlækni að gera ráðstafanir til þess, að fólk úr þeim stéttum verði bólusett gegn þeirri sótt, sem um er að ræða. M. a. kemur hér til greina kúabólusetning um fram það, sem fyrir er mælt í 2.—6. gr.

Þegar mikil sótthætta er yfirvofandi, er ráðherra heimilt að fyrirskipa almenna bólusetningu gegn þeirri sótt, sem um er að ræða, og láta ná til tiltekinna svæða, eða landsins í heild, ef þurfa þykir.

9. gr.

Heilsuverndarstöðvar og héraðslæknar ákveða í samráði við landlækni og gera almenningi nægilega kunnugt, hvernig framkvæmdum ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum skuli hagað, svo að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að þeim, eftir því, sem til hagar á hverjum stað, og hafi þeirra sem fyllst not.

Berklayfirlæknir hefur yfirstjórn bólusetningar gegn berklaveiki og segir fyrir um framkvæmd hennar.

10. gr.

Nú kemur í ljós, að bóluefni, sem notað hefur verið til ónæmisaðgerðar samkvæmt lögum þessum hefur verið óvirkt, og skal þá sú ónæmisaðgerð metin ógerð, og sé um ónæmisaðgerð að ræða, sem skylt er að undirgangast, skal hún endurtekin með virku bóluefni, svo fljótt sem við verður komið.

Ef vitað er, að kúabóla hefur ekki komið út, og óvirku bóluefni þó ekki um að kenna, skal endurtaka kúabólusetningu (frumbólusetningu, endurbólusetningu), eftir því sem við verður komið, og frumbólusetningu tvisvar, ef á sama hátt fer í annað sinn.

11. gr.

Við framkvæmd ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að þyrpa fólki sem allra minnst saman til aðgerðanna.

12. gr.

Landlæknir gerir úr garði og lætur heilsuverndarstöðvum og héraðslæknum í té sérstakar skírteinibækur, ónæmiskírteini. Skal sérhver sá, er leitar ónæmisaðgerðar hjá þessum aðilum, hafa slíka skírteinibók í höndum, varðveita hana trúlega og láta skrá í hana allar ónæmisaðgerðir, er hann undirgengst samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Ekki má staðfesta barn, né gefa saman hjón, nema ónæmisskírteini hlutaðeiganda beri með sér, að hann hafi verið kúabólusettur samkvæmt ákvæðum laga þessara. Sömu skilyrðum skal og háð, að fólk fái inngöngu í framhaldsskóla og aðra skóla en barnaskóla. Setja mega skólar, einkum heimavistarskólar, ríkari inngönguskilyrði, að því er varðar ónæmisaðgerðir.

Ekki má ráða hjúkrunarkonur, hjúkrunarnema eða þjónustufólk sjúklinga að berklahælum eða öðrum stofnunum, þar sem vistaðir eru berklasjúklingar, nema

það svari jákvætt við berklapróf, ella undirgangist berklabólusetningu, áður en það hefur vistina. Sama gildir um læknanema, er nám stunda við slíkar stofnanir.

14. gr.

Heilsuverndarstöðvar og héraðslæknar skulu skrá í bækur sínar eða spjaldskrár þá, er þeir gera á ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum, enda vera við því búnir að gefa vottorð þar að lútandi, ef á þarf að halda, svo sem ef ónæmisskírteini glatast. Kúabólusetningar og aðrar ónæmisaðgerðir skólalækna (héraðslækna) í barnaskólum skal þó skrá í nemendaskrá hlutaðeigandi skóla.

15. gr.

Héraðslæknar skulu í ársskýrslu sinni á þar til gerðu eyðublaði, er landlæknir lætur í té, gera skýrslu um ónæmisaðgerðir þær, sem framkvæmdar hafa verið í héraði þeirra á árinu samkvæmt lögum þessum. Skal skýrslan bera með sér, gegn hverjum sóttum hefur verið bólusett, og hversu margir gegn hverri sótt.

16. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins annast útvegun bóluefnis til ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum. Kostnaður af öflun kúabóluefnis og annars bóluefnis til ónæmisaðgerða, sem framkvæmdar eru á opinberan kostnað samkvæmt 17. gr., greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Kostnað af framkvæmd kúabólusetningar svo og bólusetningar gegn barnaveiki og berklaveiki af hendi heilsuverndarstöðva samkvæmt lögum þessum skal telja með kostnaði af rekstri stöðvanna.

Kostnað af framkvæmd almennrar berklabólusetningar utan heilsuverndarstöðva, en á vegum berklayfirlæknis, skal greiða af berklavarnafé.

Skólalæknum (héraðslæknum), sem hafa umsjón með eða annast kúabólusetningu í barnaskólum jafnframt skólaeftirliti samkvæmt 4. eða 5. gr., ber ekki fyrir það aukreitis þóknun.

Nú framkvæmir héraðslæknir, þar sem ekki er heilsuverndarstöð, kúabólusetningu samkvæmt 3. eða 6. gr., og ekki er til að dreifa vanrækslu þeirra, sem kúabólusetningarinnar leita, og greiðist þá kostnaðurinn af aðgerðinni úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna.

Kostnaður af framkvæmd fyrirskipaðra ónæmisaðgerða samkvæmt 8. gr. greiðist úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna eða samkvæmt samningi við heilsuverndarstöðvar og héraðslækna, eftir því, sem henta þykir.

Kostnað af framkvæmd annarra ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum greiða hlutaðeigendur sjálfir samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, að svo miklu leyti sem sjúkrasamlög taka ekki á sig kostnaðinn.

18. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglugerð, þar sem kveðið er nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd laga þessara, þ. á m. um tilhögun hinna einstöku ónæmisaðgerða.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal vanræksla að leita ónæmisaðgerðar, sem skylt er að undirgangast, varða sektum 100—10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1951, þó ekki ákvæði 13. gr. um ónæmisskírteini fyrr en jafnóðum sem lögin koma til framkvæmda, og gilda þá fyrst um sinn bóluvottorð samkvæmt fyrri bólusetningarlögum.

Jafnframt því sem lög þessi ganga í gildi, falla úr gildi lög nr. 34 27. september 1901, um bólusetningar, svo og lög nr. 16 22. október 1912, um breyting á þeim lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af landlækni og flutt samkv. ósk heilbrigðismálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um frv. og einstakar greinar þess.

Frá landlækni fylgdi svolátandi greinargerð:

Um ónæmisaðgerðir (bólusetningar gegn sóttum) eru ekki önnur fyrirmæli í lögum en þau, er taka til kúabólusetningar (lög nr. 34 27. september 1901, um bólusetningar, og lög nr. 16 22. október 1912, um breyting á þeim lögum), svo og ákvæði 16. greinar berklavarnalaga, nr. 66 31. desember 1939, er heimila ráðherra að gera fólki, sem er í sérstakri sýkingarhættu af berklaveiki, kost berklabólusetningar.

Lögin um kúabólusetningu eru mjög ströng og bera keim af þeirri miklu ógn, sem fyrri tíðar mönnum stóð af bólusótt. Er við það miðað, að nákvæmlega sé fylgzt með því, að enginn sleppi undan því að þrautbólusetjast, og er til þess krafizt þeirrar skriffinnsku, að slíks munu naumast þekkjast hliðstæð dæmi um áþekkar framkvæmdir á þessari annáluðu skriffinnskuöld. Í stuttu máli eru fyrirmælin á þessa leið:

1. Í hverju bólusetningarumdæmi skal á ári hverju gera tvær skrár: frumbólusetningarskrá, um alla þá, sem eiga að frumbólusetjast í umdæminu á árinu, og endurbólusetningarskrá, um þá, sem eiga að endurbólusetjast. Á frumbólusetningarskrá á ekki eingöngu að taka þá, sem aldrei hafa verið bólusettir, heldur einnig þá, sem bóla hefur ekki komið út á, nema þrisvar hafi verið reynd bólusetning án árangurs. Um endurbólusetningarskrána gildir hið sama. Hvora tveggja skrána skal tvírita í því skyni, að annað eintakið geymist við hlutaðeigandi héraðslæknisembætti, en hitt fylgi sem skilríki með bólusetningarreikningum til heilbrigðisstjórnarinnar.
2. Á bólusetningarskrárnar skal færa við nafn hvers einstaks, hvort bóla kemur út eða ekki, en síðan láta hverjum bólusettum í té vottorð um árangur bólusetningarinnar, án tillits til þess, hvort hann er nokkur eða enginn.
3. Ætlazt er til, að fylgzt sé með því, hverjir vanrækja að leita bólusetningar, og að þeir hinir sömu séu látnir sæta sektum.

Sannast mála er það, að mikið hefur jafnan skort á, að þessum einstrengingslegu lagafyrirmælum hafi verið framfylgt til hlítar. Langt mun síðan að nokkur bólusetjari hafi sýnt lit á að gera bólusetningarskrár um alla þá, sem í raun og veru áttu að kúabólusetjast í umdæminu lögum samkvæmt. Hitt hefur verið látið nægja, að skrá þá eina, sem leitað hafa bólusetningar. Þar með var undan fellt að fylgjast með því, hverjir vanræktu bólusetninguna. Sektum fyrir slíka vanrækslu mun aldrei hafa verið beitt.

Engu síður munu flestir Íslendingar hafa verið kúabólusettir a. m. k. einu sinni á ævinni og meiri hluti þeirra með árangri. Á endurbólusetningu hafa jafnan verið mikil vanhöld og einkum á ítrekaðri bólusetningu lögum samkvæmt eftir bólusetningu (einkum endurbólusetningu), sem ekki hefur borið árangur. Þrátt fyrir allt mundi þó hinnar almennu kúabólusetningar sjá mikinn stað, ef fyrir oss ætti að liggja að komast í kast við bólusótt, þó að óvarlegt væri að treysta henni til hlítar og sjálfsagt án tillits til hennar að beita hinum ýtrustu sóttvarnaraðgerðum, þar á meðal almennri skyndibólusetningu á hættusvæðum.

Fyrir löngu er tímabært orðið að endurskoða kúabólusetningarlöggjöfina og færa hana til samræmis við breytt viðhorf og aðstæður. Ef um nýmæli væri að ræða,

mundi engum detta í hug að gera svo flókin fyrirmæli um framkvæmd kúabólusetningar sem kúabólusetningarlöggjöf vor er. Er þar gleggst til samanburðar, að vér rækjum nú orðið mjög almennt aðra bólusetningu, sem vér eigum mjög mikið undir, og gerum það á ólíkt einfaldari hátt, en þó með ánægjanlegum árangri. Er þar átt við barnaveikisbólusetninguna.

Auk annars kallar það á eftir endurskoðun kúabólusetningarlöggjafarinnar, hverjum erfiðleikum það er orðið bundið að fá kúabólusetningu framkvæmda af þeim, sem lögum samkvæmt eiga fyrst og fremst að hafa hana á hendi, en það eru ljósmæðurnar í landinu. Er hvort tveggja, að vanhöld eru á skipun ljósmæðraumdæma og ástæður margra ljósmæðra svo, að ekki er á þær bætandi skyldustörfum um fram aðalstarf þeirra, enda kveður meira og meira að því, að ljósmæður biðjist undan því að hafa á hendi kúabólusetningu eða jafnvel afsegi það með öllu. Hjálpar til að auka á erfiðleika ljósmæðra að gegna þessari sýslu, að heimilisástæður margra heimila í strjálbýli eru þær, að engin tök eru á að færa börn almennt saman á tilteknum degi til kúabólusetningar, og þarf ljósmóðirin þá helzt að elta uppi flest heimili í umdæminu, ef nokkuð á úr að verða. En slíkt er tímafrekt og fyrirhafnarsamt, miðað við þá þóknun, sem greidd er fyrir og unnt er að greiða.

Með frumvarpi þessu er leitað lags við að færa framkvæmd almennrar kúabólusetningar í einfaldara og hagkvæmara horf. Þó að slakað sé á kröfum, er það gert í fullri vissu þess, að heildarárangur aðgerðanna verði ekki síðri en við núverandi skipun. Jafnframt eru kerfisbundnar í frumvarpinu aðrar nytsamlegar ónæmisaðgerðir og í aðalatriðum á þann hátt, sem þeim er nú þegar hagað fyrir eðlilega þróun framkvæmdar þessara læknisaðgerða.

Að svo miklu leyti sem frumvarpið telst þurfa frekari skýringa við, vísast til eftirfarandi athugasemda við einstakar greinar:

Við 1. gr.

1.—5. töluliður taka til þeirra ónæmisaðgerða, sem nú eru almennt tíðkaðar hér á landi. Vonandi mun mega telja meiri eða minni horfur á, að þá og þegar verði kunnar virkar ónæmisaðgerðir gegn enn fleiri sóttum, sem til greina koma hér á landi, svo sem inflúenzu og jafnvel mænusótt (6. töluliður). Fyrir síauknar ferðir manna á örskömmum tíma í hinar fjarlægustu álfur getur verið æskilegt, að hér sé kostur ónæmisaðgerða gegn ýmsum erlendum sóttum (7. töluliður), auk þess sem fyrir getur komið, að eitt og eitt tilfelli slíkra sótta slæðist hingað (sbr. einnig athugasemd við 8. gr.).

Við 2. gr.

Heilsuverndarstöðvar eru nú í stærstu kaupstöðunum, en sérstakt ungbarnaeftirlit þó ekki rækt af þeim öllum. Mun heilsuverndarstöðvum fjölga á næstu árum og ungbarnaeftirlit verða tekið upp víðar og víðar í fjölbýli. Er þá vafalaust tryggilegast séð fyrir kúabólusetningu ungbarna, ef hún er framkvæmd í sambandi við almennt ungbarnaeftirlit (sbr. athugasemd við 11. gr.).

Við 3. gr.

Hvarvetna þar, sem eru heilsuverndarstöðvar, er þeim gert að hafa á hendi kúabólusetningu ungbarna, einnig þó að þær ræki ekki almennt ungbarnaeftirlit. Þar, sem engin heilsuverndarstöð er, er héraðslæknum ætlað að hafa kúabólusetningu á hendi. Hér er sú kvöð lögð á foreldra og forsjármenn ungbarna að gæta þess að færa börn sín til kúabólusetningar, og hefur svo jafnan verið í framkvæmd, hvað sem lagastaf hefur liðið. Eins og nú háttar um tíð viðskipti fólks við lækna, ætti ekki að jafnaði að vera erfiðleikum bundið að ná til læknis með barn til kúabólusetningar á fyrstu aldursárum þess, jafnvel úr miklu strjálbýli, ef ekki þarf að binda sig við ákveðinn tíma, heldur gripið tækifæri, þegar leita þarf læknis hvort sem er eða læknir er á ferð. En til þess þurfa héraðslæknar sem oftast og helzt ætíð að hafa í fórum sínum og tiltækt virkt kúabóluefni. Verður að leitast við að gera þeim það kleift og

búa bóluefnið sem bezt í hendur þeim til hagnýtingar og geymslu. Í einstökum fjölmennustu sveitarhéruðum kann að vera hæpið, að héraðslæknir anni þessari kúabólusetningu, og verður þá auðvitað ekki um það fengizt, að hann fái til fleiri eða færri bólusetjara, segi þeim fyrir verkum og láti þá framkvæma kúabólusetninguna í sínu umboði. En ekki ætti slíkt að vera regla. Nú ferst eitthvað af þessari kúabólusetningu fyrir, en varla fremur en gengur og gerist og verða mundi að öllu óbreyttu, og bíður þá frumbólusetningin þess, að barn komist á skólaaldur (sbr. 4. gr.). Hins vegar þykir ástæða til að láta löggjöfina minna á, að vinna beri gegn slíkum drætti með tilliti til þess, að öllu meiri hætta mun á, að börnum kunni að hlekkjast á við kúabólusetningu, ef hún dregst verulega fram yfir tveggja ára aldur.

Við 4. og 5. gr.

Sú kúabólusetning (frumbólusetning), sem ferst fyrir samkvæmt framangreindum ákvæðum, og síðan endurbólusetning verða framkvæmdar í sambandi við lækniseftirlit með barnaskólum, og er önnur tilhögun naumast hentari.

Við 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Við 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að auk kúabólusetningar eigi menn ætíð aðgang að bólusetningu gegn barnaveiki og berklaveiki, en öðrum ónæmisaðgerðum þegar sérstök nauðsyn krefur, þ. e. þegar hinar tilgreindu sóttir ganga eða eru yfirvofandi. Loks er ætlazt til, að í Reykjavík a. m. k. sé þess kostur að fá sig bólusettan gegn hinum alvarlegustu erlendu sóttum, er menn ferðast til fjarlægra staða, þar sem þeir geta átt á hættu að smitast af slíkum sóttum (sbr. einnig athugasemd við 1. gr.). Er þess að vænta, að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin sjái sér skylt að greiða fyrir um útvegun nauðsynlegra bóluefna til slíkra bólusetninga með sem stytztum fyrirvara.

Við 8.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 11. gr.

Sú tilhögun, sem viðgengst í fjölbýli, að hópa börnum tugum og jafnvel hundruðum saman í þröng í húsakynni til bólusetningar er mjög varasöm í heilbrigðislegu tilliti, enda farast kúabólusetningar mjög oft fyrir af þeim ástæðum, að ekki þykir tiltækilegt, þegar einhverjir faraldrar ganga, að stofna til hópsýninga á þennan hátt. Vegna þess, hve ung börn eru næm fyrir flestum sóttum og þær þeim hættulegar, varðar mestu, að þau séu ekki lögð í slíka sýkningarhættu. Sú tilhögun, sem frumvarpið mælir fyrir um á framkvæmd kúabólusetningar (frumbólusetningar), gerir það kleift, að langflest ungbörn verði kúabólusett hvert heima hjá sér eða mjög fá saman á heilsuverndarstöð, og horfir það þeim vafalaust til mjög aukins heilbrigðisöryggis, auk þess sem koma má við miklu nosturslegra hreinlæti við framkvæmd sjálfrar aðgerðarinnar heldur en unnt er, þegar um hinar flausturslegu fjöldabólusetningar er að ræða.

Við 12. gr.

Gert er ráð fyrir, að skráning ónæmisaðgerðar á ónæmiskírteini verði gerð sem allra einföldust í framkvæmd. Mundi nægja að stimpla á þar til gerðan reit fyrir hverja tegund ónæmisaðgerðar og árita aðeins dagsetningu, en tölusetning stimpils gæti sagt til um, í hverju læknishéraði ónæmisaðgerðin væri framkvæmd.

Við 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í öllum höfuðatriðum í samræmi við það, sem nú er fyrirskipað eða þegar almennt tíðkað.

Við 14. gr.

Skráning kúabólusetningar og annarra ónæmisaðgerða, sem framkvæmdar eru í sambandi við skólaeftirlit, í nemendaskrár hlutaðeigandi skóla, dregur mikið úr skriffinnsku í sambandi við þessar aðgerðir, en gæta verður þess, að skrár þessar séu vandlega varðveittar, og er það að vísu sjálfsögð krafa á hendur hverjum skóla, sjálfs hans vegna. Fræðslumálastjóri hefur þegar í samráði við landlækni bætt dálkum fyrir ónæmisaðgerðir í eyðublaðabækur þær, er hann lætur skólum í té undir nemendaskrár.

Við 15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Við 16. gr.

Nokkur aukinn vandi leggst á Lyfjaverzlun ríkisins að láta aldrei standa upp á sig að sjá heilsuverndarstöðvum og héraðslæknum fyrir bóluefni og þar á meðal virku kúabóluefni, sem hæfustu til geymslu og í æskilegum skömmtum eftir aðstæðum á hverjum stað.

Við 17. gr.

Sjálfsagt þykir, að almenningur eigi ókeypis aðgang að kúabólusetningu, eins og verið hefur, svo og að hvers konar sérstaklega fyrirskipuðum ónæmisaðgerðum. Eftir atvikum þykir og sama eiga að gilda um bólusetningu gegn barnaveiki og berklaveiki, að svo miklu leyti sem þær eru ræktar af heilsuverndarstöðvum, eða berklabólusetning á vegum berklayfirlæknis. Um kostnað af öðrum ónæmisaðgerðum þykir mega fara eins og um kostnað af öðrum læknisaðgerðum, svo sem verið hefur. Um hlutdeild heilsuverndarstöðva í þessari starfsemi getur naumast orðið ágreiningur, með tilliti til þess, hversu þeim er haldið uppi af opinberu fé. Ætlazt er til, að héraðslæknir, sem gerir ríkissjóði reikning fyrir kúabólusetningu hvers árs samkvæmt 4. málsgr. 17. greinar, miði við það, að gert sé samtímis fyrir einn aðila, og er það í samræmi við fyrirmæli gjaldskrár héraðslækna um greiðslu fyrir skólaeftirlit. Sama á og að gilda um aðrar ónæmisaðgerðir héraðslækna á kostnað hins opinbera, ef til koma. Ferðakostnaður vegna venjulegra kúabólusetninga á ekki að koma til greina.

Um verulega aukinn kostnað ríkissjóðs af þessari lagasetningu ætti ekki að verða að ræða.

Við 18. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Við 19. gr.

Þrátt fyrir sektarákvæði þessarar greinar er ekki ætlazt til, að fólk verði að jafnaði fremur en áður elt með sektum, þó að vanhöld verði á, að það heimtist með fyllstu skilum til almennrar kúabólusetningar. Hins vegar þykir ekki fært að sleppa sektarákvæðum með öllu, og víst ber nauðsyn til að geta vísað til þeirra og gripið, ef fyrirskipaðar eru almennar ónæmisaðgerðir til varnar aðsteðjandi hættulegum sóttarfaröldrum (sbr. 8. gr.).

Við 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Þess skal getið, að höfundur frumvarpsins hefur haft samráð um efni þess við prófessorinn í heilbrigðisfræði við háskólann, berklayfirlækni og lyfsölustjóra ríkisins. Einnig hefur frumvarpið verið sent til umsagnar stjórnum Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur, og hefur hvorug hreyft athugasemdum.

Ed. 357. Frumvarp til lyfsölulaga. [121. mál]

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

I. KAFLI
Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

1. gr.

Forseti veitir leyfi til stofnunar lyfjabúðar.

Lyfjabúð má stofnsetja, þar sem þess gerist þörf að dómi ráðherra, almenna lyfjabúð þó því aðeins, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn hafi æskt stofnunarinnar.

Ráðherra ákveður lyfjabúð stað í upphafi og veitir leyfi til flutnings lyfjabúðar.

2. gr.

Forseti veitir leyfi til rekstrar lyfjabúðar. Leyfið má ekki binda öðrum skilyrðum en þeim, sem stoð eiga í lögum, en skyldur er leyfishafi að hlíta lagaákvæðum, er á hverjum tíma gilda um rekstur lyfjabúða.

Ráðherra auglýsir eftir umsóknum um leyfi til rekstrar lyfjabúðar. Umsóknir skal senda landlækni.

Lyfjabúð má að jafnaði ekki stofnsetja annars staðar en þar, sem líkur eru til, að nettóárstekjur hennar verði minnst ⅔ hlutar lægstu fjárhæðar, sem gjald skal greiða af í lyfsölusjóð (sbr. 48. gr.).

3. gr.

Lyfjabúð skal velja heiti, sem ráðherra samþykkir. Lyfjabúð skal auðkenna á áberandi hátt. Engir nema lyfsalar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, mega nefna verzlanir sínar lyfjabúðir eða öðru því nafni, er bent gæti til lyfjasölu, og þeir aðeins lyfjabúðir sínar. Læknar (dýralæknar) skulu auðkenna lyfjabúðir sínar með embættis- eða starfsheiti. Lyfsölum einum er heimilt að nefna lyfjabúðir sínar apótek.

4. gr.

Rétt til að geta öðlazt leyfi til rekstrar lyfjabúðar eiga þeir, sem hafa

1. íslenzkan ríkisborgararétt,
2. lögræði,
3. óflekkað mannorð,
4. lyfsalapróf samkvæmt lögum nr. 112 30. maí 1940,
5. óskert almenn borgararéttindi og
6. eru ekki kunnir að sérstökum ódugnaði eða hirðuleysi, né á þann hátt andlega eða líkamlega miður sín vegna sjúkleika, misnotkunar áfengis, morfíns, kókaíns, annarra eiturlyfja eða annars, að hætt sé við, að þeim verði á mistök í lyfsalastarfi.

Leyfi til rekstrar lyfjabúðar má veita samvinnufélögum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum og öðrum stofnunum eða fyrirtækjum almennings, sem ætla má að gæti trúlega hagsmuna lyfjaneytenda.

5. gr.

Ekki má veita lyfsölufræðingi leyfi til rekstrar lyfjabúðar, eftir að hann er orðinn 55 ára fullra, nema hann hafi áður haft slíkt leyfi og rekið lyfjabúð.

Leyfi til rekstrar lyfjabúðar má ekki veita starfandi lækni, dýralækni eða tannlækni, sbr. þó 23. gr.

II. KAFLI
Um rekstur lyfjabúða.

6. gr.

Sá, er hefur fengið leyfi til rekstrar lyfjabúðar, skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt þennan frest, þó ekki lengur en eitt ár.

Sé það ráðið, að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, getur sá, er tekur við af honum, þó ekki krafizt þess að hefja reksturinn, áður en hinn fyrr nefndi hefur hafið sinn rekstur, enda sé það innan þess árs frests, sem um ræðir í 1. málsgr., sbr. þó 17. gr.

7. gr.

Ef lyfsali, sem lætur af rekstri lyfjabúðar, eða bú hans krefst þess, skal lyfsala þeim, er við tekur, skylt að kaupa gegn reiðu vörubirgðir og áhöld lyfjabúðarinnar, að svo miklu leyti sem þau eru nothæf og við hæfi rekstrarins.

Ef ekki takast samningar um kaup áhalda og vörubirgða, skal málið lagt í gerð þriggja manna. Aðilar nefna þá í gerðina sinn manninn hvor, en ráðherra hinn þriðja, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Aðilar greiði að jöfnu allan kostnað af gerðinni.

Ráðherra getur, ef fráfarandi lyfsali eða bú hans krefst þess, skyldað lyfsala þann, er við lyfjabúð tekur, til þess að kaupa húseign þá, er lyfjabúðin er í, enda sé hún eingöngu ætluð til rekstrar lyfjabúðarinnar og íbúðar lyfsalans og viðunandi hæf til hvors tveggja. Þessarar kvaðar skal sérstaklega getið í auglýsingu um umsókn um leyfi til rekstrar lyfjabúðar. Um kaupin fer að öðru leyti í samræmi við ákvæði 2. málsgreinar um kaup vörubirgða og áhalda.

8. gr.

Leyfishafi samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar 4. greinar skal annast sjálfur forstöðu lyfjabúðar sinnar og ber ábyrgð á rekstri hennar.

Leyfishafi samkvæmt ákvæðum síðari málsgreinar 4. greinar skal fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns, er fullnægir skilyrðum þeim, sem greind eru í fyrra málslið sömu greinar, enda samþykki ráðherra með ráði landlæknis ráðningu hans. Forstöðumaður ber ábyrgð á starfrækslu lyfjabúðarinnar.

Þegar ræðir um lyfsala í lögum þessum, er átt við leyfishafa samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar 4. greinar, svo og leyfishafa samkvæmt síðari málsgr. sömu greinar og forstöðumann lyfjabúðar samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar, báða saman eða hvorn í sínu lagi, eftir því sem við getur átt.

Lyfsala ber að sjá lyfjabúð sinni fyrir nægu og hæfu starfsliði.

Lyfsali og hver annar, sem rekur lyfjasölu, svari bótum fyrir tjón, er starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi í starfi sínu.

Lyfsali og forstöðumaður lyfjabúðar sæta refsingu sem opinberir starfsmenn fyrir brot í starfi sínu. Auk þess má dæma lyfsöluleyfi af lyfsala og rétt til forstöðu lyfjabúðar af honum og öðrum forstöðumönnum lyfjabúða, ef brot er ítrekað eða stórfellt.

Nú verður misferli um gerð eða afhending lyfs í lyfjabúð, og stafar mönnum eða skepnum heilsutjón af, en ekki sannast, hver persónulega er að misferlinu valdur eða ber ábyrgð á því, og skal þá refsing mælt lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, ef misferlið má rekja til skorts á hæfu starfsliði, ófullkominnar vinnutilhögunar eða annarra skipulagsgalla á rekstri lyfjabúðarinnar (sbr. 13. gr.), enda verði lyfsali (forstöðumaður) talinn eiga sök á því, sem aflaga fer í þessum efnum.

Lyfsölufræðingar (candidati pharmaciae) og lyfjasveinar (examinati pharmaciae) í lyfjabúðum sæti refsingu eftir sömu reglum sem opinberir starfsmenn fyrir

brot í starfi sínu. Um svipting heimildar til rækslu starfans fer með samsvarandi hætti sem í 6. málsgr. segir, og um refsiábyrgð þeirra vegna misferla þeirra, sem þeir eru settir yfir, fer með samsvarandi hætti sem í 7. málsgr. segir.

9. gr.

Lyfsali, sem tekið hefur nemendur til kennslu á vegum Lyfjafræðingaskóla Íslands, er skyldur að haga kennslu í samráði við forstöðumann skólans.

10. gr.

Geti lyfsali ekki annazt rekstur lyfjabúðar sinnar sökum sjúkdóms, fjarvistar eða annarra orsaka, sbr. 20. gr., og megi ætla, að svo verði lengur en tvær vikur, þó eigi lengur en tvo mánuði, skal fenginn forstöðumaður í samráði við héraðslækni til þess að annast rekstur lyfjabúðarinnar á ábyrgð lyfsala eða eigin ábyrgð.

Líði þrír mánuðir svo, að lyfsali geti ekki sjálfur annazt rekstur lyfjabúðar sinnar, eða verði í upphafi að álíta, að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn á eigin ábyrgð, og skal þá leita samþykkis landlæknis til ráðningar og ráðningarskilmála forstöðumanns. Slíkum forstöðumanni má ekki fela rekstur lyfjabúðar lengur en eitt ár í senn. Þó getur ráðherra framlengt þennan tíma um enn eitt ár, ef lyfsali er sjúkur og ætla má, að hann verði innan þess tíma fær um að taka við rekstri lyfjabúðarinnar.

Forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

11. gr.

Í lyfjabúð skal starfa til aðstoðar lyfsala a. m. k. einn lyfsölufræðingur. Ef í lyfjabúð starfar aðeins einn aðstoðarmaður, auk lyfsala, getur ráðherra þó leyft, að það sé lyfjasveinn. Ráðherra getur og leyst lyfsala, sem rekur litla lyfjabúð, undan skyldu til að hafa lærðan aðstoðarmann, ef landlæknir mælir með því.

12. gr.

Eigi má ráða starfsmann í lyfjabúð, nema hann leggi fram heilbrigðisvottorð þess læknis, sem hefur eftirlit með berklavörnum á þeim stað. Starfsfólk lyfjabúðar skal og árlega rannsakað af þeim lækni, sbr. 8. gr. berklavarnarlaga nr. 66 1939.

13. gr.

Í reglugerð skal mæla fyrir um útbúnað lyfjabúða og rekstrartilhögun.

14. gr.

Lyfjabúðir skulu vera opnar til almennrar afgreiðslu á sama tíma sem almennar sölubúðir á hverjum stað. Á öðrum tímum sólarhrings skal þó vera aðgangur að lyfjabúð, eða á annan hátt fyrir því séð, að almenningur geti jafnan náð til nauðsynlegustu lyfja og hjúkrunargagna. Skal kveða nánar á um það í reglugerð. Ef fleiri lyfjabúðir en ein eru á sama stað, má landlæknir leyfa, að ein eða fleiri lyfjabúðanna séu lokaðar á ákveðnum tímum. Enn fremur má landlæknir leyfa, að lyfjabúð sé lokuð ákveðinn tíma dags, ef í henni starfar enginn lærður aðstoðarmaður, sbr. 11. gr.

15. gr.

Auk þess sem lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar er skylt að haga bókhaldi lyfjabúðar sinnar í samræmi við lög nr. 62 1938, um bókhald, ber honum að hlíta ýtarlegri fyrirmælum þar að lútandi, ef sett verða í reglugerð samkvæmt 13. gr.

Skylt er lyfsala að leyfa athugun á bókhaldi sínu, ef sá krefst þess, er ráðherra hefur gefið til þess umboð.

16. gr.

Lyfsalar, lyfsölufræðingar og lyfjasveinar eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun, sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál manna, nema á þeim hvíli vitnaskylda samkvæmt lögum, eða þeir hafi rökstuddan grun um, að einstaklingar eða almenningur sé í yfirvofandi hættu, enda láti þeir þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komizt af með til að afstýra hættu. Lyfsölufræðingar og lyfjasveinar geri að jafnaði lyfsala aðvart, en lyfsali þeim, er í hlut á, eða yfirvöldum, og þá að jafnaði landlækni.

Ákvæði þessarar greinar um þagnarskyldu ná einnig til annars starfsfólks lyfjabúða.

17. gr.

Leyfi lyfsala til rekstrar lyfjabúðar fellur niður, þegar er hann fær leyfi til rekstrar annarrar lyfjabúðar, en þó er honum rétt og skylt að annast áfram rekstur hinnar fyrri lyfjabúðar, þar til er hinn nýi lyfsali tekur við, eða lyfjabúðin er lögð niður, þó eigi lengur en 2 ár.

Leyfi til rekstrar lyfjabúðar fellur niður, þegar er lyfsali fullnægir ekki skilyrðum 4. greinar.

18. gr.

Leyfi lyfsala til rekstrar lyfjabúðar fellur niður í lok þess árs, sem hann verður sjötugur.

Hafi lyfsala verið veitt heimild til að fela öðrum rekstur lyfjabúðar sinnar samkvæmt 10. gr., fellur niður leyfi hans, ef hann getur ekki sjálfur annazt reksturinn að loknum fresti þeim, sem þar um getur.

19. gr.

Ef lyfsali deyr, fer um réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:

1. Taki erfingjar að sér ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda samþykki landlæknir val hans og ráðningarkjör. Frest þennan má ráðherra lengja um allt að sex mánuðum, ef sérstaklega stendur á.
2. Taki erfingjar ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins, eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta, ákveður ráðherra, hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar. Sama máli gegnir, ef ekki hefur verið veitt leyfi til rekstrar lyfjabúðar innan þess frests, sem um getur í 1. tölulið.

20. gr.

Telji landlæknir rekstri lyfjabúðar ábótavant vegna vanrækslu lyfsala eða af hendi starfsmanna lyfjabúðarinnar, skal hann áminna lyfsala um að bæta úr því, sem ábótavant þykir.

Telji landlæknir, að lyfsali, lyfsölufræðingur eða lyfjasveinn ræki svo illa störf sín fyrir ódugnað, hirðuleysi eða aðra annmarka, sbr. 4. gr., að almenningi geti stafað hætta af, skal hann leggja til við ráðherra, að lyfsali verði sviptur rekstrarleyfi og lyfsali, lyfsölufræðingur eða lyfjasveinn sérréttindum sínum, og eftir atvikum, að lagt verði bann við því, að aðili starfi í lyfjabúð.

Ráðherra fellir úrskurð um tillögur og aðgerðir landlæknis samkvæmt 2. málsgr., og má svipta lyfsala, lyfsölufræðing eða lyfjasvein réttindum samkvæmt þeim, en leggja skal ráðherra þá málið tafarlaust og eigi síðar en innan þriggja sólarhringa til dómara, og kveður dómari þá upp úrskurð innan viku frá því, að málið var til hans lagt, um það, hvort starfssvipting skuli haldast, unz fullnaðardómur gengur.

Áfrýjun frestar ekki framkvæmd úrskurðar, nema um sé að tefla svipting leyfis til rekstrar lyfjabúðar.

Ef ráðherra telur nauðsynlegt, að læknir rannsaki heilbrigðisástand lyfsala, lyfsölufræðings eða lyfjasveins, áður en úrskurður er upp kveðinn um það, hvort svipta beri þá réttindum, skal hann óska þess, að aðili fallist á að gangast undir þessa rannsókn, en geri hann þess ekki kost, skal ráðherra fela rétti þeim, sem málið heyrir undir, að kveða upp úrskurð hér að lútandi. Rétturinn getur kveðið upp slíkan úrskurð, eftir að mál er höfðað.

Færist aðili undan að hlíta úrskurði réttarins um rannsókn á heilbrigðisástandi aðila, skal ráðherra svipta hann réttindum, en mál skal ekki höfða og málssókn falla niður, ef hafin er. Kostnaður af framangreindum læknisrannsóknum skal greiddur úr lyfsölusjóði.

Ráðherra má veita lyfsala, lyfsölufræðingi eða lyfjasveini aftur þau réttindi, sem hann hefur verið sviptur samkvæmt þessari grein, enda séu brostnar forsendurnar fyrir réttindamissinum. Synjun ráðherra um endurveiting á réttindum má ekki bera undir dómstóla, fyrr en ár er liðið frá réttindasviptingu eða dómsuppkvaðningu um réttindamissi.

Hafi lyfsali í starfi sínu gerzt brotlegur við almenn refsilög og á þann hátt glatað trausti, má svipta hann leyfi til rekstrar lyfjabúðar nokkurn tíma eða eftir atvikum að fullu og öllu.

III. KAFLI
Um lyfjaverzlun.

21. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, hverjar lyfjavörur lyfjabúðir einar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, megi hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

Ráðherra skipar nefnd þriggja manna, er geri tillögur um reglugerð þessa. Skal einn nefndarmanna vera lyfsölufræðingur, sérfróður um lyfsölumál og annar um almenn verzlunarmál. Landlæknir skal vera þriðji maður nefndarinnar og formaður hennar.

Auk þeirrar lyfjavöru, sem um getur í 1. málsgr., mega lyfjabúðir selja hvers konar hjúkrunarvarning, sjúkragögn og aðra læknisdóma handa mönnum og skepnum, enn fremur sótthreinsunarlyf og snyrtivörur.

Aðrar vörur en þær, sem að framan greinir, má lyfsali eigi selja í lyfjabúð nema samkvæmt sérstakri heimild í lögum eða að fengnu verzlunarleyfi.

22. gr.

Sjúkrahús, heilsuhæli og geðveikrahæli, sem rekin eru af ríki, bæjarfélögum eða almannatryggingum, eða eru að svo miklu leyti rekin á kostnað þessara aðila, að ráðherra telji þau þeim hliðstæð, mega hafa með höndum lyfjagerð og afgreiðslu lyfja handa sjúklingum sínum og starfsmönnum og öðrum hliðstæðum sjúkrahúsum. Forstöðumaður slíkrar lyfjabúðar skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

Á öðrum sjúkrahúsum og hælum má einungis á ábyrgð yfirlæknis vega sundur, blanda, deila, leysa eða þynna lyf, þó ekki mjög áhrifamikil eða aðgæzluverð lyf, og skilgreinir ráðherra það nánar í reglugerð.

23. gr.

Í læknishéruðum, þar sem er ekki rekin sérstök lyfjabúð, má héraðslæknir hafa á hendi lyfjagerð og sölu lyfja, hjúkrunarvarnings, sjúkragagna og annarra læknisdóma.

Ráðherra getur og, ef sérstaklega stendur á, leyft héraðslæknum, svo og öðrum læknum og dýralæknum, sem búsettir eru fjarri lyfjabúð í læknishéraði, að hafa á hendi lyfjagerð og lyfjasölu.

Ráðherra setur reglugerð um nánari tilhögun á lyfjagerð þeirri og lyfjasölu, sem um getur í þessari grein.

24. gr.

Ráðherra getur samkvæmt ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar heimilað lyfjabúð að setja upp útibú í nágrenni, þar sem að vísu er þörf sérstakrar lyfjabúðar, en ekki líklegt, að sjálfstæð lyfjabúð hafi tilskildar tekjur samkvæmt 2. gr.

Leyfi þetta veitist til tiltekins tíma, þó ekki yfir 10 ár í senn.

Verði stofnuð sérstök lyfjabúð þar, sem útibú hefur verið rekið, á eigandi lyfjabúðar þeirrar, er útibúið rak, kost á að velja á milli, hvort hann vill reka hina fyrri lyfjabúð áfram eða takast á hendur rekstur hinnar nýstofnuðu lyfjabúðar.

Ekki má fela öðrum forstöðu útibús samkvæmt þessari grein en lyfsölufræðingi eða lyfjasveini.

Ráðherra ákveður nánar í reglugerð um útbúnað og rekstrartilhögun útibúa þessara.

25. gr.

Ráðherra getur, samkvæmt ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar, veitt lyfjabúðum leyfi til útsölu lyfja, sem afgreiða má án lyfseðils, þar sem þörf er slíkrar útsölu, enda sé þar hvorki lyfjabúð, útibú frá lyfjabúð né læknir, sem hefur rétt eða leyfi til lyfjasölu.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hvernig til skuli haga um útsölur þessar.

26. gr.

Forseti ákveður með tilskipun, hvaða lyfjaskrá (pharmacopoea) skuli gilda á Íslandi. Ráðherra löggildir með auglýsingu lyfseðlasöfn (dispensatoria).

Tillögur um löggilding lyfjaskrár og lyfseðlasafna gerir 5 manna lyfjaskrárnefnd. Skal einn nefndarmanna vera kennari í lyfjafræði við háskólann, annar kennari í lyflæknisfræði við háskólann, en hina þrjá skipar ráðherra eftir tillögum landlæknis, einn úr hópi lyfsala, annan úr hópi starfandi lyfsölufræðinga og hinn þriðja úr hópi starfandi lækna.

Nánari ákvæði um starfssvið lyfjaskrárnefndar skal setja í reglugerð.

27. gr.

Lyfjabúðir skulu um hvað eina hlíta fyrirmælum löggiltrar lyfjaskrár. Þær skulu hafa nægar birgðir allra þeirra efna, sem löggilt lyfjaskrá og lyfseðlasöfn tilgreina, svo og annarra lyfja og lyfjaefna, hjúkrunarvarnings, sjúkragagna og annarra nauðsynlegra og viðurkenndra læknisdóma, sem almennum verzlunum er ekki frjálst að selja.

Landlæknir ákveður, hverjar lyfjategundir útibúum lyfjabúða og læknum, sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, er jafnan skylt að hafa, og skal þess getið í hverri lyfsöluskrá.

28. gr.

Ráðherra ákveður í reglugerð, með sérstöku tilliti til þess, að misferli eigi sér ekki stað, alla tilhögun lyfjagerðar og lyfjaafgreiðslu lyfjabúða, þar á meðal um geymslu og aðra meðferð lyfja og lyfjaefna, um gerð lyfseðla og gildi þeirra, um umbúðir lyfja og áritun, hver lyf megi einungis láta úti gegn lyfseðli frá lækni (tannlækni, dýralækni) og hve oft gegn sama lyfseðli, og annað þess háttar. Í reglugerð skal enn fremur setja ákvæði til tryggingar gegn því, að í lyfjabúðum eigi sér stað viðskipti, er talizt geti einstaklingum eða almenningi hættuleg eða lyfjabúðum ósæmileg sem heilbrigðisstofnunum, og má í því sambandi heimila lyfsölum að afgreiða ekki lyf gegn lyfseðlum, sem tortryggilegir eru frá hendi læknis, eða til tortryggilegs fólks.

29. gr.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hvernig verðlagningu lyfja skuli háttað. Hann gefur árlega út lyfsöluskrá. Um smásölu skal fylgja verðlagi lyfsöluskrár og ákvæðum reglugerðarinnar, þar sem lyfsöluskráin nær ekki til. Lyf, sem afgreitt er samkvæmt lyfseðli, má hvorki selja við hærra né lægra verði en lyfsöluskrá tilgreinir.

Í smásölu má þó veita læknum, sjúkrahúsum, heilsuhælum og sjúkrasamlögum afslátt frá verði lyfsöluskrár eftir samkomulagi, að fengnu samþykki stjórnar lyfsölusjóðs.

Ráðherra getur með ráði landlæknis skyldað lyfjabúð til að veita þessum aðilum afslátt frá verði lyfsöluskrár, ef þeir eru búsettir innan umdæmis lyfjabúðarinnar

Þótt lyf sé gert með sérstökum hætti, má ekki krefjast hærra verðs fyrir það en meginreglur lyfsöluskrár ákveða.

Heimilt er að ákveða í lyfsöluskrá aukagjald fyrir næturafgreiðslu í lyfjabúð, og renni gjaldið í lífeyristryggingarsjóð lyfsölufræðinga og lyfsala, enda fari um sjóðinn samkvæmt skipulagsskrá. Aukagjald má þó ekki taka fyrir afgreiðslu lyfs eftir lyfseðli.

30. gr.

Lyfsali er skyldur að afgreiða gegn reiðu þau lyf, sem tilgreind eru í 27. gr., þó einungis gegn lyfseðli þau lyf, sem aðeins má láta úti á þann hátt samkvæmt ákvæðum 28. greinar. Ef læknir lætur þess getið á lyfseðli, að lyf eða annan læknisdóm þurfi að afgreiða án tafar, og auk þess, hvern hann telji bera ábyrgð á greiðslunni, skal lyfsali afgreiða lyfið eða læknisdóminn svo fljótt sem auðið er, þótt greiðsla eða trygging sé ekki fyrir hendi, enda er honum þá heimilt að halda eftir lyfseðlinum.

31. gr.

Landlæknir hefur á hendi undir yfirstjórn ráðherra umsjá með rekstri lyfjabúða og öðrum lyfsölumálum, svo og þar til heyrandi störfum lyfsala, lyfsölufræðinga og lyfjasveina.

Ráðherra skipar landlækni til aðstoðar eftirlitsmann með lyfjabúðum og lyfjasölu. Eftirlitsmaður skal vera lyfsölufræðingur.

Eftirlitsmaður skal eftirlíta hverja lyfjabúð a. m. k. einu sinni á ári og aðrar lyfjasölur eftir ástæðum í samráði við landlækni.

Landlæknir semur og ráðherra staðfestir erindisbréf handa eftirlitsmanni, og skal þar kveðið nánar á um tilhögun eftirlitsins.

Kostnaður við eftirlit með lyfjabúðum og lyfjasölu greiðist úr lyfsölusjóði.

32. gr.

Ráðherra getur að fengnum tillögum landlæknis bannað innflutning og sölu lyfja, ef efni þeirra eða samsetning er ekki greind, þar á meðal sérlyfja, sem falla ekki undir ákvæði 34.—42. greinar, svo og blóðvatns og bóluefnis, ef ekki er hægt að ganga úr skugga um nothæfi þeirra.

33. gr.

Bannaðar eru hvers konar auglýsingar lyfja, lyfjavöru, læknis- og lækningaáhalda og annarra læknisdóma nema sérstaklega fyrir læknum (tannlæknum, dýralæknum) og lyfsölufræðingum og þá á þann hátt, að ekki sé líklegt, að auglýsingin komi almenningi í hendur.

IV. KAFLI
Um sérlyf.

34. gr.

Sérlyf (patentlyf) er lyf, samsett eða ósamsett, sem gefið er sérnafn, og er gerð þess, samsetning eða nafn ekki í samræmi við hina opinberu lyfjaskrá eða löggilt eða þekkt lyfseðlasafn, sem vitnað er til og allir geta átt aðgang að.

35. gr.

Á umbúðum sérlyfs skal standa nafn og heimilisfang framleiðanda og innflytjanda, ef sérlyfið er erlent, nafn sérlyfsins, nafn virkra efna, sem í því eru, og hve mikið er af hverju.

36. gr.

Gerð sérlyfja er bönnuð á Íslandi, nema löggilding ráðherra komi til um efni, samsetning, gerð, umbúðir, heiti og áritun hvers sérlyfs. Enn fremur getur ráðherra takmarkað og bannað að fengnum tillögum lyfjaskrárnefndar innflutning og sölu erlendra sérlyfja:

1. ef sérlyf svarar ekki að efni og samsetningu til áritana á umbúðum eða fylgiskjali,
2. ef samsetning sérlyfs er breytileg, eða efni þess ófullnægjandi að gæðum og hreinleika að dómi ráðherra,
3. ef sérlyf er óhæfilega dýrt með tilliti til verðlags á efnum, sem í því eru, og framleiðslukostnaðar,
4. ef sérlyf telst hafa ekki þær verkanir, sem því eru eignaðar, eða heilsuspillandi verkanir,
5. ef sérlyf á annan hátt fullnægir ekki þeim skilyrðum, sem gilda um gerð, heiti og önnur ákvæði, er varða innlend sérlyf,
6. ef framleiðandi eða innflytjandi neitar að gefa fullnægjandi upplýsingar um sérlyf.

Upplýsingar um sérlyf, sem heilbrigðisstjórn eru gefnar, ber öllum hlutaðeigendum að varðveita sem embættisleyndarmál.

37. gr.

Ráðherra leyfir ekki gerð sérlyfs, sem að efni, samsetningu eða gerð er að áliti lyfjaskrárnefndar svo líkt löggiltu lyfi eða lyfi, sem talið er í kunnu lyfseðlasafni, eða áður löggiltu innlendu sérlyfi, að það, sem skilur, getur ekki skipt máli.

38. gr.

Ráðherra staðfestir ekki heiti sérlyfs, sem að áliti lyfjaskrárnefndar er líklegt til að geta valdið ruglingi við aðgreining sérlyfs frá löggiltum lyfjum, lyfjum, sem talin eru í kunnum lyfseðlasöfnum, eða áður löggiltum sérlyfjum, né heldur heiti, sem líklegt er til að vekja rangar hugmyndir um efni þess eða verkanir. Leitast skal við að velja öllum löggiltum sérlyfjum heiti, er séu í sem beztu samræmi við efni lyfjanna og skyldleika þeirra hvers við annað. Heiti sérlyfs má ekki gefa til kynna, að það eigi að nota við ákveðnum sjúkdómi.

39. gr.

Birta skal í Lögbirtingablaði heiti hvers sérlyfs, sem leyft hefur verið, og skal greina lyfjaskrár- eða efnafræðisheiti og magn hinna verkandi efna, en lyfsölum og læknum skal gerður greiður aðgangur að nákvæmri fyrirsögn um samsetning þess og gerð.

40. gr.

Í lyfsöluskrá skal greina útsöluverð allra löggiltra sérlyfja og almennt viðurkenndra og algengra erlendra sérlyfja.

41. gr.

Ráðherra getur bannað gerð og sölu löggilts sérlyfs, ef það að áliti lyfjaskrárnefndar uppfyllir ekki lengur skilyrði 1.—4. töluliðs 36. greinar.

42. gr.

Lyfsölum og læknum, sem hafa lyfsölu á hendi, skal skylt, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er, að láta jafnan úti gegn ávísun á sérlyf samsvarandi lyf sérlyfinu eftir fyrirsögn hinnar opinberu lyfjaskrár eða kunnu lyfseðlasafni, nema læknir hafi getið þess á lyfseðlinum, að hann óski sérstaklega eftir því, að sjálft sérlyfið sé afgreitt, og þá með því að rita orðið „originalis“ eða skammstöfun þess orðs aftan við lyfjaheitið.

Samsvarandi lyf sérlyfi skal telja það lyf, sem hefur sömu efnasamsetning og sérlyfið, að því er varðar hin verkandi efni þess, enda sé það sem líkast því að útliti og bragði.

Nú er sérlyf sett þannig saman, að engin samsvarandi samsetning er greind í hinni opinberu lyfjaskrá eða kunnu lyfseðlasafni, og skal þá setja lyfið saman úr samsvarandi efnum, enda séu þau greind í hinni opinberu lyfjaskrá eða í kunnu lyfseðlasafni.

Ráðherra gefur út skrá um þau lyf, sem afgreiða skal í stað sérlyfja.

Sérlyf er þó jafnan leyfilegt að afgreiða, ef verð þess er ekki hærra, og skylt, ef verð þess er lægra en verð samsvarandi lyfs samkvæmt lyfjaskrá eða viðurkenndu lyfseðlasafni.

V. KAFLI
Um lyfjaheildsölu.

43. gr.

Á vegum heilbrigðisstjórnarinnar skal reka verzlunarfyrirtæki, er sé eign ríkisins og heiti Lyfjaverzlun Íslands. Því skal komið fyrir á þann hátt, sem hér greinir:

1. Ríkissjóður láni eða ábyrgist allt að einnar milljónar króna lán til stofnfjár handa fyrirtækinu.
2. Fyrirtækið sé sjálfstæður fjárhagsaðili og beri eitt, án bakábyrgðar ríkissjóðs, ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum sínum. Það skal rekið samkvæmt fyrirfram gerðri fjárhagsáætlun til eins árs í senn, er ráðherra staðfestir. Ársreikninga fyrirtækisins, endurskoðaða af endurskoðun ríkisins, skal jafnan leggja fyrir fjárhagsnefndir Alþingis.
3. Verksvið fyrirtækisins sé að flytja inn, framleiða og verzla með lyf, lyfjaefni, hjúkrunarvarning, sjúkragögn og aðra læknisdóma. Vörur þær, er lyfjabúðir einar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, mega selja, sé lyfjaverzluninni skylt að hafa á boðstólum og selja eingöngu þessum aðilum, svo og ríkinu, sjúkrahúsum og öðrum samsvarandi stofnunum til eigin afnota.
4. Fyrirtækinu stjórni tveir framkvæmdarstjórar, er ráðherra skipar, og skal annar vera læknir, er sé sérfróður lyfjafræðingur (pharmacolog), en hinn lyfsölufræðingur (pharmaceut). Aðalframkvæmdarstjóri ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri fyrirtækisins, en að öðru leyti skal ákveða í reglugerð, hvernig þeir skipti með sér störfum. Unz ákveðið verður í launalögum, kveður ráðherra á um launakjör framkvæmdarstjóra og setur reglur um starfsmannahald og launagreiðslur fyrirtækisins að öðru leyti.

5. Álagningu fyrirtækisins sé hagað svo, að unnt sé að standast allan kostnað af rekstri þess, þ. á m. hæfilegar afskriftir, og leggja í rekstrartryggingarsjóð 1%, mest 2%, af vöruveltunni. Ágóði, er verða kann umfram þetta, renni í lyfsölusjóð.
6. Fyrirtækið er undanþegið tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til bæjar- og sveitarfélaga.

44. gr.

Lyfjaverzlun Íslands er með lögum þessum veittur einkaréttur til að flytja inn og selja í heildsölu allar þær vörur, sem lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, er einum heimilt að selja.

Þetta ákvæði er þó ekki því til fyrirstöðu, að lyfsali skipti við lækna (dýralækna) í nágrenni sínu, er lyfjasölu hafa á hendi.

45. gr.

Lyfjaverzlun Íslands skal skylt, gegn vægri þóknun, er ráðherra samþykkir, en nema verður þó fullum kostnaði, að taka að sér útvegun, innflutning og dreifing lyfja, lyfjaefna og annarra læknisdóma (þar á meðal bóluefnis og sótthreinsunarlyfja), er ríkissjóður eða lyfsölusjóður (sbr. 5. tölulið 51. greinar) láta ókeypis í té, enn fremur efna, sem almennt eru notuð til varnar gegn dýrasjúkdómum og lækningar á þeim, svo og annarra efna í sambærilega þágu atvinnuvega landsmanna. Um tilhögun dreifingar þessara efna fer eftir því, sem ákveðið er eða kann að verða í sérstökum lögum, eða ráðherra segir nánar fyrir um í reglugerð.

VI. KAFLI
Um efnavöruverzlanir.

46. gr.

Ráðherra er heimilt að veita þeim, sem fengið hefur almennt verzlunarleyfi, sérstakt leyfi til að reka verzlun með lyfjavörur, hjúkrunarvarning, sjúkragögn og aðra læknisdóma, að þeim vörum undanskildum, sem lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, er einum heimilt að selja.

Leyfi þetta skal að jafnaði aðeins veita lyfsölufræðingum, en öðrum með því skilyrði, að þeir hafi sér við hönd lyfsölufræðing, er ráðherra samþykki, enda gegni lyfsölufræðingurinn fullu starfi við verzlunina.

Um ábyrgð á rekstri efnavöruverzlana og refsing fyrir misferli fer í samræmi við ákvæði 8. og 20. greinar.

Ráðherra ákveður nánar með reglugerð verksvið og rekstrartilhögun efnavöruverzlana, og má heimila þeim sérstaklega að verzla með efnavörur, sem ekki þykir áhættulaust að farið sé með í almennum verzlunum.

VII. KAFLI
Um eftirlaun.

47. gr.

Lyfsölum, lyfsölufræðingum og lyfjasveinum, sem eru starfsmenn lyfjabúða eða Lyfjaverzlunar Íslands, er rétt og skylt að tryggja sér, ekkjum sínum og börnum á ómagaaldri lífeyri í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, eða eigi síðri lífeyri hjá annarri tryggingarstofnun, er ráðherra samþykkir.

Lyfjabúð (Lyfjaverzlun Íslands) er skylt að greiða hálf iðgjöld skyldutrygginga lyfsölufræðinga og lyfjasveina sinna, þó eigi meira en nemi hálfum iðgjöldum samsvarandi tryggingar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

VIII. KAFLI
Um lyfsölusjóð.

48. gr.

Lyfjabúð greiðir árlegt gjald af hvers kyns verzlun og framleiðslu, sem rekin er í lyfjabúðinni eða í sambandi við hana og af sama starfsliði. Gjald þetta, sem miðast við viðskiptaveltu og nettóhagnað, rennur í lyfsölusjóð, og fer fjárhæð þess eftir þeim reglum, er hér greinir:

Af þeim hluta viðskiptaveltu, sem er yfir kr. 100000 á ári, skal greiða svo sem hér segir af fullum 100 kr.:

Að fullum 200000 kr. 1%.

Yfir	200000	kr.	að	300000	kr.	500	kr.	af 200000	og 2 % af afg.
—	300000	—	—	400000	—	1500	—	— 300000	— 3 — — —
—	400000	—	—	500000	—	3000	—	— 400000	— 4 — — —
—	500000	—				5000	—	— 500000	— 5 — — —

Af þeim hluta nettóhagnaðar, sem er yfir 9000 kr. á ári, skal greiða svo sem hér segir af fullum 100 kr.:

Að fullum 10000 kr. 3%.

Yfir	10000	kr.	að	11000	kr.	30	kr.	af	10000	og	6	% af afg.
—	11000	—	—	12000	—	90	—	—	11000	—	9	— — —
—	12000	—	—	13500	—	180	—	—	12000	—	12	— — —
—	13500	—	—	15000	—	360	—	—	13500	—	14	— — —
—	15000	—	—	16500	—	570	—	—	15000	—	16	— — —
—	16500	—	—	18000	—	810	—	—	16500	—	18	— — —
—	18000	—	—	20000	—	1080	—	—	18000	—	20	— — —
—	20000	—	—	22000	—	1480	—	—	20000	—	22	— — —
—	22000	—	—	24000	—	1920	—	—	22000	—	24	— — —
—	24000	—	—	27000	—	2400	—	—	24000	—	25,5	— — —
—	27000	—	—	30000	—	3165	—	—	27000	—	27	— — —
—	30000	—	—	33000	—	3975	—	—	30000	—	28,5	— — —
—	33000	—				4860	—	—	33000	—	30	— — —

Við ákvörðun beinna skatta til ríkis og sveitarfélaga skulu gjöld í lyfsölusjóð samkvæmt þessari grein teljast til frádráttar skattskyldum tekjum. Þar, sem útsvör eru að einhverju leyti miðuð við viðskiptaveltu, skulu lyfjabúðir undanþegnar slíku veltuútsvari.

Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 100, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal reikna gjald í lyfsölusjóð á þennan hátt:

Viðskiptaveltu- og nettóhagnaðarfjárhæðum skal deila með 1/100 af meðalvísitölu reikningsársins. Af þeirri fjárhæð, sem þá fæst, skal finna gjald samkvæmt gjaldstiganum í 1. málsgr. Fjárhæð þá, sem gjaldstiginn þá segir til að greiða eigi, skal margfalda með 1/100 af meðalvísitölu. Útkoman er sú fjárhæð, sem greiða á í lyfsölusjóð.

49. gr.

Í stjórn lyfsölusjóðs eiga sæti formaður, skipaður af heilbrigðismálaráðherra til þriggja ára í senn og sem meðstjórnendur skrifstofustjóri þess ráðuneytis, er fer með heilbrigðismál, og skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins.

Lyfsalar og aðrir starfsmenn lyfjabúða og Lyfjaverzlunar Íslands mega ekki eiga sæti í stjórn lyfsölusjóðs.

Endurskoðun ríkisins endurskoðar reikninga lyfsölusjóðs. Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

50. gr.

Skylt er lyfsölum að láta stjórn lyfsölusjóðs árlega fyrir 1. apríl í té reikninga sína, sundurliðaða í því formi, er stjórn sjóðsins segir fyrir um, endurskoðaða og staðfesta af löggiltum endurskoðendum þar, sem þeir eru á staðnum, en ella af endurskoðendum, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

Ef lyfsali eða forstöðumaður lyfjabúðar lætur stjórn lyfsölusjóðs vísvitandi eða af hirðuleysi í té rangar skýrslur eða reikninga um rekstur og hag lyfjabúðar, þannig að lyfsölusjóður verði af réttmætu gjaldi, varðar það sektum allt að tíföldu því gjaldi, sem undan er dregið. Sektarfé þetta rennur í lyfsölusjóð.

51. gr.

Fé lyfsölusjóðs skal varið svo sem hér segir:

1. Til endurgreiðslu á stofnfjárláni samkvæmt 1. tölulið 43. greinar.
2. Til að standast kostnað af eftirliti með innflutningi lyfja, lyfjagerð og lyfjasölu í landinu, sbr. 31. gr.
3. Til tekjuuppbóta handa lyfsölum, er ekki ná þeim nettóárshagnaði af rekstri lyfjabúða sinna, að þeir verði gjaldskyldir í lyfsölusjóð samkv. 48. gr., enda sé ekki til að dreifa ódugnaði eða vanrækslu í starfi. Uppbætur þessar mega nema allt að ¾ hlutum þeirrar fjárhæðar, sem á vantar, að lyfsali hafi árstekjur, er svari fullum árslaunum embættismanns ríkisins, er tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga.
4. Til stuðnings framförum og fullkomnun í lyfjagerð og meðferð lyfja hér á landi.
5. Til verðlækkunar á lyfjum, þar á meðal ókeypis útláta á einstökum lífsnauðsynlegum lyfjum og öðrum læknisdómum, er mæða þungt á einstaklingum eða varða mjög heilbrigðisöryggi almennings.

Með reglugerð ákveður ráðherra nánar um greiðslur þessar.

52. gr.

Heimilt er að binda allt að helmingi lyfsölusjóðs í öruggum en ódýrum lánum (allt að 10% neðan við venjulega útlánsvexti) til Lyfjaverzlunar Íslands, lyfjabúða og lækna (dýralækna), sem rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, enda sé lánunum varið til kaupa á fasteignum, áhöldum, vörubirgðum og öðrum lyfsölunauðsynjum og ætla megi, að slíkar lánveitingar séu til aukinnar tryggingar öruggum og ódýrum rekstri lánþega.

Stjórn lyfsölusjóðs skal leita samþykkis ráðherra til lánveitinga, sem eru mikils háttar eða til langs tíma.

Lyfsölusjóður er skattfrjáls samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935.

IX. KAFLI
Um málarekstur og refsingar.

53. gr.

Mál, er rísa kunna út af brotum á 3., 14., 16., 22., 33., 35. og 36. gr. laga þessara, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en út af 8. gr. sakamálameðferð.

54. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal refsa með sektum kr. 100 til kr. 50000, er renna í lyfsölusjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Heimilt er að gera upptækan með dómi ágóða, er kann að hafa orðið af ólöglegri lyfjasölu, ólöglega gerð eða innflutt lyf, lyfjaefni eða aðra læknisdóma eða andvirði þeirra. Andvirði hins upptæka rennur í lyfsölusjóð.

X. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Áður en settar eru reglugerðir samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal stéttarsamtökum lyfsala og lyfsölufræðinga jafnan gerður kostur á að fylgjast með málinu og láta í ljós álit sitt um það.

56. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:

Tilskipun 4. des. 1672, um lækna og lyfsala.

Kansellíbréf 16. sept. 1797, um lyfjasölu.

Lög nr. 7 4. júní 1924, um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

Ákvæði laga nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, varðandi lyfjaverzlun áfengisverzlunarinnar og eftirlit með lyfjabúðum.

Lög nr. 37 28. jan. 1935, um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.

Tilskipun nr. 112 20. ágúst 1938, um gerð og afgreiðslu sérlyfja, svo og tilskipun nr. 74 12. sept. 1946, um breyting á þeirri tilskipun.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Lyfsali, sem náð hefur aldurshámarki samkvæmt 18. gr., er lög þessi ganga í gildi, heldur leyfi sínu í full 3 ár, en þó eigi lengur en til loka þess árs, er hann verður 75 ára.
2. Verzlanir, er verzlað hafa með vörur, sem þeim er gert óheimilt að selja samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða þær mega því aðeins selja, að þær fullnægi sérstökum fyrirmælum laganna, halda rétti sínum óskertum í eitt ár. Slíkur frestur nær þó ekki til innflutnings þeirrar vöru, er lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, er einum heimilt að selja. Undanþágu má þó ráðherra veita um einstök vörukaup, sem sannanlega hafa verið gerð áður en lög þessi gengu í gildi, enda sé tegund vörunnar hentug, gæði hennar óvefengjanleg, verð sanngjarnt og magn við hæfi. Vöruna má aðeins afhenda Lyfjaverzlun Íslands og þá gegn kostnaðarverði.
3. Ákvæði í reglugerðum og auglýsingum, er nú gilda um lyfjabúðir og afhending lyfja og ekki fara í bága við ákvæði laga þessara, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með reglugerðum samkvæmt lögum þessum.
4. Ákvæði 47. gr. um rétt og skyldu lyfsala, lyfsölufræðinga og lyfjasveina til tryggginga, taka ekki til aðila, sem orðnir eru fullra 60 ára, þegar lög þessi öðlast gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta lá í upphaflegu formi fyrir heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 1945, en ekkert varð úr flutningi þess. Nú hefur landlæknir, að beiðni flutningsmanns, farið yfir frumvarpið á ný og gerir hann svolátandi grein fyrir málinu:

Að undanteknum fimm greinum (4., 8., 43., 49. og 51. gr.) er frv. þetta í öllu, sem máli skiptir, samhljóða frumvarpi, er samið var af stjórnskipaðri nefnd, er um ræðir hér á eftir. Varðar mismunur þessara greina tvö efnisatriði, 1) hvort lyfsölufræðingar einir eða einnig samvinnufélög, sveitarfélög og aðrar opinberar stofnanir skuli geta öðlazt leyfi til að reka lyfjabúðir, og 2) hvernig skipa skuli lyfjaheildsölu þeirri, sem nefndin hafði orðið ásátt um, að stofnuð yrði og fengi einkarétt til innflutnings lyfja og lyfjaheildsölu. Það, sem að öðru leyti ber á milli þessa frumvarps

og frumvarps, er hin stjórnskipaða nefnd skilaði til ríkisstjórnarinnar á sínum tíma, er fólgið í smávægilegum breytingum, sem nefndin varð síðan ásátt um, að rétt væri að gera á frumvarpinu. Er sú veigamest, að lækkaður hefur verið gjaldstigi sá, sem ætlazt er til, að gjöld lyfjabúða til lyfsölusjóðs (48. gr.) fari eftir. Gengið hefur verið nær óskum lyfsölufræðinga um tilhögun réttindasviptingar brotlegra lyfsala, lyfsölufræðinga og lyfjasveina (20. gr.), og á stöku stað er að öðru leyti aukið tillit tekið til þessara starfstétta (einkum í 55. gr.). Lengdir hafa verið frestir, frá því að lyfsali forfallast frá störfum og þangað til skylt er að fá til annan forstöðumann í samráði við opinberan aðila (10. gr.). Breytt hefur verið orðalagi 14. greinar með tilliti til þess, að unnt sé að koma við næturafgreiðslu nauðsynlegustu lyfja einnig á annan hátt en þann, að haldið sé uppi stöðugri næturvörzlu í lyfjabúð. Réttara hefur þótt, að ekki einungis lyfsölufræðingar, heldur einnig lyfsalar, megi njóta hlunninda af næturafgreiðslugjaldi lyfjabúða sér til lífeyristryggingar (síðasta málsgr. 29. greinar). IV. kafli frumvarpsins (34.—42. gr.), sem fjallar um sérlyf, var upphaflega samhljóða tilskipun nr. 112 20. ágúst 1938, og hefur verið tekin upp í 42. gr. breyting sú, sem gerð var á tilskipuninni með tilskipun nr. 74 12. sept. 1946. Þá hefur verið hækkað tekjumark það, sem styrkveiting úr lyfsölusjóði til handa lyfsölum er miðuð við samkvæmt 3. tölul. 51. greinar, og þar höfð til hliðsjónar sambærileg forstjóralaun samkvæmt núgildandi launalögum. Annars er um að ræða orðalagsbreytingar, er allar miða að því að gera hina upphaflegu merkingu ótvíræðari. Þar undir heyrir, að ástæða hefur þótt til, vegna ákvæða 4. töluliðs 43. greinar frumvarpsins, að hafa hliðsjón af því, að sitt er hvað, almenn lyfjafræði (pharmacologia) og lyfjafræði lyfsala (pharmacia), sem virðist réttnefnd lyfsölufræði á íslenzku. Samkvæmt því þykir eðlilegt, að sérfræðingar í þeirri grein (pharmaceut) heiti lyfsölufræðingur til aðgreiningar frá sérfræðingi í almennri lyfjafræði (pharmacolog), sem virðist ekki geta heitið annað en lyfjafræðingur á íslenzku. Ekki getur verið álitamál, að ástæða sé til að greina þetta í sundur, en vera má, að öðrum detti í hug hagkvæmari heiti.

Hinar umræddu fimm greinar úr frumvarpi nefndarinnar fara óbreyttar hér á eftir:

4. gr.

Þeir einir geta öðlazt rétt til rekstrar lyfjabúðar, sem hafa

1. íslenzkan ríkisborgararétt,
2. lögræði,
3. óflekkað mannorð,
4. lyfjafræðingspróf samkvæmt lögum um lyfjafræðingaskóla Íslands, nr. 112 30. maí 1940,
5. óskert almenn borgararéttindi og
6. eru ekki kunnir að sérstökum ódugnaði eða hirðuleysi, né á þann hátt andlega eða líkamlega miður sín vegna sjúkleika, misnotkunar áfengis, morfíns, kókaíns, annarra eiturlyfja eða annars, að hætt sé við, að þeim verði á mistök í lyfsalastarfi.

8. gr.

Lyfsali annast sjálfur forstöðu lyfjabúðar sinnar og ber ábyrgð á rekstri hennar. Honum ber að sjá lyfjabúðinni fyrir nægu og hæfu starfsliði.

Lyfsali og hver annar, sem rekur lyfjasölu, svari bótum fyrir tjón, er starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi í starfi sínu.

Lyfsali og forstöðumaður lyfjabúðar sæta refsingu sem opinberir starfsmenn fyrir brot í starfi sínu. Auk þess má dæma lyfsöluleyfi af lyfsala og rétt til forstöðu lyfjabúðar af honum og öðrum forstöðumönnum lyfjabúða, ef brot er ítrekað eða stórfellt.

Nú verður misferli um gerð eða afhending lyfs í lyfjabúð, og stafar mönnum eða skepnum heilsutjón af, en ekki sannast, hver persónulega er að misferlinu

valdur eða ber ábyrgð á því, og skal þá refsing mælt lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, ef misferlið má rekja til skorts á hæfu starfsliði, ófullkominnar vinnutilhögunar eða annarra skipulagsgalla á rekstri lyfjabúðarinnar (sbr. 13. gr.), enda verði lyfsali (forstöðumaður) talinn eiga sök á því, sem aflaga fer í þessum efnum.

Lyfjafræðingar (candidati pharmaciae) og lyfjasveinar (examinati pharmaciae) í lyfjabúðum sæti refsingu eftir sömu reglum sem opinberir starfsmenn fyrir brot í starfi sínu. Um svipting heimildar til rækslu starfsins fer með samsvarandi hætti sem í 3. málsgr. segir, og um refsiábyrgð þeirra vegna misferla þeirra, sem þeir eru settir yfir, fer með samsvarandi hætti og í 4. málsgr. segir:

43. gr.

Heilbrigðisstjórnin gengst fyrir stofnun hlutafélags undir nafninu Lyfjaverzlun Íslands h/f, og skal félaginu komið fyrir á þann hátt, er hér greinir:

1. Hlutafé félagsins sé eigi minna en 500000 krónur. Lyfsölusjóður skal eiga 51% af hlutafénu, og sé það hlutafé engum takmörkunum bundið um atkvæðisrétt. 49% hlutafjárins séu boðin lyfsölum til kaups, og hafi þeir rétt til kaupa á hlutum í hlutfalli við sölu þeirra á lyfjum, afgreiddum eftir lyfseðlum, eins og hún hefur verið að meðaltali síðast liðin 3 ár.

   Leggi lyfsalar ekki fram innan tiltekins hæfilegs frests, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir, það hlutafé, sem þannig verður leitað eftir, eigi læknar (dýralæknar), sem rétt hafa til lyfjasölu, forgangsrétt að óseldum hlutum, þá starfandi lyfjafræðingar og lyfjasveinar, en að þeim öllum frágengnum sé heimilt að selja hlut hverjum sem er.
2. Framsal hlutabréfa sé óheimilt nema við lyfsalaskipti (læknaskipti), og sé þá fráfarandi lyfsala (lækni) heimilt með samþykki félagsstjórnar að framselja eftirmanni sínum hlutabréf.

   Allir hlutir, aðrir en hlutir lyfsölusjóðs, skulu hlíta lausn við nafnverði á 5 ára fresti. Býður þá félagsstjórn hlutina út á ný, og skulu þeir seldir samkvæmt þeim reglum, er í 1. tölulið greinir.
3. Verksvið Lyfjaverzlunar Íslands h/f sé að flytja inn, framleiða og verzla með lyf, lyfjaefni, hjúkrunarvarning, sjúkragögn og aðra læknisdóma. Vörur þær, er lyfjabúðir einar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, mega selja, sé lyfjaverzluninni skylt að hafa á boðstólum og selja eingöngu þessum aðilum, svo og ríkinu, sjúkrahúsum og öðrum samsvarandi stofnunum til eigin afnota.
4. Með stjórn félagsins fari 3 hluthafar, kosnir hlutbundinni kosningu á hluthafafundi. Fulltrúi lyfsölusjóðs sé eigi kjörgengur í stjórnina (sbr. 6. tölulið).
5. Álagningu sé hagað svo, að unnt sé að standast allan kostnað af rekstrinum, þ. á m. hæfilegar afskriftir, leggja í rekstrartryggingarsjóð eigi minna en 1%, mest 2%, af veltu félagsins og greiða til hluthafa arð, sem aldrei má nema meira en 1% yfir útlánsvexti Landsbankans á hverjum tíma. Ágóði umfram þetta, er verða kann af verzlun við lyfjabúðir, lækna (dýralækna) og sjúkrahús, greiðist þessum aðilum að réttri tiltölu við viðskipti þeirra. Samsvarandi ágóði af viðskiptum við aðra renni í lyfsölusjóð. Greiðslur þessar falli í gjalddaga á aðalfundi hvers árs.
6. Formaður stjórnar lyfsölusjóðs hafi rétt til að sitja alla stjórnarfundi, og verði framkvæmdarstjóri lyfjaverzlunarinnar ekki ráðinn án samþykkis hans. Framkvæmdarstjóri, er sé lyfjafræðingur, megi ekki jafnframt vera lyfsali eða starfsmaður í lyfjabúð. Formaður stjórnar lyfsölusjóðs hafi aðgang að öllum verzlunarskjölum og reikningum félagsins, sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum tilkvöddum af stjórn lyfsölusjóðs. Formaður stjórnar lyfsölusjóðs geti synjað staðfestingar ákvörðunum félagsstjórnarinnar, þó þannig, að synjunin komi ekki í bága við það, sem skipað er í lögum, og megi skjóta henni undir úrskurð heilbrigðismálaráðherra.

Í sambandi við stofnun hlutafélags þessa heimilast ríkisstjórninni að veita þær undanþágur frá ákvæðum laga um hlutafélög, sem nauðsynlegar þykja til þess, að félagsstofnun þessi nái fram að ganga og fái svarað tilgangi sínum.

....

49. gr.

Í stjórn lyfsölusjóðs eiga sæti formaður, sérfróður um lyfjafræði og lyfsölumál, skipaður af heilbrigðismálaráðherra til þriggja ára í senn og sem meðstjórnendur skrifstofustjóri þess ráðuneytis, er fer með heilbrigðismál, og skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins.

Lyfsalar og aðrir starfsmenn lyfjabúða, svo og hluthafar Lyfjaverzlunar Íslands h/f, mega ekki eiga sæti í stjórn lyfsölusjóðs.

Endurskoðun ríkisins endurskoðar reikninga lyfsölusjóðs. Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

....

51. gr.

Fé lyfsölusjóðs skal varið, svo sem hér segir:

1. Til kaupa á hlutabréfum í Lyfjaverzlun Íslands h/f, samkv. 43. gr.
2. Til að standast kostnað af eftirliti með innflutningi lyfja, lyfjagerð og lyfjasölu í landinu, sbr. 31. gr.
3. Til tekjuuppbóta handa lyfsölum, er ekki ná þeim nettóárshagnaði af rekstri lyfjabúða sinna, að þeir verði gjaldskyldir í lyfsölusjóð samkv. 48. gr., enda sé ekki til að dreifa ódugnaði eða vanrækslu í starfi. Uppbætur þessar mega nema allt að ¾ hlutum þeirrar fjárhæðar, sem á vantar, að lyfsali hafi árstekjur, er svari fullum árslaunum embættismanns ríkisins, er hefur 9000 kr. stofnlaun.
4. Til stuðnings framförum og fullkomnun í lyfjagerð og meðferð lyfja hér á landi.
5. Til verðlækkunar á lyfjum, þar á meðal ókeypis útláta á einstökum lífsnauðsynlegum lyfjum og öðrum læknisdómum, er mæða þungt á einstaklingum eða varða mjög heilbrigðisöryggi almennings.

Með reglugerð ákveður ráðherra nánar um greiðslur þessar.

....

Þegar skipt hefur verið á þessum greinum og samsvarandi greinum í frumvarpinu hér að framan og heitið Lyfjaverzlun Íslands h/f hefur hvarvetna verið látið koma í stað heitisins Lyfjaverzlun Íslands, er frumvarpið orðið að frumvarpi hinnar stjórnskipuðu nefndar, en því lét hún fylgja greinargerð þá, sem hér fer á eftir:

„Samkvæmt tillögu landlæknis í bréfi, dags. 6. ágúst 1942, fól þáverandi heilbrigðismálaráðh. (Jakob Möller) landlækni í bréfi, dags. 26. s. m., að stofna til endurskoðunar lyfsölulöggjafarinnar í heild og skipaði, einnig samkvæmt tillögum hans, honum til aðstoðar við það starf þá Þorstein Scheving Thorsteinsson lyfsala sem fulltrúa lyfsalastéttarinnar, Sverri Magnússon lyfjafræðing sem fulltrúa lyfjafræðinga, er ekki reka sjálfstæða atvinnu, Kristin Stefánsson kennara í lyfjafræði við háskólann og forstöðumann lyfjadeildar Áfengisverzlunar ríkisins og Einar Bjarnason lögfræðing, fulltrúa í fjármálaráðuneytinu.

Með nefndarmönnum varð fullt samkomulag um afgreiðslu málsins. Standa þeir óskiptir að frumvarpi því, er hér liggur fyrir, svo og eftirfarandi greinargerð:

Áður en nefndin gekk að samningu frumvarpsins, kom hún sér saman um, að viðurkenna bæri eftirfarandi grundvallaratriði:

1. Af almennri lyfjaverzlun ber að krefjast:
   a. svo góðra og vandaðra lyfja og lyfjavarnings sem framast er kostur á,
   b. ætíð nægra birgða allra nauðsynlegra lyfja og læknisdóma,
   c. skjótrar og snyrtilegrar afgreiðslu jafnframt tryggingu gegn hvers konar óhöppum og misferli,
   d. sem allra lægsts vöruverðs, án þess að slakað sé á þeim kröfum, sem fyrr eru greindar.

2. Ef lyfjaverzlun hér á landi á að geta fullnægt framangreindum kröfum, er þörf gagngerðra endurbóta á núverandi skipulagi hennar.
3. Lyfjaverzlun er einna sízt allrar verzlunar fallin til þess að vera rekin eftir skefjalausum lögmálum frjálsrar samkeppni um viðskipti.
4. Lyfjaverzlun verður þvert á móti að vera háð ríkri íhlutun og aðhaldi hins opinbera og sívakandi eftirliti sérfróðra trúnaðarmanna almennings.
5. Að lyfjaverzlun verða að starfa sérfróðir, valdir kunnáttumenn, bæði forstöðumenn og aðrir starfsmenn.
6. Lyf eru sízt allrar nauðsynjavöru fallin til þess að vera skattstofn.
7. Enn fjarstæðara er, að lyfjaverzlun geti orðið stórgróðafyrirtæki einstakra manna.
8. Störfum að lyfjaverzlun verður að tryggja svo virðulegan sess í meðvitund almennings og starfsmönnum hennar þau kjör og framahorfur að verðleikum, að lyfjaverzlunarstörf verði ekki síður keppikefli vel gefnum efnismönnum en önnur sambærileg trúnaðarstörf þjóðfélagsins.
9. Skipulagsbreytingar á lyfjaverzluninni þurfa að eiga því fylgi að fagna meðal svo mikils hluta lyfjafræðingastéttarinnar, að ekki þurfi að óttast samtök hennar um andstöðu gegn hinu nýja skipulagi, með því að slíkt gæti riðið því að fullu, jafnvel áður en það fengi að reyna sig.
10. Algerri ríkisverzlun með lyf mundu fylgja ýmsir annmarkar, sem óneitanlega draga úr gildi of margra ríkisrekinna fyrirtækja, svo sem: ónógur áhugi forstöðumanna og starfsmanna og þar af leiðandi hætta á kyrrstöðu, val starfsmanna eftir öðru fremur en þeim verðleikum, er máli skipta, óþarflega margt starfsfólk og annað hirðuleysi um sparnað í rekstri, stirfni í viðskiptum o. s. frv. Jafnvel þó að fæstu eða engu þessu yrði til að dreifa, væri hætt við sífelldri tortryggni um þvílíka ágalla ríkisfyrirtækis, en það út af fyrir sig væri ærinn annmarki lyfjaverzlunar, sem svo mikið ríður á, að hafi fyllstu tiltrú almennings.

Þessi afstaða höfunda frumvarpsins leiddi til þess, að þeir töldu sér skylt að leitast við að finna lyfjaverzlun landsins það skipulagsform, er gerði hana sem allra þjóðnýtasta í reynd, þannig að hún hefði til að bera sem flesta kosti ríkisrekins fyrirtækis, án þess að fleygt væri fyrir borð þeim skipulagsháttum einkafyrirtækja, er ekki mátti einungis telja skaðlaust að halda, heldur miklu fremur til aukinnar tryggingar því, að reksturinn svaraði tilgangi sínum, eins og hann er skilgreindur hér að framan.

Við I. kafla (1.—5. gr.)

Höfuðatriði þessa kafla er, að hér eftir verði tekið fyrir það, sem mjög hefur tíðkazt fram undir þessa tíma, að lyfjafræðingar sjái sér út stað til að reka á lyfjabúð og fái síðan samkeppnislaust leyfi til rekstrarins, eða fráfarandi lyfsali semji um sölu lyfjabúðar sinnar við lyfjafræðing, og lyfjafræðingurinn eigi síðan víst lyfsöluleyfið.

Hér er gert ráð fyrir því, að auglýst verði eftir umsækjendum um rekstur lyfjabúðar og síðan valið úr umsækjendum eftir verðleikum.

Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess, að því hefur verið haldið fram (Lyfsalar og einkasala á lyfjum. Erindi til Alþingis 1921. Félagsprentsmiðjan, Reykjavík, s. á.), að lyfsali einnar lyfjabúðar hér á landi (Reykjavíkur Apóteks) hafi svo kallað hlutbundið lyfsöluleyfi, er sé að því leyti frábrugðið persónulegum leyfum annarra lyfsala, að það sé framseljanlegt án annarrar opinberrar íhlutunar en þeirrar, að sá, er við tekur, fullnægi settum almennum skilyrðum til að geta öðlazt rétt til rekstrar lyfjabúðar hér á landi. Nefndin í heild sinni tekur enga afstöðu til þessa máls, en einn nefndarmanna, núverandi eigandi Reykjavíkur Apóteks, óskar að taka skýrt fram, að með þátttöku sinni í samningu þessa frumvarps og undirskrift greinargerðarinnar afsali hann sér í engu rétti þeim, er hann telur sig eiga sem handhafi hlutbundins lyfsöluleyfis.

Ákvæði kaflans um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi eru að öðru leyti í samræmi við það, sem lengi hefur tíðkazt á Norðurlöndum og einnig hér á landi. Nýmæli er þó það, að ekki verði settar upp almennar lyfjabúðir, nema hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn hafi æskt stofnunarinnar (1. gr.), og er það gert til aukinnar tryggingar gegn því, að settar verði upp lyfjabúðir eingöngu í þágu einstaklinga án tillits til þarfa almennings. Hér er og gert ráð fyrir, að fastbundið verði í lögum, að lyfjafræðingar einir fái lyfsöluleyfi (4. gr.), og er það í samræmi við þá heildarskipun lyfsölumálanna, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ákvæði 5. greinar um, að lyfjafræðingi eldra en 55 ára megi ekki veita lyfsöluleyfi, er sett því til tryggingar, að reglur þær, sem talið er sjálfsagt, að farið verði eftir við veiting lyfsöluleyfa, og meðal annars hljóta mjög að miða við starfsaldur, verði ekki til þess, að menn á gamals aldri með skertri starfsorku gangi um of fyrir við veiting leyfanna. Sams konar reglur hafa fyrir nokkru verið teknar upp í Danmörku, og er þar miðað við 50 ára aldur.

Við II. kafla (6.—20. gr.).

Ákvæði þessa kafla eru og í aðalatriðum í samræmi við það, sem tíðkazt hefur. Þó er ástæða til að gera nánari grein fyrir stöku atriðum.

Sjálfsagt þykir, eftir að fyrir það er tekið, að eigandi lyfabúðar ráði nokkru sjálfur um, hver við tekur af honum, að viðtakanda sé gert skylt, ef eigandi óskar þess, að kaupa fyrir sanngjarnt verð fyrst og fremst vörubirgðir og nothæf áhöld lyfjabúðarinnar, og þegar svo stendur á, eftir því sem nánar greinir í 7. grein, einnig fasteignir við hæfi fyrirtækisins.

Í 8. gr. er kveðið á um ábyrgð á rekstri lyfjabúða og sakaraðild og refsingar fyrir misferli við lyfjaafgreiðslu. Er gert ráð fyrir, að hér sé þessum efnum fundið það form, að fullri ábyrgð verði komið fram fyrir hvers konar vítaverð mistök, án þess að vikið sé frá þeim viðurkennda réttargrundvelli, að refsing sé ekki mælt öðrum en þeim, sem sök er talinn eiga á hinu refsiverða athæfi.

Um tilhögun kennslu lyfjafræðinga, sem vikið er að í 9. gr., sjá lög nr. 112 20. maí 1940 og reglugerð nr. 18 16. janúar 1941, um lyfjafræðingaskóla Íslands.

Ákvæði 10. gr. um fjarvistir lyfsala frá störfum eru sniðin eftir því, sem tíðkast á Norðurlöndum, og eru þessi ákvæði sett til tryggingar gegn því, að rekstur lyfjabúðar lendi í óreiðu vegna langvarandi fjarvistar hins ábyrga lyfsala.

Það þykir ekki í samræmi við það, sem nú tíðkast um orlof frá störfum, að lyfsali, sem engan lærðan mann hefur sér til aðstoðar, sé bundinn allan sólarhringinn við lyfjabúð sína. Hins vegar er gert ráð fyrir, að fyrir því sé séð, að hlutaðeigandi læknar á staðnum eigi jafnan aðgang að lyfjabúðinni, þegar nauðsyn krefur í forföllum lyfsala. Þessi tilhögun er höfð í Danmörku og Noregi og hefur verið tekin upp í einni lyfjabúð hér á landi með góðu samkomulagi milli aðila og ekki valdið erfiðleikum í framkvæmd.

Ríkt aðhald um nákvæmt bókhald lyfsala, sem mælt er fyrir um í 15. gr., er óhjákvæmilegt m. a. vegna viðskipta þeirra við lyfsölusjóð, sbr. VIII. kafla.

Um þagnarskyldu lyfsala og annars starfsfólks í lyfjabúðum eru hér (16. gr.) samsvarandi ákvæði og í lögum nr. 47 23. júní 1932 um lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk.

Við fráfall lyfsala þykir ekki verða komizt hjá, að dánarbúið annist rekstur lyfjabúðarinnar um nokkurn tíma (19. gr.), bæði á meðan skipun er komið á fjárreiður búsins og ráðið er fram úr því, hver taki við rekstri lyfjabúðarinnar framvegis.

Vegna þeirrar miklu hættu, sem af því getur leitt, ef lyfsali, lyfjafræðingur eða lyfjasveinn er haldinn andlegum annmörkum af einni eða annarri ástæðu, þar á meðal geðbilun, sem borið getur brátt að, þykir ekki verða hjá því komizt að setja ströng og skjótvirk fyrirmæli um ráðstafanir í því sambandi. Til þess miða ákvæði 20. gr.

Við III. kafla (21.—33. gr.).

Í 21. gr. er gert ráð fyrir, að sett verði ýtarleg reglugerð, er kveði á um, hverjar lyfjavörur lyfjabúðir og læknar, sem rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, megi ein verzla með. Hingað til hafa um þetta gilt almenn ákvæði tilskipunar 4. des. 1672 og kansellíbréfs 16. sept. 1797. Á síðari tímum hefur komið í ljós, að þörf er ýtarlegri fyrirmæla hér að lútandi, einkum eftir að upp hafa risið efnavöruverzlanir og eftirspurn hefur aukizt eftir ýmsum efnum til iðnaðarþarfa, er áður voru notuð því nær eingöngu til lyfja. Eftir að svo er komið, er engan veginn eðlilegt eða sjálfsagt, að lyfjabúðir hafi einkarétt til að verzla með öll slík efni, en þá nauðsynlegt, að um söluna gildi ýtarlegar reglur til tryggingar gegn slysum og öðru misferli. Má gera ráð fyrir nokkurri hagsmunastreitu um það, hvernig hér verður skipt á milli lyfjabúða og annarra verzlana, og er fyrir því gert ráð fyrir, að reglugerð hér að lútandi verði undirbúin af nefnd, skipaðri fulltrúum beggja höfuðaðila. Enn fremur felast í frumvarpinu almenn ákvæði um skipun sérstakra efnavöruverzlana, sbr. VI. kafla.

Í 22. og 23. gr. eru lögfestar þær höfuðvenjur, sem gilt hafa um lyfjagerð og lyfjasölu sjúkrahúsa, lækna og dýralækna. Takmarkaður er þó í öryggisskyni réttur sjúkrahúsa til áhættusamrar lyfjagerðar, en hins vegar er gert ráð fyrir, að veita megi meiri háttar sjúkrahúsum leyfi til að reka fullgilda lyfjabúð til eigin þarfa og þá undir forstöðu ábyrgs lyfjafræðings.

Á nokkrum stöðum hér á landi hagar svo til, að hlutaðeigandi héraðslæknum má telja ofviða að reka nauðsynlega lyfjasölu ásamt læknisstörfum sínum, og þó hæpið, að þar gætu borið sig sérstakar lyfjabúðir. Á slíkum stöðum getur átt við að reka útibú frá nálægri lyfjabúð. Hefur sá háttur verið upp tekinn á einum stað hér á landi (í Neskaupstað) og gefizt eftir atvikum vel (24. gr.).

Á afskekktum stöðum, þar sem hvorki er lyfjabúð, útibú lyfjabúðar né læknir, getur fólki orðið til mikilla þæginda að eiga kost á afgreiðslu hversdagslegustu lyfja (lausasölulyfja). Tíðkast og þetta á nokkrum afskekktum stöðum hér á landi, en vant þykir um slíkar útsölur fyrirmæla til öryggis og trygginga, og miða ákvæði 25. gr. til þess, að á því verði ráðin bót.

Nýmæli hér á landi er það ákvæði 26. gr., að sérstök nefnd sérfróðra lækna og lyfjafræðinga undirbúi löggildingu lyfjaskrár og lyfseðlasafna. Nefnd þessari er og ætlað að veita sérfræðilega aðstoð við framkvæmd lagaákvæða um sérlyf, sbr. IV. kafla.

Ákvæði 27.—31. gr. eru um allt það, er máli skiptir, í samræmi við gildandi lagafyrirmæli og venjur varðandi efni það, er greinirnar fjalla um.

Rétt þykir, að í lögum sé til heimild fyrir því, að banna megi innflutning eða sölu hæpinna lyfja og lyfjaefna (32. gr.).

Bann við auglýsingu lyfja og lyfjavarnings (33. gr.) er í samræmi við ákvæði 17. gr. laga nr. 47 23. júní 1932 þar að lútandi.

Við IV. kafla (34.—42. gr.).

Kafli þessi er í öllum aðalatriðum í samræmi við núgildandi tilskipun nr. 112 20. ágúst 1938, um gerð og afgreiðslu sérlyfja.

Við V. kafla (43.—45. gr.).

Höfuðnýmæli og eitt aðalatriði frumvarpsins eru ákvæði þessa kafla um lyfjaheildsölu, sem gert er ráð fyrir, að rekin skuli sem samvinnufyrirtæki hins opinbera (þ. e. lyfsölusjóðs, sjá síðar) og lyfsala undir beinni stjórn hinna síðarnefndu, en trúnaðarmaður hins opinbera (þ. e. formaður stjórnar lyfsölusjóðs) fylgist nákvæmlega með rekstrinum og hafi vald til að hindra þær ráðstafanir stjórnarinnar, er hann telur óheppilegar fyrirtækinu eða almenningi. Með fyrirkomulaginu, eins og það er hugsað og nánar getur í 43. gr., er ætlazt til, að fyrirtækið tryggi hagsmuni almennings á því sviði, er það tekur til, eigi miður en ríkisrekið fyrirtæki, en njóti þó þeirra ýmsu

kosta, er einkafyrirtæki hafa óneitanlega til að bera. Ætlazt er til, að fyrirtæki þetta hafi einkarétt á innflutningi og heildsölu allra þeirra lyfja og lyfjavarnings, er lyfsölum og læknum, er rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, er einum heimilt að verzla með (44. gr.).

Með slíku fyrirkomulagi á að tryggja betur en nú er unnt:

1. Fyllstu vörugæði samfara ríkara eftirliti með vörunni, sem nú má í mörgum tilfellum heita óframkvæmanlegt, er innflutningurinn er frjáls og að miklu leyti í höndum ófaglærðra manna, þ. e. hinna ýmsu umboðsmanna erlendra lyfjaverzlana.
2. Nægar, en þó hæfilegar birgðir nauðsynlegra lyfja og lyfjavöru. Hefur komið í ljós og orðið að baga nú, er erfiðleikar eru á útflutningsleyfum og flutningum erlendis frá, að skortur er á fullri yfirsýn yfir lyfjabirgðir í landinu. Verður iðulega um seinan séð, að hættuleg þurrð er orðin einstakra nauðsynlegra lyfja, jafnframt því sem óhóflegt magn er til annarra. Dreifing lyfja og lyfjavöru um landið frá einni heildsölu, sem með núverandi samgöngum er yfirleitt orðin vel framkvæmanleg, krefst minni birgða en núverandi skipun innflutningsins. Skiptir þetta einkum miklu um þau lyf, sem notuð eru stórum og sjaldan, svo sem ýmis farsóttalyf. Óþarflega miklar vörubirgðir hafa í för með sér aukinn kostnað, bæði fyrir vaxtatap og fyrirhöfn við geymslu, auk þess sem fer til spillis af vöru, sem þolir ekki langa geymslu eða nýtist ekki fyrir það, að á boðstólum verða nýjar tegundir, sem taldar eru hafa betri verkanir.
3. Lægsta fáanlegt innkaupsverð á hverjum tíma. Auk þess ættu fljótlega að geta runnið til lyfjaheildsölunnar umboðslaun þau, sem nú eru greidd hinum ýmsu umboðsmönnum erlendra lyfjaverzlana og nema munu tíðast á opinberum lyfjum 5—10%, en á sérlyfjum 15—33% og stundum hærri hundraðstölu.
4. Jafnari aðstöðu viðskiptaaðila án tillits til, hvar þeir eru á landinu. Söluverði heildsölunnar yrði að sjálfsögðu hagað þannig, að viðskiptaaðilar (lyfjabúðir og læknar) hvarvetna á landinu sitji við sem jöfnust kjör. Eitt og sama innkaupsverð allra þeirra, sem hafa með höndum smásölu lyfja, er eitt aðalskilyrði þess, að sanngjarnt sé að binda þá alla við hina sömu lyfsöluskrá.
5. Takmörkun á innflutningi óþarfra sérlyfja, sem eru ekki sjaldan í rauninni eitt og sama lyfið með mismunandi heitum og ýmis þeirra óheppileg vegna samsetningar sinnar eða óeðlilega dýr, miðað við samsvarandi og engu síðri opinber lyf. Hefur sérlyfjafargan þetta æði lengi verið áhyggjuefni hinna ábyrgustu lækna og lyfsala. Síðan viðskiptasambönd við Norðurlönd og Þýzkaland tepptust, hefur í bili verulega dregið úr þessu flóði, án þess að séð verði, að slíkt hafi orðið að nokkru tjóni. Eru þar fengin gild rök fyrir því, sem reyndar var áður vitað, að takmarka megi að meinalausu innflutning slíkra lyfja, en slíkt má telja nær óframkvæmanlegt, ef innflutningurinn ætti að vera áfram í höndum margra aðila, umboðsmanna hinna erlendu lyfjaverzlana, sem að sjálfsögðu hafa það eitt sjónarmið að halda fram vöru sinni.
6. Lækkað lyfjaverð. Það, sem sparast kann við hina fyrirhuguðu tilhögun lyfjainnflutnings og lyfjaheildsölu, á að geta komið almenningi til góða í lækkuðu lyfjaverði. Hið nákvæma aðhald trúnaðarmanns hins opinbera á að vera því til aukinnar tryggingar, að jafnan verði sætt hinu hagkvæmasta innkaupsverði. Heildverzlunina á síðan að reka þannig, að ágóði, ef nokkur verður umfram hæfilega vexti af hlutafé, afskriftir og tryggingarsjóðagjöld, renni til viðskiptaaðila til lækkunar á innkaupsverði þeirra, að því lítilræði frá teknu, sem renna kann í lyfsölusjóð, sem er almenningseign (sjá síðar). Fyrir hin nánu kynni hins opinbera trúnaðarmanns af allri lyfjaverzluninni á loks að vera kleift að ákveða við hæfi lyfjaverðið í hinni opinberu lyfsöluskrá.

Að ýmsu leyti er nú illa fyrir séð dreifingu ýmissa eiturefna, sem almennt eru notuð í þágu atvinnuvega landsmanna, einkum dýra- og jurtasjúkdómalyfja og mein-

dýraeiturs, og er gert ráð fyrir (45. gr.), að lyfjaheildsalan taki að sér fyrir kostnaðarverð, er ráðherra samþykkir, að annast dreifing slíkra efna, auk ýmiss konar bóluefnis, sótthreinsunarlyfja og annarra lyfja eða læknisdóma, er hið opinbera kann að úthluta almenningi til ókeypis nota. Miðar þetta bæði til sparnaðar og tryggingar gegn slysum, sem mjög er hætt við, ef eiturefnum er dreift í óviðeigandi umbúðum af fólki, er skortir næga þekking á eðli þeirra og verkunum. Er raunar vant ýtarlegrar löggjafar um meðferð hvers konar eiturefna, er notuð eru til annars en lyfja. Nefnd sú, er um frumvarp þetta hefur fjallað, telur verkefni sitt að semja frumvarp til eiturlaga, og hefur hafið undirbúning að því.

Við VI. kafla (46. gr.).

Að ákvæðum kafla þessa um efnavöruverzlanir hefur áður verið vikið í sambandi við greinargerð III. kafla (21. gr.), og þykir ekki þörf frekari skýringa um það atriði.

Við VII. kafla (47. gr.).

Eftir þá skipulagsbreyting, sem hér er stungið upp á að gera á lyfjaverzluninni og færir hana í það horf, að hún nálgast mjög opinberan rekstur, þykir við eiga að skylda hina sérfróðu starfsmenn til að kaupa sér lífeyri svipaðan því, sem skylt er sambærilegum starfsmönnum ríkisins. En þeirri skyldu hljóta að fylgja þau réttindi, að þeir eigi aðgang að opinberum tryggingarsjóði, sem eðlilegast virðist, að sé lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og þá með sambærilegum kjörum og aðrir viðskiptaaðilar sjóðsins. Það, að atvinnuveitanda er gert skylt að greiða helming iðgjalda vegna þessarar skyldutrygggingar þjóna sinna, miðast við nokkra venju, sem með frjálsu samkomulagi hefur komizt á um framlög lyfsala til tryggingar starfsfólki sínu.

Við VIII. kafla (48.—52. gr.).

Eitt af því, sem miðar til þess að hækka almennt lyfjaverð í landinu, er það, að verðákvæði lyfsöluskrárinnar hljóta að miðast um of við þarfir hinna smæstu lyfjabúða, sem hafa svo litla viðskiptaveltu, að álagning verður að vera rífleg, ef nokkur von á að vera um, að þær fái staðizt fjárhagslega. Hér er stungið upp á þeirri nýbreytni að dæmi Dana, er þeim hefur gefizt vel, að jöfnuður verði gerður lyfjabúðanna með stighækkandi skatti eftir viðskiptaveltu og nettóhagnaði (48. gr.), og renni skattur þessi í sérstakan sjóð, lyfsölusjóð, er eingöngu sé varið í þágu lyfsölumálanna (51. gr.), þar á meðal til tekjuuppbóta handa eigendum hinna smæstu lyfjabúða, er ekki þykja ná viðunandi tekjum með því lyfjaverði, er hæfilegt telst lyfsölum landsins yfirleitt. Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að sjóðnum sé varið til að standast kostnað af þátttöku og afskiptum hins opinbera af lyfjaverzluninni, en síðan til beinnar eða óbeinnar lækkunar á lyfjaverðinu. Gjald til lyfsölusjóðs þykir sjálfsagt að undanþiggja beinum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Slíkir skattar hafa hingað til verið eini tekjujöfnuður lyfsalanna og víða numið miklum fjárhæðum, sem auðvitað hafa orðið að leggjast á lyfin og átt drjúgan þátt í að hækka lyfjaverðið.

Ekki voru þau gögn fyrir hendi um viðskiptaveltu og nettóhagnað lyfjabúða í landinu, að kleift teldist að gera hæfilegan skattstiga í samræmi við það eða áætla tekjur lyfsölusjóðs eftir þeim skattstiga, sem stungið er upp á og er í samræmi við skattstiga þann, sem gilt hefur um greiðslur lyfjabúða í Danmörku til lyfsölusjóðs. Hér er þó skattstiginn miðaður við þriðjungi hærri fjárhæðir en gert er í dönskum lögum frá 1932, með því að talið er, að munur á verðgildi dönsku og íslenzku krónunnar þá muni hafa svarað til þess hlutfalls.

Má gera ráð fyrir, að skattstigi þessi þurfi endurskoðunar og breytinga við, er séð verður, hvernig hann gefst í reynd. Um meiri eða minni tekjur lyfsölusjóðs skiptir að vísu ekki öllu máli umfram það, að þær endist til að standast skyldugreiðslur sjóðsins (51. gr., 1.—3. töluliður). Það, sem um fram verður, er nokkurs konar vísir um lyfjaverðið. Aukist sjóðurinn úr hófi, bendir það á of hátt lyfjaverð. Verð lyf-

söluskrárinnar er þá sjálfsagt að lækka, og fjárhæð þeirri, sem fyrir hefur safnazt, ber að skila aftur lyfjaneytendum beint eða óbeint (51. gr. 4.—5. töluliður).

Óþarft er að taka fram, að lyfsalar verða eftir sem áður skattþegnar ríkis og sveitarfélaga miðað við þær tekjur, sem hver einn þeirra kann að hafa, eftir að þær hafa verið rýrðar með hinum sérstaka skatti þeirra til lyfsölusjóðs.

Sjálfsagt þykir, að lyfsölusjóður sé að öllu leyti óháður afskiptum þeirra, sem eiga persónulegra hagsmuna að gæta í sambandi við lyfjaverzlunina, og sé að öllu leyti undir opinberri stjórn (49. gr.).

Áður hefur verið vikið að því í sambandi við ákvæði 15. gr. frumvarpsins, að nauðsynlegt sé ríkt aðhald um bókhald lyfsala vegna fyrirhugaðrar skattskyldu þeirra til lyfsölusjóðs. Í 50. gr. eru óhjákvæmileg viðurlög við því, ef lyfsali eða forstöðumaður lyfjabúðar lætur vísvitandi eða af hirðuleysi og sjóðnum í óhag í té rangar skýrslur eða reikninga um rekstur og hag lyfjabúðar sinnar.

Að vísu gerir frumvarpið ekki ráð fyrir því, að bundið verði í lögum, að lyfsalar dreifi án endurgjalds nauðsynlegum lyfjum og læknisdómum, er lyfsölusjóður kann að útbýta ókeypis samkvæmt 5. tölulið 51. greinar. En hins vegar má gera ráð fyrir því, að lyfsalar telji það ekki á sig, með því að þeir hafa þegar um nokkurra ára bil ótilkvaddir látið úti án álagningar einstök lífsnauðsynleg, en tilfinnanlega dýr lyf, sem ætla má, að hér komi fyrst og fremst til greina.

Ákvæði 52. gr. um heimild til að lána gegn vægum vöxtum, en öruggum tryggingum fé lyfsölusjóðs til kaupa á fasteignum, áhöldum, vörubirgðum og öðrum lyfsölunauðsynjum, miða ásamt öðru til þess að lækka rekstrarkostnað lyfjaverzlunarinnar og þar með lyfjaverðið.

Við IX. og X. kafla og bráðabirgðaákvæði (53.—56. gr.)

Sérstakra skýringa virðist ekki þörf.“

Eins og frumvarp hinnar stjórnskipuðu nefndar ber með sér, er það niðurstaða málamiðlunar milli tveggja höfuðsjónarmiða. Öðru sjónarmiðinu réð tillit til almennra hagsmuna, sem þrír nefndarmanna voru eingöngu bundnir, en hinu meðfram tillit til sérhagsmuna lyfsala og lyfsölufræðinga, er hvorir um sig áttu sinn málsvara í nefndinni. Sýndi sig, að naumast gat heitið, að miðla þyrfti málum nema um tvö atriði. Lyfsölum og lyfsölufræðingum er umfram allt kappsmál, að lyfsölufræðingar einir geti öðlazt rétt til að eiga og reka sérstakar lyfjabúðir. En að minnsta kosti tveir okkar, sem eingöngu vorum málsvarar almennings, lögðu höfuðáherzlu á, að þjóðnýta bæri lyfjainnflutning og lyfjaheildsölu og helzt með algerum ríkisrekstri hvors tveggja. Var að lokum samið um það, að gegn einkarétti lyfsölufræðinga til að gerast lyfsalar kæmi það, að lyfsalarnir gengju til samvinnu við ríkið um þjóðnýtingu lyfjainnflutnings og lyfjaheildsölu í því formi, sem 43.—45. gr. frumvarps nefndarinnar ber vitni um. Samkomulag þetta náðist greiðlegar fyrir það, að innan nefndarinnar var ekki ágreiningur um, hver ávinningur það væri lyfjaverzluninni og trygging fyrir heilbrigðum og hagkvæmum rekstri hennar að skipuleggja sem rækilegast bæði lyfjainnflutning og lyfjaheildsölu og helzt svo, að hvort tveggja yrði að öllu leyti á einni hendi. Hins vegar gátum við, sem áttum að gæta hagsmuna almennings, eftir atvikum fallizt á, að eftir að ríkisvaldinu hefði verið tryggð sú íhlutun og eftirlit með innflutningi og heildsölu lyfja, sem samkomulag náðist um, og þar með var fenginn öruggur grundvöllur undir virkt aðhald um hóflegt verð lyfjanna, sem ríkisvaldið er einrátt um, þyrfti alger einkarekstur smásölunnar ekki að vera andstæður almennum hagsmunum.

Skylt er að taka fram, að hvorki lyfsalinn né lyfsölufræðingurinn í nefndinni lét þröng stéttarsjónarmið ráða afstöðu sinni til málsins, heldur gerðu báðir sér vel ljóst félagslegt hlutverk þessara stétta og vildu engan veginn mæla þær undan að gegna því á sem allra þjóðnýtastan hátt. Duldist þeim ekki fremur en öðrum nefnd-

armönnum, að stéttir þessar fengju ekki staðið gegn því til lengdar, að almenningur heimti sér til handa virkari íhlutun um lyfjaverzlunina en hann hefur haft til þessa. Háværar kröfur hafa verið uppi um það meðal almennings án tillits til pólitískrar flokkaskiptingar, sem annars fer mjög eftir afstöðu til verzlunarmála, að samvinnufélög almennings, sjúkrasamlög eða sjálf sveitarfélögin tækju að sér rekstur lyfjabúða. Málsvarar lyfsala og lyfsölufræðinga létu sér skiljast, að naumast yrði komizt hjá að sinna þeim kröfum, nema svo þjóðnýtri skipun yrði komið á lyfsölumálin, að félagsrekstur sjálfra lyfjabúðanna ætti bersýnilega engu teljandi hlutverki að gegna um að tryggja almenningi betri og ódýrari lyf en einkarekstur þeirra megnaði. Hins vegar óx málsvörum hinna almennu hagsmuna ekki í augum gildi félagsrekinna lyfjabúða án nokkurra umbóta á heildarskipun lyfjaverzlunarinnar, enda báru nokkurn kvíðboga fyrir því, að félagsreknum lyfjabúðum veittist erfiðara en einstökum lyfsölum að koma við æskilegri hagsýni í rekstri, sérstaklega með tilliti til starfsmannahalds. Undu þeir eftir atvikum þeirri málamiðlun, sem um samdist í nefndinni, einkum þar sem þeir gerðu ráð fyrir, að með í kaupunum fylgdi velvild meiri hluta lyfsala- og lyfsölufræðingastéttarinnar til hins nýja skipulags. Var öll ástæða til að vænta þess, þar sem lyfsalinn í nefndinni, sem svo þegnlega hafði tekið á málinu, rak stærstu lyfjabúð landsins, að því er talið er með hlutbundnu leyfi (sjá áður), og átti því mestra hagsmuna að gæta allra lyfsala í landinu, en lyfsölufræðingurinn viðurkenndur efnismaður í sinni grein og forustumaður stéttar sinnar.

Frumvarpið var afgreitt til ríkisstjórnarinnar með bréfi, dags. 15. janúar 1944.

Af opinberum umræðum um málið er kunnugt um örlög frumvarpsins til þessa, svo og hverja afstöðu lyfsölufræðingastéttin hefur tekið til þess. Verður það ekki rakið hér nánar að öðru leyti en því að láta þess getið, að sýnt þykir, að ekki náist samkomulag við lyfsölufræðingastéttina um neina þá nýskipun lyfjaverzlunarinnar, er verulegu máli skipti, ef um það á að vera að ræða að koma henni á sæmilega heilbrigðan grundvöll. Er það að vísu saknaðarefni, en má þó ekki verða til þess, sem að virðist stefnt, að stöðva alla viðleitni í þá átt, svo að allt fái að sitja um ófyrirsjáanlega framtíð í sama ófremdarástandi. Svo rík sem þörfin á umbótum í þessu efni hefur verið hingað til, margfaldast hún við viðgang tryggingarstarfseminnar, er svo mikil viðskipti á við lyfjabúðir og stendur að ýmsu leyti höllum fæti í þeim viðskiptum.

Um einstök atriði breytinga þeirra, sem gerðar hafa verið á frumvarpi hinnar stjórnskipuðu nefndar, er lítið að segja. Þær raska í engu heildarstefnu frumvarpsins. Eftir sem áður er farinn millivegur milli opinbers rekstrar (heildsalan) og einkarekstrar (smásalan). Að vísu er jöfnum höndum gert ráð fyrir félagsreknum lyfjabúðum (samvinnufélaga, sveitarfélaga o. s. frv.). Er þar með látið að augljósum vilja almennings, og að því er ætla má mikils meiri hluta Alþingis. En nái heildsalan því að svara tilgangi sínum um að tryggja almenningi sannvirði lyfja, má ætla, að hlutverk félagsrekstrarins verði lítið og einkareksturinn sigri í samkeppninni um lyfjabúðirnar, sem hann vissulega á skilið, ef hann reynist hagkvæmari, sem ekki er ólíklegt.

Fyrirhuguð skipun lyfjaheildsölunnar samkvæmt frumvarpi hinnar stjórnskipuðu nefndar var reyndar í veikasta lagi, þar sem gert var ráð fyrir, að um hana yrði lögþvinguð samvinna milli ríkisins og einstakra lyfsala, sem ósýnt var um, hvernig léti sú samvinna. Mátti þó vænta, að sæmilega rættist úr, ef yfirgnæfandi meiri hluti lyfsölufræðingastéttarinnar gengi heilhuga til samvinnunnar. En nú, þegar útséð er um afstöðu stéttarinnar til lagasetningarinnar í heild, kemur þessi samvinna að sjálfsögðu ekki til greina. Er og fullkominn ríkisrekstur heildsölunnar að öllu leyti traustari og mætti fara vel úr hendi, ef sæmilega verður um búið. Til þess miðar það m. a., að gert er ráð fyrir, að fyrirtækið verði sem allra sjálfstæðast fjárhagslega og beri eitt alla ábyrgð á fjárhagsskuldbindinum sínum. Verður

enginn talinn svikinn með því, er það er öllum kunnugt gert frá upphafi, en er aukið aðhald forstöðumönnum um ráðdeildarsama fjárhagsstjórn. Með því að gera ráð fyrir tveimur forstjórum, er annar sé lyfjasérfróður læknir (lyfjafræðingur), en hinn lyfsölufræðingur, er mörkuð þjóðnýt stefna fyrirtækisins. Lyfsölufræðingi einum mundi hætta til að leggja um of einhliða áherzlu á verzlunargildi vöru sinnar og telja sér skylt að láta framboð svara eftirspurn, hvernig svo sem eftirspurn er til komin. Hinum lyfjasérfróða lækni er ætlað að leiðbeina um eftirspurnina, þannig að hún megi verða sem allra heilbrigðust. Er læknum landsins mikill styrkur að eiga aðgang að lyfjasérfróðum lækni í slíkri stöðu sér til ráðuneytis og fulltingis um val lyfja og rétt mat á þeim. Hefur Lyfjaverzlun ríkisins, sem svo vel hefur dafnað í frjálsri samkeppni við aðra lyfjainnflytjendur í höndum núverandi forstöðumanns, sem einmitt er læknir og lyfjafræðingur (pharmacolog), sannað gildi slíkrar forstöðu.

Gjaldeyrisvandræði yfirstandandi tíma, sem enginn sér fyrir endann á, koma m. a. niður á lyfjaverzluninni. Við núverandi skipun virðist fyllstu erfiðleikum bundið að tryggja það, að hinn takmarkaði gjaldeyrir, sem lyfjainnflytjendum er úthlutað, gangi raunverulega allur til lyfja- og lyfjavörukaupa, og víst fer því fjarri, að hin nauðsynlegustu lyf séu látin ganga fyrir þeim, sem eru miður nauðsynleg eða jafnvel þarflaus. Þessi vandkvæði ein væru reyndar fullnæg ástæða til, að komið yrði á þeirri skipun lyfjainnflutningsins, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þess hefur orðið nokkuð vart í sambandi við undirbúning þessarar lagasetningar, að sumir forsvarsmenn lyfsölufræðingastéttarinnar telja stétt sína eiga að vera ráðameiri um skipun lyfjaverzlunarinnar í landinu en góðu hófi gegnir. Þannig telja þeir, að hlutur stéttarinnar hafi verið fyrir borð borinn, er ráðherrann leitaði ekki ábendingar hlutaðeigandi stéttarfélaga, er hann skipaði lyfsala og lyfsölufræðing í nefnd þá, er falin var endurskoðun lyfsölulöggjafarinnar. Hafa þeir þá að engu, að lyfsalinn var og er, að öðrum lyfsölum ólöstuðum, í röð merkustu lyfsala landsins og átti persónulega þeirra allra mestra hagsmuna að gæta, en lyfsölufræðingurinn var formaður stéttarfélags síns og valinn af því til hvers konar erindisrekstrar og trúnaðarstarfa. Verður ekki með sanni sagt, að starfsstéttum þessum hafi verið illa valdir málsvararnir, þó að ráðherrann hlyti að haga svo skipuninni, að hann mætti hafa á því nokkurt traust, að þessir höfuðsérfræðingar nefndarinnar misstu ekki með öllu sjónar af almennings hag vegna einsýnna stéttarhagsmuna. Allar stéttir verða að sæta því, að duttlungar þeirra, metnaður og hagsmunir lúti í lægra haldi, þegar augljós alþjóðarheill krefst. Ef svo er um hinar fjölmennustu stéttir, hversu hægt mega þá ekki láta sér fámennar stéttir, sem skipaðar eru í hæsta lagi nokkrum tugum manna, eins og lyfsölufræðingastéttin, sem þar að auki er sérréttindastétt. Slík stétt getur ekki vænzt þess að eiga svipaðan íhlutunarrétt um mál, er varða í senn bæði hana og þjóðfélagið, sem t. d. verkamannastéttin og bændastéttin eiga um sín mál. Er eftir ástæðum fullt tillit tekið til hennar, ef henni er gerður kostur á að fylgjast með öllum málum, er hana varðar, bera fram tillögur sínar og styðja þær fræðilegum rökum, en fráleitt, að hún megi vænta þess að komast nálægt því að geta sagt þjóðfélaginu fyrir um skipun lyfsölumálanna í landinu, hvað þá sett því stólinn fyrir dyrnar, þegar úrslit þeirra mála eru ráðin.

Að endingu þessi varnaðarorð: Afstöðu sína til skipunar lyfjaverzlunarinnar mega menn ekki láta markast af afstöðu sinni til frjálsrar og ófrjálsrar verzlunar yfirleitt. Lyf og lyfjaverzlun eru algerlega sérstaks eðlis. Fjarstætt er að ætla, að verzlun með lyf geti verið frjáls, enda hefur hún hér eins og annars staðar verið rígskorðuð af ríkisvaldinu frá upphafi vega sinna, og engum dettur í hug að hverfa frá því. Hér er því ekki um það að ræða, hvort hefta eigi lyfjaverzlunina eða láta hana óhefta, heldur á hvern hátt eigi að koma fyrir hinu óhjákvæmilega hafti, svo að þessi mikils verða sýsla megi farsælast þjóðfélaginu sem allra bezt. Til marks um það, að hér sé ekki stungið upp á neinni fjarstæðuskipun lyfsölumálanna, má

geta þess, að norska Stórþingið mun á þessum vetri afgreiða lög um fullkomna þjóðnýtingu alls lyfjainnflutnings þar í landi. Í Svíþjóð fjallar nú milliþinganefnd um þessi mál og hefur að vísu ekki enn skilað áliti, en víst er talið, að niðurstaðan verði sú, að Svíar þjóðnýti lyfjaverzlunina í heild.

Nd. 358. Frumvarp til laga [122. mál]

um verkstjóranámskeið.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Á kostnað ríkissjóðs, undir sömu yfirstjórn og iðnskólarnir, skal árlega halda námskeið, ef nægileg þátttaka fæst, til þess að búa menn undir verkstjórapróf. Hvert námskeið skal vera allt að 6 mánuðum að meðtöldum próftíma.

2. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðin skulu vera þessi:

a. Að nemandinn sé fullra 22 ára að aldri.
b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans.
c. Að hann hafi óskert mannorð.
d. Að hann hafi unnið 12 mánuði eða lengur við þá starfsgrein, sem hann vill taka verkstjórapróf í, og hafi auk þess verið flokksstjóri eða aðstoðarverkstjóri í sömu starfsgrein 4 mánuði eða lengur.
e. Að hann hafi lokið miðskólaprófi eða tilsvarandi inntökuprófi.

3. gr.

Próf skulu haldin að afloknum námstíma. Þeir, sem standast próf, hafa rétt til að taka að sér verkstjórn í þeirri starfsgrein, sem prófið hljóðar á. Verkstjórar með prófi eða verkstjóraréttindum ganga fyrir öðrum um verkstjórn í hlutaðeigandi starfsgrein í opinberri vinnnu.

4. gr.

Með reglugerð skal setja ákvæði um það, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu og prófum skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

5. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur verkstjórapróf, fær skírteini um það á eyðublaði, sem ráðuneytið gefur út. Á skírteininu skal geta þeirra kennslugreina, sem próftaki hefur verið reyndur í, og tilgreina (með tölum) þær einkunnir, sem hann hefur hlotið. Einnig skal tilgreina þá lægstu einkunn, sem þarf til að standast prófið, og þá hæstu, sem hægt er að öðlast. Allir prófnefndarmenn skulu undirrita skírteinið, og sömuleiðis forstöðumaður námskeiðanna.

Skýrslur um prófið, ásamt fullum nöfnum próftaka, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem þeir hafa hlotið, skal rita í bækur, sem til þess eru ætlaðar. Bækur þessar skulu geymdar þar, sem ráðuneytið ákveður.

Allir prófnefndarmenn og forstöðumaður námskeiðanna staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

6. gr.

Rétt er að fela Iðnskólanum í Reykjavík að sjá um þessi námskeið, og skulu þau verða deild í þeim skóla jafnskjótt og því verður við komið.

7. gr.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til ráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð frá þeim kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, um, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

8. gr.

Verkstjórar þeir, sem starfandi eru og starfað hafa sem verkstjórar, teljast hafa verkstjóraréttindi.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk iðnaðarmálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja við það breytingartillögur eða fylgja þeim breytingartillögum, er fram kunna að koma. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Með bréfi samgöngumálaráðuneytisins, dags. 2. júlí 1947, vorum við undirritaðir skipaðir í nefnd til þess að gera tillögur um kennslu fyrir verkstjóra og verkstjóraefni.

Á Alþingi 1939 var flutt frumvarp til laga um verkstjórn í opinberri vinnu. Var leitað umsagnar ýmissa opinberra embættismanna um frumvarpið, og voru þeir allir á einu máli um, að nauðsyn bæri til, að verkstjórar gætu átt kost á fræðslu í verkstjórn og öðrum námsgreinum, sem þeir þurfa að hafa kunnáttu í. Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar og hefur ekki komið frá henni aftur. En þar sem það frumvarp var um verkstjórn, en ekki fræðslu verkstjóra, taldi nefndin ekki ástæðu til að taka það eða einstök ákvæði þess til meðferðar.

Nefndin hefur aflað sér gagna og upplýsinga frá Norðurlöndunum um fyrirkomulag þessarar fræðslu þar, og hér innanlands um fjölda verkstjóra og þörf á fræðslu fyrir þá.

Á Norðurlöndum er verkstjórum kennt á námskeiðum, sem standa 1—3 mánuði á ári. Í Danmörku hafa Verkamannasambandið og Vinnuveitendasambandið í samvinnu við Landsforeningen til Arbejdslöshedens Bekæmpelse og Teknologisk Institut komið á fót skóla fyrir verkamenn og verkstjóra, Arbejdsteknisk Skole, sem rekinn er með styrk frá ríki og bæ. Er verkstjórum kennt þar 1—2 mánuði á ári í 3 ár, áður en þeir fá burtfararpróf, en þar á eftir geta þeir 4. árið fengið námskeið í sérgreinum, bæði á vegum Arbejdsteknisk Skole og eins í Teknologisk Institut.

Í Svíþjóð halda hin opinberu fyrirtæki ríkis og bæja, að mestu á eigin kostnað, nokkurra vikna námskeið árlega fyrir verkstjóra innan sinnar atvinnugreinar, auk þess sem Statens Tantverksinstitutt hefur stutt námskeið í sérgreinum.

Noregi eru haldin 8 mánaða námskeið fyrir verkstjóra í vegagerð, rörlagningu og járnbrautarlagningu við Oslo elementærtekniske Skole og Stavanger elementærtekniske Skole, enda hafi verkstjóraefnin 4—5 ára verklega æfingu eftir 19 ára aldur. Hliðstæð námskeið er verið að setja á stofn í fleiri greinum við 4 aðra tekniska skóla í Noregi, og við Teknologisk Institutt í Osló eru haldin stutt námskeið í sérgreinum til skiptis fyrir verkstjóra í ýmsum greinum. Í Kongsberg er 2 ára skóli fyrir verkstjóra í námuiðnaðinum og eins árs skóli fyrir vopnasmiðina. Annars hafa Norðmenn á prjónunum athugun á almennri skipulagningu verkstjórafræðslunnar.

Hér á landi hefur nokkur undanfarin ár verið haldið námskeið fyrir verkstjóra að tilhlutun Verkstjórasambands Íslands og undir stjórn vegamálastjóra. Hefur það venjulega staðið 6 vikna tíma og þátttaka verið góð. Í Verkstjórasambandi Íslands eru nú 374 verkstjórar í 35 starfsgreinum. Meiri hluti þessara manna eru sjálfmenntaðir, þ. e. þeir hafa alizt upp í starfinu og með hyggjuviti og athugun lært það

mikið, að þeim hefur verið trúað fyrir verkstjórn. Er það augljós sóun á tíma og starfskröftum, að hver verkamaður af öðrum og hver verkstjóri af öðrum þurfi sjálfir að vera að finna upp alkunn og sjálfsögð sannindi og þekkingaratriði, auk þess sem óhjákvæmilegt er, að skýrslugerð og reikningshald verði eitthvað ábótavant hjá mönnum, sem lítið eða ekkert hafa lært til þeirra hluta. Þá ber og þess að gæta, að nú á síðari árum hefur, eins og kunnugt er, mikil breyting orðið á um nær allar vinnuaðferðir, þar sem véltæknin hefur tekið við af mannshöndinni. Hin breyttu vinnubrögð krefjast nýrrar þekkingar. Til þess að stjórna vinnuflokkum þar, sem vélar eru notaðar við flest störf, þarf víðtækari kunnáttu en áður útheimtist. Nefndin er því á einu máli um það, að tímabært sé og nauðsynlegt að halda uppi reglulegri fræðslu fyrir verkstjóra og verkstjóraefni og að fast fyrirkomulag verði haft á þeirri fræðslu.

Nefndin telur heppilegra fyrir íslenzkar aðstæður, að þessi fræðsla verði veitt á einu 6 mánaða námskeiði, en ekki dreifð á fleiri ár með styttri námskeiðum. Verði þá teknar fáar og sem skyldastar starfsgreinar saman í hvert sinn. T. d. mætti taka saman verkstjóra og verkstjóraefni í gatnagerð, vegagerð, hafnargerð, flugvallagerð, vatns- og hitaveitulögnum, undirstöðum undir ýmis mannvirki, svo sem olíugeyma o. fl., ýmissi byggingavinnu o. fl. sér; símalögnum og rafmagnsleiðslum sér; fiskverkun, síldarsöltun, síldarverksmiðjum o. fl. sér; afgreiðslumenn í pakkhúsum, hraðfrystihúsum og við skip sér; o. s. frv. Auk þess má halda stutt námskeið (2—3 vikur) í sérgreinum síðar.

Námsgreinar þær, sem kenna þarf, eru nokkuð mismunandi eftir flokkum, en þessar greinar hafa verið kenndar:

Stærðfræði, þar í reikningur og notkun reiknistokka.
Mælingar, þar á meðal hallamælingar og uppmælingar.
Kostnaðaráætlanir.
Skýrslugerð.
Vinnubókhald.
Byggingarefni, steinsteypa og sprengingar.
Vegagerð.
Jarðvegsfræði, framræsla o. fl.
Hirðing véla og verkfæra.
Hjálp í viðlögum og slysavarnir.
Iðnfræðilegar sérgreinar, þar sem það á við.

Kostnaður við slík námskeið fer eftir aðstæðum. Ef hægt yrði að setja þau í samband við iðnskóla eða aðra tekniska skóla, sem hefðu húsnæði, svo að ekki þyrfti að leigja það sérstaklega, yrði kostnaður við eina deild (25—30 nem.), sem þykir sennileg árleg þátttaka, sem hér segir:

Kennsla: 25 vikur, 40 st. á viku á 27.00	kr.	27 000.00
Kennslugögn, pappír o. fl.	—	500.00
Ljós, hiti og ræsting o. fl.	—	2 500.00
Samtals	kr.	30 000.00

Ef hver nemandi greiddi kr. 500.00 í skólagjald, þyrfti ríkið að leggja til 15—18 þúsund á ári eftir þátttöku til þess að halda uppi þessum námskeiðum, sem mundi þó lækka, ef framlag fengist frá Reykjavíkurbæ.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að fyrir Alþingi verði lagt framangreint frumvarp til laga um þetta efni.

Nd. 359. Frumvarp til laga [123. mál]

um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ákvæði þau um tekjuöflun í dýrtíðarsjóð, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skulu gilda til 1. apríl 1950, að undanteknum d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 13. gr. laga nr. 1/1950 um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl. er svo ákveðið, að hafi ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 verið sett löggjöf, er til frambúðar leysi rekstursvandamál bátaútvegsins, skuli ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lögunum framlengjast þar til slík löggjöf hafi verið sett, allt til 15. maí 1950. Hins vegar er nokkur vafi á því, hvort ákvæði 14. gr. laganna um tekjuöflun til að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðarinnar gildi lengur en til 1. marz 1950.

Þar sem augljóst virðist að löggjöf um frambúðarlausn á rekstursvandamálum bátaútvegsins verði ekki sett fyrir lok þessa mánaðar og ábyrgð ríkissjóðs á fiskverðinu framlengist því eitthvað, verður að sjálfsögðu að láta einnig gilda áfram þau ákvæði laga nr. 1/1950, sem mæla fyrir um tekjuöflun til þessara útgjalda ríkissjóðs. En þar sem vafi leikur á því hvort framlengingarákvæði 13. gr. nái einnig til tekjuöflunarákvæðanna er þetta frumvarp borið fram.

Nd. 360. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta til jarðræktarlaga er borið fram sem stjórnarfrumvarp af fyrrverandi ríkisstjórn. Tillögur þær til breytinga, sem hér er lagt til að gera á jarðræktarlögum, hafa fengið mikinn og góðan undirbúning. Árið 1948 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra fimm manna nefnd til þess að endurskoða jarðræktarlögin. Sú nefnd skilaði tillögum sínum í lok þess árs. Tillögur þeirrar nefndar voru sendar Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar. Stjórn Búnaðarfélagsins skipaði nefnd til þess að athuga frumvarp milliþinganefndarinnar. Sú nefnd lagði til, að frumvarpið yrði ekki afgreitt fyrr en eftir að búnaðarþing hefði fjallað um það. Þáverandi landbúnaðarráðherra féllst á þessa málsmeðferð, og var frumvarp hinnar stjórnskipuðu nefndar lagt fyrir búnaðarþing, er kom saman í febrúar 1949.

Búnaðarþing gerði allverulegar breytingar á frumvarpi hinnar stjórnskipuðu nefndar. Meðal annars lagði búnaðarþing til, að allmiklar hækkanir yrðu gerðar á styrk til ýmissa jarðræktarframkvæmda frá því, sem hin stjórnskipaða nefnd hafði lagt til. Mun mega telja, að þar hafi verið framfylgt til hins ýtrasta kröfum bændastéttarinnar um framlög ríkisins til jarðræktarframkvæmda.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendi tillögur búnaðarþings til landbúnaðarráðuneytisins að afloknu búnaðarþingi 1949. Ráðuneytið tók tillögur búnaðarþings flestar til greina og lagði frumvarpið í því formi, sem það þá hafði fengið, fyrir Alþingi það, er nú situr að störfum.

Landbúnaðarnefnd hefur haldið marga fundi um frumvarpið og leitað álits sérfróðra manna um það. Einstakir nefndarmenn hafa einnig unnið mjög mikið utan funda að athugun á frumvarpinu eða sérstökum köflum þess. Árangur þessara athugana er sá, að nefndin ber fram á sérstöku þingskjali allvíðtækar breytingartillögur við frumvarpið. Breytingartillögur nefndarinnar stefna einkum að eftirfarandi atriðum:

Nefndin leggur til að lækka allverulega styrk til nokkurra jarðræktar- og húsabótaframkvæmda frá því, sem búnaðarþing gerði tillögur um. Að vísu er landbúnaðarnefnd ljóst, hve mikil nauðsyn er til þess, að ríkissjóður styrki bændur ríflega við hin margvíslegu umbótastörf í þágu jarðræktarinnar, en nefndinni er jafnframt ljóst, að stilla verður í hóf fjárframlögum í þessu skyni vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs. Þó vill nefndin taka það fram, að hún vill í engu slá af kröfum búnaðarþings um styrk til framræslu. Á það jöfnum höndum við handgröft og styrk til vélgrafinna skurða. Þurrkun landsins er frumskilyrði þess, að hægt sé að hefjast handa um ræktun jarðar. Það er alger fjárhagsleg ofraun fyrir bændur að leggja fram mjög mikið fjármagn í því skyni, þar sem áhrif af framræslunni koma ekki fram fyrr en eftir nokkurn tíma og oft jafnvel ekki fyrr en eftir mörg ár. Það þarf því að bíða lengi eftir tekjum af fjármagni, sem í þurrkun lands er lagt. Þess vegna er það ótvírætt skylda ríkisvaldsins að styðja slík brautryðjendastörf ríflega. Þegar búið verður að þurrka meginhluta af mýrlendi í byggðum Íslands, mun landið fá allt annan svip, búskaparskilyrði öll stórum betri og lífsafkoma þjóðarinnar verður allt önnur en nú er, ekki einungis bændastéttarinnar, heldur allra landsmanna. Það er af þessum ástæðum, að landbúnaðarnefnd leggur til, að óskir búnaðarþings um, að vélgrafnir skurðir verði styrktir með helmingsframlagi af rekstrarkostnaði við gerð þeirra, verði samþykktar.

Landbúnaðarnefnd leggur til, að nokkrar breytingar verði gerðar á III. kafla frumvarpsins, um Vélasjóð. Breytingartillögur nefndarinnar miða að því að tengja framkvæmdastjórn Vélasjóðs enn fastar Búnaðarfélagi Íslands en gert er í frumvarpinu. Verði breytingartillögur nefndarinnar við þennan kafla frumvarpsins samþykktar, mun nefndin síðar bera fram frumvarp til laga um breyting á lögum um tilraunir og rannsóknir í þágu landbúnaðarins, um starf verkfæranefndar, sem þá á eingöngu að vera prófun véla og verkfæra. Þess skal getið, að einn nefndarmanna (ÁS) hefur sérstöðu um þennan kafla frumvarpsins og mun bera fram sérstakar breytingartillögur varðandi hann. Sömuleiðis mun hann bera fram breytingartillögur um nokkur önnur atriði.

Í framsögu mun nánar skýrt frá breytingartillögum nefndarinnar og jafnframt, eftir því sem hægt er, hvaða áhrif frumvarpið í heild, ef að lögum verður, hefur á útgjöld ríkissjóðs vegna jarðræktarlaganna.

Alþingi, 24. febr. 1950.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. — Jón Sigurðsson, fundaskr. — Ásmundur Sigurðsson, (með fyrirvara).

Ásgeir Bjarnason, Pétur Ottesen.

Nd. **361. Breytingartillögur**

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og mælingarmanna búnaðarsambandanna undir umsjón félagsstjórnarinnar.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Héraðsráðunautar í jarðrækt skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki ráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Sé starfssvæði ráðunautar minna en meðal sýslufélag, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það.
   Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að hálfu frá hvorri búgrein.
   Héraðsráðunautar skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum hver á sínu sambandssvæði. Þar, sem sambandssvæðið nær yfir meira en tvö sýslufélög, er heimilt að hafa sérstaka mælingamenn þeim til aðstoðar, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.
3. Við 5. gr.
   a. Orðin „Búnaðarfélags Íslands“ í fyrstu málsgr. falli niður.
   b. Önnur málsgr. orðist svo:
      Laun héraðsráðunauta greiðast að $^2/_5$ hlutum úr ríkissjóði, en að $^3/_5$ hlutum af hlutaðeigandi héraðssamböndum. Héraðsráðunautar taka laun eftir 8 fl. launalaga.
4. Við 6. gr. Orðið „aðeins“ í fyrstu málsgr. falli niður.
5. Við 10. gr. Í stað orðanna „ríki eða sýslu“ í tölulið 2 komi: ríki, sýslu eða hreppi.
6. Við 11. gr.
   a. Við I. a. (Safnþrær). Fyrir „kr. 10.00“ komi: kr. 9.00.
   b. Við I. b. (Áburðarhús). Fyrir „kr. 7.00“ komi: kr. 5.00.
   c. Við II. Upphaf liðarins orðist svo:
      Framræsla vegna túna-, akur- eða engjaræktar (handgröftur):
   d. Við II. b. (Skurðir, vélgrafnir). Liðurinn falli burt.
   e. Við II. c. (verður II. b. — Hnausræsi). Fyrir „kr. 1.00“ komi: kr. 0.75.
   f. Við II. d. (Kílræsi). Liðurinn falli burt.
   g. Við II. e. (verður II. c. — Önnur ræsi). Fyrir „kr. 2.00“ komi: kr. 1.50.
   h. Á eftir II. e. komi nýr liður (rómv. III.) og orðist svo:
      Framræsla vegna túna-, akur-, engja-, og hagaræktar (vélgrafnir skurðir): Helmingur rekstrarkostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi: Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður (sem ekki er innifalinn í leigunni), vírar, hlerar og olíur, og mannahald, eftir því sem það er ákveðið eða samþykkt af stjórnendum Vélasjóðs.
   i. Við V. (verður VI.). Liðurinn orðist svo:
      Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðarstólpum, og sé eigi meira en 5 m bil á milli jarðfastra staura. Girðingar skulu vera minnst 5 strengja gaddavírsgirðingar, og sé jafnað í lægðir, eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða ... kr. 0.30 á m.

j. Við VI. b. (Súgþurrkunarkerfi). Liðurinn falli burt.
k. Við VI. c. (verður VII. b.). Liðurinn orðist svo:
Þurrheyshlöður á steyptum grunni úr timbri, asbesti, járni eða öðru jafngildu efni ... kr. 0.75. pr. m³.
l. Við VI. d. (Þurrheyshlöður úr öðru efni). Liðurinn falli burt.
m. Við VI. e.—f. Í stað liðanna komi einn liður (verður VII. c.) og orðist svo:
Votheyshlöður, steyptar, með þaki úr varanlegu efni ... kr. 4.50 pr. m³.
n. Við VII. (Búvéla- og grænmetisgeymslur). Liðurinn falli burt.
o. Fyrir „nægilegt“ í fjórðu málsgr. 11. gr. komi: nægilega.
p. Síðasta málsgr. 11. gr. falli niður.

7. Við 12. gr. Fyrsta málsgr. (að meðtöldum stafliðum a.—b.) orðist þannig:
Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbætur á jarðabætur þær, sem taldar eru í 11. og 15. gr., samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, að undanteknum tölul. III. (vélgrafnir skurðir) í 11. gr.
8. Við 16. gr. 4. töluliður falli burt.
9. Við 17. gr. Greinin orðist þannig:
Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, til fjögurra ára í senn er nefnist vélanefnd ríkisins. Nefndin skal skipuð þessum mönnum: Verkfæraráðunaut Búnaðarfélags Íslands, jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, er stjórn félagsins tilnefnir, og einum manni tilnefndum af búnaðarþingi. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinanr.
10. Við 18. gr.
a. Fyrir orðið „verkfæranefndar“ komi: vélanefndar.
b. 3. töluliður falli burt.
11. Við 19. gr. Greinin orðist þannig:
Til þess að annast þau störf, sem um getur í 18. gr., ræður vélanefnd sér nauðsynlega aðstoðarmenn, eftir því sem þörf krefur. Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands er framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Kostnaður við framkvæmdarstjórn greiðist úr ríkissjóði.
12. Við 20. gr. Fyrir „verkfæranefndar“ komi: vélanefndar.
13. Við 21. gr.
a. Fyrir „verkfæranefnd“ komi: vélanefnd.
b. Á eftir orðunum „Hið sama gildir um“ komi: ræktunarframkvæmdir á vegum ríkisins.
14. Við 22. gr. Orðin „og 4“ í þriðju málsgr. falli burt.
15. Við 29. gr. Fyrir „29. gr.“ í fyrstu málsgr. komi: 28. gr.
16. Við ákvæði til bráðabirgða.
a. Á eftir orðunum „má til bráðabirgða og“ í fyrstu málsgr. komi: Til eins árs í senn.
b. Fyrir „1959“ í síðustu málsgr. komi: 1960.

Sþ. 362. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. 363. Frumvarp til laga [125. mál]

um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Gengi íslenzkrar krónu skal breytt þannig, að einn Bandaríkjadollar jafngildi 16.2857 íslenzkum krónum, og skal gengi alls annars erlends gjaldeyris skráð í samræmi við það. Landsbanki Íslands skal birta sölu- og kaupgengi, sem séu í samræmi við hið skráða gengi. Kaupgengi má ekki vera meira en 1% undir og sölugengi ekki meira en 1% yfir hinu skráða gengi.

2. gr.

Eftir gildistöku laga þessara er ríkisstjórninni á ráðherrafundi rétt, að fengnum tillögum bankaráðs og bankastjóra Landsbanka Íslands, að ákveða gengi íslenzkrar krónu. Gengisskráning skal miða að því að koma á og viðhalda jafnvægisgengi, þ. e. að sem mestur jöfnuður sé í greiðslum við útlönd án gjaldeyrishafta.

Landsbanka Íslands er skylt að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu íslenzkrar krónu, þegar almenn breyting verður á kaupgjaldi, önnur en sú, sem kveðið er á um í þessum lögum. Skal bankinn, svo fljótt sem kostur er, gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðum sínum.

3. gr.

Gengishagnaður sá, sem myndazt við það, að hrein (nettó) gjaldeyriseign íslenzkra banka verður seld hærra verði eftir gengislækkunina, skal renna í gengishagnaðarsjóð, er Landsbanki Íslands varðveitir. Úr sjóði þessum skal 10 milljónum króna varið til að bæta rýrnun, sem orðið hefur á síðarnefndum tíma á sparifé einstaklinga, þ. e. einstakra manna, en ekki félaga, stofnana, sjóða eða annarra ópersónulegra aðila. Til sparifjár telst í þessu sambandi fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparisjóði, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar lánsstofnanir, sem eins stendur á um að þessu leyti.

Sparifé skal bætt þannig:

1. Sparifé, sem stóð inni til ávöxtunar í árslok 1939 og til ársloka 1942.
2. Sparifé, sem stóð inni til ávöxtunar í árslok 1942 og til 1. júlí 1947.

Bótum skal skipt milli sparifjár þess, er greinir í 1. og 2. tölulið, í hlutfallinu 6:1 að hundraðstölu.

Skilyrði bóta er, að innstæða hafi staðið óslitið til ávöxtunar í nefndum lánsstofnunum tímabil, sem greinir í 1. og 2. tölulið 2. mgr. Samt fellur réttur til bóta ekki niður, þótt sparifé hafi verið flutt úr einum sparifjárreikningi í annan í sömu lánsstofnun eða úr sparifjárreikningi í einni lánsstofnun í sparifjárreikning í annarri lánsstofnun, enda hafi nefndur flutningur ekki tekið meira en tvo daga, ef fé er flutt innan sama bæjarfélags, en annars ekki meira en tvær vikur.

Bætur skulu því aðeins greiddar, að eigandi innstæðu í árslok 1942 eða 1. júlí 1947 sé á lífi, er lög þessi taka gildi. Þó skal maka innstæðueiganda, foreldri eða nið greiddar bætur á innstæðu, er greinir í 1. og 2. tölulið 2. mgr. og viðkomandi hefur erft.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um framkvæmd á úthlutun bóta samkvæmt þessari grein, þar á meðal um innköllun kröfueigenda innan hæfilegs og tiltekins frests að viðlögðum kröfumissi. Landsbanka Íslands skal falin framkvæmd úthlutunarinnar.

Nú nemur nefndur gengishagnaðarsjóður meiru en kr. 10 milljónum, og skal þá sá hluti sjóðsins, sem er umfram kr. 10 milljónir, renna til ríkisins, og skal honum varið til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

4. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar í Reykjavík skal reiknuð fyrir marz 1950 á sama hátt og hingað til, þó með þeim breytingum, að miðað skal við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, svo og við útsöluverð á kjöti án frádráttar á kjötstyrk. Vísitölufjárhæð, sem reiknuð er með þessum hætti, skal vera sá grundvöllur, sem síðari breytingar á vísitölufjárhæð miðast við, og skal því sett = 100.

Skal útreikningi framfærsluvísitölunnar fyrir marz vera lokið eigi síðar en 20. apríl þ. á.

5. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna kaupgjaldsvísitölu fyrir marz 1950, sem sýni breytingu þá, sem orðið hefur á almennu kaupgjaldi, þ. e. grunnkaupi að viðbættri verðlagsuppbót, síðan 1939. Skal sú vísitala vera hið almenna tímakaup verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, og skal tímakaupið mánuðina jan.—marz 1939 vera vísitölugrundvöllur.

Kaupgjaldsvísitala þessi skal birt um leið og framfærsluvísitalan fyrir marz.

6. gr.

Í eftirfarandi ákvæðum táknar orðið laun bæði laun og kaupgjald.

Við gildistöku laga þessara skal hætt að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar, eins og verið hefur, og skal hvorttveggja framvegis talið laun í einu lagi.

7. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 4. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal hækka laun frá því sem greitt var næsta mánuð á undan, ef vísitalan sýnir hækkun á framfærslukostnaði um minnst 5%. Þetta tekur þó ekki til launa, sem reiknuð eru á grundvelli verðmætis afurða, svo sem aflahlutar og lífrarpeninga. Skulu hærri laun, ef til kemur, greidd fyrsta skipti fyrir maí 1950 samkvæmt þeirri breytingu, sem vísitala fyrir apríl s. á. sýnir. Laun skulu lækka með sama hætti, ef vísitala sýnir lækkun á framfærslukostnaði um minnst 5%. Síðari launahækkun skal veitt, ef vísitalan sýnir hækkun framfærslukostnaðar um minnst 5%, frá því laun breyttust síðast samkvæmt þessum ákvæðum. Laun skulu lækka með sama hætti, ef síðari vísitala sýnir lækkun framfærslukostnaðar um minnst 5%, frá því laun breyttust síðast samkvæmt þessum ákvæðum.

Laun skulu breytast samkvæmt framangreindum ákvæðum fram í júlí 1950, en frá þeim tíma til ársloka skulu laun ekki breytast vegna breytinga á vísitölu framfærslukostnaðar.

Nú sýnir vísitala fyrir desembermánuð 1950 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því launahækkun eða launalækkun var síðast ákveðin, og skulu þá laun fyrir janúar 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, er vísitalan sýnir. Við ákvörðun launahækkunar eða launalækkunar skal þó ekki tekið tillit til þeirrar breytingar á framfærslukostnaði, sem vísitalan sýnir og á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/1947 vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af ákvæðum þessarar greinar um breytingar á launum.

Laun, sem ákveðin verða fyrir janúar 1951, skulu ekki breytast vegna breytinga á vísitölu framfærslukostnaðar til júníloka 1951.

Nú sýnir vísitala fyrir júní 1951 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því hækkun eða lækkun launa var síðast ákveðin, og skulu þá laun fyrir júlí 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, sem vísitalan sýnir, en frá 1. ágúst 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Skilyrði launahækkunar samkvæmt þessari grein er, að launagreiðslur hækki ekki af öðrum ástæðum en lög þessi mæla, frá því sem þær voru 31. janúar 1950 eða samkvæmt síðasta gildum kjarasamningi fyrir þann dag.

8. gr.

Styrkir og aðrar greiðslur, sem samkvæmt lögum eiga að greiðast með verðlagsuppbót, skulu framvegis greidd í einu lagi, þannig, að heildargreiðslan jafngildi að krónutölu þeirri fjárhæð, sem grunngreiðsla og verðlagsuppbót hefðu numið samanlagt samkvæmt þeim ákvæðum, er giltu, þegar lög þessa tóku gildi. Persónulegir styrkir mega breytast í samræmi við ákvæði 7. gr. um launabreytingar.

9. gr.

Verð vöru, sem framleidd er og seld innanlands, má hækka sem nemur hærri erlendum kostnaðarliðum og sem nemur innlendum kostnaðarliðum, öðrum en launum. Tillit má þó taka til þeirra breytinga á launum, sem verða í júlí 1950 og janúar og júlí 1951 samkvæmt þessum lögum vegna breytts framfærslukostnaðar samkvæmt vísitölu.

Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Þó má mjólkurverð ekki hækka vegna launahækkunar samkvæmt þessum lögum fyrr en í júlí 1950.

Til ársloka 1950 skal ekki leyft við álagningu á verzlunarvörur að leggja á þá krónutölu, sem vörurnar hækka um vegna gengislækkunarinnar. Verðlagsyfirvöldum skal þó skylt að leyfa hækkun álagningar vegna hækkunar á launum verzlunarfólks samkvæmt 7. gr.

10. gr.

Verðtollur samkvæmt lögum nr. 62/1939, sbr. 1. gr. laga nr. 2/1950, skal heimtur með 45% álagi í stað 65%.

11. gr.

Framleiðslugjald skal lagt á verðmæti þeirra sjávarafurða, sem nýju togararnir afla, hvort sem þeir leggja afla sinn hér á land eða selja hann erlendis. Ef aflinn er ísfiskur, sem seldur er erlendis, skal gjaldið lagt á aflaverðmæti, sem er umfram £ 8.500 brúttó í söluferð, áður en útflutningsgjöld, tollur og löndunar- og sölukostnaður er frá dregið. Ef sala í tveimur næstu söluferðum á undan hefur numið lægri fjárhæð en £ 8.500 í söluferð að meðaltali, skal heimilt að draga það, sem á vantaði, frá gjaldskyldri fjárhæð. Gjaldið skal nema 25% af því, sem er umfram £ 8.500 sölu. Gjaldið skal tekið af óskiptum afla, þannig að ekki skal reikna aflaverðlaun eða annan hlut af þeim hluta andvirðisins, sem tekið er með þessu gjaldi. Af brúttó verðmæti sjávarafurða nýju togaranna, annnarra en ísfisks og síldar, skal greiða 10%. Verðmæti þessa afla skal metið af þriggja manna nefnd, er ríkisstjórnin skipar, og skal hún miða við gangverð afla upp úr skipi á hverjum stað.

Útflutningsgjald skal lagt á hvalafurðir og nema 10% af útflutningsverðmætinu.

Framangreindu framleiðslugjaldi skal varið til að standa straum af og endurgreiða skuldir ríkisins, sem myndazt hafa í sambandi við togarakaup, ábyrgðargreiðslur og aðrar ráðstafanir og framkvæmdir í þágu sjávarútvegsins á liðnum árum og því næst til að greiða önnur útgjöld ríkisins.

Framleiðslugjald skal lagt á allar síldarafurðir, og skal það nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Ef sumarafli skipa, er veiða í snurpinót, er minni en 6000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að lækka gjaldið. Ef afli er minni en 4000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að fella það niður. Gjaldi því, sem í þessari málsgrein segir, skal varið til að setja á stofn útlánasjóð, sem rekinn sé aðallega í þágu síldarútvegsins. Þangað til slík stofnun tekur til starfa, skal gjaldið varðveitt á sérstökum reikningi í Seðladeild Landsbanka Íslands, og má ekki nota það til útlána.

12. gr.

Leggja skal sérstakan skatt á eignir allra þeirra aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 6/1935, og skal skattálagningin miðuð við eignir

þeirra hinn 31. desember 1949. Undanþága undan skatti samkvæmt sérstökum lögum, önnur en sú, sem greinir í lögum nr. 37/1944, tekur ekki til þessa skatts.

Mat á verðmæti eigna skal fara eftir ákvæðum skattalaga og hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum breytingum:

1. Fasteignir skulu metnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu með tölunni 5, að því er varðar Reykjavík, tölunni 4, að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 4000 íbúa í árslok 1948, og tölunni 3, að því er tekur til annarra landshluta.
2. Verðmæti skips skal talið vátryggingarverð þess, nema sannað sé með mati, að söluverð þess sé annað.
3. Eignir hlutafélaga og samvinnufélaga skulu metnar af nefnd þriggja manna, er ríkisstjórnin skipar.
4. Hlutabréf skulu ekki talin með eignum skattaðila, og eigi skal hlutafé dregið frá eignum hlutafélaga.
5. Ógreiddur eignaaukaskattur samkvæmt lögum nr. 128/1947 skal dreginn frá eign aðila.
6. Stofnsjóðir samvinnufélaga skulu taldir eign félagsmanna, en ekki samvinnufélaganna.
7. Sparifé, peningar, verðbréf og útistandandi skuldir skal dregið frá hreinni eign, er hún hefur verið ákveðin samkvæmt framansögðu, svo fremi og að svo miklu leyti sem þessir eignarliðir fara fram úr skuldum.

Frá þeirri eign, sem þannig kemur fram, mega skattaðilar, að hlutafélögum og samvinnufélögum fráteknum, draga kr. 300 000, áður en skattur er á lagður. Skatturinn skal nema 10% af eign einstaklings umfram nefndar kr. 300 000, en ekki fram yfir kr. 1 000 000. Af því sem er umfram kr. 1 000 000 skal greiða 12%.

Hlutafélög og samvinnufélög skulu greiða 8% af hreinni eign samkvæmt framansögðu upp að kr. 1 000 000, og 10% af því, sem umfram er.

Skattgreiðanda er heimilt að greiða skattinn með jöfnum afborgunum af höfuðstól á 20 árum auk 3½% ársvaxta af skattskuldinni, eins og hún er á hverjum tíma, enda gefi hann út skuldabréf fyrir skuldinni, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna.

Ríkisstjórnin skal nota skuldabréfin til greiðslu á skuldum ríkisins við Landsbanka Íslands. Skal Landsbankinn skyldur að taka við bréfunum á nafnverði sem greiðslu á skuldum ríkisins við bankann, jafnóðum og þau eru afhent bankanum, en ríkissjóður ábyrgist gagnvart bankanum greiðslu bréfanna.

13. gr.

Um skattálagningu eftir þessum lögum skal farið eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, eftir því sem við á, enda mæli lög þessi ekki öðruvísi, þar á meðal um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði, er varðar framkvæmd laga þessara, þar á meðal um úthlutun bóta á sparifé, ákvörðun framleiðslugjalds, gjalddaga þess, innheimtu og eftirlit með því, að það sé ekki undandregið, um álagningu skatts samkv. lögum þessum, kærur út af honum, fresti, úrskurði, gjalddaga, innheimtu og annað.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi 1. gr. laga nr. 51/1940, sbr. bráðabirgðalög nr. 92/1949, lög nr. 48/1942, um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, lög nr. 1/1950, um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., 1.—9., 12. og 13. gr., lög nr. 37/1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu, 1. gr., svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir síðustu alþingiskosningar lýsti Sjálfstæðisflokkurinn því yfir, að hann teldi, að nauðsyn bæri til, að af hendi löggjafans yrði svo um hnútana búið, að atvinnurekstur landsmanna yrði í meðalárferði rekinn hallalaus án styrkja úr ríkissjóði, og jafnframt yrði að því stefnt að aflétta svo fljótt sem auðið væri höftum og bönnum á sviði verzlunar og viðskipta.

Enda þótt kosningar færðu Sjálfstæðisflokknum ekki meiri hluta vald á Alþingi, varð rás viðburðanna sú, að flokkurinn myndaði ríkisstjórn svo sem kunnugt er.

Fyrsta viðfangsefni þeirrar stjórnar var að hindra stöðvun bátaútvegsins um síðustu áramót. Varð stjórninni að athuguðu máli ljóst, að svo sem sakir þá stóðu, yrði það aðeins gert með því að fara troðnar slóðir til bráðabirgða, samanber frumvarp stjórnarinnar um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., er samþykkt var á Alþingi hinn 12. janúar síðastliðinn.

Ríkisstjórninni var frá öndverðu ljóst, að ef hún sæti við völd um nokkurra vikna skeið, bæri henni, vegna ríkjandi ástands í atvinnulífi þjóðarinnar, skylda til að leggja fram tillögur um lausn dýrtíðarmálanna í samræmi við yfirlýsta stefnu Sjálfstæðisflokksins fyrir alþingiskosningarnar. Kvaddi hún til ráða tvo kunna hagfræðinga, þá dr. Benjamín Eiríksson og prófessor Ólaf Björnsson, en hinn fyrrnefndi hafði á síðastliðnu sumri samið á vegum fyrrverandi ríkisstjórnar merka greinargerð um fjárhagsástandið á Íslandi. Ræddi ríkisstjórnin málið oft og ýtarlega við hagfræðinga þessa. Kom brátt í ljós, að þeir voru ríkisstjórninni sammála um, að með engu móti yrði haldið áfram þeim útflutningsuppbótum, er greiddar hafa verið úr ríkissjóði undanfarin ár. Hníga að því mörg rök, og eru hin helztu þeirra greind í álitsgerð þeirri, er hagfræðingarnir sömdu um málið, en hún fylgir frumvarpi þessu.

Þegar hér var komið, var viðfangsefnið fyrst og fremst það, að finna úrræði er sköpuðu líkur fyrir hallalausum rekstri bátaútvegsins án ríkisstyrkja. Til þess lágu tvær leiðir: hin svonefnda verðhjöðnun og gengislækkun. Önnur úrræði komu þar raunverulega ekki til greina að dómi hagfræðinganna. Fól nú ríkisstjórnin hagfræðingunum að semja greinargerð um hvora leiðina fyrir sig, til þess að auðið yrði að bera þær saman og gera sér fulla grein fyrir kostum þeirra og göllum.

Álitsgerð hagfræðinganna um verðhjöðnunina sýndi, að vegna þess hve stórvægileg hún þarf að vera, leggur hún a. m. k. um all langt skeið svo þungar byrðar á allt launafólk í landinu, að telja má a. m. k. mjög sennilegt, að launastéttirnar mundu ekki una við þær, heldur velta þeim af sér með nýjum kaupgjaldshækkunum. Er þá að engu gerður tilgangur verðhjöðnunarinnar. En jafnvel þótt svo ólíklega til tækist, að launastéttirnar yndu sínu hlutskipti, ber þó að sjálfsögðu að forðast að æskja stórra fórna af þeirra hendi, séu aðrar leiðir út úr ógöngunum, sem þrautaminni eru fyrir þjóðarheildina, svo sem síðar mun að vikið. Svo sem að framan greinir, yrði verðhjöðnunin að vera stórvægileg, ætti hún að verða að nokkru liði. Mundi þá annað tveggja ske, að almenn skuldaskil yrðu að fara fram í landinu eða koma til víðtækra gjaldþrota einstaklinga, félaga, bæjarfélaga og jafnvel lánsstofnana, Töldu hagfræðingarnir að slík verðhjöðnun hefði marga stórvægilega ágalla umfram gengisfellingu, en engan þann kost til að bera, er heimilaði að velja hana fremur.

Á þetta sjónarmið féllst ríkisstjórnin. Fól hún því hagfræðingunum að semja tillögur, byggðar á gengislækkun og því öðru, sem stjórnin og hagfræðingarnir töldu nauðsynlegt, eða eðlilegt að lögfesta samtímis, og að rökstyðja þær tillögur í sem styztu máli í samræmi við umræður þær, er fram hafa farið um málið milli stjórnarinnar og hagfræðinganna.

Þessar tilögur birtast nú í frumvarpi því, er hér er lagt fram.

Hið veigamesta er gengislækkunin. Er í fyrstu grein frumvarpsins lagt til, að skráð gengi krónunnar verði fellt um 42,6%. Er sú gengisfelling að vísu nokkru meiri en stjórnin hafði búizt við, að með þyrfti, en stjórnin taldi þó ekki rétt, að

athuguðu máli, að leggja annað til. Leitað var að hinu raunverulega gildi krónunnar eins og það er orðið eftir hækkanir kaupgjalds og afurðaverðs undanfarinn áratug Gengislækkunin er miðuð við það, að bátaútvegurinn verði rekinn án styrkja. Annað myndi leiða til nýrrar verðlækkunar krónunnar.

Sem kunnugt er hefur flest önnur útflutningsframleiðsla borið sig betur en bátaútvegurinn og þarfnast því ekki jafnmikillar gengislækkunar. Hætt er við, að óeðlilegur gróði í þessum atvinnugreinum leiði til kauphækkana í þeim, er svo aftur kalla á kauphækkanir hjá bátaflotanum. Með þessu er stefnt í nýjan voða. Er leitazt við að girða fyrir það með því, að skattleggja aðrar atvinnugreinar, sbr. 11. gr. frv. Má vera, að skattur sá þyki all þungbær, en í þessum efnum hafa hagfræðingarnir stuðzt við ýmsar öruggar heimildir en stjórnin farið eftir tillögum þeirra.

Rannsókn þessa máls hefur leitt í ljós, að mikil hætta getur fylgt því að leyna þjóðina því, að kauphækkanir umfram gjaldgetu atvinnurekstrarins eru raunveruleg verðfelling krónunnar. Er því lagt til, að eftirleiðis verði þjóðinni gerður sá sannleikur augljós með því að skrá krónuna á hverjum tíma í meira samræmi við hið sanna gildi hennar en verið hefur að undanförnu.

Talið er, að gengisfellingin hækki verð fasteigna, skipa og annarra slíkra verðmæta í krónum. Svo er a. m. k. fræðilega séð. Hefur þótt rétt að skattleggja slíka verðhækkun þessara verðmæta, séu þau í eigu þeirra, sem sæmilega eru efnum búnir, þar eð tilgangur þessara laga er einvörðungu sá, að skapa jafnvægi í þjóðarbúskapnum, en ekki hinn, að færa neinum sérstökum hóp manna óeðlilegan gróða. Vísast um þetta til 12. gr. frv.

Þá hefur það þótt réttlátt, að bæta sparifjáreigendum að nokkru þann skaða, sem þeir hafa haft af langvarandi gildisrýrnun krónunnar. Eru um það fyrirmæli í 3 gr. frumvarpsins.

Er þá komið að því atriði, er margir munu fyrst um spyrja, en það er, hver áhrif frumvarp þetta hafi á hagsmuni launafólks í landinu.

Ber þá fyrst að benda á, að megintilgangur frumvarpsins er að stöðva það atvinnuleysi, sem nú er að hefjast, og sem án alls efa mun fara ört vaxandi, verði ekki aðgert. Frá þessu höfuðsjónarmiði er frumvarpið launastéttum landsins mikill fengur, ef að lögum verður. En þar við bætist svo, að með ákvæðum þess er launþegum beinlínis tryggðar fullar kaupbætur eftir framfærsluvísitölu, með þeirri einu undantekningu, að reynt er að stöðva það kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags landbúnaðarafurða, sem fram að þessu hefur leitt þjóðina æ lengra inn á óheillabrautina.

Ekki felur frv. þetta í sér bann gegn breytingum á kaupgjaldi. En þeir, sem tryggja sér aðrar kauphækkanir en þær, er af þessu frumvarpi leiða, fara á mis við þá tryggingu fyrir kauphækkunum, sem í frumvarpinu felst, sbr. 7. grein þess. Sama gildir um kauplækkanir.

Viðbúið er, að því verði haldið fram, að svo langt sé gengið til móts við óskir launþega í frumvarpinu, að af því kunni að leiða, að þessar aðgerðir nái ekki tilgangi sínum. Ríkisstjórnin viðurkennir, að eðlilegt er, að slíku sé hreyft, en telur þó, að vel athuguðu máli, að þessi ótti sé ástæðulaus, ef vel er að öðru leyti á málum haldið. Er það og álit hagfræðinganna.

Ákvæði 9. og 10. gr. frumvarpsins leggja nokkrar kvaðir á iðnað og verzlun um stundarsakir í því skyni að stöðva verðbólguna.

Þá er lagt til, að skattar verði nokkuð lækkaðir, og er þess vænzt, að verði frumvarp þetta lögfest, muni síðar unnt að aflétta ýmsum sköttum.

Ýmiss önnur ákvæði eru í frv., er ekki þykir ástæða til að víkja að sérstaklega.

Hér skal ekki fjölyrt um afleiðingar frumvarpsins. Aðaltilgangur þess er að stöðva hallarekstur, fella niður ríkisstyrki og skapa jafnvægi í atvinnulífi landsmanna, og þar með að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi. Jafnframt er að því miðað, að skapa skilyrði til frjálsrar verzlunar, sem yrði almenningi til mikilla hagsbóta.

Þess er vænzt, að menn taki frumvarpinu með góðvild og dæmi ekki efni þess

fyrr en þeir hafa kynnt sér málið til hlítar. Ber þá og að hafa hugfast í hvert óefni nú er komið, er nær allur atvinnurekstur landsmanna er rekinn með ríkisstyrk eða halla. Atvinnurekendur flestir eru mjög illa staðir. Er því augljóst, að áframhaldandi taprekstur hlýtur að leiða til almennra gjaldþrota, stórvægilegs atvinnuleysis og margvíslegra þrenginga. En kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags, sem eins og kunnugt er er enn í algleymingi, leiðir til vaxandi hallarekstrar og sílækkandi verðgildis krónunnar. Ríkissjóður er svo að sínu leyti orðinn skuldugur, flæktur í miklar ábyrgðir og því ekki aflögufær, enda beinn halli á ríkisrekstrinum nú síðustu þrjú árin um 175 milljónir króna, þrátt fyrir ört hækkandi skatta. Hér er því úr vöndu að ráða.

Ríkisstjórnin hefur leitazt við að leysa vandann á þann hátt, að engum sé íþyngt umfram það, sem nauðsyn rekur til, og engum ívilnað. Jafnframt hefur verið reynt að forðast allt, sem valdið gæti ágreiningi í milli flokka til þess þannig að auka líkur fyrir því, að frumvarpið nái samþykki Alþingis.

Hefur ríkisstjórnin í öllum þessum efnum notið aðstoðar hagfræðinganna, sem um margt hafa átt frumkvæðið að þeim úrræðum, er að hefur verið hnigið.

Mál þetta hefur verið mjög vel undirbúið. Má þar vísa til hinnar skilmerkilegu álitsgerðar hagfræðinganna, sem fylgir frumvarpinu og skýrir málið til hlítar. Um skýringu á einstökum greinum frv. vísast í aðalatriðum til hinnar hagfræðilegu álitsgerðar, en til viðbótar þykir rétt að taka eftirfarandi fram:

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um breytingu á gengi íslenzku krónunnar. Gengið er miðað við Bandaríkjadollar, og er það í samræmi við ákvæði sáttmála, dags. 27. des. 1945, um stofnun alþjóðagjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, sem Ísland er aðili að, sbr. lög nr. 105/1945 og auglýsingu nr. 2/1946. Hið skráða gengi er meðalgengi (par value), en Landsbanki Íslands skal ákveða og birta kaupgengi, sem ekki má vera meira en 1% undir, og sölugengi, sem ekki má vera meira en 1% yfir hinu skráða gengi. Er þetta einnig í samræmi við áðurgreindan sáttmála.

Um 2. gr.

Eftir núgildandi lögum, sbr. lög nr. 51/1940 og bráðabirgðalög nr. 92/1949, verður gengi íslenzkrar krónu ekki breytt nema með lögum. Eins og grein er gerð fyrir í meðfylgjandi álitsgerð, ber nauðsyn til, að gengisskráning í framtíðinni stuðli að því, að sem mestur jöfnuður sé á greiðslum við útlönd, án þess að grípa þurfi til óeðlilegra ráðstafana, svo sem gjaldeyrishafta. Er því lagt til, að ríkisstjórnin geti breytt genginu, eftir að hafa fengið tillögur bankastjórnar Landsbankans, þ. e. bankaráðs og bankastjóra. En Landsbankanum er lögð sérstök skylda á herðar um að gera ríkisstjórninni viðvart, þegar atvik hafa gerzt, sem kunna að gera nýja gengisskráningu nauðsynlega.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein skal einstaklingum, sem trúað hafa lánsstofnunum fyrir sparifé sínu alllangan tíma, eins og í greininni segir, og séð þeim þannig fyrir starfsfé, bætt að nokkru það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir vegna verðfalls peninga. Þykir sanngjarnt, að af gengishagnaði bankanna vegna eignar þeirra á erlendum gjaldeyri, þegar lög þessi taka gildi, gangi 10 milljónir króna til slíkra bóta, og að sá gengishagnaður, sem umfram er 10 milljónir króna, renni til ríkisins, er noti hann til greiðslu á skuldum sínum við Landsbanka Íslands. Hefur verið leitazt við að láta bæturnar sérstaklega renna til þeirra sparifjáreigenda, sem harðast hafa orðið úti vegna almennrar verðhækkunar og maklegastir eru bóta. Það athugist, að einstaklingur, sem átt hefur sparifé allan tímann frá árslokum 1939 til 1. júlí 1947, nýtur bóta bæði samkvæmt 1. og 2. tölul. 2. mgr.

Landsbankinn, sem hefur framkvæmd úthlutunar á hendi, skal gefa út innköllun til sparifjáreigenda að viðlögðum kröfumissi. Verða því þeir, sem telja sig eiga rétt til bóta, að segja til sín og sýna skilríki fyrir rétti sínum.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein skal reikna út í marz 1950 nýja vísitölufjárhæð, sem sett sé =100. Skal það gert á sama hátt og hingað til, en þó með þeim breytingum, að tekið skal fullt tillit til húsaleigu og útsöluverðs á kjöti. Launahækkanir eða launalækkanir samkvæmt ákvæðum 7. gr. skulu miðast við þennan vísitölugrundvöll fyrir marz 1950.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að veita almenningi kost á því að fá vitneskju um þá breytingu, sem orðið hefur á almennu kaupgjaldi frá því fyrir heimsstyrjöldina.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að hætt verði að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar og að sú launahæð í krónum, sem launþegar njóta, hvort heldur er samkvæmt lögum eða kjarasamningum, er lög þessi ganga í gildi, skuli talin laun í einu lagi, sem síðan hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 7. gr.

Um 7. gr.

Ákvæði 7. gr. eru reist á þeim grundvelli, sem lagður er með ákvæðum 4. og 6. gr. Hér eru gefnar reglur um það, hvernig þau laun, sem greidd eru, þegar frv. þetta verður að lögum, breytast samkvæmt ákvæðum þessara laga vegna breytts framfærslukostnaðar. En ekki takmarka ákvæðin rétt manna til þess að semja um annað kaupgjald, en geri þeir það, missa þeir rétt til kauphækkunar skv. þessari grein.

Ákvæðin miða annars vegar að því að hækka laun eftir tilteknum reglum, ef verðlag hækkar, en hins vegar að því að koma á jafnvægi milli kaupgjalds og verðlags.

Um 8. gr.

Hér er ákveðið, hvaða áhrif hinn breytti reikningsgrundvöllur, sem ákveðinn er í 4. og 6. gr., hefur á greiðslur, sem ekki teljast til launa, en greiðast eiga samkv. lögum um verðlagsuppbót.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að stemma stigu við hækkun verðlags, meðan jafnvægi er að skapast milli verðlags og kaupgjalds.

Um 10. gr.

Hér er lagt til, að álag á verðtoll samkvæmt 1. gr. laga nr. 2/1950 lækki úr 65% í 45%, og sú undanþága, sem getur í 2. gr. nefndra laga, haldist áfram.

Um 11. gr.

Um ástæður til skattálagningar þeirrar, sem í þessari gr. getur, nægir að vísa til hagfræðilegrar álitsgerðar þeirrar, sem frv. fylgir. Rækilegar reglur um skattgjöldin verða sett í reglugerð, sbr. 14. gr., og er ekki ástæða til að skýra þau frekar hér.

Um 12. gr.

Skattur sá, sem hér greinir, skal lagður á alla skattskylda aðila samkvæmt skattalögum, ef þeir fullnægja ákvæðum þessarar gr., einnig þá, sem nú njóta skattfrelsis samkvæmt sérstökum lögum, að forseta Íslands undanskildum. Meginreglan er sú, að skatturinn fellur á þær eignir einar, sem hækka í verði að krónutölu vegna gengislækkunarinnar. Þess vegna eru peningar, verðbréf og útistandandi skuldir dregnar frá hreinni eign, áður en skattur er lagður á, að því leyti sem þessir eignarliðir fara fram úr skuldum. Auk þess er öðrum skattaðiljum en hlutafélögum og samvinnufélögum heimilt að draga kr. 300 000 frá eign, áður en skattur er á lagður. Nánari reglur um skattálagningu þessa verða settar í reglugerð, sbr. 14. gr.

Um 13. og 14. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Með lögum þessum eiga að falla m. a. úr gildi ráðstafanir til styrktar framleiðslu sjávarafurða vegna afurðaverðs, þ. e. styrkir vegna ábyrgðarverðs, styrkir til lækkunar á framleiðslukostnaði, geymslugjald hraðfrystihúsa, heimild til ráðstöfunar á innflutningi, sem keyptur er fyrir gjaldeyri, er fengizt hefur fyrir sérstakar afurðir. Þá falla og niður lagaákvæði um sérstaklega hagkvæma skilmála fyrir rekstrarlánum handa sjávarútveginum, lagaákvæði um verðlagsuppbætur og önnur lagaákvæði, er fara í bága við tilgang laga þessara.

Fylgiskjal.

Hagfræðileg álitsgerð

Benjamíns Eiríkssonar og Ólafs Björnssonar.

FYRRI HLUTI: ÁSTAND OG STEFNUR

I. Inngangur.

Síðasta áratuginn hefur atvinnulíf Íslendinga verið í örum vexti. Í fyrstu jókst framleiðslumagnið sökum betri nýtingar vinnuafls og tækja, síðar sökum meiri og betri framleiðslutækja. Einkum hefur vöxturinn verið ör síðan styrjöldinni lauk. Sú stefna var tekin að verja innlendum innstæðum þegar í stað til innflutnings á nýjum framleiðslutækjum og í efni til fjárfestingarframkvæmda. Á vissan hátt er togarafloti og nýjar verksmiðjur, fleiri bátar, bílar og íbúðarhús lausn þýðingarmikilla vandamála atvinnulífsins. Nýtt skip þýðir, að tæknilegt eða verkfræðilegt viðfangsefni hefur verið leyst, en það viðfangsefni er samt aðeins brot af hinu hagræna viðfangsefni. Á hverjum tíma þurfa þau fyrirtæki, sem í notkun eru, gömul og ný, markaði fyrir afurðirnar og hæfilegt hlutfall milli framleiðslukostnaðar og verðlags. Nýju fyrirtækin þurfa aukinn innflutning rekstrarvara, aukið vinnuafl, hafnir og raforku. Sífelld fólksfjölgun krefst stöðugt aukins húsnæðis. Það er því nauðsynlegt, að vöxturinn í atvinnulífinu haldi áfram jafnt og þétt, enn fremur, að hann sé sem jafnastur og eðlilegastur á öllum sviðum. Það þarf fleiri tæki til framleiðslu, en það þarf líka íbúðarhús og betri vegi. Það er ekki nóg að efla sjávarútveginn. Eitt stærsta hagsmunamál bæjarbúa er aukin afköst í landbúnaðinum, því að án slíkrar aukningar getur ekki orðið um ódýrar landbúnaðarafurðir að ræða. Ódýrar landbúnaðarafurðir eru ein af helztu undirstöðum velmegunar þeirra, sem ekki vinna landbúnaðarstörf, en það er meiri hluti þjóðarinnar.

Þar sem ekkert er til, sem kalla mætti endanlega lausn afkomumála þjóðarinnar, þá virðist, að skynsamlegt sé fyrir þá, sem með ríkisstjórn fara á hverjum tíma, að taka þá stefnu að búa sem bezt í haginn fyrir sem jafnasta og heilbrigðasta þróun atvinnulífsins. Atvinnulífinu er bezt líkt við gróður, en ekki vélar. Verkefni yfirvaldanna verður þá að skapa þeim gróðri sem bezt skilyrði. Frá þessu sjónarmiði verður þýðingarmesta viðfangsefnið að viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þegar hann er í misvægi, verða þær ráðstafanir að fá forgangsrétt, sem nauðsynlegar eru til þess að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn, og þá einkum jafnvægi á viðskiptin við útlönd. En framkvæmd slíkrar stefnu getur orðið erfiðari, því lengur sem dregið er að framkvæma hana. Og jafnvægi í atvinnu- og fjármálalífinu er ekki eitthvað, sem fæst í eitt skipti fyrir öll, heldur þarf að viðhalda jafnvæginu með réttri stefnu og réttum starfsvenjum á hverjum tíma. Hæfilegur gjaldeyrisforði auðveldar mikið framkvæmdir slíkrar stefnu. Þótt vikið sé til um stefnu í ýmsum málum þjóðarbúsins, má framkvæmd hennar ekki eyðileggja heilbrigði peningamála og fjármála og koma þannig atvinnulífinu úr jafnvægi. Vandamál þjóðarbúsins eru mörg, og er því ekki hægt að rannsaka þau öll til hlítar né ræða að fullu gagni á stuttum tíma.

Í þessu áliti munum við ræða aðallega það, sem við teljum þýðingarmesta vandamálið, og miða tillögur okkar við lausn þess vandamáls. Það vandamál er jafnvægi þjóðarbúskaparins. Í raun og veru er það mál, sem áhrærir flest önnur, en mest þó

jafnvægið við útlönd. Ráðstafanir, sem gera verður, ef koma á verzluninni við útlönd í jafnvægi, verða ræddar, enn fremur framkvæmd þeirra. Þá verður og stuttlega minnzt á ráðstafanir, sem óhjákvæmilegar eru, ef halda á jafnvæginu í horfinu. Jafnvægi í þjóðarbúskapnum verður aðeins tryggt með vel skipulögðum peningastofnunum, með réttum starfsvenjum og með heilbrigði í fjármálum ríkisins. En mest veltur þó á vilja Alþingis og ríkisstjórnar á hverjum tíma. Og vilji vinnandi fólk sneiða hjá atvinnuleysi og gengislækkunum, þá þarf stefna verkalýðssamtakanna í kaupgjaldsmálunum að miðast við afkomu atvinnuveganna.

II. Fjárfesting með lánsfjárþenslu — eða jafnvægi.

Það má segja, að frá styrjaldarlokum og fram til ársins 1947 hafi innflutnings- og gjaldeyrisverzlunin verið frjáls að mestu. Auk þess var sú stefna tekin að nota rúmlega helming erlendu innstæðnanna til kaupa á fjárfestingarvöru til margvíslegra framkvæmda. Gekk því mjög á birgðir hins erlenda gjaldeyris. Enda þótt innflutnings- og gjaldeyrisverzlunin hafi verið frjáls, voru ekki þau skilyrði fyrir hendi, sem hefðu þurft að vera, ætti hún að haldast frjáls. Hefði markmiðið verið það að koma verzluninni í frjálsara horf, þá var í lok styrjaldarinnar bezta tækifæri til þess, sem komið hefur á seinni árum, sökum hins mikla gjaldeyris, sem þá var til. Það ráð var hins vegar tekið að hverfa að nýsköpunarstefnunni og því skotið á frest að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn. Hefði verið að því horfið að láta jafnvægi þjóðarbúskaparins ganga fyrir öðru, þá hefði innlenda fjárfestingin orðið að vera í samræmi við það, sem til var til slíkrar fjárfestingar innanlands, einkum vinnuaflið. Fjárfestingunni hefði þá verið haldið innan eðlilegra takmarka og beint inn á réttar brautir með lánastarfsemi bankanna og hóflegri þátttöku ríkisins. Á þann hátt hefði einnig orðið sneitt hjá ýmsum mistökum í framkvæmdunum. Til þess að afla fjár til hinna öru framkvæmda hefur orðið að auka óeðlilega mikið útlán bankanna og reka búskap ríkisins með miklum halla. Af þessu leiddi einnig, að sala gjaldeyrisforðans tók ekki úr umferð eins mikið laust fé og hún hefði átt að gera.

Á vissan hátt má segja, að um tvær grundvallarstefnur sé að ræða í atvinnu- og gjaldeyrismálunum. Fyrri stefnuna má kalla frjálsa verzlun, vegna þess að þegar þjóðarbúskapurinn er í jafnvægi inn á við, á ekki að þurfa að takmarka magn innflutningsins með verzlunarhöftum. Síðari stefnuna má kalla fjárfestingarstefnuna. Meðan hægt er að standast mikinn greiðsluhalla við útlönd, er hægt að samrýma frjálsan innflutning og óeðlilega öra fjárfestingu, en ekki þegar jafnvægi verður að vera við útlönd. Þegar leið hinnar frjálsu verzlunar er valin, getur fjárfesting í landinu og hallarekstur, ef einhver er, ekki verið meira en sem nemur sparifjármyndun inni, ef verðlag og gengi á að haldast óbreytt. Lánaaukning hjá bönkunum nemur þá aðeins eðlilegri aukningu handbærs fjár (cash) hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Aukin útlán til fjárfestingar og til þess að standa straum af hallarekstri nema aðeins sem svarar myndun nýs sparifjár.

Er erlendu innstæðurnar þraut, gátu báðar stefnurnar ekki samrýmzt. Haldið var áfram á fjárfestingarbrautinni og hert á verzlunarhöftunum. Fjárfestingin og hallareksturinn hafa verið meiri en sem sparifjármyndun, afskriftir og óúthlutaður arður félaga mundu hafa numið að óbreyttu verðlagi. Þegar fjárfestingin er meiri en þessu nemur, verður eitt af tvennu: Annaðhvort verður neikvæð fjárfesting erlendis, sem þýðir, að halli verður á greiðslujöfnuðinum við útlönd, eða að eins konar skattur er lagður á þjóðina, sem eykur sparifé í víðtækustu merkingu, einkum gróða. Aukningin gerist á þann hátt, að vöruskortur verður og verðlag stígur. Þegar vöruskortur verður og verðlag stígur, hrökkva tekjur neytandandans skemur en áður. Þegar neytandinn fær ekki af þessum orsökum jafnmikið fyrir tekjur sínar og áður, þá greiðir hann í raun og veru óbeinan skatt.

Það, sem gerzt hefur síðan styrjöldinni lauk á Íslandi, er það, að í fyrstu olli hinn frjálsi innflutningur og hin mikla fjárfesting því, að erlenda gjaldeyrinn þraut. Þar var einnig að verki annað tvennt: Fullhátt gengi og nokkur hallarekstur (a. m. k.

hjá ríkinu og sumum bæjarfélögum). En síðan 1947 hefur sá hluti fjárfestingarinnar og hallarekstrarins, sem greiddur er með óbeinum skatti á neytendurna innanlands, farið hækkandi, að minnsta kosti fram á árið 1949. Kjaraskerðingin, sem menn ræða nú um, stafar fyrst og fremst af því, að þjóðin er farin að greiða fjárfestinguna og hallareksturinn af tekjum sínum, um fram það, sem hún leggur fyrir af sparifé, afskriftum og ágóða af rekstri. Þó er mikilvægur hluti fjárfestingarinnar greiddur með Marshall-fé, eða kringum 45 milljónir króna á árinu 1949.

Fjárfestingin og hallareksturinn eru þannig skattur á þjóðinni, hár skattur. Samt er full ástæða til að ætla, að margir vilji hina miklu fjárfestingu, þótt hún sé óbeinn skattur, sem nú skerðir til muna afkomu manna. Ástæðan er sú, að menn óttast atvinnuleysi og telja hina miklu fjárfestingu tryggingu fyrir aukinni atvinnu og betri afkomu, þótt þetta sé ekki nema að nokkru leyti rétt. Þegar litið er á innflutninginn sést, að verulegur hluti hans eru beinar fjárfestingarvörur, þ. e. vörur, sem ekki er hægt að nota til neyzlu. En þó að þessi upphæð sé há, gefur hún þó ekki rétta hugmynd um áhrif fjárfestingarinnar á innflutninginn. Fjárfestinguna verður að mæla í því, hve mikið fjármagn er fest í nýjum framkvæmdum. Sumt af því fer til þess að kaupa fyrir hinar svonefndu fjárfestingarvörur, en annað fer í það að greiða vinnulaun. Vinnulaunin fara síðan að nokkru leyti til þess að kaupa fyrir innflutta neyzluvöru. Eigi sér stað óeðlilega mikil fjárfesting, hefur hún þau áhrif, að eftirspurnin eftir innfluttum neyzluvörum vex óeðlilega mikið. Það væri þess vegna misskilningur að álíta, að áhrif fjárfestingarinnar á innflutninginn sé aðeins að sjá í þeim tölum, sem sýna innflutning hinna svonefndu fjárfestingarvara. Í raun og veru eru áhrifin miklu meiri. Það, sem gerist, er:

a) Að í stað þess að framleiða annaðhvort vöru til neyzlu í landinu eða vöru til útflutnings, er vinnuaflið nú notað til þess að vinna að nýjum framkvæmdum í landinu. Útflutningurinn verður minni en ella og sömuleiðis framboð innanlands á heimaframleiddri vöru. Innflutningsþörfin vex.
b) Að meiri hluta útflutningsins en áður er varið til kaupa á fjárfestingarvörum og minni hluta hans til kaupa á neyzluvörum. Beiting verzlunarhafta til þess að draga úr innflutningi neyzluvöru er bein afleiðing óeðlilega mikillar fjárfestingar.

Þeir, sem eru gegn því, að afkoma manna rýrni, eru í rauninni að segja, að hætta beri þeirri fjárfestingu, sem er umfram sparifjármyndunina og fé erlendis frá. Þessu er auðveldast að koma í kring með því að gefa innflutningsverzlunina frjálsa og framkvæma þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að hún geti orðið frjáls og haldist frjáls. Að sjálfsögðu þarf tapreksturinn einnig að hætta.

Það fer því eftir sparifjármyndun og fé fengnu erlendis frá, hve eðlileg fjárfesting er mikil. Sé aðeins um eðlilega fjárfestingu að ræða, helzt jafnvægi í peninga- og verðlagsmálum, sem er helzta skilyrði frjálsrar verzlunar.

Nýjungar í framleiðslunni eru stöðugt á ferðinni. Hinir vantrúuðu eru alltaf jafnvantrúaðir og framkvæmdamennirnir alltaf jafnsannfærðir um ágæti hins nýja, sem þeir eru með á prjónunum. Hagkvæm notkun fjármagnsins og atvinnufyrirtækjanna er því miklu líklegri, þegar til lengdar lætur, ef verzlunin er frjáls, heldur en ef fjárfestingin er háð innflutningshöftum, og ef til vill eftirliti fjárfestingaryfirvalda.

Á vissan hátt má segja, að þjóðin greiði atkvæði í málinu, þegar hún skiptir tekjum sínum milli neyzlu annars vegar og sparnaðar hins vegar. Sú fjárfesting, sem hægt er að framkvæma án óæskilegra áhrifa á verðlag eða gjaldeyrisverzlun, er að mestu ákveðin með þessari skiptingu. Spari þjóðin meira fé en áður, aukast fjárfestingarmöguleikarnir. Venjur þjóðarinnar í þessum efnum eru því í raun og veru hennar úrskurður í málinu. Sömu verðmætum er ekki hægt að verja bæði til neyzlu og fjárfestingar. Ef ótakmörkuð verðmæti væru fyrir hendi til notkunar, væri ekkert hagrænt vandamál. Hið hagræna vandamál er það að skipta því, sem aflast, annars vegar milli neyzlu og hinna ýmsu tegunda neyzlu og hins vegar til geymslu og þá notkunar í framtíðinni. Hið síðara er nauðsynlegt, því að án þess einhver geymi verð-

mæti, verða engin varanleg framleiðslutæki atvinnulífsins sköpuð. — Þótt þjóðin hafi þannig með sparnaði sínum greitt um það atkvæði, hversu mikla fjárfestingu hún vilji í raun og veru, getur hún samt á pólitískum vettvangi greitt um það atkvæði, hvað hún vill, að ríkið afhafist mikið í þessum efnum. Með meiri sköttum getur ríkið að sjálfsögðu aflað sér aukins fjár til aukinnar fjárfestingar. Það er ekki óeðlilegt, að nokkur öflun fjár til fjárfestingar fari fram á þennan hátt. Auki ríkið hins vegar fjárfestinguna umfram það, sem tekjur þess leyfa, þ. e. með halla á fjárlögum, þá er gengið lengra en skattar og sparifjármyndun leyfa. Sú fjárfesting verður óbeinn skattur á þjóðinni. Það er erfitt að samræma annars vegar, hvernig neytandinn skiptir tekjum sínum milli neyzlu og sparnaðar og hins vegar pólitík, sem gengur út á það að auka fjárfestinguna það mikið, að hún verði óbeinn skattur á þjóðinni. Þó er hugsanlegt, að þjóðin hafi ekki á móti hinum óbeina skatti, ef hún telur aukna fjárfestingu nauðsynlega. En þá er ástæðulaust að kvarta um skerðingu afkomunnar sökum vöruskorts og hás verðlags. Þá er í þriðja lagi hægt að auka fjárfestinguna með því að bæta afkomu atvinnufyrirtækjanna. Sjóðir, sem hjá þeim myndast, auka fjárfestingarmöguleikana á sama hátt og sparifé einstaklinganna.

Setjum svo, að farin sé leið fjárfestingarstefnunnar. Þar sem sparifjármyndunin hrekkur ekki fyrir fjárfestingunni, eru ekki nægir sjóðir fyrir hendi til þess að hægt sé að greiða fyrir framkvæmdirnar. Það, sem þá gerist, er, að bankarnir auka útlán sín, án þess að þeir ráði yfir auknum innstæðum. Hefur orðið stórkostleg aukning á útlánum bankanna á undanförnum árum, og margfalt meira en það, sem myndazt hefur af sparifé. Meðan gjaldeyrisforðinn var til, var fjárfestingin greidd af gjaldeyrisbirgðunum. Síðan gjaldeyrisbirgðirnar þraut, kemur fjárfestingin (og taprekstur-inn)fram sem óbeinn skattur á tekjur manna innanlands. Þetta er ástandið, sem nú ríkir í landinu.

Þegar fjárfestingartímabilinu lýkur, er ástandið þannig, að gjaldeyrisforðinn, sem þjóðin átti, er genginn til þurrðar, auk þess hefur hún greitt hinn óbeina skatt af tekjum sínum, sem tekinn er með dýrtíð. Hins vegar hefur átt sér stað fjárfesting í nýjum skipum, verksmiðjum, húsum o. fl., sem þjóðin nú á. Þetta er allt í eigu einstakra manna, félaga, ríkis og bæja. Að því er séð verður hefur meiri hluti gjaldeyrisinnstæðnanna verið keyptur fyrir peningaeign þeirra aðila, sem fyrirtækin og húsin eiga. Innstæður þeirra í bönkunum hafa minnkað. Hinn hlutinn hefur verið keyptur fyrir nýmyndaða peninga, og hefur sú nýmyndun peninga haft í för með sér dýrtíð, sem rýrt hefur sparifjárinnstæðurnar. Nokkur tilflutningur á eignum hefur því átt sér stað, þannig að nýjar eignir hafa að nokkru leyti myndazt með hinum óbeina skatti dýrtíðarinnar og við rýrnun sparifjárinnstæðnanna.

Á styrjaldarárunum var sparifjármyndunin langtum meiri en fjárfestingin. Afgangurinn á greiðslujöfnuðinum myndaðist af þessum mismun, og var jafn honum. Gjaldeyrisforðinn myndaðist sökum þess að sparifé, afskriftir og óúthlutaður arður jókst. Þetta fé lagðist fyrir í bönkunum. Gjaldeyrisforðinn, sem myndaðist, svaraði til þessa fjár. Á vissan hátt er því hægt að segja, að eigendur þessara sjóða séu eigendur hins erlenda gjaldeyris, frekar en þjóðin í heild sinni, þó að pólitískt sé auðvitað umráðarétturinn yfir gjaldeyrisforðanum í höndum þjóðbankans og ríkisstjórnarinnar og þar með allrar þjóðarinnar. Þegar bankarnir mynda nýja peninga til útlána, sem svo koma fram sem eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, eru þeir í raun og veru að ganga á rétt þess fólks, sem á innstæðurnar. Lánaaukningin samfara fjárfestingunni veldur verðhækkun og auknum innflutningi. Verðhækkunin rýrir gildi innstæðnanna, auk þess minnkar gjaldeyrisforðinn vegna aukins innflutnings, og rýrir það sparifjárinnstæðurnar óbeint. Þegar um nokkurt hágengi er að ræða, eins og það, sem hefur verið á íslenzku krónunni, er kaupendum erlends gjaldeyris gefinn nokkur skerfur verðmæta, þar sem þeir fá hinn erlenda gjaldeyri sinn til kaupa á vöru til innflutnings lágu verði. Þegar þetta tímabil þrýtur, hafa eignir þeirra, sem spariféð eiga, verið rýrðar, auk þess sem óbeinn skattur hefur verið lagður á neytendurna með dýrtíð. Á hinn bóginn er gjaldeyririnn ekki lengur fyrir hendi, en lántakendur eru nú

eigendur hinna nýju framleiðslutækja. Fjárfesting undanfarinna ára hefur því að nokkru verið sérhagsmunamál nokkurs hluta landsmanna. Fjárfestingin hefur um leið verið sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna að svo miklu leyti sem hún eykur atvinnumöguleikana og tryggir afkomu þjóðarinnar.

Hefði sú leið verið valin í lok styrjaldarinnar að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn, þá hefði eignatilfærslan og óbeini skatturinn hvort tveggja orðið miklu minni. Allir, sem peninga áttu, hefðu getað fengið þann gjaldeyri, sem þeir óskuðu, en bankarnir hefðu ekki lánað gjaldeyrinn eins og þeir hafa gert með því að auka óeðlilega útlán sín. Þjóðin mundi nú búa við þann hag, sem er að frjálsri innflutningsverzlun og jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Þessi hlið málanna hefur verið rakin hér af þeim orsökum, að búast má við því, að verði sú leið farin, sem við mælum með, þ. e. að búa þannig í haginn, að hægt verði að gefa innflutningsverzlunina frjálsa, þá muni sumir menn verða á móti slíku á þeim grundvelli, að minni fjárfesting en nú á sér stað væri þjóðinni tjón, að frjáls verzlun væri of dýr fyrir þjóðina, í þeim skilningi, að atvinnuframkvæmdir yrðu minni, afköst og atvinnumöguleikar því minni en ella. Það er næsta líklegt, að þessum andmælum yrði hreyft, og einmitt hreyft af mönnum, sem mundu hugsa sig um tvisvar, áður en þeir tækju slíka afstöðu, ef þeim væri ljóst, hversu mikill skattur fjárfestingin (og hallareksturinn) er á þjóðinni, og hvernig sérhagsmunir liggja í sambandi við þennan skatt og þessa fjárfestingu. Launþegarnir í landinu hafa hag af auknum afköstum og auknum atvinnuskilyrðum. Þegar næg er atvinnan og atvinnufyrirtækin hafa að talsverðu leyti verið endurnýjuð og næg aukning þeirra hefur átt sér stað til þess að tryggja atvinnumöguleikana, kemur að því, hvort skatturinn verður ekki of þungur, borið saman við þann hag, sem þjóðin hefur af fjárfestingunni. Næg atvinnufyrirtæki eru nú fyrir hendi í landinu til þess að hægt sé að hafa næga atvinnu, þ. e. ekki almennt atvinnuleysi, ef markaðir eru fyrir hendi, og eitt helzta skilyrði þess, að markaðir séu fyrir hendi er, að Íslendingar bjóði vöru sína á svipuðu verði og aðrir. Almennt atvinnuleysi vegna skorts á framleiðslutækjum er því ekki að óttast. Hins vegar yrði að eiga sér stað nokkur tilfærsla á fólki úr fjárfestingarframkvæmdum og innlenda iðnaðinum yfir í útflutningsframleiðsluna. Jafnvægi á þjóðarbúskapnum og frjáls verzlun myndi á engan hátt þýða, að allar framkvæmdir stöðvuðust eða að fjárfestingin yrði óeðlilega lítil. Aðeins sú fjárfesting, sem greidd er með lánsfjárþenslu, mundi hætta. Mikill framkvæmdahugur er í mönnum, og af miklu fé er að taka til framkvæmda, þótt lánsfjárþensla komi ekki til.

Munurinn á frjálsri verzlun annars vegar og fjárfestingarstefnunni hins vegar er sá, að frjáls verzlun og það sem henni fylgir, leiðir til jafnvægis í atvinnulífinu. Fjárfestingarstefnan skapar með lánsfjárþenslu sinni misvægi í verzlun og verðlagi, kaupgjaldi og fjármálum. Pólitískt og þjóðfélagslega séð er mögnuð fjárfesting erfið og á margan hátt óæskileg, þótt á tímum almenns atvinnuleysis sé margt hægt að segja henni til bóta. Á tímum sem nú virðist frjáls og heilbrigð verzlun æskilegri meðfram sökum þess, að hún er öflugt tæki til þess að viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Hér á Íslandi mundi frjáls verzlun ekki aðeins gerbreyta viðhorfi manna í verzlun og framleiðslu heldur einnig hafa víðtæk þjóðfélagsleg og pólitísk áhrif til hins betra.

III. Orsakir dýrtíðarinnar.

Íslenzkri hagþróun seinustu tíu árin má skipta í tvö tímabil: Stríðstímabilið og tímabilið síðan stríðinu lauk. Bæði tímabilin einkennast af dýrtíð, en orsök dýrtíðarinnar er ekki sú sama þessi tvö tímabil.

Þegar styrjöldin skall á, urðu tvær þýðingarmiklar breytingar: Verð á fiski í Bretlandi hækkaði ört, og farmgjöldin hækkuðu í áföngum um 200—250%. Bæði útflutningsverðlagið og innflutningsverðlagið hækkuðu, og þó meir hið fyrra. Þegar liðið er fram á árið 1941, hafði innflutningsverðlagið tvöfaldazt, en útflutningsverðlagið þrefaldazt. Hefði átt að koma í veg fyrir hækkun verðlags, þá hefði þurft að hækka gengi krónunnar til mikilla muna. Þetta var í fyrstu gert og gengið hækkað

smám saman í 20.56 kr. sterlingspundið. En síðar var frá þessu horfið og gengið lækkað að nýju í kr. 26.22. Hið lága gengi veitti svo hinu háa útflutningsverðlagi inn í landið í mynd hárra tekna og hinu háa innflutningsverðlagi sem háu útsöluverði innanlands. Það hefði ef til vill ekki verið æskilegt að koma í veg fyrir alla verðhækkun, en það hefði verið auðvelt að koma í veg fyrir hækkun á verðlagi umfram það, sem varð í Bretlandi. Hefði gengið verið hækkað smám saman um allt að 100%, myndi útflutningsverðlagið samt hafa hækkað um 50% í íslenzkum krónum og því valdið hækkun á kaupgjaldi og tekjum.

Það er því lággengi krónunnar þessi ár, sem veitir erlendum verðhækkunum og áhrifum hærri farmgjalda inn í landið og getur því á vissan hátt talizt höfuðorsök dýrtíðar styrjaldaráranna. Orsök hækkandi verðlags þessi ár er misræmið milli innlends og erlends verðlags. Í árslok 1942 hafði verðlag og kaupgjald innanlands stigið til móts við hærra verðlag erlendis og þannig gert gengið eðlilegra. Í lok ársins 1942 hafði hið nýja jafnvægi nokkurn veginn náðst, og stóð vísitala framfærslukostnaðarins í 272. Frá þeim tíma og til stríðsloka hélzt hún að mestu óbreytt og var 274 í maí 1945, en þó með talsverðum niðurgreiðslum. Þetta tímabil var verðlaginu haldið í horfinu innanlands af verðlagi í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Öll þessi ár var sparifjármyndunin langtum meiri en fjárfestingin, og mynduðust erlendu innstæðurnar af mismuninum. Frá bæjardyrum Breta horfir málið þannig við, að hallinn á ríkisbúinu og fjárfestingin var þetta tímabil langtum meiri en sparifjármyndunin, og kemur mismunurinn fram sem greiðsluhalli við aðrar þjóðir, þ. á m. Íslendinga.

Þegar styrjöldinni lýkur, verða þáttaskipti í íslenzku atvinnulífi. Fjárfestingin er stóraukin og verður fljótt langtum meiri en sparifjármyndunin.

Sökum þess að innflutningurinn var í rauninni frjáls fram á mitt ár 1947, hafði þetta þau áhrif, að mikill greiðsluhalli varð við útlönd, en áhrif á verðlag innanlands að miklu leyti takmörkuð við hækkun á erlendu verðlagi þetta tímabil. Meðalverðlag útflutningsins hækkar um kringum 20% frá 1945 til 1947, og meðalverðlag innflutningsins um kringum 15%, aðallega síðara árið.

En síðan tekið var að beita verzlunarhöftunum að nýju hafa áhrif hinnar miklu fjárfestingar orðið vöruskortur og verðhækkun innanlands. Það er erfitt að gera sér grein fyrir þessari hækkun, þar sem engin almenn verðlagsvísitala er til. Sú vísitala, sem reiknuð er, er vísitala framfærslukostnaðar, og er því ekki reiknuð með það fyrir augum að sýna breytingar á almennu verðlagi.

Orsök dýrtíðar árin eftir stríðið er því sú, að fjárfesting og hallarekstur annars vegar nema meiru en sparifjármyndun, afskriftum og óúthlutuðum arði hins vegar, að óbreyttu verðlagi og peningatekjum þjóðarinnar. Þær tekjur, sem myndazt hafa af þessum mismun, eru nettóaukning eftirspurnarinnar eftir vörum og þjónustu, svo að hún verður meiri en framboðið. Aukin eftirspurn leiðir til aukins innflutnings og greiðsluhalla við útlönd, meðan verzlunin er frjáls, en til vöruskorts og verðhækkunar, þegar innflutningurinn er takmarkaður. Raunverulega dreifast áhrifin þannig, að nokkur greiðsluhalli verður, og verðlag verður að nokkru hærra en ella.

Þegar ný fyrirtæki myndast á tilteknu tímabili, þýðir það, að verðmæti jafnt verðmæti þeirra hefur verið tekið frá neyzlu manna á tímabilinu (nema þau séu heimfluttar erlendar eignir eða greidd með erlendum lánum, sem hvort tveggja má líta á sem neikvæða fjárfestingu). Auk þess hefur neyzlan á tímabilinu orðið minni en tekjurnar sem nemur hallarekstrinum. Fjárfestingin og hallareksturinn annars vegar og sparifjármyndunin í víðtækustu merkingu hins vegar eru alltaf jöfn. **Verðhækkunin eða dýrtíðin er sú aðferð, sem eykur peningatekjur þjóðarinnar og skapar því á óbeinan hátt nægilega aukningu sparifjár og gróða til þess að vega upp á móti aukningunni í fjárfestingunni og hallarekstrinum á hverjum tíma.**

Í jafnvægisástandi myndast tvenns konar tekjur: Úr framleiðslu til neyzlu, hvort heldur eru vörur eða þjónusta, og úr fjárfestingarframkvæmdum. Ef framleiðslan er halla- og gróðalaus, nema tekjurnar úr henni nákvæmlega jafnmiklu og verð-

mæti afurðanna. Nokkur hluti teknanna er ónotaður, þ. e. sparifé, og kemur ekki fram sem eftirspurn tekjuhafans eftir vörum. Séu fjárfestingarframkvæmdirnar greiddar með því sparifé, sem myndast á tímabilinu, þá svara tekjur þeirra, sem í þeim vinna, til hins ónotaða hluta tekna annarra. Þannig koma engar tekjur fram sem eftirspurn eftir afurðum á tímabilinu, nema sem svara til framleiðslu afurða. Nokkur hluti þeirra tekna, sem myndast í framleiðslu afurða, er ekki notaður til kaupa á þessum sömu afurðum (eða öðrum afurðum, sem fengnar eru í skiptum fyrir þær með verzlun og því nákvæmlega jafnar að verðmæti). Það er því hægt að mynda nýjar tekjur við framleiðslu á gæðum, sem ekki koma á markaðinn á tímabilinu, heldur eru geymd til framtíðarinnar, þ. e. til fjárfestingar. Auðvelt er að vita, hversu miklu þessar nýju tekjur mega nema, án þess að misvægi verði milli framboðs og eftirspurnar á vörum og þjónustu, því að hinn ónotaði hluti teknanna er sparifé. Myndist afskriftir og óúthlutaður arður hjá fyrirtækjum, má einnig mynda nýjar tekjur sem svarar því, því að til þeirra svara framleiddar afurðir, en engar tekjur, sem notaðar eru til kaupa á afurðum og þjónustu á tímabilinu.

Verðhækkunin og aukning sparifjár og gróða gerast á eftirfarandi hátt: Bankarnir lána út fé, sem er umfram það sparifé, afskriftir og óúthlutaðan arð, sem þeim berst á sama tíma. Enginn banki getur gert þetta til lengdar nema seðlabankinn. Í bráðina geta aðrir bankar gert þetta með því að minnka sjóði sína. Þessi lán geta átt upptök sín hjá ríkinu og valdið þar greiðsluhalla. Þá getur ríkið einnig knúið bankana til þess að halda uppi hallarekstri annarra. Þetta fé myndar tekjur annaðhvort í fjárfestingarframkvæmdum eða í hallarekstri. Ef um fjárfestingu er að ræða, koma engar afurðir á markaðinn, sem hægt væri að nota tekjurnar til þess að kaupa á tímabilinu. Ef um hallarekstur er að ræða, þá eru tekjur þeirra, sem að framleiðslunni vinna, meiri en verðmæti afurðanna, sem framleiddar eru. Tekjurnar eru eftirspurnin, verðmæti afurðanna framboðið. Hallinn á rekstrinum mælir, hve miklar umframtekjur myndast, hve miklu eftirspurnin nemur umfram framboðið. Þó þarf að draga frá hallanum þann hluta umframteknanna, sem tekjuhafarnir spara. Á þennan hátt verður hin almenna eftirspurn eftir vörum og þjónustu til neyzlu meiri en framboðið, þegar fjárfesting og hallarekstur eru meiri en sparifjármyndunin. Ef við bætist, að minna er flutt inn af nevzluvöru en áður, verður misvægið milli framboðs og eftirspurnar enn meira. Verðlagið stígur sökum minnkandi birgða og aukinnar neyzlu í fyrstu, síðar sökum vöruskorts. Gróði framleiðenda fyrir innanlandsmarkaðinn vex, einnig gróði milliliða.

Sé verðlaginu haldið niðri með verðlagseftirliti, þýðir það, að ekki þarf allar tekjurnar til þess að kaupa það, sem fæst af vörum. Þegar menn hafa t. d. greitt hið lága smjörverð, eiga þeir hlutfallslega meira eftir af tekjum sínum en áður, sem þeir þá geta notað til kaupa á öðru. Þetta leiðir m. a. til þess, að húsaleigan í nýju húsunum verður hærri en ella. Samt verður meira fé afgangs en áður, þegar menn hafa keypt það, sem þeir telja nauðsynjar sínar. Meira handbært fé eða sparifé myndast en áður. Og þar sem allt er auðselt, vex gróði þeirra, sem framleiða fyrir innlenda markaðinn, t. d. í alls konar iðnaði, og sömuleiðis gróði af verzlun. Gróði hækkar og því varasjóðir og afskriftir. Vörubirgðir minnka (neikvæð fjárfesting). Það er fyrirfram vitað, hversu miklu þessi aukna sparifjármyndun — í víðtækustu merkingu — nemur. Hún er nákvæmlega jöfn umframtekjunum, þ. e. aukningu fjárfestingar og hallarekstrar, að því tilskildu, að greiðslujöfnuður við útlönd sé óbreyttur. Breytist hann, sýnir sú breyting þann mun, sem er á hinu nýja sparifé og tekjuaukningunni í fjárfestingunni og hallarekstrinum. Sé fjárfestingin hluti af hallarekstri hjá ríkinu, má ekki telja hvort tveggja hluta af nýmynduðum tekjum eða aukinn greiðsluhalla við útlönd.

Þegar fjárfestingarstefnan er tekin upp, má greiða fyrir fjárfestingunni með dýrtíðaraðferðinni. Þekktasta dæmið er Rússland, einkum 1928 til 1936. En það má einnig auka sparifjármyndunina með sköttum, eins og gert hefur verið í mörgum löndum síðan styrjöldinni lauk.

IV. Skoðanir og reynsla Íslendinga í verzlunarmálum.

Sökum fábreytni atvinnulífsins hefur hagur þjóðarinnar alla tíð verið nátengdur ástandinu í verzlunarmálunum, þar sem fábreytt framleiðsla gerir nauðsynleg viðskipti við aðrar þjóðir. Reynsla þjóðarinnar í þeim efnum er gömul og margbreytt. Viðskiptakjörin, þ. e. hlutfallið milli verðlags á útfluttri og innfluttri vöru, hafa mikil áhrif á afkomuna.

Ósjálfstæð verzlun er talin hafa átt mikinn þátt í falli þjóðveldisins. Höfuðmál forvígismannanna í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga var — þegar frá er talið pólitískt sjálfstæði — frjáls verzlun. Jón Sigurðsson barðist fyrir frjálsri verzlun á þeim grundvelli, að þjóðinni hefði vegnað betur eða verr, eftir því sem slakað eða hert var á verzlunarhöftunum.

Hinar miklu framfarir, sem urðu á þrem fyrstu áratugum þessarar aldar, má þakka athafnafrelsinu í atvinnumálunum og þá fyrst og fremst hinni frjálsu verzlun. Þegar verzlunarhöftin voru innleidd að nýju 1931, var stigið vafasamt spor. Markaðstöpin voru tilfinnanlegt áfall, en komu ekki fyrr en 1934. Þegar einu sinni er komið inn á braut verzlunarhaftanna, skapast margs konar kringumstæður, sem gera afnám þeirra erfitt. Þannig er engin tilraun gerð til þess að losna við höftin á verzluninni allan fyrsta áratuginn, sem þau voru í gildi, þrátt fyrir hið batnandi verðlagshlutfall, sem hækkaði úr 81 fyrir árið 1932 í 114 fyrir árið 1935. Allan þann áratuginn átti athafnalífið erfitt uppdráttar, þrátt fyrir góð aflaár til sjávarins.

Verðfall erlendis á útflutningsafurðum, samtímis því sem framleiðslukostnaðinum er haldið uppi með óbreyttu kaupgjaldi, leiðir til hallarekstrar. Hallarekstrinn leiðir til atvinnuleysis, nema honum sé haldið við með auknum útlánum bankanna. Sökum hallarekstrar og aukinna útlána skapast mismunur á innlendu og erlendu verðlagi, sem torveldar framleiðslu til útflutnings og eykur eftirspurnina eftir hinum tiltölulega ódýra innflutta varningi. Einstaklingar og félög eiga erfitt um verklegar framkvæmdir sökum hallarekstrar og innflutningshafta og leggjast þær niður nema teknar séu upp af ríki eða bæjum.

Fyrstu og stærstu sporin í atvinnuþróuninni á þessari öld voru kaupin á togaraflotanum, sem voru að öllu leyti einkaframtak. Sú þróun var lömuð í bili við sölu talsverðs hluta hans í fyrri heimsstyrjöldinni. Eftir að verzlunarhöftin höfðu verið innleidd, staðnaði þróun útgerðarinnar að miklu leyti. Allan fjórða áratuginn bættist togaraflotanum aðeins eitt eða tvö ný skip, þótt nýjustu skipin bæru sig vel, en flest gömlu skipin ekki.

Hefði þjóðin búið við frjálsa innflutningsverzlun, er ósennilegt, að stöðnunin hefði orðið jafnlangvinn og raun ber vitni. Í fyrstu þrengja höftin athafnasvigrúm einstaklinga og félaga, síðan skapa þau andrúmsloft getuleysis og lömunar. Stöðnunin í verklegum framkvæmdum varð til þess, að ríki og bæir tóku að sér að hrinda fram ýmsum nauðsynlegum og ágætlega arðbærum framkvæmdum. Stærstu framkvæmdirnar voru bygging síldarverksmiðjanna og virkjun Sogsins. Höftin lama ekki hið opinbera á sama hátt og einstaklingana.

Flestir Íslendingar munu í orði kveðnu vera fylgjandi frjálsri verzlun. Þær skoðanir eru hluti af andlegum arfi þjóðarinnar. Slík afstaða er ekki óeðlileg hjá þjóð, sem kaupir að um tvo fimmtu hluta alls, sem hún notar. Þó er svo komið, að í næstum tvo áratugi hefur Alþingi fylgt haftastefnunni, þótt yfirlýsing um hið gagnstæða hafi verið gefin einu sinni eða tvisvar. Megin ástæðurnar fyrir þessu viðhorfi hafa verið tvær: Vantrúin á, að frjáls verzlun væri möguleg, sökum þess að ytri aðstæður, einkum verzlunarhöft í viðskiptalöndunum, gerðu Íslendingum ókleift að hafa eigin verzlun frjálsa, og svo að nægilegur erlendur gjaldeyrir væri ekki fyrir hendi.

Í köflunum, sem hér fara á eftir, verður fyrst stuttlega minnzt á nokkrar helztu röksemdirnar í verzlunarmálunum, þann hag, sem er af frjálsri verzlun og skilyrði þau, sem þurfa að vera uppfyllt til þess að verzlunin geti verið frjáls. Síðan verða ræddar ráðstafanir, sem gera þarf, ef stefna á að því að létta höftunum af verzluninni,

einkum höftunum af innflutningsverzluninni, og gera verzlunina eins frjálsa og ytri aðstæður leyfa.

V. Hagur af frjálsri verzlun.

Með frjálsri verzlun var áður fyrr átt við verzlun, sem var tollfrjáls. Í þessu áliti þýðir frjáls verzlun, að verzlunin er án innflutnings- og útflutningshafta, sem takmarka magn það, sem verzlað er með, þ. e. verzlun án hafta, sem stafa af gjaldeyrisskorti. Við skulum hér ræða í stuttu máli þann hag, sem er af frjálsri innflutningsverzlun.

Fyrsti og augljósasti hagurinn af frjálsri innflutningsverzlun er hið frjálsa val neytendanna. Þeir fá frelsi til að velja það af vöruframboðinu, sem þeir girnast mest. Sá, sem kaupir hrærivél, hefði e. t. v. annars keypt útvarp, ef hrærivélar væru ekki á boðstólum. Hið frjálsa val gerir, að neytandinn er ánægðari með það, sem hann fær fyrir peningatekjur sínar. Hann fær í raun og veru meira fyrir þær til uppfyllingar þarfa sinna en ella. Tekjur hans eru honum drýgri. Hið frjálsa val þýðir hins vegar ekki, að meira er keypt, þar sem tekjurnar eru hinar sömu, hvort valið er frjálst eða ekki. Fái menn ekki keypt það, sem þeir vilja helzt, kaupa þeir það, sem er næst á óskalistanum. Heildarvörumagnið á markaðinum verður því að vera hið sama, hvort heldur valið er frjálst eða ekki, eigi verðlag ekki að stíga sökum vöruskorts.

Hið frjálsa val gerir kaupmanninn háðari neytendunum. Keppnin um söluna veldur því, að kaupmenn verða að leitast við að selja sem ódýrasta og vandaðasta vöru og veita sem greiðust viðskipti. Af því leiðir aftur, að kaupmanninum er það brýn nauðsyn að kaupa sem hagkvæmast.

Þetta er einkum þýðingarmikið fyrir þjóð, sem fær stóran skerf alls, sem hún þarf til lífsins, erlendis frá. Kaupmennirnir, sem flytja inn, komast fljótt að raun um, að allt veltur á gæðum og verði vörunnar, þar sem öllum er frjálst að flytja inn sams konar vörur. Þegar svona stendur á, hefur þjóðin fulltrúa, sem gera innkaup hennar, er setja afkomu sína og eignir að veði fyrir hagkvæmum innkaupum. Fáist að meðaltali 5% lægra innkaupsverð erlendis sökum fyrirhafnar innflytjendanna, munar slíkt þjóðina sennilega um meira en 1—2% af þjóðartekjunum.

Fábreytni atvinnulífsins veldur því, að fáar tegundir afurða er að selja, en margar að kaupa. Torvelt er að fylgjast með hinum margþættu innkaupum, en hagkvæm innkaup eru jafnnauðsynleg og hagkvæm sala útflutningsafurða. Innkaupin krefjast sérþekkingar bæði á vörum og mörkuðum, ef þau eiga að vera hagkvæm þjóðinni. Sé innflutningurinn frjáls og frjáls samkeppni innanlands, rennur ágóðinn af slíkri verzlun til neytendanna. Undir slíkum skilyrðum getur verzlunin í lengdina ekki gert betur en borgað dreifingarkostnaðinn að viðbættum þeim arði, sem fjármagn í verzluninni gæti annars aflað annars staðar.

Þjóðartekjurnar eru helzti mælikvarðinn á afkomu þjóðarinnar. Hæð þeirra fer eftir því, hvernig framleiðsluöflin eru notuð, hvernig þeim er skipt milli hinna einstöku greina atvinnulífsins. Neytandinn ræður, hvernig þessi skipting framleiðsluaflanna fer fram, þegar markaðurinn er frjáls. Auki hann kaup sín á heimaframleiddri vöru, er framleiðslan aukin. Þar, sem neytandinn þannig ræður, hvaða vara er framleidd, ræður hann einnig, hvernig fjárfestingunni er hagað, því að fjárfestingin leitar inn í þær greinar atvinnulífsins, þar sem eftirspurnin eftir vörum og þjónustu er mest. (Sbr. þó, það sem segir hér á eftir um innflutning á fjárfestingarvöru).

Neytandinn ræður einnig innflutningnum með því að velja á milli innfluttrar og heimaframleiddrar vöru. Á Íslandi má gera ráð fyrir, að menn verji a. m. k. 30—40% tekna sinna til kaupa á innfluttri vöru, miðað við það verðlag, sem mundi vera á innfluttri og útfluttri vöru, ef öll verzlunin væri frjáls og innlent og erlent verðlag sambærilegt, og skipting framleiðslunnar milli heimamarkaðarins og útflutningsins í samræmi við það. Væri álagning á innfluttu vöruna reiknuð með í verðmæti hennar, mundi sá hluti teknanna, sem varið er til kaupa á henni, vera hærri.

Með frjálsu vali ræður neytandinn, hvaða vörur eru fluttar inn til neyzlu og neyzluvöruframleiðslu, og hvaða vörur eru framleiddar til neyzlu í landinu. Að því er snertir fjárfestingarvörur, ræður hann innflutningnum aðeins, þegar um fjárfestingu til framleiðslu á vörum til neyzlu innanlands er að ræða, því að þá er hann kaupandi afurðanna.

Neytandinn ræður einnig skiptingu innflutningsins í neyzluvörur og vörur til fjárfestingar. Hugsum okkur, að neytandinn noti 90% af tekjum sínum til neyzlu. Ef við gerum ráð fyrir, að helmingur allrar neyzlu séu innfluttar vörur, eða vörur úr innfluttu efni, þá þýðir það, að hann kaupir innfluttar vörur fyrir 45% af tekjum sínum. Vinni hann að framleiðslu til útflutnings, eru þannig sem samsvarar 55% af tekjum hans erlendur gjaldeyrir, sem hann kaupir ekki fyrir. Hinn helmingur neytendanna, sem fær tekjur sínar úr framleiðslu til notkunar innanlands, notar svo önnur 45% af erlenda gjaldeyrinum til þess að kaupa fyrir sínar neyzluvörur. Eftir verður þá gjaldeyrir, sem svarar til þess, sem neytendurnir hafa sparað. Fyrir hann er hægt að flytja inn fjárfestingarvörur, án þess halli verði á gjaldeyrisverzluninni. Þannig myndi í aðalatriðum ástandið vera, ef atvinnulífið, verzlunin og gjaldeyrisverzlunin væru í jafnvægisástandi. Þær einföldu tölur, sem notaðar hafa verið í þessu dæmi, eru þó að nokkru leyti af handahófi.

Fráls verzlun tryggir því, að raunverulegar þjóðartekjur verða hærri en ella, þar sem framleiðsluöflin eru þá notuð í þeim greinum, þar sem þau skila mestum afrakstri. Á þetta atriði verður minnzt síðar í sambandi við skrif um hinn svokallaða frjálsa gjaldeyri. En í sem stytztu máli má segja þetta á þann hátt, að þótt hægt sé að framleiða útvarpstæki í landinu, þá borgi sig samt ekki að gera það, ef hægt er að framleiða fisk með minni tilkostnaði og fá útvarpstæki í skiptum fyrir fiskinn. Hins vegar getur þó borgað sig að styðja eða efla framleiðslu, sem styrkir þjóðarbúskapinn og gerir hann sjálfstæðari á krepputímum, þ. e. a. s. framleiðslu, sem stendur í sambandi við höfuðatvinnuvegina, þótt hún sé ekki fyllilega samkeppnisfær við erlenda framleiðslu.

VI. Helztu áhrif verzlunarhafta.

Það hefur þegar verið á það minnzt, að þegar neytandinn fær ekki keypta þá vöru, sem hann kýs helzt, kaupir hann það, sem næst er á óskalistanum. Það er því ósennilegt, að eftirspurn eftir vörum til neyzlu minnki, þegar innflutningshöft eru sett. Þess vegna er það tilgangslítið að banna innflutning á einstökum vörutegundum, nema það sé víst, að í móti komi aukin framleiðsla á vöru, sem kemur beinlínis í stað innfluttu vörunnar, annars flyzt eftirspurnin yfir á vörutegundir, sem þá þarf að flytja inn meira af. Það má samt geta þess, að næsta líklegt er, að slík framleiðsla sé fjárhagslega óhagkvæm, þar sem hún þarf verndar innflutningshaftanna. Minnki heildarmagn innflutningsins, beinist eftirspurnin að vörum framleiddum í landinu sem hækkar verð þeirra, eða leiðir til aukinnar framleiðslu á þeim. Hvort heldur eftirspurnin beinist að vöru, sem þegar er framleidd í landinu, eða að vörum, sem hafin er framleiðsla á, þá eykur sú breyting tekjur, sem fengnar eru úr framleiðslu til neyzlu innanlands.

Við það, að verð stígur á vörum framleiddum innanlands, verða kaup á erlendum vörum enn hagkvæmari en áður. Ef ekki er verðlagseftirlit, vex stórlega gróði innflytjendanna. Verðlagseftirlit getur komið í veg fyrir einokunargróða á vissum sviðum, en ræður engu um hið almenna verðlag í landinu. Að því kemur, að samkeppni innflytjendanna um sölu minnkar eða hverfur, þar sem allt er hægt að selja, enn fremur, að hagkvæm innkaup verða lítils virði, borið saman við rétt til innflutnings. Í litlu þjóðfélagi — eins og hér á Íslandi — gætir svo brátt stjórnmálaáhrifanna, og eru öll þessi áhrif kunnari en svo, að rekja þurfi.

Áhrif haftanna á notkun framleiðsluaflanna og skiptingu þeirra milli atvinnugreinanna eru langtum meiri og sterkari en áhrif tollanna. Hin arðbæra heimaframleiðsla dregur vinnuaflið og fjármagnið til sín frá útflutningsframleiðslunni. Erfiður

rekstur (gerður enn erfiðari með innflutningshöftunum) og innflutningshöft lama svo fjárfestinguna í útflutningsframleiðslugreinunum og valda stöðnun í þeim hluta atvinnulífsins. Fjárfestingin leitar í aðra farvegi. Enn fremur geta innflutningshöft haft slæm áhrif á fjárfestingu í útflutningsframleiðslunni með því að torvelda innflutning fjárfestingarvara, sem yfirvöldin telja ekki heppilegar án þess að hafa nægilega þekkingu til að dæma. Höftin hafa því mikil áhrif á þróun atvinnulífsins sökum áhrifa þeirra á fjárfestinguna og þess ástands, sem þau skapa innanlands.

Höfuðskilyrði frjálsrar verzlunar er, að greiðslurnar séu frjálsar, þ. e. að hægt sé að greiða erlendis, ef íslenzkir peningar eru fyrir hendi. Þegar greiðslurnar eru ekki lengur frjálsar, torveldast viðskiptin. Gjaldeyrishöft eru venjulega þannig til komin, að snöggar breytingar hafa orðið í utanríkisverzluninni. Gjaldeyrisforðinn hefur reynzt of lítill til þess að menn hafi treyst sér til þess að standast hinar óeðlilegu sveiflur. Ef atvinnulífið, fjármálin og peningamálin eru á heilbrigðum grundvelli, er engin ástæða til, að gjaldeyrisskort geti borið að höndum, nema rétt í bili, og þá því aðeins, að miklar og snöggar breytingar verði á utanríkisverzluninni. Þegar svo gjaldeyrishöftin hafa einu sinni verið sett, skapast venjulega þannig ástand, að eftirspurnin eftir gjaldeyri verður meiri heldur en framboðið. Menn virðast eiga erfitt með að átta sig á því, að eigi gjaldeyrishöftin aðeins að vera bráðabirgðaráðstafanir, verður að haga stefnunni í atvinnu- og fjárhags- og peningamálum á sama hátt eins og engin höft væru. Þá verður fljótlega hægt að losna við höftin. Reynslan er hins vegar sú, að þegar einu sinni er búið að setja höftin, færast menn fjær en ekki nær því að geta afnumið þau. Skapast venjulega fljótlega ástand, þar sem virðist stöðugur skortur á erlendum gjaldeyri. Orsök þessa er sú, að slakað er á kröfunni um heilbrigða stefnu í fjármálum og bankamálum. Traustið á peningunum minnkar bæði innanlands og erlendis, og er það eitt af því, sem torveldar afnám haftanna.

Venjulegasta viðbáran gegn því að afnema gjaldeyrishöft er skortur á gjaldeyri. Menn virðast þeirrar skoðunar, að of lítið aflist af erlendum gjaldeyri. Gjaldeyrisskorturinn er það fyrst og fremst, að ónóg er til af erlendum gjaldeyri til þess að fullnægja eftirspurninni, eins og hún kemur fram í íslenzkum peningum. Með því að hækka verðið á erlenda gjaldeyrinum, en halda tekjunum svipuðum og áður, væri auðvitað hægt að skapa jafnvægi, og yrði þá ekki um neinn gjaldeyrisskort að ræða. Það, sem ákveður, hve mikið er hægt að flytja inn, er ekki, hve margar eða fáar krónur andvirði útflutnings er, heldur, hve mikið andvirðið er í erlendum gjaldeyri. Hve mikið er hægt að kaupa fyrir andvirði útflutningsins, fer því ekki eftir innflutningshöftum né gengi. Stundum er átt við það, þegar talað er um gjaldeyrisskort, að gjaldeyririnn hrökkvi ekki fyrir hæfilega miklum innflutningi. Upplýsingar þær, sem fyrir hendi eru um gjaldeyrisöflunina nú og fyrir stríð, sýna, að þessi skoðun er ekki rétt. Á árinu 1948 aflaðist t. d. nægur gjaldeyrir fyrir næstum tvöfalt meiri innflutningi á hvern íbúa en fyrir stríð. Við þetta bætast svo Marshall-framlög og -lán og önnur erlend lán.

Landsverzlun.

Það, sem sagt hefur verið hér að framan um haftastefnuna, á einnig við, ef tekið er upp fyrirkomulag hinnar svokölluðu landsverzlunar, þ. e. að ríkið hafi einkarétt á öllum innflutningi. Öll innkaup á erlendum varningi yrðu þá gerð af fastlaunuðum embættismönnum, sem ekki ættu neitt í húfi fjárhagslega, hvernig innkaup sem þeir gerðu. Óskir neytendanna, eins og þær koma fram í frjálsu vali þeirra, hefðu þá ekki lengur nein bein áhrif á það, hvað inn væri flutt. Alvarlegasti ágalli slíks fyrirkomulags væri þó sá, að landsverzlun gæti gert hversu óhagkvæm innkaup, sem væri, án þess að mistökin yrðu almenningi ljós, þar sem innkaup annarra væru nú ekki lengur til samanburðar, en slíkur samanburðargrundvöllur er þó til að einhverju leyti jafnvel með haftafyrirkomulagi því, sem nú er. Margt fleira mætti segja gegn landsverzlun, en verður ekki gert í þessu sambandi.

VII. Gjaldeyrisverzlun í einfaldri mynd.

Almennt.

Þótt menn sjái og viðurkenni, að öflun og framboð á erlendum gjaldeyri sé geysimikið, er þó almennt álitið, að ekki verði hjá því sneitt, að eftirspurnin hljóti alltaf að verða meiri. Þetta er misskilningur. Við frjálsa gjaldeyrisverzlun getur gjaldeyrisskortur ekki skapazt á venjulegum tímum nema af (1) snöggum og miklum breytingum á utanríkisverzluninni, (2) óheilbrigðri stefnu í peningamálum, einkum útlánastarfsemi bankanna (3) óheilbrigðri fjármálastefnu ríkisins, eða (4) óheilbrigðri stefnu í kaupgjaldsmálum. Það, sem hér er kallað óheilbrigt, eru ráðstafanir, sem ekki eru í samræmi við megin tilgang og hagsmuni þeirra, sem að ráðstöfununum standa. Hér á eftir verður fyrst stuttlega gerð grein fyrir því, hvert samband er milli jafnvægis í gjaldeyrisverzluninni og myndunar teknanna í landinu, því að á tekjumynduninni veltur jafnvægi þjóðarbúskaparins og gjaldeyrisverzlunarinnar.

Hugsum okkur ástand, þar sem menn verja öllum tekjum sínum til neyzlu, en hreyfa hins vegar ekki við peningum, sem þeir kunna að eiga. Engin spörun á sér stað né fjárfesting. Gerum enn fremur ráð fyrir, að svipað eigi sér stað um allan atvinnurekstur. Hann er rekinn án halla og einnig án gróða. Gerum loks ráð fyrir, að helmingur þess, sem framleitt er, sé flutt út, og þá helmingur þess, sem notað er í landinu, flutt inn. Einstaklingar og félög verja sem svarar helmingi þess, sem þau taka við í peningum, til kaupa á innlendri vöru, hinum helmingnum verja þau til kaupa á erlendri vöru. Þar sem helmingur framleiðslunnar er fluttur út og helmingur þess, sem keypt er innanlands, er fluttur inn, þá greiðir útflutningurinn innflutninginn og hvorki meira né minna. Það er enginn skortur á erlendum gjaldeyri, og hann safnast ekki heldur fyrir.

Sé litið á tekjumyndunina, sjáum við, að þeir, sem vinna að útflutningsframleiðslunni, fá tekjur úr henni, sem er nákvæmlega jöfn andvirði alls útflutningsins og hvorki meira né minna. Væri óúthlutaður arður hjá þeim, sem framleiða til útflutnings, mynduðust minni tekjur í útflutningsframleiðslunni en sem næmi andvirði útflutningsins. Minna en allt andvirði útflutnings væri þá greitt til þeirra, sem í framleiðslunni starfa eða tækju arð af þeim rekstri. Þar sem við hins vegar gerum ráð fyrir, að hvorki sé halli né gróði, þá myndast tekjur nákvæmlega jafnmiklar útflutningsverðmætinu.

Þeir, sem að útflutningnum starfa, verja hins vegar aðeins helmingi tekna sinna til kaupa á innfluttum vörum, þ. e. a. s. vörum fluttum inn eða í innflutt efni í vörur, sem framleiddar eru það tímabil, sem um er að ræða. Helmingur þess gjaldeyris, sem fæst fyrir útflutninginn, er því ekki notaður af þeim, sem fá tekjur sínar úr þeirri framleiðslu. Á hinn bóginn eru þeir, sem vinna að framleiðslu fyrir innanlandsmarkaðinn. Þeirra framleiðsla leggur ekki til neinn erlendan gjaldeyri. Þeir verja samt helmingi tekna sinna til kaupa á innfluttri vöru eða í innflutt efni í vöru, sem framleidd er á tímabilinu. Þeirra eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri er því jöfn því framboði á erlendum gjaldeyri, sem myndast við það, að afgangur verður hjá þeim, sem framleiða til útflutnings. Það er því jafnvægi í gjaldeyrisverzluninni. Ekkert hefur hér verið sagt um erlent gengi gjaldmiðilsins annað en það, að útflutningsframleiðslan beri sig.

Á það hefur verið minnzt, að myndist óúthlutaður arður í útflutningsframleiðslunni, þá verður þar minni tekjumyndun, og því minni eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, sem nemur helmingi þess gróða. Upphæð af erlendum gjaldeyri, sem nemur helmingi gróðans, safnast þá fyrir hjá bönkunum. Sams konar áhrif hafa og afskriftir af eignum, sem leggjast í sjóði. Sama máli gegnir um áhrif afskrifta og óúthlutaðs gróða í öðrum rekstri á gjaldeyrisverzlunina. Í dæminu, sem notað er hér að framan, mundi spörun leiða til þess, að gjaldeyrir safnast fyrir hjá bönkunum, sem næmi helmingi hins sparaða fjár. Neytandinn kaupir þá ekki afurðir og þjónustu fyrir allar tekjur sínar. Minna þarf að flytja inn. Það var aukning þessara liða, sem olli hinni miklu gjaldeyrissöfnun styrjaldaráranna, eins og áður hefur verið greint.

Það eru þannig ákveðnar stærðir í sambandi við myndun og notkun teknanna, sem hafa þau áhrif, að gjaldeyrir safnast fyrir hjá bönkunum. Mætti í þessu sambandi kalla þær afgangsstærðir eða sparifjármyndun í víðtækustu merkingu. Á hinn bóginn eru aðrar stærðir, sem hafa þau áhrif, að eftirspurnin verður meiri en sem nemur framboðinu á gjaldeyrinum. Til dæmis hefur fjárfestingin þau áhrif á gjaldeyrisverzlunina. Hverfum aftur að hinu einfalda dæmi hér að framan, þar sem gjaldeyrisverzlunin er í jafnvægi, þegar allir eyða öllum tekjum sínum og hvorki meira né minna. Setjum svo, að fjárfesting hefjist. Þar sem enginn sparar neitt né græðir, getum við gert ráð fyrir, að fé til fjárfestingarinnar sé látið í té af bönkunum og þeir þá auki peningamagnið með útgáfu nýrra peninga. Tekjur jafnháar fjárfestingunni myndast nú til viðbótar fyrri tekjum í hagkerfinu. Samkvæmt því sem gert var ráð fyrir hér að framan, kemur helmingur þessara tekna fram sem eftirspurn eftir innflutningi. Þar sem gjaldeyrisverzlunin var áður í jafnvægi, verður nú halli, og ef ekki er neinn gjaldeyrisforði, myndast skortur á erlendum gjaldeyri.

Sá hluti hinna nýju tekna, er beinist sem eftirspurn að innlendum vörum, veldur verðhækkun á þeim vörum og aukinni framleiðslu þeirra, ef hægt er að auka hana. Þetta gerir þá um leið hagkvæmara en áður að kaupa innfluttar vörur sökum verðhækkunar hinna innlendu og eykur enn innflutninginn. Þá er hætt við, að kaupgjald hækki og dragi úr útflutningi sökum aukins framleiðslukostnaðar. Þetta eru hin óhagstæðu áhrif óeðlilegrar fjárfestingar á gjaldeyrisverzlunina.

Ef jafnvægisástandið raskast, ekki sökum fjárfestingar, heldur sökum hallarekstrar, verða áhrifin svipuð. Hallarekstur þýðir, að tekjurnar, sem framleiðslan skapar, eru meiri en andvirði vörunnar, sem framleidd er. Þegar útflutningsframleiðslan er rekin með halla, nemur helmingur þeirra tekna, sem myndast í þeirri framleiðslu, meiru en helmingi gjaldeyristeknanna. Gjaldeyrisskortur verður sem nemur helmingi hallans á rekstrinum. Þær stærðir, sem geta valdið halla á gjaldeyrisverzluninni, má kalla hallastærðir, eða jafnvel fjárfestingu í víðtækustu merkingu.

Ef við gerum nú ráð fyrir hagkerfi eins og því, sem lýst var fyrst hér að framan, að því fráskildu, að einstaklingar og félög geta eytt minna eða meira en öllum tekjum sínum, þá er augljóst, að samt getur verið jafnvægi á gjaldeyrisverzluninni, ef afgangsstærðirnar nema samanlagt jafnmiklu og hallastærðirnar. Fjárfesting og hallarekstur verða samanlagt að vera jafnt spörun, óúthlutuðum rekstrarhagnaði og afskriftum. Þetta er höfuðskilyrðið fyrir peningalegu jafnvægi, þ. e. að verðlag haldist óbreytt, nema fyrir erlend áhrif, og að enginn greiðsluhalli verði við útlönd.

Ef engar tekjur myndast nema í sambandi við heilbrigða framleiðslu eða annað, sem að henni lýtur, þ. e. a. s. enginn óeðlilegur hallarekstur á sér stað, og ef engin fjárfesting á sér stað umfram sparifjármyndunina, getur enginn skortur á erlendum gjaldeyri skapazt til langframa.

Í bráðina getur skapazt gjaldeyrisskortur af eftirtöldum ástæðum: Í fyrsta lagi, markaðir geta tapazt og samdráttur orðið á útflutningnum. Þar sem tekjurnar, sem myndast í útflutningsframleiðslunni, minnka, minnkar einnig eftirspurnin eftir erlenda gjaldeyrinum. Samt verður halli á gjaldeyrisverzluninni. Tekjurýrnunin veldur minnkun á eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, sem nemur aðeins helmingi tekjurýrnunarinnar, en framboðið á erlenda gjaldeyrinum minnkar sem svarar allri rýrnun teknanna. Enn fremur má búast við meiri hallarekstri en áður. Minni tekjur í útflutningsframleiðslunni draga einnig úr eftirspurninni innanlands eftir heimaframleiddum neyzluafurðum. Þeir, sem þær framleiða, fá minni tekjur, og dregur það einnig úr eftirspurninni eftir erlenda gjaldeyrinum. Ef þeir halda tekjum sínum, þá er það sökum aukins útflutnings á afurðum, áður seldum innanlands, þ. e. auknum útflutningi, sem eykur gjaldeyristekjurnar. Heildaráhrifin verða samt halli á gjaldeyrisverzluninni, en þó ekki nema í bráðina, þ. e. meðan verzlunin er að laga sig eftir hinum breyttu aðstæðum. Innflytjendur halda áfram að flytja inn jafnmikið magn og áður, en finna síðar, að þeir selja minna. Til langframa verður enginn halli, vegna þess að bæði hafa tekjur úr framleiðslu fyrir innanlandsmarkaðinn minnkað,

og jafnframt hefur framboðið á erlenda gjaldeyrinum vaxið við aukinn útflutning afurða, sem áður hafa verið seldar innanlands. Jafnvægið skapast fljótlega, sérstaklega ef hægt er að taka upp framleiðslu nýrra afurða til útflutnings.

Í öðru lagi getur það orðið, að menn verji meiri hluta af tekjum sínum en áður til kaupa á innfluttri vöru, þótt tekjurnar sjálfar aukist ekki. Eftirspurn innanlands eftir heimaframleiddum vörum dregst saman og þá tekjurnar, sem myndast í sambandi við þá framleiðslu. Eftirspurnin frá slíkum tekjum eftir erlendum gjaldeyri minnkar. Þegar um landbúnaðinn er að ræða, er líklegt, að framleiðslan dragist ekki saman til muna, en meira verður afgangs til útflutnings, sem eykur þá framboðið á erlendum gjaldeyri. Áhrifin á gjaldeyrisverzlunina verða svipuð því, sem að framan greinir. Enginn langvinnur halli á gjaldeyrisverzlunina getur skapazt af þessum breytingum.

Hugsum okkur, að eftirspurnin eftir heimaframleiddum vörum dragist saman, og þá einkum eftir landbúnaðarafurðum. Verðlag á heimaframleiddum vörum lækkar, og framleiðsla þeirra dregst að líkindum saman. En á þann hátt losnar um verkafólk og tæki til útflutningsframleiðslunnar, enda er einmitt það, sem þarf. Innflutningurinn hefur aukizt, og meira erlends gjaldeyris er þörf sökum breyttrar eftirspurnar. Á þennan hátt hefur verðlagið á heimaframleiðslunni áhrif á útflutninginn og þar með framboðið á erlendum gjaldeyri. Þegar eftirspurnin eftir erlenda gjaldeyrinum vex, þá dregst neyzluvöruframleiðslan fyrir heimamarkaðinn saman sökum minni eftirspurnar. Sömu tekjur er aðeins hægt að nota á einn hátt.

Það er frelsi manna til þess að ráðstafa tekjum sínum, þ. e. að velja milli innfluttrar og heimaframleiddrar neyzluvöru, sem ákveður, hve mikils gjaldeyris er þörf. Um leið hefur sú ráðstöfun teknanna þau áhrif á verðlag innlendrar neyzluvöru, þegar verðmyndunin er frjáls, að breytist ráðstöfun teknanna, þá breytist magn útflutningsins og veldur tilsvarandi breytingum á gjaldeyristekjunum. Við það að verðlag á landbúnaðarafurðum lækkar til muna innanlands, flyzt fólkið yfir í aðra framleiðslu, nema því aðeins, að það borgi sig að framleiða landbúnaðarfurðir til útflutnings. Áhrifin á gjaldeyrisverzlunina eru hagstæð. Dragi úr framleiðslu innlends neyzluvöruiðnaðar, annaðhvort vegna þess að val neytendanna hefur breytzt eða vegna aukinnar samkeppni erlendis frá, flyzt fólkið í iðnaðinum yfir í framleiðslu til útflutnings. Í raun og veru gerast slíkar breytingar hægt. Vöxturinn í atvinnulífinu færist yfir í útflutningsframleiðsluna. Unga fólkið leitar þangað.

Þótt verðlag á landbúnaðarvörum lækki undir svona kringumstæðum, er ekki líklegt, að skjótur samdráttur verði á framleiðslunni. Líklegra er, að reynt verði að flytja út það magn afurða, sem ekki selst innanlands. Landbúnaðurinn getur samt átt erfitt uppdráttar sökum hins lága verðlags, meðan breytingin er að gerast. Það er búið á fleiri býlum en þörf er vegna innanlandsneyzlunnar. Það má gera ráð fyrir, að bændur reyni að auka afköstin með því að taka upp fullkomnari framleiðsluaðferðir, til þess að fá búskapinn til þess að bera sig, enda er það sú reynsla, sem fengizt hefur.

Í þriðja lagi getur það átt sér stað, að þegar tekjur manna aukast vegna aukinnar framleiðslu, noti þeir meiri hluta af tekjuaukningunni til kaupa á innfluttri vöru en af tekjunum, sem þeir höfðu áður. Ef menn verja t. d. helmingi tekna til kaupa á innfluttri vöru, en þrem fjórðu af tekjuaukningu, sem á sér stað, raskast í bili hlutfallið milli framboðs og eftirspurnar á erlendum gjaldeyri. En hlutfallslega minni eftirspurn eftir heimaframleiddum vörum eykur útflutninginn og gjaldeyrisframboðið. Þegar frá líður, myndast jafnvægi að nýju á þann hátt, sem skýrt hefur verið hér að framan.

Meðan þessi röskun á sér stað væri ráðlegt að auka jafnvægið í gjaldeyrisverzluninni með því að láta menn greiða tiltölulega meira fyrir þann erlenda gjaldeyri, sem þeir kaupa fyrir tekjuaukann. Þetta er hægt að gera með því að leggja hærri tolla á þær vörur, sem keyptar eru með tekjutoppinum. Slíkar vörur eru t. d. einkabílar, gólfteppi, húsgögn og efni í húsgögn, eldhúsvélar og vönduð útvarpstæki og

hljóðfæri. Einnig eru þetta tekjur, sem fara til ferðalaga erlendis. Mætti slaka til með tolla á slíkum varningi, þegar gjaldeyrisverzlunin er komin í öruggt horf, og lækka eða jafnvel afnema skatt af ferðagjaldeyri.

Um áhrif bankastarfsemi og meðferð fjármála ríkisins á gjaldeyrisverzlunina verður rætt síðar í þessum kafla, en um áhrif stefnunnar í kaupgjaldsmálum í greinargerðinni fyrir gengislækkunarleiðinni.

Áhrif síldveiða á gjaldeyrisverzlunina.

Viljum við fá að vita áhrif t. d. síldveiða á jafnvægið í gjaldeyrisverzluninni, þá sjást þau ekki af aflamagni og verðmæti, heldur sjáum við þau af „nettó" stærðunum. Augljóst er, að slæmt síldarsumar þýðir hallarekstur, lægri afskriftir, aukna úttekt sparifjár og eyðslu þess og hefur því slæm áhrif á gjaldeyrisverzlunina. Aflasælt sumar þýðir, að verðmæti útfluttra síldarafurða verður hærra en ella. Í sjálfu sér þyrfti slíkt ekki að þýða betri gjaldeyrisafkomu, þar sem aukinn afli þýðir auknar tekjur og því aukna eftirspurn eftir gjaldeyri. Í raun og veru þýðir samt meiri afli, að afskriftir eru lagðar til hliðar, að ágóða er úthlutað, sem ekki er eytt að fullu til neyzlu, að nokkrum hluta ágóðans er ekki úthlutað og að hærri tekjur þeirra, sem að framleiðslunni vinna, auka sparifé. Leiði betri afkoma síldarframleiðslunnar til aukinnar eyðslu og aukinnar fjárfestingar, þurfa áhrifin á jafnvægið í gjaldeyrisverzluninni ekki að vera hagstæð. Það er því þýðingarmikið, að bankar og ríki gangi strangt eftir greiðslum á skuldum að lokinni góðri síldarvertíð. Eigi að mynda hæfilegan varasjóð fyrir gjaldeyrisverzlunina, þá er það óhjákvæmilegt, að bankarnir haldi að sér hendinni með útlán til fjárfestingar, þótt endurgreiðslur fáist á eldri lánum. Það er lífsnauðsyn, að til sé hæfilegur gjaldeyrissjóður, þar sem m. a. annað eins lukkuspil og síldveiðarnar eru stór þáttur þjóðarbúsins. Það er **fyrirfram** vitað, að líkindi til þess, að halli verði á síldarútveginum, eru svipuð og að ábati verði. Hins vegar getur gróðinn orðið mikill í góðum árum. Það er auðséð, að á góðu árunum verður að safnast fyrir erlendur gjaldeyrir hjá bönkunum frá síldarútveginum. Hann safnast því aðeins, að rétt sé að farið. Sé hæfilegur gjaldeyrisforði fyrir hendi, þurfa hin vondu árin ekki að koma alvarlega að sök. Þau lífskjör, sem atvinnuvegirnir veita ásamt ráðstöfunum almannatryggginganna, yrðu þá lítt skert, þótt afli bregðist við og við. Eðlilegur innflutningur, neyzla og fjárfesting, geta þá haldið áfram án þess að bíða stóran hnekki.

Hlutverk bankanna.

Það hefur verið um það rætt hér að framan, á hvern hátt nettó eftirspurn eftir gjaldeyri myndast, þ. e. a. s., hvaða stærðir það eru, sem valda skorti á gjaldeyri, og hverjar söfnun erlends gjaldeyris. Með því að hafa áhrif á þessar stærðir er því hægt að hafa áhrif á gjaldeyrisverzlunina og ráða jafnvæginu í gjaldeyrisverzluninni, þótt ekki sé hægt að ráða því, hvort hún er mikil eða lítil, hvort mikið sé keypt og selt eða lítið. Þessar stærðir, sem um er að ræða, eru stærðir, sem hafa bein áhrif á það, sem kalla mætti nettó eftirspurn og nettó framboð af erlendum gjaldeyri. Augljóst mál er, að þessar stærðir eru ekki stór liður í rekstri bankanna sjálfra. Bankarnir eru reknir með talsverðum ágóða, en áhrif hans eru smávægileg borin saman við hin miklu áhrif, sem bankarnir hafa á þessar stærðir hjá öðrum með útlánastarfsemi sinni. Útlánastarfsemi bankanna er í raun og veru annar stóri þátturinn í gjaldeyrisverzluninni. Hinn er fjármálastefna ríkisins. Hvort tveggja þessu ræður ríkisstjórnin eða getur ráðið. Henni er því í lófa lagið, vilji hún framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir, að sjá um, að gjaldeyrisverzlunin sé og haldist í jafnvægi. Ytri aðstæður geta að sjálfsögðu gert henni pólitískt erfitt að framkvæma eða viðhalda slíkum ráðstöfunum, en svo virðist, að eins og nú háttar málum, séu slíkar ráðstafanir framkvæmanlegar.

Þegar bankarnir lána fé til verzlunar og annars rekstrar, koma eða myndast verðmæti, sem eru seld innanlands eða utan, jafnhá láninu, nema ef um hallarekstur

er að ræða. Láni hins vegar bankarnir til fjárfestingar eða hallarekstrar, gera þeir kleift þeim, sem fá lánin að mynda tekjur í þjóðarbúskapnum, án þess að til þessara tekna svari nýjar afurðir eða þjónusta, sem koma á markaðinn um svipað leyti. Það er takmarkað, hvað hægt er að leggja í mikla fjárfestingu eða halda uppi miklum hallarekstri án aðstoðar bankanna. Að sjálfsögðu geta þeir lánað til fjárfestingar spariinnlög og fé af svipuðu tagi, sem berst þeim, en eigi gjaldeyrisverzlunin að vera í jafnvægi, þá mega þeir ekki skapa ný útlán, sem byggjast á nýmyndun peninga, nema sem svarar eðlilegri aukningu handbærs fjár manna á meðal (cash). Eigi að halda gjaldeyrisverzluninni frjálsri, er óhjákvæmilegt, að bankarnir hagi stefnu sinni í samræmi við það.

Sé innflutningsverzlunin gefin frjáls, verða bankarnir að gæta útlána sinna mjög stranglega, einkum fyrst í stað.

Innflutningur myndi samt aukast fyrsta kastið, sökum þess að laust fé, sem til er, myndi leita yfir í innflutningsverzlunina, en þess ber að gæta, að fé það, sem þannig fer yfir í innflutningsverzlunina, kemur ekki fram að öðru leyti innanlands. Fé, sem fest hefur verið þannig í birgðum innfluttrar vöru, getur ekki um leið komið fram sem eftirspurn eftir fjárfestingarvöru eða neyzluvöru innanlands, m. ö. o. innflytjendur finna það fljótlega, að sé innflutningur þeirra óeðlilega mikill, fá þeir ekki losnað við hann á innanlandsmarkaðinum. Sömu fjárhæð verður ekki varið nema á einn veg. Sé hún notuð til eins, verður hún ekki um leið notuð til annars. Fái innflutningsverzlunin fé annars staðar en úr bönkunum, kemur það fé ekki um leið fram sem eftirspurn eftir innfluttum vörum innanlands. Það er því augljóst, að hlutverk bankanna er þýðingarmikið, og að slöpp bankapólitík getur eyðilagt framkvæmdir í svona málum, sem að öðru leyti er vel til stofnað.

Sparisjóðir og bankar hafa undir höndum fé landsmanna. Mikið af því fé er hægt að taka út án eða með stuttum fyrirvara. Það er næsta líklegt, að eitthvað af þessu fé bærist yfir í innflutningsverzlunina, en ósennilegt, að hætta stafi af slíkum aðgerðum. Það er mjög líklegt, að frjáls verzlun og meira jafnvægi í þjóðarbúskapnum mundi valda því, að traustið á peningunum og peningagildinu ykist og um leið spörun einstaklinganna. Þegar menn vita, að þeir geta alltaf fengið innlenda eða erlenda vöru, hvort heldur er til neyzlu eða framkvæmda, þá er næsta líklegt, að menn leggi meira fyrir en áður, til þess að geta í framtíðinni eignast þá hluti, sem þeir girnast.

Afnám haftanna.

Jafnvægisástandi innanlands má koma á fyrst og fremst með því að sjá um, að engin lánsfjárþensla eigi sér stað hjá bönkunum, og að ríkisreksturinn sé hallalaus. Skortur á jafnvægi við útlönd, þ. e. taprekstur í útflutningsframleiðslunni og greiðsluhalli við útlönd, stafar af misvægi innanlands. **Þegar verzlunarhöftum og eftirliti með verðlagi og fjárfestingu þarf að beita um lengri tíma, stafar það af óheilbrigðri meðferð banka- og fjármála.** Verzlunarhöftum og eftirliti með fjárfestingu þarf aldrei að beita lengi í senn nema annað tveggja sé, að bankarnir eða ríkið, eða báðir þessir aðilar, hagi starfsemi sinni gálauslega, eða að stefna óhóflegrar fjárfestingar hindrar heilbrigða meðferð banka- og fjármála.

Haftaverzlunin og eftirlitsstarfsemi stofnana eins og viðskiptanefndar og fjárhagsráðs stafa aðallega af því, hvernig hagar til með stjórn peningamála og fjármála. Sé horfið að því að taka upp heilbrigðari meðferð banka- og fjármála, leiðir það til þess, að hægt verður að leggja niður haftafyrirkomulagið og stofnanir þess, nema að svo miklu leyti, sem það fyrirkomulag er óhjákvæmilegt vegna annarra þjóða.

Ef sú ákvörðun yrði tekin að hverfa frá fjárfestingarstefnunni, og í þess stað horfið að því að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum og þar með verzluninni á frjálsan grundvöll, þá eru ákveðnar ráðstafanir nauðsynlegar, hvaða leið svo sem valin yrði til þess að gera kleift slíkt fyrirkomulag á verzluninni. Það hefur þegar verið

rætt um nauðsyn heilbrigðari bankastarfsemi, en ekki er síður nauðsyn, að fjármálum ríkisins sé komið í rétt horf, einkum þar sem þróunina í banka- og peningamálum má að talsverðu leyti rekja til ríkisins.

Fjárlög með tekjuafgangi eru sérstaklega nauðsynleg, ef koma á gjaldeyrisverzluninni í jafnvægi. Allur tekjuafgangur hefur hagstæð áhrif á gjaldeyrisverzlunina, eins og áður hefur verið minnzt á. Góð afkoma hjá ríkinu mundi því létta fyrir afnámi haftaverzlunarinnar, hvort sem afnámið yrði framkvæmt skyndilega eða smám saman.

SÍÐARI HLUTI: LEIÐIR OG TILLÖGUR

VIII. Almennt um tillögurnar.

Tímaspursmálið.

Til þess að koma jafnvæði á þjóðarbúskapinn væri æskilegast að geta gert hinar nauðsynlegu ráðstafanir í þrem áföngum. Hið fyrsta, sem þá þarf að gera, er að koma á jafnvægi í búskap ríkisins sjálfs, þ. e. a. s. að afgreiða raunverulega hallalaus fjárlög. Einnig þarf að takmarka útlánastarfsemi bankanna til fjárfestingar við það, sem myndast af sparifé, til þess að fjárfestingin verði ekki meiri en sparifjármyndunin. Fjárfestinguna má líka takmarka með beinu eftirliti. Við það vinnst, að yfirvöldin geta þá ákveðið, hvaða framkvæmdir skuli ganga fyrir. Auk þess er það, að peningar þeir, sem fást fyrir sölu innanlands á varningi, sem greiddur er með óafturkræfum framlögum af Marshall-fé, renna í hinn svokallaða mótvirðissjóð í Landsbankanum, og mynda því ekki eftirspurn eftir vörum innanlands. Mótvirðissjóðurinn hefur því hrein verðhjöðnunaráhrif, og gætir nú áhrifa hans í vaxandi mæli. Af þessum ráðstöfunum myndi leiða, að taka myndi fyrir myndun nýrrar dýrtíðar og verðlag því smám saman festast, birgðir innfluttrar vöru smám saman aukast og verðlag síðan fara lækkandi, þar sem margir hlutir eru nú óeðlilega dýrir sökum vöruskorts.

Þegar tekið hefur verið fyrir myndun allrar nýrrar dýtíðar, kemur þriðji áfanginn, sem er að samræma innlent og erlent verðlag. Meðan verðlagið er enn að stíga, er langtum erfiðara að samræma innlent og erlent verðlag. Það hefði því verið æskilegt, hefði verið hægt að bíða enn um stund með slíka samræmingu. En ekki teljum við fært að mæla með því. Til þess liggja ýmsar orsakir, og verða sumar þeirra raktar hér á eftir.

Tillögurnar og sjávarútvegurinn.

Það er almenningi kunnugt, að rekstur bátaútvegsins á þorskveiðum hefur ekki borið sig á undanförnum árum, og að honum hefur þess vegna verið veittur styrkur úr ríkissjóði. Sökum aukins framleiðslukostnaðar innanlands og verðfalls erlendis hefur þessi styrkur farið síhækkandi, og er nú svo komið, að útgerðarmenn treystast ekki til þess að fara af stað nema þeir fái stóraukna uppbót. Er talið, að þurfa muni 70 milljónir króna í auknum sköttum til þess að greiða ábyrgðarverð á bátafiskinum og aðra beina styrki til útgerðarinnar.

Skömmu eftir að nýsköpunarstjórnin svokallaða var mynduð, flutti forsætisráðherrann, Ólafur Thors, ræðu í desember 1944. Þar sagði hann á þessa leið:

> *„Hitt er svo auðvitað stjórninni og stuðningsmönnum hennar ljóst eins og öllum öðrum, að ef dómur reynslunnar verður sá, að hin nýja tækni fær ekki risið undir óbreyttu kaupi, verður ekki hjá því komizt, að allir, ekki bara þeir lágt launuðu, heldur allir, er framfæri hafa af framleiðslunni, verða að lækka kröfur sínar, því til langframa getur engin þjóð búið við hallarekstur. En þá og þá fyrst er frambærilegt að gera þessar kröfur. Og þá og þá fyrst, eftir að verkalýðurinn hefur séð, að í orði og á borði hefur allt verið gert, sem hugsanlegt er til þess að halda uppi lífskjörum hans, mun verkalýðurinn vera reiðubúinn til að hlusta á og fara eftir slíkum óskum. Þetta er jafn-*

augljós sannleikur sem hitt er augljós firra, að vera nú að hefja illvígar deilur um kauplækkanir, meðan enginn veit, hvort kaupið þarf að lækka, og þá enn síður, hversu mikil lækkunin þyrfti að vera.“

Þeir, sem að nýsköpunarstjórninni stóðu, lofuðu því, að þegar nýju skipin og tækin hefðu verið flutt inn í landið, þá skyldi að því horfið að búa rekstri þeirra traustan og varanlegan grundvöll. Mönnur var ljóst, að það var ekki nóg að fá hin nýju skip, það þurfti líka að skapa grundvöll að arðbærum rekstri. Því var lofað að samræma framleiðslukostnaðinn og afurðaverðið. Þessu máli hefur orðið að fresta undanfarin ár. Nú er svo komið, að þessu máli verður ekki lengur skotið á frest. Tillögur okkar fela í sér það, að verið er að efna það loforð, sem hinir þrír stjórnarflokkar lofuðu 1944.

Tillögurnar og verzlunin.

Í skjóli innflutningshaftanna hafa bankarnir rekið óeðlilega mikla útlánastarfsemi, að nokkru — en ekki öllu — leyti fyrir tilhlutun ríkisins. Lánin hafa farið í það að auka fjárfestinguna og til þess að standa straum af taprekstri og að nokkru leyti til að auka rekstrarfé. Við þetta hefur kaupgeta vaxið óeðlilega mikið og dýrtíð myndazt. Aðalorsök dýrtíðaraukans á síðari árum er hin óeðlilega mikla fjárfesting og taprekstur, sem haldið hefur verið uppi með útlánastarfsemi bankanna og halla á ríkisbúskapnum. Þessi dýrtíð hefur valdið hækkandi verðlagi, hækkandi kaupgjaldi og þar með hækkandi framleiðslukostnaði. Síhækkandi verðlag innanlands hefur gert miklu arðbærara og öruggara að framleiða fyrir innanlandsmarkaðinn heldur en framleiða til útflutnings. Innanlands er hægt að selja flest með háu verði. Þetta hefur leitt til þess, að framleiðsluöfl, bæði verkafólk og tæki, hafa flutzt yfir í framleiðslu fyrir innanlandsmarkaðinn, og hefur því framleiðsla til útflutnings orðið minni en ella, og hefur það enn aukið á erfiðleikana með það að greiða innflutninginn. Með gengislækkuninni, sem mælt er með, er stefnt að því að snúa þessari þróun við. Útflutningsframleiðslan verður arðbærari en áður, og um leið verður hægara fyrir útflutningsframleiðsluna að keppa um vinnuafl og tæki við innlenda iðnaðinn. Það má því búast við aukinni framleiðslu fyrir erlenda markaði. Eftir gengislækkunina selst innflutta varan á verði, sem er sambærilegra en áður við verð á vöru framleiddri innanlands. Aðflutta varan verður ekki lengur eins mikil kjarakaup og hún hefur verið áður og dregur því úr ásókn í innflutning. Eftir því sem jafnvægið í verzluninni eykst, dregur úr vöruskortinum og svartamarkaðsbraskinu. Gróðinn af innflutningsverzluninni minnkar. Enn fremur er eins og stendur óeðlilega hátt verð á margs konar innfluttum vörum, sem ekki eru í vísitölunni. Vel er hugsanlegt, að slíkar vörur muni jafnvel lækka í verði fremur en hækka. Við það að rýmkar um verzlunina, munu einnig margar þær vörur, sem nú eru ófáanlegar, verða fluttar inn, enda er einn höfuðtilgangurinn með þeim tillögum, sem hér eru gerðar, að hægt verði að létta af innflutningshöftunum.

Tillögurnar og kjör þjóðarinnar.

Markmið heilbrigðrar stjórnarstefnu hlýtur ávallt að vera það að skapa almenningi í landinu sem bezt lífskjör, þannig að prófsteinninn á réttmæti ákveðinna ráðstafana í atvinnu- og fjárhagsmálum hlýtur einmitt að vera sá, hvort þessar ráðstafanir séu til þess fallnar að bæta lífskjör almennings í bráð og lengd, og á það auðvitað einnig við um tillögur þær, sem hér eru lagðar fram.

Það hefur oft verið látið í veðri vaka, að ekki væri hægt að gera neinar ráðstafanír, sem að gagni kæmu til úrbóta atvinnu- og fjárhagsvandamálunum, nema slíkar ráðstafanir hefðu í för með sér skerðingu lífskjara þjóðarinnar í heild, einkum launþega. Þessi hugsunarháttur er að okkar áliti rangur, eins og við munum leiða rök að. Ef fella á dóm um það, hvort tilteknar ráðstafanir séu til þess fallnar að bæta

lífskjör almennings, ber að miða við það ástand, sem skapast mundi, ef annaðhvort ekkert væri aðhafst eða þá farnar aðrar leiðir, sem til greina koma. Varðandi launþegana skal athygli vakin á því, að hagsmunir þeirra og þjóðarinnar verða ekki aðskildir, þar sem 80—90% af þjóðinni eru annaðhvort beinlínis launþegar eða lifa við svipuð kjör og þeir, t. d. bændastéttin.

Ef ekki er farin sú leið, sem við síðar mælum með, gengislækkunarleiðin, eða gerðar í aðalatriðum sömu ráðstafanir, eru fimm kostir fyrir hendi.

Það er hægt að láta hjá líða að gera neitt. Sjávarútvegurinn mundi að talsverðu leyti stöðvast, og mundi þá draga svo mikið úr innflutningi neyzluvöru og fjárfestingarvöru, að almennt neyðarástand yrði á skömmum tíma. Smám saman mundi framleiðslukostnaðurinn lækka, en ekki fyrr en atvinnuleysi hefur staðið lengi og mikið tjón hefur orðið.

Þá væri í öðru lagi hægt að halda áfram styrkjaleiðinni með því að stórhækka skatta árlega. Sú leið mundi leggja þungar byrðar á allan almenning, án þess að geta leiðrétt það jafnvægisleysi, sem nú er í þjóðarbúskapnum.

Í þriðja lagi mætti leyfa útflytjendum að selja nægilega mikið af erlendum gjaldeyri á frjálsum markaði. Þetta mundi þýða tvö gengi á krónunni. Annar hluti innfluttu vörunnar yrði óeðlilega dýr, án þess ríkið fengi tilsvarandi hærri tekjur af honum, hinn hlutinn óeðlilega ódýr. Almennt verðlag mundi hækka og myndu kjör launþega því skerðast. Menn mundu fljótlega hefja baráttu til þess að samræma hin tvö gengi, sökum þess vandræðaástands, sem þau mundu valda.

Í fjórða lagi er hægt að fara verðhjöðnunarleiðina. Hún er erfiðust í framkvæmd og mundi a. m. k. fyrst í stað rýra kjör launafólks að mun og auk þess valda miklum truflunum og erfiðleikum í atvinnulífinu, þannig að hætt er við, að þjóðartekjurnar mundu minnka um hríð, ef sú leið yrði valin.

Í fimmta lagi væri hugsanlegt að afla fjár til útflutningsstyrkja með því að ríkissjóður auki stöðugt lántökur sínar í seðlabankanum. Slíkt mundi leiða til óstöðvandi dýrtíðar, aukinnar vöruþurrðar og aukins svartamarkaðs. Framleiðsluafköst mundu minnka. Að lokum mundi skapast öngþveiti og jafnvel neyðarástand. Traustið á peningunum mundi minnka. Það mundi leiða til minni sparifjármyndunar og því eyðileggja grunnvöllinn undir heilbrigðum framförum í atvinnulífinu og gera dýrtíðina enn óviðráðanlegri.

Við teljum þess vegna, að veigamesta röksemdin fyrir því að fara þá leið, sem við mælum með, sé einmitt í því fólgin, að hún mundi skapa almenningi mun betri lífskjör en þær aðrar leiðir, sem til greina koma.

Það, sem mundi skapa grundvöll fyrir bættum kjörum þjóðarinnar í heild, ef þessar ráðstafanir væru gerðar, miðað við það, sem ella er í vændum, er einkum þrennt:

1. Við samræmingu innlends og erlends verðlags er útflutningsframleiðslunni skapaður betri starfsgrundvöllur. Útflutningsframleiðslan mundi aukast. Við þetta aukast raunverulegar þjóðartekjur, þar sem afköstin eru mest í þessari framleiðslu.
2. Nokkur samdráttur yrði í fjárfestingu og því á innflutningi fjárfestingarvara. Yrði þá hægt að bæta úr hinum tilfinnanlega skorti á ýmsum innfluttum nauðsynjavörum, sem nú ríkir.
3. Einn höfuðtilgangurinn með tillögum okkar er þó ótalinn, en hann er sá að gera kleift að létta höftunum af innflutningsverzluninni. Mundi þá draga úr hinum óeðlilega dreifingarkostnaði og braskstarfsemi, sem nú þróast í skjóli haftanna og jafnvægisleysisins.

Tilfærsla á tekjum.

Höfuðforsenda tillagna okkar er sú, að þjóðin vilji, að höfuðatvinnuvegurinn, sjávarútvegurinn, sem greiðir meira en 90% þess innflutnings, sem greiddur er með

útfluttum afurðum, og lifnaðarhættir landsmanna byggjast þess vegna á, verði rekinn án taps eða styrkja, og að þjóðin í heild sinni vilji sætta sig við, að hann fái eðlilegar tekjur fyrir afurðir sínar.

Áhrif þeirra ráðstafana, sem við leggjum til, eru þau, að tilfærsla verður á tekjum til sjávarútvegsins frá þjóðinni í heild, enda falla þá allir styrkir og fríðindi til hans niður. Þessi tilfærsla verður með þeim hætti, að í fyrstu færast nokkrar tekjur frá launþegum almennt til sjávarútvegsins, vegna hækkaðs framfærslukostnaðar. En bráðlega verður tilfærsla á tekjum frá verzluninni og innlenda neyzluvöruiðnaðinum til launþeganna almennt við rýmkun hafta á innflutningsverzluninni. Enn fremur minnkar tekjuþörf ríkisins við það, að útflutningsstyrkir falla niður, og verður þá hægt að lækka skatta. Jafnframt leiðir af þessu, að hinn óbeini skattur, sem stafar af nýmyndun dýrtíðar, hættir.

IX. Styrkjaleiðir.

Almennt.

Sú leið kemur fyrst og fremst til greina að halda áfram að greiða uppbætur á útfluttar afurðir bátaútvegsins. Það er sú leið, sem hingað til hefur verið farin, þótt ekki séu menn né hafi verið ánægðir með árangurinn. Þó hefur með henni verið komið í veg fyrir stöðvun bátaútvegsins. Ríkið hefur tekið að sér að greiða bátaútveginum ábyrgðarverð á fiskinn og aðrar uppbætur, síðan reynt að afla tekna til þess að standa straum af útgjöldunum. Reynslan hefur orðið sú, að með hverju árinu hefur þurft hærri og hærri uppbætur og að erfiðara og erfiðara hefur reynzt að afla tekna til þess að standa straum af þeim. Í rauninni hefur aldrei reynzt unnt að afla nægilegra tekna. Hallinn hjá ríkissjóði, sem af þessu hefur stafað, hefur orðið til þess að auka stórlega dýrtíðina í landinu. Dýrtíðin hefur vaxið. Við það hafa svo launakröfur aukizt og kaupgjald hækkað og þar með allur framleiðslukostnaður. Hefur það svo smám saman leitt til þess, að verð það, sem útgerðarmönnum hefur verið ætlað, hefur ekki reynzt nægilega hátt, og hefur því orðið að hækka það ár frá ári eða auka önnur fríðindi. Helztu fríðindi eru „styrkur til þess að lækka framleiðslukostnað“ og há álagning á vöru, sem flutt hefur verið inn fyrir þann gjaldeyri, sem fengizt hefur fyrir gotu, Faxaflóasíld o. fl. Uppbæturnar hafa samt ekki staðið í stað þessi tvö ár. Fríðindi til útgerðarmanna hafa verið aukin á tímabilinu, og nemur sú aukning álitlegum upphæðum. Þessi fríðindi eiga að halda áfram um sinn, og á jafnvel að auka þau um leið og ábyrgðarverðið er hækkað um 10 aura, úr 65 aurum í 75 aura, samkvæmt nýjum lögum frá Alþingi.

Reynslan er sú, að ekki hefur verið aflað nægilegra tekna til þess að greiða með uppbæturnar, heldur hafa þær raunverulega verið greiddar á þann hátt, að ríkið hefur tekið að láni meira og meira fé í seðladeild Landsbanka Íslands, og hefur þannig stuðlað að því að halda við myndun nýrrar dýrtíðar í landinu. Sökum dýrtíðarinnar hefur svo framleiðslukostnaðurinn sífellt stigið og ábyrgðarverðið þess vegna smám saman reynzt ónógt.

Eftirfarandi tafla sýnir þá fjárhæð, sem greidd hefur verið árlega í styrk til útflytjenda undanfarin ár, og það, sem áætlað er, að greiða þurfi í ár samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem lagt var fram á Alþingi eftir áramótin.

Tafla 1. Útflutningsstyrkir og styrkur til þess að lækka framleiðslukostnað (milljónir króna).

1947	24.2
1948	25.0
1949	37.0
1949 jan.—febr.	6.4
1950 jan.—febr.	12.6

1949 jan.—15. maí	23.7
1950 jan.—15. maí	45.1

Af þessu sést, að útgjöld vegna fiskábyrgðarlaganna hafa farið hækkandi, ört hækkandi. Á árinu 1948 voru fríðindin fyrst veitt, og sýnir því talan ekki allan styrkinn. Á árinu, sem leið, hækkaði beini styrkurinn um 50%. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að hann hækki enn um 100%. Munu útgjöldin vegna styrkjanna verða um 70 millj. króna í ár, verði haldið áfram á þessari leið.

Í töflu 2 er sýndur halli sá, sem orðið hefur á ríkisrekstrinum á undanförnum árum.

Tafla 2. Greiðsluhalli ríkissjóðs
(milljónir króna).

1947	71
1948	69
1949	35
Samtals	175

Það er því auðséð, að ríkið hefur í rauninni greitt útflutningsstyrkinn með útlánaaukningu bankanna, sem var þó næstum tvöfalt meiri en greiðsluhalli ríkisins þessi 3 ár. Hinar sérstöku tekjur, sem fiskábyrgðarlögin hafa veitt ríkissjóði, hefði honum ekki veitt af til annarra þarfa, og mundu þær ekki hafa gert betur en hrökkva fyrir þeim á árinu 1949. Auk þess hefur ríkið greitt styrki vegna aflabrests á síldveiðum, sem ekki eru taldir með útflutningsstyrkjunum.

Nú um áramótin var því haldið fram af bátaútvegsmönnum, að bátarnir mundu ekki geta farið á veiðar, nema þeir fengju hærra verð fyrir fiskinn eða aukin fríðindi, sem því svaraði. Enda hefur framleiðslukostnaður allur aukizt síðan á síðastliðinni vertíð, einkum vegna hinnar almennu kauphækkunar, sem varð í landinu á miðju síðastliðnu ári. Í frumvarpi því, sem ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi um aukinn styrk handa bátaútveginum, er gerð grein fyrir því, að á tveim fyrstu mánuðum ársins 1949 hafi styrkurinn vegna fiskábyrgðarinnar numið alls 5.4 millj. kr., en með 75 aura verði, sem lagt var til, að greitt yrði, mundi hann nema nú í ár alls kr. 11 570 000, og nemur þá hækkunin kr. 6 170 000. Fyrir alla vertíðina er gert ráð fyrir því, að styrkurinn mundi hækka úr 20.2 millj. kr. upp í 41.6 millj. kr., þ. e. a. s. hann mundi meir en tvöfaldast. Í þessum tölum er styrkurinn til þess að lækka framleiðslukostnað samkvæmt 5. gr. ábyrgðarlaganna ekki talinn með. Síðan mundi auðvitað þurfa frekari styrk fyrir það, sem eftir er af árinu.

Fræðilega séð er hægt að halda áfram styrkjaleiðinni með því að leggja á nýja skatta eða hækka skatta, sem fyrir eru. Sú leið, sem lögð var til með frumvarpinu, var að hækka þann söluskatt, sem fellur á innfluttan varning, úr 6% upp í allt að 30%, og kæmi sú skattahækkun til framkvæmda hinn 1. marz n. k. Ætlazt var til, að fjáröflun samkv. 30. gr. fiskábyrgðarlaganna frá 1949 nægði til þess að standa straum af fiskábyrgðinni í tvo mánuði, þ. e. til 1. marz. En til þess þyrfti 30. gr. að vera í gildi allt árið, en fiskábyrgðin ekki nema tvo mánuði. Skatturinn, sem lagt var til að yrði hækkaður, er í raun og veru gjaldeyrisskattur, og var ætlazt til, að hann yrði lagður á um 200 millj. kr. innflutning á árinu 1950.

Við viljum vekja sérstaka athygli á því, að með þessu er á engan hátt gert ráð fyrir því, hvernig eigi að greiða þann halla, sem er á fjárlögunum skv. reynslu síðastliðins árs. Sá halli nam um 35 millj. kr., og mundi þessi skattahækkun gera nokkru meira en greiða hann. Hún mundi greiða til viðbótar um helming hækkunarinnar á uppbótum á útfluttan bátafisk á árinu, sem nemur um 30—40 millj. kr. Til þess að

fara styrkjaleiðina vantar því enn um 15 millj. kr. á árinu til viðbótar þeim tekjum, sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Síðan væri enn eftir að afla tekna til þess að standa straum af hækkun, sem fyrirsjáanleg er á ýmsum reglulegum útgjöldum ríkisins, t. d. til opinberra starfsmanna, og má gera ráð fyrir, að hækkunin á þeim lið nemi allt að 6—7 millj. kr. Þótt tekjuliðir frumvarpsins hefðu verið samþykktir, hefði það vandamál, hvernig eigi að halda áfram styrkjaleiðinni en hafa þó hallalaus fjárlög, ekki verið leyst. Það mál væri enn óleyst. Ef halda á styrkjaleiðinni áfram, þarf langtum meiri átök til þess að afla nýrra tekna, heldur en gert er ráð fyrir með frumvarpinu.

Ætti að halda áfram styrkjaleiðinni, yrði að leggja á nýja skatta eða hækka skatta, sem fyrir eru, og það talsvert meir en gert var ráð fyrir í tekjuliðum frumvarpsins. Alls mundi þurfa nýja skatta, sem nema að minnsta kosti 75 millj. kr. Þar sem tekjuöflunin hlyti að ganga í svipaða átt og frumvarpið gerði ráð fyrir, má líta á frumvarpið sem áætlun um framkvæmd styrkjaleiðarinnar.

Lakast er, að með frumvarpinu er þeim tilgangi að tryggja rekstur vélbátaflotans ekki náð nema um hríð. Ráðstafanirnar mundu ekki ná tilætluðum árangri, þótt takmarkaður sé, sökum annarra afleiðinga þeirra. Skatturinn mundi hafa talsverð verðhækkandi áhrif. Hann mundi falla á tvo þriðju innflutningsins í ár og því valda verðhækkun á þessum vörum, a. m. k. jafnmikilli verðhækkun og 20—30% gengislækkun mundi valda. Þetta stafar af því, að gert er ráð fyrir að innheimta hann af tollverði vörunnar að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu, 10%. verðið, sem skatturinn fellur á, er um 25% hærra en fob-verðið að viðbættum aðflutningsgjöldum (tollum). Hins vegar mundi gengislækkun aðeins hækka fob-verðið, þ. e. a. s. verðlag innfluttu vörunnar erlendis, áður en aðflutningsgjöldin og álagningin leggjast á hana. Þess ber þó að gæta, að um einn þriðji innflutningsins á árinu mundi koma inn með sama verði og áður, án þess að hækkun söluskattsins — sem í þessu tilfelli er gjaldeyrisskattur — falli á hann, og hækkar þá verðið á þeirri vöru ekki. Það er því mjög sennilegt, að þegar frá líður, muni launþegarnir heimta kauphækkanir vegna verðlagshækkandi áhrifa skattsins. Endurtekur sig þá gamla sagan: hærri uppbætur, hærri skattar, hærra verðlag, hærra kaupgjald, hærri framleiðslukostnaður og þá aftur hærri uppbætur, hærri skattar o. s. frv. Það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að leggja mikla skatta á almenning, og virðist, að því marki hafi verið náð. Það er ekki hægt að leggja á almenna skatta svo neinu nemi umfram þá, sem nú eru, eða a. m. k. treystum við okkur ekki til þess að leggja til, að lagðir verði á almenning í landinu neinir skattar, sem muni ekki fyrr eða síðar leiða til hækkunar á kaupgjaldi og framleiðslukostnaði, og þá til þess, að enn verður að hækka uppbæturnar og skattana. Styrkjaleiðin hefur ekki nægilegt fylgi með þjóðinni til þess að hægt sé að framkvæma hana svo sæmilega fari, enda gerði frumvarpið sjálft ekki ráð fyrir henni nema rétt til bráðabirgða.

Aðalókostur styrkjaleiðarinnar frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð er sá, að hún leysir í raun og veru ekki vandamál útflutningsframleiðslunnar, sem berst í bökkum jafnt eftir sem áður, og á það ekki aðeins við um útgerðarmennina, heldur og aðra framleiðendur. Styrkjaleiðin lofar engu um bætta verzlun, sem þegar til lengdar lætur er höfuðvandamálið, og hún er heldur ekki viðunandi bráðabirgðalausn, meðal annars vegna þess, að útflutningsframleiðslan mundi verða meiri við hagstæðari kringumstæður.

Reynsla undanfarinna ára sýnir augljóslega, að til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum eða jafnvel til þess aðeins að halda öllu í horfinu, er styrkjaleiðin ekki fær. Hún skapar ekki nein skilyrði til þess, að hægt verði að stöðva dýrtíðina, koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn og þá um leið jafnvægi á við útlönd og létta höftunum af verzluninni. Styrkjaleiðin gefur ekkert loforð um betra í framtíðinni. Hana skortir allt hið jákvæða, sem fylgir gengislækkunarleiðinni eða niðurfærsluleiðinni. Af þessum þremur leiðum er sú leið, sem nú er farin, minnst æskileg, og er í raun inni ekki lengur framkvæmanleg, vegna þess hve ósamræmið milli innlends og er-

lends verðlags er orðið mikið. Það er engum vafa undirorpið, að verði styrkjaleiðin enn farin, mun að ári liðnu koma í ljós þörf fyrir stórauknar tekjur ríkissjóði til handa.

Ástandið í gjaldeyrisverzluninni.

Eins og nú er komið er ástandið í utanríkisverzluninni þannig, að talsvert minna er flutt út en hægt væri, eingöngu vegna þess, hve framleiðslan ber sig illa. Einnig mun það svo, að menn leggja stundum ekki í að hefja framleiðslu til útflutnings vegna þess, að þeir óttast um útkomuna, enda er öruggara og jafnvel meira arðs von í framleiðslu fyrir innanlandsmarkaðinn eða í verzlun. Þar við bætist, að ástandið í innflutningsverzluninni veldur þeim, sem framleiða til útflutnings, miklum erfiðleikum, langtum meiri en menn gera sér almennt í hugarlund. Auk þess hækkar það ástand framleiðslukostnaðinn. Þá verður og gróðavænlegra að fara í kringum lög og settar reglur um meðferð erlenda gjaldeyrisins, eftir því sem misræmið á innlendu og erlendu verðlagi vex, þar sem hagnaðurinn af ólöglegum aðgerðum eykst með auknu misræmi.

Þeirra áhrifa, sem hér hafa verið rædd, gætir nú í æ ríkari mæli. Þótt síldarleysið sé höfuðorsök þess, að gjaldeyrisöflunin varð ekki meiri 1949 en raun ber vitni, þá teljum við, að þessi áhrif hafi einnig verið að verki.

Um „frjálsa" gjaldeyrinn.

Við það, að framleiðslukostnaðurinn hækkar innanlands eða að afurðaverðið erlendis lækkar, en genginu haldið óbreyttu, verður aðstaða útflutningsframleiðslunnar öll miklu erfiðari en áður. Framleiðsla, sem þjóðhagslega séð er afkastamesta framleiðsla þjóðarinnar, hættir að bera sig. Þegar þetta gerðist hér á landi eftir stríðið, þá var gripið til útflutningsstyrkjanna eins og áður hefur verið sagt. Þegar þeir reyndust ónógir, var gripið til þess ráðs að hækka styrkina og enn fremur að veita útflutningsframleiðslunni ýmis önnur fríðindi, sem eru ekki annað en útflutningsstyrkir í öðru formi. Útgerðarmönnum hafa verið veitt umráð yfir nokkrum hluta gjaldeyrisins, sem fæst fyrir framleiðslu þeirra, á þann hátt, að þeim hefur verið veittur umráðaréttur yfir vörum, sem keyptar hafa verið fyrir erlendan gjaldeyri, sem fengizt hefur fyrir nokkrar afurðir. Slíkar undanþágur eru viðurkenning fyrir því, að erfitt er að halda haftaverzluninni á skynsamlegum grundvelli. Undanþágurnar hafa í för með sér þjóðhagslegt tjón.

Hægt mundi að flytja út flest, sem framleitt er í landinu, við eitthvert gengi. Það væri t. d. hægt að flytja út pappírspoka, ef nægilega lágt gengi væri sett á krónuna gagnvart þeim gjaldeyri, sem fengist fyrir pappírspokana. Sama er að segja um skó og margt annað, sem framleitt er í landinu. En svo kemur bakreikningurinn. Hann er sá, að innflutningur, sem fæst fyrir þennan gjaldeyri, verður óhóflega dýr, og kemur þar í ljós kjaraskerðingin, sem leiðir af hinni óhagkvæmu framleiðslu.

Þannig er þessu farið með hrognin og svipaðar afurðir. Við það gengi, sem nú er á krónunni, borgar sig ekki að hirða þessa vöru og selja hana erlendis, sökum þess, hve afköstin eru rýr í vinnu við þessar afurðir. Þetta er afkastaminnsta framleiðsla sjávarútvegsins. Væru afköstin jafnmikil og við aðra framleiðslu, þá þyrfti ekkert sérstakt gengi vegna þessara afurða. En með því að leyfa að leggja óhóflega á innfluttu vöruna, sem borguð er með þessum gjaldeyri, þá er þessi tegund af framleiðslu stundum gerð arðbærari fyrir atvinnurekendurna heldur en framleiðsla á vörum, sem seldar eru á hærra verði erlendis. Afkastarýrasta framleiðslan er með þessu gerð arðbærust. Fengist sama gengi fyrir þann gjaldeyri, sem fæst fyrir freðfiskinn (og auðveldara er að framleiða en hrognin), mundi engum manni detta í hug að leggja í kostnaðarsamari framleiðsluna, þ. e. að hirða og verka hrogn. Raunverulegt verðmæti, sem fæst fyrir freðfiskinn er hærra en það, sem fæst fyrir hrognin. Þetta má orða með því að segja, að **erlenda varan er keypt með minni fyrirhöfn, þ. e. tilkostnaði, ef hún er fengin í skiptum fyrir freðfisk heldur en fyrir afurðir eins og hrogn.**

Með gjaldeyrisfríðindunum er svo um hnútana búið, að útgerðarmennirnir fá

hærra verð og hærri tekjur fyrir hrognin heldur en fyrir framleiðslu, sem er þjóðhagslega verðmeiri, þ. e. framleiðslu, sem meira er hægt að kaupa fyrir. Þjóðin borgar brúsann með hærra vöruverði. Það er því augljóst, að því lengra sem út á þessa braut er gengið, því meiri umráð, sem útgerðamönnunum eru veitt yfir gjaldeyri, sem þannið er aflað, því óhagkvæmari verður útflutningsverzlunin og því meiri kjararýrnun þjóðarinnar.

Það, sem frjálsi gjaldeyririnn þýðir í raun og veru, er að erfiðleikarnir, sem hafa myndazt í skjóli haftanna, eru orðnir þannig, að kerfið er að gliðna í sundur, og er það álit okkar, að verði haldið áfram á sömu braut, þá bíði á næstu árum ekki annað en upplausn þess og að atvinnulífið færist meir og meir í óskapnaðar horf. Eftir því sem upplausnin vex, eftir því verða fleiri og fleiri hagsmunahópar, sem hafa hag af ófremdarástandinu, og því erfiðara verður að breyta því til batnaðar, því lengur sem biðið er með nauðsynlegar ráðstafanir.

Leið hins frjálsa gjaldeyris.

Til greina kemur að fara þá leið, að útgerðarmenn fái ákveðinn hluta, t. d. þriðjung eða helming, gjaldeyrisins til frjálsrar ráðstöfunar. Næðu svona fríðindi aðeins til bátaútvegsins, myndu fyrirkomulaginu fylgja þeir annmarkar, sem nú eru á hinum „frjálsa“ gjaldeyri, og ræddir hafa verið hér að framan. Væri fyrirkomulagið hins vegar látið ná **hlutfallslega jafnt til alls gjaldeyris**, sem fengist fyrir útfluttar sjávarafurðir, væri það skynsamlegra en núverandi fyrirkomulag hins „frjálsa“ gjaldeyris, þar eð það hefði þá ekki í för með sér sams konar óhagstæð áhrif á atvinnuþróunina.

Ekki er þó hægt að mæla með þessari leið. Má fyrst og fremst á það benda, að hún mundi hafa í för með sér engu minni almenna verðhækkun en almenn gengislækkun. Það liggur í augum uppi, að eigi sjávarútvegurinn að fá jafnmikið í sinn hlut með þessari aðferð og með almennri gengislækkun, þá myndi verða mjög hátt verð á erlenda gjaldeyrinum, hærra en það, sem yrði með hinni almennu gengislækkun, sem við mælum með. Hækkun á almennu verðlagi hlýtur að verða að mestu hin sama með báðum aðferðunum. Hins vegar mundi vísitala framfærslukostnaðar hækka minna, ef þessi leið væri farin, þar sem nokkrar nauðsynjavörur mundu flytjast inn áfram á gamla genginu. Vísitalan mundi enn síður en nú sýna rétta mynd af hinu almenna **verðlagi.**

Með því að fara þessa leið mundi raunverulega sett tvenns konar gengi á íslenzku krónuna og þá um leið tvenns konar verðlag á innfluttar vörur. Í framkvæmdinni yrði þetta sennilega þannig, að frjálsa gjaldeyrinum yrði einkum varið til að flytja inn vörur, sem ekki gætu talizt bráðnauðsynlegar, eða teldust jafnvel óþarfar, og yrði þetta gert til þess að koma í veg fyrir, að hinar óumflýjanlegu verðhækkanir kæmu fram í vísitölunni. Gjaldeyrisástandið yrði þannig, að fyrst yrði að flytja inn allar rekstrarvörur á gamla genginu, því annars mundi framleiðslukostnaður útgerðarinnar stíga, og enn fremur hráefni í nauðsynjavörur, sem framleiddar eru innanlands. Síðan fengju útflytjendur nægilegan hluta gjaldeyrisins til ráðstöfunar, eins og áður segir. Fyrir það, sem eftir yrði, væri svo hægt að flytja inn nauðsynlegustu neyzluvörurnar. Þar sem gjaldeyrisástandið er nú þegar mjög erfitt og lítið flutt inn, sem ekki er talið beinlínis nauðsynlegt, mundi af slíkum ráðstöfunum leiða ennþá tilfinnanlegri skort á nauðsynjavöru en nú, þannig að kjaraskerðing sú og óþægindi, sem launþegarnir yrðu fyrir, yrðu með þessu móti meiri en af almennri gengislækkun. Þessi leið felur í sér fyrst og fremst, að sá gjaldeyrir, sem aflast, er notaður á ónytsamari **hátt en áður.**

Hin tvö gengi og tvenns konar verðlag innanlands mundu gera nauðsynlegt að halda mjög ströngu eftirliti með verðlagi og dreifing allra innfluttra vara. Sterk öfl mundu reyna að hækka álagningu og verðlag á vörum, sem fluttar væru inn fyrir ódýrari gjaldeyrinn, til samræmis við verðlag á þeim vörum, sem fluttar væru inn fyrir frjálsa gjaldeyrinn. Með því móti væri skapaður jarðvegur fyrir margs konar brask og óheilbrigða verzlunarhætti. Þessi leið mundi því kalla á aukin verzlunar-

höft og opinbera íhlutun um verðlagsmál og því ganga alveg í öfuga átt við megintillögur okkar, sem fyrst og fremst er ætlað að skapa skilyrði fyrir frjálsri verzlun.

Þar sem ein afleiðingin yrði hækkun á almennu verðlagi er líklegt, að framleiðslukostnaðurinn innanlands mundi stíga, fyrst og fremst kaupgjald. Er þá hætt við, að verðið á frjálsa gjaldeyrinum hækkaði enn og um leið almenna verðlagið. Bilið milli hins tvenns konar innflutningsverðlags ykist, og mundi af því hljótast margs konar togstreita.

Menn mundu fljótlega vilja breyta ástandinu í heilbrigðara horf, en þeim mundi verða ljóst, að ætti að framkvæma varanlega lausn, þá væri það ekki hægt án þess að hækka fyrst og fremst nauðsynjar í verði. Húsaleigu-, kaupgjalds- og vísitölusjálfheldan yrði því margfalt verri viðureignar en nú. Við mælum því eindregið gegn þessari leið.

X. Verðhjöðnunarleiðin.

Almennt um verðhjöðnun.

Grein hefur verið gerð fyrir því, að ein aðalástæðan til þeirra vandræða, sem nú er við að etja í atvinnulífinu, er misræmi það, sem er á framleiðslukostnaði og útflutningsverðlagi, eða eins og líka má orða það, milli peningateknanna innanlands annars vegar og verðsins á erlendum gjaldeyri, eða gengisskráningarinnar, hins vegar. Hinar háu peningatekjur innanlands skapa meiri eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri en hægt er að fullnægja með núverandi gengisskráningu. Um leið skapar hinn hái framleiðslukostnaður taprekstur í útflutningsframleiðslunni, þannig að gjaldeyrisframboðið verður minna en ella. Þetta misræmi má lagfæra með því að færa niður framleiðslukostnaðinn innanlands, verðlag og peningatekjur, eða með því að hækka verðið á erlendum gjaldeyri, þ. e. lækka gengi íslenzku krónunnar. Í þessum kafla verður rætt um fyrri leiðina.

Ef niðurfærslan er nógu mikil, er með henni hægt að tryggja afkomu útflutningsframleiðslunnar og jafnvægi í greiðsluviðskiptum við útlönd. Lækkun framleiðslukostnaðar og minni peningatekjur hafa í för með sér minni eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Enn fremur eykst útflutningurinn nokkuð sökum þess að hann yrði arðbærari. Fræðilega séð ætti því að mega ná sama árangri með því að fara verðhjöðnunarleiðina og með því að lækka gengið. Verðhjöðnun mundi þó valda miklu meiri röskun á efnahagskerfi þjóðarinnar og verða langtum örðugri í framkvæmd en gengislækkun, svo sem nú skulu að leidd nánari rök. Enn fremur er hættara, að almennt atvinnuleysi fylgi henni en nokkurri annarri leið.

Verðhjöðnunina þarf að framkvæma bæði með beinum og óbeinum aðgerðum. **Beinar aðgerðir** í þessu skyni yrðu fólgnar í því að lögbjóða lækkun kaupgjalds og verðlags í ákveðnum hlutföllum. Sérstaklega skal á það bent, að lækkun kaupgjaldsins yrði þá að vera til muna meiri en lækkun verðlagsins, ef þessar ráðstafanir ættu að koma að gagni, eins og síðar verður sýnt fram á. Þessi leið virðist njóta talsverðra vinsælda meðal almennings, og er sennilega aðalástæðan fyrir því sú, að menn gera sér þetta atriði ekki ljóst, en hyggja, að hægt sé að leysa vandann með því að lækka kaupgjald og vöruverð í sama hlutfalli.

Óbeinar aðgerðir til þess að framkvæma verðhjöðnun mundu einkum fólgnar í því að lækka peningatekjurnar. Þetta yrði gert með því að afgreiða fjárlög með raunverulegum tekjuafgangi, og með því að láta bankana innheimta útistandandi skuldir, og ef til vill líka með skyldusparnaði. Í raun og veru eru þýðingarmestu óbeinu ráðstafanirnar ekki sérstaklega háðar því, að verðhjöðnunarleiðin sé valin til þess að samræma innlent og erlent verðlag, heldur er hér um að ræða ráðstafanir til þess að taka fyrir myndun nýrrar dýrtíðar, sem þarf að gera, hvor leiðin til samræmingar sem er farin. Þá hefur og aukinn innflutningur einnig hjöðnunaráhrif.

Yrði verðhjöðnunarleiðin farin, hlyti skuldabyrði að þyngjast til muna. Mundi slíkt bitna hart á öllum, sem ráðizt hafa í framkvæmdir á árunum síðan styrjöldinni

lauk, bæði einkafyrirtækjum og opinberum aðilum. Tekjur þessara aðila lækka, en skuldir haldast óbreyttar. Þar sem ríkisvaldið hefur einmitt hvatt mjög til slíkra framkvæmda á þessum árum, virðist ósanngjarnt, að gripið sé til aðgerða í fjármálum, sem óhjákvæmilega hefðu í för með sér gjaldþrot margra, ef hjá slíkum ráðstöfunum verður komizt. Sérstaka athygli má vekja á því, að þau bæjarfélög, er ráðizt hafa í ýmiss konar nýsköpunarframkvæmdir, mundu fá aukna erfiðleika að etja við. Þar sem fjárhagur margra þessara bæjarfélaga er mjög bágborinn fyrir, hlytu bankar og sparisjóðir að verða fyrir miklum töpum af þeim og öðrum viðskiptavinum.

Til þess að koma í veg fyrir þau óheppilegu áhrif, sem verðhjöðnunin mundi að þessu leyti hafa, yrði e. t. v. reynt að stofna til allsherjar skuldaskila í sambandi við hana, þannig að nafnverð skulda yrði fært niður í hlutfalli við lækkun kaupgjalds eða verðlags. Jafnframt yrði þá að lækka nafnverð innstæðna í peningastofnunum og jafnvel framkvæma nýja innköllun seðla o. s. frv. Allar slíkar ráðstafanir yrðu mjög umsvifamiklar, kostnaðarsamar og torveldar í framkvæmd. Auk þess yrði með þeim verulega dregið úr einum helzta tilgangi verðhjöðnunarleiðarinnar, þ. e. að auka gildi peningaeigna, svo að þeir, sem eiga peninga, t. d. sparifjáreigendur, fengju nokkra uppbót vegna undangenginnar dýrtíðar og gildisrýrnunar peninganna.

Á almennri og stórfelldri verðhjöðnun er ekkert að græða, sem ekki er fáanlegt á einfaldari hátt eftir öðrum leiðum. Séu almenn skuldaskil þáttur í verðhjöðnuninni, þá hefur í rauninni ekkert annað gerzt en að almennt verðgildi peninganna hefur breyzt fyrir alla í jöfnu hlutfalli og enn fremur, að erlent og innlent verðlag hefur verið samræmt. Almenn breyting á verðgildi peninganna er ekki annað en að mælikvarðinn í fjárhags- og atvinnulífi breytist. Hann er stækkaður, og er í sjálfu sér ekkert unnið við að mæla í stórum fremur en smáum einingum. Og samræmingu innlends og erlends verðlags er hægt að framkvæma á miklu einfaldari hátt með gengislækkun, einkum þegar misræmið er mikið.

Niðurfærslan.

Við höfum hér að framan rætt um almenna verðhjöðnun, sýnt fram á erfiðleika þá, sem eru henni samfara, og enn fremur, að hún er óhagkvæm, þar sem hún miðar að því einu að samlaga kaupgjald, verðlag og annað genginu, í stað þess að samlaga gengið eitt öllu öðru. Almenn verðhjöðnun er það að breyta mörgum og erfiðum hlutum til samræmis við eitt, sem á að halda óbreyttu, í stað þess að breyta þessu eina til samræmis við hitt allt. Árangurinn af slíkri verðhjöðnun verður sá að gera verðgildi krónunnar meira en það er í dag. Allt annað, öll önnur hlutföll héldust óbreytt.

Nú er það vitað mál hins vegar, að ekki eru allir hlutir of háir í verði, heldur er það svo, að innlent verðlag, kaupgjald og allur framleiðslukostnaður er of hátt, borið saman við það verð í íslenzkum krónum, sem fæst fyrir útfluttar afurðir. Það, sem með þarf, er því ekki almenn breyting alls verðs og alls kaupgjalds, heldur þarf að lækka sumt og hækka annað. Það þarf að samræma innlenda verðlagið og framleiðslukostnaðinn því verðlagi, sem er á útflutningsframleiðslunni. Það, sem þarf því að gera, er að breyta ákveðinni tegund verðlags og öllu kaupgjaldi í einhverjum vissum hlutföllum, en ekki jafnt eins og oft er rætt um. Munum við nú ræða niðurfærsluleiðina frá þessu sjónarmiði, hvernig með henni má samræma verðlag innanlands útflutningsverðlaginu. Þetta er það, sem um er að ræða.

Við byrjum á því að leiðrétta hugsanavillu mjög algenga í þessu sambandi, en það er þá hugmynd, að hægt sé að lækka allt kaupgjald og allt verðlag innanlands í jöfnum hlutföllum, og að slík lækkun leysi vandamál útflutningsframleiðslunnar.

Við munum síðar ræða um áhrif þau, sem gengislækkunin hefur á framfærslukostnaðinn. Er þar vitnað í útreikninga, sem gerðir hafa verið, er sýna, að 10% gengislækkun mundi hækka vísitöluna um sem nemur 2.3%, þ. e. a. s. þetta er sú hækkun, sem verður á hinum erlendu liðum vísitölunnar. Í þeim útreikningum er gert ráð fyrir, að verðlag landbúnaðarafurða hækki sem svarar hækkun hinna erlendu kostnaðarliða í framleiðslu landbúnaðarafurða. Þá er gert ráð fyrir því, að fiskverð haldist

óbreytt innanlands og verð einkasöluvara. Þá er og gert ráð fyrir því, að álagning haldist óbreytt að krónutali.

Samkvæmt framansögðu veldur 10% lækkun á genginu hækkun á framfærsluvísitölunni, sem nemur 2.3%. Samkvæmt því er vísitalan þannig samsett, að 7.7% eru innlendir liðir, þ. e. liðir, sem ekki eru beinlínis eða að mestu erlendir. Innlendu liðirnir eru fyrst og fremst verð landbúnaðarafurða, húsaleiga og kostnaður við framleiðslu iðnaðarafurða í landinu. Það liggur því í augum uppi, að eigi sér stað í landinu almenn lækkun á kaupgjaldi um 10% og öllum innlendum framleiðslukostnaði í samræmi við það og allar vörur og afurðir í landinu lækkaðar síðan í verði sem þessu svarar, geta áhrifin á framfærsluvísitöluna samt aldrei orðið nema í allra hæsta lagi 7.7%. Hugmyndin um samtímis niðurfærslu á kaupgjaldi og framfærsluvísitölu jöfnum skrefum, sem bæti hag útflutningsframleiðslunnar, er því byggð á röngum forsendum. Það er auðvelt að sjá, að eigi að fara verðhjöðnunarleiðina, þá verður kaupgjaldið að lækka meir en framfærsluvísitalan.

Yrði t. d. 30% almenn lækkun á innlenda framleiðslukostnaðinum, þá mundi sú lækkun ekki hafa í för með sér meiri lækkun á framfærsluvísitölunni en í allra hæsta lagi 20—23%. Svo mikil lækkun mundi þó aðeins verða á nokkuð löngum tíma. Það er vafasamt, að hægt væri að haga niðurfærslunni þannig, að lækkun framfærslukostnaðar fyrst í stað mundi nema meira en einum þriðja af lækkun kaupgjaldsins.

Við þessa útreikninga er það að athuga, að gert er ráð fyrir, að allir innlendir kostnaðarliðir séu lækkaðir í samræmi við kaupgjaldslækkunina. Talan 7.7% byggist enn fremur á því, að sú hækkun á erlendu liðunum, sem reiknað er með í sambandi við gengislækkunina — 2.3% — sé öll beina hækkunin, sem leiðir af gengislækkuninni.

Við þessa útreikninga er enn fremur það að athuga, að jafnvel þótt kaupgjald lækkaði almennt og því innlendar iðnaðarvörur og landbúnaðarafurðir, þá mundu hins vegar sumir hinna innlendu kostnaðarliða ekki lækka, t. d. húsaleigan, sem þegar er of lág, þ. e. sú húsaleiga, sem reiknað er með í vísitölunni. Sé hins vegar farið inn á þá braut, sem við leggjum til, þ. e. að reikna með nýju húsaleigunni, þá er auðvitað sá möguleiki fyrir hendi, að í sambandi við almenna kaupgjaldslækkun og verðlagslækkun í landinu væri hægt að færa nýju húsaleiguna niður. En slík niðurfærsla mundi ekki sjást sem lækkun á framfærslukostnaði svo lengi sem vísitalan er reiknuð á sama hátt og nú. Færi svo, að t. d. húsaleiguliður vísitölunnar lækkaði ekki, þá mundi 10% almenn kaupgjaldslækkun mest geta haft í för með sér lækkun á framfærsluvísitölunni um sem svarar helmingi þeirrar lækkunar, og yrði lækkunin langtum minni fyrst í stað. Sú röksemd, að hægt sé að lækka allt kaupgjald, almennt verðlag og framfærsluvísitölu samtímis og jafnmikið er því röng. Til þess að slík jöfn lækkun gæti átt sér stað, þyrftu verðlækkandi áhrif frjálsari innflutningsverzlunar að vera komin fram, þannig að útsöluverð innfluttu vörunnar gæti lækkað. Lægri verzlunarhagnaður mundi þýða tekjutilfærslu til útgerðarinnar frá verzluninni og innlenda iðnaðinum. Í bili mundi skattabyrði þyngjast, þar sem skattar eru greiddir af tekjum á árinu á undan.

Hve mikil niðurfærsla?

Það, sem liggur næst fyrir, er þá að fá að vita, hve miklu hin almenna niðurfærsla, þ. e. niðurfærsla kaupgjalds og framleiðslukostnaðar, þyrfti að nema, og svo hversu mikil yrði niðurfærsla framfærsluvísitölunnar. Um þetta mál er til mjög athyglisverð skýrsla, dagsett 21. október 1947, eftir þá Pétur Magnússon, Klemenz Tryggvason og Gylfa Þ. Gíslason. Hafði þeim snemma í september verið falið af þáverandi ríkisstjórn að rannsaka málið.

Í eftirfarandi töflum, sem eru úr þessari skýrslu, er reiknað með því verði, sem útgerðarmenn mundu fá á grundvelli raunverulegs útflutningsverðs án uppbóta, og gert er ráð fyrir því, að útgerðin beri sig með því verði, eins og framleiðslukostnaðurinn var þá.

Miðað er við 60 tonna vélbát og byggt á áætlunum látnum í té af LÍÚ. Fyrri taflan á að sýna, hve mikillar lækkunar á kostnaði vinnulauna þurfi með, ef hann lækkar allur jafnt, hin síðari ef annar kostnaður en laun lækka til helmings á móti lækkun á launum. Í báðum tilfellum er lagður til grundvallar hlutur, sem sjómanninum bæri, ef hans skerfur væri hækkaður í samræmi við launahækkanir, sem þá höfðu átt sér stað hjá öðrum, og er sá hlutur talinn kr. 13 233 (á 35 smál. bát kr. 14 020). Síðan er þessi samræmdi hlutur lækkaður í samræmi við lækkun launa hjá öðrum (án tillits til fyrirkomulags hlutaskiptanna). Niðurstöðurnar eru sýndar í eftirfarandi töflum. Hæsta fiskverðið er verðið til clearing-landanna.

Nauðsynleg lækkun innlends framleiðslukostnaðar, þar með lækkun samræmds hlutar, til þess að báturinn beri sig (60 t.). Miðað er við raunverulegt útflutningsverð haustið 1947.

A. Innlendur kostnaður lækkar allur jafnt.

	Lækkun kostnaðar	Fiskverð aurar	Hlutur eftir lækkunina kr.	%	Hlutur fyrir lækkunina %
Saltfiskur:					
Útflutningsverð kr. 1.68 ..	23%	52	10 150	4.15	4.17
Freðfiskur:					
Útflutningsverð kr. 2.98 ..	0	68	13 182	4.29	4.17
— — 1.70 ..	43%	37½	7 514	4.02	4.17
— — 1.92 ..	35%	43	8 568	4.16	4.17
Fiskkaupaskip:					
Hámarksv. þorsks £3—5—10					
— ýsu £ 4—3—4					
Vélskip	35%	43	8 568	4.16	4.17
Gufuskip	30%	46	9 227	4.16	4.17
Togari:					
Sala £ 7000	16%				

B. Laun lækka og annar innlendur kostnaður lækkar til hálfs við laun.

	Lækkun launa	Lækkun annars kostnaðar	Fiskverð aurar	Hlutur eftir lækkunina kr.	%	Hlutur fyrir lækkunina %
Saltfiskur:						
Útflutningsverð kr. 1.68	30%	15%	51	9 227	3.94	4.17
Freðfiskur:						
Útflutningsverð kr. 2.98	0	0	68	13 182	2.29	4.17
— — 1.70	56%	28%	37	5 800	3.34	4.17
— — 1.92	46%	23%	42	7 118	3.65	4.17
Fiskkaupaskip:						
Hámarksv. þorsks £ 3—5—10						
— ýsu £ 4—3—4						
Vélskip	44%	22%	43	7 382	3.66	4.17
Gufuskip	38%	19%	47	8 173	3.80	4.17
Ísfiskur:						
Sala £ 7000	19%	9½%				

Þessar töflur gefa nokkurt hugboð um, hve verðhjöðnunin þarf að vera mikil, ætti að fara þá leið að lækka allan framleiðslukostnað og allt verðlag innanlands til samræmis við útflutningsverðlagið. Sé gert ráð fyrir því, að allur framleiðslukostnaður lækki í sama hlutfalli, þá þarf sú lækkun að nema 30—40%. Sé hins vegar gert ráð fyrir því, að annar framleiðslukostnaður en laun lækki aðeins um helming af því, sem launalækkuninni nemur, þá þarf sú lækkun launa að nema um 40—50%. Skýrslan var samin í árslok 1947, og mun framleiðslukostnaðurinn hafa hækkað talsvert síðan.

Í skýrslunni var ekki sýnt, hvernig breyta þyrfti hlutaskiptunum til þess að fá þann hlut, er töflurnar sýna, sem er hinn samræmdi hlutur, eftir að hann hefur verið lækkaður til samræmis við annað kaupgjald. Ein af þýðingarmestu niðurstöðum skýrslunnar er þessi:

„Sérstaka athygli verður að vekja á því, að ekki er hægt að koma á jafnvægi í bátaútveginum með lækkun framleiðslukostnaðar að óbreyttum hlutaskiptum. Í kjölfar lækkaðs aflahlutar siglir lækkaður hlutur útgerðarinnar til greiðslu á sérkostnaði hennar, svo að hafi verið halli áður en krónutala hlutarins var lækkuð, er auðvitað ekki hægt að eyða honum með því einu að lækka sjómannshlutinn að krónutölu, heldur verður annaðhvort að minnka heildarhlutdeild áhafnarinnar í því aflaverðmæti, sem til skipta kemur, eða greiða meiri hluta kostnaðarins en áður af óskiptu. Eigi því að fara þessa kostnaðarlækkunarleið til þess að samræma framleiðslukostnað og útflutningsverð hjá bátaútveginum, er óhjákvæmilegt að breyta hlutaskiptunum.“

Þessi niðurstaða í skýrslunni er ekki ný, því að menn hafa áður látið í ljós þá skoðun, að hlutaskiptin gangi orðið of nærri bátunum, til þess að þeir geti borið sig. Hefur orðið talsverð breyting á hlutaskiptunum bæði í Keflavík og Hafnarfirði síðan fyrir stríð bátunum í óhag. Þetta er mál, sem útgerðarmennirnir og sjómennirnir verða að leysa sjálfir.

Áhrif lækkunar kaups á framfærsluvísitöluna.

Reiknað hefur verið út, hve mikil áhrif ákveðin kauplækkun mundi hafa á framfærsluvísitöluna. Hefur sá útreikningur verið gerður af hagstofustjóra og er dagsettur 3. nóv. 1947. Gert er ráð fyrir, að kaup yrði lækkað þannig, að það greiddist með vísitölu 200, sem þá þýddi 38.5% kauplækkun. Niðurstaða útreikninganna er sú, að framfærsluvísitalan mundi lækka úr 325 niður í 272 stig, og mundi það vera lækkun um 16.3%. Þá var einnig reiknað með því að kaupgjald yrði greitt samkvæmt vísitölu 250, og mundi það þýða 23.1% kauplækkun. Samkvæmt þessum útreikningi mundi vísitalan við það lækka niður í 296. Mundi það hafa verið lækkun um 9%. Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir því, að landbúnaðarvörurnar lækkuðu samkvæmt gerðardómsgrundvellinum, þ. e. a. s. að verkakaup við framleiðslu landbúnaðarvaranna mundi lækka jafnmikið og annað kaupgjald. Sýnir þessi útreikningur langtum minni lækkun á framfærslukostnaðinum við almenna kauplækkun heldur en útreikningarnir hér að framan gera ráð fyrir að hún gæti orðið mest, enda er hér aðeins gert ráð fyrir beinum áhrifum lækkunar kaupgjaldsins og í hinum útreikningunum aðeins gert ráð fyrir beinum áhrifum gengislækkunarinnar. En til þess að öll áhrifin komi í ljós, þarf alllangan tíma. Þá má einnig benda á, að breytingar á verðlagi og kaupgjaldi taka venjulegast talsverðan tíma. Tregðan er gengislækkunarleiðinni í hag, þar sem afurðaverðið hækkar strax, en verðlagið innanlands aðeins smám saman, en verðhjöðnunarleiðinni í óhag, þar sem innlenda verðlagið verður þá að lækka fyrst, en hin hlutfallslega hækkun á útflutningsverðlaginu verður að bíða eftir þeirri lækkun, en hún gerist aðeins smám saman.

Reynslan.

Við teljum vægt í sakirnar farið, ætti að fara niðurfærsluleiðina, að allt kaupgjald yrði lækkað um 30%. (Þessu til frekari skýringar sjá um tilfærslu á tekjum í greinargerðinni fyrir gengislækkunartillögunum). Þetta mætti gera smám saman, t. d. í tveimur eða þremur skrefum, en ekki mætti ætla, að lækkunin alls þyrfti að vera minni en 30%. Mesta lækkun á vísitölunni, sem hægt er að gera ráð fyrir, að mundi leiða af þessari almennu kauplækkun, ætti að vera 20—23%, en í framkvæmd yrði hún naumast meiri en 10—15%. Yrði enginn samdráttur á atvinnurekstri í sambandi við verðhjöðnunina, ættu raunverulegar þjóðartekjur ekki að minnka neitt, heildarútkoman því að haldast óbreytt. Það mundi samt eiga sér stað yfirfærsla á

tekjum frá öllum launþegum í landinu til sjómanna og útgerðarmanna, sem er það, sem með þarf. En um það hefur verið rætt áður, að arðbærari útflutningsframleiðsla mundi auka raunverulegar þjóðartekjur, sökum hagkvæmari notkunar á framleiðslutækjunum. Þegar frá liði, mundi rýmka um verzlunina og þá hægt að létta af verzlunarhöftunum. Hagur launþeganna mundi smám saman batna, en verzlunarkostnaðurinn og verzlunargróðinn yrðu minni. Hagstæðari verzlun mundi að okkar áliti bæta að fullu þá skerðingu fyrir launþegana í heild, sem leiða mundi af þessari yfirfærslu á tekjum til sjávarútvegsins, en slíkt mundi samt taka talsverðan tíma og ekki koma nema að nokkru leyti í ljós sem breyting á vísitölunni.

Reynt hefur verið að fara þessa leið, og eftir þeirri reynslu, sem þá fékkst, ætlum við, að erfitt mundi verða að reyna þessa leið að nýju. Um áramótin 1947—1948 var allt kaupgjald lækkað um 9%. Við þessar lækkanir lækkaði vísitala framfærslukostnaðarins um 3%, og það að töluverðu leyti sökum aukinna niðurgreiðslna, og nokkru síðar byrjaði hún að stíga hægt aftur. Á s. l. vori fóru svo leikar, að almenn kaupgjaldshækkun átti sér stað, sem nam um 10%. Að vísu hafði ekki tekið fyrir myndun nýrrar dýrtíðar, þegar þessi stefna var tekin upp fyrir tveimur árum. En reynslan bendir til, að afarerfitt yrði að framkvæma almenna verðhjöðnun, jafnmikil og hún þyrfti að vera, einkum þar sem fyrirfram er vitað, að framfærsluvísitalan hlýtur að lækka að mun minna en kaupgjald.

Niðurstöður okkar um samnburð á verðhjöðnun og gengislækkun eru þessar: Verðhjöðnun, sem næði sama árangri og gengislækkun mundi í bili leggja miklu þyngri byrðar á herðar launafólks en gengislækkunin og mundi taka miklu lengri tíma að ná tilætluðum áhrifum. Verðhjöðnunin mundi á sama hátt og gengislækkunin skapa skilyrði fyrir frjálsari verzlun, og mundi þá sú kjaraskerðing, sem launþegarnir — aðrir en sjómenn — verða fyrir í bili, að vísu bætast upp, þegar fram liðu stundir. En eftir fenginni reynslu er ekki líklegt, að samtök launþeganna mundu sætta sig við það að bíða þeirra áhrifa, heldur leitast áður við að velta byrðum verðhjöðnunarinnar af sér með nýjum kauphækkunum, sem um leið mundu gera ráðstafanirnar óframkvæmanlegar.

Þar sem verðhjöðnun, sem að gagni kæmi, mundi einnig skapa mikla örðugleika í sambandi við öll skuldaskipti, þannig að annaðhvort mundi af henni leiða mjög víðtæk gjaldþrot bæjarfélaga, fyrirtækja, einstaklinga og jafnvel lánsstofnana, eða stofna yrði til mjög almennra skuldaskila, þar sem skuldir og peningaeignir yrðu færðar niður til samræmis við lækkun verðlags, virðist auðsætt, að til þess að ná því jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem æskilegt er, þá er verðhjöðnunarleiðin til mikilla muna torfærari en gengislækkunarleiðin. Tregðan í öllum verðbreytingum gerir hana einnig miklu seinvirkari en gengislækkunina. Á hinn bóginn verður ekki komið auga á neina þýðingarmikla kosti, sem hún hafi fram yfir gengislækkunarleiðina, sem réttlæti það, að hún sé fremur valin. Að vísu hafa verið uppi nokkrar raddir um það, að verðhjöðnun væri hin eina „heilbrigða“ lausn á fjárhagsvandamálunum, en til grundvallar slíkum skoðunum virðist fyrst og fremst liggja það, að menn hafi ekki kynnt sér nægilega alla málavexti.

XI. Gengislækkunarleiðin.

Við teljum enga þá leið, sem nú hefur verið rædd, færa til úrlausnar og mælum með því, að gengislækkunarleiðin verði því farin. Hún er einföld í framkvæmd, er fljótvirk og kemur að fullu gagni. Munum við gera grein fyrir skoðunum okkar á henni í greinargerð fyrir hinum einstöku liðum tillagnanna, sem fara hér á eftir. Við viljum benda á, að gengislækkunin leysir samt aðeins nokkur vandamálanna og er í rauninni aðeins einn þáttur þeirra ráðstafana, sem gera þarf til þess að skapa jafnvægi í þjóðarbúskapnum og leysa höftin af verzluninni, enda gjaldeyrisskortinn og leggja grundvöll að heilbrigðri þróun og framförum í atvinnulífinu.

Tillögur um breytingar á gengi íslenzku krónunnar og ráðstafanir í því sambandi.

I. liður.

Gengi íslenzku krónunnar skal breytt þannig, að Bandaríkjadollar jafngildi kr. 16.2857, og skal gengi á öllum erlendum gjaldeyri skráð í samræmi við það. Gengi krónunnar gagnvart sterlingspundi verður kr. 45.60 hvert sterlingspund. Landsbankinn skal birta sölu- og kaupgengi, sem sé í samræmi við hið opinbera gengi. Kaupgengi skal ekki vera meira en 1% undir og sölugengi ekki meira en 1% yfir hinu skráða gengi.

II. liður.

Framfærsluvísitölunni frá 1939 skal breytt þannig, að vísitölufjárhæðin fyrir marz 1950 skal sett = 100. Við útreikning á vísitölunni fyri þann mánuð skal húsaleiguliðurinn reiknaður að nýju, þannig að eingöngu skal byggt á raunverulegri húsaleigu í húsum, sem fullgerð voru eftir árslok 1945. Kjöt skal reiknað með útsöluverði á sama hátt og aðrar vörur. Hagstofan skal enn fremur reikna kaupgjaldsvísitölu fyrir marzmánuð, sem sýni breytingu þá, sem orðið hefur á almennu kaupgjaldi — þ. e. grunnkaupi og verðlagsuppbót — síðan fyrir stríð. Skal sú vísitala reiknuð á þann hátt að taka hið almenna tímakaup Dagsbrúnar og nota tímakaupið mánuðina jan.—marz 1939 sem vísitölugrundvöll. Hætt skal í opinberum útreikningum að gera greinarmun á grunnkaupi og verðlagsuppbót og hvort tveggja samanlagt nefnt kaup eða kaupgjald. Skattstigum og fjárlögum skal breytt í samræmi við þetta ákvæði.

III. liður.

Vísitalan skal reiknuð mánaðarlega, og skal greiða fulla uppbót á kaupgjald, annað en það, sem reiknað er á grundvelli verðmætis afurða, ef vísitala sýnir hækkun um minnst 5%. Skal sú uppbót greidd í fyrsta skipti á laun fyrir maímánuð samkvæmt þeirri breytingu, sem vísitalan fyrir apríl sýnir. Kaupgjald skal lækka á sama hátt, ef vísitalan sýnir lækkun um minnst 5%. Sýni framfærslukostnaðurinn minni breytingu en 5%, skal sú breyting tekin til greina við ákvörðun um breytingu á kaupgjaldi samkvæmt útreikningi vísitölu fyrir síðari mánuði, þannig að launabót skal greidd eða laun lækka samkvæmt útreikningi vísitölunnar, ef samanlögð breyting á framfærslukostnaði samkvæmt vísitölunni frá því að kaupgjaldi var seinast breytt, nemur minnst 5%. Kaupgjald skal breytast samkvæmt framansögðu mánaðarlega fram í júlí 1950. Sú breyting á kaupgjaldi, sem verður í júlí, skal síðan gilda í sex mánuði. Sýni vísitala fyrir desember hækkun eða lækkun um 5% eða meira síðan í júlí, eða síðan launum var seinast breytt samkvæmt þessum tillögum, skal kaupgjald hækkað eða lækkað til fulls samkvæmt þeirri hækkun eða lækkun á framfærslukostnaði, með þeirri undantekningu, að sú hækkun framfærslukostnaðarins, sem stafar af hækkun landbúnaðarafurða vegna hækkunar á kaupgjaldi bóndans og vinnuhjúa, sem verður vegna þessara tillagna um launabætur, skal ekki tekin til greina við ákvörðun, hvort uppbót skuli veitt eða ekki, né hve mikil. Skal sú breyting á launum standa óbreytt um aðra sex mánuði. Sýni vísitalan fyrir júní 1951 hækkun eða lækkun um minnst 5%, frá því laun breyttust seinast samkvæmt þessum tillögum, skal hækka eða lækka laun fyrir júlí 1951 sem þeirri breytingu svarar. Að þeim tíma liðnum falla tengslin milli kaupgjalds og vísitölu niður. Launabætur skulu aðeins greiddar á kaupgjald, sem greitt var 31. janúar 1950 og ekki breytist nema í samræmi við þessar tillögur.

IV. liður.

(a) Verð á vöru, sem framleidd er og seld innanlands, annarri en landbúnaðafurðum, má hækka sem svarar hækkun erlendra kostnaðarliða og sem svarar hækkun innlendra kostnaðarliða, annarra en kaupgjalds. Tillit má þó taka til breytinga

á kaupgjaldi vegna breytinga á vísitölu fyrir mánuðina júní og desember 1950 og júní 1951.

(b) Verðlag á landbúnaðafurðum skal ákveðið eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Þó má mjólkurverð ekki hækka vegna launahækkana samkvæmt þessum tillögum fyrr en í júlí 1950.

(c) Verzlunarálagningu á vörur skal leyft að hækka þannig, að álagningarupphæðin í krónum má hækka sem nemur hækkun samkvæmt þessum tillögum á kaupgjaldi, greiddu í verzluninni. Þetta ákvæði skal vera í gildi níu mánuði frá gildistöku þessara tillagna. Að öðru leyti ákveður verðlagseftirlitið álagninguna.

V. liður.

Gengisskráning skal hér eftir ákveðin af ríkisstjórninni á ráðherrafundi, að fengnum tillögum bankastjórnar Landsbankans. Gengisskráningu skal á hverjum tíma miða við að koma á og viðhalda jafnvægisgengi, þ. e. að sem mestur jöfnuður sé í greiðslum við útlönd án gjaldeyrishafta. Skylt er stjórn Landsbankans að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu krónunnar, þegar almenn breyting verður á kaupgjaldi, önnur en sú, sem gert er ráð fyrir í þessum tillögum, og gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðunum.

VI. liður.

Álagið á verðtollinn skal lækka úr 65% niður í 45%.

VII. liður.

Af þeim gengishagnaði, sem myndast við það, að nettó gjaldeyriseign bankanna verður seld á hærra verði eftir gengislækkunina, skulu 10 milljónir króna renna til Landsbankans. Skal hann nota þessar 10 milljónir króna til þess að bæta einstaklingum í landinu rýrnun sparifjárinnstæðna þeirra á stríðsárunum, þar með sparifjárinnstæðna í innlánsdeildum samvinnufélaganna. Skal sparifé einstaklinga skipt í tvo flokka: Sparifé, sem stóð inni í árslok 1939 til ársloka 1942, og sparifé, sem stóð inni í árslok 1942 til 1. júlí 1947. Uppbótunum skal skipt á milli þessara tveggja flokka í hlutfallinu 6 : 1 að hundraðstölu. Uppbót skal þó því aðeins greidd, að eigandi innstæðu í árslok 1942 eða 1947 sé á lífi, þegar þessi lög taka gildi. Þó skal erfingi, sem var maki, foreldri eða barn innstæðueiganda fá uppbót á sinn arfshlut.

VIII. liður.

(a) Framleiðslugjald skal lagt á aflaverðmæti nýju togaranna, hvort heldur þeir leggja aflann hér á land eða selja hann erlendis. Sé um ísfisk að ræða, sem seldur er erlendis, skal gjaldið lagt á það aflaverðmæti, sem er umfram £ 8 500 brúttó í söluferð, þ. e. að tolli, löndunar og sölukostnaði ófrádregnum. Hafi næstu tvær sölur á undan numið lægri upphæð en £ 8 500 að meðaltali, skal heimilt að draga það, sem á vantaði, frá gjaldskyldri upphæð. Skal gjaldið nema 25% af því, sem umfram er 8 500 sterlingspunda sölu. Gjaldið skal tekið af óskiptum afla, þannig að ekki skal reikna aflaverðlaun eða annan hlut af þeim hluta andvirðisins, sem tekið er með þessu gjaldi. Af brúttó-verðmæti annarra sjávarafurða nýju togaranna skal greiða 10%. Verðlag þessa afla skal metið af þar til skipaðri nefnd, og skal hún miða við gangverð afla upp úr skipi á hverjum stað. Framleiðslugjald skal lagt á hvalafurðir og nema 10% af útflutningsverðmætinu. Gjöldunum skal varið til þess að standa straum af og endurgreiða skuldir ríkisins, sem myndazt hafa í sambandi við togarakaup, ábyrgðargreiðslur og aðrar ráðstafanir og framkvæmdir í þágu sjávarútvegsins á liðnum árum, og síðan til þess að greiða önnur útgjöld ríkisins.

(b) Framleiðslugjald skal lagt á allar síldarafurðir og nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Nemi sumarafli skipa, er veiða í snurpinót, minna en 6000 málum pr. skipshöfn að meðaltali, heimilast ríkisstjórninni að lækka gjaldið. Nemi aflinn minna en 4000 málum pr. skipshöfn, heimilast ríkisstjórninni að fella það niður.

Gjaldinu skal varið til þess að setja á stofn útlánasjóð, sem rekinn sé aðallega í þágu síldarútvegsins. Á meðan slík stofnun ekki tekur til starfa, skal gjaldið varðveitt á sérstökum reikningi í Seðladeild Landsbankans, enda má hún ekki nota það til útlána.

IX. liður.

(a) Leggja skal sérstakan skatt á eignir einstaklinga, hlutafélaga og samvinnufélaga. Skatturinn skal lagður á hreina eign einstaklinga, sem er umfram kr. 300 000 að frádregnu því sparifé og reiðufé í árslok 1949 og þeim verðbréfum og skuldabréfum, sem er umfram skuldir, þar með talinn ógreiddur eignaaukaskattur, svo og að frádreginni eign í hlutafélagi. Skattskyld eign hlutafélaga og samvinnufélaga skal ákveðin á sama hátt, en án lágmarksupphæðar, nema að frá eignum samvinnufélaga skal draga stofnsjóði félagsmanna. Þegar um fasteign er að ræða, skal hún metin samkvæmt fasteignamati margfölduðu með 5 fyrir Reykjavík, 4 fyrir aðra kaupstaði með yfir 4 000 íbúa í árslok 1948 og 3 annars staðar á landinu. Eignir hlutafélaga og samvinnufélaga skulu metnar af stjórnskipaðri nefnd.

(b) Skatturinn skal nema 10% af þannig ákveðinni hreinni eign einstaklinga umfram kr. 300 000, en ekki fram yfir kr. 1 000 000. Af því, sem er umfram kr. 1 000 000, skal greiða 12%. Hlutafélög og samvinnufélög skulu greiða 8% af hreinni eign upp að kr. 1 000 000 og 10% af því, sem er fram yfir.

(c) Skattinn er heimilt að greiða á 20 árum með jöfnum afborgunum af höfuðstól, ef skattgreiðendur óska. Ríkisstjórnin lætur því gera skuldabréf, sem gefin eru út af skattgreiðendum. Skuldabréfin skulu miðast við það, að þau greiðist á 20 árum, en heimilt sé að greiða þau hvenær sem er. Vextir af bréfunum skulu vera 3½% og skulu dragast frá skattskyldum tekjum. Ríkisstjórnin skal nota skuldabréfin til greiðslu á skuldum ríkisins við Landsbankann. Skal Landsbankinn skyldur að taka við bréfunum sem greiðslu og annast innheimtu í sambandi við þau, enda ábyrgist ríkissjóður greiðslu bréfanna gagnvart bankanum.

X. liður.

Með þessum ráðstöfunum eru úr gildi felldar allar ráðstafanir til styrktar framleiðslu sjávarafurða vegna afurðaverðs, þ. á m. styrkir til lækkunar á framleiðslukostnaði, geymslugjald til hraðfrystihúsa, álagning á innflutning, sem keyptur er fyrir gjaldeyri, sem fengizt hefur fyrir sérstakar afurðir, eins og t. d. hrogn og Faxaflóasíld, o. s. frv. Enn fremur skulu niður falla lög um sérstaklega hagkvæma skilmála fyrir rekstrarlánum handa sjávarútveginum, þ. e. ákvæðin um útlánsvexti bankanna.

Greinargerð.

Um I. lið.

Gengislækkunin.

Sú gengislækkun, sem lögð er til, nemur 42.6%. Þetta þýðir hækkun á verðlagi útfluttrar vöru í íslenzkum krónum um 74.3%. Gengislækkunin er miðuð við þarfir bátaútvegsins, og gert er ráð fyrir því, að allir styrkir og fríðindi til útgerðarinnar, hvort heldur eru beint til bátaútvegsins eða til hraðfrystihúsanna, falli niður með öllu. Ábyrgðarverðið hefur verið 65 aurar, en sökum annarra styrkja munu bátaútvegsmenn hafa fram til ársloka 1949 fengið sem nemur 75 aurum. Verð það, sem þeir mundu fá með þessari gengislækkun, mun vera kringum 93 aurar, miðað við 10 d pundið af freðfiskinum. Hækkar það útflutningsverð úr 109 aurum í 190 aura, þar sem með hinu nýja gengi eitt enskt penny hækkar úr 10.9 aurum í 19 aura. Hækkunin á fiskverðinu umfram 65 aura ábyrgðarverðið nemur tæpum 43%. Þegar tillit er tekið til þess, að niður falla aðrir styrkir og fríðindi til bátaútvegsins, verður hækkunin minni, eða tæp 24%. Þetta verð, 10 d per enskt pund, er lægsta verðið, sem fæst fyrir hraðfrysta fiskinn, en allmikið magn hefur verið selt á því verði. Hins vegar ber þess að gæta, að fremur má búast við lægra en hærra verði í framtíðinni.

Við það, að gengið lækkar, hækkar sá hluti framleiðslukostnaðarins, sem greiddur er fyrir innfluttar vörur. Bein útgjöld sjávarútvegsins í heild sinni, þ. e. skipa og vinnslustöðva í erlendum gjaldeyri, eru um 12% af rekstrar- og viðhaldskostnaði (en um 18—20% af öllum kostnaði). Þessi kostnaður mun vera nokkru hærri hjá togurunum, en lægri hjá bátunum.

Í skýrslu þeirra Péturs Magnússonar, Klemenzar Tryggvasonar og Gylfa Þ. Gíslasonar frá 1947, sem áður hefur verið vitnað í, komust þeir að þeirri niðurstöðu, að erlendur kostnaður bátaútvegsins sé 6 aurar pr. kg af aflanum, miðað við 60 smál. bát. Fiskverðið telja þeir, að þurfi að vera 66—70 aurar per kg. Þetta þýðir, að erlendi kostnaðurinn er um 9% heildarkostnaðarins. Hækkun á þessum liðum um 74.3% er því tæp 7% hækkun á heildarkostnaði hjá bátunum. Síðan má gera ráð fyrir, að þegar frá líður, verði nokkur hækkun á innlenda framleiðslukostnaðinum. Gegn því vegur hins vegar nokkuð, að við það, að verzlunin færist í frjálsara horf ættu innkaup til rekstrarins að verða hagstæðari.

Á það var minnzt í skrifunum hér að framan um verðhjöðnunarleiðina, að fyrirkomulag hlutaskiptanna gangi of nærri útgerðinni. Í rauninni er svo komið, að sjómennirnir fá of stóran hlut aflaverðmætisins í sinn hlut, og að löggjafarvaldið og ríkisstjórnin hafa neyðzt inn á þá braut að greiða útgerðinni talsvert af öðrum framleiðslukostnaði af almannafé beint eða óbeint. Með þessu riðlast um leið sjálft hlutaskiptafyrirkomulagið. Sjómennirnir hætta að fá fasta hundraðstölu alls, sem aflast. Þannig rennur styrkurinn til að lækka framleiðslukostnaðinn óskiptur til útgerðarinnar.

Við gengislækkunina hækkar fiskverðið til bátverja um 43%, miðað við 65 aura verð, en til útgerðarinnar um 24%, vegna þess að hinn óskipti styrkur, sem útgerðin nú nýtur, fellur niður. Þegar hinn óskipti styrkur fellur niður, er hann tekinn af útgerðinni einni. Í stað hans kemur hærra fiskverð, sem sjómennirnir fá hlutdeild í. Gerum við ráð fyrir, að útkoman hjá bátaútveginum á þorskveiðum muni haldast nokkru betri en hún er nú, þegar áhrif gengislækkunarinnar eru að fullu komin í ljós. Þetta er samt ekki öruggt, þar sem nokkur óvissa er um verðlag erlendis á afurðunum strax á þessu ári. Við teljum, að hag útgerðarinnar þurfi og megi bæta með breytingu á hlutaskiptunum, hagkvæmari rekstri skipa og vinnslustöðva og hagkvæmari verzlun. Þarf og að því að stefna að búa svo um rekstur bátaútvegsins, að hann geti borið sinn skerf af sameiginlegum byrðum þjóðarinnar og greitt svipaða skatta og aðrir. Við teljum sanngjarnt, að hlutaskiptunum verði breytt, þar sem þau eru útgerðinni óhagstæðust, þannig að sjómenn fái sem svarar 33% hækkun á fiskverðinu, miðað við 65 aura verð í stað 43%. Þessa breytingu mætti gera á ýmsan hátt, t. d. með því að greiða meira en áður af óskiptum afla. Endurskoðun hlutaskiptanna þarf að fara fram sem allra fyrst. (Sbr. niðurstöðu þremenninganna, bls. 29 hér að framan).

Gengislækkunin er áætluð í riflegra lagi. Til þess liggja fjórar meginástæður.

(1) Samkvæmt 3. lið er gert ráð fyrir að bæta launþegum þá hækkun, sem verður á framfærslukostnaðinum vegna gengislækkunarinnar, og er í þeim efnum gengið mun lengra en gert var í sambandi við gengislækkunina 1939, þótt kaupgjald hafi þá verið lögfest, en nú ekki, og þótt ríkisstjórn brezka verkamannaflokksins hafi nýlega framkvæmt gengislækkun án þess að gera ráð fyrir neinum slíkum uppbótum.

(2) Talsverð óvissa er um verðlag á afurðum sjávarútvegsins á næstunni. Viljum við vera vissir um, að gengislækkunin reynist nægileg, þótt nokkur lækkun þess eigi sér stað.

(3) Gengislækkunin er miðuð við það, að hún sé nægileg til þess að koma á jafnvægi í verzluninni við útlönd og því nægileg til þess að létta höftunum af verzluninni, þeim höftum, sem nú eru í gildi vegna jafnvægisleysis í þjóðarbúskap Íslendinga sjálfra. Teljum við, að hægt muni að öllu forfallalausu að rýmka til muna um verzlunina á næstu tveimur árum. En að sjálfsögðu þarf fleiri ráðstafanir en gengislækkun, til þess að slíkt megi takast. Einkum þarf að færa rekstur bankanna í heilbrigðara horf og koma á hallalausum ríkisbúskap. Fari hins vegar svo, að verðlag

innanlands, og þá einkum almennt kaupgjald og verðlag landbúnaðarafurða, hækki meir en gert er ráð fyrir í tillögum okkar (sjá 3. lið), verður ekki hægt að leysa höftin af verzluninni í bráð. Verði framleiðslunni unnið tjón með vinnustöðvunum eða af völdum náttúrunnar, verður engin raunveruleg uppbót til launþeganna möguleg, þar sem þá verður af minna að taka en ella, og væri þá skynsamlegast að láta launabætur þær, sem gert er ráð fyrir í 3. lið, falla niður. Slíkar uppbætur éta sig upp með nýrri dýrtíð, ef þjóðartekjurnar minnka.

(4) Gengislækkunin, sem mælt er með, er meiri en hún hefði þurft að vera, hefði fyrr verið horfið að því að taka fyrir myndun nýrrar dýrtíðar. Útlán bankanna þriggja, einkum Landsbankans, hafa enn haldið áfram að aukast. Á árinu, sem var að líða, hafa þau aukizt um 63 millj. kr. borið saman við 102 millj. kr. árið 1948. Af þessari aukningu voru 48 millj. kr. hjá Landsbankanum árið 1948, en 55 millj. kr. 1949. Á árinu hækkar því hlutdeild Landsbankans í útlánaaukningu úr 47% í 87%. Útlánaaukning hans skiptist nokkurn veginn jafnt í þrjá staði: Ríkið, samvinnufélögin og sjávarútveginn. Upp í þessa aukningu lánanna hefur Landsbankinn rúmar 10 millj. kr., sem Útvegsbankinn endurgreiðir honum á árinu (lán milli banka eru ekki talin til útlána), og 8 millj. kr. aukningu sparifjár. Nýmyndun peninga hjá Landsbankanum nemur því 37 millj. kr. á árinu. Verði svona bankapólitík haldið áfram, þá stígur verðlagið meira en við reiknum að öðru leyti með, og mun þá gengislækkunin senn reynast ónóg. Jafnvægisleysið út á við mun þá haldast, og ástandið í verzlunarmálunum verður ekki hægt að bæta til muna.

Áhrif gengislækkunar á verðlag.

Fyrstu og augljósustu áhrifin á verðlagið í landinu eru þau, að verðlag innfluttrar vöru til innflytjenda (fob) hækkar sem gengislækkuninni svarar, þ. e. við 42.6% gengislækkun um 74.3%. Þó er ekki víst, að hækkun fob-verðs mundi verða þetta mikil. Eins og málum er nú háttað, mundi borga sig fyrir innflytjendur, ef þeir gætu komið því við — þótt ólöglegt sé — að hafa eigin firmu erlendis, sem þeir svo keyptu af, firmu, sem legðu á vörurnar, áður en þau seldu hana hingað. Ef svona verzlunarmáti á sér stað að nokkru ráði, mundi hann minnka við það, að rýmkaðist um verzlunina, og verða að hverfa, ef innflutningurinn yrði gefinn frjáls, þannig að ótakmarkað magn hverrar vöru mætti flytja inn. Það er því hugsanlegt, að innflutningsverðlagið til innflytjenda (fob) mundi ekki hækka eins mikið og gengislækkuninni næmi, og þá cif-verðið enn minna. Þá hefur og lækkun verðtollsálagsins samkvæmt 6. lið, úr 65% í 45%, verðlækkandi áhrif, þótt sú lækkun komi að mjög litlu leyti fram í vísitölunni. Þær aðferðir, sem nú kunna að vera notaðar til þess að ná margfaldri álagningu innanlands, mundu einnig verða að hverfa. Svartamarkaðsverzlunin mundi hverfa, eftir því sem rýmkar um innflutninginn, og mundu þeir, sem kaupa á slíkum markaði, sæta hagstæðari kjörum en nú, og hugsanlegt, að sumar vörur mundu lækka í verði, jafnvel þó að innkaupsverð erlendis hækkaði sem gengislækkuninni svaraði. Þegar við þetta bætist svo, að gera má ráð fyrir því, að tekjuaukningin innanlands verði tiltölulega lítil, borið saman við gengislækkunina, mun almennt verðlag innanlands hækka langtum minna en sem gengislækkuninni nemur.

Gengislækkunum má skipta í tvennt: Fyrst er sú gengislækkun, sem gerð er til þess að hækka erlent verðlag, borið saman við innlent verðlag, í því skyni að auka útflutninginn. Innlent og erlent verðlag hefur því áður verið fyllilega sambærilegt. Þar sem verðlag erlendis í eigin gjaldeyri er með þessu hækkað, borið saman við innlenda verðlagið, aukast tekjurnar í útflutningsframleiðslunni til muna, reiknað í eigin gjaldeyri. Innfluttar vörur hækka í verði, og innlenda verðlagið stígur til móts við útflutningsverðlagið. Í þessu tilfelli var jafnvægi áður en gengislækkunin var framkvæmd. Smám saman hlýtur innlenda verðlagið að stiga til fulls móts við erlenda verðlagið og leiða til sama framleiðslukostnaðar og áður. Slík gengislækkun mundi vera aðeins stundarhagur fyrir útflytjendur. Sú gengislækkun, sem hér er um að ræða, er annars eðlis. Innlenda verðlagið hefur þegar stigið, og er nú hærra en erlent verðlag. Auk

þess er verðlag á innfluttri vöru óeðlilega hátt innanlands, borið saman við innkaupsverð erlendis, sökum innflutningshafta og vöruskorts. Eins og nú er komið, er gengislækkun því samræming á innlendu og erlendu verðlagi, eftir að innlenda verðlagið hefur þegar stigið. Þótt gengislækkuninni fylgi verðhækkun, þá getur sú verðhækkun ekki orðið nema brot af gengislækkuninni, þar sem verðlagshækkunin hefur að mestu þegar átt sér stað.

Ef verðlag innanlands væri í fullu jafnvægi við verðlag erlendis, þ. e. a. s., að jafnvægisgengi væri á krónunni, og gengið síðan lækkað, þá mætti gera ráð fyrir, að verðlag innanlands mundi stiga talsvert, þótt í sambandi við gengislækkunina sjálfa yrði engin almenn hækkun á kaupgjaldi né verði varnings, sem framleiddur er fyrir heimamarkaðinn, nema sem svaraði til hækkunar erlendu kostnaðarliðanna. Fyrst og fremst hækkar fob-verð innflutningsins, en tekjuaukningin í útflutningsframleiðslunni mundi einnig stuðla að hækkun verðlagsins. Þar sem enginn almennur taprekstur mundi vera, þá eykur gengislækkun undir svona kringumstæðum mikið tekjurnar í útflutningsframleiðsluninni. En þegar framkvæmd er gengislækkun, eftir að verðlag og framleiðslukostnaður innanlands hefur stigið, sem gerir ekki meir en enda taprekstur, sem á sér stað, eykur hún ekki að sama skapi tekjurnar, sem myndast í framleiðslunni. Hún eykur verðmæti útflutningsins í krónum, unz hann er jafnhár tekjunum, sem þegar myndast í þeirri framleiðslu. Þess ber því að gæta, að sú gengislækkun, sem lögð er til, er gengislækkun, sem framkvæmd er, eftir að tekjurnar, sem myndast í talsverðum hluta útflutningsframleiðslunnar, eru komnar langt upp fyrir það, sem vera ætti samkvæmt verðmæti útflutningsins við núverandi gengi. Í því tilfelli, sem hér um ræðir, hefur þegar átt sér stað að mestu leyti sú verðlagshækkun innanlands, sem gengislækkun annars orsakar. **Gengislækkun nú kemur á eftir aðal tekju- og verðlagshækkuninni.** Er því augljóst, að það er óhugsandi, að verðlag mundi stíga neitt nálægt því eins mikið og það mundi gera, ef gengislækkunin væri framkvæmd við jafnvægis ástand, einkum ef engin almenn kaupgjaldshækkun verður um leið og hún er framkvæmd. Það er mjög almennt, þegar menn tala um afleiðingar gengislækkunar, að þeir gera sér ekki grein fyrir þeim mun, sem er á gengislækkun, sem framkvæmd er við jafnvægisskilyrði, og gengislækkun, sem framkvæmd er, eftir að misvægið hefur myndazt.

Augljóst er, að sumar vörur, þ. e. a. s. innfluttu vörurnar, stíga í verði (fob-verðið stígur), en útsöluverð þeirra stígur talsvert minna heldur en sem nemur gengislækkuninni. Svo er og fjöldi afurða og þjónusta, sem ekki stígur neitt í verði eða þá mjög lítið. Útkoman verður sú, að verðlagið í heild sinni, og þá sérstaklega framfærslukostnaðurinn, stígur aðeins um brot af því, sem gengislækkuninni nemur, og verður sú hækkun rædd síðar. Gengislækkunin getur náð tilgangi sínum, þó að nokkur verðlagshækkun verði og þó að nokkur kaupgjaldshækkun sé veitt. Gengislækkunin frá 1939 er sérstaklega mikilvæg í þessu sambandi. Hún sýnir glöggt, að verðlagið steig þá langtum minna heldur en sem svaraði gengislækkuninni.

Reynsla gengislækkunarinnar 1939.

Í apríl 1939 var gengi íslenzku krónunnar lækkað um 18%. Framkvæmdum var hagað þannig, að uppbót á kaupgjaldi átti að veita, ef framfærslukostnaðurinn hækkaði um minnst 5% innan þriggja mánaða. Átti að veita hálfa uppbót fyrir þeirri hækkun vísitölunnar, sem væri milli 5—10%. Vegna verðhækkunar fram yfir 10% átti að veita kaupgjaldsuppbót að ⅔ af því, sem hækkunin yrði fram yfir 10%. Uppbótina átti að veita ófaglærðum verkamönnum og fjölskyldumönnum, þótt faglærðir væru, ef mánaðarkaup þeirra væri undir kr. 300. Reynslan varð sú, að að þrem mánuðum liðnum hafði verðlagið stigið aðeins um 2.1%, og kom því ekki til uppbóta. Af þessu sést, að varhugavert er að fullyrða, að mikil verðlagshækkun verði, þegar gengislækkun er framkvæmd, eftir að misvægi hefur myndazt. Hún fer eftir aðstæðunum. Það er fjarstæða, að verðlag mundi stíga til fulls móts við gengislækkunina. Að vísu eru aðstæður breyttar síðan 1939, bæði það, að gengislækkunin er rúmlega

tvöfalt meiri, og svo það, að dýrtíð hefur verið undanfarið. Má því búast við að verðlagið stígi meira en það gerði 1939, og gerum við ráð fyrir því, að verðhækkunin verði um 11—13%. Það er ólíklegt, að hún verði að mun meiri en þessu nemur, og það eru nokkrar líkur fyrir því, að hún verði minni. Útkoman veltur mest á því, að það takist að taka fyrir myndun nýrrar dýrtíðar, þ. e. hún veltur á útlánastarfsemi bankanna, fjármálastefnu ríkisins og svo á stefnu hagsmunasamtaka verkamanna og atvinnurekenda. Verður gerð nánari grein fyrir þessu máli í sambandi við næsta lið.

Áhrif gengislækkunarinnar á þjóðartekjurnar.

Við gengislækkunina verður hækkun í krónum á útflutningsverði íslenzkra afurða, sem fluttar eru úr landi, og nemur hækkunin 74.3%. Af þessum orsökum hækka þjóðartekjurnar í krónutali sökum gengislækkunarinnar, og verður hér á eftir reynt að reikna í stórum dráttum þá hækkun. Sé miðað við útflutningsáætlun fjárhagsráðs fyrir 1950, sem nemur 300 millj. kr. og er svipuð upphæð og útflutningurinn varð 1949, mundi gengislækkunin hafa í för með sér aukningu á útflutningsverðmætinu, sem nemur 223 milljónum króna. Af útflutningsverðmætinu eru um 95% sjávarafurðir. Frá þessari aukningu verður að draga allan styrk, sem nú er veittur útgerðinni og mun hafa numið kringum 45—50 millj. kr. á árinu 1949. Hann fellur niður. Styrkupphæðin er hér í ríflegra lagi, þar sem annars þyrfti að draga frá tap, sem ekki er bætt upp með styrk, heldur greitt með lánum. Eftir eru þá um 180 millj. kr. Frá þessu verður einnig að draga þá aukningu, sem verður á erlendum liðum framleiðslukostnaðarins. Í Álitsgerð um Hagmál er frá því skýrt, að þetta muni vera tæplega ⅕ alls framleiðslukostnaðar sjávarútvegsins í heild sinni, þ. e. skipa og vinnslustöðva. Sé gert ráð fyrir 350 milljón króna framleiðslukostnaði, nemur hækkun erlendu kostnaðarliðanna um 50 millj. kr. Nettó aukning þjóðarteknanna í peningum er því um 130 millj. kr. Þetta mun vera kringum 10% þjóðarteknanna. Þjóðartekjurnar, í peningum taldar, hækka með þessu úr 1 300 milljónum upp í 1 430 milljónir. Það er óhætt að áætla lauslega, að þjóðartekjurnar muni aukast um 10%, í peningum talið, sem bein afleiðing af völdum gengislækkunarinnar, miðað við óbreyttar þjóðartekjur, reiknað í fríðu, og ætti þessi hækkun að gefa nokkurt hugboð um þá almennu verðlagshækkun, sem vænta má.

Af útflutningi ársins 1949 námu afurðir bátaútvegsins, aðrar en síldin, kringum 150 millj. kr., en voru kringum 123 millj. kr. 1948 og um 137 millj. kr. á árinu 1947. (Helmingur lýsisins er talinn vera af bátunum). Meginhluti alls útflutningsins eru bátaafurðir, þoskur eða síldarafurðir. Á tveimur undanförnum árum var framleiðsla togaranna rúmlega ¼ heildarútflutningsins. Sé miðað við útflutning bátaafurða fyrir 130 millj. kr. — þ. e. síldin ekki tekin með — fá bátarnir við gengislækkunina tekjuaukningu, sem nemur útflutningsverðmætinu að viðbættum 74.3% að frádreginni hækkun erlenda kostnaðarins (sem við áætlum 12%, þar sem vinnslustöðvarnar eru með) og að frádregnum tekjum þeim, sem þeir nú hafa, sem er útflutningsverðmætið að viðbættum styrkjunum, þ. e. (227—12)—(130+50)=215 —180=35 milljónir króna. Það, sem eftir er af tekjuaukningunni, 95 milljónir króna, skiptist aðallega í þrjá staði: hærri tekjur báta af síldveiðum, hærri tekjur togara og hærri tekjur af útfluttum landbúnaðarafurðum. Það, sem hér er átt við með tekjum hinna einstöku greina, eru bæði beinar og óbeinar tekjur, þ. e. tekjur þeirra, sem vinna að framleiðslunni eða taka arð af henni og einnig þeirra, sem selja innlenda vöru til framleiðslunnar. Togararnir fengju kringum 45 milljónir króna og bændur um 5 milljónir króna (en allt að 15 milljónum króna, ef útflutningur þeirra yrði jafnmikill og hann varð á árunum 1947—1948) og aðrir 5 milljónir króna. Afganginn, 40 milljónir króna, mundu aðallega fá þeir, sem flytja út síldarafurðir. Þótt þessar tölur séu alls ekki nákvæmar, eiga þær samt að gefa nokkra hugmynd um það, hvernig hrein aukning verðmætis útflutningsframleiðslunnar skiptist hlutfallslega milli atvinnuveganna, áður en launahækkun og nýir skattar, sem gert er ráð fyrir í þessum tillögum, koma til framkvæmda.

Um raunverulegar þjóðartekjur, þ. e. þjóðartekjur í fríðu reiknað, er það að segja, að telja má víst, að þær verði meiri með en án gengislækkunarinnar. Sú framleiðsla, sem er þjóðhagslega afkastamest, verður aukin. Nokkur minnkun mun eiga sér stað við það, að samdráttur verður á fjárfestingarframkvæmdum, samdráttur, sem nauðsynlegt er, að eigi sér stað, til þess að tekið verði fyrir myndun nýrrar dýrtíðar.

Haldist raunverulegar þjóðartekjur óbreyttar, mundi 10% aukning þeirra í peningum þýða, að almennt verðlag hækkaði um 10%. Nú er það hins vegar svo, að verðlag breytist ekki allt jafnt, heldur verður bein hækkun á verðlagi innfluttra vara talsverð, en verðlag á vörum, framleiddum innanlands, stígur langtum minna.

Tilfærsla á raunverulegum tekjum.

Sú aukning peningatekna sjávarútvegsins, sem rætt hefur verið um hér á undan, er um leið tilflutningur til hans á raunverulegum tekjum frá öðrum aðilum í hagkerfinu. Samkvæmt hinum lauslegu útreikningum hér að framan fengi hann um 120 milljónir króna, þ. e. tekjurnar mundu aukast úr 300+50—70=280 milljónum króna í 400 milljónir króna. Hjá öðrum rýrna raunverulegar tekjur sem þessu svarar. (Í þessu er sleppt tvennu: aukningu tekna vegna aukinnar framleiðslu og tilflutningi á tekjum frá verzlun og innlendum iðnaði til launþeganna almennt vegna rýmri innflutningsverzlunar).

Verði nú almenn kaupgjaldshækkun, sem nemur 10%, minnka raunverulegar tekjur sjávarútvegsins sem svarar 10% af kaupi allra, sem eru upp á hlut. Hinir fá uppbót. Væru allir, sem taka tekjur úr sjávarútveginum, upp á hlut, mundi rýrnunin nema 40 millj. kr. Tekjur annarra fyrir uppbótina nema 1 020 millj. kr., að viðbættum 10 milljónum króna vegna gengislækkunarinnar, en eftir uppbótina 1 132 millj. kr. Af hækkuninni, 102 millj. kr., koma 40 millj. kr. aftur frá útgerðinni. Hitt, eða 62 millj. kr., er það, sem launþegarnir taka hver af öðrum, eða um 61% uppbótarinnar. Í raun og veru taka þeir meira hver af öðrum, því að það, sem hér eru kallaðar tekjur sjávarútvegsins, eru tekjur allra þeirra, sem þar eiga hlut að máli, hvort sem þeir fara á sjóinn, vinna í landi að fiskverkun eða útgerð, eða framleiða fyrir útgerðina. Auk þess mundi nokkur hluti sjálfra sjómanna fá uppbót, þ. e. þeir, sem hafa fast kaup. Má því gera ráð fyrir, að um 70—75% af uppbótinni taki launþegarnir í landinu hver af öðrum. Frá sjónarmiði launþeganna í heild er því ekki eins mikið unnið fyrir þá við uppbæturnar og í fljótu bragði kann að virðast, þar sem þær eru að miklu leyti í því fólgnar, að þegar frá líður taka launþegarnir hver af öðrum og rýra þá um leið að nokkru það átak, sem gert er með gengislækkuninni til þess að bæta hag útgerðarinnar og koma verzluninni í það horf, að hún geti veitt þeim kjarabætur með hagstæðara verðlagi, án þess þeir þurfi að taka slíkar bætur hver af öðrum. En einn höfuðtilgangurinn með tillögum okkar er sá að gera verzlunina frjálsa. Þeir, sem græða mest á uppbótinni, eru kaupmenn og þeir, sem framleiða fyrir innanlandsmarkaðinn. Af framansögðu sést m. a., hvers vegna brezka verkamannaflokksstjórnin nýlega framkvæmdi gengislækkun, án þess að ætla neinar sérstakar uppbætur til launþega í því sambandi. Af framansögðu sést einnig, að með almennum kauphækkunum verður ekkert að ráði af neinum tekið nema útflutningsframleiðendunum, sem eru varnarlausir, þegar varðveita á gengið, og svo styrkþegunum.

Því ber ekki að neita, að gengislækkun án kaupuppbóta yrði nokkur kjaraskerðing í bili, einkum hjá efnalitlu fólki, sem notar meginhluta tekna sinna til kaupa á innfluttum nauðsynjavörum. Gegn kjaraskerðingunni vegur hins vegar lækkun skatta (eða minnkun dýrtíðar), vegna þess að útflutningsstyrkir falla niður og að nýir skattar eru lagðir á útflutninginn og enn fremur, að gróði flyzt frá verzluninni og iðnaðinum til neytendanna, þegar rýmkar um innflutningsverzlunina. Það er til þess að létta af launþegunum þeirri byrði, sem gengislækkunin mundi leggja þeim á herðar í bili, að við leggjum til, að kaup verði hækkað samkvæmt hækkunum framfærsluvísitöl-

unnar. En vegna hennar verður gengislækkunin að verða nokkru meiri en ella, og enn fremur tekur lengri tíma, að hin hagkvæmu áhrif hennar á jafnvægið við útlönd komi í ljós. Launauppbótin verður rædd frekar í greinargerðinni fyrir 3. lið.

Gengislækkun og verðhjöðnun.

Samkvæmt hinum lauslega áætluðu tölum, sem við höfum stuðzt við hér að framan, mundi skipting þjóðarteknanna í stórum dráttum vera sem hér er sýnt:

	Þjóðartekjur í peningum	Tekjur úr sjávarútvegi	Tekjur annarra	Hlutur útvegsins
Fyrir gengislækkun	1 300	280	1 020	21.5 %
Eftir gengislækkun	1 430	400	1 030	28.0 %
Eftir gengislækkun og 10% launahækkun	1 532	400	1 132	26.2 %

Eins og áður hefur verið frá skýrt, eru tekjurnar tekjur allra, sem fá tekjur úr sjávarútveginum, bæði beint og óbeint, og er útflutningsstyrkjunum bætt við útflutningsverðmætið, en erlendi kostnaðurinn dreginn frá. Við gengislækkunina hækkar hlutdeild sjávarútvegsins í þjóðartekjunum úr 21.5% í 28.0%, eða um 6.5%. Við leggjum til, að talsvert af tekjuaukningu sjávarútvegsins verði tekið með sköttum, og ætti skattabyrði annarra að minnka við það, en einkum þó við það, að styrkir til sjávarútvegsins falla niður. Eftir kaupgjaldsuppbótina ætti samkv. þessum lauslegu útreikningum hlutur sjávarútvegsins í heild að lækka í 26.2% af þjóðartekjunum. Þetta þýðir, að aukning tekna sjávarútvegsins lækkar í 4.7% af þjóðartekjunum.

Sé verðhjöðnunarleiðin farin, þarf að lækka tekjur „annarra" það mikið, að hlutur sjávarútvegsins í heild hækki úr 21.5% í 26.2%, þótt útflutningsstyrkir séu um leið felldir niður. Eru breytingarnar á þjóðartekjunum, sem þyrftu að eiga sér stað, sýndar í stórum dráttum á eftirfarandi hátt:

	Þjóðartekjur í peningum	Tekjur úr sjávarútvegi	Tekjur annarra	Hlutur útvegsins
Fyrir verðhjöðnunina	1 300	280	1 020	21.5 %
Eftir verðhjöðnunina	878	230	648	26.2 %
Lækkun á tekjum „annarra" .			36.5%	

Útkoman sýnir, að þjóðartekjurnar í peningum þurfa að lækka um 32.5% og að lækkun tekna hjá launþegum þarf að nema 36.5%. Þetta eru að vísu ónákvæmir útreikningar, t. d. vantar að taka tillit til tekjuyfirfærslu til „annarra" vegna niðurfellingar styrkja og nýrra skatta á útgerðina. Niðurstaðan er mjög svipuð þeim niðurstöðum, sem við komumst að í kaflanum um verðhjöðnunina.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Skráning krónunnar er miðuð við dollar, vegna þess að stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mælir svo fyrir, að gengi skuli miðað við gull eða dollar. Til þessarar breytingar á gengi íslenzku krónunnar þarf samþykki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þar sem Ísland er meðlimur hans, og má gera ráð fyrir, að það muni fást. Þarf að leita samþykkis sjóðsins, áður en málið er tekið fyrir á Alþingi. Ákvæðið um, að kaup- og sölugengi megi ekki vera meir en 1% undir eða yfir hinu opinbera gengi, er einnig samkvæmt stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Um II. lið.

Áhrif gengislækkunarinnar á framfærslukostnað.

Þar sem neytendur kaupa bæði heimaframleidda og innflutta vöru, leiðir gengislækkunin til hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðarins. Þegar fob-verð innfluttu vörunnar hækkar, hækka hinir erlendu liðir vísitölunnar og því vísitalan í heild sinni.

Haustið 1947 sömdu þeir Pétur Magnússon, Gylfi Þ. Gíslason og Klemenz Tryggvason álitsgerð um áhrif gengislækkunar á framfærsluvísitöluna. Samkvæmt sundurliðuðum útreikningum, sem hagstofan lét þeim í té, mundi 10% gengislækkun haustið 1947 hafa leitt til 2.3% hækkunar á framfærsluvísitölunni. Þetta eru hin beinu áhrif á vísitöluna. Þar með er talin sú hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða, sem mundi hafa leitt af gengislækkuninni, þ. e. hækkun sökum hækkunar á rekstrarvörum bænda. En reiknað er með óbreyttri álagningu, í krónum talið. Tæpur helmingur þessarar hækkunar stafar af hækkun á verði vefnaðarvöru, fatnaðar og búsáhalda. En óvíst er, að raunverulegt útsöluverð slíkra vara mundi hækka að ráði, eins og ástatt er. Þar sem innflutningur þessara vara er nú mjög takmarkaður, má jafnvel færa rök fyrir hinu gagnstæða, einkum þegar hægt verður að rýmka til um innflutninginn. Væri leyfð hlutfallsleg hækkun á álagningunni, mundi vísitalan hækka um 0.9% til viðbótar.

Við þessa útreikninga er það eitt að athuga, að ekki er tekið tillit til þess, að útflutningsafurðir sjávarútvegsins hækka í verði og því þær afurðir hans, sem seldar eru innanlands, einkum fiskur. Fiskverð innanlands miðast nú við ábyrgðarverð, og mundi því heildsöluverð fisksins hækka um kringum 43% og því smásöluverðið um rúm 30%. Fiskur er um 4% framfærsluvísitölunnar, og hækkar hún því um rúmlega 1% vegna hækkunar fiskverðsins.

Samsetning vísitölunnar hefur ekki verið breytt frá því að þessir útreikningar voru gerðir, og verður því ekki séð, að nýir útreikningar mundu leiða í ljós neitt nýtt, sem máli skiptir. Skv. þessum útreikningum ætti 42.6% gengislækkun að hafa í för með sér hækkun á framfærslukostnaði, sem nemur 9.8%. Þetta kemur vel heim við hækkun þá á þjóðartekjunum í peningum reiknað, sem áður hefur verið minnzt á. Má því áætla, að hækkunin á framfærslukostnaðinum fyrstu þrjá mánuðina muni verða um 10% (væri reiknað með hlutfallslegri hækkun álagningarinnar, mundi útreiknuð hækkun vísitölunnar nema 13.6%) og þegar frá líður 10–12%. Við þetta bætist svo rúmlega 1% hækkun vegna fisksins, og verður þá hækkunin alls um 11—13%. **Hins vegar álítum við, að hið almenna verðlag í landinu muni ekki hækka nærri eins mikið og vísitala framfærslukostnaðarins.** Það er þegar vitað, að fjölmargar vörur, sem ekki eru teknar með í vísitölunni, hafa hækkað meira, sumar langtum meira en þær vörutegundir, sem í henni eru. Margs konar fatnaður, skór, búsáhöld, heimilisvélar og húsgögn munu seld við langtum hærra verði en þyrfti að vera við núverandi gengi. Neytandinn verður í mörgum tilfellum að greiða margfalt upprunalegt verð vörunnar, sem hann fær oft eftir langan tíma og mikla fyrirhöfn og stundum eftir ýmsum krókaleiðum. Margir eiga við mikil vandræði að stríða um vöruútvegun, og mundi sú hlið verzlunarinnar batna að mun, þegar frá líður. Eftir því sem verzlunarjöfnuðurinn og greiðslujöfnuðurinn við útlönd batna, eftir því verður hægar að bæta úr vöruskortinum, og ættu þá biðraðir og aðrir erfiðleikar í sambandi við vöruútvegun að hverfa. Enn fremur hefur lækkun verðtollsálagsins verðlækkandi áhrif, þótt þau áhrif komi lítið sem ekkert fram í vísitölunni.

Breyting á útreikningi framfærsluvísitölunnar.

Samkvæmt þessu áliti á að bæta launþegum upp þá verðhækkun, sem gera má ráð fyrir, að fylgi í kjölfar gengislækkunarinnar, og miða þá við hækkun á framfærslukostnaðinum. Þarf því að breyta að nokkru vísitölunni, til þess að hún sýni í framtíðinni sem gleggst þær breytingar á framfærslukostnaðinum, sem gerast eftir að gengislækkunin hefur farið fram, og snerta launþegana í heild. Það er höfuðtilgangurinn með 2. lið þessara tillagna.

Það er oft um það kvartað, að vísitalan sé skökk, einkum sökum þess, að reiknað er aðeins með gömlu húsaleigunni, sem haldið er niðri með húsaleigulögunum. Þessa skekkju hafa þeir hagfræðingarnir Jónas Haralz og Ólafur Björnsson metið alls 80 stig. (Grein í Vinnunni). Við leggjum því til, að í stað þess að styðjast við gömlu húsaleiguna, verði það ráð tekið að taka inn í vísitöluna nýju húsaleiguna,

þar sem breytingar á gömlu húsaleigunni mundu ekki snerta launþegana í heild. Vísitalan mundi þá hér eftir sýna breytingar á húsaleigu í hinum nýju húsum, enda mun svo vera, að t. d. í Reykjavík búi 5/6 íbúa í húsnæði, þar sem ákvæði húsaleigulöggjafarinnar um húsaleigu í gömlum húsum gildir ekki. Yfirleitt er það æskilegt, að vísitalan reikni með raunverulegu útsöluverði þeirra hluta, sem hún tekur með í hverju tilfelli. Við leggjum því til, að hið raunverulega útsöluverð á kjöti verði tekið inn í vísitöluna í stað þess að láta kjötstyrkinn koma til frádráttar, eins og nú er gert.

Þá leggjum við einnig til, að allir útreikningar og allt kaupgjald og upphæðir í fjárlögum verði fært til samræmis við hina nýju vísitölu, þannig að hætt verði að gera greinarmun á grunnkaupi og verðlagsuppbót.

Þá teljum við fróðlegt fyrir allan almenning að fá að vita, hver breyting hefur orðið á verðlagi og kaupgjaldi síðan fyrir stríð, og er því hagstofunni gert að skyldu að sýna í vísitöluformi, hvernig kaupgjaldið hefur breytzt, á sama hátt og hún sýnir framfærsluverðlagið, og gera það þá í sambandi við hina nýju vísitölu fyrir marzmánuð. Teljum við eðlilegt að taka tímakaup Dagsbrúnar fyrir venjulega daglaunavinnu, enda þótt okkur sé ljóst, að kaupgjald Dagsbrúnar hefur hækkað meir en þetta kaup sýnir, þar sem sértaxtar gilda orðið fyrir flesta vinnu.

Um III. lið.

Gengislækkun og kjaraskerðing.

Nauðsynlegt er, að menn geri sér fulla grein fyrir þeim mismun, sem er á dýrtíð og kjaraskerðingu annars vegar og afleiðingum gengislækkunar hins vegar. Hugsun manna er almennt mjög á reiki í þessum efnum.

Orsakir dýrtíðarinnar hafa þegar verið raktar. Dýrtíðin á rót sína að tekja til þess, að fjárfesting og taprekstur eru meiri en sparifjármyndun. Þegar verðlag hækkar, rýrnar kaupmáttur launanna. Dýrtíðin er því fyrst og fremst óbeinn skattur á alla launþega. Þessi skattur er það, sem með þarf til þess að greiða fyrir hinar óeðlilega miklu framkvæmdir, sem undanfarið hafa verið umfram fjárhagsgetu þjóðarinnar, og enn fremur til þess að standa straum af hallarekstri sjávarútvegsins. Til þess að binda endi á þann óbeina skatt, sem dýrtíðin er, þarf því að takmarka framkvæmdirnar við fjárhagsgetu þjóðarinnar, þ. e. sparifjármyndun og Marshall-fé. Enn fremur þarf að binda endi á hallareksturinn, til þess að hann éti ekki frá framkvæmdunum. Í þeim efnum hjálpar gengislækkunin, þar sem hún endar hallareksturinn hjá sjávarútveginum. Gengislækkunin veldur ekki neinni kjaraskerðingu hjá þjóðinni í heild, þar sem hún minnkar ekki þjóðartekjurnar. Sú kjaraskerðing, sem orðið hefur hjá þjóðinni í heild, stafar af því, að hún reynir að framkvæma of mikið á of skömmum tíma, og að verðlag á útfluttum fiski hefur lækkað síðustu árin. Auk þess hefur orðið kjaraskerðing hjá miklum hluta launþega, vegna þess að nokkur hluti atvinnuveganna er rekinn með tapi.

Gengislækkuninni er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að samræma innlent og erlent verðlag, og síðan er gert ráð fyrir ráðstöfunum til þess að samræma kaupgjaldið þeirri hækkun á framfærslukostnaðinum, sem hlýzt af þeirri verðhækkun á erlendum vörum, sem leiðir af gengislækkuninni. Enn fremur þarf að reyna að tryggja, að sú samræming komi launþegum að sem mestu gagni. Afleiðingarnar af gengislækkkuninni verða því ekki til þess að rýra afkomu þjóðarinnar. Gengið ákveður ekki raunverulegar þjóðartekjur á annan hátt en þann, að hagstætt gengi getur aukið þær, né heldur hve mikið er hægt að flytja inn, þar sem það ákveðst af verðmæti útflutningsins í erlendum gjaldeyri, ekki innlendum. Gengislækkunina teljum við óhjákvæmilegt skref til þess að koma meira jafnvægi á þjóðarbúskapinn. Má segja, að hún sé skref í þá átt að bæta afkomu manna, en ekki gera hana lakari. Framleiðsluöflin verða nýtt betur, þegar framleiðslukostnaðurinn og tekjur manna innanlands eru í samræmi við verð það, sem fæst fyrir afurðirnar erlendis. Fleira fólk fær þá atvinnu í útflutningsframleiðslunni, sem gefur af sér þjóðhagslega meira

heldur en margvísleg önnur efnahagsstarfsemi, sem þrífst í óhollum gróðajarðvegi innflutningshaftanna. Það má því búast við, að þjóðartekjurnar vaxi en minnki ekki við gengislækkunina. Meira verður þá til skiptanna heldur en áður, einkum þegar frá líður. Það er því augljóst mál, að gengislækkunin skerðir ekki kjör þjóðarinnar, heldur má búast við hinu gagnstæða. Hins vegar verður nokkur tilflutningur á tekjum til sjávarútvegsins frá þeim, sem tekjur taka úr öðrum atvinnuvegum. Hefur um þennan tilflutning á tekjum verið rætt í greinargerðinni fyrir 2. lið.

Verðlagshlutfallið.

Þar sem Íslendingar selja útfluttar afurðir í erlendum gjaldeyri en ekki eigin gjaldeyri eru minni líkindi en ella til þess að gengislækkunin muni hafa óhagstæð áhrif á verðlagshlutfallið (terms of trade). Nokkur brögð munu hafa verið að því, að fengizt hefur hærra verð erlendis fyrir afurðirnar vegna hás framleiðslukostnaðar, en gegn því vegur, að útflutningurinn hefur af sömu orsökum orðið minni en ella. En þessir möguleikar til þess að fá sérstaklega hátt verð, munu nú sem næst þrotnir, enda ekki von að hægt sé að byggja verzlunarsamninga á slíkum grundvelli til langframa. Við teljum, að sú lækkun verðlags útflutningsafurðanna, sem af gengislækkuninni kann að hljótast, muni reynast smávægileg, borið saman við þau hagstæðu áhrif, sem hún að öðru leyti mun hafa á þjóðarbúskapinn.

Launabætur.

Tilgangurinn með ákvæðum þessa liðs er sá að bæta öllum launþegum þá hækkun á framfærslukostnaði, sem hlýzt af gengislækkuninni, nema þar sem hún hækkar laun þeirra sjálfkrafa. Þannig á ekki að greiða uppbót á aflaverðlaun né lífraruppbót. Aðalvandamálið í þessu sambandi er það að búa svo um, að sú launabót, sem launþegarnir fá, komi þeim að notum, þ. e. verði ekki til þess eins að auka enn dýrtíðina. Tilætlunin er að veita launabót, sem svarar til hækkunar á framfærslukostnaði, en hins vegar að koma í veg fyrir, að sú launabót verði orsök frekari launabóta, þ. e. a. s. að koma í veg fyrir, að launþegarnir fái launabætur vegna hækkunar á eigin kaupi. Sú tillaga að láta hækkun á vísitölunni vegna hækkunar á „kaupgjaldi“ bóndans ekki valda kauphækkun almennt byggist á því, að sú hækkun er eingöngu til samræmis við hækkun kaupgjalds hjá launþegum, sem þegar hefur átt sér stað. Það sem gerist er að launþeginn og bóndinn fá báðir uppbót vegna hækkunar á framfærslukostnaði, en vegna þess hvernig hagar til með verðlagningu á afurðum bóndans, fá launþegarnir uppbótina fyrst. Ef kaupgjald bóndans hækkaði fyrst, þá ætti hann ekki síðan að fá hækkun vegna hækkunar hjá launþegum til samræmingar við hann. Auðséð er, að launabót kemur launþegunum ekki að neinum notum, er hún verður til þess eins að ýta upp verðlaginu, sem þeir eru að keppa við. Þykir rétt, að lágmark verðhækkunarinnar sé 5%, til þess að uppbætur komi til greina, og er það sama lágmark og sett var 1939, þótt þá ætti ekki að veita nema hálfa uppbót. Þeir, sem halda, að verðhækkunin, sem fylgir gengislækkuninni, muni verða mikil, ættu að eiga auðvelt með að sætta sig við slíkt lágmark.

Gert er ráð fyrir, að aðaláhrif gengislækkunarinnar muni koma fram á fyrstu þrem mánuðunum, og þykir því rétt að veita launþegunum fulla uppbót fyrir þá verðhækkun. En um það ættu flestir menn að geta verið sammála, að þegar svo er komið, þarf að reyna að festa verðlag og kaupgjald á hinum nýja grundvelli. Virðist eðlilegt að líta svo á, að þetta sé sá grundvöllur, sem menn ættu að geta verið sammála um að festa. Þykir okkur rétt að ætla sex mánaða tímabil til slíkrar jafnvægismyndunar og festingar. Fari hins vegar svo, að á þessu tímabili verði almenn verðhækkun að ráði, þá er ákvæði um að bæta launþegunum slíka almenna verðhækkun að öðrum sex mánuðum liðnum. Það er næsta líklegt, að full áhrif gengislækkunarinnar (og ráðstafana ríkis og banka) á verzlunarjöfnuð og greiðslujöfnuð fari þá að koma í ljós og því hægt að rýmka til um verzlunina og afnema eitthvað af verzlunarhöftunum, og ætti það að hafa hagstæð áhrif á verðlag innanlands. Það væri

mjög æskilegt, ef samtök launþega og atvinnurekenda gætu komið sér saman um þann grundvöll, sem þeir líta á sem jafnvægisgrundvöll í framtíðinni, og þá fest hann. Enda er þessum ráðstöfunum ekki ætlað að vera í gildi lengur en til júlíloka 1951. Samkvæmt þeim falla þá niður tengslin milli vísitölu og kaupgjalds. Grundvallar skilyrðið fyrir því að þetta sé hægt og tímanlegt, er að ný dýrtíð hætti sem fyrst að myndast.

Álagning og fleira.

Um IV. lið.

Tilgangurinn með ákvæðum þessa liðs er sá að fyrirbyggja að launabót sú, sem launþegarnir fái verði til þess að verðlag vöru hækki innanlands að nauðsynjalausu, og verði því grundvöllur að nýrri kauphækkun. Tilgangurinn er því sá að tryggja það, að sú launabót er launþegarnir fái komi þeim að nokkrum notum.

Meðalútflutningur landbúnaðarafurða árin 1947 og 1948 var rúmlega 20 milljónir króna, en varð langtum minni 1949 eða um 5 milljónir, en gera má ráð fyrir, að útflutningur landbúnaðarafurða myndi aukast, þegar gengislækkunin hefur farið fram. Af 5 millj. kr. útflutningi myndi hækkunin nema 3.6 millj. kr., en frá þeirri upphæð þarf að draga útflutningsstyrk, sem greiddur hefur verið. Ef miðað er við 20 millj. kr. útflutning nemur hækkun þessa verðmætis sökum gengislækkunarinnar um 15 millj. kr. Hinir erlendu liðir framleiðslukostnaðarins eru tiltölulega litlir. Talsverður hluti þessara 15 milljóna myndi vera hrein tekjuaukning. Sú tekjuaukning, sem verður vegna hærra verðs á útfluttum afurðum kemur fram sem aukning á tekjum bóndans og verður þannig til frádráttar þeim tekjum sem ætla þarf bóndanum fyrir afurðir seldar innanlands. Breytingin á verði mjólkur, sem gert er ráð fyrir, er sú breyting, sem á sér stað vegna breytts dreifingarkostnaðar.

Síðasta ákvæði þessa liðs er til þess að fyrirbyggja, að hækkun sú, sem verður á innkaupsverði erlendu varanna, verði til þess, að álagning hækki til stórra muna. Þar sem gert er ráð fyrir, að verðlag og kaupgjald haldist nokkurn veginn í horfinu innanlands, er ástæðulaust að hækka álagninguna í krónutali svo um muni. Tekjur þeirra, sem að verzluninni vinna, eiga ekki að stíga nema til samræmis við tekjur annarra. Meðan ekki er hægt að rýmka til um innflutningsverzlunina, þykir sjálfsagt, að verðlagseftirlitinu verði haldið, og er því þess vegna falið þetta hlutverk. Hins vegar gerum við okkur ljóst, að eftir því sem hægt verður að létta af verzlunarhöftunum, hverfur nauðsyn þess að hafa verðlagseftirlit, og ber að stefna að því þá að afnema það.

Gengisskráning Landsbankans.

Um V. lið.

Í tillögum þessum er hvergi lagt til að banna kauphækkanir. Skyldi koma til almennra kauphækkana, þrátt fyrir þau rök, sem færð hafa verið í þessari greinargerð og víðar, sem sýna, að með **almennum** kauphækkunum eru launþegarnir fyrst og fremst að taka hver af öðrum, þarf að vera búið svo um hnútana, að gengislækkunin komi samt að fullu gagni. Við lítum svo á, að kauphækkanir þær, sem orðið hafa a. m. k. fram að síðastliðnu vori, hefi verið afleiðingar fremur en orsök dýrtíðarinnar. Fari hins vegar svo, að kaugjaldsbaráttan verði orsök nýrrar dýrtíðar, stendur ekki annað fyrir dyrum en að skrá gengið í samræmi við hið almenna kaupgjald og framleiðslukostnað í landinu, eigi núverandi ástand ekki að myndast fljótlega að nýju. Það sem gert er með þessari grein er það, að Alþingi samþykkir að stefna að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og frjálsri verzlun, og að ríkisstjórninni og Landsbankanum er falið að framkvæma hana. Með þessu er einnig fyrirbyggt, að smám saman sæki í gamla horfið um verzlunarhöft og almennan taprekstur og til þess komi fyrr eða síðar, að grípa verði til stórfelldrar skerðingar á krónunni til samræmingar þeirri skerðingu, sem þá er orðin á kaupmætti hennar innanlands. Enn fremur er þetta ákvæði hvatning til Landsbankans, og þeirra, sem stjórna seðladeild hans, að gera sitt ýtrasta til þess að viðhalda heilbrigði í peningamálum. Séu útlán bankanna aukin óhóflega, þýðir það gengis-

lækkun fyrr eða síðar. Sé heilbrigt peningakerfi, þá eru íslenzkir peningar jafngóðir útlendum. Þegar bankarnir lána út peninga, eru þeir þá í rauninni að lána út erlendan gjaldeyri. Með ákvæði þessu er Landsbankanum gert það að nauðsyn að varðveita kaupmátt krónunnar innanlands. Síðan er það á valdi verkalýðsfélaganna og atvinnurekendanna í sameiningu, að semja um það kaupgjald og þann framleiðslukostnað, sem atvinnuvegirnir þola. Komi verkalýðsfélögin fram kaupgjaldi, sem er hærra en atvinnuvegirnir þola, leiðir að til taprekstrar, en honum fylgja annað hvort verzlunarhöft eða atvinnuleysi eða þá gengislækkun. Það mætti teljast eðlilegt, að tilnefndir yrðu sérfróðir menn, sem Landabankastjórnin gæti ráðfært sig við um þessi mál og útlánastarfsemina á hverjum tíma, þótt ekki sé gerð tillaga um það hér.

Ein af þeim reglum, sem setja mætti bönkunum um daglegan rekstur, er sú, að hætta að lána fé til rekstrar fyrirtækja, sem fallast á að greiða hærri innlendan framleiðslukostnað, þótt rekin séu með tapi, eða gera ekki betur en rétt að bera sig. Með því móti yrði komið í veg fyrir, að fé bankanna sé notað til ábyrgðarlauss taprekstrar og spilli þar með peninga- og fjárhagskerfinu.

Kaupgjald og afkoma launþega.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að ræða frekar hið almenna samband milli kaupgjalds og afkomu, því á skilningi þess samhengis veltur mikið. Afkoma verkalýðsins ákveðst af fjórum atriðum: Atvinnu, kaupgjaldi, verðlagi lífsnauðsynja og framförum í atvinnumálum.

1. **Atvinna.** Afkoma verkamannsins er fyrst og fremst undir því komin, að hann hafi atvinnu. Um það eru menn sammála, að almennt atvinnuleysi sé mikið böl. Það er því auðséð, að í viðleitni sinni til þess að bæta kjör sín, væri það verkalýðnum í hag, að forðast ráðstafanir eða stefnu, sem dregur úr atvinnu eða veldur almennu atvinnuleysi.
2. **Kaupgjald.** Um kaupgjaldið er það að segja, að því hærra sem kaupgjaldið er, því hærri eru tekjurnar, að öðru jöfnu. Við þetta er samt það að athuga, að hærra kaupgjald breytir „öðru", ef það byggist ekki á auknum afköstum eða hærra afurðaverði erlendis. Hærra kaupgjald þarf því ekki að þýða hærri tekjur en ella. Peningatekjurnar fara eftir atvinnu og kaupgjaldi, en ekki kaupgjaldi einu saman. Hátt kaupgjald ræður ekki peningatekjum verkamannsins þar sem hann hefur ekki neinar tekjur, ef hann hefur ekki neina atvinnu. Kaupgjald, sem er hærra en atvinnuvegirnir þola, leiðir til atvinnuleysis, ef á að viðhalda heilbrigði í peninga- og fjármálum og heilbrigðri verzlun.
3. **Verðlag lífsnauðsynja.** Til þess að vita um afkomu verkamannsins eins og hún er við þau atvinnuskilyrði, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma, er nauðsynlegt að vita um verðlag lífsnauðsynja. Háar peningatekjur þýða aðeins góða afkomu, ef verðlagið er í hófi, borið saman við peningatekjurnar. Ef hærri peningatekjur þýða aðeins, að verðlag hækkar samstundis jafnmikið, er ekkert unnið við að fá hærri peningatekjur. Hærra eða lægra kaupgjald er því út af fyrir sig ekki hagsmunamál fyrir verkalýðinn í heild. Hins vegar hafa hinir einstöku hópar launþega hagsmuna að gæta hver gagnvart öðrum. Þeim mun hærra kaupgjald, sem hver hópur hefur, borið saman við hinn, þeim mun betri er afkoma hans, að öðru óbreyttu. Þannig eru t. d. kaupkjör byggingarverkamanna og þeirra, sem vinna í innlenda neyzluvöruiðnaðinum, mikið hagsmunamál fyrir aðra launþega.
4. **Framfarir og aukin afköst.** Þegar til lengdar lætur, ráða ástand framleiðslutækjanna og skipulag framleiðslunnar, og þar með afköstin, mestu um lífskjör vinnandi fólks. Hlutföllin milli kaupgjalds annars vegar og verðlags hins vegar ákveðast af afkastamætti framleiðsluaflanna, vinnuafls og tækja. Það er því auðséð, að þegar til lengdar lætur, er afkoma verkamannsins mest undir framförum í atvinnulífinu komin, enda mega Íslendingar muna tvenna tímana í

þeim efnum. Það, sem launþegar telja hagsmuni sína í sambandi við kaupgjald og skatta, getur því rekizt á hagsmuni þá, sem launþegarnir hafa af framförum í atvinnulífinu. Óeðlilega hátt kaupgjald dregur úr atvinnunni. Háir skattar á atvinnurekstri og óheppilegt fyrirkomulag skatta dregur úr eðlilegum vexti atvinnulífsins.

Kaupgjald og gengi.

Til þess að athuga hvaða áhrif gengislækkun hefur á afkomu launþega er því nauðsynlegt að taka tillit til allra þessara fjögurra atriða. Þegar gengið er lækkað, þá hækkar að öðru jöfnu verðlag innfluttrar vöru, og þá verðlag, sem verkamenn þurfa að greiða fyrir sumar lífsnauðsynjar. Afkoma verkamannsins versnar því, þegar kaupgjaldið stendur í stað. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að taka tillit til þess, eins og nú stendur á, að verðlag innfluttrar vöru er miklu hærra en þyrfti að vera við núverandi gengi, sökum vöruskorts og verzlunargróða innanlands. Í skjóli haftanna myndast verzlunargróði, sem flyzt yfir til neytendanna, þegar verzlunin er gefin frjáls, en það er einn höfuðtilgangurinn með þessum tillögum. Við það, að verzlunin verður frjáls, má gera ráð fyrir, að innflutningur fjárfestingarvöru minnki, nema sparnaður aukist, og innflutningur neyzluvöru aukist þá að sama skapi. Frjáls innflutningur þýðir, að sumt af varningi, sem nú er framleiddur í landinu, yrði flutt inn, og mundi verða verðlækkun, en ekki verðhækkun á þess konar varningi. Þegar allir geta flutt inn það, sem þeir vilja, minnkar verzlunarálagning (nema á vissum nauðsynjavörum, þar sem hún er of lág) og verzlunargróði. Velta verzlunarinnar vex og svartimarkaðurinn hverfur, og batnar hagur neytendanna við það. Afkoman getur ekki orðið lakari en áður, þegar vitað er, að innflutningur neyzluvöru eykst, en innflutningur fjárfestingarvöru minnkar. Það er því augljóst mál, að afkoma verkalýðsins í heild hlýtur að batna en ekki versna við frjálsari innflutningsverzlun, að svo miklu leyti sem sú afkoma er komin undir kaupum á innfluttri vöru. En gengislækkunin er ein hinna nauðsynlegu ráðstafana, sem gera þarf til þess að létta höftunum af verzluninni.

Það hefur áður verið á það bent, að líklegt er, að þjóðartekjurnar í fríðu aukist í sambandi við gengislækkunina og verði því af meiru að taka fyrir þjóðina en áður.

Náið samband er milli gjaldeyrisverzlunar og kaupgjalds. Hugsum okkur, að kaupgjald hinna ýmsu launþegahópa sé að áliti þeirra í innbyrðis samræmi, en að stefna þeirra sé að hækka kaupgjald almennt. Sé verðlag á útfluttri vöru óbreytt erlendis, hlýtur smámsaman að leiða af þessu hallarekstur. Þessi almenni hallarekstur getur dulizt mönnum í fyrstu, sökum þess, hvernig háttar um helztu framleiðslugreinarnar. Mönnum hættir til að líta á slæma útkomu sem aflaleysi, nema um sérstök góðæri sé að ræða, og skjóta þá á frest þeim ráðstöfunum, sem gera þyrfti til þess að halda framleiðslunni á arðbærum grundvelli. Á sama tíma og þannig hallar undan fæti fyrir útflutningsframleiðslunni, skapar hallareksturinn, sem stafar af of háu kaupgjaldi, óeðlilegar peningatekjur í landinu, sem gera eftirspurnina eftir innfluttum varningi meiri en framboðið. Gjaldeyrisskortur myndast. Fyrir dyrum er því ekki annað en að setja á innflutnings- og gjaldeyrishöft eða framkvæma gengislækkun. Menn forðast gengislækkunarleiðina í lengstu lög. Slíkt er samt vafasöm stefna. Þegar krónan hættir að kaupa afköst einnar vinnustundar og kaupir ekki nema afköst hálfrar vinnustundar, þá hefur verðgildi peninganna auðvitað lækkað, og er því ástæðulaust að ætla, að hægt sé að haldi uppi verðgildi þeirra erlendis, þegar svo er komið. Þeir, sem vilja viðhalda verðgildi peninganna, eiga því fyrst og fremst að beina viðleitni sinni að því, að koma í veg fyrir, að gildi þeirra rýrni innanlands. Tilraunir til þess að láta sem ekkert hafi gerzt, þótt peningarnir hafi misst nokkuð af gildi sínu innanlands, leiðir aðeins til truflana á verzluninni og þá atvinnuvegunum í heild sinni. Það er auðvelt að gera sér í hugarlund tjón það, sem þjóðin bíður við slíka truflun, þegar þess er gætt, að 40—50% af þjóðartekjunum myndast í sambandi við utanríkisverzlunina.

Það ástand, sem skapast, þegar innflutnings- og gjaldeyrishöft hafa verið innleidd, er, að útflutningsframleiðslan er rekin áfram með halla, en gróði skapast í innflutningsverzlun og innlendum neyzluvöruiðnaði. Halli útflutningsframleiðslunnar verður að greiðast af annarra tekjum eða af sparifé, sem myndast. Heilbrigð fjárfesting minnkar, en sé fjárfestingunni samt haldið við með auknu peningamagni, myndast dýrtíð. Fjárfestingin og hallareksturinn verða þá óbeinn skattur á þjóðinni, því dýrtíð, sem þannig myndast, er ekki annað en óbeinn skattur. Verkamaðurinn býr því við sömu kjör og fyrir kauphækkunina. Þjóðartekjurnar — reiknaðar í fríðu — aukast ekkert við þessar ráðstafanir. Má frekar gera ráð fyrir, að þær minnki sökum þess, að vinnuafl og tæki eru ekki notuð á hinn hagkvæmasta hátt. Það verð í krónum, sem fæst fyrir útfluttar afurðir, sýnir hallarekstur, sem er þjóðhagslega séð ekki hallarekstur, þ. e. stafar ekki af því, að afköstin séu of lág í útflutningsframleiðslunni og að vinnuafl og tæki ættu því að flytjast yfir í aðra framleiðslu. Samt fer svo, að minna fjármagn er fest í nýrri útflutningsframleiðslu en ætti að vera samkvæmt raunverulegum þjóðhagslegum afrakstri slíkrar framleiðslu. Fjárfestingin leitar inn á aðrar brautir.

Stefna almennra kauphækkana er því stefna, sem annað hvort skapar vandræði fyrir útflutningsframleiðsluna, eykur heimaframleiðslu varnings, sem ódýrara er að flytja inn, eykur hagnað kaupmanna og leiðir til óhagvæmra verzlunarhátta, eða hún leiðir til endurtekinna gengislækkana. Stöðvi taprekstur framleiðsluna, myndast almennt atvinnuleysi, sem ekki er betra ástand. Afleiðingarnar af stefnu almennra kauphækkana eru því verkalýðnum og öðrum launþegum í óhag. Þar sem verkalýðsflokkarnir eru við völd í nágrannalöndunum, sýnir stefna þeirra skýrt, að þeim eru þessi mál ljós, þ. e. að almennar kaupgjaldshækkanir eru verkalýðnum í lengdina til tjóns, og leggja þeir því höfuðáherzluna á að halda hinu almenna kaupgjaldi í jafnvægi. Með almennum kauphækkunum reyta launþegarnir fyrst og fremst hver af öðrum, og það sem umfram er, er af útflutningsframleiðslunni tekið.

Það, sem sagt hefur verið hér að framan um stefnu verkalýðsfélaganna í kaupgjaldsmálum, gildir um **almenna** kaupgjaldshækkun. Lagfæring á kaupi hjá einstökum hópum launþega er að sjálfsögðu annars eðlis, þar sem þá er um að ræða innbyrðis afstöðu milli hinna einstöku launþegahópa. En það er slík afkoma, sem verkalýðsfélögin geta í raun og veru ráðið, en ekki hinni almennu afkomu. Væri leið almennrar kauphækkunar fær til þess að bæta afkomuna, hefði mannkynið farið þá leið til Gósen fyrir löngu síðan. Afkoma verkalýðsins í heild er komin undir afköstum framleiðslutækjanna og svo verðlagi **erlendis** á útfluttri og innfluttri vöru (en gengisbreyting breytir hvorugu).

Launþegasamtökin geta ekki bætt afkomu allra launþega með almennum kauphækkunum, en þau geta bætt afkomu einstakra hópa launþeganna á kostnað þeirra í heild sinni, þar með talið þeirra, sem vinna í útflutningsframleiðslunni. Sem dæmi má taka, að lækkun á kaupgjaldi hjá faglærðum byggingarverkamönnum, borið saman við aðra launþega, mundi hafa góð áhrif í þá átt að bæta úr húsnæðisvandamáli vinnandi fólks. Eins og stendur hafa þessir verkamenn miklum mun hærra kaup en annað verkafólk. Kaup þeirra er stærsti liður byggingarkostnaðarins og verður því hið háa kaupgjald þeirra til þess, að alþýða manna í Reykjavík hefur lítil tök á að byggja sómasamleg húsakynni fyrir sig án stórra framlaga frá ríki eða bæjarfélagi. Hið sama er að segja um hátt kaupgjald í framleiðslu á neyzluvörum úr erlendu hráefni. Verðlag slíkrar vöru fer að miklu leyti eftir kaupgjaldi þeirra, sem vinna í slíkum iðnaði. Er það því mikið hagsmunamál, að tollalög og innflutningstakmarkanir séu ekki þannig, að þau skapi í þessum iðnaði háan gróða og óeðlilega hátt kaupgjald. Afkoma hinna einstöku launaþegahópa er komin undir hlutfallslegu kaupgjaldi, þ. e. kaupgjaldi hvers og eins, borið saman við kaupgjald annarra launþega. Tilraunir til þess að bæta afkomu verkalýðsins í heild sinni með almennum kauphækkunum, eru því sem næst án árangurs. Sé einhver árangur, þá er hann á kostnað styrkþega og þeirra, sem vinna í útflutningsframleiðslunni.

Stefna almennra kauphækkana er því um leið beint gegn alþýðutryggingum. Sé kauphækkunin í framleiðslunni fyrir innanlandsmarkaðinn, kemur hún strax fram sem hærra verðlag á þeim nauðsynjum, sem þannig eru framleiddar. Að svo miklu leyti sem um kauphækkun er að ræða í útflutningsframleiðslunni, veldur hún hallarekstri, með þeim afleiðingum, sem að framan greinir.

Það er því augljóst mál, að kæri launþegarnir sig um hinn þjóðhagslega og þjóðfélagslega hag, sem er af frjálsri verzlun, verða þeir að haga stefnu sinni í kaupgjaldsmálunum í samræmi við hana. Sú almenna kaupgjaldshækkun, sem er samrýmanleg frjálsri gjaldeyrisverzlun án endurtekinna gengislækkana, er sú kaupgjaldshækkun, sem samfara er auknum afköstum framleiðslutækjanna eða hækkandi verðlagi erlendis á útfluttum afurðum. Sérhver önnur almenn kauphækkun veldur vandræðum í afkomumálum þjóðarinnar.

Þegar byrjar að halla undan fæti fyrir sjávarútveginum, koma fram kröfur um styrk til útgerðarinnar í einni eða annari mynd. Hefur nú svo verið um nokkurra ára bil, að bátaútvegurinn greiðir í raun og veru enga beina skatta. Ef ein stærsta framleiðslugreinin er þannig undanþegin sköttum, er auðséð, að skattabyrðin hlýtur að falla á aðra. Hækka verður tilsvarandi skatta á einstaklinga og aðrar framleiðslugreinar. Auk þess hefur bátaútvegurinn notið beins styrks úr ríkissjóði, sem numið hefur tugum milljóna, sem teknar hafa verið af þjóðinni með sköttum og dýrtíð.

Tilraunir til þess að koma jafnvægi á gjaldeyrisverzlunina með verðhjöðnunarráðstöfunum á sviði peningamálanna, geta tekizt, ef kaupgjaldið lækkar nógu mikið. Að öðrum kosti leiða þær til atvinnuleysis. Atvinnuleysi hefur samt venjulegast í för með sér lækkun kaupgjalds, en ekki fyrr en það hefur staðið um langan tíma. Af þessum orsökum er gengislækkunin auðveldari leið til jafnvægis en verðhjöðnunin, og ætti að vera auðveldari að styðja fyrir verkalýðssamtökin, þar sem með henni er sneitt hjá almennu atvinnuleysi.

Í fyrri heimsstyrjöldinni steig tímakaupið hjá Dagsbrún og enn meir fyrst í stað, eftir að styrjöldinni lauk. Kaupið komst hæst í kr. 1.48 í júlí 1920, en lækkaði strax árið eftir í kr. 1.20. Þetta kaupgjald stóð í 3 ár. Í apríl 1924 hækkaði kaupgjaldið upp í kr. 1.40. Það kaupgjald stóð í önnur þrjú ár. Í janúar 1927 lækkaði kaupgjaldið aftur niður í kr. 1.20. Það kaupgjald stóð enn í 3 ár. Í maí 1930 hækkaði það aftur í kr. 1.36, og stóð það kaupgjald óbreytt í meira en 7 ár, eða þangað til í júlí 1937, að það hækkaði upp í kr. 1.45, og stóð það kaupgjald til 1. janúar 1940. Samkvæmt þessu var kaupgjaldið svo að segja jafnhátt 1920 og í byrjun seinustu styrjaldar 20 árum síðar. Á þessum tveim áratugum jókst kaupmáttur launanna samkvæmt framfærsluvísitölunni um meir en 60%. Á þessu tímabili náði kaupmáttur launanna hámarki sínu 1933, þegar hann var 72% hærri en 1920. Tilraun til kauplækkunar um svipað leyti mistókst, og hélzt almennt atvinnuleysi í mörg ár. Enn fremur voru verzlunarhöftin þá innleidd, og hafa haldizt fram á þennan dag. Síðan í styrjaldarbyrjun hefur kaupmáttur launanna aukizt næstum tvöfalt örar en á fyrrgreindu tímabili, eða um tæp 60% á tíu árum. Þessi reynsla bendir til þess, að sé sneitt hjá myndum nýrrar dýrtíðar, þá séu líkur til, að verkalýðsfélögin mundu halda kaupgjaldinu í horfinu.

Það er auðséð, að það skiptir litlu máli, hvort kaupgjald er hátt og verðlag hátt eða kaupgjald lágt og verðlag tilsvarandi lágt. Það, sem skiptir mestu máli fyrir afkomu verkamanna, er afstaða kaupgjalds og verðlags. Eigi að vera hægt að halda uppi frjálsri gjaldeyrisverzlun, verður að vera visst hlutfall milli framleiðslukostnaðarins, sem að mestu er kaupgjald, og verðlags útflutningsafurðanna, til þess að útflutningurinn verði rekinn, án þess að hallarekstur sé almennur. Til hins almenna kaupgjalds, sem er á hverjum tíma, þarf því að svara tilsvarandi gengi á krónunni. Enn fremur þarf að hafa hugfast, að kaupgjaldið eitt ákvarðar ekki afkomu verkamannsins, heldur einnig atvinna, verðlag og afköst framleiðslutækjanna. Hvert um sig hefur ekki neina úrslitaþýðingu fyrir afkomuna, heldur innbyrðis afstaða þeirra. Það er því augljóst mál, að hægt væri að festa eitthvað eitt þeirra, t. d.

kaupgjald eða gengi, og láta svo annað breytast í samræmi við það, bæði verðlag og tekjur. Eins og stendur er það gengið, sem hefur verið fest. Okkar tillögur miða að því, að hið almenna kaupgjald verði fest nokkru eftir gengislækkunina, og að það verði gert með samkomulagi milli verkamanna ag atvinnurekenda.

Það er áríðandi að hafa hugfast, að hið almenna kaupgjald ákvarðar ekki afkomuna hjá neinum, þar sem hún veltur á langtum fleiru en kaugjaldinu. Hins vegar verður kaupgjaldið að vera á hverjum tíma í samræmi við gengið. Það, sem samtök launþega og atvinnurekenda í raun og veru gera, er að ákveða kaupgjaldið hjá launþegunum innbyrðis, en ekki afkomuna.

Frá því um 1930 og fram að styrjöldinni var útflutningsframleiðslan rekin með halla. Þessu ástandi fylgdi stöðnun, atvinnuleysi, verzlunarhöft og margvíslegir erfiðleikar. Í styrjöldinni bar útflutningsframleiðsla sig ágætlega, minna mundi nægja. **Reynslan er sú, að ef útflutningsframleiðslan ber sig, vegnar þjóðinni vel,** að svo miklu leyti sem afkoma hennar er komin undir eigin ráðstöfunum. Kaupgjaldið í landinu þarf því að miðast við þessa reynslu, eigi verðgildi peninganna ekki að hraka við endurteknar gengislækkanir. Batnandi hagur kemur þá með auknum afköstum hjá sjálfum okkur og viðskiptaþjóðum okkar. Eigi að viðhalda haftalausri verzlun og nægilegri atvinnu, þarf annað hvort almenna kaupgjaldslækkun eða gengislækkun, þegar framleiðslukostnaðurinn er of hár. Þetta er þýðingarmesta staðreyndin í afkomumálum þjóðarinnar. Næg atvinna er ástand, sem fylgir framkvæmdarvilji og framkvæmdargeta. Afkoma fer svo eftir afkastamætti framleiðsluaflanna, vinnuafls og tækja, og verðlagi erlendis á útfluttri og innfluttri vöru.

Almenn kauphækkun nú.

Það, sem launþeginn kaupir, er annað hvort flutt inn eða framleitt í landinu. Magn innflutts neyzluvarnings er, eins og stendur, ákveðið af fjárhagsráði, þar með talinn innflutningur á hráefni til framleiðslu neyzluvöru innanlands. Ákvörðun þessi er að sjálfsögðu óháð almennum kaupgjaldsbreytingum. Í öðru lagi er verðlag landbúnaðarafurða ákveðið á þann hátt, að tekjur bóndans verði ekki minni en tekjur verkamannsins. Hver bóndi er orðinn Dagsbrúnarmaður að fjórum fimmtu. Hækki verkamaðurinn kaupgjald sitt, hækkar hann einnig verðlag á landbúnaðarafurðum, og því almennari sem kaupgjaldshækkunin er, því líklegra er, að verðlag landbúnaðarafurða muni stíga næstum jafnmikið og kaupgjaldið. Almennar kauphækkanir hjá verkalýðsfélögunum geta þannig ekki bætt kjör launþeganna, ef miðað er við núverandi aðstæður í íslenzku atvinnulífi, nema á kostnað fastlaunafólks, styrkþega og svo útflutningsframleiðslunnar.

„Kaupstreitan" svokallaða er í rauninni innbyrðis barátta um skiptingu þjóðarteknanna milli launastéttanna, en hefur, þegar til lengdar lætur, lítil eða engin áhrif á skiptingu þjóðartekna milli launþega og atvinnurekenda, þótt svo kunni að virðast við fyrstu sýn.

Af framansögðu leiðir í rauninni, að það er einnig á misskilningi byggt, að kauphækkanir, sem fara fram úr vissu marki, verði til þess að stöðva atvinnureksturinn í landinu. Þær gera það aðeins, ef á að viðhalda verðgildi peninganna og hafa verzlunina haftalausa. Ef verðlag í krónum hækkar til samræmis við hækkað kaup, er afkoma atvinnuveganna auðvitað jafngóð og áður. Hins vegar hefur gildisrýrnun peninganna slæm áhrif á sparifjármyndunina og eyðileggur þannig hinn heilbrigða grundvöll þeirra framfara þjóðarinnar, sem byggjast á fjárfestingu.

Ef haldið er föstu gengi, rýra kauphækkanir hins vegar afkomu útflutningsatvinnuveganna í bili og geta valdið þar meiri eða minni stöðvun, nema rýrnunin sé bætt með styrkjum af almannafé. Það sem útflutningsframleiðslan missir við almennar kaupgjaldshækkanir, fær hún þá aftur með styrkjum eða fríðindum, sem almenningur greiðir með hærri sköttum og dýrtíð. Það er auðvitað mjög óheilbrigt að ætla útflytjendum alltaf að búa við óbreytt verðlag, hvernig sem framleiðslu-

kostnaður þeirra hækkar, jafnframt því sem sjálfsagt þykir, að framleiðendur fyrir innlendan markað hækki sífellt verð á vörum til samræmis við kauphækkanir. Gerum við ráð fyrir því í tillögum okkar, að gengi íslenzku krónunnar verði framvegis í samræmi við framleiðslukostnað og verðlag á útfluttum afurðum.

Hlutverk bankanna.

Við höfum áður bent á það, að verzlunarhöftunum er viðhaldið vegna þess, að bankarnir reka óheilbrigða útlánastarfsemi. Höftin eru til þess að vernda gegn afleiðingum hennar. Með óheilbrigðri útlánastarfsemi eigum við ekki við útlán til áhættusams rekstrar, sem er mikilvægur þáttur þjóðarbúsins. Slíkt er höfuðhlutverk bankanna, þ. e. að lána rekstrarfé til framleiðslu sjávarafurða. En einmitt af því, að það er hvorki hugsanlegt, að bankarnir geti eða megi skjóta sér undan því að lána til slíks rekstrar, þá verða þeir að gæta fyllstu varúðar í útlánum til allra annarra. Eigi að viðhalda heilbrigði í atvinnu-, peninga- og fjármálum, verða bankarnir að rækja það hlutverk sitt að gæta, til hverra hluta þeir lána, að vaka yfir rekstri þeirra fyrirtækja, sem þeir lána til, að miða stefnu sína við það að varðveita gildi peninganna, og umfram allt má seðlabankinn ekki lána til fjárfestingar — beint eða óbeint — fé, sem ekki er til, nema með því að grípa til þess valds, sem honum er trúað fyrir, þ. e. að sjá um nýmyndun peninga.

Um VI. lið.

Talsverður hluti hinna sameiginlegu þarfa þjóðarinnar er greiddur með álagi á innfluttar vörur, tiltölulega langtum meiri hluti en með álagi á heimaframleiddar vörur. Þegar innlent verðlag hækkar, en gengi helzt óbreytt, lækkar hlutfallslega verðlag innfluttu vörunnar og þá um leið tekjur af verðtollinum. Hækkun hans um 65% var í rauninni hækkun til samræmis við innlent verðlag og þá útgjöld ríkisins. Með gengislækkuninni er erlenda verðlagið hækkað og þá tekjur af verðtollinum. Óbreyttur tollur að hundraðstölu mundi þýða hækkun á tekjunum um sem svarar hækkun á **cif** verði.

Sé innkaupsverðið erlendis 100, þá má áætla lauslega, að **cif** verðið sé kringum 115. Við gengislækkunina hækkar innkaupsverðið upp í 174.3, og **cif** verðið upp í rúmlega 190. Tekjur af verðtollinum ættu því að hækka úr 54 millj. kr. upp í 85—90 millj. kr., lauslega áætlað. Lækkun á álaginu lækkar tollinn um rúm 12% (úr 165 í 145), og er það rúmlega 11 millj. kr. lækkun. Tekjurnar af honum hækka samt upp í 75—80 millj. kr.

Við teljum, að þegar frá líður, muni með varkárri fjármálastjórn hægt að lækka skatta frá því, er nú er.

Álítum við, að endurskoða þurfi skattalöggjöfina í heild, áður en farið er að breyta sköttum að ráði. Enn fremur þarf nauðsynlega að tryggja, að fjárlögin séu með nokkrum tekjuafgangi, áður en farið er að lækka skatta. Lækkun verðtollsálagsins er ætlað það tvennt, að sýna stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum og að draga úr verðhækkunaráhrifum gengislækkunarinnar. Hins vegar munu verðlækkunaráhrif þessarar ráðstöfunar ekki koma fram í vísitölunni að neinu ráði, þar sem álagið fellur lítið á þær vörur, sem í henni eru.

Þótt ekki gerum við hér sérstakar tillögur um endurskoðun skattalöggjafarinnar, teljum við, að í náinni framtíð þyrfti að gera ráðstafanir — að undangenginni rannsókn — sem gengi í eftirfarandi átt: Taka upp tekjuskattslöggjöfina frá 1942, en margfalda allan skattstigann með 5, takmarka samanlagðan tekjuskatt og útsvar við 60% í hæsta skatti og 50% hjá útgerðarfyrirtækjum og afnema hinn skattfrjálsa varasjóðshluta arðs hlutafélaganna og fella niður stríðsgróðaskattinn og tekjuskattsaukann. Þótt breytingar á skattalöggjöfinni gengju í þessa átt, teljum við ólíklegt, að skattgreiðsla til ríkisins mundi minnka til muna. En við endurskoðun á skattalöggjöfinni þarf auðvitað jafnframt að miða við tekjuþörf ríkisins. Skatta og skattafyrirkomulag er nauðsynlegt að miða við heilbrigðan rekstur og

vöxt atvinnuveganna og svo við það, að eignir manna bindist ekki í einu eða öðru formi skattanna vegna.

Um VII. lið.

Almenningi er kunnugt um það tjón, sem sparifjáreigendur hafa orðið fyrir af völdum verðhækkunarinnar, sem orðið hefur síðan stríðið hófst. Með þessari tillögu er gert ráð fyrir því að nota gengishagnaðinn til þess að bæta sparifjáreigendum það tjón að nokkru. Án trausts á verðgildi peninganna getur ekki verið um sparifjársöfnun, svo nokkru nemi, að ræða. Þetta traust þarf þess vegna að efla, og miðar þessi ráðstöfun að því. Sparifjármyndunin er undirstaðan undir farsælum efnahagslegum framförum, einkum í landi, þar sem bíður fjöldi óleystra fjárfrekra framkvæmda. Í tillögunni er gert ráð fyrir því, að að gengishagnaðurinn verði a. m. k. 10 millj. kr. Leggjum við til, að upphæð, sem þessu nemi, verði notuð til þess að bæta sparifjáreigendum að nokkru það eignatjón, sem þeir hafa orðið fyrir við gildisrýrnun peninganna. Gengishagnaður sá, sem verður umfram 10 millj. kr., leggjum við til, að renni til ríkisins og notist beint til þess að greiða með skuldir þess við Landsbankann.

Tjón það, sem sparifjáreigendur bíða vegna verðhækkunarinnar í sambandi við gengislækkunina, er smávægilegt, borið saman við tjón þeirra síðan fyrir stríð. Í stað þess að reyna að bæta þeim upp tjón af völdum gengislækkunarinnar, höfum við hér að framan gert ráð fyrir að leggja skatt á þá, sem eignir eiga í fríðu, en undanþiggja eignir í peningum.

Sparifénu er skipt í tvo flokka, og miðast skiptingin við árslok 1942, sökum þess, að á því ári varð stórkostlegasta verðhækkunin. Skipting uppbótarinnar samkvæmt hundraðstölu á innstæðurnar er miðuð við það, að fyrra tímabilið hækkaði verðlagið langtum meira en seinna tímabilið. Auk þess hafa þeir, sem sparifé áttu inni fyrra tímabilið biðið uppbótarinnar lengur en þeir, sem sparifé áttu inni síðara tímabilið. Þeir, sem sparifé eiga í innlánsdeildum samvinnufélaganna, tapa, þegar verðlag hækkar vegna gildisrýrnunar peninganna. Sparifé þeirra er notað af samvinnufélögunum, sem hagnast að sama skapi. Það, sem félagsmaðurinn tapar sem innstæðueigandi, hagnast hann óbeinlínis um sem félagsmaður. Við leggjum samt til, að honum verði bætt vegna rýrnunar sparifjárins jafnt og öðrum sparifjáreigendum.

Um VIII. lið.

Við gengislækkunina hækkar verðlag útfluttrar vöru um 74.3% í krónum talið. Einn þriðji til helmingur þeirrar hækkunar kemur fram beinlínis sem hærri framleiðslukostnaður hjá togurunum. Aðstaða togaraútgerðarinnar batnar samt að miklum mun við gengislækkunina.

Eitt helzta vandamál atvinnulífsins og eitt mesta raunverulega vandamál þjóðarinnar, eru hin misjöfnu afköst gömlu togaranna og bátaútvegsins á þorskveiðum annars vegar og nýju togaranna hins vegar (Álitsgerð um Hagmál, kafli XXXII). Gengislækkun breytir engu um þenna mismun. Hingað til hefur þessi mismunur verið jafnaður á þann hátt, að gengið hefur í rauninni verið í samræmi við afköst hinna nýju togara, og bátaútveginum bættar að nokkru munurinn með verðlagsuppbótum og fleiri ráðstöfunum. Með gengislækkuninni er þessu breytt þannig, að gengið er miðað við þann framleiðslukostnað, sem myndazt hefur hjá bátaútveginum. En þá verður að taka með skatti nokkuð af verðmæti framleiðslunnar hjá nýju togurunum. Sé það ekki gert, sækir í sama horfið og áður, þannig að framleiðslukostnaður nýju togaranna stígur til fulls móts við afurðaverðið og þá einnig síðar framleiðslukostnaður bátaútvegsins. Núverandi ástand myndast þá smásaman að nýju.

Af framansögðu leiðir, að við hugsum okkur, að þessir framleiðsluskattar verði til frambúðar. Sökum hins þjóðhagslega hlutverks, sem þeim er ætlað, verða þeir að vera þetta ríflegir. Tekjur ríkissjóðs af þessum ráðstöfunum verða því talsverðar,

og má þá lækka aðra skatta tilsvarandi. Eins og áður hefur verið minnzt á, er einkum brýn nauðsyn að endurskoða tekjuskattslöggjöfina.

Eitt af því, sem menn höfðu í huga, þegar ákveðið var að verja talsverðum hluta gjaldeyrisforðans til kaupa á hinum nýju togurum og greiða fyrir kaupum þeirra með lánum með sérstaklega hagstæðum kjörum, var, að hin nýju og afkastamiklu atvinnutæki mundu hjálpa til að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn og enn fremur að hjálpa til að greiða fyrir frekari framkvæmdum. Hin nýju skip hafa reynzt langtum afkastameiri en eldri togararnir og auka því þjóðartekjurnar, en, eins og ástatt er, rennur sú aukning fyrst og fremst til þeirra, sem á skipunum vinna, eða hafa tekjur sínar af rekstri þeirra.

Áhrifin á jafnvægið í þjóðarbúskapnum hafa orðið hagstæð að því leyti, að gjaldeyristekjurnar hafa aukizt, þó að mun minna en menn ætla eða ætluðu. Hins vegar hafa nýju togararnir að því leyti aukið misvægið í þjóðarbúskapnum, að þeir eru langtum afkastameiri á þorskveiðum en önnur skip, sem verður að gera út. Hið háa kaupgjald á nýju skipunum hefur bakað öðrum greinum sjávarútvegsins aukna erfiðleika, þar sem það eykur togstreituna til þess að samræma tekjur annarra tekjum þeirra, sem á nýju togurunum vinna, sem auk þess njóta óeðlilegra gjaldeyrisfríðinda.

Þjóðin hefur varið miklu af sjóðum sínum til kaupa á þessum nýju skipum, meðfram með það fyrir augum, að þeir greiddu fyrir frekari framförum í atvinnulífinu. Sú fyrirgreiðsla mundi gerast á þann hátt, að afskriftir og óúthlutaður arður togaranna og sparifé manna, sem tekjur hafa af rekstri þeirra, mundu þjóðhagslega séð standa straum af frekari framkvæmdum, annað hvort beint eða óbeint. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, að fá — ef nokkur — skipanna, hafa greitt heimilaðar afskriftir, en sum verið rekin með tapi, sem greiða verður af sparifé landsmanna. (Álitsgerð um Hagmál, kafli XVII, 4. Um fleiri röksemdir í sambandi við skattana, sjá Álitsgerð, kafla XXXII).

Þar sem ástæðan fyrir gjaldinu af aflaverðmæti nýju togaranna er hinn mikli munur, sem er á afköstum þeirra og annarra fiskiskipa, liggur í augum uppi, að gjaldið þarf að taka af verðmæti aflans, hvort sem hann er seldur sem ísfiskur eða á annan hátt. Með framleiðslugjaldi því af öllum afla, þ. e. fiski, lýsi, fiskimjöli o. s. frv., sem lagt er til að tekið verði, má telja, að vægt sé í sakirnar farið, enda má gjaldið ekki minna vera en gert er ráð fyrir, ef það á að hafa þau áhrif, sem að er stefnt. Svipað má segja um framleiðslu og sölu hvalafurða. Eftir gengislækkunina fæst langtum hærra verð en áður fyrir þær afurðir.

Útflutningsgjald af síldarafurðum, að afstaðinni gengislækkun, er enn þá auðveldara að rökstyðja, þar sem verðlag á síldarafurðum er þegar nægilega hátt við óbreytt gengi. Gjaldið er samt hærra en sýnist, þar sem það hlýtur að falla að öllu leyti á hráefnisverðið, þ. e. á síldarverðið sjálft.

Eitt af því, sem torveldar heilbrigða bankastarfsemi í landinu, er það, að höfuðatvinnuvegur landsmanna, framleiðsla sjávarafurða, er mjög áhættusamur, sér í lagi síldveiðarnar og síldarvinnslan. Þannig mundi t. d. ekki þýða að setja í almenna bankalöggjöf venjulegar reglur um útlán til fyrirtækja, sem rekin eru með tapi, sem gilda ættu um síldarframleiðendur. Þjóðin er þeirrar skoðunar, að síldveiðarnar beri að stunda þrátt fyrir áhættuna, sem er afar mikil. Í raun og veru vantar fyrirkomulag, sem tryggði, að hluti hinna háu tekna góðu áranna sé til taks til þess að mæta tapi vondu áranna. Ein leiðin til þess að koma á svona tilfærslu tekna milli ára og aðskilja um leið venjulega bankastarfsemi þessari áhættusömu útlánastarfsemi væri að setja á stofn fjársterkan sjóð eða banka, sem fengi fé sitt af síldarframleiðslu góðu áranna og þyldi áföll síldarleysisáranna. Gjaldið ætti sjóðurinn að fá í erlendum gjaldeyri, sem ekki teldist til gjaldeyriseigna bankanna, en hann gæti selt til að afla sér fjár til útlána í byrjun síldveiðitímans. Slík ráðstöfun á erlendum gjaldeyri til bankanna hefur lítil áhrif á jafnvægið í gjaldeyrisverzluninni, þar sem gjaldið er tekið af óskiptu útflutningsverðmæti og myndar

engar tekjur innanlands. Til þess að setja á stofn slíkan sjóð eða banka, þyrfti sérstök lög. Eitt af því, sem ætti að vera í slíkum lögum, væri ákvæði, sem kæmi í veg fyrir, að það fé, sem yrði notað til þess að greiða fyrir síldarframleiðslu, og það yrði allt fé sjóðsins fyrstu árin, yrði um leið notað til annars, þ. e. utan vertíðar.

Um IX. lið.

Gert er ráð fyrir, að gengislækkunin muni hafa í för með sér nokkra hækkun á verðlagi innanlands. Um áhrif þeirrar hækkunar á tilfærslu tekna hefur áður verið rætt. Hér verður rætt um áhrif hennar á tilfærslu eigna. Má í því sambandi skipta eignamönnum í 4 hópa: Þá sem eiga skuldlausar eignir í fríðu, þá sem eiga peninga eða verðbréf, þá sem skulda og þá sem skulda, en eiga eignir í fríðu.

Þegar verðhækkunin er almenn, þá hækka í verði allar eignir, aðrar en peningar og verðbréf. Verðmæti fasteigna stígur þá sem hinni almennu verðlagshækkun svarar. Eigi maður skuldlausa fasteign er ekki um neina raunverluega eignaaukningu að ræða hjá honum. Eignin hækkar aðeins í verði í peningum reiknað, hins vegar hefur gildi peninganna rýrnað. Raunveruleg eign breytist ekki í þessu tilfelli, þótt verðlag hækki.

Almenn hækkun verðlags er fyrst og fremst gildisrýrnun peninganna. Hver peningaeign verður minna virði, mæld í verðmætum í fríðu. Eignir í mynd peninga og verðbréfa rýrna raunverulega, og býður eigandinn tjón á raunverulegri eign sinni sem svarar til verðhækkunarinnar.

Í þriðja hópnum eru þeir, sem skulda. Þeir hagnast sem svarar tapi þeirra, sem eiga peninga og verðbréf, þar sem gera má ráð fyrir, að tekjur þeirra hækki að öðru óbreyttu sem svarar til hinnar almennu verðhækkunar. Þessi hópur er betur settur vegna hærri tekna, þar sem hann greiðir óbreyttar skuldir af hærri tekjum.

Í fjórða hópnum standa menn jafnréttir sem eigendur eigna í fríðu, en hagnast vegna gildisrýrnunar skulda í peningum. Afstaðan milli skuldunauta og lánardrottna breytist hinum fyrri í hag, hinum síðari í óhag. Við það að eignirnar stíga í verði, lækka skuldirnar hlutfallslega og hagnast því að sama skapi eigendur eigna í fríðu, sem skulda. Tveir seinustu hóparnarnir hagnast því raunverulega á gengislækkuninni.

Þegar miðað er við hina stórkostlegu röskun, sem orðið hefur á efnahagskerfinu síðan fyrir stríð, einkum á afstöðu skuldara og lánardrottna, er sú röskun, sem búast má við, að gengislækkunin muni hafa í för með sér, tiltölulega smávægileg. Við teljum því alls ekki nauðsynlegt né æskilegt að fara að leggja út í allsherjar jöfnun milli skuldara og lánardrottna. Ætti slík ráðstöfun að fara fram, yrði hún að byggjast á öðrum forsendum en gengislækkuninni. Í stað þess að fara þá leið að skattleggja skuldarana almennt og bæta lánardrottnunum, þá leggjum við til, að fara þá leið að leggja skatt á stóreignir, sem svari til þess tjóns, sem eigendur peninga og verðbréfa bíða og láta skattinn renna til ríkisins. Skatturinn er því í raun inni að nokkru stóreignaskattur, og að nokkru gengishagnaðarskattur. Hann leggst á eignir, sem ekki rýrna vegna gengislækkunarinnar. Við teljum rétt að sleppa þeim, sem hafa aðeins tekjur, en engar eignir til þess að standa straum af skuldum sínum, og enn fremur þeim í seinasta hópnum, sem eiga minna en kr. 300 000 hreina eign í fríðu. Eigi þeir meira, greiða þeir stóreignaskatt.

Áhrif gengislækkunarinnar verða hlutfallslega hin sömu fyrir litlar eignir og stórar, og þykir því ástæðulaust að hafa skattinn að nokkru ráði stighækkandi. Þykir rétt að ákveða skattinn af eignum einstaklinga 10—12%, þar sem gert er ráð fyrir því að bein verðhækkun af gengislækkuninni verði aðeins rúmlega sem þessu svarar. Eins og málum er nú háttað, þykir okkur ekki rétt að leggja skatt á eign minni en kr. 300 000 nettó, þar sem sú eign gerir naumast meira en svara til íbúðar eða íbúðarhúss.

Það sjónarmið kann að koma fram, að við ákvörðun skattsins hafi of vægt verið í sakirnar farið. Við teljum, að skatturinn sé mjög hár, enda óvenjulegt að svo hár

skattur hafi verið lagður á eignir. Ætti skatturinn að vera hærri, yrði það að vera vegna annarra sjónarmiða en áhrifa gengislækkunarinnar. Þar sem hinar skattlögðu eignir eru fyrst og fremst eignir í fríðu, en ekki handbært fé, eykst hættan á því, að hann myndi skapa greiðsluvandræði hjá atvinnufyrirtækjum og einstaklingum, sem hann er lagður á, ef hann yrði hækkaður, þannig að líkur yrðu fyrir því, að rekstur hjá þessum aðilum drægist saman og myndi þá skattbyrðin lenda á fleirum en þeim, sem ætlað er að bera skattinn.

Í sambandi við athugun á stóreignaskattinum höfum við athugað þann möguleika, að láta menn bera skattinn í beinu hlutfalli við allar eignir í fríðu. Við höfum hins vegar komizt að þeirri niðurstöðu, að slíkt væri naumast hægt, sökum þess hvers eðlis eign í hlutafélögum er vegna þeirrar þróunar, sem hlutafélagalöggjöfin og skattalöggjöfin hafa valdið. Í sameiningu hafa þessir lagabálkar gert það að verkum (1) að arð er erfitt að fá af hlutabréfaeign, þótt félagið sýni rekstrarafgang, (2) að af þeim orsökum væri ekki fært að leggja á sérstakan skatt, sem miðaðist við það, að hann greiddist af slíkum arði (t. d. vextir af skuldabréfum), (3) að ekki er heldur hægt að ná eign út úr hlutafélagi, nema með afarkostum, og því heldur ekki hægt að taka slíka eign með skatti hjá einstaklingi, og að ekki er heldur hægt að leggja hlutafélag niður nema með afarkostum, (4) að þar sem erfitt er að fá hæfilegan arð af heilbrigðum rekstri, þá er það mjög almennt, að hluthafar hafi þá aðferð að fá sem starfsmenn félagsins tekjur af rekstrinum. Um leið veikir þetta fyrirkomulag mótstöðu svona atvinnurekstrar gegn óeðlilegum kaupkröfum. Það leiðir aftur til þess, að rekstur hlutafélaga verður dýrari en ella. Sú staðreynd, að mörg félaganna reka áhættusaman atvinnurekstur, þar sem mikil töp og mikill arður skiptast á, hefur einnig átt sinn þátt í því að stuðla að þessari óheppilegu þróun. Slíkur rekstur verður sérstaklega fyrir barðinu á skattalöggjöfinni, þótt þetta hafi nú nokkuð verið lagfært. En sú lagfæring er meðfram orsök þess að eign í hlutafélagi er ekki til frjálsrar ráðstöfunar á sama hátt og aðrar eignir. Við leggjum því til, að skatturinn verði lagður beint á hlutafélögin.

Lítið hlutafélag, sem skilar hlutfallslega sama raunverulegum arði og stórt hlutafélag, er fjárhagslega jafn vel statt og stærra félagið, og leggjum við því til, að enginn frádráttur verði, áður en skatturinn er lagður á nettó eignir félaganna. Beri lítil félög sig jafn vel og stór félög, þá er sá, sem sem á í mörgum litlum félögum, jafn vel stæður til þess að þola skattinn, eins og ef hann ætti jafnmikið í einu stóru félagi. Sams konar rök gilda um eignir samvinnufélaga og þeirra félagsmanna. Ef frádráttur ætti að vera frá skattskyldri eign, þyrfti sá frádráttur að miðast við stærð félagsins. En þá má eins veita frádráttinn með því að hafa skattinn lægri hundraðstölu, og það er okkar tillaga.

Þar sem við teljum ekki fært að leggja skattinn á einstaklinga samkvæmt heildareignum þeirra í fríðu, verður ekki hjá því komizt, að skatturinn fellur ekki nákvæmlega jafnt á alla skattgreiðendur, þar sem hann fer að nokkru eftir því, hve mikill hluti eignanna er í hlutafélögum. Sama gildir um skattgreiðendur, sem eiga eign í samvinnufélagi.

Við leggjum til, að skatturinn á samvinnufélögin verði jafn og skatturinn á hlutafélögin. Í samvinnufélögunum munu almennt eignarminni menn en í hlutafélögunum. En þess ber að gæta, að stóreignaskatturinn á persónur sér fyrir þeim mun, þannig að hluthafinn er skattlagður utan hlutafélagsins. Auðvitað gildir hið sama um félaga í samvinnufélagi, sem á nettó eignir í fríðu umfram kr. 300 000. Enn fremur hafa eignir samvinnufélaganna myndazt við hagstæðari skattalöggjöf en eignir hlutafélaganna. Og því má bæta við, að samvinnufélögin fást yfirleitt við áhættuminni rekstur en hlutafélögin. Við teljum samt ekki rétt að leggja hærri skatt á þau en hlutafélögin af tveimur orsökum. Í fyrsta lagi eru félagsmennirnir yfirleitt efnaminni en meðlimir hlutafélaganna. Í öðru lagi miðast skatturinn við áhrif verðhækkunarinnar sem fylgir gengislækkuninni, sem er yfirleitt jöfn fyrir allar eignir í fríðu, og ekki við önnur sjónarmið. Af svipuðum orsökum teljum við, að

sérstök skattfríðindi megi ekki koma til greina í sambandi við þennan skatt, t. d. undanþága fyrir Eimskipafélag Íslands. Skatturinn er hugsaður þannig, að þeir sem mestar hafa eignirnar, taki að sér nokkurn hluta lausaskulda ríkisins, og er því sérstök ástæða til þess, að hann falli á stóreignir, sem myndazt hafa við hagstæða tekjuskattslöggjöf.

Þar sem töluvert af eignum hefur myndazt í sambandi við dýrtíð þá, sem verið hefur á undanförnum árum og stafað hefur af hinum miklu framkvæmdum, sem átt hafa sér stað, og að nokkru hafa verið greiddar af hallarekstri hjá ríkinu og lánsfjárþenslu bankanna, þykir rétt að nota þennan skatt til þess að losa ríkið við nokkuð af lausaskuldum sínum, þar sem þær eru á vissan hátt orsök að myndun nokkurs hluta þeirra eigna, sem hér um ræðir.

Vexti af skuldabréfum höfum við miðað við það, sem við álítum, að ríkið ætti að greiða Landsbankanum, ef lausaskuldunum væri breytt í afborgunarlán til langs tíma, enda eru sum lán ríkisins frá stríðsárunum með svipuðum vöxtum og við leggjum til í þessu sambandi.

Við leggjum til, að greiðslur til innlausnar skuldabréfanna séu ekki gerðar frádrægar skattskyldum tekjum. Vilji skattgreiðandinn halda óskertri eign, getur hann gert það aðeins, ef hann sparar af tekjum sínum sem svarar innlausnarupphæðinni, annars rýrnar sú eign, sem hann ræður yfir, þegar hann afhendir ríkinu þess hluta. Skatturinn miðar beinlínis að því að gera skattgreiðandann fátækari sem skattinum nemur, nema hann spari í skarðið. Á það má benda, að því hærri, sem tekjuskatturinn er, því erfiðara er að spara í skarðið, og eru í þessu efni samvinnufélögin og Eimskipafélag Íslands betur sett en hlutafélögin almennt. Ætti að gera innlausnarupphæðina frádræga, þá væri þar með fallizt á, að skatturinn félli á tekjur. Vextirnir af bréfunum eru hlutdeild ríkisins í þeim tekjum, sem þær eignir gefa af sér, sem skattgreiðandinn hefur umráðarétt yfir, enda ekki skattskyldir.

Um X. lið.

Þessi liður þarf lítilla skýringa við. Ætlazt er til, að allar styrkveitingar til sjávarútvegsins, sem veittar eru beint eða óbeint vegna afurðaverðsins, falli niður.

Nd. 364. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um framlengingu á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Í stað „1. maí“ í 1. gr. frv. komi: 1. apríl.

Ed. 365. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 3. málsgr. 17. gr. laganna bætist:

Nú gerir skattgreiðandi ekki fulla grein fyrir, á hvaða ári eignaraukinn hefur myndazt, og getur framtalsnefnd þá skipt því, sem umfram kann að verða, jafnt á skattárin 1942—46 og reiknað skatt af hverjum hluta sem viðbótartekjum

og viðbótareign fyrir hvert ár, þó þannig, að skatturinn fyrir öll árin nemi ekki minna en 20%, ef undandreginn eignarauki er 45—60 þús. kr., og 25% af því, sem þar er fram yfir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 366. Frumvarp til laga [119. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 1. apríl 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 367. Lög [119. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

(Afgreidd frá Ed. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 366.

Ed. 368. Lög [123. mál]

um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 359.

Ed. 369. Breytingartillögur [53. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr.

1. Í stað „20%“ í meginmálsgr. komi: 15%.
2. Í stað „25%“ í meginmálsgr. komi: 15%.

Ed. 370. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um framkvæmd gildandi viðskiptasamninga milli Íslands og Póllands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1950.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm.	Brynj. Bjarnason. með fyrirvara.
Þorst. Þorsteinsson.	H. Guðmundsson.	

Sþ. 371. Nefndarálit [109. mál]

um till. til þál. um rekstur helicopterflugvélar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nokkru eftir að Alþingi kom saman á s. l. ári, sendi ráðuneytið erindi til fjvn. með fyrirspurn um það, hvort nefndin vildi mæla með því, að ríkissjóður kostaði rekstur helicopterflugvélar þeirrar, er Slysavarnafélag Íslands hafði fengið hingað að láni frá Bandaríkjunum, gegn því, að vélin hefði á hendi landhelgisgæzlu, en væri þó jafnan til taks til björgunarstarfsemi og sjúkraflutninga, þegar á þyrfti að halda. Voru nefndinni send ýmis gögn með erindum, svo sem uppkast að samningi milli Slysavarnafélagsins og Skipaútgerðar ríkisins, sem hugsað var, að annaðist rekstur flugvélarinnar; kostnaðaráætlun yfir árlegan rekstur; skýrslur yfir reynsluflug, sem gerð höfðu verið, og ýmis bréf, sem farið höfðu á milli viðkomandi aðila. Eftir að hafa móttekið þessi gögn öll hélt nefndin 3 fundi um málið, þar sem það var gaumgæfilega athugað og rætt. Enn fremur kvaddi nefndin til sín til viðræðna forstjóra Skipaútgerðarinnar og framkvæmdastjóra Slysavarnafélagsins, sem kom á fund nefndarinnar ásamt tveimur sérfræðingum, öðrum í flugi og hinum í slysavörnum. Ræddi nefndin við alla þessa aðila um málið, einkum um hæfni vélarinnar til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa hér við land á öllum árstíðum og undir mismunandi skilyrðum. Skýrði nefndin m. a. viðkomandi aðilum frá því, að þegar fallizt var á það af nefndinni í desember 1948 að mæla með því, að ríkissjóður kostaði reynsluflug vélarinnar hér á landi, áður en kaup yrðu gerð, var lögð á það megináherzla, að slíkt reynsluflug yrði gert hér að vetrarlagi, til þess að fullprófa hæfni vélarinnar undir erfiðum kringumstæðum. Óskaði nefndin alveg sérstaklega eftir því að fá upplýst, hvort ekki væri unnt að fá samkomulag um frekari reynslu á vélinni hér í vetrarveðrum en orðið var áður en málið yrði endanlega afgreitt, þar sem vélin væri hér enn, upphæð sú, sem heimiluð var til að standast kostnað við reynsluflugið, ekki að fullu notuð og menn þeir, sem fljúga ættu henni í framtíðinni, hér til staðar. Var tekið vel undir þessa sjálfsögðu ósk af framkvæmdarstjóra Slysavarnafélagsins, en málið virðist hafa strandað á mótstöðu umboðsmanns verksmiðjunnar, sem með bréfi, dags. 17. jan. neitar, að slíkt reynsluflug fari fram, með þeim rökum, að vélin sé þegar full reynd og eigi þess utan að sendast út með fyrstu ferð, ef ekki verði úr kaupsamningum. Er þó hvort tveggja ljóst, að skýrslur þær, sem fyrir liggja, sýna berlega, að vélin hefur ekki verið reynd hér undir erfiðum veðurskilyrðum að vetrarlagi, eins og til var ætlazt, og eins

hitt, að vélin er hér enn á staðnum, svo að ætla má, að einhverjar aðrar ástæður en fram eru bornar, liggi til grundvallar neitun umboðsmannsins um fullkomna reynslu vélarinnar, eins og til var ætlazt í upphafi og sjálfsagt var, að framkvæmd yrði. Þegar ljóst var, að neitað var um frekari reynslu flugvélarinnar, og ráðuneytið hins vegar óskaði mjög eftir því, að málið yrði afgreitt í nefndinni, þótti ekki ástæða til að fresta lengur afgreiðslu þess. Fjórir nefndarmenn (HelgJ, HÁ, GÍG og ÁS) lögðu til, að nefndin mælti með því, að ríkissjóður tæki að sér rekstur flugvélarinnar, eins og farið var fram á af ráðuneytinu, einn nefndarmanna (PO) fylgdi einnig þeirri tillögu, með þeirri breytingu þó, að ríkissjóður kostaði aðeins að hálfu leyti reksturinn á móti Slysavarnafélaginu. Einn nefndarmanna (JR) greiddi ekki atkvæði og einn (KK) var fjarstaddur. Þessi afgreiðsla málsins var þegar tilkynnt ráðuneytinu og því send öll gögn hér að lútandi.

Eftir að málið hafði fengið þá afgreiðslu í nefndinni, sem að framan greinir, taldi ráðuneytið sig ekki geta greitt kostnað við rekstur flugvélarinnar, nema fyrir lægi heimild Alþingis, og bar því fram þáltill. þá, sem hér um ræðir. Með því að þáltill. var að lokinni fyrri umræðu send til fjárveitinganefndar, tók hún málið enn fyrir á 2 fundum. Þótti minni hl. rétt að fá umsögn flugráðs um þáltill., og var hún einnig rædd í nefndinni, áður en málið var endanlega afgreitt þar. Er umsögnin birt hér með sem fylgiskjal ásamt öðrum gögnum.

Það er ómótmælanlegt, ef nokkurt mark má taka á ummælum flugráðs, að flugvél sú, sem hér um ræðir, fullnægir á engan hátt þeim skilyrðum, sem gera verður til slíkrar flugvélar, ef hún á að gera hvort tveggja, að hafa á hendi landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi í sambandi við sjóslys, en einmitt á því, að flugvélina megi nota til slíkra starfa, er byggð tillagan um fjárframlag úr ríkissjóði. Skýrslur gæzluvarðstjórans, sem birtar eru hér sem fylgiskjöl III. og IV., staðfesta þetta einnig fullkomlega. Benda þessir aðilar á, að vélin sé allt of lítil og sé því ónóg til þessara starfa. Þá er einnig bent á, að til séu aðrar helicopterflugvélar, sem uppfylli þessi skilyrði miklu betur. Það er því sýnilegt, að ríkissjóður á ekki að styrkja rekstur þessarar flugvélar til starfa, sem vitað er, að hún getur ekki leyst af hendi, heldur styðja að því, að fengin sé sú bezta tegund, sem þekkt er og vitað er, að reynzt hefur vel við slíka starfrækslu.

Fyrir nefndinni lá rekstraráætlun yfir árleg útgjöld, miðuð við, að vélin hefði á hendi landhelgisgæzlu. Er áætlunin birt hér sem fylgiskjal V. Ljóst er, að unnt er að komast af með miklu minni rekstrargjöld, ef samið yrði við flugfélögin um rekstur flugvélarinnar, og vísar minni hl. til umsagnar flugráðs um þetta atriði. Þá lá einnig fyrir nefndinni reikningur yfir kostnað flugvélarinnar á s. l. ári, að upphæð kr. 108847.03. Er hann birtur hér með sem fylgiskjal VI. Verður ekki sagt, að sparlega hafi verið haldið hér á fé ríkissjóðs í sambandi við reynslu vélarinnar, og má nokkuð marka á því, hver kostnaður yrði árlega, ef þannig á að halda á málunum framvegis. Þá þykir einnig rétt að birta hér uppkast að samningi, sem hugsað er að gera milli Slysavarnafélagsins og Skipaútgerðarinnar um rekstur flugvélarinnar, ef til kemur.

Öll þessi gögn voru gaumgæfilega athuguð á ný og rædd mjög ýtarlega. Gat nefndin ekki orðið ásátt um afgreiðslu þáltill. Vildu tveir nefndarmenn (KK og ÁS) láta samþykkja þáltill. óbreytta, en einn (PO) með þeim breytingum, er hann áður hafði gert grein fyrir. Þrír nefndarmenn (GÍG, HÁ og HelgJ) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt, en með því að þeir höfðu áður látið bóka afstöðu sína til málsins, þótti ekki ástæða til að fresta afgreiðslu þess vegna fjarveru þeirra, þar sem talið var, að þeir mundu mynda sameiginlegan meiri hl. með þeim nefndarmönnum, sem vildu láta samþ. þáltill. óbreytta. Gefur meiri hl. því út sérstakt nefndarálit. Minni hl. gat ekki fallizt á þessa afgreiðslu. Hann er þess fullviss af gögnum þeim, sem fyrir liggja, að flugvél sú, sem hér um ræðir, uppfyllir á engan hátt þau skilyrði, sem gera verður til helicopterflugvélar, sem ætlað er að gegna björgunarstörfum og landhelgisgæzlu við strendur Íslands allan ársins hring, og það væri því mjög

misráðið að verja miklu fé til kaupa og starfrækslu á slíkri vél til þess eins að torvelda mjög kaup og rekstur fullkominnar vélar í framtíðinni. Minni hl. varar við því að misnota þannig fé, sem safnazt hefur meðal almennings í trausti þess, að fyrir það yrði keypt traustasta og bezta björgunartækið, sem fáanlegt er af þessari tegund, en ekki hitt, sem reynslan hefur sýnt, að er í alla staði ófullnægjandi. Slík ráðstöfun á helicoptersjóði mundi valda miklum vonbrigðum og sársauka hjá öllum þeim fjölda, sem lagt hafa til hans framlög á undanförnum árum. Minni hl. vill hins vegar stuðla að því, að keypt verði góð og traust helicoptervél og að ríkissjóður taki að sér rekstur slíkrar flugvélar, og leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita samvinnu við Slysavarnafélag Íslands um kaup á 4 manna helicopterflugvél af öruggustu gerð og heimilar fé úr ríkissjóði til þess að starfrækja slíka flugvél hér við björgunarstarfsemi og landhelgisgæzlu á þann hátt, sem hentugast þykir, í samráði við Slysavarnafélagið.

Alþingi, 27. febr. 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Jónas G. Rafnar. Ingólfur Jónsson.

Fylgiskjal I.

16. febrúar 1950.

Ég undirritaður leyfi mér hér með að fara þess á leit, að þér látið mér í té umsögn yðar um hjálagða þingsályktunartillögu og einkum og sér í lagi um eftirfarandi atriði:

1. Hvort þér teljið heppilegt að festa kaup á Helicopterflugvél þeirri, sem hér um ræðir, til björgunarstarfa og landhelgisgæzlu, eða hvort þér teljið, að aðrar Helicopterflugvélar, sem þekktar eru, væru heppilegri, og ef svo er, þá hvaða vélar og hvort yður er kunnugt um kostnaðarverð þeirra.
2. Hvort þér álítið, að rekstrarkostnaður slíkrar vélar sem hér um ræðir sé mikill árlega og hversu miklu meiri hann mundi verða við vél, sem væri talin stærri og öruggari til starfans.
3. Hvort þér álítið, að gerlegt væri að fá samkomulag við flugfélögin um rekstur Helicopterflugvélar, og ef svo er, þá með hvaða skilyrðum og hvort þér álítið ekki, að það yrði ódýrast fyrir ríkissjóð.

Ég sá nýlega í Morgunblaðinu alllanga ritgerð um rekstur Helicopterflugvélar eftir Björn Eiríksson. Vildi ég gjarnan heyra álit yðar um þá ritgerð.

Með því að mjög er rekið á eftir því, að málið verði afgreitt, þætti mér vænt um að fá svar hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst.

Gísli Jónsson.

Til flugráðs.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 23. febrúar 1950.

Vegna fyrirspurnar Gísla Jónssonar, alþingismanns og formanns fjárveitinganefndar, varðandi notagildi Helikopterflugvélar þeirrar, sem Slysavarnafélag Íslands hefur fengið til landsins, vill flugráð taka fram eftirfarandi:

Af frásögnum þeim og umræðum, er spunnizt hafa um mál þetta, hefur mátt skilja, að aðaltilgangurinn með kaupunum á helikopterflugvél sé aðallega tvíþættur:

í fyrsta lagi björgun manna úr strönduðum skipum og í öðru lagi landhelgisgæzla. Önnur hugsanleg verkefni séu sjúkraflutningar, dauðaleit, björgunarflug í sambandi við hugsanlega nauðlendingu í óbyggðum, póstflug o. fl., o. fl.

Flugráð er þeirrar skoðunar, að til þess að geta bjargað skipbrotsmönnum úr sjávarháska, hvar sem er á landinu, þurfi helikopterflugvél, er hafi að minnsta kosti flugþol til 800 km flugs samanlagt eða 400 km „actions-radius", þar eð gera verður ráð fyrir, að strand geti átt sér stað á ólíklegustu stöðum á landinu og nauðsynlegt sé að komast fljótt á staðinn. Hafi flugvélin minna flugþol, þyrfti að koma upp eldsneytisbirgðum víðs vegar um land allt og þær að vera tiltækilegar fyrirvaralaust. Þótt slíkt sé engan veginn frágangssök, liggur í augum uppi, að slík vinnubrögð hlytu óhjákvæmilega að tefja björgunarstarfið, auk þess sem erfiðleikar gætu verið á að birgja vélina eldsneyti, t. d. í stormi og við erfið skilyrði.

Umrædd flugvél hefur aðeins flugþol til 300 km flugs eða 150 km „actions-radius" og þyrfti því að hafa sæg af eldsneytisstöðvum um land allt. Er því ljóst þegar af þessari ástæðu, að umrædd helikopterflugvél er ekki heppileg að þessu leyti.

Gera verður ráð fyrir, að helicopterflugvélin þyrfti undir vissum kringumstæðum að fljúga á móti 8—10 vindstigum við jörðu eða a. m. k. 9—11 vindstigum í 500—800 metra hæð. Eðlilegur flughraði Bell-helicopterflugvélarinnar, sem hér um ræðir, er 125 km á klukkustund, en 9 vindstig samsvara 65 km á klst., og dregst sú tala frá ganghraða flugvélarinnar. Réttur hraði helikopterflugvélarinnar yrði því undir slíkum kringumstæðum 60 km á klst., og tæki vélina 5 klst. að komast 300 km vegalengd, eða sem svarar til vegalengdar milli Reykjavíkur og Ingólfshöfða. En áður væri eldsneyti Bell-helikopterflugvélarinnar þrotið, eða að þrotum komið, hefði aukabenzíngeymum verið komið fyrir.

Á strandstað þarf flugvélin að geta haldið sér á flugi a. m. k. 2—3 klst. við björgunartilraunir. Umrædd flugvél hefur samanlagt tæplega þriggja klst. flugþol og ætti því sáralítið eldsneyti eftir, þótt hún tæki eldsneyti í hugsanlegri birgðastöð í 100 km fjarlægð frá strandstaðnum. Er augljóst mál, að verr væri af stað farið en heima setið, ef helikopterflugvélin gæti ekki staðið við nægilega langan tíma við björgunarstarfið og ekki komið skipbrotsmönnunum til mannabyggða að aflokinni björgun sökum eldsneytisskorts.

Flugþol umræddrar helikopterflugvélar virðist því undir beztu kringumstæðum ófullnægjandi, jafnvel þótt fyrir sé komið aukaeldsneytisgeymum.

Nauðsynlegt er, að björgunarvélin hafi vinduútbúnað, til þess að hægt sé að taka skipbrotsmennina upp í vélina jafnóðum og þeim er bjargað. Gera má ráð fyrir, að æfður aðstoðarmaður flygi ásamt flugmanninum í slíka leiðangra, og væri þá eðlilegt, þegar hægt er að koma því við, að aðstoðarmaðurinn yrði látinn síga niður á hið strandaða skip um leið og björgunarstarfið hæfist, til þess að spenna krókloppna og oft slasaða skipbrotsmenn forsvaranlega í belti það, er síðan er dregið upp í vélina með vindunni. Mundi aðstoðarmaðurinn svo fara síðastur frá borði, er björgun hefur tekizt.

Umrædd helikopterflugvél, Bell-47, fullnægir því ekki þeim kröfum, er gera verður til slíkrar flugvélar, og væri að dómi flugráðs rangt að telja fólki trú um hið gagnstæða. Fjögurra sæta helikopterflugvél, t. d. S-51, er jafnvel ekki algerlega fullnægjandi, og efast flugráð um, að á markaðnum sé í dag til helikopterflugvél, er leysti gæti umrætt verkefni af hendi svo sæmilega öruggt sé, enda eru helikopterflugvélarnar enn þá á frumstigi. S-51 hefði þó að mörgu leyti mun meiri möguleika en Bell-47, t. d. meira flugþol, meiri flughraða og vinduútbúnað til þess að draga skipbrotsmenn upp í vélina. Slík vél (S-51) væri einnig mun betur fallin til landhelgisgæzlu, þar eð tveir fullgildir mælingamenn gætu tekið hornamælingar úr henni á sama tíma og auk þess haft rúm fyrir loftskeytamann, er stæði í stöðugu sambandi við land, en slíkt er mikið öryggi við landhelgisgæzlu á sjó úti.

Þótt flugráði hafi þótt rétt að benda á ofangreind atriði, vill það engan veginn

gera lítið úr möguleikum Bell-47 helikopterflugvélarinnar til sjúkraflutninga, í leit að mönnum eða hópum, sem týnzt hafa, við póstflutninga og ekki sízt, ef koma þarf vistum, hjúkrunargögnum og lækni til fólks, sem slasazt hefur vegna nauðlendingar í öræfum. Undir slíkum kringumstæðum er líklegt, að vélin geti lent á sjálfum slysstaðnum, og er þá mun hægara um vik en yfir siglutoppum á skipi, sem kastast til á strandstað í úfnum sjó. Þá má og benda á, að umrædd Bell-47 helikopterflugvél er mjög heppileg til að þjálfa flugmenn vora í meðferð helikopterflugvéla, en sú þjálfun tekur alllangan tíma, þar eð helikopterflugvélarnar eru vandasamar í meðferð.

Um rekstrarkostnað helikopterflugvéla yfirleitt er flugráði ekki kunnugt, en telur líklegt, að hann sé fullhátt reiknaður í álitsgerð þeirri, er fram hefur komið um þetta mál, og auk þess telur flugráð líklegt, að rekstrarkostnaður fjögurra sæta flugvélar, t. d. S-51, yrði ekki tvöfaldur kostnaður, heldur 40—60% hærri. Flugráði er kunnugt, að bæði flugfélögin mundu fús til að reka helikopterflugvél, hvort sem væri fyrir Slysavarnafélag Íslands eða ríkissjóð, en slíkt yrði vitanlega mun ódýrara heldur en að hafa menn á föstum launum, er sæju um rekstur helikopterflugvélarinnar eingöngu. Flugfélögin mundu auk þess lána þaulreynda flugmenn, sem eru í stöðugri flugæfingu, og er í því mikið öryggi.

F. h. flugráðs

Agnar Kofoed-Hansen
form.

Fylgiskjal III.

Skýrsla um ferðir mínar með helicopterflugvél.

I. ferð 1% '49.

Kl. 11.45 haldið af stað frá flugvellinum í Reykjavík. Flogið út fyrir Gróttu að boju nr. 6. Við bojuna var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

∠ △ Akrafjall } 89°0′
Gróttuviti }
∠ △ Keilir } 75°0′

og gefur það stað bojunnar nákvæmlega þar, sem hún er staðsett í sjókortinu. Veður: skýjað. Vindur: SA 4—5. Auðvelt var að mæla úr flugvélinni, og tók mælingin mjög stuttan tíma, og flugvélin gat haldið sér á sama stað á meðan hún fór fram. Var síðan haldið til Rvíkur og lent á flugvellinum kl. 12.06. Gerði þar athugun á, hvort glerið yfir stjórnklefa vélarinnar gæti haft áhrif á hornmælingarnar. Tók hornmælingu í sætinu og síðan utan við vélina, og breytti það engu. Það skal tekið fram, að séu staðirnir nálægt, t. d. á flugvellinum, sem maður mælir, þá breytist hornið við það að fara út úr flugvélinni. Þess vegna verður að taka staði sem eru í nokkurri fjarlægð við þessa athugun, gætir þá ekki breytingar á stöðu. Flugt. 21 mín.

II. ferð 2%.

Kl. 14.45 haldið af stað frá flugvellinum. Flogið út fyrir Gróttu til varðbátsins Víkings, sem lét reka þar. Með flugvélinni var höfð lína ca. 60 mtr. löng og lítið slökkvitæki. Hurðin bakb.megin var tekin af. Þegar komið var að Víking, var slökkvitækinu slakað niður í línuna ca. 10—15 mtr., og tók maður af Víking við því á framstafni bátsins, leysti það úr og batt miða með staðarákvörðun bátsins við línuna, sem því næst var höluð upp í flugvélina. Þetta tókst með ágætum, og hefur vart tekið meir en 3—4 mín. Slökkvitækið, sem er mjög létt, fór lóðrétt niður, þó vindur væri nokkur. Það skal tekið fram, að línuna má ekki senda upp í flugvélina frá skipi, nema setja eitthvað neðan í hana, því að sé vindur, þá getur línan slegizt í afturskrúfuna, og er það mjög hættulegt. Staðarákvörðun Víkings var Stýrimannaskólinn ≠ Gróttu ∠ Akrafjall 82°20′, sem gefur stað bátsins 3.8 sjóm. réttv. 297° frá Gróttu. Reyndi tvisvar að gera staðarákvörðun úr flugvélinni, en

tókst ekki. Skyggni var slæmt, mistur yfir landinu, sterkt sólskin, sem truflaði útsýn úr stjórnklefa flugvélarinnar. Var því næst haldið inn á flugvöll og lent við flugskýlið kl. 15.31. Veður: SA 3, mistur yfir landinu, sólskin. Meiri vindur var á flugvellinum ca. 4—5 stig. Flugt. 28 mín.

III. ferð.$^{2}3/_{4}$.

Haldið af stað frá flugvellinum kl. 14.20. Höfðu verið sett flotholt undir helicopterinn, draga þau talsvert úr ferð vélarinnar, eða ca. 10 mílur. Var haldið suður um Hafnarfjörð og síðan vestur með landi. Kl. 14.37 fórum yfir Gerðistangavita. Haldið laust af Njarðvík og Keflavík og þaðan út í Garðsjó, svipazt um eftir skipum, engin sjáanleg. Kl. 14.47 snúið við, flogið lágt yfir sjónum. Kl. 14.56 lent snöggvast á sjónum á Keflavíkurhöfn. Haldið síðan á Keflavíkurflugvöll og lent þar kl. 15.00. 40 mín. flugtími. Kl. 16.00 haldið af stað. Flogið austur með landi. Kl. 16.11 yfir Gerðistanga. Kl. 16.27 lent snöggvast á Hafnarfjarðarhöfn, síðan haldið til flugskýlisins á Rvíkurflugvelli og lent þar kl. 16.35. 35 mín. flugtími. Veður var SA 4 (25 mílur) í Rvík, en SA 5—6 við Keflavík. Mistur og slæmt skyggni. Alls flugtími 1 t. 15 mín.

IV. flug $^{2}4/_{5}$.

Hurðin bakb.megin tekin af flugvélinni. Kl. 14.46 haldið af stað og flogið 3 sjóm. í réttv. 287° frá Gróttu, en þar lá varðbáturinn Víkingur. Sezt á sjóinn hjá Víking kl. 15.00 og gerð eftirfarand staðarákvörðun:

∠ Akrafjall
Gróttuviti } 70°0′
∠ Keilir 80°37′ sem gefur staðinn 3 sjóm. réttv. 287° af Gróttu.

Reynt var að koma stykki á línu niður í Víking, en það reyndist ekki hægt, ekki hægt að halda flugvélinni yfir möstrum bátsins, vegna þess að enginn vindur var. Í þeirri hæð þarf nauðsynlega að vera gola, sem gefur uppstreymi til þess að halda vélinni kyrri og til að gefa henni fullkomið burðarþol. Aftur á móti kvaðst capt. geta haldið henni kyrri yfir trillubát í logni, er þá flugvélin komin nær hafflötinum, og vindur frá skrúfunni gefur nægilega uppdrift. Önnur staðarákvörðun var gerð nálægt Víking:

∠ V. endi Akraness
Gróttuviti } 92°18′
∠ Keilir 81°07′ gefur það næstum sama stað og áður.

Bátinn hafði þá rekið dálítið. Var því næst haldið til Rvíkur. Lent snöggvast á höfninni, síðan haldið á flugvöllinn og lent þar kl. 15.31. Flugtími 45 mín. Veður: logn, skýjað. Staðarákvörðun varðbátsins Víkings:

I. ∠ Gróttuviti
Keilir 81°11′
∠ Þórðarfell 27°55′
II. ∠ Akrafjall
Gróttuviti 70°8′ á þessu horni

munar 8′ og sama horni, sem ég tók, og kemur það af því, að flugv. er ekki alveg við bátinn, en það breytir ekki staðnum neitt. Annars má segja, að staðarákvarðanir mínar og bátsins séu þær sömu. T. d. síðari mæling mín á Gróttuviti — Keilir 81°07′, en hjá Víking sama horn 81°11′.

V. ferð $^{2}8/_{5}$.

Kl. 14.15 haldið af stað, flogið yfir bæinn, haldið inn í Hvalfjörð. Kl. 14.35 lent á Hvaleyri. Settur póstur um borð í s/s Barrage, sem lá við Eyrina. 20 mín. flugt. Kl. 14.45 haldið af stað. Flogið út Hvalfjörð, stöðvað snöggvast við vitab. Hermóð, sem var á leið út Hvalfjörð. Haldið síðan upp á Akranes, farnir tveir hringir yfir bæinn, haldið síðan í áttina á Rvík.

Kl. 15.15. stöðvað við boju nr. 8 og tekin eftirfarandi staðarákvörðun:

∠ Akrafjall
Kjalarnes V. e. } 82°49′
∠ Gróttuviti } 76°14′

gefur það stað bojunnar nákvæmlega á sama stað og hann er gefinn upp í kortinu. Var síðan haldið til Rvíkur og lent þar kl. 15.25. 40 mín. flugt., alls 60 mín. Veður: Vindur S 4 (15—20 m) skýjað, skúrir í Hvalfirði.

Ég hef nú samkvæmt boði Skipaútgerðar ríkisins farið reynsluferðir með helikopternum. Ætlunin var að fara eina ferð til Vestmannaeyja, en úr því hefur ekki orðið vegna veðurs. Ég vil nú draga saman árangurinn af þessum ferðum, og hvort helikopter er að mínu áliti æskileg til landhelgisgæzlu:

1. Auðvelt er að gera mælingar (lárétt horn) með sextant, og mundi ekki sú staðarákvörðun verða vefengd, þar sem flugvélin getur stöðvazt yfir eða alveg við skipið, sem mæla átti upp. En þá er galli á þessari flugvél, að hún tekur aðeins tvo, flugmann og einn til. Þegar skip eru tekin í landhelgi, eru alltaf tveir, sem mæla samtímis, og tekur þá hvor um sig sitt horn og athugar svo hvor hjá öðrum, hvort rétt sé mælt. Skal ég ekki segja um, hvort tekið yrði gilt í rétti, að einn maður gerði staðarákvörðun. Eins og sést á dagbók minni, hef ég gert staðarákvarðanir við boju nr. 6 og nr. 8, og sést á þeim, að þær staðarákvarðanir eru réttar. Einnig sýnir samanburður á mælingum mínum og Varðbátsins Víkings þann 24/6, að mælingar þær, er þá voru teknar, eru réttar. Það skal tekið fram, að allar mælingar hafa verið gerðar þegar loft hefur verið skýjað og engin sól. Reyndi ég einu sinni að taka mælingar í sólskini, en tókst ekki vegna ljósbrots í kúpli vélarinnar, en skyggnið var mjög slæmt, mikið mistur, og tel ég, að tekizt hefði að mæla, hefði ekki mistrið verið.

Nú hittir helikopterinn útlent skip að veiðum í landhelgi, og vaknar þá sú spurning, hvort hægt sé að koma manni eða mönnum úr flugvélinni um borð í skipið, því reynslan hefur sýnt, að sé ekki hægt að handtaka skipið, hefst aldrei neitt sektarfé frá útlendingum, þó þeir séu staðnir að því að veiða í landhelgi. Ég tel alveg útilokað, að þetta sé hægt, að minnsta kosti yrði það alltaf mjög hættulegt. Hvað snertir innlend skip, þá horfir málið öðruvísi við, því ekki mundi nauðsynlegt að setja menn þar um borð. —Þá mundi vera nauðsynlegt að hafa ljósmyndaútbúnað á flugvélinni, því komið gæti fyrir, að menn breiddu fyrir nafn og númer. Yrði þá máske hægt að þekkja skipið eða mennina á ljósmynd. Einnig þyrfti flugvélin að vera vopnuð, t. d. að hafa bombur, sem spryngju, þegar þær snertu hafflötinn. Lítil vélhandbyssa gæti einnig komið að gagni.

2. Þá var athugað, hvernig takast mætti að setja vélahluti um borð í skip. Var sett slökkvitæki um borð í varðb. Víking, og tókst það ágætlega. Gæti það oft komið að góðu haldi, væri hægt að flytja vélastykki frá landi út í skip, sem bilað hefði og að öðrum kosti þyrfti að draga til hafnar. Næsta skipti, er þetta var reynt, að setja stykki um borð í Víking, reyndist það ekki hægt vegna þess, hvað veður var kyrrt, og hef ég áður getið um ástæðuna til þess í skýrslu IV.

Að öllu þessu athuguðu tel ég árangur af reynsluflugi þessu mjög góðan, og mæli ég eindregið með, að fengin verði helicopter til landhelgisgæzlu, og þá einnig til björgunarstarfsemi. En að mínu áliti er sú flugvél, er við nú höfum til reynslu, of lítil, þyrfti að vera minnst 4 sæta, enn fremur með

1. útbúnað til ljósmyndatöku,
2. hurð, sem hægt er að opna, ef eitthvað þarf að setja niður í skip (skothurð),
3. Hydraulic-spil, eins og notuð eru á helicopterbjörgunarflugvélum,
4. vopnuð,
5. hátalara,
6. talstöð.

Hvaða tegund af helicopter mundi henta okkur bezt, er ekki gott að segja um. Þetta er tiltölulega ný flugvélategund, og alltaf eru að koma fram nýjar gerðir, en reynslan verður að skera úr um nothæfnina.

Reykjavík, 30. júní 1949.

Fylgiskjal IV.

Skýrsla um flug í helicopter til Vestmannaeyja og til baka til Reykjavíkur.

17/8 1949, kl. 09.45 haldið af stað frá Reykjavík suður yfir Reykjanesskaga. Mótvindur var yfir skaganum, og gekk flugvélin mjög hægt.

Kl. 10.13 farið fram hjá Selvogsvita, haldið austur með ströndinni. Tveir dragnótabátar voru að veiðum út af Eyrarbakka, báðir íslenzkir.

Kl. 10.30 við Knarrarósvita.

Kl. 10.50 lent á Landeyjasandi, carboratorinn kældi sig, síðan haldið út undir Þrídranga.

Kl. 11.00 Stórhöfðaviti ≠ Hænu ∠ Eindrangur 65°, 5 bátar ath. við Þrídranga, allir með dragnót, íslenzkir. Þaðan flogið út fyrir Einidr., einn bátur þar á ferð. Nokkrar staðarákvarðanir voru teknar, og flugmaðurinn athugaði, hvort rétt væri mælt, með því að bera sextantinn upp að auganu, öðruvísi getur hann ekki mælt, þar sem hann verður að hafa aðra höndina á stjórnvölnum, með öðrum orðum, flugmaðurinn getur ekki mælt sjálfstætt, en getur sannað mælinguna með því að kíkja á hornið. Því næst var haldið austur fyrir Eyjar og þrír bátar athugaðir þar, voru það allt dragnótabátar íslenzkir.

Kl. 11.30 var lent á flugvellinum í Vestmannaeyjum, flugt. 1 t. 45 mín. Kl. 16.20 haldið af stað frá Eyjum, flogið yfir land til Rvíkur. Kl. 17.55 lent á Reykjavíkurflugvelli. Flugt. 1 t. 35 mín.

Veður: S. 2 alskýjað.

Brávallag. 14, 17. ág. 1949.

Þórarinn Björnsson (sign).

Fylgiskjal V.

Rekstraráætlun um eina helicopterflugvél af gerðinni Bell-47 D, miðuð við eitt ár.

Reiknað með, að flugvélin fljúgi í 500 klst. yfir árið.

1.	Benzín 50 l pr. klst. = 50×500 = 25000 lítrar á kr. 1.25	kr.	31250.00
2.	Olía 10% af benzínverði	—	3125.00
3.	Vátrygging flugvélar, 28% af kr. 218568.00	—	61199.40
4.	Vátrygging varahluta	—	500.00
5.	Líftrygging áhafnar, 4% af kr. 200000.00	—	8000.00
6.	Laun flugmanns	—	28800.00
7.	Laun skipstjóra	—	40000.00
8.	Laun vélamanns	—	25000.00
9.	Afnot af flugskýli kr. 250 pr. mán.	—	3000.00
10.	Viðhald, varahlutir og efni, kr. 50.00 pr. flugstund	—	25000.00
11.	Óviss útgjöld	—	14125.60
		Kr.	240000.00

Rekstrarkostnaður pr. ár ..... kr. 240000.00
Kostnaður pr. klukkustund ..... = kr. 480.00

Fylgiskjal VI.

Helicopterflugvélin 1949.

Gjöld:

1.	Trygging flugvélar	kr.	20534.44
2.	Benzín	—	5759.80
3.	Smurningsolía	—	133.64
4.	Leyfisgjöld	—	2525.25
5.	Laun capt. A. B. Youell	—	13205.15
6.	Laun Mr. Finch	—	10284.41
7.	Ferðakostn. sömu manna	—	5646.84
8.	Slysatrygging sömu manna	—	1648.58
9.	Hótelreikn. sömu manna	—	6720.90
10.	Fæðisreikningur	—	11110.00
11.	Laun Þórarins Björnssonar	—	5564.00
12.	Laun Lárusar Eggertssonar	—	14350.00
13.	Trygging farþega og flugmanns	—	2710.00
14.	Kostnaður v/flugsýningar	—	766.01
15.	Keyrsla	—	191.40
16.	Ýmislegt	—	314.61
17.	Eftirlit og viðhald	—	7382.00

Tekjur:

1.	Frá ríkissjóði	kr.	50000.00
	Mismunur	—	58847.03
		Kr. 108847.03	kr. 108847.03

Fylgiskjal VII.

Slysavarnafélag Íslands í Reykjavík, skammstafað S. V. F. Í., og Skipaútgerð ríkisins, skammstafað S. K. Ú. R., fyrir hönd landhelgisgæzlu ríkisins, gera með sér svo felldan

Samning:

1. S. K. Ú. R. tekur að sér að reka helicopterflugvél S. V. F. Í. af gerðinni Bell 47 D, eins og hún er nú hér í Reykjavík. Afhendist vélin með öllu því, sem henni fylgir, í rekstrarhæfu ástandi.

2. S. K. Ú. R hefur ótakmarkaða heimild til þess að nota vélina í sínar þarfir við landhelgisgæzlu og þess háttar, en í samráði við skrifstofu S. V. F. Í. í Reykjavík skal vélin þó vera til taks til björgunarstarfa og sjúkraflutninga, þegar þörf krefur, og skulu slík störf ætíð sitja fyrir landhelgisgæzlunni.

3. Þar sem S. K. Ú. R. hefur tekið að sér rekstur vélarinnar, ber hún allan kostnað af honum, enn fremur af viðhaldi og vátryggingu vélarinnar, og skal hún skyld til þess að hafa vélina ætíð í flughæfu standi, eftir því sem unnt er, og hæfan flugmann til taks, hvenær sem þörf krefur.

4. Óski annar hvor samningsaðili eftir flugvélinni til annarra fjarskyldra afnota en að framan getur, skal samkomulag um það í hvert skipti.

5. S. K. Ú. R. skal heimilt að hafa aðsetursstað flugvélarinnar norðanlands yfir sumarmánuðina (síldartímann), annars skal hann vera í Reykjavík.

6. Farist flugvélin eða skemmist svo, að hún verður ekki flugfær aftur, fær S. V. F. Í. það vátryggingarfé, sem kann að fást frá vátryggingarfélagi, en ekki á það kröfu neins konar bóta frá S. K. Ú. R., og eigi heldur þótt vélin sakir aldurs verði dæmd ónothæf.

7. S. K. Ú. R. greiðir ekkert gjald til S. V. F. Í. fyrir afnot flugvélarinnar, en ef rekstur hennar gefur arð, skal sá arður lagður í varasjóð hennar, sem fellur til S. V.

F. Í., ef starfsemi þessi hættir. Úr varasjóði má greiða tap á rekstri vélarinnar. Landhelgissektir teljist ekki til tekna vélarinnar.

8. Mál út af samningi þessum má reka fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

9. Af samningi þessum eru gerð 4 eintök, 2 handa hvorum aðila.

Reykjavík, ... 1949.

Fylgiskjal VIII.

ELDING TRADING COMPANY

Reykjavík, 17. jan. 1950.

Slysavarnafélag Íslands, Reykjavík.

Samkvæmt fyrirspurn yðar um, hvort möguleikar gætu verið fyrir því að fá frekari afnot af helicoptervél þeirri, sem vér útveguðum yður til láns á síðastliðnu ári, teljum vér, að það muni ekki vera hægt, þar sem vélin átti að endursendast á síðastliðnu ári, ef ekki yrði gengið frá kaupum. Enn fremur lítum vér þannig á, samkvæmt upplýsingum frá yður sjálfum, að frekari tilraunir séu ónauðsynlegar, þar sem þér tölduð þær tilraunir, sem þegar hafa farið fram, algerlega fullnægjandi.

Virðingarfyllst,

Elding Trading Company

Oddur Sigurðsson.

Ed. 372. Breytingartillaga [53. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við 1. gr. frv. bætist:

Ákvæði þessi gilda einnig um eignarauka, sem til hefur orðið fyrir 1. janúar 1940, en þá þó þannig, að sannist ekki, hvaða ár tekjuundandrátturinn, sem hefur myndað eignaraukann, hefur átt sér stað, skal skipta honum á árin 1936—40.

Ed. 373. Breytingartillaga [104. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Við 1. gr. frv. bætist:

Síðasti málsl. 10. gr. laganna orðist svo:

Nú vinnur kona framteljanda utan heimilis, og má þá frádráttarbær kostnaður vegna heimilisstjórnar (ráðskonu) nema þeim launum, sem ráðskonu sannanlega eru greidd, en þó ekki hærri upphæð en konan vinnur sér inn.

Sþ. 374. Tillaga til þingsályktunar [126. mál]

um að leyfa ekki útflutning veiðiskipa.

Flm.: Finnur Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leyfa ekki útflutning á vélskipunum Gróttu IS 580, Richard IS 549, Huginn I. IS 91 og Huginn II. IS 92, sem nú eru við Nýfundnaland. Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að skip þessi komi aftur heim til Íslands, og til að tryggja skipverjum greiðslu á kaupi þeirra frá s. l. sumri.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, sendi Björgvin Bjarnason útgerðarmaður á Ísafirði þau fjögur skip, sem nefnd eru í tillögunni, til fiskveiða við Grænland vorið 1949. Áður en skipin lögðu úr höfn, var gerður samningur um kaup og kjör sjómanna þeirra, er á þau voru ráðnir, og var þar gert ráð fyrir Grænlandsveiðum og siglingu. Mun hafa verið ætlunin, að skipin færu að loknum veiðum til Bretlands með saltfiskfarm.

Þegar veiðum við Grænland lauk, síðla sumars, fengu skipverjar tilkynningu um að sigla skipunum til Nýfundnalands, og var þeim ekki kunnugt um þá fyrirætlan fyrr en eftir að til Grænlands kom. Var skipunum nú siglt þangað. Nokkru síðar sendi útgerðarmaðurinn 53 sjómenn, sem á skipunum höfðu starfað, flugleiðis heim til Íslands án þess að greiða þeim nema lítinn hluta af sumarkaupi þeirra. Fiskaflann hafði hann selt fyrir erlenda mynt og eigi gert skil fyrir andvirðinu til gjaldeyriseftirlits bankanna né heldur skilað þeim neinum gjaldeyri. Skipverjarnir munu enn eiga hjá útgerðarmanninum Björgvin Bjarnasyni um 350 þús. kr. í ógreiddu kaupi, og hefur Alþýðusamband Íslands gert ýmsar ráðstafanir til þess að rétta hlut þeirra, en árangurslaust. Þá mun öll úttekt fyrir kosti og öðrum útbúnaði til útgerðar þessarar fyrir sumarið vera ógreidd hjá ýmsum verzlunum hér í bænum. Um aðrar skuldir, er nema miklu hærri upphæðum, er eigi ástæða til að fjölyrða.

Í blöðum í Nýfundnalandi er birtur nýársboðskapur forsætisráðherrans þar, hr. J. R. Smallwood. Fagnar hann þar mjög komu hinna íslenzku skipa til Nýfundnalands, telur hana stóran viðburð í sögu lands síns og segir, að komumenn ætli að kenna Nýfundnalandsmönnum fiskveiðar, einkum síldveiðar með nýtízku veiðarfærum.

Eftir að þetta gerðist, mun útgerðarmaðurinn hafa boðizt til að greiða einhvern hluta af skuldum sínum eða að minnsta kosti mannakaupið, með því skilyrði, að hann fái útflutningsleyfi fyrir hinum fjórum skipum.

Hér er um að ræða flótta úr landi með fjögur skip, og er mál þetta allt þannig vaxið, að Alþingi getur eigi, að skoðun flm., látið það afskiptalaust. Augljóst er, að missir fjögurra skipa veldur mjög alvarlegu atvinnutjóni og fjárhagslegu tjóni fyrir ekki stærri bæ en Ísafjarðarkaupstað. Brottflutningur skipanna á þann hátt, sem hann hefur verið framkvæmdur, mundi, ef staðfestur væri með útflutningsleyfi, gefa fordæmi, sem haft gæti hinar alvarlegustu afleiðingar, og jafnvel stefna aðalatvinnuvegi vorum, sjávarútveginum, í hreinan voða. Slíkt fordæmi væri hið hættulegasta. Skipaeigendur, sem ekki gætu staðið við skuldbindingar sínar, mundu þá freistast til að sigla skipum sínum úr landi og sem lengst í burtu, svo að eigi svaraði kostnaði að sækja þau. Skipverjarnir yrðu sendir kauplaust heim flugleiðis og síðar kæmu svo tilboð um einhverja greiðslu gegn útflutningsleyfi. Vonir um, að því yrði tekið, byggðust á, að landsmenn teldu betri hálfan skaða en allan, og sagan gæti síðan endurtekizt, þangað til skipin væru öll flutt úr landi.

Að þessu athuguðu telja flm. brýna nauðsyn bera til, að ríkisstjórnin skerist röggsamlega í mál þetta á þann hátt, er í tillögunni greinir.

Sþ. 375. Tillaga til þingsályktunar [127. mál]

um innheimtu á sölugjaldi bifreiða.

Flm.: Finnur Jónsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram rannsókn á því, hverjir eigendur að innflutningsleyfum bifreiða hafa selt þær öðrum áður en skrásetning fór fram, og síðan innheimta sölugjald af þeim samkv. 31. gr. l. nr. 100 frá 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Greinargerð.

Í umræðum á Alþingi hefur komið í ljós, að sölugjald mun eigi hafa verið innheimt samkvæmt lögum af bifreiðum þeim, er fluttar hafa verið inn nýjar frá útlöndum og skipt hafa um eigendur áður en skrásetning fór fram. Er þetta hið mesta ósamræmi í framkvæmd laga og að áliti flm. beinlínis lagabrot, þar eð gengið hefur verið eftir því, að þeir, er selt hafa skrásettar bifreiðir, þótt gamlar væru, greiddu lögboðið gjald í ríkissjóð, en hinir, er selt hafa bifreiðir, óskrásettar og nýjar í kössunum og grætt á því stórfé, hafa sloppið við sölugjaldið. Rannsókn eða athugun á þessu mun mjög auðveld, þar eð flest innflutningsleyfi fyrir bifreiðum frá þessum tíma hafa verið útgefin á nafn, en bifreiðaeftirlit ríkisins hefur skrá yfir alla bifreiðaeigendur. Leiðrétting á þessu ætti því að áliti flm. að vera bæði auðveld og sjálfsögð.

Nd. 376. Breytingartillögur [37. mál]

við frv. til l. um sveitarstjóra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt ....
2. Við 3. gr. Næstsíðasti málsl. greinarinnar orðist svo: Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur tímamörk.

Nd. 377. Frumvarp til laga [84. mál]

um skipamælingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfirstjórn ráðherra.

2. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn eftir þörfum til þess að vinna störf lögum þessum samkvæmt. Skilyrði til löggildingar eru þessi:

1. Óflekkað mannorð.
2. Lögræði.
3. Fjárforræði.

4. Þekking á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og nauðsynleg leikni í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum skipaskoðunarstjóra.

Áður en skipamælingamaður tekur til starfa, skal hann rita undir heit, þar sem hann leggur við drengskap sinn og heiður, að hann skuli rækja starfann með trúmennsku og samvizkusemi.

3. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, enda sé í hverju umdæmi kostur eins eða fleiri löggiltra skipamælingamanna. Skipaskoðunarstjóra er þó rétt að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

4. gr.

Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er eða skrá skal hér á landi.

Skip skal mæla samkvæmt „Alþjóðareglum um mælingar skipa“ („International Regulations for Tonnage Measurement of Ships“), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi undirrituðum í Osló 10. júní 1947.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttó-rúmlestatal þess og samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 4. gr.

6. gr.

Nú er skip byggt á landi hér, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipaskoðunarstjóra) skriflega tilkynningu um skipasmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, er skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, svo timanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er útgefið.

7. gr.

Nú er skipi breytt þannig, að rúmlestatal breytist, og er þá skylt að tilkynna það samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram, að því leyti sem hún er nauðsynleg til ákvörðunar rúmlestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, ef breyting hefur orðið á rúmlestatali.

Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út.

8. gr.

Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma, og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 6. gr. Skal þá mæla skip af nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatals þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breytzt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu.

9. gr.

Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla skip af nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipi, er máli skipti um rúmlestatal þess eða greinargerð í mælibréfi varðandi það.

10. gr.

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip af nýju, nema skipaskoðunarstjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, síðan það var mælt og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal mæling þá fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

12. gr.

Nú er skip smíðað hér, eða því er breytt, fyrir erlendan aðilja, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir beiðni hlutaðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum.

Skip erlendra aðilja skal eigi mæla, er þau koma hingað, ef þau eru úr ríki, sem bundið er við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 og mæld hafa verið samkvæmt Genfarsamþykkt 30. júní 1939. Sama er um skip úr öðru ríki, ef Ísland er samningi bundið um viðurkenningu mælibréfa, sem þar hafa verið gefin út. En rétt er þó að líta eftir því, skipi að kostnaðarlausu, að nettórúmlestatal það, sem merkt er á skip, svari til þeirrar nettórúmlestatölu, sem mælibréf greinir, og að skipi hafi ekki verið breytt svo að máli skipti í þessu sambandi, eftir útgáfu mælibréfs. Nú verður það leitt í ljós, að öðruvísi er háttað að þessu leyti en í mælibréfi segir, og skal þá tafarlaust skýra skipamælingayfirvöldum þess ríkis frá því.

13. gr.

Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirvöldum þess ríkis eftirrit af mælibréfi, ef það ríki er bundið við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 eða samningar standa annars til þess, ásamt mælingarskýrslum.

14. gr.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenzka aðila eða því breytt, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér áður en mælibréf er gefið út, nema það ríki, sem skipið hefur fengið mælingu og mælibréf í, sé aðili að Oslóarsamningnum frá 10. júní 1947. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkvæmt því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp að nýju.

15. gr.

Skip, sem mæld hafa verið samkvæmt reglum Genfarsamþykktar 30. júní 1939, sbr. Oslóarsamninginn 10. júní 1947, skulu fá svonefnt „alþjóðlegt mælibréf samkvæmt Oslóarsamningi 10. júní 1947“ („International Tonnage Certificate in accordance with Convention of June tenth 1947“), og skal gefa þau út bæði á íslenzku og ensku.

Sama rétt sem alþjóðlegt mælibréf veitir mælibréf, sem grundvallað er á hinni svonefndu „ensku aðferð“, og gefið er út í því landi, sem skip á heima í, áður en Oslóarsamningurinn kom til framkvæmdar, enda sé það land aðili að þeim samningi.

Gerð og efni mælibréfa skal vera samkvæmt fyrirmynd, sem fylgir Oslóarsamningnum, 5. gr. hans.

16. gr.

Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingamönnum og létta þeim starf þeirra og ryðja úr vegi öllu, er tálma kann því, eftir föngum.

17. gr.

Gjöld í ríkissjóð fyrir allar mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips og skipstjóri, ef hann skal beiðast mælingar. Ráðherra setur eftir tillögum skipaskoðunarstjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem hafnsögumannskaup.

18. gr.

Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem þeim á hendur eru mæltar í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

19. gr.

Skip, sem mæld hafa verið eftir hinni svo nefndu ensku aðferð áður en lög þessi ganga í gildi, þarf eigi að mæla á ný, að öllu óbreyttu, er máli skiptir um rúmlestatal þeirra, og njóta þau þá þeirra réttinda, sem alþjóðleg mælibréf veita, sbr. 15. gr. Önnur skip þarf að mæla upp og gefa þeim síðan alþjóðleg mælibréf.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1950. Frá sama tíma er úr lögum numin tilskipun frá 25. júní 1869, um skipamælingar, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við þessi lög.

Ed. 378. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og varð sammála um að umorða 1. gr. þess og leggur til, að það verði samþykkt þannig breytt.

Þessi breytingartillaga nefndarinnar fylgir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. febr. 1950.

Páll Zóphóníasson, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.

F. R. Valdimarsson, H. Guðmundsson.

Ed. 379. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Á eftir 17. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (18. gr.) Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem skógræktarstjóri hefur umsjón með og afgirt er með girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn fyrir ágangi búfjár af viðkomandi úttektarmönnum, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins láta rannsaka, hverjir eru eigendur fjárins, og láta merkja það. Síðan skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eru eigendur fjárins og hvernig féð var merkt, en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum.

Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni eigi um kennt, að dómi úttektarmanna hreppsins, getur hlutaðeigandi umsjónarmaður skógræktarsvæðisins afhent fénaðinn hreppstjóra með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunum og koma þeim í verð. Við þeirri kröfu er hreppstjóra skylt að verða, en skógareigandi er skyldur að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir skepnur sínar. Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi, að dómi úttektarmanna, að féð komst inn í hana.

Rísi ágreiningur um bæturnar, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær, og ber hlutaðeigendum að hlíta úrskurði þeirra um bætur og kostnað.

Séu hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

b. (19. gr.) Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um skógræktarsvæði og trjáræktarreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.

Nd. 380. Lög [82. mál]

um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði.

(Afgreidd frá Nd. 1. marz.)

Samhljóða þskj. 338.

Sþ. 381. Nefndarálit [109. mál]

um till. til þál. um rekstur helicopterflugvélar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin klofnaði um till. þessa. Vill meiri hl. samþykkja hana, en minni hl. flytur brtt. við hana.

Í nóv. 1948 barst fjvn. bréf frá þáverandi menntamálaráðherra varðandi erindi frá Slysavarnafélaginu viðvíkjandi leigu á helicopterflugvél, sem félagið átti

kost á að fá lánaða til landsins um stundarsakir í reynsluskyni. Slysavarnafélagið hafði mikinn hug á að notfæra sér þetta tilboð, þar sem vitað er, að helicopterflugvélar af þeirri gerð, sem hér var um að ræða, hafa nú á seinustu árum mjög rutt sér til rúms og gefizt vel, bæði í Evrópu og Ameríku, við margs konar hjálpar- og björgunarstörf. Slysavarnafélagið átti að annast kostnað við laun flugmanna og annan kostnað, er reynslufluginu var samfara, en engin kvöð fylgdi um kaup á vélinni; að reynslutíma loknum gat félagið skilað vélinni aftur, ef það óskaði ekki að festa kaup á henni. Slysavarnafélagið fór þess á leit við ríkisstj., að ríkissjóður styrkti með fjárframlögum þessar tilraunir, og mælti fjvn. fyrir sitt leyti með því, að nokkur fjárhæð væri veitt í þessu skyni. Varð það að ráði, að Slysavarnafélagið tók tilboðinu, og kom ein slík vél hingað á s. l. vori, og samkv. upplýsingum, er lágu fyrir nefndinni, var vélin reynd hér nokkuð í sumar, bæði við að flytja vélavarahluti og annað slíkt til báta í hafi úti, og tókust þær tilraunir venjulegast vel; og auk þess voru teknar staðarákvarðanir á skipum og bátum, og reyndust þær mælingar, er gerðar voru, nákvæmar og réttar. Allir þeir, er höfðu þessar tilraunir með höndum, bæði stjórn Slysavarnafélagsins og forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mæla mjög með því, að vélin verði keypt, og telja, að mjög mikil not megi hafa af henni, bæði við landhelgisgæzlu og björgunarstörf, enda er það vitað af reynslu annarra þjóða, sem notað hafa slíkar vélar í átta ár, og þær alls staðar gefið góða raun. Þær geta lent bæði á sjó og landi, þola regn og hríðarveður og geta flogið í miklum stormi, allt að 8 vindstigum.

Meiri hl. nefndarinnar er það vel ljóst, að enda þótt þessi vél verði starfrækt hér, þá geti hún ekki alltaf bjargað í hamförum og veðurofsa hins íslenzka vetrar. En við erum þeirrar skoðunar, að með því að eignast slíka vél hafi þjóðinni bætzt dýrmætt tæki til öryggis við björgunarstörf á sjó og landi, og erum sammála Slysavarnafélaginu og öðrum þeim, er telja, að í mörgum tilfellum getum við haft mikil not af henni, bæði við björgun úr sjávarháska, sjúkraflutninga og margs konar aðra hjálparstarfsemi.

Ekki ber því að leyna, að vél þessi er lítil og heppilegra væri, að hún væri stærri. En við óttumst það, ef vél þessi gengur okkur nú úr greipum, að þá sé hætta á því, eins og högum er nú háttað, að alllöng bið geti orðið á því, að önnur stærri og fullkomnari vél komi til landsins, en að því ber að stefna í framtíðinni.

Að öllu þessu athuguðu leggur meiri hl. nefndarinnar til, að þáltill. verði samþykkt óbreytt.

Pétur Ottesen áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögu.

Alþingi, 1. marz 1950.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Helgi Jónasson, frsm.	Pétur Ottesen.
Halldór Ásgrímsson.	Karl Kristjánsson.	Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 382. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 3. málsgr. 17. gr. laganna bætist:

Nú gerir skattgreiðandi ekki fulla grein fyrir, á hvaða ári eignaraukinn hefur myndazt, og getur framtalsnefnd þá skipt því, sem umfram kann að verða, jafnt á skattárin 1942—46 og reiknað skatt af hverjum hluta sem viðbótartekjum

og viðbótareign fyrir hvert ár, þó þannig, að skatturinn fyrir öll árin nemi ekki minna en 20%, ef undandreginn eignarauki er 45—60 þús. kr., og 25% af því, sem þar er fram yfir. Ákvæði þessi gilda einnig um eignarauka, sem til hefur orðið fyrir 1. janúar 1940, en þá þó þannig, að sannist ekki, hvaða ár tekjuundandrátturinn, sem hefur myndað eignaraukann, hefur átt sér stað, skal skipta honum á árin 1936—40.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 383. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að ríkið endurgreiði hluta af tolli af tilbúnum timburhúsum, sem inn voru flutt á árunum 1945, 1946 og 1947, þannig að tollurinn verði hinn sami og um óunnið timbur hefði verið að ræða.

Alþingi hefur áður með lögum heimilað þessa endurgreiðslu að því er snertir hús innflutt árið 1946, og mun því almennt hafa verið treyst, að hú heimild yrði notuð, og litið á hana sem beint loforð. Sama er að segja um hús innflutt árið 1947, því að þau munu öll hafa verið pöntuð á árinu 1946 og í trausti til þessarar heimildar. Um hús innflutt 1945 hefur ekki neitt slíkt fyrirheit verið gefið, en þar er aðeins um örfá hús að ræða, og virðist sanngjarnt, að sama gangi yfir þau og hin. Samkvæmt þessu lítur minni hl. fjárhagsnefndar svo á, að hér sé því að mestu leyti um skuld ríkissjóðs að ræða, a. m. k. siðferðilega séð, sem sjálfsagt sé að greiða sem hverja aðra skuld hans. Leggur hann því til, að frv. verði samþ.

Einn nefndarmanna (LJóh) tók ekki afstöðu til málsins, þá er nefndin afgreiddi það, en tveir nm. (ÞÞ og HG) voru fjarstaddir.

Alþingi, 1. marz 1950.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Brynj. Bjarnason.

Ed. 384. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um notendasíma í sveitum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur tekið mál þetta fyrir á fundi sínum 28. f. m. Varð ekki fullt samkomulag í nefndinni, en ég undirritaður legg til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 1. marz 1950.

Bernh. Stefánsson, form.

Fylgiskjal.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

Reykjavík, 8. febrúar 1950.

Með bréfi, dags. 2. þ. m., hefur háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis óskað umsagnar póst- og símamálastjórnarinnar um frumvarp til laga um notendasíma í sveitum, á þingskjali 79.

Póst- og símamálastjórnin hefur athugað frumvarp þetta og hefur — fyrir sitt leyti — ekkert við það að athuga í höfuðdráttum, en vill þó ekki láta hjá líða að vekja athygli á því, að til þess að tryggja afrás hinna auknu símaviðskipta milli símstöðvanna innan sýslna eða landsfjórðunga er óhjákvæmilegt að auka samtímis notendasímalagningunni allmiklu við landssímalínurnar og veita einnig fé til þess. Ekki verður heldur komizt hjá því að auka líka símana í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, enda skapar sú aukning grundvöll fyrir betri rekstrarafkomu landssímans í heild.

Að öðru leyti leyfir póst- og símamálastjórnin sér að vísa til greinargerðar sinnar með tillögum til fjárlaga undanfarinna ára vegna „Notendasíma í sveitum", þar sem bent er á, hve mikilsvert það sé, að haldið verði í horfinu með lagningu notendasímanna, enda er þetta atriði orðið raunverulegt fjárhags- og búsetuatriði fyrir fjölda sveitabýla.

G. J. Hlíðdal.

G. Briem.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 385. Breytingartillaga [124. mál]

við till. til þál. um vantraust á ríkisstjórnina.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir orðunum „núverandi ríkisstjórn" komi: sökum þess frumvarps til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., sem hún hefur nú lagt fyrir Alþingi, og þeirrar stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem þar kemur fram.

Sþ. 386. Þingsályktun [124. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

(Afgreidd frá Sþ. 1. marz.)

Samhljóða þskj. 362.

Ed. 387. Frumvarp til laga

um sveitarstjóra.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. gr.

Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra til umsóknar og taka við umsóknum um það.

Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd. Í ráðningarsamningi skal kveðið á um launakjör, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað, sem varðar skipti hreppsnefndar og sveitarstjóra. Árslaun sveitarstjóra skulu ekki vera lægri en kr. 5000.00, auk lögboðinnar verðlagsuppbótar, og greiðast þau úr sveitarsjóði. Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Sveitarstjóri fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna hreppsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

Að öðru leyti skal starfssvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna hreppsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir. Birta skal slíka samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Nú er hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, og fellur þá niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns þann tíma, er hann gegnir sveitarstjórastarfi, en varamaður hans tekur sæti í hreppsnefndinni.

6. gr.

Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans, að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

7. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfa sínum eða skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við störfum sveitarstjóra til bráðabirgða, meðan ráðuneytið rannsakar misklíðarefnið, og gegnir oddviti starfanum, unz sveitarstjóri hefur tekið við starfa sínum aftur eða nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 388. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (18. gr.) Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem skógræktarstjóri hefur umsjón með og afgirt er með girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn fyrir ágangi búfjár af viðkomandi úttektarmönnum, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins láta rannsaka, hverjir eru eigendur fjárins, og láta merkja það. Síðan skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eru eigendur fjárins og hvernig féð var merkt, en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum.

Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni eigi um kennt, að dómi úttektarmanna hreppsins, getur hlutaðeigandi umsjónarmaður skógræktarsvæðisins afhent fénaðinn hreppstjóra með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunum og koma þeim í verð. Við þeirri kröfu er hreppstjóra skylt að verða, en skógareigandi er skyldur að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir skepnur sínar. Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi, að dómi úttektarmanna, að féð komst inn í hana.

Rísi ágreiningur um bæturnar, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær, og ber hlutaðeigendum að hlíta úrskurði þeirra um bætur og kostnað.

Séu hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

b. (19. gr.) Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um skógræktarsvæði og trjáræktarreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 389. Breytingartillögur [43. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Héraðsráðunautar í jarðrækt skulu vera 10 á landinu. Þeir skulu ráðnir af stjórnum viðkomandi búnaðarsambanda. Búnaðarfélag Íslands skal samþykkja ráðningu þeirra.

Starfssvæði héraðsráðunauta skulu vera þessi:

a. Búnaðarsamband Kjalarnesþings.
b. Búnaðarsamband Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
c. Búnaðarsamband Dala- og Snæfellsnessýslu.
d. Búnaðarsamband Vestfjarða- og Strandasýslu.
e. Búnaðarsamband Húnavatnssýslna.
f. Búnaðarsamband Skagafjarðarsýslu.

g. Búnaðarsamband Eyjafjarðarsýslu.
h. Búnaðarsamband Þingeyjarsýslna.
i. Búnaðarsamband Austurlands.
j. Búnaðarsamband Suðurlands.

Héraðsráðunautar skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit hver á sínu svæði. Þeir annast og hafa umsjón með úttekt jarðabóta, er styrks njóta samkvæmt lögum þessum. Þar, sem starfssvæði þeirra nær yfir meira en tvö sýslufélög, skulu þeir hafa sérstaka mælingamenn sér til aðstoðar, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra.

Fer um ráðningu mælingamanna eins og héraðsráðunauta.

2. Á eftir 11. gr. kemur ný grein, er verður 12. gr., og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin hljóði svo:

Þegar rúmmál áburðar- og heygeymslna, svo og flatarmál ræktaðs lands á býli hefur náð því marki, er hér segir, falla styrkveitingar til býlisins niður:

Áburðarhús og safnþrær 250 m^3.

Þurrheys- og votheyshlöður 1000 m^3.

Flatarmál ræktaðs lands 20 ha.

Nú er jörð, sem náð hefur fyrrnefndu marki, skipt í tvö eða fleiri býli eða samvinnubúrekstur hafinn af tveimur eða fleiri aðilum, og skulu þá áframhaldandi framkvæmdir njóta styrks, þar til fyrrnefndu hámarki er náð á hvert býli eða hvern meðeiganda í búrekstrinum, ef um samvinnubúrekstur er að ræða.

3. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, er nefnist Verkfæranefnd ríkisins. Skal nefndin skipuð þannig: Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands, hafi það slíkan mann í þjónustu sinni, ella kýs stjórn félagsins í nefndina einn af jarðræktarráðunautum þess. Einn maður kosinn af búnaðarþingi. Landbúnaðarráðherra tilnefnir einn mann í nefndina, og sé hann formaður hennar.

Ed. 390. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

Við 1. gr.

1. Orðin „skógræktarstjóri hefur umsjón með og“ í stafl. a., 1. málsgr., falli niður.
2. Á eftir orðunum „en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum“ í stafl. a. komi: Skal eigendum gefinn kostur á að vitja fjárins, ef fært þykir að áliti hreppstjóra
3. Orðin „skógræktarsvæði og“ í stafl. b. falli niður.

Nd. 391. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (18. gr.) Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn fyrir ágangi búfjár af viðkomandi úttektarmönnum, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins

láta rannsaka, hverjir eru eigendur fjárins, og láta merkja það. Síðan skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eru eigendur fjárins og hvernig féð var merkt, en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum. Skal eigendum gefinn kostur á að vitja fjárins, ef fært þykir að áliti hreppstjóra.

Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni eigi um kennt, að dómi úttektarmanna hreppsins, getur hlutaðeigandi umsjónarmaður skógræktarsvæðisins afhent fénaðinn hreppstjóra með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunum og koma þeim í verð. Við þeirri kröfu er hreppstjóra skylt að verða, en skógareigandi er skyldur að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir skepnur sínar. Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi, að dóma úttektarmanna, að féð komst inn í hana.

Rísi ágreiningur um bæturnar, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær, og ber hlutaðeigendum að hlíta úrskurði þeirra um bætur og kostnað.

Séu hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

b. (19. gr.) Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjárækturreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 392. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um heimilt fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, rætt það á nokkrum fundum, og var Friðgeir Björnsson fulltrúi í ráðuneytinu mættur á einum þeirra. Nefndarmenn eru sammála um, að heppilegast sé, að jarðir, sem hið opinbera á, séu í erfðaábúð, en séu þær seldar, þá sé fengin trygging fyrir því, að þær verði í varanlegri sjálfsábúð, en því telur nefndin náð, ef þær eru gerðar að ættaróðali. Undantekningar frá þessu gilda þó um þær jarðir, sem eru eign þess opinbera og ætla má, að það þyrfti á að halda, annað tveggja til ábúðar fyrir starfsmenn sína eða til þess að geta fullnægt þörfum annarra um land til ræktunar, svo sem oft er með jarðir, sem liggja að vaxandi þorpum og þurfa á landi að halda handa íbúum sínum.

Um jarðir þær, sem í frumvarpinu er lagt til, að seldar séu, er mjög misjafnt ástatt hvað þetta snertir, og skal þess nú getið með hverja einstaka.

1. Þjóðjörðin Bakki í Svarfaðardal er vel í sveit sett, en ekki getur nefndin látið sér detta í hug, að það opinbera þurfi á henni að halda í framtíðinni. Hún mælir því með sölu hennar, en setur jafnframt það skilyrði, að hún verði gerð að ættaróðali, því að hún er öll sammála um, að óheppilegt sé, að jarðir gangi kaupum og sölum, með síhækkandi verði, er íþyngi þeim, er búskap reka á þeim, og hækki verð þeirra vara, sem þaðan eru seldar.
2. Kirkjujörðin Stærri-Árskógur liggur upp að landi Selár. Úr Selárlandi hefur Hauganes byggzt. Íbúar þess hafa fengið uppmælt til ræktunar það land Hauganes norðan vegar, sem Selá tilheyrir, en frekara land má sú jörð trauðla missa, og fari svo, að íbúum á Hauganesi fjölgi, þá verður að taka af landi Stærra-

Árskógs til þess að fullnægja eftirspurn Hauganesbúa undir ræktunarlönd. Auk þess verða Hauganesbúar að sækja alla kúabeit í Stærra-Árskógsland. Enn fremur hefur þegar verið byggður barnaskóli í Stærra-Árskógslandi, og þarf hann að fá nokkurt land kringum sig, og er það ekki enn útmælt né afhent hreppnum. Þá er enn í landi jarðarinnar grasbýli, sem líklegt er, að þurfi áður langt líður stærra land. Vegna þessa alls getur nefndin ekki mælt með sölu Stærra-Árskógs.

3. Þjóðjörðin Syðri-Bakki liggur í nánd við Hjalteyri. Þegar hafa verið byggð þrjú hús í landi jarðarinnar og þau fengið 5 + 4 + 1 ha. til ræktunar. Landið er allt óvenju vel fallið til ræktunar. Það hefur ekki enn verið mælt upp og skipulagt, hvernig því skuli skipt í ræktunarlönd, en eftirspurn er árlega hin síðustu ár eftir ræktunarlöndum úr landinu, og er augljóst að Hjalteyrarbúar vilja fá af því til ræktunar. Nefndin getur því ekki mælt með sölu þessarar jarðar, en telur, að hraða beri skipulagningu landsins, svo að hægt sé að láta úr því ræktunarlönd.

4. Eyðijörðin Fagranes er húsalaus. Bærinn þar brann, en var vátryggður fyrir 8323 kr., sem Brunabótafélag Íslands greiðir, þegar þar verður aftur byggt. Nefndin telur hæpið, að þessi jörð byggist aftur. Fyrir framan hana er nú í byggð ein jörð þeim megin ár, og telja ýmsir, að hæpið sé, hvort hún haldist í byggð lengi. Mætti þá svo fara, að landið allt yrði afréttarland niður að landi Geirhildargarða, sem er næsta jörð neðan við Fagranes. Nefndin telur svo vafasamt, að þessi jörð byggist aftur, að hún telur rétt að selja hana. Hins vegar vill hún benda á, að við sölu hennar þarf að taka tillit til þeirrar kröfu, sem jarðareigandi, hver sem hann er, á á Brunabótafélag Íslands, ef og þegar þar kynni að verða endurbyggt.

Þá hefur komið fram tillaga um, að við yrði bætt heimild um að selja eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi. Þessi jörð fór í eyði síðastliðið vor, og fluttist ábúandinn þá á næstu jörð, Hól. Hús og mannvirki á jörðinni hafa nú verið metin og ríkissjóði gert að kaupa þau á 6875 kr. Þar sem nokkur vafi er á því, að þessi jörð byggist aftur, getur nefndin mælt með sölu hennar, en að sjálfsögðu yrði kaupandi að kaupa hús og mannvirki fráfaranda sama verði og ríkissjóði hefur verið gert að kaupa þau á af úttektarmönnum hreppsins.

Þá hefur verið rætt um það í nefndinni, hvort bæta skyldi við Kristfjárjörðinni Geitagerði í Fljótsdal. Ábúandinn óskar að kaupa hana, og er vitað, að ekki þarf það opinbera á jörðinni að halda. Nefndin er líka sammála um það, að líkt standi á með þessa jörð og Bakka í Svarfaðardal, að frá almennu sjónarmiði sé það fátt, sem mæli móti sölunni, nema það, að jörðin er Kristfjárjörð.

Vera má, að formaður komi með tillögu um að bæta Geitagerði við þær jarðir, sem í frumvarpinu er, við þriðju umræðu, þó að það sé ekki gert nú.

Alþingi, 3. marz 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.

H. Guðmundsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 393. Breytingartillögur [110. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr. frv. orðist svo:

Að fengnum meðmælum viðkomandi hreppsnefndar og sýslunefndar heimilast ríkisstjórninni að selja eftirtaldar jarðir:

1. Þjóðjörðin Bakka í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Þór Vilhjálmssyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943.
2. Eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi í Eyjafjarðarsýslu, og sé við söluna tekið tillit til kröfu þeirrar, er jarðareigandi á á hendur Brunabótafélagi Íslands, ef aftur verður byggt upp á jörðinni.
3. Eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi, enda sé við söluna tekið tillit til þeirrar greiðslu, er ríkissjóði hefur verið gert að greiða fráfarandi ábúanda.

Á Fagranesi og Granda skal fara fram mat dómkvaddra manna, er ákveða kaupverðið, og skal við mat Fagraness taka tillit til kröfu jarðareiganda á Brunabótafélag Íslands, en við mat Granda skal taka tillit til þess, að ríkissjóði hefur verið gert að kaupa hús og mannvirki af fráfaranda á kr. 6875.

Ed. 394. Breytingartillaga [68. mál]

við brtt. á þskj. 331 (Almannatryggingar).

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Við 3. tölulið Aftan við málsgreinina bætist:

Þó skal ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar, eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að kr. 100.00 á mánuði í allt að 3 mánuði á þann hátt, sem í 2.—4. mgr. greinarinnar segir, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi fyrir viðbótarupphæðinni, á sama hátt og segir í 21. gr. laganna um endurkröfurétt á barnalífeyri.

Ed. 395. Breytingartillögur [68. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist ný grein, er verði 18. gr., svo hljóðandi (greinatalan breytist samkv. því):

   Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkv. 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga skv. 53. grein laganna, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.
2. Við 21. gr. Á eftir 21. gr. komi ný grein, er verði 22. gr. (í IV. kafla), og breytist greinatalan samkv því. Greinin orðist svo:
   1. Frá 1. júlí 1950 skal erfðafjárskattur skv. l. nr. 30 frá 27. júní 1921 og arfur skv. 33. gr. erfðalaga frá 1949 renna í varasjóð Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 100. gr. laganna.

3. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er tekjum manns og eignum þannig háttað samkv. skattskrá, að sveitarstjórn bæri að greiða iðgjald hans samkv. ákvæðum 1. málsgr. 109. gr., og getur þá sveitarstjórn leitað álits yfirskattanefndar um það, hvort honum sé samt sem áður fært að greiða iðgjaldið. Telji nefndin, að svo sé, er honum skylt að greiða iðgjaldið, þrátt fyrir ákvæði greinarinnar.
4. Við 32. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   Tryggingarráð getur ákveðið, að auk þeirra frjálsu slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér samkv. 3. málsl. 1. málsgr. 135. greinar laganna, skuli stofnunin einnig veita félagssamtökum íþróttamanna kost á að kaupa slysatryggingu fyrir meðlimi sína, þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æfingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara, enda fáist endurtrygging fyrir a. m. k. 75% áhættunnar.

Ed. 396. Breytingartillögur [68. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 12. gr.
   a. Á eftir orðunum „til ekkna“ komi: ekkla.
   b. Á eftir orðunum „heimili móðurinnar“ komi: eða á heimili, sem viðurkennt er af barnaverndarnefnd.
2. Við 15. gr. Í stað „52 vinnuvikum“ í lok greinarinnar komi: 78 vinnuvikum.
3. Við 20. gr. Í stað „1. júlí 1950“ komi: 1. október 1950.
4. Við 29. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Skrár þær, er sveitastjórnum bera að semja samkvæmt 118. gr. laganna, skal gera í þremur eintökum, og skulu þær gerðar mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattanefndar (skattstjóra), eins og greinin mælir fyrir um.

Ed. 397. Breytingartillögur [68. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 9. gr. Á eftir greininni komi ný gr., svo hljóðandi:
   Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 127. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.
   Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkv. framfærslulögum, en um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.
   Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

2. Við 13. gr. Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Hafi sjúkrasamlag eða sveitarstjórn í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum, er Tryggingastofnuninni heimilt að taka þátt í kostnaði við þau störf eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.
3. Við 21. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   Tryggingastofnun ríkisins skal skrá öryrkja á aldrinum 16—66 ára og leitast við að útvega þeim atvinnu við þeirra hæfi, svo að starfskraftar þeirra geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestu gagni.
   Á öryrkjaskrá skal taka hvern þann, sem vegna afleiðinga slysa, sjúklegs ástands eða fötlunar á mjög erfitt með að fá eða stunda vinnu, sem ella mundi hæfa honum, enn fremur gamalt fólk, þótt ekki sé öryrkjar, sé það atvinnulaust og óski skráningar. Hver sá, sem óskar fyrirgreiðslu stofnunarinnar, skal senda um það umsókn, með þeim upplýsingum og skilríkjum, sem hún ákveður.
   Tryggingastofnunin skal leita samninga við félagsskap atvinnurekenda um, að þeir láti öryrkja sitja fyrir störfum, sem sérstaklega eru talin við þeirra hæfi að dómi sérfróðra manna. Getur Tryggingastofnunin ákveðið, að öryrkjar skuli ganga fyrir um ráðningu í þau störf.
   Geti Tryggingastofnunin ekki miðlað þeim, sem þess óska, vinnu við þeirra hæfi með þessum hætti, en þeir gætu með þjálfun eða lærdómi orðið færir um að taka að sér vinnu, getur hún haldið námskeið til þess að þjálfa þá til sérstakra starfa, eða samið við aðra aðila, að þeir annist það.
   Tryggingastofnuninni er heimilt að setja upp verkstæði, vinnustofnanir eða hæli, þar sem öryrkjar vinni við þau störf, er þeim henta, eða semja við félagsskap um rekstur slíkra stofnana, enda verði öllum ágóða, sem verða kann á starfseminni, varið til hagsbóta fyrir öryrkja og starfsemin öll háð reglum, sem Tryggingastofnunin og ráðherra geta fallizt á.
   Ráðherra getur veitt Tryggingastofnun ríkisins eða félagsskap, sem rekur vinnustofnun eða hæli með samningum við hana, einkarétt til framleiðslu ákveðinna vörutegunda.
   Öryrkjar, sem sveitarfélög óska upptöku fyrir á slíkar vinnustofnanir eða vinnuhæli, skulu ganga fyrir öðrum, enda greiði þau sveitarfélög gjald fyrir hvern öryrkja eftir reglum, sem Tryggingastofnunin setur með samþykki ráðherra.
   Tryggingastofnuninni er heimilt að veita öryrkjum hjálp til þess að byrja sjálfstæða vinnu með því að styrkja þá til náms, bóklegs eða verklegs, og veita þeim styrk eða lán til þess að kaupa vinnuvélar.
4. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Sveitarstjórn er skylt að greiða iðgjald samkv. 109. gr. laganna fyrir þá eina, sem vegna slysa, sjúkdóms, örorku, elli eða ómegðar hafa eigi haft tekjur, er nægi þeim til framfæris og skylduliði þeirra. Synji sveitarstjórn umsókn um iðgjaldagreiðslu, má áfrýja þeim úrskurði til yfirskattanefndar.
5. Við 27. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Hafi sveitarsjóður eigi tekjur sem tryggingargjaldi svarar af þeim fasteignum, sem gjald sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við, er framlagi er skipt milli sveitarfélaga innan tryggingaumdæmis samkv. 2. tölul. 3. málsgr. 114. gr. laganna, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.
6. Við 34. gr. Við greinina bætist ný málsgr.:
   Tryggingastofnun ríkisins skal eins fljótt og við verður komið eftir gildistöku þessara laga láta semja og gefa út handbók um tryggingamál, er veiti aðgengilegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um almannatryggingar, einkum réttindi og skyldur hinna tryggðu og annarra aðila, er lögin snerta.

Ed. 398. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um skipamælingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og borið það saman við gildandi lög og enn fremur við þær breytingartillögur, sem fram komu við það á síðasta þingi, og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Eiríkur Einarsson.
Guðm. Í. Guðmundsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 399. Þingsályktun [24. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að yfirtaka fyrir hönd ríkissjóðs núverandi læknisbústað á Reykhólum.

(Afgreidd frá Sþ. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 28.

Sþ. 400. Breytingartillaga [109. mál]

við till. til þál. um rekstur helicopterflugvélar.

Frá Pétri Ottesen

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kosta og annast að hálfu leyti rekstur á helicopterflugvél þeirri, sem Slysavarnafélag Íslands hefur í hyggju að kaupa, enda takist samkomulag milli félagsins og forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um tilhögun á rekstri vélarinnar í þágu landhelgisgæzlunnar.

Nd. 401. Frumvarp til jarðræktarlaga. [43. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um stjórn ræktunarmála og réttindi.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af fulltrúaráði, er nefnist Búnaðarþing, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Kjósa skal til Búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, svo og tölu fulltrúa, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og mælingarmanna búnaðarsambandanna undir umsjón félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt skulu vera svo margir, sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands. Skulu starfssvæði þeirra ákveðin eftir því sem um semst á milli búnaðarsambanda. Sé starfssvæði ráðunauts minna en meðal sýslufélag, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það.

Héraðsráðunautar skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna, ef stjórn búnaðarsambandsins óskar, og eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður, og hafa eftirlit með ræktuninni.

Þeir annast og hafa umsjón með úttekt jarðabóta, er styrks njóta samkvæmt lögum þessum. Þar, sem starfsemi þeirra nær yfir meira en tvö sýslufélög, skulu þeir hafa sérstaka mælingamenn sér til aðstoðar, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra. Fer um ráðningu mælingamanna eins og héraðsráðunauta.

5. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta greiðast að $^2/_5$ hlutum úr ríkissjóði, en að $^3/_5$ hlutum af hlutaðeigandi héraðssamböndum. Héraðsráðunautar taka laun eftir 8. fl. launalaga.

Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, skal vera félagsmaður í hlutaðeigandi búnaðarfélagi.

7. gr.

Ákvæði laga þessara um styrk til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarða í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 87 19. júní 1933, I. kafla, 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðahlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum nr. 35 frá 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingalóða á hlutaðeigandi stað.
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land telst í lögum þessum: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna og sjávar- og sveitaþorpa. Lönd þessi má eigi skerða, eða taka undir annan atvinnurekstur, nema um sé að ræða:

a. Almenna nauðsyn ríkis-, bæjar- og sveitarfélaga;
b. nauðsynlegan atvinnurekstur, er eigandi landsins hefur með höndum eða efnir til;
c. sölu lands eða leigu, til þess að landið verði notað undir mannvirki vegna nauðsynlegs atvinnurekstrar, er eykur verðmæti þess og ætla má, að verði til varanlegra hagsbóta fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

9. gr.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land eða hætta að nytja það til ræktunar af þeim ástæðum, sem um getur í 8. gr., staflið a—c, og skal þá ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðar úrskurðar.

10. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt að áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar.
2. Vegar- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það hindri eigi eða torveldi framræslu landsins, og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess jafnan gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við hlutaðeigandi héraðsráðunaut.

   Línur, sem lagðar eru í jörð á ræktuðu landi eða ræktanlegu, skulu ætíð merktar svo greinilega á landinu, að ekki verði um villzt, hvar þær liggja, að öðrum kosti er ekki skylt að bæta það tjón, er hljótast kann á línum þessum við ræktunarframkvæmdir. Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu landsins, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur að hálfu af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða hreppi) og að hálfu af þeim, er láta gera framræsluna.
3. Vegagerðaraðilum er skylt að haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna jarðfoks, landbrots o. þ. l.

Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur skipaður þrem mönnum úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af samgöngumálaráðuneytinu, oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um styrki til jarðræktar og húsabóta.

11. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 15. gr.):

I. Áburðargeymslur:

a. Safnþrær, alsteyptar	kr.	9.00	pr. m^3
b. Áburðarhús, alsteypt eða steypt með járnþaki	—	5.00	— —
c. Haugstæði, steypt með 1 m veggjum	—	3.00	— —

II.	Framræsla vegna túna, akur- eða engjaræktar (handgröftur):		
	a. Skurðir handgrafnir	kr.	1.00 pr. m³
	b. Hnausræsi	—	0.75 — m
	c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi)	—	1.50 — —
III.	Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir): Helmingur rekstrarkostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi: Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður (sem ekki er innifalinn í leigunni), vírar, hlerar og olíur, og mannahald, eftir því sem það er ákveðið eða samþykkt af stjórnendum Vélasjóðs.		
IV.	Jarðrækt: Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar ..	—	200.00 — ha
V.	Grjótnám úr ræktunarlandi, þó ekki yfir 50 m³ á ári ..	—	2.00 á m³
VI.	Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðarstólpum, og sé eigi meira en 5 m bil á milli jarðfastra staura. Girðingar skulu vera minnst 5 strengja gaddavírsgirðingar, og sé jafnað í lægðir, eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða	—	0.30 — —
VII.	Heyhlöður:		
	a. Þurrheyshlöður steyptar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu	—	1.00 pr. m³
	b. Þurrheyshlöður á steyptum grunni úr timbri, asbesti, járni eða öðru jafngildu efni	—	0.75 — —
	c. Votheyshlöður, steyptar, með þaki úr varanlegu efni	—	4.50 — —

Styrkur á jarðabætur greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar.

Styrkur til jarðræktar greiðist því aðeins, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunauts, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðsla.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúaþvag á býlinu.

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöður en að rúmmál þeirra sé minnst 100 m³.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbætur á jarðabætur þær, sem taldar eru í 11. og 15. gr., samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, að undanteknum tölul. III. (vélgrafnir skurðir) í 11. gr.

Af jarðabótastyrk þeim, sem talinn er í 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélaga til sameiginlegra félagsþarfa.

13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótastyrk hvers býlis og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarstyrk. Skal þá skrá sérstaklega, hve mikið af styrknum gengur til afgjaldsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum.

14. gr.

Enginn styrkur greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið. til lóða undir hús, fiskreiti eða til annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem styrktar eru samkvæmt 11. gr. Reiknast þær til afgjaldsgreiðslu 50% hærra en styrkupphæðinni nemur.

III. KAFLI
Um Vélasjóð.

16. gr.

Vélasjóður er eign ríkisins. Starfsemi sjóðsins skal vera:

1. Að kaupa vélknúnar skurðgröfur og jarðræktarvélar, og gera tilraunir um nothæfi þeirra og rekstur.
2. Að leigja ræktunarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem nefndir eru í 21. gr. skurðgröfur þær, er þau hafa með höndum.
3. Að taka að sér fyrir aðila þá, sem nefndir eru í 21. gr., vélavinnu við stærri ræktunarframkvæmdir, sem henta þykir að vinna með vélum þeim, er sjóðurinn á.
4. Að aðstoða ræktunarfélög og aðra hliðstæða aðila við val, útvegun og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarframkvæmdir, svo og að gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, er nefnist vélanefnd ríkisins. Nefndin skal skipuð þessum mönnum: Verkfæraráðunaut Búnaðarfélags Íslands, jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, er stjórn félagsins tilnefnir, og einum manni tilnefndum af Búnaðarþingi. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinnar.

18. gr.

Starfssvið vélanefndar er:

1. Að hafa á hendi stjórn Vélasjóðs og annast alla starfsemi hans.
2. Að hafa á hendi eftirlit með viðhaldi ræktunarvéla, sem keyptar eru af ræktunarfélögum, samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum, sem um það gilda á hverjum tíma.

19. gr.

Til þess að annast þau störf, sem um getur í 18. gr., ræður vélanefnd sér nauðsynlega aðstoðarmenn, eftir því sem þörf krefur. Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands er framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Kostnaður við framkvæmdarstjórn greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki að kaupa nægilega margar vélar til að halda uppi þeirri starfsemi, sem tilgreind er í 16. gr., svo viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.

21. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirmælum vatnalaga, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar Vélasjóðs leigðar, eftir því sem ástæður leyfa og vélanefnd ákveður. Hið sama gildir um ræktunarframkvæmdir á vegum ríkisins, búnaðarsambönd, ræktunarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og sveitarfélög. Búnaðarfélag Íslands hafi ávallt gert eða samþykkt fullkomnar áætlanir um framkvæmdir þær, er gera skal.

22. gr.

Leiga fyrir vélar þær, er Vélasjóður selur á leigu samkvæmt 16. gr., staflið 2, skal miðuð við, að hún nægi til að greiða viðhald og endurnýjun vélanna.

Um leigukjör og rekstur leiguvéla skal nánar ákveðið í reglugerð.

Þá er Vélasjóður tekur að sér framkvæmdir samkvæmt 16. gr., staflið 3, skulu hlutaðeigandi aðilar greiða allan rekstrarkostnað og auk þess leigu fyrir vélar þær, sem notaðar eru við vinnuna, er samsvari því, er um leiguvélar er að ræða.

23. gr.

Auk styrks þess, er um ræðir í öðrum kafla þessara laga, skal, þegar um áveitur er að ræða, greiða styrk til bygginga flóðgarða og flóðgátta ⅓ kostnaðar, og sé verkið þá unnið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir. Styrkur þessi greiðist þó eigi fyrr en fullnaðarúttekt á verkinu hefur farið fram.

IV. KAFLI

Um búferlaflutning.

24. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhæfar til búreksturs.

25. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt héraðsráðunaut hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja, að máli skipti, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar.

26. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða býli geti eigi talizt byggilegt til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis styrk samkvæmt II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

27. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótastyrks (sbr. 26. gr.), flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji hann reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

V. KAFLI
Um erfðaleigulönd.

28. gr.

Þegar bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum óska þess, lætur Búnaðarfélag Íslands fram fara athugun á því, hvaða lönd liggi bezt við ræktun innan takmarka eða í nágrenni kaupstaðarins eða kauptúnsins. Þetta nær þó eigi til þeirra landa, sem líkur eru til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að verði í náinni framtíð tekin til byggingarlóða eða annarra framkvæmda en ræktunar. Þegar um jarðir í eigu einstaklinga er að ræða, skal leita samþykkis hlutaðeigandi eiganda, til þess að slík athugun megi fram fara.

Hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal láta Búnaðarfélagi Íslands í té þær upplýsingar og skýrslur hér að lútandi, sem nauðsynlegar eru og félagið til tekur.

29. gr.

Að lokinni þeirri athugun, er um getur í 28. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagningu vegakerfis og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingu þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins styrkhæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

30. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námuna við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til afnota, skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því, og Alþingi veitir til þess lagalega heimild. Fer framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

31. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 30. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefur tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefur léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

32. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 30. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins samkvæmt fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

33. gr.

Réttur til erfðaleigu á löndum þessum erfist samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, 46. gr.

34. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Að landið sé einungis leigt til ræktunar og óheimil sé önnur notkun þess og að gera á því önnur mannvirki, nema um það sé gerður sérstakur samningur. Sé um byggingar að ræða, skal sá hluti landsins, sem nauðsynlegur er til þeirra afnota, afmarkaður og leigjast sem byggingarlóð.
3. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig ræktunarmannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.

35. gr.

Hvenær sem ríkið telur sig hafa þörf fyrir erfðaleiguland til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi leigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semjist.

Nú krefst ríkið meira af landinu en ¼ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

36. gr.

Leigutaka er heimilt að selja rétt sinn og veðsetja með þeim takmörkunum, sem felast í 33. gr., þó má hann aldrei veðbinda það fyrir hærri fjárhæð en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, sem eru eign leigutaka.

37. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, samanber 34. gr. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

38. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, mælingamanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er styrks eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 100—1000 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmuna skyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti héraðsráðunautur, mælingamaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögreglumál.

39. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Einnig gefur Búnaðarfélag Íslands út fyrirmæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 54 4. júlí 1942 — jarðræktarlög — og lög nr. 38 7. apríl 1943, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er, að dómi Búnaðarfélags Íslands, völ á nægilega mörgum búfræðingum með sömu eða meiri menntun en gert er ráð fyrir í framhaldsdeild bændaskólans á Hvanneyri, til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn með samþykki Búnaðarfélags Íslands ráða til þessa starfa búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, og miðast þá launakjör þeirra við X. flokk launalaganna.

Verkfærakaupasjóður leggst niður, og innstæður einstakra hreppabúnaðarfélaga greiðist til þeirra.

Til ársloka 1952 skal þúfnasléttun í túni styrkt með 400—500 kr. á ha, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 12. gr., enda skal styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst 1/10 túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda, miðað við skýrslur Búnaðarfélags Íslands yfir túnþýfi í landinu frá 1945.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er eigi hafa 10 ha tún, njóta 300 kr. styrks á ha til jarðræktar að viðbættri verðlagsuppbót.

Ed. 402. Breytingartillaga [104. mál]

við brtt. á þskj. 373 (Tekjuskattur og eignarskattur).

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Till. orðist þannig:

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 1. málsgr. 11. gr. laganna komi þrjár nýjar málsgreinar:

Þó er giftri konu, sem stundar sjálfstæða atvinnu utan heimilis síns, heimilt að telja fram sérstaklega til skatts þær tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu, ef tekjurnar nema meira en svarar til 1500 kr. grunnlauna, enda sé teknanna ekki aflað í fyrirtæki, sem maður hennar er eigandi að eða hluthafi í.

Nú starfar kvæntur maður við atvinnufyrirtæki konu sinnar, og fellur þá niður heimild til sérsköttunar konunnar.

Ef gift kona telur sérstaklega fram til skatts, skal draga frá hreinum tekjum hennar persónufrádrátt einstaklinga, enda fellur þá niður tilsvarandi frádráttarupphæð við ákvörðun um skatt eiginmanns hennar.

Ed. 403. Breytingartillaga [110. mál]

við brtt. á þskj. 393 [jarðasala].

Frá Gísla Jónssyni.

Orðin „enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943“ í 1. tölulið efnismálsgreinarinnar falli niður.

Ed. 404. Frumvarp til laga [110. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Að fengnum meðmælum viðkomandi hreppsnefndar og sýslunefndar heimilast ríkisstjórninni að selja eftirtaldar jarðir:

1. Þjóðjörðina Bakka í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Þór Vilhjálmssyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943.
2. Eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi í Eyjafjarðarsýslu, og sé við söluna tekið tillit til kröfu þeirrar, er jarðeigandi á á hendur Brunabótafélagi Íslands, ef aftur verður byggt upp á jörðinni.
3. Eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi, enda sé við söluna tekið tillit til þeirrar greiðslu, er ríkissjóði hefur verið gert að greiða fráfarandi ábúanda.

Á Fagranesi og Granda skal fara fram mat dómkvaddra manna, er ákveða kaupverðið, og skal við mat Fagraness taka tillit til kröfu jarðeiganda á Brunabótafélag Íslands, en við mat Granda skal taka tillit til þess, að ríkissjóði hefur verið gert að kaupa hús og mannvirki af fráfaranda á kr. 6875.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 405. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað málið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn hafa lagt kapp á, að afgreiðslu málsins væri hraðað, og lagði form. nefndarinnar til af þeim sökum á fundi nefndarinnar í gær, að nefndin tæki þá afstöðu til málsins. Sigurður Ágústsson og Jóhann Hafstein mæltu með því, að frv. væri samþ. í aðalatriðum óbreytt, en Gylfi Þ. Gíslason og Einar Olgeirsson greiddu atkv. á móti. Skúli Guðmundsson sat hjá og óskaði þess, að málinu væri frestað.

Strax á fyrsta fundi nefndarinnar, 28. febrúar, var ákveðið að senda frv. til umsagnar eftirtaldra aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Stéttarsambands bænda. Var óskað eftir svörum næsta dag. Þann 2. marz höfðu nefndinni borizt umsagnir allra framangreindra aðila og einnig umsögn Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Þessar umsagnir eru prentaðar með þessu nefndaráliti. Jafnframt áttu nefndir frá L. Í. Ú. og F. Í. B. viðræður við nefndina um einstök atriði málsins.

Við undirritaðir áskiljum okkur rétt til þess á síðara stigi málsins að flytja eða fylgja breytingartillögum um minni háttar atriði, sem fram hafa komið í ábendingum þeirra aðila, sem að framan greinir, og við umræður innan nefndarinnar. Erum við t. d. sammála breytingartillögu Landsbankans við 3. gr. frv. og munum flytja sér-

staka brtt. í samræmi við það, ásamt öðrum nefndarmönnum. Einnig munum við taka upp breytingartillögu F. Í. B. við 7. gr. frv. Með þessum fyrirvörum leggjum við til, að þetta frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. marz 1950.

Jóhann Hafstein, form., frsm. Sig. Ágústsson.

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 1. marz 1950.

Sem svar við heiðruðu bréfi fjárhagsnefndar Nd. Alþingis, þar sem spurzt er fyrir um álit Landssambands ísl. útvegsmanna á frumvarpi til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o.fl., er nú liggur fyrir Alþingi:

Stjórn L. Í. Ú. hefur tekið þetta mál til umræðu og afgreiðslu á fundi sínum í dag og gert eftirfarandi samþykkt:

I. Stjórn L. Í. Ú. telur, að stjórnarfrumvarp um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., er nú liggur fyrir Alþingi, sé í aðalatriðum til hagsbóta fyrir sjávarútveginn og þjóðina í heild, og leggur mjög eindregið til, að það nái samþykki Alþingis nú þegar.

II. Nokkrum breytingum og ábendingum óskar stjórn L. Í. Ú. að koma á framfæri við fjárhagsnefnd Nd. Alþingis, og viljum vér fara fram á það í því sambandi, að nefnd frá L. Í. Ú. fengi að ræða við yður, áður en málið verður endanlega afgreitt.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna

Sverrir Júlíusson. Valgarður Kristjánsson.

Fylgiskjal II.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 1. marz 1950.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf háttvirtrar fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar vorrar um frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi og nefndin hefur til athugunar.

Vér verðum að tilkynna háttvirtri fjárhagsnefnd, að á þeim stutta tíma, sem oss er gefinn til athugunar á nefndu frumvarpi, jafnmikill lagabálkur og það er, er oss ómögulegt að láta nefndinni í té umsögn vora í dag, en viljum hins vegar fullvissa háttvirta fjárhagsnefnd um, að hið háa Alþingi mun ábyggilega bráðlega fá að heyra frá verkalýðssamtökunum varðandi nefnt frumvarp.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Íslands

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal III.

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Reykjavík, 1. marz 1950.

Stjórn B. S. R. B. hefur á fundi sínum í dag samþykkt að svara heiðruðu bréfi yðar varðandi frv. til laga um gengisskráningu o. fl. á eftirfarandi hátt

„Út af erindi því, er oss hefur borizt frá hinni heiðruðu fjárhagsnefnd neðri deildar, leyfir stjórn B. S. R. B. sér að benda á það, að afstaða opinberra starfsmanna til ofangreindra tillagna frv. og annarra, er bornar kunna að verða fram og samþykktar af meiri hluta Alþingis, verður að sjálfsögðu mjög háð því, hvort meiri hluti Alþingis sýnir þann skilning á launa- og kjaramálum ríkisstarfsmanna, að þeim verði unnað jafnréttis við aðrar stéttir, þannig að þeir verði ekki öðrum verr úti vegna ráðstafana í fjárhagsmálum.

Stjórn B. S. R. B. gerir sér ljós þau alvarlegu vandamál, sem nú er við að etja, og hefur því ásamt Alþýðusambandinu skipað nefnd sérfróðra manna til þess að athuga tillögur í þessum efnum, sem nú eru komnar fram á Alþingi og síðar kunna að koma fram. Mun stjórnin að fengnum þeim tillögum e. t. v. gera sínar tillögur í þessum efnum til hins háa Alþingis í samráði við fulltrúa frá bandalagsfélögunum."

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar B. S. R. B.

G. B. Baldvinsson.

Fylgiskjal IV.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 1. marz 1950.

Með bréfi, dags. 28. febrúar s. l., hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis sent oss til umsagnar frumvarp til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. og óskað svars í síðasta lagi 1. marz.

Svartíminn er stuttur, en málið yfirgripsmikið. Vér munum því gera ráð fyrir, að ekki sé til annars ætlazt en að bankinn gefi umsögn um þau atriði, sérstaklega tæknilegs eðlis, er beint snúa að honum.

Um 2. gr.

Ef sleppa á við gjaldeyrishöftin, er m. a. nauðsynlegt, að gengið verði hreyfanlegra en það hefur verið, og er í greininni miðað að því. Þá er og eðlilegt og sjálfsagt, að þjóðbankinn eigi aðild að þeim málum. Erum vér samþykkir grundvallarsjónarmiði þessarar greinar.

Um 3. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að eigendur sparifjár fái bætur vegna gildisrýrnunar þeirrar, sem orðið hafi á innstæðufé þeirra, og skal verja til þess 10 millj. kr. af gengishagnaðinum, sem fram kemur við það, að hrein gjaldeyriseign íslenzkra banka verður seld hærra verði eftir gengislækkunina. Vér teljum eðlilegt, að sparifjáreigendum verði greiddar bætur, en viljum hins vegar taka það fram, að ekki getur talizt rétt að nota til þess gengishagnaðinn af gjaldeyriseigninni. Jafngildir það að nokkru leyti lánsfjárþenslu að setja í umferð fé, sem er til komið á þennan hátt, og yrði þá hér farið í bága við þá meginstefnu að viðhafa sem mest aðhald við stjórn peningamálanna. Þyrfti því að finna aðra leið til fjáröflunar fyrir bótagreiðslunum en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að annars vegar verði greiddar bætur á sparifé, sem stóð inni frá árslokum 1939 til ársloka 1942, og hins vegar á sparifé, sem stóð

inni frá árslokum 1942 til 1. júlí 1947, og að fyrrnefnda sparifé verði bætt 6 sinnum betur en það síðar nefnda. Mælir margt með því að tvískipta þannig bótagreiðslunni, en á hinn bóginn verður hér að hafa í huga þá gífurlega miklu vinnu, sem þetta mundi útheimta, og má í því sambandi benda á það, að fyrirhöfnin við úthlutun bóta vegna sparifjár síðara tímabilsins mundi ekki verða í eðlilegu hlutfalli við upphæð bótanna, sem mundi verða mjög lág á hverja krónu innstæðufjár. Samkvæmt lauslegri áætlun, sem vér höfum gert um þetta, má gera ráð fyrir, að sparifé síðara tímabilsins yrði aðeins bætt með 2%, en sparifé fyrra tímabilsins hins vegar með 13%. Teljum vér af þessum sökum eðlilegra að miða bæturnar við eitt tímabil, og er niðurstaða vor sú, að bæta ætti sparifé, sem stóð inni í árslok 1940 og til miðs árs 1946. Er óeðlilegt, að sparifé, sem myndaðist á árinu 1940, sé bætt eins lítið og yrði samkvæmt frumvarpinu, og enn fremur er æskilegt, að bætt verði, ef svo ber undir, sparifé, sem notað hefur verið til kaupa á stofnlánadeildarbréfum haustið 1946 og síðar. Þá má og eftir atvikum telja sanngjarnt, að tímabilið sé ekki haft lengra en þetta, úr því að það verður eitt í stað tveggja samkvæmt frumvarpinu. Gera má ráð fyrir, að bæturnar komi til að nema 10—13% af þeirri sparifjárupphæð í árslok 1940, sem bæta átti.

Þá teljum vér og nauðsynlegt að gera framkvæmdina einfaldari en hún yrði samkvæmt frumvarpinu. Í stað þess að, hver innstæðueigandi sendi frá sér umsókn um bætur, vildum vér, að þær verði lagðar inn á reikningana án nokkurrar umsóknar nema í þeim tilfellum, er gerðar væru kröfur um bætur vegna fjár, sem hefði verið flutt milli reikninga, eða vegna innstæðna, sem fengnar hefðu verið að erfðum. Yrði mönnum gefinn frestur til að bera fram slíkar kröfur, og er búið væri að taka afstöðu til þeirra, yrði hægt að framkvæma úthlutunina í einu lagi.

Til þess að komast hjá því að taka tillit til fjölda meira eða minna „dauðra" smáreikninga, leggjum vér til, að ekki verði greiddar bætur á innstæður, sem eru lægri en 100 kr. Enn fremur teljum vér eðlilegt, að bætur séu aðeins greiddar á fé á reikningum á nafni ákveðins einstaklings eða einstaklinga.

Með þessum breytingum á 3. gr. frumvarpsins teljum vér að framkvæmd bótaúthlutunarinnar verði vel viðráðanleg og að kostnaði við hana verði stillt í hóf.

Auk ofangreinds leggjum vér til, að gerðar verði nokkrar smábreytingar á 3. gr., sem þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ef þessar tillögur vorar yrðu teknar til greina, mætti 3. gr. hljóða eins og segir á meðfylgjandi blaði. Er byrjun 3. gr. þar samhljóða frv., þó að vér, eins og fyrr segir, leggjum til, að fundin verði einhver önnur fjáröflunarleið.

Breytingartillagan.

3. gr. orðist svo:

Gengishagnaður sá, sem myndast við það, að hrein (nettó) gjaldeyriseign íslenzkra banka verður seld hærra verði eftir gengislækkunina, skal renna í gengishagnaðarsjóð, er Landsbanki Íslands varðveitir. Úr sjóði þessum skal verja 10 millj. kr. til að bæta gildisrýrnun, sem orðið hefur á sparisjóðsinnstæðum einstaklinga — en ekki ópersónulegra aðila — í peningastofnunum, samkvæmt eftirgreindum reglum:

Bæta skal sparifé, sem stóð inni til ávöxtunar í bönkum, Söfnunarsjóði Íslands, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga í árslok 1940 og til júníloka 1946. Skilyrði bóta er, að innstæða hafi staðið óslitið í nefndum peningastofnunum þetta tímabil. Samt fellur réttur til bóta ekki niður, þó að sparifé hafi verið flutt úr einum sparifjárreikningi í annan reikning á sama nafni í sömu peningastofnun eða annarri, enda hafi nefndur flutningur ekki tekið meira en tvo daga, ef fé er flutt innan sama kaupstaðar eða kauptúns, en annars ekki meira en tvær vikur.

Bætur skulu aðeins greiddar á innstæður, sem eru á nafni ákveðins einstaklings eða einstaklinga. Innstæða á sparisjóðsreikningi, sem er lægri en 100 kr., skal ekki bætt.

Greiða skal bætur erfingjum einstaklings, sem fallið hefur frá eftir 30. júní 1946, ef hann hefði átt rétt á bótum samkvæmt framangreindu.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um framkvæmd á úthlutun bóta samkvæmt þessari grein, þar á meðal um innköllun þeirra, sem gera kröfu til bóta vegna flutnings á fé milli sparisjóðsreikninga, eða vegna innstæðufjár, sem þeir hafa erft eftir látinn innstæðueiganda, sbr. 4. mgr. þessarar greinar. Skulu þeir, sem gera slíkar kröfur, gefa sig fram innan hæfilegs og tiltekins frests að viðlögðum kröfumissi. Landsbanka Íslands skal falin framkvæmd úthlutunarinnar.

Nú nemur nefndur gengishagnaðarsjóður meiru en 10 millj. kr., og skal þá sá hluti sjóðsins, sem er umfram 10 milljónir kr., renna til ríkisins, og skal honum varið til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

Um 12. gr.

Í næstsíðustu og síðustu málsgrein eru ákvæði, sem heimila greiðendum hins sérstaka eignarskatts að greiða skattinn með jöfnum afborgunum af höfuðstól á 20 árum auk 3½% ársvaxta af skattskuldinni, eins og hún er á hverjum tíma, gegn því að gefa út skuldabréf fyrir skuldinni og skal ríkisstjórnin nota skuldabréfin til greiðslu á skuldum ríkisins við Landsbanka Íslands, en hann skyldur til að taka við bréfunum á nafnverði, en ríkissjóður ábyrgist greiðslu bréfanna.

Í sambandi við þetta viljum vér benda á, að með þessu er ríkið:

1. að breyta skuldum sínum við Landsbankann í vaxtalág lán, í mörgum tilfellum lægri en innlánsvextir bankans;
2. að breyta lánum, sem aldrei áttu að vera nema bráðabirgðalán, í föst lán;
3. að veita skattgreiðendum ívilnun á kostnað Landsbankans.

Þetta leggur svo miklar og óeðlilegar kvaðir á bankann, að vér hljótum að mótmæla því mjög eindregið. Bankanum er ekki ætlað að hagnast á gengisbreytingunni, og teljum vér það ekki óeðlilegt, en álítum þá ekki heldur, að leggja beri á bankann byrðar í sambandi við þetta mál. Verði hins vegar ofan á, að bankinn með lögum verði skyldaður til að taka skuldabréf upp í skuldir ríkisins, viljum vér benda á sem veigamikið atriði í þessu sambandi, að bréfin séu til skemmri tíma en frumvarpið gerir ráð fyrir og með vöxtum, sem samsvara venjulegum útlánsvöxtum bankanna, en vér teljum ekki rétt að gera tillögur um þetta atriði út af fyrir sig.

Virðingarfyllst,

Landsbanki Íslands. — Framkvæmdastjórnin.

Gunnar Viðar. Jón G. Maríasson. S. Frímannsson.

Fylgiskjal V.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 1. marz 1950.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. í gær, beðið um umsögn bankastjóra Útvegsbankans um frumvarp til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugj. o. fl. Þar sem bréf fjárhagsnefndar kom fyrst löngu eftir lokunartíma í gær og svars óskað í dag, er oss ekki ætlaður mikill tími til umhugsunar, Svarið verður því eingöngu um það, sem bankann sjálfan snertir sérstaklega.

Þar sem Alþingi hefur áður sýnt, að það óskar ekki, að Landsbanka Íslands sé einum falin gjaldeyrisverzlun landsins, heldur líka Útvegsbankanum, virðist óeðlilegt, að í öllum greinum frumvarpsins, þar sem banki er nefndur, er Landsbankinn einn nefndur. Óskum vér því lagfæringar á þess. Leggjum vér því til, að þessar breytingar verði gerðar á frumvarpinu.

Við 1. gr.
Á eftir „Landsb. Íslands“ komi: og Útvegsbanki Íslands h.f.

Við fyrri hluta 2. gr.
Á eftir „Landsb. Ísl.“ komi: og Útvegsb. Íslands h.f.

Við síðari hluta 2. gr.
Þar sem Landsbanki Íslands fer einn með seðlaútgáfu landsins, virðist óeðlilegt, að hann sé um leið dómari í því máli. Leggjum vér því til, að í stað „Landsbanka Íslands“ í byrjun greinarinnar komi: Bönkum landsins. Þ. e. Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn.

Við 3. gr.
Á eftir „Landsb. Íslands“ komi: og Útvegsbanki Íslands h.f. Á eftir þessari setningu komi ný grein, svo hljóðandi: „Frá þessari upphæð skal draga kostnað bankanna við að afla þessa gjaldeyris og geyma hann.“

Viðvíkjandi næstsíðustu málsgrein 3. gr.
Vér sjáum enga ástæðu til þess, að Landsbankanum einum sé falin framkvæmdin við úthlutun bóta handa sparifjáreigendum, því ekki er allt spariféð geymt þar. Oss virðist, að þessa framkvæmd mætti fela ekki Landsbankanum einum, heldur líka Útvegsbankanum og Búnaðarbankanum, og jafnvel líka Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Við síðustu málsgrein 3. gr.
Hér lítur svo út sem ríkissjóður skuldi engum nema Landsbankanum. Leggjum vér til, að niður falli: „við Landsbanka Íslands“.

Virðingarfyllst,

Útvegsbanki Íslands h.f.

Helgi Guðmundsson.

Fylgiskjal VI.

SÖLUSAMBAND ÍSLENZKRA FISKFRAMLEIÐENDA

Reykjavík, 1. marz 1950.

Á fundi stjórnar S. Í. F., sem haldinn var í dag, var tekið fyrir bréf háttvirtrar fjárhagsnefndar, dags 28. febr. s. l., þar sem óskað er umsagnar S. Í.F. um frumvarp til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og eftirfarandi ályktun samþykkt með samhljóða atkvæðum:

„Stjórn S. Í. F. telur frumvarp um gengisskráningu, það sem háttv. fjárhagsnefnd Nd. Alþingis hefur sent S. Í. F. til umsagnar með bréfi, dags. 28. febr., vera til stórra bóta fyrir framleiðendur saltfisksins og er því samþykk því í aðalatriðum.“

Finnbogi Guðmundsson óskaði jafnframt eftirfarandi bókað:

„Til þess að frumvarpið komi að gagni, þurfa eftirfarandi skilyrði að vera fyrir hendi:

1. Rétt skráning á erlendum gjaldeyri, þ. e. að bankarnir kaupi á hverjum tíma allan gjaldeyri, sem til fellur, og skrái hverja mynt eftir framboði og eftirspurn.
2. Að verzlunin verði strax gefin algerlega frjáls, þ. e. að framleiðendum sé algerlega frjálst að selja gjaldeyri sinn til hvers sem er og/eða flytja inn vörur fyrir hann án takmarkana um álagningu.

Verði þessum skilyrðum ekki fullnægt, er nauðsynlegt að hafa ríkisábyrgð áfarm á útflutningsframleiðslunni, og sé ábyrgðarverðið ákveðið nægjanlega hátt á hverjum tíma, og að lánsstofnanir láni það mikið til rekstrarins, að viðunandi megi teljast.

Í sambandi við allar ráðstafanir, sem gerðar verða, er nauðsynlegt að gera ýmsar ráðstafanir, sem hafa áhrif á verkaskiptinguna í þjóðfélaginu, þannig að fleiri taki þátt í raunhæfum framleiðslustörfum, m. a. verndartollar stórlækkaðir, dregið stórlega úr ríkisrekstri og skólaseta minnkuð."

Helgi Pétursson, varamaður Vilhjálms Þór í stjórninni, gerði þá grein fyrir afstöðu sinni, að hann teldi sig ekki, á þeim fáu dögum, sem liðnir eru síðan frumvarpið var lagt fram á Alþingi, hafa haft möguleika til að mynda sér á því rökstudda skoðun, og tæki hann því eigi þátt í atkvæðagreiðslu um málið á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda

H. Þórarinsson, Kr. Einarsson.

Fylgiskjal VII.

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Reykjavík, 1. marz 1950.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags 28. febr., þar sem þér óskið eftir umsögn vorri um frumvarp til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þar eð þér óskið eftir svari voru í dag, getur ekki verið um annað en mjög fljótlega athugun á frumvarpinu að ræða af vorri hálfu. Stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna lítur þó þannig á, að nefnt frumvarp stefni í rétta átt og sýni viðleitni til að bæta úr því ófremdarástandi, sem nú ríkir í atvinnu- og fjármálum landsins. Hins vegar er stjórn S. H. það þegar ljóst, að frumvarpið — ef það yrði óbreytt að lögum — skapar alls ekki starfsgrundvöll fyrir hraðfrystihúsin, miðað við þann framleiðslukostnað, sem nú ríkir, annars vegar, og núverandi söluverð framleiðslunnar hins vegar, sem allt bendir til, að fari lækkandi.

Í sambandi við þetta frumvarp viljum vér leyfa oss að benda á eftirfarandi atriði, sem sérstaklega snerta rekstur hraðfrystihúsanna:

1. Núverandi gjaldeyrishöftum verði aflétt hið allra fyrsta, og framleiðendur útflutningsafurða fái frjálsar hendur til að verzla með sínar vörur, bæði hvað snertir sölu á þeim og innkaup fyrir þær. Með þessu sjáum við beztu aðferðina til að fá fjármagnið inn í aðalframleiðslugreinar landsins og þar með auka framleiðslu og velferð þjóðarinnar.
2. Nauðsynlegt er, að frystihúsin fái sem hingað til rekstrarlán með 4% vöxtum til framleiðslunnar og að bankarnir láni út á fiskinn allt að 80% af framleiðslukostnaði hans.
3. Tryggt verði, að verðmæti heildaraflans verði sem bezt hagnýtt, og viljum vér sérstaklega minna á ýmsar vörur, eins og hrogn, þunnildi, fiskroð o. fl. Í þessu sambandi viljum vér einnig benda á það, að æskilegt væri, að aðeins einn útflytjandi yrði á hraðfrystum fiski, sem samkvæmt reynslu Íslendinga og annarra þjóða, eins og Norðmanna, virðist tryggja hagkvæma sölu framleiðslunnar. Er ekki óeðlilegt, að Sölumiðstöð hraðfrysthúsanna yrði slíkur aðili, þar sem hún er frjáls samtök hraðfrystihúsaeigenda, sem framleiða um 85% af þeim hraðfrystum fiski, sem fluttur er út úr landinu.
4. Vér teljum nauðsynlegt, að lög nr. 1 1950, um ríkisábyrgð á útflutningsvörum sjávarútvegsins, verði látin gilda til loka yfirstandandi vertíðar, eða 15.—20. maí n. k., til að koma í veg fyrir truflanir á framleiðslunni, sem af afnámi laganna mundi leiða.

Óskum vér eftir að fá að ræða við háttvirta fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis um þetta mál.

Virðingarfyllst,

pr. pr. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna

Elías Þorsteinsson.

Fylgiskjal VIII.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 2. marz 1950.

Stjórn Stéttarsambands bænda hefur haft frumvarp til laga um gengisskráningu o. fl. til athugunar. Það skal tekið fram, að stjórn sambandsins hefur ekki haft aðstöðu til þess að kynna sér efni frumvarpsins og meðfylgjandi greinargerð til hlítar á þeim stutta tíma, sem hún hefur haft frumvarpið til athugunar.

Það er augljóst, að hin fyrirhugaða gengislækkun hefur í för með sér mikla hækkun á ýmsum rekstrarvörum landbúnaðarins, svo sem áburði, aðkeyptu fóðri, viðhalds- og rekstrarvörum til húsa, véla, girðinga og stofnkostnaði o. s. frv. Er hætt við, að gengisbreytingin auki á erfiðleika mjólkurframleiðenda og geri mjólkurframleiðslu óarðbæra í ýmsum sveitum, t. d. Flóaáveitusvæðinu austan fjalls og víðar, þar sem áveituheyið fullnægir ekki mjólkurkúm nema með mikilli fóðurbætisgjöf. Enda verður ekki annað séð, en að hagfræðingarnir, sem samið hafa greinargerðina, geri ráð fyrir, að svo muni fara, að fólk flytjist frá landbúnaðarstörfum til útflutningsframleiðslunnar, „enda er einmitt það, sem þarf", segja þeir vísu menn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að hækka megi kaup í maí 1950 og oftar, meðan verðlagið er að jafna sig, en sú kauphækkun nær ekki til bænda. Hér þyrfti að koma hliðstæð ákvæði viðvíkjandi rekstrarvörum landbúnaðarins. Hækkun á mjólk vegna aukins framleiðslukostnaðar þyrfti að koma fram ekki síðar en í júlí, þ. e. á sama tíma og hækkun kæmi til vegna aukins dreifingarkostnaðar á mjólk. Að öðrum kosti mundu bændur eiga á hættu að búa við hallarekstur allt frá því rekstrarvörur hækka vegna gengisbreytingar og þar til verðlagning fer fram 1. sept. Auk þess fá þeir, samkvæmt frumvarpinu, enga hækkun á þessum tíma vegna aukins framfærslukostnaðar, og er það ærið nóg.

Til þess að draga úr þessu misræmi virðist okkur, að breyta þyrfti 9. gr. frumvarpsins, sem hér segir:

2. málsgrein orðist svo:

„Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Mjólkurverð má þó hækka eftir 1. júlí 1950 sem svarar hækkun vegna áhrifa laga þessara á framleiðsluvörum, s. s. fóðurbæti, áburði og olíum. Ekki má hækka mjólkurverð vegna launahækkana samkvæmt tillögum þessum fyrr en í júlí 1950."

Við þessa fljótlegu athugun á frumvarpinu höfum við ekki ástæðu til að fara út í önnur atriði þess en að ofan greinir.

Virðingarfyllst,

Í stjórn Stéttarsambands bænda

Jón Sigurðsson, Sverrir Gíslason, Sigurjón Sigurðsson,

Einar Ólafsson.

Fylgiskjal IX.

FÉLAG ÍSLENZKRA BOTNVÖRPUSKIPAEIGENDA

Reykjavík, 1. marz 1950.

Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hefur á fundi sínum í dag rætt frumvarp það til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjald o. fl., sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fyrir Alþingi og fjárhagsnefnd Nd. Alþingis hefur sent ýmsum félagasamtökum og stofnunum til umsagnar, og þá fyrst og fremst á þeim grundvelli, hvort viðkomandi aðilar séu í höfuðatriðum meðmæltir þeirri stefnu, sem frumvarpið markar í fjárhagsmálum þjóðarinnar.

Út af máli þessu vill fundurinn leyfa sér að taka fram eftirfarandi:

I.

Fundurinn telur, að sú skráning á íslenzkri krónu, sem gert er ráð fyrir, að tekin verði upp, samkvæmt frumvarpinu, sé verulegt spor í rétta átt og leiðrétting á því ranga gengi, sem að undanförnu hefur verið á krónunni og komið harðast niður á útflutningsframleiðslunni, og lýsir sig því fylgjandi þeim höfuðatriðum, sem í frumvarpinu felast.

II.

Fundurinn óskar eftir því, að Alþingi samþykki, að aftan við 7. gr. frv. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

„Laun, hluta launa eða aðrar greiðslur vegna skipverja á togurum og fiskflutningaskipum, sem miðaðar eru við hundraðshluta af afla, skal reikna þannig, að greiðslur þessar verði ekki hærri vegna gengisbreytingarinnar í íslenzkum krónum en kjarasamningar ákváðu fyrir gengisbreytinguna. Þó skal kaup þeirra manna, er hér um ræðir, breytast í samræmi við laun annarra skipverja."

III.

Til skýringar og rökstuðnings þessarar breytingartillögu vill fundurinn taka fram eftirfarandi:

Ef ákvæði frumvarpsins stæðu óbreytt, mundu laun þeirra skipverja á togurunum, sem taka mestan hluta launa sinna af verðmæti afla skipanna, hækka stórkostlega. Hins vegar mundu laun undirmanna á skipunum breytast lítið frá því, sem nú er.

Þetta mundi að sjálfsögðu leiða af sér mjög mikið ósamræmi í launakjörum skipverja, sem yrði alveg óviðunandi og raska með öllu þeim grundvelli, sem markaður er í núgildandi kjarasamningum.

Þessi breytingartillaga vor er gerð til að koma í veg fyrir þetta.

IV.

Nokkrar aðrar breytingar og ábendingar óskar Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda að koma á framfæri við ríkisstjórn og fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis varðandi frumvarpið, og viljum vér fara fram á það í þessu sambandi, að nefnd frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda geti fengið að ræða við yður, áður en málið verður endanlega afgreitt á Alþingi.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda

J. V. Hafstein.

Nd. 406. Breytingartillögur [43. mál]

við frv til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarráðherra.

1. Við 17. gr. Greinin orðist þannig:
   Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, er nefnist Verkfæranefnd ríkisins. Skal nefndin skipuð þannig: Einn maður tilnefndur af Búnaðarþingi, einn maður tilnefndur af nýbýlastjórn ríkisins og þriðja manninn skipar landbúnaðarráðherra án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar.
2. Við 18. gr.
   a. Fyrir orðið „vélanefndar" komi: verkfæranefndar.
   b. Við greinina bætist nýr töluliður:
   3. Að annast verkfæratilraunir samkv. lögum, er um það gilda.
3. Við 19. gr. Greinin orðist þannig:
   Til þess að annast störf þau, er um getur í 18. gr., ræður verkfæranefnd framkvæmdastjóra, er skal hafa sérþekkingu í landbúnaðarvélfræði, og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur. Skal verkfæranefnd ríkisins setja framkvæmdastjóra erindisbréf og ákveða starfssvið hans.
4. Við 20. gr. Fyrir „vélanefndar" komi: verkfæranefndar.
5. Við 21. gr. Fyrir „vélanefnd" komi: verkfæranefnd.

Nd. 407. Frumvarp til laga [128. mál]

um iðnskóla.

Frá iðnaðarnefnd.

I. KAFLI
Hlutverk og inntökuskilyrði.

1. gr.

Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á. Enn fremur skulu skólarnir eftir föngum veita þeim viðtöku, sem búa sig undir vinnu í verksmiðjum eða aðra iðju, sem ekki þarf sveinspróf til.

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi verknámsdeildar;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem lokið hafa miðskólaprófi bóknámsdeildar. Meðan lög um gagnfræðanám eru ekki að fullu komin til framkvæmda, er enn fremur heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi. Þessum nemendum öllum skal sjá fyrir undirbúningskennslu og sannreyna með prófi, að þeir hafi hlotið nauðsynlega þekkingu í bóklegum og verklegum greinum, áður en þeir byrja á reglulegu námi.

II. KAFLI
Stofnun iðnskóla og stjórn.

3. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:

1. Bæjarstjórnir;
2. sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki;
3. iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.

Fræðslumálastjórn ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa og fræðsluráðs.

Fræðslumálastjórn löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa og fræðsluráðs.

4. gr.

Eigi skal löggilda iðnskóla nema þar, sem 10 nemendur eða fleiri geta skipað fyrsta bekk annað hvert ár. Skylt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir fullnægja settum skilyrðum. Iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

5. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu.

Leita skal álits iðnfræðsluráðs um öll meiri háttar atriði, er skólana varða. Iðnerindreki skal samræma störf skólanna og annast námsstjórn.

6. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar sem kaupstaður stendur einn að skóla, hreppur eða sýsla, kýs bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 sýslur eða fleiri eða 2 hreppar eða fleiri standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd eða hver hreppsnefnd einn nefndarmann. Iðnaðarmannafélag hlutaðeigandi staðar kýs jafnmarga menn til sama tíma.

Fræðslumálastjórn skipar formann nefndarinnar til sama tíma.

Verksvið skólanefndar skal ákveðið með erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

III. KAFLI
Fjármál.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar viðurkenndra iðnskóla. Hinn hlutann greiða þeir, sem að stofnun skólans standa. Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum, svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum. Stofnkostnaður iðnskóla greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda sé tryggt framlag á móti.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara. Annar reksturskostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður, og í sömu hlutföllum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki, sem láta nemendur ganga í skólann, greiða gjöld vegna þeirra eftir því sem

fræðslumálastjórn ákveður í samráði við skólanefnd. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar reksturskostnaði, áður en honum er skipt.

9. gr.

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald skólanna.

IV. KAFLI
Kennsla.

10. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Fer hún fram í skólum og á námskeiðum.

Skólunum skal svo fyrir komið, að nemendur geti stundað þar nám samhliða verklegu námi hjá meistara eða iðnfyrirtæki.

11. gr.

Námskeið samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. skulu standa 3—9 mánuði, og má halda þau í iðnskólunum eða í öðrum skólum í samráði við stjórnendur iðnskólanna.

12. gr.

Námskeið til undirbúnings iðnnámi má halda til þess að gefa unglingum færi á að kynnast áhöldum, efni og vinnuaðferðum í ýmsum iðnum og iðjugreinum, svo að reynsla fáist um það, hversu hæfir þeir eru til þess að stunda þær sem ævistarf. Kennslan fer aðallega fram í skólavinnustofum og stendur 3—9 mánuði.

13. gr.

Reglulegt iðnskólanám skal vera í nánu sambandi við þær iðnir og iðjugreinar, er nemendur skólans leggja stund á. Skólanum ber að sjá nemendum fyrir bóklegri kennslu, og verklegri í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru iðn þeirra og framtíðarstarfi og ekki verða nægilega kenndar hjá meistara eða iðnfyrirtæki að dómi iðnfræðsluráðs.

14. gr.

Þessar námsgreinar skal kenna: Íslenzku, reikning og stærðfræði, teiknun, eðlisfræði, efnafræði, efnisfræði, áhaldafræði og bókfærslu, svo og sérfræði hverrar iðngreinar, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er heimilt að kenna eitt erlent mál, ef skólanefnd ákveður.

15. gr.

Reglulegt iðnskólanám stendur að jafnaði 4 ár. Kennslustundir skulu vera 960—1200 allan námstímann að prófum frátöldum. Heimilt er að haga skólahaldi svo, að nemendur sæki fullan kennslustundafjölda daglega 2—2½ mánuð á ári, eða 10—15 stundir á viku að meðaltali 5—8 mánuði á ári, eftir atvinnuháttum og öðrum aðstæðum.

Auk þessa skulu þeir, sem nema iðn til sveinsprófs í skólanum sjálfum, vinna í vinnustofu hans samkvæmt námssamningi.

16. gr.

Verkleg kennsla skólanna skal fara fram í vinnustofum þeirra eða öðrum vinnustöðvum, sem þeir hafa ráð á. Í vinnustofum skóla skal haga störfum sem líkast því, sem tíðkast í hliðstæðum vinnustofum, og skal búa þær í samráði við iðnfræðsluráð og iðnfulltrúa. Ákvæði laga um iðnfræðslu varðandi kjör nemenda, námstíma o. fl. taka einnig til nemenda í skólavinnustofum eftir því, sem við getur átt samkvæmt nánari ákvörðun iðnfræðsluráðs.

V. KAFLI
Framhaldsnám.

17. gr.

Við iðnskólann í Rykjavík skal koma á framhaldskennslu fyrir iðnaðarmenn, jafnskjótt og tök eru á. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna. Kennslan fer fram í skóla eða á námskeiðum.

18. gr.

Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári.

19. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, teiknun, efnafræði, efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig má kenna eitt erlent tungumál, helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar, burðarþolsfræði, hjálp í viðlögum o. fl. Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

VI. KAFLI
Kennarar.

20. gr.

Fræðslumálastjórn skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og iðnerindreka, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskyldu svo og menntun kennara í almennum greinum gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og fasta kennara við gagnfræðaskóla.

21. gr.

Fasta kennara í vinnustofum skóla má ekki ráða aðra en iðnaðarmenn með meistararéttindum.

Í erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur, skal kveða á um verksvið skólastjóra og kennara.

22. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. — Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

23. gr.

Fræðslumálastjórn setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða nánar um námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt numin úr gildi öll ákvæði, er fara í bág við þau.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni samgöngumálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frv. var flutt á síðasta þingi. Fylgdi því þá ýtarleg greinargerð (þskj. 593) og vísast til hennar.

Nd. 408. Breytingartillögur [122. mál]

við frv. til l. um verkstjóranámskeið.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Árlega skal halda námskeið, ef nægileg þátttaka fæst, til þess að búa menn undir verkstjórapróf. Námskeiðin skal halda á kostnað ríkissjóðs, undir sömu yfirstjórn og iðnskólarnir. Hvert námskeið skal vera allt að 6 mánuði að meðtöldum próftíma.
2. Við 3. gr. Í stað 2. og 3. málsl. komi einn málsl., er orðist svo: Verkstjórar með prófi og verkstjórar þeir, sem starfandi eru og starfað hafa sem verkstjórar, ganga fyrir öðrum um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu.
3. Við 8. gr. Greinin fellur niður.

Ed. 409. Frumvarp til laga [129. mál]

um rétt manna til kaupa á ítökum.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Guðm. Í. Guðmundsson, Hermann Jónasson, Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

2. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, auglýsa þrívegis í Lögbirtingablaðinu fyrirmæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

3. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 2. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratugina og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 2. gr., og skal þá úr þeim ágreiningi skorið samkvæmt lögum.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 2. gr., falla niður.

4. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 2. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina, og fer um kaupverðið eftir því, sem um semst, en verði ágreiningur um það, skal það ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Skjóta má úrskurði matsmanna til yfirmats, og skal það framkvæmt af þrem dómkvöddum mönnum og er bindandi bæði fyrir kaupanda og seljanda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um allt land eru til alls konar ítök, sem þessi eða hinn telur sig eiga í landi annarra jarða, eða fyrir því, þegar um reka er að ræða. Í skógræktarlögunum er mönnum gefinn kostur á að kaupa aftur undir jarðir sínar skógarítök, og í laxveiðilögunum eru ákvæði um, að menn geti keypt aftur undir jarðirnar laxveiði, sem undan þeim hefur gengið. Í þessu frumvarpi er mönnum gert mögulegt að kaupa aftur undir jarðir sínar réttindi, sem þeim ber að fylgja að eðlilegum hætti, svo sem trjáviðarreka, hvalreka, mótekju, slægjuítök, beitarítök, bjargsig, sölvafjöru o. s. frv. Þessi réttindi hafa á ýmsan hátt gengið undan jörðunum, oft verið gefin kirkjum eða einstökum mönnum, stundum seld, látin í skiptum fyrir eitthvað annað o. s. frv. Mörg af þessum ítökum eru þeir, sem nú telja sig eiga þau, hættir að nota og virða svo lítils, að hæpið er, hvort þeim þætti borga sig að lýsa eftir þeim (t. d. bjargsig, sölvafjara, beit o. fl.) og munu sum þeirra þegar fyrnt. Önnur eru enn nýtt, en þá oft af umboðsmönnum (reki), sem fá hluta af hlunnindum ítaksins fyrir að sjá um það.

Sjálfsagt þykir flutningsmönnum, að hver jörð eigi þau gæði, sem eru í hennar landi eða fyrir því (reki), og til að greiða fyrir því, að svo megi verða, er frumvarp þetta flutt.

Ed. 410. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. 2. tölul. orðist svo:

Eyðijörðina Fagranes í Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu Rúti Þorsteinssyni bónda í Engimýri.

Ed. 411. Breytingartillögur [110. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr.

a. Orðin „og sé við söluna tekið tillit til kröfu þeirrar, er jarðeigandi á á hendur Brunabótafélagi Íslands, ef aftur verður byggt upp á jörðinni“ í 2. tölulið falli niður.

b. Síðasta málsgr. 1. gr. orðist svo:
Söluverð Fagraness og Granda skal ákveðið af dómkvöddum mönnum. Við mat Granda skal taka tillit til þess, að ríkissjóði hefur við úttekt verið gert að kaupa hús og mannvirki fráfaranda á kr. 6875. Við mat á Fagranesi skal taka tillit til, hversu semst við Brunabótafélag Íslands um greiðslu vegna brunatjóns, sem jarðareigandi á á hendur félaginu, og haga matinu í samræmi við það.

Ed. 412. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:
Enn fremur heimilast hreppsnefnd Fljótsdalshrepps í Norður-Múlasýslu að selja kristfjárjörðina Geitagerði í Fljótsdal ábúandanum Vigfúsi G. Þormar, enda sé jörðin gerð að ættaróðali. Af andvirði jarðarinnar skal mynda sjóð, er ávaxta skal í ríkistryggðum skuldabréfum, eftir því sem við verður komið, og skulu vextir árlega ganga til Fljótsdalshrepps og teljast með öðrum tekjum hreppsins.

Nd. 413. Breytingartillaga [43. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá Gísla Guðmundssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Jóni Gíslasyni.

1. Við 11. gr. Í stað „4.50“ í VII. c. (Votheyshlöður) komi: 6.00.
2. Við 12. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist svo:
Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbætur á jarðabætur þær, sem taldar eru í 11. og 15. gr., að undanteknum III. tölulið 11. gr. (vélgrafnir skurðir), sem hér segir:
a. Á jarðabætur, sem taldar eru í I. og VII. lið 11. gr., samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í sveitum.
b. Á aðrar jarðabætur samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar.
3. Á eftir 12. gr. komi ný grein (13. gr.), svo hljóðandi:
Býlum, sem fengið hafa fullar 30 þús. kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur. Ákvæði þetta nær þó ekki til þeirra búa, er bæjarfélög reka vegna þess, að ókleift er að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúum, að dómi Búnaðarfélags Íslands. Ef sama bæjarfélag rekur fleiri en eitt bú, teljast þau eitt býli samkvæmt lögum þessum.

Nd. 414. Breytingartillögur [43. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
Héraðsráðunautar í jarðrækt skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki ráðherra tölu þeirra og starfs-

svæði. Sé starfssvæði ráðunautar minna en meðal sýslufélag, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það. Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 10 ráðunauta.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að hálfu frá hvorri búgrein.

Héraðsráðunautar skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum hver á sínu sambandssvæði. Þar, sem sambandssvæði nær yfir meira en tvö sýslufélög, er heimilt að hafa sérstaka mælingamenn þeim til aðstoðar, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. Við 11. gr. Á eftir orðunum „5 strengja gaddavírsgirðingar“ í VI. tölulið komi: úr nýju og óskemmdu efni.

Ed. 415. Frumvarp til laga [122. mál]

um verkstjóranámskeið.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Árlega skal halda námskeið, ef nægileg þátttaka fæst, til þess að búa menn undir verkstjórapróf. Námskeiðin skal halda á kostnað ríkissjóðs, undir sömu yfirstjórn og iðnskólarnir. Hvert námskeið skal vera allt að 6 mánuði að meðtöldum próftíma.

2. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðin skulu vera þessi:

a. Að nemandinn sé fullra 22 ára að aldri.
b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans.
c. Að hann hafi óskert mannorð.
d. Að hann hafi unnið 12 mánuði eða lengur við þá starfsgrein, sem hann vill taka verkstjórapróf í, og hafi auk þess verið flokksstjóri eða aðstoðarverkstjóri í sömu starfsgrein 4 mánuði eða lengur.
e. Að hann hafi lokið miðskólaprófi eða tilsvarandi inntökuprófi.

3. gr.

Próf skulu haldin að afloknum námstíma. Verkstjórar með prófi og verkstjórar þeir, sem starfandi eru og starfað hafa sem verkstjórar, ganga fyrir öðrum um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu.

4. gr.

Með reglugerð skal setja ákvæði um það, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu og prófum skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

5. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur verkstjórapróf, fær skírteini um það á eyðublaði, sem ráðuneytið gefur út. Á skírteininu skal geta þeirra kennslugreina, sem próftaki hefur verið reyndur í, og tilgreina (með tölum) þær einkunnir, sem hann hefur hlotið. Einnig skal tilgreina þá lægstu einkunn, sem þarf til að standast prófið, og þá hæstu, sem hægt er að öðlast. Allir prófnefndarmenn skulu undirrita skírteinið, og sömuleiðis forstöðumaður námskeiðanna.

Skýrslur um prófið, ásamt fullum nöfnum próftaka, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem þeir hafa hlotið, skal rita í bækur, sem til þess eru ætlaðar. Bækur þessar skulu geymdar þar, sem ráðuneytið ákveður.

Allir prófnefndarmenn og forstöðumaður námskeiðanna staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

6. gr.

Rétt er að fela Iðnskólanum í Reykjavík að sjá um þessi námskeið, og skulu þau verða deild í þeim skóla jafnskjótt og því verður við komið.

7. gr.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til ráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð frá þeim kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, um, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 416. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um þetta mál. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins (JóhH, SÁ) klufu sig út úr nefndinni á þvi atriði að vilja hraða svo meðferð þess, að nefndin hefði það eigi lengur til meðferðar. Fulltrúi Framsóknarflokksins (SkG) vill fá breytingar á frv. Ég og fulltrúi Alþýðuflokksins (GÞG) leggjum hins vegar til, að frv. sé fellt, og hefði því verið eðlilegt samkvæmt starfsháttum þingnefnda, að við gæfum út sameiginlegt nál. En miðstjórn Alþýðuflokksins mun hafa samþykkt nokkrum dögum áður en meiri hluti n. klofnaði, að fulltrúi Alþýðufl. mætti ekki gefa út sameiginlegt nál. með mér, og var því tilkynnt í Alþýðublaðinu fyrir þrem dögum, að fjárhagsnefnd væri fjórklofin. Mun þetta eiga að vera nýjasta sýning og sönnun á pólitísku skírlífi Alþýðuflokksins, og má af því ráða, að miðstjórn flokksins þyki hann hafa gerzt sekur um pólitískt gjálífi á undanförnum árum og vilji hann nú á gamals aldri hreinsast láta af hvers konar pólitískri spillingu. Verður vart nema gott eitt sagt um slíkan skírlífisásetning eftir þau leiðu mök, sem Alþýðuflokkurinn hefur lent í undanfarin ár. Hitt er svo annað mál, hve haldgóður hann reynist.

Mun ég nú í stuttu máli gera grein fyrir andstöðu minni við frv. þetta og áliti á undirbúningi þess. Höfuðrök mín gegn því eru eftirfarandi:

1. Frumvarpið gengur fram hjá aðalvandamáli sjávarútvegsins, markaðskreppunni.

Í öllu þessu frv. og hinni löngu greinargerð og „hagfræðilegu“ áliti er ekki minnzt á það mál, sem nú er höfuðvandamál sjávarútvegsins, markaðsvandamálið. Það er erfiðleikinn á að tryggja sölu á öllu því magni, sem sjávarútvegurinn nú getur framleitt með hinum stórvirku tækjum sínum, sem er aðalerfiðleikinn fyrst pólitísk sjónarmið hafa svo að segja einskorðað oss við hrynjandi markaði Marshalllandanna. Áþreifanlegast kemur þetta fram í því, að bankarnir skuli telja óeðlilegt, að þeir láni út á meira en 15 þúsund smálestir freðfisks með núverandi markaðshorfum. En hvergi er minnzt á slíka möguleika sem þessa í greinargerð „hagfræðinganna“.

Það er sem þeir vilji útiloka kreppuna úr heiminum með því að sleppa henni úr hugmyndaheimi sínum, en vart mun slíkt ráð gefast betur en strútnum að stinga höfðinu í sandinn, er hætta nálgast.

Íslenzk sjávarútvegsframleiðsla fékk að þreifa á því 1931, hvað kreppa auðvaldslandanna var fyrir þjóðarbúskap vorn, er saltfiskmarkaður Suðurlanda hrundi. Nú er í hinni nýju kreppu auðvaldsskipulagsins að fara svipað um freðfisk- og ísfiskmarkað Þýzkalands, Hollands og Englands. Að ganga fram hjá þessu höfuðvandamáli, eins og það væri ekki til, ber vott um eitt af tvennu: Alveg dæmalausan skort á raunsæi eða tilraun til að blekkja þjóðina. Er hvort tveggja ófyrirgefanlegt af mönnum, sem telja sig „hagfræðinga“, og af ríkisstjórn, sem þó hlýtur að vita, hvernig þessum málum er komið.

2. Frumvarpið er árás á bátaútveginn. Það gerir hlut hans lakari en nú er.

Vörnin fyrir frv. þetta af hálfu forvígismanna þess er, að með því sé m. a. verið að bjarga bátaútveginum, smáútvegsmenn muni fá aðstöðu sína bætta með gengislækkuninni.

Þetta er ekki rétt.

Það upplýstist af viðtölum nefndarinnar við ýmsa fulltrúa, er á fund hennar komu og vel þekkja til um aðstöðu hraðfrystihúsa og bátaútvegs, að hraðfrystihúsin mundu ekki treysta sér til þess að greiða meira en 75 aura fyrir kílóið af fiskinum eftir gengislækkunina og að líklega yrði heldur ekki greitt hærra verð fyrir fisk til söltunar.

Nú er það verð, sem greitt er fyrir fisk bátanna samkvæmt fiskábyrgðarlögunum, 75 aurar fyrir kíló, en auk þess er vátryggingargjaldið greitt, svo að raunverulega fær útgerðin 85 aura fyrir kílóið nú. Raunverulega mundi því verðið á fiskinum til framleiðendanna lækka við gengislækkunina og afnám fiskábyrgðarinnar. Bátaútgerðin verður því fyrir tvöföldu tjóni, ef frumvarp þetta yrði samþykkt.

Í fyrsta lagi hækkar verðið á olíu, veiðarfærum og öllum aðkeyptum vörum, sem útgerðarmenn og sjómenn þarfnast, um 74% í innkaupsverði.

Í öðru lagi lækkar verðið á fiskinum, sem bátarnir selja í frystingu og salt, frá því, sem nú er.

Menn undrast ef til vill þessa niðurstöðu hjá fiskkaupendum (hraðfrystihúsum o. fl.), en hún verður skiljanlegri, ef athugað er það öryggi, sem fiskábyrgðin nú býr þessum aðilum. Nú ábyrgist ríkið fiskkaupendunum ákveðið verð á útflutta fiskinum gegn því, að þeir greiði lögákveðið verð til bátaútgerðarinnar. Báðir aðilar hafa því tryggingu hjá ríkinu fyrir sölunni.

En verði þetta frv. samþykkt, hverfur þessi trygging og þar með núverandi öryggi fiskkaupendanna. Þeir segjast því verða að reikna með allri óvissu markaðsins, þ. e. a. s. markaðskreppunni, sem geti gert mikið af fiskinum óseljanlegt á hinum þröngu mörkuðum Marshalllandanna. Þessari áhættu sinni og óvissu leitast þeir svo við að velta yfir á smáútgerðina og sjómenn með lækkuðu verði á fiskinum.

Þeir, sem samþykkja þetta frv., eru því beinlínis að svipta sjómenn og smáútgerðarmenn öryggi fiskábyrgðarlaganna og lækka fiskverðið til þeirra, samtímis sem þeir hækka verðið á öllum nauðþurftum bátaútvegsins og fiskimanna.

3. Gengislækkunin skerðir lífskjör launþega um 15—18%.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, skerðir lífskjör launþega, meiri hluta íslenzku þjóðarinnar, um 15—18%, án þess að veita þeim nokkuð í staðinn, t. d. frekari atvinnutryggingu en nú er, nema síður sé.

Þessi árás á lífskjör alþýðu er auðsjáanlega aðaltilgangur frv. Með þessari árás ætlar afturhaldið að kóróna þær árásir, sem undanfarin ár hafa verið gerðar á lífskjör launþega. Þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa árás. Hún liggur svo í augum uppi. Jafnhliða er svo gert ráð fyrir að geta framvegis hringlað með gengi krónunnar, eftir því sem þeim afturhaldsmönnum þætti henta, sem álíta gott kaup og sæmilega lífsafkomu almennings vera það versta, sem fyrir geti komið í þjóðfélaginu.

En hitt er vert að undirstrika í sambandi við þessa harðvítugu árás á kaupgjald almennings, að þessi lífskjaraskerðing á að ske án þess að gróðamöguleikar verzlunarauðmagnsins séu á nokkurn minnsta hátt skertir frá því, sem nú er, og án þess að dregið sé úr hinu stigandi skriffinnskubákni ríkisins um svo mikið sem einnar krónu útgjöld eða milljónatuga gróða bankanna varið að nokkru til þess að létta undir með sjávarútveginum með vaxtalækkun eða þeim þúsundum einstaklinga af alþýðustétt, sem verða rændir eignum sínum í krafti þessa frumvarps, þar sem það dregur svo úr tekjum þeirra, að þeir eiga á hættu að missa íbúðir sínar eða verkstæði og annað, sem þeir hafa verið að reyna að eignast undanfarin ár.

4. Gengislækkunin skerðir lífskjör bænda og stöðvar vélþróun landbúnaðarins.

Verði þetta frv. að lögum, hækka allar þær erlendu vörur, sem bændastéttin kaupir til búrekstrar og neyzlu. Veldur það rýrðum kjörum sveitaalþýðu, en síðar dýrari landbúnaðarframleiðslu.

Önnur enn þá alvarlegri afleiðing gengislækkunar verður, að innkaupsverð allra véla til landbúnaðarins hækkar um 74%, enn fremur innkaupsverð á benzíni, varahlutum og öðru, er til vélanna þarf. Afleiðing þessa getur orðið sú, að sú þróun aukinnar véltækni í landbúnaðinum, sem hafin var af myndarskap, geti nú stöðvazt að meira eða minna leyti. Og afleiðingin af slíku getur orðið stöðnun í þróun landbúnaðarins, nema sérstakar ráðstafanir annars eðlis verði gerðar.

5. Gengislækkunin rænir sparifjáreigendur og sviptir grundvellinum undan trausti á loforð ríkisvaldsins.

Með gengislækkun þeirri, sem frv. mælir fyrir um, eru allir eigendur sparifjár, ríkisskuldabréfa og þess háttar verðbréfa sviptir nokkrum hluta eigna sinna. Upphót sú, sem 3. gr. mælir fyrir um, nær mjög skammt.

Þetta rán er sjálft mjög forkastanlegt. En við þetta bætist, að ríkisvaldið sjálft, ríkisstjórnir undanfarinna ára, hafa beinlínis lagt að fólki að kaupa ýmiss konar skuldabréf ríkisins til margra ára og ríkisvaldið þannig lokkað fé út úr fólki undir því yfirskini, að verið væri að festa með slíkum aðferðum fjárhag ríkisins. Nú reynist ríkisvaldið sjálft sem hinn versti braskari, með því sjálft að verðfella þau skuldabréf, er það hafði lokkað menn til að kaupa. Fer vart hjá því, að svona framferði hins opinbera dragi úr fjármálatrausti þess hjá almenningi.

6. Gengislækkunin gerir þjóðinni miklu erfiðara fyrir um nauðsynlega fjárfestingu.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er þjóðinni gert miklu erfiðara fyrir en áður um fjárfestingu, það þýðir: um áframhaldandi nýsköpun atvinnulífsins og nýbyggingu landsins. En einmitt Íslandi — landi, sem um síðustu aldamót var lítt húsað varanlegum íbúðarhúsum og átti fá góð atvinnutæki — er hin brýnasta þörf á skjótri uppbyggingu nýtízku atvinnulífs (stóriðju, landbúnaðar og sjávarútvegs) til þess að vinna upp þann tíma, er oss tapaðist sem þjóð, meðan framförum vorum var haldið niðri. Þess vegna er Íslandi þörf á hlutfallslega örari fjárfestingu, ef framfarir eiga að haldast, en öðrum Evrópuþjóðum.

Þetta hafa „hagfræðingar“ þeir, sem álitið skrifa, ekki skilið. Þeir hugsa út frá háþróuðu iðnaðarþjóðfélagi, svo sem t. d. Bandaríkjanna, og ætla sér að yfirfæra þá atvinnuhætti, sem valdamenn þar telja sér henta, yfir á þær gerólíku aðstæður, sem hér eru á Íslandi, þar sem ríkir allt annað þróunarstig í þjóðfélaginu. „Hagfræðingar“ þessir kunna auðsjáanlega ekki að hugsa út frá íslenzkum aðstæðum, og ríkisstjórnin virðist annaðhvort ekki hafa áttað sig á þessum ameríska hugsunarhætti sérfræðinganna eða þá að hún hefur þýðzt hann vel.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, kemur til með að binda í svipinn enda á þá atvinnubyltingu, sem hófst 1945, það átak, sem þá var gert til að hefja atvinnulíf vort á miklu hærra stig en fyrr. Hefðu þeir „hagfræðingar“, sem nú eiga að ráða stefnunni, fengið að ráða 1945, hefði „nýsköpun atvinnulífsins“ aldrei átt sér stað, svo sem fram gengur af hugmyndum þeim, er þeir setja fram á bls. 11 í áliti sínu. Nýsköpunartogararnir 30 hefðu þá ekki verið keyptir. „Hagfræðingarnir“

sýna með þeim hugmyndum sínum, að þeir hugsa rétt eins og skólapiltar, nýsloppnir frá prófi, út frá almennum (abstrakt) forsendum, án þess að þekkja eða taka tillit til hinna sérstöku aðstæðna í landi voru eða kunna út frá þeirri þekkingu að hagnýta fyrir þjóðina þau tækifæri, sem henni bjóðast. Og Sjálfstæðisflokkurinn fordæmir, með því að gera álit og dóma þessara „hagfræðinga" að sínum, nýsköpunarstefnu þá, sem hann öðru hverju hefur verið að tileinka sér heiður af.

Ég læt hér staðar numið. Það þyrfti lengra mál en fært er að skrifa nú sem nál. til þess að taka fyrir allar þær blekkingar, sem fylgja frv. þessu í álitsgerð þess.

Ég vil svo að lokum aðeins minna á tvennt:

Þeir flokkar, sem með frv. mæla, hafa allra flokka mest talað um nauðsyn þess að draga úr dýrtíðinni. Með þessu frumvarpi er stigið stærsta spor, sem enn hefur verið stigið á landinu, til þess að auka dýrtíðina og gera hana óbærilega fyrir alþýðu með því að stórminnka kaupgetuna.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er aðstaða erlendra auðfélaga gagnvart Íslandi stórum bætt. Amerískum auðhringum er með gengislækkuninni gert mögulegt að kaupa íslenzkt vinnuafl miklu ódýrara en fyrr. Íslenzkur verkamaður þarf eftir þessa gengislækkun að vinna næstum þrisvar sinnum lengur fyrir andvirði eins dollars í amerískum vörum en hann þurfti í ágúst s. l. Amerískum auðfélögum er með gengislækkununum tveim (í haust og nú) gert girnilegra en áður að kaupa upp eignir á Íslandi og ná hér ítökum í atvinnulífi landsins.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er verið að kalla fátæktina aftur yfir Ísland, eins sára og hún áður var, og verið að gera amerískum auðdrottnum handhægt að nota þá fátækt til að auðga sig, en ræna Ísland gæðum þess og oss Íslendinga arði vinnunnar og yfirráðum lands vors.

Ég legg til, að frv. sé fellt.

Alþingi, 10. marz 1950.

Einar Olgeirsson.

Sþ. 417. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um kristfjárjarðir o. fl.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Þorsteinn Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á eignar- og umráðarétti yfir kristfjárjörðum og öðrum eignum, er líkt stendur á um, og gefa næsta Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar.

Greinargerð.

Kristfjárjarðir eru víðs vegar um landið, og rennur afgjald þeirra til þess, sem gjafabréfin ákveða, en það er mjög misjafnt, en oftast til fátækra í einhverju formi og eftir nánari ákvæðum gjafabréfanna. Menn líta nokkuð misjafnt á þessar jarðir. Sumir telja, að þær séu sjálfseignarstofnanir og megi ekki selja þær, og í raun réttri um ekkert annað að gera fyrir þá, sem umráðaréttinn hafa yfir þeim, en sjá um, að afgjaldið renni til þess eða þeirra, sem gjafabréfið ákveður. Breyttir þjóðhættir eru þess valdandi, að ákvæði margra gjafabréfanna eru orðin meira eða minna úrelt, svo að gjöfin nær ekki upprunalegum tilgangi gjafarans. Á sumum jörðunum er t. d. búið að leggja í stórfelldar byggingar og ræktunarframkvæmdir,

sem jarðareigandi er eftir ábúðarlögunum skyldur að kaupa af fráfaranda. Sé hins vegar gjöfin sjálfseignarstofnun, þá er enginn, sem getur keypt af fráfaranda, og getur slíkt horft til vandræða við ábúendaskipti. Það er því brýn nauðsyn á að fá rannsakað, hver er raunverulegur eigandi sumra slíkra jarða og hvort eignarrétturinn fylgi umráðaréttinum, en alltaf er ljóst, hver hefur hann.

Ýmsir líta svo á, að þessar jarðir heyri undir „opinberar" jarðir, en þær eiga ábúendur kröfu á að fá byggðar á erfðafestu eftir lögum um ættaróðal og erfðaábúð, og þegar sami bóndi hefur búið á slíkri jörð í erfðafestu í ákveðinn árafjölda, hefur hann rétt á að fá hana keypta og gerða að ættaróðali. En hver á þá að selja kristfjárjörðina? Úr þessu þarf að fá skorið, og er þess vænzt, að ríkisstjórnin láti athuga málið og leggi niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi.

Mjög svipuðu máli gegnir með nokkrar „legats"-jarðir, og þó að þær séu færri og skipti því heildina minna máli en kristfjárjarðirnar, teljum við flutningsmennirnir sjálfsagt að rannsaka það jafnframt.

Þá eru loks landsvæði á einstaka stöðum á landinu, sem kölluð eru almenningar og engir teljast eigendur að. Fyrir hefur það komið, að deilur hafi risið vegna smölunar á slíkum löndum, og væri því mikilsvert, að umráða- og eignarréttur á þeim yrði rannsakaður um leið.

Nd. 418. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Hagþróunin síðan 1939.

Höfuðeinkenni hagsögu Íslendinga, síðan heimsstyrjöldin síðari skall á haustið 1939, er, að í landinu hefur verið verðbólga og dýrtíð. Orsakir verðbólgunnar hafa þó ekki verið hinar sömu allan þennan tíma. Frá því sjónarmiði fyrst og fremst má skipta þessum áratug í þrjú aðaltímabil. Hið fyrsta þeirra eru stríðsárin sjálf, hið annað tímabilið frá stríðslokum til loka ársins 1946 og hið þriðja sá tími, sem síðan er liðinn.

Aðaleinkenni fyrsta tímabilsins eru þau, að verðlag útflutnings og innflutnings hækkaði, en verðlag útflutningsins þó miklu meira. Farmgjöld hækkuðu verulega. Gengi krónunnar var ekki hækkað, þótt nýbúið væri að lækka það og öll skilyrði væru fyrir hendi til slíkrar hækkunar á krónunni. Gífurlegur stríðsgróði streymdi inn í landið. Hátt verðlag á útflutningsafurðum og eftirspurn erlends setuliðs eftir vinnuafli þrýsti kaupgjaldi upp á við. Kaup breyttist meginhluta tímabilsins í hlutfalli við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar. Verð innlendra landbúnaðarafurða var hækkað gífurlega, en það olli aftur hækkun á kaupgjaldi. Hin mikla kaupgeta og stríðsgróðinn hafði í för með sér mikla vörueftirspurn innanlands. Henni varð ekki fullnægt með innflutningi sökum styrjaldarinnar. Hér varð verðbólga og dýrtíð. Sparifjármyndun varð miklu meiri en fjárfesting. Þjóðin safnaði miklum inneignum erlendis.

Á stríðsárunum batnaði hagur þjóðarinnar svo mjög, bæði einstaklinga og hins opinbera, að tekið var að ráðgera geysilegar framkvæmdir á nær því öllum sviðum, enda var mikil bjartsýni ríkjandi um framtíðarhorfur. Má hér fyrst og fremst benda á hinar svo nefndu „nýsköpunarframkvæmdir", þ. e. skipakaup, skipasmíðar og byggingu iðnfyrirtækja. Í öðru lagi má nefna víðtækar fyrirætlanir um opinberar framkvæmdir, svo sem stórfelldar hafnar- og vegagerðir, rafvirkjanir og lögn rafveitna sem og byggingu margs konar opinberra bygginga. Í þriðja lagi voru svo miklar framkvæmdir á döfinni af hálfu einstaklinga, og þá fyrst og fremst íbúðar-

húsabyggingar, bygging og stækkun iðnfyrirtækja, jarðræktarframkvæmdir, margs konar vélakaup o. fl. Samhliða þessum gífurlegu fjárfestingarfyrirætlunum voru ekki á döfinni fyrirætlanir um hliðstæðan sparnað. Það var ekki tilætlunin að greiða þessar framkvæmdir með hluta af tekjum þjóðarinnar á þeim tíma, er að þeim væri unnið. Það var m. ö. o. ekki tilætlunin að minnka neyzlu, þ. e. að spara, jafnmikið og ætlað var að auka framkvæmdir. Þvert á móti leitaðist þjóðin við að auka neyzlu sína, og var innflutningur á neyzluvörum og neyzlutækjum stóraukinn. Framkvæmdirnar átti að greiða fyrst og fremst með þeim varasjóði, sem þjóðin hafði safnað sér á stríðsárunum. Afleiðingin varð sú, að erlendu inneignirnar voru allar notaðar á þessu stutta tímabili. Heildarfjárfesting þess varð mjög lítil, af því að sparnaður þess var mjög lítill. Það, sem gerðist, var, að þjóðin eignaðist byggingar, framleiðslutæki og margs konar neyzlutæki og neyzluvörur í stað erlendu inneignanna og hinna miklu gjaldeyristekna þessara ára. Innanlands var hin gífurlega fjárfesting kostuð með lánsfjárþenslu af hálfu bankanna. Heildarútlán bankanna jukust frá árslokum 1944 til ársloka 1946 úr 279 millj. kr. í 579 millj. kr., en sparifjárinnlán jukust um aðeins 22 millj. kr. á sama tíma. Verðbólga hélt áfram að vaxa nokkuð. Ringulreið var á vinnumarkaðnum og mikill flutningur vinnuafls milli atvinnugreina. Erfiðleikar tóku að steðja að útgerð, þrátt fyrir mjög hagstætt verðlag, sökum aukins tilkostnaðar og skorts á vinnuafli. Öðru tímabilinu lauk um leið og erlendu inneignirnar þraut.

Þegar þriðja tímabilið hófst, voru aðstæðurnar að því leyti gerólíkar því, sem var við upphaf annars tímabilsins, að engar erlendar inneignir voru fyrir hendi. Viðleitni til þess að hrinda í framkvæmd mjög mikilli fjárfestingu og miklu meiri en svaraði til samtíma sparnaðar hjá þjóðinni hlaut því að hafa önnur áhrif en raun varð á, meðan hægt var að nota erlendu innstæðurnar. Afleiðingin hlaut fyrst og fremst að verða vöruskortur og verðlagshækkun. Engu að síður var reynt að halda áfram á fjárfestingarbrautinni. Ríkisbúskapurinn var rekinn með miklum halla, og halli var í ýmsum atvinnurekstri. En fjárfestingin og hallareksturinn var eins og áður kostað með áframhaldandi lánsfjárþenslu af hálfu bankanna. Útlán þeirra jukust úr 579 millj. kr. í árslok 1946 í 904 millj. kr. við síðustu áramót. Af þessari stefnu hlauzt vöruskortur og verðlagshækkun, svo sem við var að búast, í kjölfar þess sigldu kaupgjaldshækkanir, sem síðan höfðu aftur í för með sér nýja hækkun á verðlagi. Jafnhliða hækkandi framleiðslukostnaði innanlands breyttust markaðshorfur erlendis fyrir útflutningsvörur landsmanna mjög til hins verra. Greiða varð verulegum hluta útflutningsframleiðslunnar uppbætur, sem fjár var aflað til með sköttum og tollum. Um leið og framleiðslukostnaður innanlands hefur hækkað og markaðsaðstæður erlendis versnað, hefur reynzt æ erfiðara að halda áfram á þessari braut. Þannig er ástandið nú í dag.

Alþýðuflokkurinn og dýrtíðarmálin.

Ein alvarlegustu mistökin á þeim tíma, sem liðinn er, síðan þau þáttaskil urðu í hagsögu Íslendinga, er upphaf ófriðarins markaði, eru þau, að ekki skuli hafa verið komið í veg fyrir, að hér kæmi til verðbólgu og dýrtíðar í upphafi ófriðarins, en á fyrsta tímabilinu, sem rætt var um að framan, voru öll skilyrði fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir slíkt. Þegar gengið var lækkað í apríl 1939, voru um leið gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að hamla gegn verðhækkun af völdum gengislækkunarinnar, og voru það í rauninni fyrstu dýrtíðarráðstafanirnar. Voru þær einkum þessar:

1. Sömu reglur skyldu gilda um hækkun landbúnaðarafurða og um hækkun á kaupgjaldi verkafólks. Það hlutfall, sem þá var milli afurðaverðs og kaupgjalds, skyldi m. ö. o. haldast.
2. Hækkun húsaleigu var bönnuð.
3. Hækkun útlánsvaxta var bönnuð.
4. Verðlagseftirlit var skerpt.

Þessar dýrtíðarráðstafanir gáfust mjög vel. Vegna þeirra og annarra aðstæðna hækkaði verðlag mjög lítið vegna gengislækkunarinnar, eða um aðeins 3% til ófriðarbyrjunar. Í árslok hafði vísitalan ekki hækkað nema um 12%. Í janúar 1940 var gerð á gengislögunum mjög örlagarík breyting að tilhlutan Framsóknarflokksins. Verðlag á landbúnaðarvörum var slitið úr tengslum við kaupgjald verkafólks. Afleiðing þess varð sú, að vísitala landbúnaðarafurða tók að hækka miklu meira en kaupgjald og framfærslukostnaður almennt. 1. des. 1940 var vísitala landbúnaðarafurða 163, en vísitala framfærslukostnaðar 142 og vísitala kaupgjalds 127. Um áramótin 1940—41 féllu kaupbindingarákvæði gengislaganna úr gildi, og sömdu þá flest verklýðsfélög um fulla verðlagsuppbót og nokkur einnig um dálitla hækkun á grunnkaupi. 1. okt. 1941 hafði kaupgjald hækkað um 66%, en meðalhækkun á innlendum matvörum var 124%, eða helmingi meiri. Meðalhækkun á erlendum matvörum var hins vegar 76%. Verð á kjöti, fiski, mjólk, feitmeti og innlendum garðávöxtum hafði þá þegar hækkað vísitöluna um 37 stig eða um meira en helming þess, sem hún hafði hækkað. 1941 voru sett lög, er heimiluðu ríkisstjórninni ýmsar dýrtíðarráðstafanir, en samkomulag varð ekki um að nota þær heimildir nema að litlu leyti, svo að dýrtíð hélt áfram að vaxa jafnt og þétt allt árið 1941, og var vísitalan í árslok komin upp í 177.

Á þessum tíma var af hálfu Alþýðuflokksins og í málgögnum hans hvað eftir annað varað alvarlega við afleiðingum þess, ef látið væri reka á reiðanum í dýrtíðarmálunum og verðbólgan látin aukast. Í október 1941 var Alþingi kvatt saman, aðallega eða eingöngu til þess að ræða dýrtíðarmálin. Á því þingi var af hálfu Alþýðuflokksins flutt ýtarlegt frumvarp um lausn dýrtíðarvandamálsins. Aðalatriði þess voru þau, sem hér segir:

1. Allt verðlagseftirlit skyldi sameinað hjá einum aðila og ná jafnt til innlendra sem erlendra vörutegunda og starfa eftir föstum grundvallarreglum.
2. Tollar skyldu afnumdir á skömmtunarvörum og nokkrum fleiri vörutegundum.
3. Farmgjöld skyldu lækkuð niður í það, sem þau voru fyrir stríð.
4. Hinni almennu heimild um útflutningsgjald, sem í lögum var, skyldi breytt í heimild til þess að leggja útflutningsgjald á vörur, sem seldar væru með stríðsgróða.
5. Stofnaður skyldi dýrtíðarsjóður, sem séð væri fyrir 14 millj. kr. tekjum auk útflutningsgjaldsins, til þess að koma í veg fyrir aukningu dýrtíðarinnar og styrkja þá framleiðendur, sem ekki fengju viðunandi verð fyrir afurðir sínar.
6. Ríkisstjórninni skyldi heimilað að kaupa birgðir af nauðsynjavörum og annast dreifingu þeirra.

Alþingi sinnti þessu frumvarpi ekki. Það var flutt öðru sinni, óbreytt að mestu, á þinginu 1942, og enn fremur var þá af hálfu Alþýðuflokksins flutt frumvarp um hækkun á gengi íslenzku krónunnar. Hvorugu þessara frumvarpa var sinnt. Í ársbyrjun 1942 settu Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hins vegar gerðardómslögin svo nefndu. Alþýðuflokkurinn barðist gegn þeim og verklýðshreyfingin öll sömuleiðis, enda hlaut sú lagasetning að teljast ranglát, fyrst ekkert hafði verið aðhafzt að gagni í dýrtíðarmálunum í heild og til þess að hagnýta stríðsgróðann til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar. Vísitalan hafði ekki hækkað sjö fyrstu mánuði ársins, en haldizt í 183 stigum. 1. desember var hún hins vegar komin upp í 272 stig, að langmestu leyti vegna þeirrar hækkunar, er varð á landbúnaðarvörum um haustið.

Dýrtíðarhjólið hélt því áfram að snúast. Alþýðuflokkurinn var eini stjórnmálaflokkurinn, sem lagði fram á Alþingi heildartillögur um lausn alls dýrtíðarmálsins og um ráðstafanir til þess að stöðva vöxt dýrtíðarinnar og vinna bug á henni. Enginn vafi er á því, að hefðu tillögur Alþýðuflokksins á árunum 1941—42 um afnám tolla, lækkun farmgjalda, öflugt verðlagseftirlit, útflutningsgjald og aðra tekjuöflun til þess að koma í veg fyrir aukningu dýrtíðarinnar verið framkvæmdar, auk þeirrar tillögu hans að hækka gengi krónunnar, þá hefði verið hægt að halda dýrtíð alger-

lega í skefjum. Þá hefði saga þeirra ára, sem á eftir komu, getað orðið öll önnur en hún varð. Þá ætti þjóðin ekki við sams konar erfiðleika að etja og hún á nú. Við því var hvað eftir annað varað af hálfu Alþýðuflokksins, m. a. í greinargerðum fyrir fyrr nefndum frumvörpum og í umræðum um þau, að vöxtur dýrtíðarinnar stefndi afkomu atvinnuveganna og öryggi gjaldmiðilsins í voða. Stærstu flokkar þingsins, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, sinntu ekki þessum aðvörunum. Eina mikilvæga „dýrtíðarráðstöfunin", sem þeir komu sér saman um á þessu tímabili, voru gerðardómslögin, auk þess sem þeir áttu til skiptis hlut að hinum sífelldu hækkunum á verði landbúnaðarafurða. Með aðgerðarleysi í dýrtíðarmálunum á þessum árum var atvinnu- og fjármálalíf þjóðarinnar sýkt þeim sjúkleika, sem ekki hefur enn tekizt að lækna. Alþýðuflokkurinn hafði frá upphafi augun opin fyrir því, að efnahagskerfið væri að sýkjast, svo sem fyrr greindar tillögur hans bera glöggan vott um, og hann benti á ráð til þess að lækna sjúkdóminn meðan hann var á byrjunarstigi. Það hefur reynzt þjóðinni dýrt og er að reynast henni dýrt núna, að ráðum Alþýðuflokksins skyldi ekki hafa verið fylgt árin 1941—42.

Alþýðuflokkurinn var því fylgjandi, að mestum hluta erlendu inneignanna í stríðslokin yrði varið til kaupa á nýjum framleiðslutækjum. Til þess að tryggja það og til þess að koma fram geysimikilvægum endurbótum á tryggingakerfi þjóðarinnar fyrst og fremst tók Alþýðuflokkurinn þátt í ríkisstjórn á árunum 1944—46. Almannatryggingalögin eru það höfuðspor, sem Alþýðuflokkurinn markaði á þessu tímabili, og má hiklaust telja það eitt hið gæfuríkasta, þeirra er stigin voru. Stjórn fjármála og atvinnumála var í höndum annarra flokka. Síðustu árin hefur Alþýðuflokkurinn einnig átt sæti í ríkisstjórn og haft stjórnarforustu. Á þessum árum hefur af hálfu Alþýðuflokksins hvað eftir annað verið bent á nauðsyn þess að hafa hemil á fjárfestingu og gæta varúðar í afgreiðslu fjárlaga, auk þess sem flokkurinn hefur viljað beita sér fyrir því, að verðlag og kaupgjald héldist stöðugt. Önnur stefna hefur hins vegar orðið ofan á. Samkeppni Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hefur haft óheppileg áhrif á stefnuna í fjárfestingarmálum og fjármálum ríkisins. Ábyrgðarlaus afstaða Sósialistaflokksins í verklýðsmálum hefur og verið sízt til bóta og á sinn þátt í þeim glundroða, sem orðið hefur.

Niðurstaða þessa máls er því, að sú stefna, sem leitt hefur til ófremdarástandsins í efnahagsmálum þjóðarinnar nú, hefur ekki verið mörkuð af Alþýðuflokknum. Hann varaði þvert á móti við henni í upphafi og lagði þá fram, einn stjórnmálaflokkanna, alhliða tillögur til þess að koma í veg fyrir, að svo gæti farið sem farið hefur. Nú, þegar allt er komið í óefni og grípa verður til einhvers konar neyðarráðstafana, mun Alþýðuflokkurinn telja það skyldu sína að standa sem trúastan vörð um hagsmuni umbjóðenda sinna, íslenzkrar alþýðu, og samþykkja það eitt, sem orðið getur til þess að auka hlut hennar í þjóðartekjunum, en beita sér gegn öllu, sem líklegt er til þess að rýra hann. Á þessu sjónarmiði grundvallar hann afstöðu sína til þess frv. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fyrir Alþingi.

Tvenns konar jafnvægisleysi.

Höfuðeinkenni þess ástands, sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar, er tvenns konar jafnvægisleysi. Í fjárhagsmálum þjóðarinnar er jafnvægisleysi, sem kemur fram í miklum mun á innlendu og erlendu verðlagi sem og peningatekjunum innanlands annars vegar og gjaldeyristekjunum, reiknuðum í íslenzkum krónum, hins vegar, en þetta veldur aftur á móti gjaldeyrisskorti og vöruskorti og nauðsyn á verzlunarhöftum, ef koma á í veg fyrir skuldasöfnun erlendis og algert verðhrun gjaldmiðilsins. En auk þessa er um að ræða félagslegt jafnvægisleysi. Tekjum þjóðarinnar og eignum er mjög misskipt. Einstakar stéttir búa við mjög ólík kjör. Í umróti síðasta áratugs hefur ekki aðeins fjármálakerfið færzt úr skorðum, heldur hefur einnig orðið mikil röskun á aðstöðu stétta og hagsmunahópa innbyrðis. Miklar stóreignir hafa safnazt á hendur einstaklinga, að langmestu leyti vegna utanaðkom-

andi aðstæðna, en fjöldi fólks hefur búið og býr enn við hörmuleg kjör vegna ýmissa aðstæðna, t. d. vegna húsnæðisskorts. Það er höfuðeinkenni þess frumvarps, sem hér er um að ræða, að því er aðeins ætlað að vera tilraun til þess að ráða bót á jafnvægisleysinu í fjárhagsmálum þjóðarinnar. Það er ekki tilgangur þess að ráða jafnframt nokkra bót á hinu félagslega jafnvægisleysi með gagngerum ráðstöfunum til tekju- og eignajöfnunar. Ég álít, að þessi tvö mál verði ekki aðskilin. Þau verður að leysa samtímis. Röskun sú, sem orðið hefur í fjárhagsmálum þjóðarinnar á undanförnum áratug, hefur jafnframt valdið mikilli félagslegri röskun. Útgerðargróðinn í stríðinu, hinn mikli verzlunarhagnaður, verðhækkunartekjurnar o. fl. eru allt saman afleiðingar þess m. a., að mjög hefur skort á jafnvægi í fjárhagsmálefnum þjóðarinnar. Um leið og reynt er að ráða bót á þessu jafnvægisleysi, er því eðlilegt og sjálfsagt að bæta jafnframt úr hinu félagslega jafnvægisleysi. Hin óeðlilega gróðamyndun síðasta áratugs hefur rýrt hlutdeild launþega í þjóðartekjunum hlutfallslega. Þau met þarf að jafna, um leið og gerðar eru ráðstafanir til þess að koma á jafnvægi í fjárhagsmálunum. Það hlýtur að vera eðlileg og sjálfsögð krafa launastétta.

Ég álít það þess vegna vera höfuðgalla frv., að það er einhliða. Það fjallar aðeins um einn þátt vandamáls, sem leysa verður í einu lagi. Til frekari rökstuðnings því, að óeðlilegt sé að greina þessi mál hvort frá öðru, má benda á annað atriði. Það, sem gera þarf til þess að koma á fjárhagslegu jafnvægi, er að binda endi á hallarekstur í útveginum og hjá hinu opinbera, samræma fjárfestingarfyrirætlanir sparnaðarfyrirætlunum og innlent verðlag og útlent. Þetta verður ekki gert nema með því að flytja tekjur milli stétta innanlands. Það leggur engar byrðar á þjóðina í heild að gera slíkar ráðstafanir, en það breytir tekjuskiptingunni innanlands. Ef sjávarútvegurinn þyrfti ekki á auknum tekjum að halda, væri hann ekki í neinum vandræðum. Þær auknu tekjur, sem hann þarf að fá, verða aðrar stéttir auðvitað að láta honum í té. Hlutdeild sjávarútvegsins í þjóðartekjunum getur ekki vaxið, nema hlutdeild annarra minnki. Í sérhverjum tillögum til þess að bæta úr jafnvægisleysinu í fjárhagsmálunum er því í rauninni fólgin tillaga um flutning á tekjum milli stétta, þ. e. tillaga, er hefur áhrif á hið félagslega jafnvægi eða jafnvægisleysi, sem fyrir er. Þess vegna er ekki hægt að dæma tillögur til þess að bæta úr jafnvægisleysinu í fjárhagsmálum einvörðungu út frá því sjónarmiði, hvort þær nái því marki, heldur verður einnig að athuga hin félagslegu áhrif, sem þær hafa, og þeim mun meiri ástæða er til þess, ef í þeim efnum er mikið jafnvægisleysi fyrir, svo sem á sér stað hér á landi nú.

Við undirbúning þessa frv. hefur verið gengið algerlega fram hjá þessari hlið málsins. Í frv. er gert ráð fyrir að koma þessum tekjuflutningi í kring með gengislækkun. En það er ekkert rætt í hinni löngu og ýtarlegu álitsgerð, sem frv. fylgir, hvort þessi aðferð sé réttlát. Með henni eru þeir, sem láta af hendi raunverulegar tekjur til sjávarútvegsins, látnir gera það í hlutfalli við það, hversu mikinn erlendan gjaldeyri þeir nota. Það er ómaksins vert að reyna að gera sér nánari grein fyrir því, hver áhrif þetta hefur á afkomu einstakra stétta, en í því felst að áætla lauslega þá hækkun á framfærslukostnaði almennt, sem af gengislækkuninni hlytist. Niðurstaðan gæti hæglega orðið sú, að fyllsta ástæða væri til þess að flytja einnig verulegar tekjur milli þeirra stétta innbyrðis, sem í heild verða að láta sjávarútveginum tekjur í té. Á þessu sést, að sérhver ráðstöfun, er snertir fjárhagsjafnvægið, snertir jafnframt félagslega jafnvægið. Þess vegna verða þessi tvö mál ekki aðgreind. Og þess vegna hefði það átt að vera liður í undirbúningi þeirra tillagna, sem hér er um að ræða, að athuga tekju- og eignaskiptinguna, eins og hún er nú, sem og sérstakar aðstæður, sem miklu máli skipta fyrir lífskjörin, svo sem húsnæðismálin. Með því móti einu hefði fengizt öruggur grundvöllur til þess að byggja á tillögur, er tryggðu, að hin nauðsynlega endurskipting þjóðarteknanna vegna sjávarútvegsins yrði réttlát.

Ég hef nú gagnrýnt frv. og undirbúning þess frá því sjónarmiði, að gengið hafi verið fram hjá hinni félagslegu hlið málsins. Þá vaknar næst sú spurning,

hvort það markmið, sem keppt er að með tillögunum, sé hið æskilegasta, sem til greina kemur, enn fremur, hvort líklegt sé, að það muni nást.

Frjáls verzlun eða full atvinna.

Höfuðmarkmið tillagnanna er að gera það kleift að gera verzlunina frjálsa. Í álitsgerð þeirri, er frv. fylgir, er kostum frjálsrar verzlunar lýst allýtarlega. Hins vegar er engin tilraun gerð til þess að rökstyðja það með tölum eða útreikningum, að þær ráðstafanir, sem um er að ræða, muni gera það kleift að gera verzlunina frjálsa. Ýmis einföld rök hníga að því, að svo muni alls ekki vera. Þjóðin ver ákveðnum hluta tekna sinna til kaupa á erlendum vörum, ef hún á frjálst val milli þeirra og innlendrar vöru. Reynsla áranna fyrir stríð, þegar meira jafnvægi var í utanríkisviðskiptum en verið hefur undanfarið, sýndi, að um það bil 50—60% þjóðarteknanna komu fram sem eftirspurn eftir erlendum vörum. Ef gert er ráð fyrir, að þjóðartekjurnar verði nú um 1500 millj. kr., má búast við 700—800 millj. kr. eftirspurn eftir erlendum vörum. Síðasta útflutningsáætlun fjárhagsráðs er 300 millj. kr. Sú upphæð hækkaði í 520 millj. kr. við gengislækkun þá, sem frv. gerir ráð fyrir. Enn vantaði þá 200—300 millj. kr. gjaldeyristekjur til þess, að hægt væri að gera verzlunina frjálsa. Ef tilætlunin er því sú, að verzlunin geti orðið frjáls, virðist allt benda til þess, að gengislækkunin þyrfti að vera mun meiri en gert er ráð fyrir í frv.

Að öðru leyti er það um þetta að segja, að ég tel það ekki eiga að vera höfuðmarkmið þeirrar stefnu, sem fylgt er í efnahagsmálum, að hægt sé að halda uppi svo nefndri frjálsri verzlun. Ég tel höfuðmarkmiðið eiga að vera það, að haldið sé uppi fullri atvinnu og full hagnýting allra framleiðslutækja tryggð. Svo álít ég, að verzlunin eigi að vera eins frjáls og samrýmist þessu höfuðmarkmiði. Ýmis fræðileg rök og gömul og ný reynsla virðist benda til þess, að vafasamt sé, að hvort tveggja geti farið saman, algerlega óheft framtak í framleiðslu og viðskiptum annars vegar og full atvinna og full hagnýting allra atvinnutækja hins vegar. Ég álít síðara markmiðið mikilvægara, og vil þó ekki gera lítið úr þeirri þýðingu, sem frelsi í framleiðslu og viðskiptum getur haft. En ég tel nauðsynlegt að hafa það eftirlit með viðskiptum, sem óhjákvæmilegt er til að tryggja öllum atvinnu. Höftin, sem hér hafa verið undanfarin ár, hafa ekki haft það hlutverk, heldur hafa þau verið ein af afleiðingum jafnvægisleysis þjóðarbúskaparins og þar af leiðandi eitt af sjúkdómseinkennum hans, svo sem m. a. sést af því ófremdarástandi, sem ríkt hefur á því sviði, og þeirri spillingu, sem þróazt hefur í skjóli þeirra.

Einstök atriði frumvarpsins.

Þá mun ég snúa mér að því að ræða einstök atriði frv.

Aðalatriði frv. er, að gengi krónunnar er lækkað um 42.6%, þ. e. verð erlends gjaldeyris hækkað um 74.3%. Ófullnægjandi rök eru þó færð fyrir því, hvers vegna einmitt þessi gengislækkun er valin. Í álitsgerð þeirri, sem frv. fylgir, er sagt, að hún sé miðuð við þarfir bátaútvegsins, og er þá verðið 10 d á ensku pundi af hraðfrystum fiski lagt til grundvallar, þar eð það sé lægsta verð, sem fáist fyrir þá vöru. Ekki er hins vegar skýrt frá niðurstöðum neinna athugana á því verði, sem búast megi við í framtíðinni, en það er auðvitað hið eina, sem máli skiptir í þessu sambandi. Ekki er heldur skýrt frá niðurstöðum neinna athugana á verði því, sem keppinautar okkar á fiskmörkuðunum selja vörur sínar á. Ástæða hefði verið til þess að gera sérstaka grein fyrir því, hvort líklegt væri, að gengislækkunin opnaði nýja markaði fyrir freðfisk, t. d. í Bandaríkjunum. Þá er og ekkert að því vikið, sem vitað er, að nauðsyn er á, að breytt verði um pakkastærð og pökkunaraðferðir í þessum iðnaði frá því, sem verið hefur. Engin grein er þar af leiðandi gerð fyrir því, hver áhrif það hefði á verðþörf útvegsins. Um hana eru yfirleitt engir nákvæmir útreikningar birtir.

Þá er enn fremur ekkert um það rætt, að fyrir gjaldeyri þann, sem verulegur

hluti saltfiskframleiðslunnar er seldur fyrir, þ. e. líruna, hafa útflytjendur undanfarið fengið 50% hærra verð en svarað hefur til skráðs gengis hans í Róm. Gengi lírunnar hækkar því um aðeins 16% við þessa gengisbreytingu, þar eð gera verður ráð fyrir, að tilætlunin sé að skrá hana í samræmi við hið opinbera gengi framvegis. En þetta skiptir verulegu máli fyrir saltfiskframleiðsluna.

Í álitsgerðinni er gert ráð fyrir því, að ferskfiskverðið muni geta hækkað upp í 93 aura fyrir kg. Fulltrúar frá L. Í. Ú. hafa á hinn bóginn látið svo um mælt á fundi í fjárhagsnefnd, að ólíklegt sé, að hægt verði að hækka fiskverðið nokkuð, þrátt fyrir gengislækkunina. Raunverulegt fiskverð til útvegsmanna mun nú vera um 83 aurar fyrir kg. Hér ber því allmikið á milli, og er nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvað telja má líklegt í þessum efnum.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að gengi krónunnar verði aftur tengt dollar, en það er nú tengt sterlingspundi, svo sem kunnugt er. Eðlilegra er, að krónan sé tengd þeirri mynt, sem Íslendingar stunda aðallega viðskipti í. Það virðist ekki hafa verið talið í ósamræmi við reglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þegar krónan var tengd sterlingspundi á s. l. hausti. Er ástæðulaust að breyta nú til um þetta og ekki til bóta.

Í 2. gr. frv. er ríkisstjórn og þjóðbanka falið að skrá gengi krónunnar framvegis. Hér er um að ræða mjög mikilvægt vald, mikilvægara en löggjafarvald á ýmsum sviðum fyrir hagsmuni hinna ýmsu stétta. Alþingi hefur haft þetta vald. Ég álít það ekki mega afsala sér því.

Samkvæmt 3. gr. frv. á að greiða eigendum sparifjár uppbætur eftir vissum reglum. Engin skýrsla fylgir þó um, hversu miklu þessar uppbætur muni nema. Samkvæmt upplýsingum Landsbankans má gera ráð fyrir, að sparifé fyrra tímabilsins yrði bætt með 13%, en fé seinna tímabilsins með 2%. Er hið síðara svo lág upphæð, að varla verður talið réttlætanlegt að efna til mjög mikils kostnaðar í sambandi við slíka uppbótargreiðslu. Það er og mikill galli á þessum uppbótargreiðslum, að þær eru bundnar við sparifé einvörðungu, en á verðbréfaeign skuli engar bætur greiddar. Eigendur stofnlánadeildarbréfa eiga þannig ekki að fá neinar bætur, og þó voru þau bréf keypt fyrir sparifé að verulegu leyti, og fyrir áeggjan ríkisvaldsins, en vextir af þeim eru lágir. Þá má og á það benda, að eðlilegra hefði verið að greiða þessar uppbætur af andvirði eignarskattsins, þar eð bókfærsluhagnaður sá, sem hlýzt af endurmati erlendu innstæðnanna, verður ekki talinn greiðsluhæfur í venjulegum skilningi.

Í 4.—8. gr. er gert ráð fyrir greiðslu til kaupuppbótar samkvæmt sérstakri vísitölu. Ekki á þó að miða við vísitölu þá, sem reiknuð hefur verið út af kauplagsnefnd, heldur skal grundvelli hennar breytt, þannig að húsaleiguliðurinn og kjötliðurinn skulu hækka. Þessar breytingar á grundvellinum valda því, að breytingar á verði erlendrar vöru hafa minni áhrif á vísitöluna eftir en áður, en það er auðvitað fyrst og fremst erlend vara, sem gert er ráð fyrir að hækki vegna gengislækkunarinnar. Ekki er vikið einu orði að því í greinargerð frv. eða álitsgerð þeirri, sem því fylgir, að breyting vísitölugrundvallarins muni hafa þessi áhrif, og verður það að teljast mjög miður farið, einkum þegar þess er gætt, að ástæðan til þess, að stungið er upp á þessari breytingu, getur varla verið önnur en sú, að láta verðbreytingu erlendu vörunnar hafa minni áhrif en ella. Breytingin virðist og enn hæpnari, þegar þess er gætt, að einn af ágöllum gömlu vísitölunnar virðist vera sá, að erlend vara skipti þar of litlu máli, eins og neyzluvenjum er nú orðið háttað, en ekki of miklu. Engir útreikningar fylgja frv. um það, hver áhrif þessi breyting á vísitölugrundvellinum hefði. Gera má ráð fyrir, að hækkun hinnar nýju vísitölu verði um þriðjungi minni en hækkun hinnar gömlu vegna breytinga á erlendu verðlagi. Ef launþegum er sagt, að þeir eigi að fá uppbætur í hlutfalli við breytingar á framfærslukostnaði, eiga uppbæturnar að sjálfsögðu að miðast við breytingar, sem eru eins rétt reiknaðar og unnt er, og er nauðsynlegt að breyta þessum ákvæðum, auk þess sem eðlilegt er, að uppbæturnar verði greiddar mán-

aðarlega. Þá er og ekki gert ráð fyrir því, að uppbætur séu greiddar á lifrarpeninga skipverja á togurum, en þar er þó um venjulegt kaupgjald að ræða, og er það ekki miðað við afurðaverð, svo sem ráð virðist fyrir gert í frv. Kaup yfirmanna á hins vegar að hækka um 74% vegna gengislækkunarinnar, og þarf að breyta þessu hvoru tveggja.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir framleiðslugjaldi á ýmsar útflutningsafurðir. Ekki fylgja frv. neinar rekstraráætlanir, sem sýni, hvernig upphæð framleiðslugjaldanna sé fundin. Lauslegar athuganir virðast benda til, að ekki sé samræmi milli 25% útflutningsgjaldsins á ísfisk og 10% gjaldsins, sem gert er ráð fyrir, að greitt verði af aflaverðmæti nýju togaranna, annars en ísfisks og síldar, þar eð hið síðarnefnda er brúttógjald.

Í 12. gr. eru ákvæði um sérstakan eignarskatt. Hlutverk hans er að koma í veg fyrir, að eigendur þeirra eigna, sem hækka í verði vegna gengisbreytingarinnar, hagnist á verðlagshækkuninni. Hér er því alls ekki um eignarskatt í venjulegum skilningi að ræða, heldur tilraun til þess að innheimta í ríkissjóð verðhækkunarhagnað, sem hlýzt af opinberum ráðstöfunum. Reglurnar um skattinn eru þó svo vægar, að verðhækkunin verður vafalaust ekki greidd öll. Skatturinn nemur varla meiru en 3—4% af þeirri heildareign, sem hann er lagður á, og er þá verð fasteigna miðað við 8-falt fasteignamat. Og þessi skattur á að greiðast á 20 árum, og af skattskuldinni eiga ekki að greiðast nema 3½% vextir. Þessi skattur verður því alls ekki skoðaður sem umtalsverð byrði á eignastéttir landsins, enda virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir því, að hann væri það, svo sem sést m. a. af því, að sparifé, peningar, verðbréf og útistandandi skuldir eiga ekki að teljast til skattskyldra eigna. Reglunum um skattálagninguna er ábótavant í einstökum atriðum. Það er galli, að skatturinn skuli aðallega verða hlutfallslegur, en ekki stighækkandi. Ekki er heldur samræmi í reglunum, sem gilda um mat á fasteignum og öðrum eignum, t. d. skipum.

Tvö sjónarmið.

Ég hef nú rætt frv. í heild og í einstökum atriðum. Niðurstaðan er mjög neikvæð. Ég tel hina félagslegu hlið málsins hafa verið vanrækta við undirbúning þess og það þess vegna einhliða lausn á þeim vanda, sem að steðjar. Ég tel ekki rétt að miða stefnuna í efnahagsmálum þjóðarinnar við það fyrst og fremst að koma hér á frjálsri verzlun, heldur hitt, að tryggja öllum atvinnu og fulla hagnýtingu allra framleiðslutækja. Enn fremur álít ég, að ráðstafanir þær, sem ráðgerðar eru, mundu alls ekki nægja til þess að gera verzlunina frjálsa. Þá hef ég og gagnrýnt einstök atriði frv., sérstaklega ákvæðin um vísitöluuppbótina og eignarskattinn.

Slíkar ráðstafanir sem þessar verður fyrst og fremst að dæma út frá tveim sjónarmiðum. Athuga verður, hvort líklegt sé, að þær nái tilgangi sínum, og svo hitt, hvort þær geti talizt réttlátar. Ef tilgangur þessara tillagna er sá, að koma hér á frjálsri verzlun, ná þær vafalaust ekki tilgangi sínum. Miklu líklegra er hins vegar, að takast mætti með framkvæmd þeirra að eyða hallarekstri í útgerðinni, og þó er ekki trygging fyrir því, þar eð ekki hafa verið færð rök fyrir, að eðlilegt sé að miða við það útflutningsverð á freðfiski, sem við er miðað. Það, hvort slíkar tillögur ná tilgangi sínum, er og algerlega komið undir því, hvaða stefnu verður fylgt framvegis í fjárfestingarmálum og fjármálum ríkisins. Verði sömu stefnu og undanfarið fylgt á því sviði, er vafalaust, að slíkar ráðstafanir koma ekki að haldi, og sækir þá fljótlega aftur í sama horfið. Þá er og árangurinn að mjög verulegu leyti undir því kominn, hvernig verkalýðs- og launþegasamtök bregðast við. Ef þau telja gengið á hlut sinn með óréttmætum hætti og hækka kaup sitt verulega umfram það, sem gert er ráð fyrir í frv., geta ráðstafanirnar reynzt útflutningsatvinnuvegunum gagnslausar. Hér er um að ræða mjög mikilvægt atriði. Frv. hefur að engu leyti verið undirbúið í samráði við verkalýðssamtökin. Ýmis ákvæði þess eru til þess fallin að vekja tortryggni af hálfu þeirra, og er það miður farið. Verkalýðssamtökin gera sér vafalaust ljóst, að engum er gagn að gagnkvæmum hækkunum á kaupgjaldi og verð-

lagi, sízt hinum vinnandi stéttum sjálfum. Alþýða manna mun vafalaust ekki skorast undan því að taka á sínar herðar sanngjarnan hluta af þeim byrðum, sem á þjóðina í heild kann að verða að leggja vegna versnandi markaðsskilyrða, ef málin eru lögð hreinskilnislega fyrir hana og hún telur sig geta borið traust til þeirra, sem með framkvæmdarvaldið fara. En það er eðlileg krafa verkalýðssamtaka, að þeir fórni fyrst og þeir fórni mest, sem haft hafa stórtekjur og safnað hafa stóreignum á undanförnum áratug.

Og þá er komið að síðara atriðinu. Slíkar ráðstafanir verða ekki taldar réttlátar, nema þær dreifi þeim byrðum, sem eru þeim samfara, þannig, að meginþunginn lendi á þeim, sem breiðust hafa bökin. Hér er gert ráð fyrir því, að það, sem sjávarútvegurinn fær, skuli greitt af öðrum í hlutfalli við notkun erlends gjaldeyris, en þar eð engar tekjujöfnunarráðstafanir fylgja, verður slíkt að teljast mjög ranglátt.

Alþýðuflokkurinn og gjaldeyrislækkunin.

Síðustu þing Alþýðuflokksins og Alþýðusambandsins lýstu sig andvíg gengislækkun, og Alþýðuflokkurinn lýsti því einnig yfir fyrir síðustu kosningar, að hann mundi beita sér gegn slíkri ráðstöfun. Ástæðan var ekki sú, að Alþýðuflokkurinn hlyti ávallt og undir öllum kringumstæðum að telja gengisbreytingu andstæða hagsmunum umbjóðenda sinna. Hann fylgdi gengisbreytingunni 1939, þar eð hann taldi hana nauðsynlega og vegna þess, að samhliða henni voru gerðar raunhæfar ráðstafanir til þess að sporna gegn dýrtíð og til þess að bæta kjör þeirra, sem lágt voru launaðir, enda var stjórn Alþýðusambandsins ráðstöfun þessari fylgjandi. Ef gengisbreyting ætti að vera réttlætanleg frá sjónarmiði Alþýðuflokksins, eins og ástandið hefur verið undanfarinn áratug og er nú, yrði að gera svo róttækar breytingar á efnahags- og félagsmálum þjóðarinnar, að engar líkur eru til þess, að um þær gæti orðið samkomulag, eins og Alþingi er nú skipað. Skal ég drepa á nokkur atriði í þessu sambandi.

1. Breyta þarf skipulagsháttum í útgerð landsmanna, sérstaklega stórútgerðinni og ýmsum fiskiðnaði, svo sem rekstri hraðfrystihúsa, þannig að tryggt verði, að tækin séu ávallt hagnýtt með hagsmuni heildarinnar fyrir augum og að gróða góðæra sé ekki varið með óeðlilegum hætti, heldur einvörðungu í þágu atvinnuveganna sjálfra. Bæta þarf og rekstrarhætti bátaútgerðarinnar, hagnýta kosti stórrekstrar meira en gert er í sambandi við hana og auka sparneytni í rekstrinum.
2. Gerbreyta þarf skipulagi innflutningsverzlunar landsmanna og binda enda á það ástand, að hún sé mikil og örugg gróðalind. Þarf að skipuleggja hana þannig, að hún sjái landsmönnum fyrir sem beztri og ódýrastri erlendri vöru og dreifi henni með sem lægstum kostnaði. Slíkt verður ekki tryggt, nema með því, að hið opinbera taki innflutningsverzlunina í sínar hendur að verulegu leyti, á þeim sviðum, þar sem hagkvæmast er að gera innkaup í sem stærstum stíl eða kaupa þarf í sambandi við verzlunarsamninga, en hafi að öðru leyti náið eftirlit með verzluninni.
3. Auka þarf rekstrarhagkvæmni bæði landbúnaðar og innlends iðnaðar frá því, sem verið hefur, fyrst og fremst með aukinni tækni og bættum vinnuaðferðum og með því að efna til stórrekstrar á þeim sviðum, þar sem hann hentar bezt.
4. Gera þarf róttækar ráðstafanir til þess að leysa húsnæðisvandamálið. Þúsundir manna búa við rýr kjör, ekki vegna þess, að þeir hafi ekki atvinnu eða sæmileg laun, heldur vegna þess, að þeir búa í óhæfu húsnæði eða sæta afarkostum um kjör í skjóli skortsins.
5. Gera þarf gagngerðar breytingar á skattakerfinu til þess að tryggja rétt framtöl og koma í veg fyrir, að óeðlilegur skattþungi lendi á herðum launamanna, auk þess sem hækka þarf persónufrádrátt verulega. Til þess að tryggja nokkra eignajöfnun þyrfti að leggja á raunverulegan stóreignaskatt.

6. Enn fremur þarf að gera ráðstafanir til sparnaðar hjá hinu opinbera og til aukinnar hagsýni í opinberum rekstri.

Af ástæðum þeim, sem raktar hafa verið í þessu nefndaráliti, hlýtur stefna sú, sem fylgt er í frv. því, sem hér liggur fyrir, að teljast andstæð stefnu Alþýðuflokksins, eins og hún hefur verið mótuð á síðustu þingum hans og í síðustu kosningastefnuskrám. Það er ekki tryggt, að frv. nái þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná. Leiðin, sem fara á til þess, er ekki réttlát. Þess vegna legg ég til, að frv. verði fellt.

Breytingartillögur mun ég þó leggja fram á sérstöku þingskjali og gera grein fyrir þeim í framsögu.

Alþingi, 11. marz 1950.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 419. Frumvarp til laga [110. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Að fengnum meðmælum viðkomandi hreppsnefndar og sýslunefndar heimilast ríkisstjórninni að selja eftirtaldar jarðir:

1. Þjóðjörðina Bakka í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Þór Vilhjálmssyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943.
2. Eyðijörðina Fagranes í Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu Rúti Þorsteinssyni bónda í Engimýri.
3. Eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi, enda sé við söluna tekið tillit til þeirrar greiðslu, er ríkissjóði hefur verið gert að greiða fráfarandi ábúanda.

Söluverð Fagraness og Granda skal ákveðið af dómkvöddum mönnum. Við mat Granda skal taka tillit til þess, að ríkissjóði hefur við úttekt verið gert að kaupa hús og mannvirki fráfaranda á kr. 6875. Við mat á Fagranesi skal taka tillit til, hversu semst við Brunabótafélag Íslands um greiðslu vegna brunatjóns, sem jarðareigandi á á hendur félaginu, og haga matinu í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 420. Lög [84. mál]

um skipamælingar.

(Afgreidd frá Ed. 13. marz.)

Samhljóða þskj. 377.

Nd. **421. Frumvarp til laga** [131. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 41/1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Endurgreiðsla skv. 6. gr. skal ekki hefjast fyrr en stofnlánadeildin hefur innt af hendi lánveitingar (A-lán) til þeirra fyrirtækja, sem ríkissjóður hefur orðið að útvega lán til bráðabirgða vegna lánsfjárskorts deildarinnar. Fé það, sem hefur verið endurgreitt seðlabankanum, skal stofnlánadeildin fá til umráða nú þegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með bréfi, dags. 11. marz s. l., óskaði fjármálaráðherra eftir því við fjárhagsnefnd, að hún flytti frv. þetta. Hefur nefndin orðið við þeirri ósk, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur að fylgja breytingartillögum.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Áður en lögin um stofnlánadeild sjávarútvegsins voru sett, hafði ríkisstjórnin samið um smíði 50 fiskibáta í Svíþjóð og 30 togara í Bretlandi. Nýbyggingarráð hafði veitt eigendum þessara skipa meðmæli til lánveitinga úr stofnlánasjóði. En er til kom, reyndist veltufé stofnlánadeildar hvergi nærri nóg til að fullnægja eftirspurninni, með þeim afleiðingum meðal annars, að eigendur 7 togara og 17 Svíþjóðarbáta fengu engin stofnlán þrátt fyrir meðmæli nýbyggingarráðs og gátu því ekki staðið við samninga um greiðslu kaupverðs við afhendingu skipanna. Ríkisstjórnin varð hins vegar að standa við skuldbindingar sínar við skipasmíðastöðvarnar. Nú var um tvennt að velja, annaðhvort að leggja skipunum við landfestar, því að um nýja kaupendur var ekki að ræða, nema stofnlán fengist, eða þá að útvega lán til bráðabirgða, sem samsvaraði stofnlánunum, og var sá kostur tekinn. Skuldir þær, sem ríkissjóður þannig ber ábyrgð á, nema vegna togaranna 16.5 millj. kr. og vegna Svíþjóðarbátanna ca. 9.5 millj. kr. Af lánum þessum greiðast nú yfirdráttarvextir, eða 7% í stað 2½%, sem vextir stofnlánadeildar eru, og kemur því fram vaxtamunur, sem ríkissjóður mun verða að greiða, þar sem ekki getur talizt sanngjarnt að leggja þá byrði á eigendur skipanna, enda getur nú engin útgerð borið svo háa vexti af stofnkostnaði. Það er því einsýnt, að breyta þarf þessum bráðabirgðalánum hið fyrsta í stofnlánadeildarlán, og er þetta frv. flutt í þeim tilgangi.

Með frumvarpi þessu er ætlazt til, að stofnlánadeildinni verði veittur takmarkaður gjaldfrestur á afborgunum til seðlabankans og að það fé, sem þannig sparast, verði notað til nýrra A-lána út á þau skip, sem fyrr greinir, og jafnframt til greiðslu þeirra lána, sem ríkisstjórnin útvegaði til þess, að ekki þyrfti að stöðva útgerð skipanna.

Stofnlánadeildin mun nú hafa endurgreitt seðlabankanum 12 millj. kr., og árlegar afborganir nema um 6 millj. kr., þannig að þessi gjaldfrestur mun ekki þurfa að standa nema 2—3 ár.

Með þessu er ekki verið að stofna til nýrrar fjárfestingar. Féð hefur þegar verið fest í auknum yfirdráttarskuldum ríkissjóðs, en með þessari löggjöf vinnst það, að efnd verða loforð ríkisvaldsins við eigendur skipanna um hagkvæm stofnlán og ríkissjóður losnar við vaxtabyrði, sem nemur nú um 1 millj. kr. á ári.

Nd. 422. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt. Við teljum, að ríkinu beri að hafa fyllstu aðgæzlu á því að verja ekki í þessu skyni meiri fjármunum en nauðsyn ber til og að gagni getur komið. Við höfum nú einn sendiherra á öllu meginlandi Evrópu. Höfum við þó haft þar allmikil viðskipti og vonum, að svo verði framvegis, og þyrftum vissulega að auka þau.

Þar sem ósýnt er, að um mikil eða margvísleg viðskipti geti orðið að ræða við Norðurlönd, er líklegt, að það mundi ekki ofvaxið einum góðum manni að leysa störfin af hendi fyrir okkur í þeim löndum.

Alþingi, 14. marz 1950.

Jörundur Brynjólfsson, fundaskr., frsm. Áki Jakobsson.

Nd. 423. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Í stað 4.—8. gr. frumvarpsins komi ein grein, svo hljóðandi:
   Hvarvetna þar, sem fjárhæð starfslauna eða annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu samkvæmt lögum, samningum eða á annan hátt, skal miða við vísitölu kauplagsnefndar um framfærslukostnað í Reykjavík. Frá og með 1. apríl 1950 skulu öll slík laun og greiðslur greiddar með fullri verðlagsuppbót samkvæmt ofangreindri vísitölu, miðað við verðlag næsta mánaðar á undan.
2. Aftan við 8. gr. frv. bætist ný grein, svo hljóðandi:
   Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, umreiknuðum samkv. lögum nr. 20 20. maí 1942, skal draga, áður en skattur er á þær lagður, sem hér segir:

Fyrir einstakling	.....	kr. 1200.00
— hjón	.....	— 2400.00
— hvert barn	.....	— 1000.00

3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði um, að verðtoll samkv. lögum nr. 62/1939 skuli innheimta með 65% álagi samkv. 1. gr. laga nr. 2/1950, skulu úr gildi falla.
4. Við 15. gr.
   a. Framan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Lög nr. 1/1950, um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., að undantekinni 14. gr., skulu gilda til ársloka 1950.
   b. Orðin „lög nr. 1/1950, um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., 1.—9., 12. og 13. gr.," falli burt.

Nd. 424. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Jónasi Árnasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný grein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að láta námsfólki, sem dvelst við nám erlendis, í té gjaldeyri við því verði, sem gilti fyrir gildistöku þessara laga, og greiðist kostnaður af þessum ráðstöfunum úr ríkissjóði.

Þessi heimild nær einnig til þess gjaldeyris, sem veittur er sjúklingum, er nauðsynlega þurfa að leita sér lækninga erlendis, enda liggi fyrir vottorð um nauðsyn þessa frá lækni viðkomanda.

Ed. 425. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaður nefndarmaður vill taka það fram, að sú töf, sem orðið hefur á útgáfu þessa nefndarálits, stafar af því, að gögn þau, er lágu til þess, að ríkisstjórnin ákvað að nota ekki heimild þá, er Alþingi veitti henni 1946, til þess að endurgreiða húseigendum tolla þá, er um ræðir í frv. þessu, og athuganir, sem fram fóru þar að lútandi, bárust ekki mér í hendur fyrr en í morgun.

Eftir að hafa kynnt mér skjöl þau og athugað málið að öðru leyti, treystist ég ekki til þess að mæla með því, að það verði samþykkt, og skulu færðar fram nokkrar ástæður fyrir þeirri skoðun minni.

1. Tollur sá, er endurgreiðast á, virðist hafa átt að greiðast ríkissjóði á árunum 1945—1947, og hygg ég óheyrt, að áður hafi verið seilzt svo langt aftur í tímann til endurgreiðslu tolla úr ríkissjóði.
2. Hús þau, er hér um ræðir, eru nú að söluverði langt yfir kostnaðarverð. Hafa því húseigendur stórgrætt á því að reisa hús þessi, miðað við það, að þeir hefðu ekki reist sér hús.
3. Fjárhag ríkissjóðs er nú ólíkt farið því, sem var, þá er heimild sú var samþykkt um endurgreiðslu, sem að framan getur. Nú verður að gæta hins mesta sparnaðar og helzt ekkert greiða um brýna nauðsyn fram, en þá þótti ýmsum minni þörf á að synja óskum manna til greiðslu úr ríkissjóði, þótt fjárfrekar væru.
4. Verði frv. þetta samþykkt, má víst telja, að fleiri kröfur komi á eftir á ríkissjóð um endurgreiðslu tolla, t. d. vegna sænsku bátanna svo kölluðu, en þeir munu nú undantekningarlaust ekki vera seljanlegir fyrir nema brot af kostnaðarverði og eigendur enn fremur orðið fyrir stórtjóni á rekstri þeirra. Þó var sá eðlismunur á þeim kaupum, að húsasmíð gat farið fram hér á landi, en bátana varð að láta smíða erlendis, og því ekki að nauðsynjalausu dregin atvinna úr höndum Íslendinga við bátasmíðina.
5. Fari fram endurgreiðsla eftir því, sem frv. gerir ráð fyrir, hljóta sumir húseigendur ófyrirsynju óvænt höpp, t. d. þeir, sem keypt hafa hús þessi á venjulegu söluverði (eða eftir settum samþykktum, þar sem um slíkt var að ræða) án tillits til allrar tollendurgreiðslu. Virðist engin ástæða til þess að greiða nú slíkum húseigendum stórfé.

Um undirskriftir þingmanna, er samþykkja þær fjárgreiðslur úr ríkissjóði, sbr. greinargerð frv., ætti sem minnst að tala, og sú óvenja ætti ekki að eiga sér stað. Þá skal þess hér getið, að samkvæmt afriti, sem fyrir lá af undirskriftasöfnun vegna þessa máls, þá er meira en fjórði hluti undirskrifenda nú horfnir af Alþingi.

Alþingi, 14. marz 1950.

Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 426. Breytingartillaga [68. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 33. gr. Greinin falli niður.

Ed. 427. Breytingartillaga [68. mál]

við brtt. á þskj. 397 (Almannatryggingar).

Frá Haraldi Guðmundssyni, Gísla Jónssyni og Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Meginmál 3. tölul. (ný grein á eftir 21. gr.) orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir lok ársins 1950 láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má, að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal Tryggingastofnunin gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum, og hafa samráð og samvinnu við trygginganefndir og héraðsstjórnir um þær tillögur.

Ed. 428. Breytingartillaga [68. mál]

við brtt. á þskj. 394 (Almannatryggingar).

Frá Haraldi Guðmundssyni og Gísla Jónssyni.

Á eftir orðunum „tekjumissi vegna barnsburðar“ í meginmáli brtt. bætist: og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði.

Nd. 429. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
3. Við 5. gr. Greinin falli niður.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Frá 1. apríl 1950 skulu laun breytast mánaðarlega samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og sömuleiðis lifrarpeningar skipverja á togurum. Kaup það, sem nú er greitt, skal talið svara til vísitölu kauplagsnefndar, eins og hún var 1. september 1949 (330 stig). Skal kaup breytast 1. apríl 1950 í hlutfalli við þá hækkun, sem orðið hefur á visutölu marzmánaðar, og upp frá því skal kaup breytast hinn fyrsta dag hvers mánaðar, ef breyting verður á vísitölunni. Þó skal ekki tekið tillit til þeirrar breytingar á framfærslukostnaði, sem vísitala kauplagsnefndar sýnir og á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum samkvæmt 4. gr. l. nr. 94/1947 vegna hækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af ákvæðum greinar um breytingu á launum.

Fyrir 1. júlí 1950 skal kauplagsnefnd með aðstoð Hagstofu Íslands endurskoða útreikning vísitölunnar með það fyrir augum, að vísitalan sýni sem réttasta mynd af þeirri breytingu, sem verður á raunverulegum framfærslukostnaði.

Ed. 430. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um ónæmisaðgerðir.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á ný og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. (LJóh) var fjarverandi og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. marz 1950.

H. Guðmundsson, form., frsm. Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr. Gísli Jónsson.

Finnbogi R. Valdimarsson.

Nd. 431. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Sigurður Ágústsson, Jóhann Hafstein.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Gengishagnaður sá, sem myndast við það, að hrein (netto) gjaldeyriseign íslenzkra banka verður seld hærra verði eftir gengislækkunina, skal renna í ríkissjóð og varið til lánveitinga sem hér segir:

1. Einn þriðji hluti skal lánaður byggingarsjóði verkamanna samkv. lögum nr. 44/1946.
2. Einn þriðji hluti skal lánaður byggingarsjóði samkv. lögum nr. 35/1946 til byggingarframkvæmda í sveitum.
3. Einn þriðji hluti skal lánaður Ræktunarsjóði Íslands til 20 ára með jöfnum afborgunum og 2% ársvöxtum.

Lán til byggingarsjóðanna samkv. 1. og 2. tölul. skulu vera bráðabirgðalán með 4% ársvöxtum og endurgreiðast ríkissjóði jafnharðan og tekjur sjóðanna af eignarskatti samkv. 12. gr. innheimtast.

Því fé, sem ríkissjóður fær endurgreitt af lánum samkv. 1.—3. tölul., skal jafnharðan varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

2. Við 11. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Framangreindu framleiðslugjaldi skal varið samkvæmt fyrirmælum fjárlaga í lánveitingar til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des. 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þegar því er lokið, skal framleiðslugjaldinu varið til að standa straum af og endurgreiða skuldir ríkisins, sem myndazt hafa í sambandi við togarakaup, ábyrgðargreiðslur og aðrar ráðstafanir og framkvæmdir í þágu sjávarútvegsins á liðnum árum, og því næst til að greiða önnur útgjöld ríkisins.

3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Á árinu 1950 skal leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 6/1935, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. des. 1949.

Mat á verðmæti eigna skal fara fram eftir ákvæðum skattalaga, og hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum breytingum:

1. Fasteignir skulu metnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu með tölunni 6 að því er varðar Reykjavík, tölunni 5 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 4000 íbúa í árslok 1948, tölunni 4 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 2000 íbúa á sama tíma, og tölunni 3 að því er tekur til annarra landshluta.
2. Verðmæti skips skal talið vátryggingarverð þess, nema sannað sé með mati, að eðlilegt söluverð þess sé annað.
3. Innstæður erlendis, sem til voru í árslok 1949 og óeyddar eru við gildistöku laga þessara, reiknast með því verðgildi, sem þær hafa eftir að gengisbreyting samkvæmt lögunum hefur komið til framkvæmda.
4. Frá eignum dregst gengistap vegna skulda í erlendum gjaldeyri, sem ógreiddar eru við gildistöku laganna og stofnað hefur verið til vegna innflutnings á vörum eða skipum með leyfi gjaldeyrisyfirvalda, enda sé sannað, að útsöluverð vörunnar hafi verið ákveðið áður en lög þessi ganga í gildi og miðað við það gengi, er þá var.

Frá eignum dragast enn fremur þær fjárhæðir, sem lagðar hafa verið í nýbyggingarsjóði samkv. lögum nr. 20/1942, hvort sem búið er að verja þeim að öllu leyti til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki.

Félög greiða ekki eignarskatt samkvæmt lögum þessum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkvæmt sérstökum lögum. Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, teljast ekki þær eignir, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en eiga þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46/1937. Eigi heldur það fé, sem útgerðarfélög hafa lagt í nýbyggingarsjóði, samkv. lögum nr. 20/1942, um breytingar á l. nr. 6/1935.

Af eignum einstaklinga, reiknuðum samkvæmt framansögðu, eru fyrstu 300 000 kr. hjá hverjum skattaðila skattfrjálsar. Ef eign nemur 300 000—500 000 kr. reiknast 10% af því, sem er umfram 300 þús. kr.

Af 500 þús.—1 millj. kr. reiknast 20 þús. kr. af 500 þús. kr. og 15% af afgangi.

Af 1 millj.—1½ millj. kr. reiknast 95 þús. kr. af 1 millj. kr. og 20% af afgangi.

Af 1½ millj. kr. reiknast 195 þús. kr. og 25% af afgangi.

Skatturinn skal greiðast í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda. Nú er skattur hærri en kr. 2000.00, og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 20 árum og séu ársvextir af þeim 4%. Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda fasteignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.

Félagsmaður í samvinnufélagi getur krafizt þess að fá útborgað úr félaginu þann hluta af þeim skatti, er honum ber að greiða, sem á hefur verið lagður vegna eignar hans í félaginu. Eigandi hlutabréfs getur einnig krafizt þess að fá útborgað úr viðkomandi hlutafélagi til greiðslu á skatti samkvæmt lögum þessum þann hluta af þeim skatti, er honum bar að greiða, sem á hefur verið lagður vegna eignar hans í hlutafélaginu. Slík útborgun til hluthafa frá hlutafélagi telst ekki skattskyld samkv. ákvæðum laga nr. 20/1942, um breyting á lögum nr. 6/1935. Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað gjaldanda ber að greiða af nettó-eign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim.

Af skatti þessum skulu 5 milljónir króna renna til aflatryggingasjóðs, er teknar séu af óskiptu og greiðast af því fé, er fyrst innheimtist. Af skattinum skal enn fremur verja 10 millj. króna til uppbóta á sparifé samkv. 13. gr.

Að öðru leyti skal skattinum skipt í tvo jafna hluta. Öðrum hlutanum skal varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs, en hinn hlutinn skiptist til helminga milli byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 35/1946 og byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 44/1946. Skuldabréf, sem eignarskattur samkv. þessari grein er greiddur með, skulu vera lögmæt greiðsla upp í lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbanka Íslands, en ríkissjóður ábyrgist gagnvart bankanum greiðslu bréfanna.

4. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Af skatti þeim, sem innheimtist samkvæmt 12. gr., skal 10 milljónum króna varið til þess að bæta verðfall, sem orðið hefur á sparifé einstaklinga, þ. e. einstakra manna, en ekki félaga, stofnana, sjóða eða annarra ópersónulegra aðila. Til sparifjár telst í þessu sambandi fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparisjóði, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar lánsstofnanir, sem eins stendur á um að þessu leyti. Enn fremur innstæður einstaklinga í verzlunarreikningum, sem venjulegir innlánsvextir sparisjóða hafa verið greiddir af, enda liggi fyrir yfirlýsing skattanefnda um innstæðuna og skattgreiðslu af henni.

Skilyrði bóta er, að innstæðan hafi verið talin fram til skatts og staðið óslitið frá árslokum 1941 til ársloka 1949 til ávöxtunar í nefndum láns- eða viðskiptastofnunum. Samt fellur réttur til bóta ekki niður, þótt sparifé hafi verið flutt úr einum sparifjárreikningi í annan í sömu stofnun, eða úr sparifjárreikningi í einni stofnun í sparifjárreikning í annarri stofnun, enda hafi nefndur flutningur ekki tekið meira en tvo daga, ef fé er flutt innan sama bæjarfélags, en annars ekki meira en tvær vikur.

Bætur skulu því aðeins greiddar, að eigandi innstæðu sé á lífi, er lög þessi

taka gildi. Þó skulu maka innstæðueiganda, foreldri eða nið greiddar bætur á innstæðu, sem þannig hefur gengið að erfðum.

Bætur þessar má greiða í ríkisskuldabréfum.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um framkvæmd á úthlutun bóta samkvæmt þessari grein, þar á meðal um innköllun kröfueigenda innan hæfilegs og tiltekins frests að viðlögðum kröfumissi. Landsbanka Íslands skal falin framkvæmd úthlutunarinnar.

5. Við 15. gr. Á undan orðunum „svo og öll önnur ákvæði" komi: 2. kafli laga nr. 128/1947.

Nd. 432. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá 4. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég lít svo á, að eins og nú er komið atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar, sé óhjákvæmilegt að breyta skráðu gengi íslenzkrar krónu, en um það er 1. gr. þessa frumvarps. Verðgildi íslenzku krónunnar hefur í raun og veru farið sílækkandi um alllangt skeið, þó að það hafi ekki verið viðurkennt opinberlega með breytingu á gengisskráningunni. Hins vegar tel ég, að gengisbreyting ein út af fyrir sig sé ekki nema ein af mörgum ráðstöfunum, sem þarf að gera til þess að koma fjárhags- og atvinnumálum landsmanna á traustan grundvöll. Af öðrum aðgerðum, sem ekki síður eru óhjákvæmilegar, má t. d. nefna það að koma í veg fyrir áframhaldandi greiðsluhalla hjá ríkissjóði, koma fram umbótum í viðskiptamálum, verðlagsmálum og húsnæðismálum og að leggja skatt á miklar eignir einstakra manna. Framsóknarflokkurinn hefur ætíð lagt áherzlu á það, að ráðstafanir í þessum málum, sem svo mjög snerta hag alls almennings í landinu, verði gerðar um leið og gengisbreyting eða niðurfærsla kemur til framkvæmda. Flokkurinn mun því vinna að umbótum í þessum efnum, bæði með stjórnarframkvæmdum og með því að beita sér fyrir lagasetningu um þau mál þegar á þessu þingi.

Framsóknarflokkurinn leggur til, að í sambandi við afgreiðslu þessa frumvarps verði tryggð veruleg fjárframlög til byggingar á hóflegum íbúðarhúsum í sveitum og kaupstöðum og einnig lánsfé til Ræktunarsjóðs. Jafnframt hefur flokkurinn gert tillögur um mikilsverðar breytingar á ákvæðum framvarpsins um sérstakan eignarskatt, m. a. um það, að skatturinn verði stighækkandi upp í 25% og leggist á allar hreinar eignir einstaklinga, eftir að þær hafa náð vissu marki, en að eignum félaga sé skipt niður á eigendur hlutafjár og stofnfjár í félögum. En vegna þess að nú er áformað að leggja slíkan skatt á allar eignir einstaklinga, sem eru umfram 300 þús. kr. að verðmæti, er lagt til, að horfið verði frá því að leggja sérstakan skatt á eignarauka, sem áður var ákveðinn í lögum, enda hefur sá skattur ekki enn verið reiknaður út. Þá er lagt til, að framleiðslugjaldi samkv. 11. gr. verði ráðstafað nokkuð á annan hátt, en þó í þágu sjávarútvegsins. Flyt ég, ásamt tveim öðrum nefndarmönnum fjárhagsnefndar, breytingartillögur á sérstöku þingskjali um þessi atriði frv., sem samkomulag hefur orðið um milli stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar. Þar að auki flyt ég einn breytingartillögur á öðru þingskjali.

Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt með framannefndum breytingum.

Alþingi, 15. marz 1950.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 433. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar (GÞG).

1. Á undan síðustu málsgr. 3. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Af gengishagnaðinum skulu enn fremur lagðar 2 millj. kr. í sérstakan sjóð, og er heimilt að verja þeirri upphæð á næstu þrem árum til þess að styrkja námsmenn, er nú stunda nám erlendis, vegna gengisbreytingar þeirrar, sem um ræðir í 1. gr., og gera þeim kleift að ljúka námi sínu. Menntamálaráð skal úthluta styrk þessum og hafa við úthlutunina hliðsjón af efnahag námsmannanna og aðstandenda þeirra, sem og því, hvort um er að ræða nám, sem nauðsynlegt eða gagnlegt er talið að styrkja.
2. Í stað „10 milljónir“ á tveim stöðum í síðustu málsgr. 3. gr. komi: 12 milljónir.

Nd. 434. Breytingartillaga [125. mál]

við brtt. á þingskjali 431 (Gengisskráning).

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 3. brtt. Í stað „tölunni 6“ í tölul. 1 komi: tölunni 7.

Nd. 435. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar (GÞG).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Gengishagnaður sá, sem myndast við það, að hrein (nettó) gjaldeyriseign íslenzkra banka verður seld hærra verði eftir gengislækkunina, skal renna í gengishagnaðarsjóð, er Landsbanki Íslands varðveitir. Úr sjóði þessum skal verja 10 millj. kr. til að bæta gildisrýrnun, sem orðið hefur á sparisjóðsinnstæðum einstaklinga — en ekki ópersónulegra aðila — í peningastofnunum, samkvæmt eftirgreindum reglum:

Bæta skal sparifé, sem stóð inni til ávöxtunar í bönkum, Söfnunarsjóði Íslands, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga í árslok 1940 og til júníloka 1946. Skilyrði bóta er, að innstæða hafi staðið óslitið í nefndum peningastofnunum þetta tímabil. Samt fellur réttur til bóta ekki niður, þó að sparifé hafi verið flutt úr einum sparifjárreikningi í annan reikning á sama nafni í sömu peningastofnun eða annarri, enda hafi nefndur flutningur ekki tekið meira en tvo daga, ef fé er flutt innan sama kaupstaðar eða kauptúns, en annars ekki meira en tvær vikur.

Bætur skulu aðeins greiddar á innstæður, sem eru á nafni ákveðins einstaklings eða einstaklinga. Innstæða á sparisjóðsreikningi, sem er lægri en 100 kr., skal ekki bætt.

Greiða skal bætur erfingjum einstaklings, sem fallið hefur frá eftir 30. júní 1946, ef hann hefði átt rétt á bótum samkvæmt framangreindu.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um framkvæmd á úthlutun bóta samkvæmt þessari grein, þar á meðal um innköllun þeirra, sem gera kröfu til bóta vegna flutnings á fé milli sparisjóðsreikninga, eða vegna innstæðufjár, sem þeir hafa erft eftir látinn innstæðueiganda, sbr. 4. mgr. þessarar greinar. Skulu þeir, sem gera slíkar kröfur, gefa sig fram innan hæfilegs og tiltekins frests að viðlögðum kröfumissi. Landsbanka Íslands skal falin framkvæmd úthlutunarinnar.

Nú nemur nefndur gengishagnaðarsjóður meiru en 10 millj. kr., og skal þá sá hluti sjóðsins, sem er umfram 10 milljónir kr., renna til ríkisins, og skal honum varið til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

Nd. 436. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

11. gr. laga nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit orðist svo:

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, sem fjárhagsráð ákveður að veita til kaupa á
kornvörum til manneldis,
kaffi og sykri,
ávöxtum og grænmeti,
fatnaði og vefnaðarvörum,
skófatnaði,
búsáhöldum og
hreinlætisvörum,

skal skipt jafnt milli allra landsmanna og leyfunum úthlutað til hvers einstaklings. Þó er heimilt að úthluta allt að 15 af hundraði af heildarinnflutningi á þessum vörum eftir öðrum reglum og að veita þeim, sem vegna atvinnu sinnar þurfa meira en aðrir af einhverjum vörutegundum, aukaleyfi til kaupa á þeim (vinnuföt, sjóklæði, kaffi og sykur, rúgmjöl til sláturgerðar o. s. frv.). Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir kornvörum, kaffi og sykri séu miðuð við ákveðið vörumagn, en leyfi fyrir öðrum vörutegundum við verð.

Um gjaldeyrissölu bankanna gegn leyfum, sem miðuð eru við vörumagn en ekki ákveðna fjárhæð, skal farið eftir reglum, er um það verða settar. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi séu veitt fyrir eigi skemmra tímabil en 6 mánuði í einu. Að því er snertir þær af framangreindum vörum, sem framleiddar eru í landinu, að einhverju eða öllu leyti úr erlendum efnum, skal nokkur hluti leyfanna gilda til kaupa á efni til þeirrar framleiðslu.

Þegar fjárhagsráð veitir fjárfestingarleyfi samkv. 5. gr., skal það jafnframt veita þeim, er fá slík leyfi, innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllum þeim erlendu vörutegundum, sem þarf til framkvæmdanna og kosta yfir 200 krónur í erlendum gjaldeyri. Leyfi til framkvæmda utan Reykjavíkur séu veitt fyrir eitt ár í senn.

Verzlanir og fyrirtæki, sem fá þau innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, er einstaklingum eru veitt samkv. 1. og 2. málsgr., skulu framvísa þeim hjá sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík hjá fjárhagsráði). Þar séu upphæðir leyfanna lagðar saman og þeim skipt fyrir tölusett heildarleyfi, er innflytjendur síðan framvísa hjá tollyfirvöldum og bönkum.

Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til kaupa á öðrum vörum en þeim, sem nefndar eru í 1. og 2. málsgr., fer eftir ákvörðun fjárhagsráðs og reglum, sem um það kunna að verða settar.

Nd. 437. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 5. gr. l. nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, bætist svo hljóðandi málsgrein:

Þó skal þeim, sem ekki eiga íbúð, heimilt án fjárfestingarleyfis að byggja íbúðarhús fyrir sjálfa sig, enda sé íbúðin eigi stærri en ákveðið er um verkamannabústaði.

Nd. 438. Breytingartillaga [125. mál]

við brtt. á þskj. 431 (Gengisskráning).

Flm.: Jóhann Hafstein, Sigurður Ágústsson.

Við 3. brtt., tölulið 1. Í stað orðanna: „margfölduðu með tölunni 6 að því er varðar Reykjavík, tölunni 5 að því er varðar aðra“ komi: margfölduðu með tölunni 5 að því er varðar.

Nd. 439. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

1. maí 1950 skulu úr gildi falla lög nr. 11 12. febrúar 1940, um sölu og útflutning á vörum. Skal þar eftir frjálst að bjóða til sölu, selja og flytja út íslenzkar afurðir með þeim takmörkunum einum, sem fyrir mælir í öðrum lögum um skil gjaldeyris o. s. frv., og þeim, er hér fara á eftir:

Nú gerir ríkisstjórnin samning við önnur ríki um sölu ákveðinna vörutegunda þangað, og er henni þá heimilt að ákveða, að eigi megi bjóða til þess ríkis, selja þangað eða flytja þær vörutegundir, er hún hefur samið um sölu á, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

Nú selur útflytjandi eigi vöru sína gegn frjálsum gjaldeyri né upp í viðskiptasamninga almennt samkv. 2. málsgr. þessarar greinar, og skal honum þá heimilt að kaupa í skiptum vörur til innflutnings, enda sé innflutningur slíkra vara eigi bannaður eða aðeins leyfður einkasölum ríkisins. Skal fjárhagsráð veita innflutningsleyfi fyrir slíkum vörum og verðlagsstjóri verðleggja þær samkvæmt venjulegum álagningarreglum. Afhenda skal gjaldeyriseftirlitinu sölu- og kaupreikninga allra slíkra vöruskipta, og er því skylt að athuga, að eigi sé framkvæmdur gjaldeyrisflótti með slíkum vöruskiptum.

Ríkisstjórnin skal fyrir byrjun hvers árs birta skrá yfir vörur þær, sem algerlega er bannað flytja inn á því ári. Má hún síðar á því ári fella niður bann á einstökum vörum, en ekki bæta nýjum við. Fyrir árið 1950 skal þó slík skrá birt í síðasta lagi 15. apríl.

Nd. 440. Breytingartillaga [125. mál]

við brtt. á þskj. 431 (Gengisskráning o. fl.)

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 3. tölulið. Síðasta málsgr. orðist svo:
Kaupgjaldsvísitala þessi skal birt um leið og framfærsluvísitalan fyrir marz.

6. gr.

Í eftirfarandi ákvæðum táknar orðið laun bæði laun og kaupgjald.

Við gildistöku laga þessara skal hætt að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar, eins og verið hefur, og skal hvorttveggja framvegis talið laun í einu lagi.

7. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 4. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal hækka laun frá því sem greitt var næsta mánuð á undan, ef vísitalan sýnir hækkun

á framfærslukostnaði um minnst 5%. Skulu hærri laun, ef til kemur, greidd fyrsta skipti fyrir maí 1950 samkvæmt þeirri breytingu, sem vísitala fyrir apríl s. á. sýnir. Laun skulu lækka með sama hætti, ef vísitala sýnir lækkun á framfærslukostnaði um minnst 5%. Síðari launahækkun skal veitt, ef vísitalan sýnir hækkun framfærslukostnaðar um minnst 5%, frá því laun breyttust síðast samkvæmt þessum ákvæðum. Laun skulu lækka með sama hætti, ef síðari vísitala sýnir lækkun framfærslukostnaðar um minnst 5%, frá því laun breyttust síðast samkvæmt þessum ákvæðum.

Laun skulu breytast samkvæmt framangreindum ákvæðum fram í júlí 1950, en frá þeim tíma til ársloka skulu laun ekki breytast vegna breytinga á vísitölu framfræslukostnaðar.

Nú sýnir vísitala fyrir desembermánuð 1950 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því launahækkun eða launalækkun var síðast ákveðin, og skulu þá laun fyrir janúar 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, er vísitalan sýnir. Við ákvörðun launahækkunar eða launalækkunar skal þó ekki tekið tillit til þeirrar breytingar á framfærslukostnaði, sem vísitalan sýnir og á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/1947 vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af ákvæðum þessarar greinar um breytingar á launum.

Laun, sem ákveðin verða fyrir janúar 1951, skulu ekki breytast vegna breytinga á vísitölu framfærslukostnaðar til júníloka 1951.

Nú sýnir vísitala fyrir júní 1951 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því hækkun eða lækkun launa var síðast ákveðin, og skulu þá laun fyrir júlí 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, sem vísitalan sýnir, en frá 1. ágúst 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Þetta tekur þó ekki til launa, sem reiknuð eru á grundvelli verðmætis afurða, svo sem aflahlutar. Þó skulu laun, hluti launa eða aðrar greiðslur til skipverja á togurum og fiskflutningaskipum, sem miðaðar eru við hundraðshluta af afla, aðeins hækka í samræmi við hækkaða vísitölu samkv. þessari grein, en ekki hækka að öðru leyti að krónutali vegna gengisbreytingar samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði launahækkunar samkvæmt þessari grein er, að launagreiðslur hækki ekki af öðrum ástæðum en lög þessi mæla, frá því sem þær voru 31. janúar 1950 eða samkvæmt síðasta gildum kjarasamningi fyrir þann dag.

8. gr.

Styrkir og aðrar greiðslur, sem samkvæmt lögum eiga að greiðast með verðlagsuppbót, skulu framvegis greidd í einu lagi, þannig, að heildargreiðslan jafngildi að krónutali þeirri fjárhæð, sem grunngreiðsla og verðlagsuppbót hefðu numið samanlagt samkvæmt þeim ákvæðum, er giltu, þegar lög þessi tóku gildi. Persónulegir styrkir mega breytast í samræmi við ákvæði 7. gr. um launabreytingar.

9. gr.

Verð vöru, sem framleidd er og seld innanlands, má hækka sem nemur hærri erlendum kostnaðarliðum og sem nemur innlendum kostnaðarliðum, öðrum en launum. Tillit má þó taka til þeirra breytinga á launum, sem verða í júlí 1950 og janúar og júlí 1951 samkvæmt þessum lögum vegna breytts framfærslukostnaðar samkvæmt vísitölu.

Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Þó má mjólkurverð ekki hækka vegna launahækkunar samkvæmt þessum lögum fyrr en í júlí 1950.

Til ársloka 1950 skal ekki leyft við álagningu á verzlunarvörur að leggja á þá krónutölu, sem vörurnar hækka um vegna gengislækkunarinnar. Verðlagsyfirvöldum

skal þó skylt að leyfa hækkun álagningar vegna hækkunar á launum verzlunarfólks samkvæmt 7. gr.

10. gr.

Verðtollur samkvæmt lögum nr. 62/1939, sbr. 1. gr. laga nr. 2/1950, skal heimtur með 45% álagi í stað 65%.

Vörur, sem komnar eru til landsins við gildistöku laga þessara, skulu tollafgreiddar samkvæmt skráðu gengi bankanna, þegar tollafgreiðslan fer fram.

11. gr.

Framleiðslugjald skal lagt á verðmæti þeirra sjávarafurða, sem nýju togararnir afla, hvort sem þeir leggja afla sinn hér á land eða selja hann erlendis. Ef aflinn er ísfiskur, sem seldur er erlendis, skal gjaldið lagt á aflaverðmæti, sem er umfram £ 8.500 brúttó í söluferð, áður en útflutningsgjöld, tollur og löndunar- og sölukostnaður er frá dregið. Ef sala í tveimur næstu söluferðum á undan hefur numið lægri fjárhæð en £ 8.500 í söluferð að meðaltali, skal heimilt að draga það, sem á vantaði, frá gjaldskyldri fjárhæð. Gjaldið skal nema 25% af því, sem er umfram £ 8.500 sölu. Gjaldið skal tekið af óskiptum afla, þannig að ekki skal reikna aflaverðlaun eða annan hlut af þeim hluta andvirðisins, sem tekið er með þessu gjaldi. Af brúttó verðmæti sjávarafurða nýju togaranna, annarra en ísfisks og síldar, skal greiða 10%. Verðmæti þessa afla skal metið af þriggja manna nefnd, er ríkisstjórnin skipar, og skal hún miða við gangverð afla upp úr skipi á hverjum stað.

Útflutningsgjald skal lagt á hvalafurðir og nema 10% af útflutningsverðmætinu.

Framangreindu framleiðslugjaldi skal varið samkvæmt fyrirmælum fjárlaga í lánveitingar til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þegar því er lokið, skal framleiðslugjaldinu varið til að standa straum af og endurgreiða skuldir ríkisins, sem myndazt hafa í sambandi við togarakaup, ábyrgðargreiðslur og aðrar ráðstafanir og framkvæmdir í þágu sjávarútvegsins á liðnum árum, og því næst til að greiða önnur útgjöld ríkisins.

Framleiðslugjald skal lagt á allar síldarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, og skal það nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Ef sumarafli skipa, er veiða í snurpinót, er minni en 6000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að lækka gjaldið. Ef afli er minni en 4000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að fella það niður. Gjaldi því, sem í þessari málsgrein segir, skal varið til að setja á stofn útlánasjóð, sem rekinn sé aðallega í þágu síldarútvegsins. Þangað til slík stofnun tekur til starfa, skal gjaldið varðveitt á sérstökum reikningi í Seðladeild Landsbanka Íslands, og má ekki nota það til útlána.

12. gr.

Á árinu 1950 skal leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 6/1935, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. des. 1949.

Mat á verðmæti eigna skal fara fram eftir ákvæðum skattalaga, og hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum breytingum:

1. Fasteignir skulu metnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu með tölunni 6 að því er varðar Reykjavík, tölunni 5 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 4000 íbúa í árslok 1948, tölunni 4 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 2000 íbúa á sama tíma, og tölunni 3 að því er tekur til annarra landshluta.
2. Verðmæti skips skal talið vátryggingarverð þess, nema sannað sé með mati, að eðlilegt söluverð þess sé annað.
3. Innstæður erlendis, sem til voru í árslok 1949 og óeyddar eru við gildistöku laga þessara, reiknast með því verðgildi, sem þær hafa eftir að gengisbreyting samkvæmt lögunum hefur komið til framkvæmda.

4. Frá eignum dregst gengistap vegna skulda í erlendum gjaldeyri, sem ógreiddar eru við gildistöku laganna og stofnað hefur verið til vegna innflutnings á vörum eða skipum með leyfi gjaldeyrisyfirvalda, enda sé sannað, að útsöluverð vörunnar hafi verið ákveðið áður en lög þessi ganga í gildi og miðað við það gengi, er þá var.

   Frá eignum dragast enn fremur þær fjárhæðir, sem lagðar hafa verið í nýbyggingarsjóði samkv. lögum nr. 20/1942, hvort sem búið er að verja þeim að öllu leyti til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki.

Félög greiða ekki eignarskatt samkvæmt lögum þessum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkvæmt sérstökum lögum. Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, teljast ekki þær eignir, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en eiga þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46/1937. Eigi heldur það fé, sem útgerðarfélög hafa lagt í nýbyggingarsjóði, samkv. lögum nr. 20/1942, um breytingar á l. nr. 6/1935.

Af eignum einstaklinga, reiknuðum samkvæmt framansögðu, eru fyrstu 300 000 kr. hjá hverjum skattaðila skattfrjálsar. Ef eign nemur 300000—500000 kr., reiknast 10% af því, sem er umfram 300 þús. kr.

Af 500 þús.—1 millj. kr. reiknast 20 þús. kr. af 500 þús. kr. og 15% af afgangi.

Af 1 millj.—1½ millj. kr. reiknast 95 þús. kr. af 1 millj. kr. og 20% af afgangi.

Af 1½ millj. kr. reiknast 195 þús. kr. og 25% af afgangi.

Skatturinn skal greiðast í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda. Nú er skattur hærri en kr. 2000.00, og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 20 árum og séu ársvextir af þeim 4%. Til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skal ríkissjóður fá veð í hinum skattlögðu eignum, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, er samsvarar matsverði hennar til þessa skatts. Skipa skal nefnd eftir tilnefningu hæstaréttar, er hefur rétt til að ákveða, að niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef nefndin telur, að veðsetningin muni hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda. Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.

Samvinnufélög og hlutafélög skulu greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum. Slík útborgun frá félögum vegna eigenda eða hluthafa telst ekki skattskyld, hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði, enda sé greiðslan tekin af eignum, er félagið átti í árslok 1949. Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi bar að greiða, skal fyrst finna, hvað gjaldanda ber að greiða af nettó-eign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim. Sá skattur, sem félögum ber að greiða vegna félagsmanna sinna eða hluthafa, skal innheimtur hjá félögunum og teljast þeirra skuld.

Af skatti þessum skulu 5 milljónir króna renna til aflatryggingasjóðs, er teknar séu af óskiptu og greiðast af því fé, er fyrst innheimtist. Af skattinum skal enn fremur verja 10 millj. króna til uppbóta á sparifé samkv. 13. gr.

Að öðru leyti skal skattinum skipt í tvo jafna hluta. Öðrum hlutanum skal varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs, en hinn hlutinn skiptist til helminga milli byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 35/1946 og þeirra aðila, er byggja íbúðir samkv. I. og III. kafla l. nr. 44/1946, í sömu hlutföllum og greinir í 1. tölul. 3. gr. Skuldabréf, sem eignarskattur samkv. þessari grein er greiddur með, skulu vera lögmæt greiðsla

upp í lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbanka Íslands, en ríkissjóður ábyrgist gagnvart bankanum greiðslu bréfanna.

13. gr.

Af skatti þeim, sem innheimtist samkvæmt 12. gr., skal 10 milljónum króna varið til þess að bæta verðfall, sem orðið hefur á sparifé einstaklinga, þ. e. einstakra manna, en ekki félaga, stofnana, sjóða eða annarra ópersónulegra aðila. Til sparifjár telst í þessu sambndi fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparisjóði, innlánsdeildar samvinnufélaga og aðrar lánsstofnanir, sem eins stendur á um að þessu leyti. Enn fremur innstæður einstaklinga í verzlunarreikningum, sem venjulegir innlánsvextir sparisjóða hafa verið greiddir af, enda liggi fyrir yfirlýsing skattanefnda um innstæðuna og skattgreiðslu af henni.

Skilyrði bóta er, að innstæðan hafi verið talin fram til skatts og staðið óslitið frá árslokum 1941 til ársloka 1949 til ávöxtunar í nefndum láns- eða viðskiptastofnunum. Samt fellur réttur til bóta ekki niður, þótt sparifé hafi verið flutt úr einum sparifjárreikningi í annan í sömu stofnun, eða úr sparifjárreikningi í einni stofnun í sparifjárreikning í annarri stofnun, enda hafi nefndur flutningur ekki tekið meira en tvo daga, ef fé er flutt innan sama bæjarfélags, en annars ekki meira en tvær vikur.

Bætur skulu því aðeins greiddar, að eigandi innstæðu sé á lífi, er lög þessi taka gildi. Þó skulu maka innstæðueiganda, foreldri eða nið greiddar bætur á innstæðu, sem þannig hefur gengið að erfðum.

Bætur þessar má greiða í ríkisskuldabréfum.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um framkvæmd á úthlutun bóta samkvæmt þessari grein, þar á meðal um innköllun kröfueigenda innan hæfilegs og tiltekins frests að viðlögðum kröfumissi. Landsbanka Íslands skal falin framkvæmd úthlutunarinnar.

14. gr.

Um skattálagningu eftir þessum lögum skal farið eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, eftir því sem við á, enda mæli lög þessi ekki öðruvísi, þar á meðal um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði, er varðar framkvæmd laga þessara, þar á meðal um úthlutun bóta á sparifé, ákvöðrun framleiðslugjalds, gjalddaga þess, innheimtu og eftirlit með því, að það sé ekki undandregið, um álagningu skatts samkv. lögum þessum, kærur út af honum, fresti, úrskurði, gjalddaga, innheimtu og annað.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi 1. gr. laga nr. 51/1940, sbr. bráðabirgðalög nr. 92/1949, lög nr. 48/1942, um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, lög nr. 1/1950, um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., 1.—9., 12. og 13. gr., lög nr. 37/1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu, 1. gr., II. kafli laga nr. 128/1947, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 454. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aðalatriði þessa frv. er, að bannað verði minkaeldi í landinu og að sett verði fyllri ákvæði en nú eru í lögum um útrýmingu villiminka. Samkomulag tókst ekki í nefndinni um, að minkaeldi skyldi bannað. Þrír nefndarmanna, Ásm. Sigurðsson, Ásg. Bjarnason og Pétur Ottesen, vilja samþykkja bann við minkaeldi, en Jón Sigurðsson og Steingr. Steinþórsson eru því andvígir. Samkomulag tókst hins vegar um önnur ákvæði frv., en þó nokkuð breytt, og flytur nefndin brtt. þar að lútandi.

Verður af hálfu nefndarinnar við umræður um málið gerð grein af beggja hálfu fyrir ágreiningsatriðinu og enn fremur hinum sameiginlegu tillögum, er nefndin flytur.

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 3. gr.

1. Orðin „úr ríkissjóði“ í e-lið falli burt.
2. Orðin „úr ríkissjóði“ í fyrri málsl. f-liðar falli burt.
3. 2. málsl. f-liðar orðist svo: Auk þeirrar greiðslu, sem hér um ræðir, er heimilt að greiða þessum mönnum allt að 20 kr. þóknun fyrir hvert dýr, sem þeir vinna.

Alþingi, 13. marz 1950.

Steingr. Steinþórsson, form. — Pétur Ottesen, frsm. — Jón Sigurðsson, fundaskr.

Ásmundur Sigurðsson. — Ásgeir Bjarnason.

Ed. 455. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin fékk frv. til meðferðar síðdegis í dag og hefur athugað það, eftir því sem tími hefur til unnizt.

Nefndin hefur klofnað um frv., þar sem Haraldur Guðmundsson og Brynjólfur Bjarnason töldu sig ekki geta fylgt höfuðatriði málsins, og munu þeir því gefa út sérstakt nál. Meiri hl. lítur hins vegar svo á, að þótt gengisbreyting sú, sem ráðgerð er í frv., sé neyðarúrræði, þá sé ástandið slíkt í efnahagsmálum þjóðarinnar, að þennan kost sé óhjákvæmilegt að taka, ef ekki eigi að verða alger stöðvun á framleiðslu til útflutnings og þar með í atvinnulífi þjóðarinnar.

Meiri hl. leggur því til, að frv. verði samþ., en áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við 3. umr. málsins.

Alþingi, 17. marz 1950.

Bernh. Stefánsson, form. — Jóh. Þ. Jósefsson, frsm., fundaskr. — Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 456. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 41/1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Fyrir orðin „fyrirtækja, sem .... lánsfjárskorts deildarinnar“ í 1. málsl. kemur: einstaklinga og fyrirtækja, sem þrátt fyrir meðmæli nýbyggingarráðs hafa ekki enn fengið lán vegna fjárskorts deildarinnar.

Ed. 457. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um málið. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins vilja samþ. frv., að því er virðist óbreytt eða næstum óbreytt eins og það kemur frá Nd., en ég legg til, að það verði fellt. Til rökstuðnings þeirri afstöðu minni vísa ég til ræðu minnar við 1. umræðu málsins og nefndarálits 2. minni hl. fjhn. Nd. (EOl) á þskj. 416.

Alþingi, 17. marz 1950.

Brynj. Bjarnason.

Ed. 458. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Í stað 4.—8. gr. frv. komi ein grein, svo hljóðandi:
   Hvarvetna þar, sem fjárhæð starfslauna eða annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu samkvæmt lögum, samningum eða á annan hátt, skal miða við vísitölu kauplagsnefndar um framfærslukostnað í Reykjavík. Frá og með 1. apríl 1950 skulu öll slík laun og greiðslur greidd með fullri verðlagsuppbót samkvæmt ofangreindri vísitölu, miðað við verðlag næsta mánaðar á undan.
2. Við 11. gr. Aftan við næst síðasta málsl. 1. málsgr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Framleiðslugjald skal innheimta árlega fyrir næsta skattár á undan, en þó því aðeins, að hagnaður hafi orðið á rekstri viðkomandi togara umfram lögleyfðar afskriftir.

Ed. 459. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég er andvígur frv. þessu og legg til, að það verði fellt. Á sérstöku þingskjali flyt ég þó, ásamt öðrum þm., nokkrar breytingartillögur, og mun ég gera grein fyrir þeim og afstöðu minni til málsins í heild við umræðuna.

Alþingi, 17. marz 1950.

H. Guðmundsson.

Ed. 460. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Flm.: Haraldur Guðmundsson og Hannibal Valdimarsson.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað „Einn þriðji“ í tölulið 1 komi: Helmingur.
   b. Í stað „Einn þriðji“ í tölulið 2 komi: Einn fjórði.
   c. Í stað „Einn þriðji“ í tölulið 3 komi: Einn fjórði.
   d. Í stað „4%“ í næst síðustu málsgr. komi: 2%.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

   Frá 1. apríl 1950 skulu laun breytast mánaðarlega samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og sömuleiðis lífrarpeningar skipverja á togurum. Kaup það, sem nú er greitt, skal talið svara til vísitölu kauplagsnefndar, eins og hún var 1. september 1949 (330 stig). Skal kaup breytast 1. apríl 1950 í hlutfalli við þá hækkun, sem orðið hefur á vísitölu marzmánaðar, og upp frá því skal kaup breytast hinn fyrsta dag hvers mánaðar, ef breyting verður á vísitölunni. Þó skal ekki tekið tillit til þeirrar breytingar á framfærslukostnaði, sem vísitala kauplagsnefndar sýnir og á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum samkvæmt 4. gr. l. nr. 94/1947 vegna hækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af ákvæðum þessarar greinar um breytingu á launum.

   Fyrir 1. júlí 1950 skal kauplagsnefnd með aðstoð Hagstofu Íslands endurskoða útreikning vísitölunnar með það fyrir augum, að vísitalan sýni sem réttasta mynd af þeirri breytingu, sem verður á raunverulegum framfærslukostnaði.
6. Við 10. gr. Í stað „45%“ í fyrri málsgr. komi: 25%.
7. Við 11. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Þó skal ekki innheimta gjald samkvæmt næstsíðasta málslið hjá þeim togurum, sem verða fyrir rekstrartapi á gjaldárinu.
8. Við 12. gr.
   a. Í stað talnanna „6“, „5“, „4“ og „3“ í 1. tölulið 2. málsgr. komi: 7, 6, 5 og 4.
   b. Í stað 4.—7. málsgr. komi ein málsgr., er orðist svo:

      Af eignum einstaklinga, reiknuðum samkvæmt framansögðu, skal greiða skatt sem hér segir:

Af 300 þús. kr. til 400 þús. kr. greiðist 10% af því, sem er umfram 300 þús. kr.
Af 400 þús. kr. til 600 þús. kr. greiðist 10 þús. kr. af 400 þús. kr. og 14% af afg.

– 600	— —	– 800	— —	—	38	— —	– 600	— —	— 16%	– —
– 800	— —	– 1000	— —	—	70	— —	– 800	— —	— 19%	– —
– 1000	— —	– 1200	— —	—	108	— —	– 1000	— —	— 23%	– —
– 1200	— —	– 1400	— —	—	154	— —	– 1200	— —	— 25%	– —
– 1400	— —	– 1600	— —	—	204	— —	– 1400	— —	— 28%	– —
– 1600	— —	– 1800	— —	—	260	— —	– 1600	— —	— 31%	– —
– 1800	— —	– 2000	— —	—	322	— —	– 1800	— —	— 33%	– —
– 2000	— —	og þar yfir		—	388	— —	– 2000	— —	— 35%	– —

c. 2. málsl. síðustu málsgr. orðist svo:

Öðrum hlutanum skal varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs, en hinn hlutinn skiptist þannig milli byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 44/1946 og byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 35/1946, að ⅔ renni til hins fyrrnefnda, en ⅓ til síðarnefnda byggingarsjóðsins.

9. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, umreiknuðum samkvæmt lögum nr. 20 20. maí 1942, skal draga, áður en skattur er á þær lagður, sem hér segir:

Fyrir einstakling	kr.	1500.00
— hjón	—	3000.00
— hvert barn	—	1200.00

Ed. 461. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 7. gr. Í stað „maí 1950“ í 2. málsl. 1. málsgr. komi: apríl 1950.
3. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú skuldar lántakandi ákveðna upphæð í íslenzkum krónum vegna kaupa á fasteign eða af öðrum ástæðum, og skal honum þá þrátt fyrir gengisbreytinguna eigi skylt að greiða skuldina með hærri upphæð en skuldabréf tilskilur, jafnvel þótt þar sé ákveðið, að skuldin sé háð skráðu gengi erlends gjaldeyris.

Nd. 462. Breytingartillaga [85. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Við 3. gr.
1. málsl., ásamt a-lið, orðist svo:
Á eftir 11. gr. laganna komi 5 nýjar gr., og breytist greinatalan samkv. því.

Ed. 463. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Af þeim hluta gengishagnaðarins, sem ráðstafa skal samkv. 2. og 3. tölul., skal þó leggja 2 millj. kr. í sérstakan sjóð, og er heimilt að verja þeirri upphæð á næstu þrem árum til þess að styrkja vegna gengisbreytingar þeirrar, sem um ræðir í 1. gr., námsmenn, er nú stunda nám erlendis, og gera þeim kleift að ljúka námi sínu. Menntamálaráð skal úthluta styrk þessum og hafa við úthlutunina hliðsjón af efnahag námsmannanna og aðstandenda þeirra, sem og því, hvort um er að ræða nám, sem nauðsynlegt eða gagnlegt er talið að styrkja.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Frá 1. apríl 1950 skulu laun breytast mánaðarlega samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og sömuleiðis lifrarpeningar skipverja á togurum. Kaup það, sem nú er greitt, skal talið svara til vísitölu kauplagsnefndar, eins og hún var 1. september 1949 (330 stig). Skal kaup breytast 1. apríl 1950 í hlutfalli við þá hækkun, sem orðið hefur á vísitölu marzmánaðar, og upp frá því skal kaup breytast hinn fyrsta dag hvers mánaðar, ef breyting verður á vísitölunni. Þó skal ekki tekið tillit til þeirrar breytingar á framfærslukostnaði, sem vísitala kauplagsnefndar sýnir og á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum samkvæmt 4. gr. l. nr. 94/1947 vegna hækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af ákvæðum þessarar greinar um breytingu á launum.
   Fyrir 1. júlí 1950 skal kauplagsnefnd með aðstoð Hagstofu Íslands endurskoða útreikning vísitölunnar með það fyrir augum, að vísitalan sýni sem réttasta mynd af þeirri breytingu, sem verður á raunverulegum framfærslukostnaði.
   Til vara.
   Greinin orðist svo:
   Frá 1. apríl 1950 skulu laun breytast mánaðarlega samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og sömuleiðis lifrarpeningar skipverja á togurum. Kaup það, sem nú er greitt, skal talið svara til vísitölu kauplagsnefndar, eins og hún var 1. jan. 1950 (342 stig). Skal kaup breytast 1. apríl 1950 í hlutfalli við þá hækkun, sem orðið hefur á vísitölu marzmánaðar, og upp frá því skal kaup breytast hinn fyrsta dag hvers mánaðar, ef breyting verður á vísitölunni. Þó skal ekki tekið tillit til þeirrar breytingar á framfærslukostnaði, sem vísitala kauplagsnefndar sýnir og á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum samkvæmt 4. gr. l. nr. 94/1947 vegna hækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af ákvæðum þessarar greinar um breytingu á launum.
   Fyrir 1. júlí 1950 skal kauplagsnefnd með aðstoð Hagstofu Íslands endurskoða útreikning vísitölunnar með það fyrir augum, að vísitalan sýni sem réttasta mynd af þeirri breytingu, sem verður á raunverulegum framfærslukostnaði.
   Til þrautavara.
   Fyrir orðið „marz“ í 1. mgr. kemur: febrúar.
3. Við 5. gr. Við greinina bætist:
   Hagstofa Íslands skal einnig reikna vísitölu, er sýni breytingu þá, sem orðið hefur á þjóðartekjum frá því árið 1939. Skal þessi visitala birt samtímis kaupgjaldsvísitölunni.
4. 7. gr. falli niður.
   Til vara.
   Við brtt. 461, 2. tölul. Liðurinn orðist svo:
   2. málsliður 1. málsgr. 7. gr. orðist svo: Skulu hærri laun, ef til kemur, greidd fyrsta skipti fyrir apríl 1950 samkvæmt þeirri breytingu, sem vísitala fyrir marz s. á. sýnir.

5. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Af skatti þeim, sem innheimtist samkv. 12. gr., skal verja 10 millj. kr. til að bæta gildisrýrnun, sem orðið hefur á sparisjóðsinnstæðum einstaklinga — en ekki ópersónulegra aðila — í peningastofnunum, samkvæmt eftirgreindum reglum:

Bæta skal sparifé, sem stóð inni til ávöxtunar í bönkum, Söfnunarsjóði Íslands, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga í árslok 1940 og til júníloka 1946. Skilyrði bóta er, að innstæða hafi staðið óslitið í nefndum peningastofnunum þetta tímabil. Samt fellur réttur til bóta ekki niður, þó að sparifé hafi verið flutt úr einum sparifjárreikningi í annan reikning á sama nafni í sömu peningastofnun eða annarri, enda hafi nefndur flutningur ekki tekið meira en tvo daga, ef fé er flutt innan sama kaupstaðar eða kauptúns, en annars ekki meira en tvær vikur.

Bætur skulu aðeins greiddar á innstæður, sem eru á nafni ákveðins einstaklings eða einstaklinga. Innstæða á sparisjóðsreikningi, sem er lægri en 100 kr., skal ekki bætt.

Greiða skal bætur erfingjum einstaklings, sem fallið hefur frá eftir 30. júní 1946, ef hann hefði átt rétt á bótum samkvæmt framangreindu.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um framkvæmd á úthlutun bóta samkvæmt þessari grein, þar á meðal um innköllun þeirra, sem gera kröfu til bóta vegna flutnings á fé milli sparisjóðsreikninga, eða vegna innstæðufjár, sem þeir hafa erft eftir látinn innstæðueiganda, sbr. 4. mgr. þessarar greinar. Skulu þeir, sem gera slíkar kröfur, gefa sig fram innan hæfilegs og tiltekins frests að viðlögðum kröfumissi. Landsbanka Íslands skal falin framkvæmd úthlutunarinnar.

Ed. 464. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 11. gr. Síðasta málsgr. greinarinnar falli niður.

Ed. 465. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Við 7. gr.

1. Fyrir orðin „desembermánuð 1950“, „janúar 1951“, „janúar 1951“, „júníloka 1951“, „júní 1951“, „júlí 1951“ og „1. ágúst 1951“ í 3.—5. málsgr. kemur í sömu röð: október 1950, nóvember 1950, nóvember 1950, aprílloka 1951, apríl 1951, maí 1951, 1. júní 1951.
2. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, þannig: Þetta ákvæði tekur þó ekki til verkalýðsfélaga, sem ekki hækka grunnkaup sitt meira en svo, að það nemi kr. 3.08 fyrir karla og kr. 2.20 fyrir konur.

Til vara.

Aftan við greinina bætist nýr málsliður, þannig: Þetta ákvæði tekur þó ekki til verkalýðsfélaga, sem ekki hækka kaup sitt meir en svo, að það samsvari vegnu meðaltali af grunnkaupi allra félaga ófaglærðra verkamanna og verkakvenna í landinu.

Nd. 466. Frumvarp til laga [125. mál]

um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Gengi íslenzkrar krónu skal breytt þannig, að einn Bandaríkjadollar jafngildi 16.2857 íslenzkum krónum, og skal gengi alls annars erlends gjaldeyris skráð í samræmi við það. Landsbanki Íslands skal birta sölu- og kaupgengi, sem séu í samræmi við hið skráða gengi. Kaupgengi má ekki vera meira en 1% undir og sölugengi ekki meira en 1% yfir hinu skráða gengi.

2. gr.

Gengishagnaður sá, sem myndast við það, að hrein (nettó) gjaldeyriseign íslenzkra banka verður seld hærra verði eftir gengislækkunina, skal renna í ríkissjóð og varið til lánveitinga sem hér segir:

1. Einn þriðji hluti skal lánaður til íbúðabygginga samkv. I. og III. kafla l. nr. 44 7. maí 1946, og skal ⅔ varið til byggingarsjóðs samkv. I. kafla, en ⅓ til íbúðarbygginga samkv. III. kafla laganna.
2. Einn þriðji hluti skal lánaður byggingarsjóði samkv. lögum nr. 35/1946 til byggingarframkvæmda í sveitum.
3. Einn þriðji hluti skal lánaður Ræktunarsjóði Íslands til 20 ára með jöfnum afborgunum og 2% ársvöxtum.

Lán til byggingarsjóðanna samkv. 1. og 2. tölul. skulu vera bráðabirgðalán með 4% ársvöxtum og endurgreiðast ríkissjóði jafnharðan og tekjur sjóðanna af eignarskatti samkv. 12. gr. innheimtast.

Því fé, sem ríkissjóður fær endurgreitt af lánum samkv. 1.—3. tölul., skal jafnharðan varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

3. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar í Reykjavík skal reiknuð fyrir marz 1950 á sama hátt og hingað til, þó með þeim breytingum, að miðað skal við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, svo og við útsöluverð á kjöti án frádráttar á kjötstyrk. Vísitölufjárhæð, sem reiknuð er með þessum hætti, skal vera sá grundvöllur, sem síðari breytingar á vísitölufjárhæð miðast við, og skal því sett = 100.

Skal útreikningi framfærsluvísitölunnar fyrir marz vera lokið eigi síðar en 20. apríl þ. á.

4. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna kaupgjaldsvísitölu fyrir marz 1950, sem sýni breytingu þá, sem orðið hefur á almennu kaupgjaldi, þ. e. grunnkaupi að viðbættri verðlagsuppbót, síðan 1939. Skal sú vísitala vera hið almenna tímakaup verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, og skal tímakaupið mánuðina jan.—marz 1939 vera vísitölugrundvöllur.

Kaupgjaldsvísitala þessi skal birt um leið og framfærsluvísitalan fyrir marz.

5. gr.

Í eftirfarandi ákvæðum táknar orðið laun bæði laun og kaupgjald.

Við gildistöku laga þessara skal hætt að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar, eins og verið hefur, og skal hvorttveggja framvegis talið laun í einu lagi.

6. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 4. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal hækka laun frá því sem greitt var næsta mánuð á undan, ef vísitalan sýnir hækkun á framfærslukostnaði um minnst 5%. Skulu hærri laun, ef til kemur, greidd fyrsta skipti fyrir maí 1950 samkvæmt þeirri breytingu, sem vísitala fyrir apríl s. á. sýnir. Laun skulu lækka með sama hætti, ef vísitala sýnir lækkun á framfærslukostnaði um minnst 5%. Síðari launahækkun skal veitt, ef visitalan sýnir hækkun framfærslukostnaðar um minnst 5%, frá því laun breyttust síðast samkvæmt þessum ákvæðum. Laun skulu lækka með sama hætti, ef síðari vísitala sýnir lækkun framfærslukostnaðar um minnst 5%, frá því laun breyttust síðast samkvæmt þessum ákvæðum.

Laun skulu breytast samkvæmt framangreindum ákvæðum fram í júlí 1950, en frá þeim tíma til ársloka skulu laun ekki breytast vegna breytinga á vísitölu framfræslukostnaðar.

Nú sýnir vísitala fyrir desembermánuð 1950 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því launahækkun eða launalækkun var síðast ákveðin, og skulu þá laun fyrir janúar 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, er vísitalan sýnir. Við ákvörðun launahækkunar eða launalækkunar skal þó ekki tekið tillit til þeirrar breytingar á framfærslukostnaði, sem vísitalan sýnir og á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/1947 vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af ákvæðum þessarar greinar um breytingar á launum.

Laun, sem ákveðin verða fyrir janúar 1951, skulu ekki breytast vegna breytinga á vísitölu framfærslukostnaðar til júníloka 1951.

Nú sýnir vísitala fyrir júní 1951 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því hækkun eða lækkun launa var síðast ákveðin, og skulu þá laun fyrir júlí 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, sem vísitalan sýnir, en frá 1. ágúst 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Þetta tekur þó ekki til launa, sem reiknuð eru á grundvelli verðmætis afurða, svo sem aflahlutar. Þó skulu laun, hluti launa eða aðrar greiðslur til skipverja á togurum og fiskflutningaskipum, sem miðaðar eru við hundraðshluta af afla, aðeins hækka í samræmi við hækkaða vísitölu samkv. þessari grein, en ekki hækka að öðru leyti að krónutali vegna gengisbreytingar samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði launahækkunar samkvæmt þessari grein er, að launagreiðslur hækki ekki af öðrum ástæðum en lög þessi mæla, frá því sem þær voru 31. janúar 1950 eða samkvæmt síðasta gildum kjarasamningi fyrir þann dag.

7. gr.

Styrkir og aðrar greiðslur, sem samkvæmt lögum eiga að greiðast með verðlagsuppbót, skulu framvegis greidd í einu lagi, þannig, að heildargreiðslan jafngildi að krónutali þeirri fjárhæð, sem grunngreiðsla og verðlagsuppbót hefðu numið samanlagt samkvæmt þeim ákvæðum, er giltu, þegar lög þessi tóku gildi. Persónulegir styrkir mega breytast í samræmi við ákvæði 7. gr. um launabreytingar.

8. gr.

Nú skuldar lántakandi ákveðna upphæð í íslenzkum krónum vegna kaupa á fasteign eða af öðrum ástæðum, og skal honum þá þrátt fyrir gengisbreytinguna eigi skylt að greiða skuldina með hærri upphæð en skuldabréf tilskilur, jafnvel þótt þar sé ákveðið, að skuldin sé háð gengi erlends gjaldeyris.

9. gr.

Verð vöru, sem framleidd er og seld innanlands, má hækka sem nemur hærri erlendum kostnaðarliðum og sem nemur innlendum kostnaðarliðum, öðrum en laun-

um. Tillit má þó taka til þeirra breytinga á launum, sem verða í júlí 1950 og janúar og júlí 1951 samkvæmt þessum lögum vegna breytts framfærslukostnaðar samkvæmt vísitölu.

Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Þó má mjólkurverð ekki hækka vegna launahækkunar samkvæmt þessum lögum fyrr en í júlí 1950.

Til ársloka 1950 skal ekki leyft við álagningu á verzlunarvörur að leggja á þá krónutölu, sem vörurnar hækka um vegna gengislækkunarinnar. Verðlagsyfirvöldum skal þó skylt að leyfa hækkun álagningar vegna hækkunar á launum verzlunarfólks samkvæmt 7. gr.

10. gr.

Verðtollur samkvæmt lögum nr. 62/1939, sbr. 1. gr. laga nr. 2/1950, skal heimtur með 45% álagi í stað 65%.

Vörur, sem komnar eru til landsins við gildistöku laga þessara, skulu tollafgreiddar samkvæmt skráðu gengi bankanna, þegar tollafgreiðslan fer fram.

11. gr.

Framleiðslugjald skal lagt á verðmæti þeirra sjávarafurða, sem nýju togararnir afla, hvort sem þeir leggja afla sinn hér á land eða selja hann erlendis. Ef aflinn er ísfiskur, sem seldur er erlendis, skal gjaldið lagt á aflaverðmæti, sem er umfram £ 8.500 brúttó í söluferð, áður en útflutningsgjöld, tollur og löndunar- og sölukostnaður er frá dregið. Ef sala í tveimur næstu söluferðum á undan hefur numið lægri fjárhæð en £ 8.500 í söluferð að meðaltali, skal heimilt að draga það, sem á vantaði, frá gjaldskyldri fjárhæð. Gjaldið skal nema 25% af því, sem er umfram £ 8.500 sölu. Gjaldið skal tekið af óskiptum afla, þannig að ekki skal reikna aflaverðlaun eða annan hlut af þeim hluta andvirðisins, sem tekið er með þessu gjaldi. Af brúttó verðmæti sjávarafurða nýju togaranna, annarra en ísfisks og síldar, skal greiða 10%. Verðmæti þessa afla skal metið af þriggja manna nefnd, er ríkisstjórnin skipar, og skal hún miða við gangverð afla upp úr skipi á hverjum stað.

Útflutningsgjald skal lagt á hvalafurðir og nema 10% af útflutningsverðmætinu.

Framangreindu framleiðslugjaldi skal varið samkvæmt fyrirmælum fjárlaga í lánveitingar til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þegar því er lokið, skal framleiðslugjaldinu varið til að standa straum af og endurgreiða skuldir ríkisins, sem myndazt hafa í sambandi við togarakaup, ábyrgðargreiðslur og aðrar ráðstafanir og framkvæmdir í þágu sjávarútvegsins á liðnum árum, og því næst til að greiða önnur útgjöld ríkisins.

Framleiðslugjald skal lagt á allar síldarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, og skal það nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Ef sumarafli skipa, er veiða í snurpinót, er minni en 6000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að lækka gjaldið. Ef afli er minni en 4000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að fella það niður. Gjaldi því, sem í þessari málsgrein segir, skal varið til að setja á stofn útlánasjóð, sem rekinn sé aðallega í þágu síldarútvegsins. Þangað til slík stofnun tekur til starfa, skal gjaldið varðveitt á sérstökum reikningi í Seðladeild Landsbanka Íslands, og má ekki nota það til útlána.

12. gr.

Á árinu 1950 skal leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 6/1935, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. des. 1949.

Mat á verðmæti eigna skal fara fram eftir ákvæðum skattalaga, og hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum breytingum:

1. Fasteignir skulu metnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu með tölunni 6 að því er varðar Reykjavík, tölunni 5 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 4000 íbúa í árslok 1948, tölunni 4 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 2000 íbúa á sama tíma, og tölunni 3 að því er tekur til annarra landshluta.
2. Verðmæti skips skal talið vátryggingarverð þess, nema sannað sé með mati, að eðlilegt söluverð þess sé annað.
3. Innstæður erlendis, sem til voru í árslok 1949 og óeyddar eru við gildistöku laga þessara, reiknast með því verðgildi, sem þær hafa, eftir að gengisbreyting samkvæmt lögunum hefur komið til framkvæmda.
4. Frá eignum dregst gengistap vegna skulda í erlendum gjaldeyri, sem ógreiddar eru við gildistöku laganna og stofnað hefur verið til vegna innflutnings á vörum eða skipum með leyfi gjaldeyrisyfirvalda, enda sé sannað, að útsöluverð vörunnar hafi verið ákveðið áður en lög þessi ganga í gildi og miðað við það gengi, er þá var.

Frá eignum dragast enn fremur þær fjárhæðir, sem lagðar hafa verið í nýbyggingarsjóði samkv. lögum nr. 20/1942, hvort sem búið er að verja þeim að öllu leyti til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki.

Félög greiða ekki eignarskatt samkvæmt lögum þessum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkvæmt sérstökum lögum. Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, teljast ekki þær eignir, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en eiga þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46/1937. Eigi heldur það fé, sem útgerðarfélög hafa lagt í nýbyggingarsjóði, samkv. lögum nr. 20/1942, um breytingar á l. nr. 6/1935.

Af eignum einstaklinga, reiknuðum samkvæmt framansögðu, eru fyrstu 300 000 kr. hjá hverjum skattaðila skattfrjálsar. Ef eign nemur 300 000—500 000 kr., reiknast 10% af því, sem er umfram 300 þús. kr.

Af 500 þús.—1 millj. kr. reiknast 20 þús. kr. af 500 þús. kr. og 15% af afgangi.

Af 1 millj.—1½ millj. kr. reiknast 95 þús. kr. af 1 millj. kr. og 20% af afgangi.

Af 1½ millj. kr. reiknast 195 þús. kr. og 25% af afgangi.

Skatturinn skal greiðast í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda. Nú er skattur hærri en kr. 2000.00, og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 20 árum og séu ársvextir af þeim 4%. Til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skal ríkissjóður fá veð í hinum skattlögðu eignum, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, er samsvarar matsverði hennar til þessa skatts. Skipa skal nefnd eftir tilnefningu hæstaréttar, er hefur rétt til að ákveða, að niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef nefndin telur, að veðsetningin muni hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda. Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.

Samvinnufélög og hlutafélög skulu greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum. Slík útborgun frá féögum vegna eigenda eða hluthafa telst ekki skattskyld, hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði, enda sé greiðslan tekin af eignum, er félagið átti í árslok 1949. Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað gjaldanda ber að greiða af nettó-eign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim. Sá skattur, sem félögunum ber að greiða vegna félagsmanna sinna eða hluthafa, skal innheimtur hjá félögunum og teljast þeirra skuld.

Af skatti þessum skulu 5 milljónir króna renna til aflatryggingasjóðs, er teknar séu af óskiptu og greiðast af því fé, er fyrst innheimtist. Af skattinum skal enn fremur verja 10 millj. króna til uppbóta á sparifé samkv. 13. gr.

Að öðru leyti skal skattinum skipt í tvo jafna hluta. Öðrum hlutanum skal varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs, en hinn hlutinn skiptist til helminga milli byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 35/1946 og þeirra aðila, er byggja íbúðir samkv. I. og III. kafla l. nr. 44/1946, í sömu hlutföllum og greinir í 1. tölul. 2. gr. Skuldabréf, sem eignarskattur samkv. þessari grein er greiddur með, skulu vera lögmæt greiðsla upp í lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbanka Íslands, en ríkissjóður ábyrgist gagnvart bankanum greiðslu bréfanna.

13. gr.

Af skatti þeim, sem innheimtist samkvæmt 12. gr., skal 10 milljónum króna varið til þess að bæta verðfall, sem orðið hefur á sparifé einstaklinga, þ. e. einstakra manna, en ekki félaga, stofnana, sjóða eða annarra ópersónulegra aðila. Til sparifjár telst í þessu sambandi fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparisjóði, innlánsdeildar samvinnufélaga og aðrar lánsstofnanir, sem eins stendur á um að þessu leyti. Enn fremur innstæður einstaklinga í verzlunarreikningum, sem venjulegir innlánsvextir sparisjóða hafa verið greiddir af, enda liggi fyrir yfirlýsing skattanefnda um innstæðuna og skattgreiðslu af henni.

Skilyrði bóta er, að innstæðan hafi verið talin fram til skatts og staðið óslitið frá árslokum 1941 til ársloka 1949 til ávöxtunar í nefndum láns- eða viðskiptastofnunum. Samt fellur réttur til bóta ekki niður, þótt sparifé hafi verið flutt úr einum sparifjárreikningi í annan í sömu stofnun, eða úr sparifjárreikningi í einni stofnun í sparifjárreikning í annarri stofnun, enda hafi nefndur flutningur ekki tekið meira en tvo daga, ef fé er flutt innan sama bæjarfélags, en annars ekki meira en tvær vikur.

Bætur skulu því aðeins greiddar, að eigandi innstæðu sé á lífi, er lög þessi taka gildi. Þó skulu maka innstæðueiganda, foreldri eða nið greiddar bætur á innstæðu, sem þannig hefur gengið að erfðum.

Bætur þessar má greiða í ríkisskuldabréfum.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um framkvæmd á úthlutun bóta samkvæmt þessari grein, þar á meðal um innköllun kröfueigenda innan hæfilegs og tiltekins frests að viðlögðum kröfumissi. Landsbanka Íslands skal falin framkvæmd úthlutunarinnar.

14. gr.

Um skattálagningu eftir þessum lögum skal farið eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, eftir því sem við á, enda mæli lög þessi ekki öðruvísi, þar á meðal um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög.

Eignarskattur samkv. lögum þessum er ekki frádráttarbær frá tekjum til skatts.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði, er varðar framkvæmd laga þessara, þar á meðal um úthlutun bóta á sparifé, ákvöðrun framleiðslugjalds, gjalddaga þess, innheimtu og eftirlit með því, að það sé ekki undandregið, um álagningu skatts samkv. lögum þessum, kærur út af honum, fresti, úrskurði, gjalddaga, innheimtu og annað.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi 1. gr. laga nr. 51/1940, sbr. bráðabirgðalög nr. 92/1949, lög nr. 48/1942, um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, lög nr. 1/1950, um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., 1.—9., 12. og 13. gr., lög nr. 37/1946, um áhrif kjötverðs á fram-

færsluvísitölu, 1. gr., II. kafli laga nr. 128/1947, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 467. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna „31. janúar 1950“ í síðustu málsgrein komi: 19. marz 1950.
2. Við 11. gr. Aftan við næst síðasta málsl. í 1. málsgr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Framleiðslugjald skal innheimta árlega fyrir næsta skattár á undan, en þó því aðeins, að hagnaður hafi orðið á rekstri viðkomandi togara umfram lögleyfðar afskriftir.
3. Á eftir 11. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Eftir gildistöku þessara laga skal ríkisstjórnin ákveða með auglýsingu lágmarksverð á fiski bátaútvegsins.

Nd. 468. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni og Finni Jónssyni.

Við 6. gr.

1. Fyrir orðin „desembermánuð 1950“, „janúar 1951“, „janúar 1951“, „júníloka 1951“, „júní 1951“, „júlí 1951“ og „1. ágúst 1951“ í 3.—5. málsgr. kemur í sömu röð: október 1950, nóvember 1950, nóvember 1950, aprílloka 1951, apríl 1951, maí 1951, 1. júní 1951.
2. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, þannig: Þetta ákvæði tekur þó ekki til verkalýðsfélaga, sem hækka ekki kaup sitt meira en svo, að það samsvari vegnu meðaltali af grunnkaupi allra félaga ófaglærðra verkamanna og verkakvenna í landinu.

Nd. 469. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Finni Jónssyni.

Við 11. gr., 4. málsgr. Á eftir orðunum „Ef afli er minni en 4000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að fella það niður“ komi: Eigi skal framleiðslugjald innheimt af síldarafla veiðiskipa útgerðarmanna þeirra, er stundað hafa síldveiðar fyrir Norðurlandi s. l. þrjú ár eða lengur, né heldur af aflahlut skipverja þeirra, er ráðnir hafa verið á síldarskip sama tíma.

Ed. 470. Frumvarp til laga [125. mál]

um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Gengi íslenzkrar krónu skal breytt þannig, að einn Bandaríkjadollar jafngildi 16.2857 íslenzkum krónum, og skal gengi alls annars erlends gjaldeyris skráð í samræmi við það. Landsbanki Íslands skal birta sölu- og kaupgengi, sem séu í samræmi við hið skráða gengi. Kaupgengi má ekki vera meira en 1% undir og sölugengi ekki meira en 1% yfir hinu skráða gengi.

2. gr.

Gengishagnaður sá, sem myndast við það, að hrein (nettó) gjaldeyriseign íslenzkra banka verður seld hærra verði eftir gengislækkunina, skal renna í ríkissjóð og varið til lánveitinga sem hér segir:

1. Einn þriðji hluti skal lánaður til íbúðabygginga samkv. I. og III. kafla l. nr. 44 7. maí 1946, og skal ⅔ varið til byggingarsjóðs samkv. I. kafla, en ⅓ til íbúðarbygginga samkv. III. kafla laganna.
2. Einn þriðji hluti skal lánaður byggingarsjóði samkv. lögum nr. 35/1946 til byggingarframkvæmda í sveitum.
3. Einn þriðji hluti skal lánaður Ræktunarsjóði Íslands til 20 ára með jöfnum afborgunum og 2% ársvöxtum.

Lán samkv. 1. og 2. tölul. skulu vera bráðabirgðalán með 4% ársvöxtum og endurgreiðast ríkissjóði jafnharðan og tekjur viðkomandi aðila af eignarskatti samkv. 12. gr. innheimtast.

Því fé, sem ríkissjóður fær endurgreitt af lánum samkv. 1.—3. tölul., skal jafnharðan varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

3. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar í Reykjavík skal reiknuð fyrir marz 1950 á sama hátt og hingað til, þó með þeim breytingum, að miðað skal við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, svo og við útsöluverð á kjöti án frádráttar á kjötstyrk. Vísitölufjárhæð, sem reiknuð er með þessum hætti, skal vera sá grundvöllur, sem síðari breytingar á vísitölufjárhæð miðast við, og skal því sett = 100.

Skal útreikningi framfærsluvísitölunnar fyrir marz vera lokið eigi síðar en 20. apríl þ. á.

4. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna kaupgjaldsvísitölu fyrir marz 1950, sem sýni breytingu þá, sem orðið hefur á almennu kaupgjaldi, þ. e. grunnkaupi að viðbættri verðlagsuppbót, síðan 1939. Skal sú vísitala vera hið almenna tímakaup verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, og skal tímakaupið mánuðina jan.—marz 1939 vera vísitölugrundvöllur.

Kaupgjaldsvísitala þessi skal birt um leið og framfærsluvísitalan fyrir marz.

5. gr.

Í eftirfarandi ákvæðum táknar orðið laun bæði laun og kaupgjald.

Við gildistöku laga þessara skal hætt að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar, eins og verið hefur, og skal hvorttveggja framvegis talið laun í einu lagi.

6. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 4. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal hækka laun frá því sem greitt var næsta mánuð á undan, ef vísitalan sýnir hækkun

á framfærslukostnaði um minnst 5%. Skulu hærri laun, ef til kemur, greidd fyrsta skipti fyrir maí 1950 samkvæmt þeirri breytingu, sem vísitala fyrir apríl s. á. sýnir. Laun skulu lækka með sama hætti, ef vísitala sýnir lækkun á framfærslukostnaði um minnst 5%. Síðari launahækkun skal veitt, ef visitalan sýnir hækkun framfærslukostnaðar um minnst 5%, frá því laun breyttust síðast samkvæmt þessum ákvæðum. Laun skulu lækka með sama hætti, ef síðari vísitala sýnir lækkun framfærslukostnaðar um minnst 5%, frá því laun breyttust síðast samkvæmt þessum ákvæðum.

Laun skulu breytast samkvæmt framangreindum ákvæðum fram í júlí 1950, en frá þeim tíma til ársloka skulu laun ekki breytast vegna breytinga á vísitölu framfræslukostnaðar.

Nú sýnir vísitala fyrir desembermánuð 1950 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því launahækkun eða launalækkun var síðast ákveðin, og skulu þá laun fyrir janúar 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, er vísitalan sýnir. Við ákvörðun launahækkunar eða launalækkunar skal þó ekki tekið tillit til þeirrar breytingar á framfærslukostnaði, sem vísitalan sýnir og á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/1947 vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af ákvæðum þessarar greinar um breytingar á launum.

Laun, sem ákveðin verða fyrir janúar 1951, skulu ekki breytast vegna breytinga á vísitölu framfærslukostnaðar til júníloka 1951.

Nú sýnir vísitala fyrir júní 1951 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því hækkun eða lækkun launa var síðast ákveðin, og skulu þá laun fyrir júlí 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, sem vísitalan sýnir, en frá 1. ágúst 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Þetta tekur þó ekki til launa, sem reiknuð eru á grundvelli verðmætis afurða, svo sem aflahlutar. Þó skulu laun, hluti launa eða aðrar greiðslur til skipverja á togurum og fiskflutningaskipum, sem miðaðar eru við hundraðshluta af afla, aðeins hækka í samræmi við hækkaða vísitölu samkv. þessari grein, en ekki hækka að öðru leyti að krónutali vegna gengisbreytingar samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði launahækkunar samkvæmt þessari grein er, að launagreiðslur hækki ekki af öðrum ástæðum en lög þessi mæla, frá því sem þær voru 19. marz 1950 eða samkvæmt síðasta gildum kjarasamningi fyrir þann dag.

7. gr.

Styrkir og aðrar greiðslur, sem samkvæmt lögum eiga að greiðast með verðlagsuppbót, skulu framvegis greidd í einu lagi, þannig, að heildargreiðslan jafngildi að krónutali þeirri fjárhæð, sem grunngreiðsla og verðlagsuppbót hefðu numið samanlagt samkvæmt þeim ákvæðum, er giltu, þegar lög þessi tóku gildi. Persónulegir styrkir mega breytast í samræmi við ákvæði 7. gr. um launabreytingar.

8. gr.

Nú skuldar lántakandi ákveðna upphæð í íslenzkum krónum vegna kaupa á fasteign eða af öðrum ástæðum, og skal honum þá þrátt fyrir gengisbreytinguna eigi skylt að greiða skuldina með hærri upphæð en skuldabréf tilskilur, jafnvel þótt þar sé ákveðið, að skuldin sé háð gengi erlends gjaldeyris.

9. gr.

Verð vöru, sem framleidd er og seld innanlands, má hækka sem nemur hærri erlendum kostnaðarliðum og sem nemur innlendum kostnaðarliðum, öðrum en launum. Tillit má þó taka til þeirra breytinga á launum, sem verða í júlí 1950 og janúar og júlí 1951 samkvæmt þessum lögum vegna breytts framfærslukostnaðar samkvæmt vísitölu.

Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Þó má mjólkurverð ekki hækka vegna launahækkunar samkvæmt þessum lögum fyrr en í júlí 1950.

Til ársloka 1950 skal ekki leyft við álagningu á verzlunarvörur að leggja á þá krónutölu, sem vörurnar hækka um vegna gengislækkunarinnar. Verðlagsyfirvöldum skal þó skylt að leyfa hækkun álagningar vegna hækkunar á launum verzlunarfólks samkvæmt 7. gr.

10. gr.

Verðtollur samkvæmt lögum nr. 62/1939, sbr. 1. gr. laga nr. 2/1950, skal heimtur með 45% álagi í stað 65%.

Vörur, sem komnar eru til landsins við gildistöku laga þessara, skulu tollafgreiddar samkvæmt skráðu gengi bankanna, þegar tollafgreiðslan fer fram.

11. gr.

Framleiðslugjald skal lagt á verðmæti þeirra sjávarafurða, sem nýju togararnir afla, hvort sem þeir leggja afla sinn hér á land eða selja hann erlendis. Ef aflinn er ísfiskur, sem seldur er erlendis, skal gjaldið lagt á aflaverðmæti, sem er umfram £ 8.500 brúttó í söluferð, áður en útflutningsgjöld, tollur og löndunar- og sölukostnaður er frá dregið. Ef sala í tveimur næstu söluferðum á undan hefur numið lægri fjárhæð en £ 8.500 í söluferð að meðaltali, skal heimilt að draga það, sem á vantaði, frá gjaldskyldri fjárhæð. Gjaldið skal nema 25% af því, sem er umfram £ 8.500 sölu. Gjaldið skal tekið af óskiptum afla, þannig að ekki skal reikna aflaverðlaun eða annan hlut af þeim hluta andvirðisins, sem tekið er með þessu gjaldi. Af brúttó verðmæti sjávarafurða nýju togaranna, annarra en ísfisks og síldar, skal greiða 10%. Verðmæti þessa afla skal metið af þriggja manna nefnd, er ríkisstjórnin skipar, og skal hún miða við gangverð afla upp úr skipi á hverjum stað.

Útflutningsgjald skal lagt á hvalafurðir og nema 10% af útflutningsverðmætinu.

Framangreindu framleiðslugjaldi skal varið samkvæmt fyrirmælum fjárlaga í lánveitingar til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þegar því er lokið, skal framleiðslugjaldinu varið til að standa straum af og endurgreiða skuldir ríkisins, sem myndazt hafa í sambandi við togarakaup, ábyrgðargreiðslur og aðrar ráðstafanir og framkvæmdir í þágu sjávarútvegsins á liðnum árum, og því næst til að greiða önnur útgjöld ríkisins.

Framleiðslugjald skal lagt á allar síldarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, og skal það nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Ef sumarafli skipa, er veiða í snurpinót, er minni en 6000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að lækka gjaldið. Ef afli er minni en 4000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að fella það niður. Gjaldi því, sem í þessari málsgrein segir, skal varið til að setja á stofn útlánasjóð, sem rekinn sé aðallega í þágu síldarútvegsins. Þangað til slík stofnun tekur til starfa, skal gjaldið varðveitt á sérstökum reikningi í Seðladeild Landsbanka Íslands, og má ekki nota það til útlána.

12. gr.

Á árinu 1950 skal leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 6/1935, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. des. 1949.

Mat á verðmæti eigna skal fara fram eftir ákvæðum skattalaga, og hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum breytingum:

1. Fasteignir skulu metnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu með tölunni 6 að því er varðar Reykjavík, tölunni 5 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 4000 íbúa í árslok 1948, tölunni 4 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 2000 íbúa á sama tíma, og tölunni 3 að því er tekur til annarra landshluta.

2. Verðmæti skips skal talið vátryggingarverð þess, nema sannað sé með mati, að eðlilegt söluverð þess sé annað.
3. Innstæður erlendis, sem til voru í árslok 1949 og óeyddar eru við gildistöku laga þessara, reiknast með því verðgildi, sem þær hafa, eftir að gengisbreyting samkvæmt lögunum hefur komið til framkvæmda.
4. Frá eignum dregst gengistap vegna skulda í erlendum gjaldeyri, sem ógreiddar eru við gildistöku laganna og stofnað hefur verið til vegna innflutnings á vörum eða skipum með leyfi gjaldeyrisyfirvalda, enda sé sannað, að útsöluverð vörunnar hafi verið ákveðið áður en lög þessi ganga í gildi og miðað við það gengi, er þá var.

Frá eignum dragast enn fremur þær fjárhæðir, sem lagðar hafa verið í nýbyggingarsjóði samkv. lögum nr. 20/1942, hvort sem búið er að verja þeim að öllu leyti til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki.

Félög greiða ekki eignarskatt samkvæmt lögum þessum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkvæmt sérstökum lögum. Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, teljast ekki þær eignir, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en eiga þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46/1937. Eigi heldur það fé, sem útgerðarfélög hafa lagt í nýbyggingarsjóði, samkv. lögum nr. 20/1942, um breytingar á l. nr. 6/1935.

Af eignum einstaklinga, reiknuðum samkvæmt framansögðu, eru fyrstu 300 000 kr. hjá hverjum skattaðila skattfrjálsar. Ef eign nemur 300 000—500 000 kr., reiknast 10% af því, sem er umfram 300 þús. kr.

Af 500 þús.—1 millj. kr. reiknast 20 þús. kr. af 500 þús. kr. og 15% af afgangi.

Af 1 millj.—1½ millj. kr. reiknast 95 þús. kr. af 1 millj. kr. og 20% af afgangi.

Af 1½ millj. kr. reiknast 195 þús. kr. og 25% af afgangi.

Skatturinn skal greiðast í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda. Nú er skattur hærri en kr. 2000.00, og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 20 árum og séu ársvextir af þeim 4%. Til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skal ríkissjóður fá veð í hinum skattlögðu eignum, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, er samsvarar matsverði hennar til þessa skatts. Skipa skal nefnd eftir tilnefningu hæstaréttar, er hefur rétt til að ákveða, að niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef nefndin telur, að veðsetningin muni hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda. Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.

Samvinnufélög og hlutafélög skulu greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum. Slík útborgun frá féögum vegna eigenda eða hluthafa telst ekki skattskyld, hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði, enda sé greiðslan tekin af eignum, er félagið átti í árslok 1949. Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað gjaldanda ber að greiða af nettó-eign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim. Sá skattur, sem félögunum ber að greiða vegna félagsmanna sinna eða hluthafa, skal innheimtur hjá félögunum og teljast þeirra skuld.

Af skatti þessum skulu 5 milljónir króna renna til aflatryggingasjóðs, er teknar séu af óskiptu og greiðast af því fé, er fyrst innheimtist. Af skattinum skal enn fremur verja 10 millj. króna til uppbóta á sparifé samkv. 13. gr.

Að öðru leyti skal skattinum skipt í tvo jafna hluta. Öðrum hlutanum skal varið

til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs, en hinn hlutinn skiptist til helminga milli byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 35/1946 og þeirra aðila, er byggja íbúðir samkv. I. og III. kafla l. nr. 44/1946, í sömu hlutföllum og greinir í 1. tölul. 2. gr. Skuldabréf, sem eignarskattur samkv. þessari grein er greiddur með, skulu vera lögmæt greiðsla upp í lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbanka Íslands, en ríkissjóður ábyrgist gagnvart bankanum greiðslu bréfanna.

13. gr.

Af skatti þeim, sem innheimtist samkvæmt 12. gr., skal 10 milljónum króna varið til þess að bæta verðfall, sem orðið hefur á sparifé einstaklinga, þ. e. einstakra manna, en ekki félaga, stofnana, sjóða eða annarra ópersónulegra aðila. Til sparifjár telst í þessu sambandi fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparisjóði, innlánsdeildar samvinnufélaga og aðrar lánsstofnanir, sem eins stendur á um að þessu leyti. Enn fremur innstæður einstaklinga í verzlunarreikningum, sem venjulegir innlánsvextir sparisjóða hafa verið greiddir af, enda liggi fyrir yfirlýsing skattanefnda um innstæðuna og skattgreiðslu af henni.

Skilyrði bóta er, að innstæðan hafi verið talin fram til skatts og staðið óslitið frá árslokum 1941 til ársloka 1949 til ávöxtunar í nefndum láns- eða viðskiptastofnunum. Samt fellur réttur til bóta ekki niður, þótt sparifé hafi verið flutt úr einum sparifjárreikningi í annan í sömu stofnun, eða úr sparifjárreikningi í einni stofnun í sparifjárreikning í annarri stofnun, enda hafi nefndur flutningur ekki tekið meira en tvo daga, ef fé er flutt innan sama bæjarfélags, en annars ekki meira en tvær vikur.

Bætur skulu því aðeins greiddar, að eigandi innstæðu sé á lífi, er lög þessi taka gildi. Þó skulu maka innstæðueiganda, foreldri eða nið greiddar bætur á innstæðu, sem þannig hefur gengið að erfðum.

Bætur þessar má greiða í ríkisskuldabréfum.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um framkvæmd á úthlutun bóta samkvæmt þessari grein, þar á meðal um innköllun kröfueigenda innan hæfilegs og tiltekins frests að viðlögðum kröfumissi. Landsbanka Íslands skal falin framkvæmd úthlutunarinnar.

14. gr.

Um skattálagningu eftir þessum lögum skal farið eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, eftir því sem við á, enda mæli lög þessi ekki öðruvísi, þar á meðal um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög.

Eignarskattur samkv. lögum þessum er ekki frádráttarbær frá tekjum til skatts.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði, er varðar framkvæmd laga þessara, þar á meðal um úthlutun bóta á sparifé, ákvörðun framleiðslugjalds, gjalddaga þess, innheimtu og eftirlit með því, að það sé ekki undandregið, um álagningu skatts samkv. lögum þessum, kærur út af honum, fresti, úrskurði, gjalddaga, innheimtu og annað.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi 1. gr. laga nr. 51/1940, sbr. bráðabirgðalög nr. 92/1949, lög nr. 48/1942, um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, lög nr. 1/1950, um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., 1.—9., 12. og 13. gr., lög nr. 37/1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu, 1. gr., II. kafli laga nr. 128/1947, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 471. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 6. gr. Síðasta málsgrein falli niður.

Ed. 472. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þetta nær þó ekki til þeirra séttarfélaga, sem nú búa við svo lágt kaupgjald, að það sé neðan við meðaltal kaups verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, þótt þau eftir gildistöku laganna hækki kaupgjald sitt upp í kr. 2.90 í almennri dagvinnu karla og í kr. 2.10 í dagvinnu kvenna.

Ed. 473. Lög [125. mál]

um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 18. marz).

Samhljóða þskj. 470.

Ed. 474. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til l. um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir 2. gr. komi 3 nýjar greinar, er orðist svo:

a. (3. gr.) Ríkissjóður skal endurgreiða innflutningstoll af öllum vélbátum, sem fluttir voru til landsins á árunum 1945, 1946 og 1947.
b. (4. gr.) Ríkissjóður skal bæta upp tap á smíði þeirra báta, sem smíðaðir voru innanlands á vegum ríkissjóðs á árunum 1945, 1946 og 1947.
c. (5. gr.) Ríkissjóður skal greiða þeim aðilum, sem framleiddu saltfisk á árinu 1947, geymslugjald samkv. 3. gr. laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Sþ. 475. Nefndarálit [86. mál]

um till. til þál. um rannsókn á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd telur rétt, að sú athugun, sem um getur í tillögu þessari, verði látin fram fara. Hins vegar telur nefndin ekki ástæðu til, að milliþinganefnd verði kosin til að framkvæma þá rannsókn, en telur réttara, að ríkisstjórninni verði falið að annast athugun málsins.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ýtarlega athugun á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna. Að lokinni þeirri athugun skal ríkisstjórnin gera tillögur um breytingar á gildandi lögum, ef nauðsynlegt kann að reynast, til að tryggja konum jafnrétti við karla, og um ný lagaákvæði, er rétt þykir að setja til að tryggia konum sömu aðstöðu og karlmönnum til að sjá fyrir sér og sínum og njóta hæfileika sinna í starfi.

Ríkisstjórnin leggi álit og tillögur um þetta efni fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Alþingi, 20. marz 1950.

Ingólfur Jónsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Finnur Jónsson.	Jón Sigurðsson.	Lúðvík Jósefsson.
	Stefán Stefánsson.	

Nd. 476. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „til grenjavinnslu“ í 2. málsl. 4. gr. laganna kemur: til vinnslu grenja og minkabæla.

2. gr.

Orðin „og sömu upphæð fyrir hvern mink“ í 8. gr. laganna falla niður.

3. gr.

Í stað 11. gr. laganna koma sex nýjar greinar, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (11. gr.) Frá 1. janúar 1951 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma. Ríkissjóður greiðir eigendum minkabúa bætur fyrir tjón, er af banni þessu leiðir, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.
b. (12. gr.) Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til útrýmingar villiminka.
c. (13. gr.) Skylt er hreppsnefndum á þeim svæðum, þar sem vart hefur orðið villiminka, að gera skýrslur um útbreiðslu þeirra og dvalarstaði, eftir því sem

unnt er. Sama skylda til skýrslugerðar hvílir á bæjarstjórnum. Skýrslur þessar skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni, bæjarfógeta og í Reykjavík lögreglustjóra.

d. (14. gr.) Sýslumaður, bæjarfógeti eða í Reykjavík lögreglustjóri ákveða, hver í sínu lögsagnarumdæmi, að fram fari að minnsta kosti tvisvar á ári, að vetrar- og vorlagi, allsherjar útrýming á þeim svæðum, þar sem villiminka hefur orðið vart.

Sýslumaður, bæjarfógeti eða lögreglustjóri ákveða hverju sinni, hvenær útrýming skuli fara fram.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn sjá um framkvæmd útrýmingarinnar eftir fyrirlagi sýslumanns, bæjarfógeta eða lögreglustjóra.

Nú verður vart villiminka, eftir að allsherjar útrýming fór fram, og er hreppsnefnd eða bæjarstjórn þá skylt að sjá um, að þeir menn, sem til þess hafa verið ráðnir, vinni að útrýmingu dýranna.

e. (15. gr.) Nú vinna menn villiminka, án þess að þeir hafi verið ráðnir til þess, og skulu þeir fá verðlaun, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, og hefur oddviti eða bæjarstjóri og í Reykjavík bæjargjaldkeri á hendi greiðslu verðlaunanna.

f. (16. gr.) Skylt er mönnum að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um útrýmingu villiminka, enda fái þeir greiðslu fyrir starfa sinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur. Auk þeirrar greiðslu, sem hér um ræðir, er heimilt að greiða þessum mönnum allt að 20 kr. þóknun fyrir hvert dýr, sem þeir vinna.

g. Fyrirsögn III. kafla laganna verði: Útrýming minka.

4. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist:

Bæjarstjórnir skulu fá kostnað við eyðingu villiminka endurgreiddan úr ríkissjóði að ⅔ hlutum.

Nd. 477. Breytingartillaga [85. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 3. gr., a-lið. Aftan við liðinn bætist: Þó skal minkaeldi heimilað í Vestmannaeyjum og í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu.

Sþ. 478. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um ljósvita og skýli á Faxaskeri.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa ljósvita á Faxaskeri við Vestmannaeyjar, og sé vitahúsið jafnframt skýli fyrir skipbrotsmenn, ef til þyrfti að taka.

Ástæður.

Fyrir Alþingi liggja áskoranir fjölmargra Vestmanneyinga um, að viti ásamt skýli fyrir skipbrotsmenn verði reistur á Faxaskeri. Sömuleiðis hefur Slysavarnadeildin Eykyndill sent flm. þessarar þáltill. fundarsamþykkt um sama efni. Er það áform slysavarnadeildarinnar að leggja til útbúnað allan innanstokks í slíkt skýli, ef það verður reist. Af framangreindum ástæðum er þessi till. flutt.

Ed. 479. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um sveitarstjóra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn (GJ) er því andvígur, nema gerðar séu á því stórfelldar breytingar. Einn nm. (FRV) var ekki á fundi, er málið var afgreitt. Lárus Jóhannesson áskilur sér rétt til að fylgja einstökum breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 22. marz 1950.

H. Guðmundsson, form.	Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr., frsm.	Lárus Jóhannesson.

Nd. 480. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 20 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 5. gr. laganna orðist svo:
Í stað a—c-liða í 12. gr. laga nr. 6 1935 komi:

Fyrir einstakling	kr. 1500
— hjón	— 3000
— hvert barn	— 1200

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Persónufrádráttur sá, sem heimilaður er í gildandi skattalögum, er óeðlilega lágur. Í Reykjavík er hann ákveðinn 900 kr. fyrir einstakling að grunntölu, 1800 kr. fyrir hjón og 700 kr. fyrir hvert barn, en utan Reykjavíkur er frádráttur vegna barna 100 kr. lægri. Vegna þess, hversu lágur persónufrádrátturinn er, eru þurftartekjur skattlagðar, auk þess sem óeðlilega lítill munur er gerður á skattgreiðslu

einhleypra manna og hjóna, sem og barnlauss fólks og barnmargra fjölskyldna. Hækkun persónufrádráttar hefur fyrst og fremst þau áhrif, að nokkurri skattabyrði er létt af þeim, sem hafa lágar tekjur eða hafa fyrir börnum að sjá.

Samfara gengislækkun þeirri, sem nú hefur nýlega verið samþykkt á Alþingi, hlýtur að verða allveruleg rýrnun á kjörum launastétta í landinu, og kemur hún að sjálfsögðu harðast við þá, sem lágar hafa tekjur eða stóra fjölskyldu á framfæri sínu. Með hækkuðum persónufrádrætti mætti létta þessa byrði nokkuð. Þess vegna voru af hálfu Alþýðuflokksins fluttar breytingartillögur við frv. um gengisskráningu o. fl., þess efnis, að persónufrádráttur skyldi hækkaður. Þær tillögur voru að vísu felldar, en forsætisráðherra lýsti hins vegar þeirri skoðun sinni í umræðunum, að mjög væri athugandi að gera breytingar á gildandi reglum um þetta efni. Flm. þessa frv. vilja því enn freista þess að koma fram þeirri endurbót á skattalögunum, sem felst í hækkuðum persónufrádrætti. Vegna þeirra ráðstafana, sem nú hafa nýlega verið gerðar, er mun ríkari ástæða en fyrr til þeirrar skattalækkunar, sem af þessu mundi hljótast, einkum hjá þeim, sem hafa lágar tekjur eða eiga fyrir mörgum börnum að sjá.

Sþ. 481. Breytingartillaga [109. mál]

við brtt. á þskj. 400 (Rekstur helicopterflugvélar).

Frá Gísla Jónssyni, Ingólfi Jónssyni og Jónasi Rafnar.

a. Orðið „þeirri“ fellur niður.
b. Fyrir orðin „hefur í hyggju“ kemur: kynni.

Ed. 482. Frumvarp til jarðræktarlaga. [43. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 401 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Héraðsráðunautar í jarðrækt skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki ráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Sé starfssvæði ráðunautar minna en meðal sýslufélag, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það. Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 10 ráðunauta.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að hálfu frá hvorri búgrein.

Héraðsráðunautar skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum hver á sínu sambandssvæði, þar á meðal að veita bændum aðstoð við að gera ræktunaráætlanir fyrir ábúðarjarðir þeirra, og njóta til þess aðstoðar Búnaðarfélags Íslands. Þar, sem sambandssvæði nær yfir meira en tvö sýslufélög, er heimilt að hafa sérstaka mælingamenn þeim til aðstoðar, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

11. gr. hljóðar svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 15. gr.):

I.	Áburðargeymslur:		
	a. Safnþrær, alsteyptar	kr. 9.00	pr. m^3
	b. Áburðarhús, alsteypt eða steypt með járnþaki	— 5.00	— —
	c. Haugstæði, steypt með 1 m veggjum	— 3.00	— —
II.	Framræsla vegna túna, akur- eða engjaræktar (handgröftur):		
	a. Skurðir handgrafnir	— 1.00	— —
	b. Hnausræsi	— 0.75	— m
	c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi)	— 1.50	— —
III.	Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir):		
	Helmingur rekstrarkostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi:		
	Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður (sem ekki er innifalinn í leigunni), vírar, hlerar og olíur, og mannahald, eftir því sem það er ákveðið eða samþykkt af stjórnendum Vélasjóðs.		
IV.	Jarðrækt:		
	Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar ..	— 200.00	— ha
V.	Grjótnám úr ræktunarlandi, þó ekki yfir 50 m^3 á ári ..	— 2.00	— m^3
VI.	Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðarstólpum, og sé eigi meira en 5 m bil á milli jarðfastra staura. Girðingar skulu vera minnst 5 strengja gaddavírsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni, og sé jafnað í lægðir, eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða	— 0.30	— m
VII.	Heyhlöður:		
	a. Þurrheyshlöður steyptar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu	— 1.00	— m^3
	b. Þurrheyshlöður á steyptum grunni úr timbri, asbesti, járni eða öðru jafngildu efni	— 0.75	— —
	c. Votheyshlöður, steyptar, með þaki úr varanlegu efni	— 4.50	— —

Styrkur á jarðabætur greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar.

Styrkur til jarðræktar greiðist því aðeins, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunautar, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðsla.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúaþvag á býlinu.

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöður en að rúmmál þeirra sé minnst 100 m^3.

Nd. 483. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur klofnað í málinu. Undirritaður meiri hl. mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. vill gera á því nokkrar breytingar. Ágreiningur varð einkum um 2. gr. frv., hvernig verja skuli tekjum sjóðsins. Meiri hl. telur nauðsynlegt, að ákvæði verði lögfest, er tryggi það, að haldið verði uppi ýtarlegum fiskirannsóknum, tilraunum með ný veiðarfæri og leit að nýjum fiskimiðum og nýjum

mörkuðum, svo sem fyrir er mælt í fiskimálasjóðslögunum. Þetta telur meiri hl. því nauðsynlegra þar eð í ljós hefur komið, að mestum hluta af tekjum fiskimálasjóðs hefur undanfarin ár verið varið til lánastarfsemi, þannig að lítið hefur verið afgangs til þess að sinna öðrum verkefnum. Telur meiri hl. brýna nauðsyn bera til, að á þessu verði gagnger breyting, og mælir því eindregið með frv. óbreyttu.

Minni hl. vill hins vegar leggja meiri áherzlu á lánastarfsemi sjóðsins og gerir grein fyrir skoðun sinni í sérstöku nál.

Alþingi, 23. marz 1950.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Pétur Ottesen.

Sþ. 484. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um friðun rjúpu.

Flm.: Jón Pálmason, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að alfriða rjúpu fyrir skotum um næstu 5 ár frá fyrsta sumardegi n. k.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur rjúpum fækkað raunalega mikið í landi voru. Er það í sjálfu sér ekki svo undarlegt, þegar þess er gætt, hve gífurleg ásækni hefur verið í að drepa þennan merkilega nytjafugl. Flutningsmenn þessarar tillögu telja miklu varða að koma í veg fyrir, að rjúpunni verði útrýmt, og því leggja þeir til, að hún verði alfriðuð um 5 ára skeið til að byrja með.

Ed. 485. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um sveitarstjóra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. (HG, RÞ og LJóh) vill láta samþykkja það óbreytt, en á þetta gat minni hl. ekki fallizt. Gefur meiri hl. því út sérstakt nefndarálit.

Frv. þetta er upphaflega samið að tilhlutun félagsmálaráðuneytisins vegna þál., sem samþykkt var á Alþingi 25. febr. f. á., þar sem skorað var á ríkisstjórnina að taka til athugunar, hvernig stjórn hinna stærri kauptúna verði bezt og haganlegast fyrir komið, og að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar um það efni. Samkv. frv., eins og það var lagt fram upphaflega, skyldu hreppar með yfir 500 íbúa fela sérstökum sveitarráðsmanni framkvæmd sveitarmálefna. Var þetta ákvæði raunverulega meginatriði frv. Í Nd. er þessu breytt í heimild, sem aðili getur notað eða látið vera að nota, eftir því sem ástæður þykja til á hverjum stað. Þegar svo er komið, sýnist engin ástæða til lengur að binda lögin við hreppa, sem hafa ákveðna íbúatölu, heldur gera þau að heimildarlögum almennt, sem hver hreppur getur notfært sér, þegar ástæða þykir til. Þá sýnist heldur engin ástæða til að ákveða með lögum lágmarkslaun sveitarstjóra eða ráðningartíma, úr því að launakjör o. fl. skal ákveða í launasamningi samkvæmt fyrirmælum laganna. Sama gildir um verkaskiptingu og starfssvið sveitarstjóra. Er eðlilegast, að það sé allt ákveðið í ráðningarsamningi alveg óháð lögunum, og sízt af öllu er nauðsynlegt að fylla Stjórnartíðindin með

auglýsingum um slíkt. Ástæðulaust og mjög óviðfelldið sýnist að fella niður umboð hreppsnefndarmanns, þótt honum yrði falin sveitarstjórn. Ætti einmitt engum öðrum að vera kunnari þarfir sveitarfélagsins, eða vera hæfari að dæma um mál, sem afgreiða ber í hreppsnefnd á hverjum tíma. Þá verður ekki annað séð en að það sé harla óþarft að blanda ráðuneytinu í misklíð, sem kynni að stafa af frávikningu vegna vanrækslu. Þykir eðlilegast, að það sé samningsatriði aðila á sama hátt og launakjör, hvernig fara skuli með slíkar deilur.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er hreppsnefnd að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.
2. Við 3. gr.
   a. 3. málsl. falli niður.
   b. 4. málsl. falli niður.
3. Við 4. gr. Síðari málsgr. falli niður.
4. Við 5. gr. Síðari málsgr. falli niður.
5. Við 7. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 23. marz 1950.

Gísli Jónsson, frsm. F. R. Valdimarsson.

Sþ. 486. Skýrsla

félagsmálaráðuneytisins um 30. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1947.

I. Inngangur.

30. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf í Sviss 19. júní til 11. júlí 1947, og fór það fram í hinni glæsilegu höll, sem byggð var fyrir Þjóðabandalagið á sínum tíma, en er nú í eigu Sameinuðu þjóðanna.

Þing þetta var óvenjulega fjölsótt. Mættir voru fulltrúar frá 48 ríkjum, þar af sendu 40 ríki fullskipaðar sendinefndir. Alls sátu þingið 482 fulltrúar og ráðunautar. Félags- og verkamálaráðherrar frá 7 ríkjum sátu þetta þing að meira eða minna leyti. Einnig voru fulltrúar frá öðrum alþjóðasamtökum.

Af Íslands hálfu sóttu þingið fjórir fulltrúar, eins og fyrir er mælt í stjórnarskrá stofnunarinnar.

Stjórnarfulltrúar voru Finnur Jónsson fyrrverandi ráðherra og Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu. Fulltrúi vinnuveitenda var Benedikt Gröndal stjórnarmeðlimur Vinnuveitendafélags Íslands, og fulltrúi verkamanna var Björn Bjarnason ritari Alþýðusambands Íslands.

Dagskrá þingsins var á þessa leið:

1. Skýrsla forstjórans.
2. Fjárhagsmál.
3. Lágmarkskröfur um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum landsvæðum (síðari umræða).
4. Skipulagning vinnueftirlits í iðnaði og verzlun (ein umræða).
5. Vinnumiðlunarstofnanir (fyrri umræða).
6. Skýrslur um framkvæmdir á samþykktum (22. gr. stjórnarskrárinnar).
7. Félagafrelsi og sambandið milli vinnuveitenda og verkamanna.

II. Þingsetning o. fl.

Þingið var sett af forseta stjórnarinnar, Sir Guildhaume Myrddin-Evans. Hann hóf setningarræðu sína með því að minnast tveggja fulltrúa frá Argentínu, er fórust í flugslysi á leið til þings. Vottaði hann argentínsku sendinefndinni og ríkisstjórninni samúð þingsins vegna þessa sorglega atburðar.

Þá gerði forsetinn grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári og minntist þess sérstaklega, að þetta væri fyrsta þing stofnunarinnar í Genf síðan 1939.

Að lokinni setningarræðu stjórnarforsetans bar argentínski stjórnarfulltrúinn fram þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna fráfalls hinna tveggja argentínsku fulltrúa.

Þessu næst fór fram kosning forseta þingsins. Eftir tillögu franska stjórnarfulltrúans, sem studd var af formælendum vinnuveitenda og verkamanna, var Carl Joachim Hambro fyrrverandi forseti norska Stórþingsins kjörinn forseti. Varaforsetar voru kjörnir C. R. Desmarás frá Argentínu fyrir stjórnarfulltrúana, Sir John Forbes Watson frá Bretlandi fyrir vinnuveitendur og Robert Watt frá Bandaríkjunum úr hópi verkamanna.

Næsta starf þingsins var kosning dagskrárnefndar (Selection Committee). Hana skipuðu 32 fulltrúar, 16 stjórnarfulltrúar og 8 frá hvorum vinnuveitendum og verkamönnum.

Samkvæmt þingsköpum og tillögum dagskrárnefndar voru eftirtaldar nefndir skipaðar til að fjalla um hin ýmsu dagskrármál:

1. Nefnd til að fjalla um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum landsvæðum (3. dagskrármál), skipuð 36 fulltrúum.
2. Nefnd til að fjalla um vinnueftirlit (4. dagskrármál), skipuð 60 fulltrúum.
3. Nefnd til að fjalla um vinnumiðlunarstofnanir (5. dagskrármál), 60 fulltrúar.
4. Nefnd til að rannsaka framkvæmdir á samþykktum (6. dagskrármál), 32 fulltrúar.
5. Nefnd til að fjalla um félagafrelsi (7. dagskrármál), 88 fulltrúar.
6. Fjármálanefnd.
7. Kjörbréfanefnd, 3 fulltrúar.
8. Þingskapanefnd, 24 fulltrúar.
9. Ályktananefnd, 24 fulltrúar.

Nefndirnar nr. 1, 2, 3, 4, 5 og 8 voru þannig skipaðar, að hlutföllin milli fulltrúa ríkisstjórna, vinnuveitenda og verkamanna voru 2:1:1. Fjármálanefndin er skipuð einum fulltrúa frá hverri ríkisstjórn, sem fulltrúa á á þinginu. Kjörbréfanefndina skipa 3 menn sinn frá hverjum flokki, og ályktananefnd skipa 8 menn úr hverjum flokki.

Þátttaka íslenzku fulltrúanna í nefndum var sem hér segir:

Finnur Jónsson átti sæti í nefndinni, sem fjallaði um félagafrelsi, og var Jónas Guðmundsson varamaður hans þar. Jónas Guðmundsson átti enn fremur sæti í fjármálanefndinni. Björn Bjarnason átti sæti í nefndinni, sem fjallaði um vinnumiðlunarstofnanir.

Samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár stofnunarinnar skal þingið rannsaka skilríki fulltrúa og ráðunauta þeirra, og getur það með ⅔ atkvæða viðstaddra fulltrúa varnað þeim fulltrúum og ráðunautum þingsetu, sem það telur, að ekki hafi verið tilnefndir í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar, en þar er svo fyrir mælt, að fulltrúar þeir og ráðunautar, sem ekki eru fyrirsvarsmenn ríkisstjórna, skulu tilnefndir í samráði við aðalsamtök verkamanna og vinnuveitenda í viðkomandi landi. Ákvæði þetta leiðir ávallt til mótmæla frá stéttarsamtökum gegn tilnefningu fleiri eða færri fulltrúa. Málum þessum er jafnan vísað til kjörbréfanefndar, sem síðan leggur tillögur sínar fyrir þingfund.

Að þessu sinni komu fram mótmæli gegn tilnefningu verkamannafulltrúanna frá Argentínu, Chile, Grikklandi, Indlandi og Uruguay. Mótmæli þessi komu frá verkalýðssamböndum, sem töldu sig aðalsamtök verkamanna í viðkomandi löndum

í merkingu stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Einnig bárust kjörbréfanefndinni athugasemdir um aðstæður verkalýðssamtakanna í Kína, Colombíu og Iran.

Þingið féllst ekki á réttmæti neinna þessara mótmæla og meinaði því engum viðkomandi fulltrúa þingsetu. Við umræðurnar um þetta mál kom greinilega í ljós, að þingið leit svo á, að til þess að meina fulltrúa þingsetu yrðu að liggja fyrir óyggjandi sannanir fyrir því, að útnefning þeirra hefði ekki farið fram í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar, en jafnframt lagði þingið mikla áherzlu á það, að ríkisstjórnir gættu þess að fara eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar við tilnefningu fulltrúa.

Á þessu þingi gerðist Austurríki að nýju fullgildur meðlimur stofnunarinnar, eftir að fulltrúar þess höfðu gengizt formlega undir skuldbindingar stjórnarskrárinnar og endurupptaka þess hafði verið einróma samþykkt á þingfundi.

Aðalforstjórinn tilkynnti þinginu, að Philipseyjalýðveldið og El Salvador hefðu látið í ljós ákvörðun sína um að gerast aðilar að stofnuninni, og átti síðarnefnda ríkið áheyrnarfulltrúa á þinginu.

Þá skýrði forstjórinn og frá því, að stjórn Júgóslavíu hefði tilkynnt úrsögn sína úr stofnuninni. Í svari sínu við þessari tilkynningu júgóslavnesku stjórnarinnar hafði forstjórinn tekið fram, að Alþjóðavinnumálastofnunin hefði ávallt óskað þess, að sem flest ríki ættu aðild að henni, og jafnan hefði hún fagnað samvinnu við hvaða aðildarríki sem væri og hvert svo sem fjármála- eða félagsmálakerfi þess væri. Hann lét og í ljós von um, að nánari athugun á þeim tálmunum, sem júgóslavneska stjórnin teldi vera í vegi fyrir aðild sinni að Alþjóðavinnumálastofnuninni, færi fram og að hver sá misskilningur, sem þessir erfiðleikar gætu byggzt á, yrði leiðréttur áður en úrsagnarfresturinn, sem er tvö ár, væri liðinn.

III. Einstök þingmál.

1. Skýrsla forstjórans.

Umræðurnar um skýrslu forstjórans voru meiri en verið hafði á nokkru fyrra þingi stofnunarinnar, og tóku 93 fulltrúar þátt í þeim. Ræðumennirnir skiptust þannig, að af hálfu stjórnarfulltrúa töluðu 45, þ. á m. 11 ráðherrar, 21 úr hópi vinnuveitenda, 25 frá verkamönnum og tveir fulltrúar Sameinuðu þjóðanna.

Eins og að líkum lætur, komu ræðumenn víða við, og var drepið á margt. Eins og tíðkazt hefur lengi á þessum þingum, gerðu margir fulltrúanna grein fyrir ástandinu á sviði verkalýðs- og félagsmála í heimalöndum sínum, nýjum og fyrirhuguðum lögum, framkvæmdum á ákvæðum samþykkta Alþjóðavinnumálaþingsins svo og um þróun verkalýðssamtakanna. Einnig var mikið rætt um uppbygginguna eftir stríðið í þeim löndum, sem hafa orðið fyrir tjóni af völdum þess.

Margir ræðumanna fjölluðu um fjárhagsleg vandamál. Í því sambandi var mjög rætt um nauðsyn á aukinni framleiðslu, en henni yrði að fylgja bætt dreifing framleiðsluvaranna, atvinna fyrir alla og stöðugt batnandi lífsafkoma, því að ella leiddi hún af sér offramleiðslu og fjármálakreppu.

Hjá nokkrum ræðumönnum komu fram tilmæli til stofnunarinnar um að láta mál landbúnaðarverkamanna meira til sín taka, enda virtust lönd, sem aðallega væru landbúnaðarlönd, verða algerlega útundan í starfsemi stofnunarinnar. Því var þess vegna fagnað, að halda átti sérstakt þing fyrir þessi lönd og að nú er búið að koma á fót að nýju fastri landbúnaðarnefnd innan stofnunarinnar.

Að því er snertir fólksflutninga milli landa var athygli vakin á þeim möguleika að flytja heimilislaust fólk í stórum stíl á vegum félagssamtaka, sem tryggðu þeim fullkomlega tækifæri til að skapa sér góð lífsskilyrði í hinum nýju heimkynnum þess. Lagt var til, að þar til hæf stofnun safnaði nauðsynlegum upplýsingum um þessi mál með þessa starfsemi fyrir augum, og ætti það að vera til hagsbóta bæði fyrir viðkomandi ríkisstjórnir og væntanlega út- og innflytjendur.

Ýmsar athugasemdir voru gerðar við beina starfsemi stofnunarinnar, og má

segja, að hún hlyti bæði lof og last. Rætt var um ókost þess, að starfsliði stofnunarinnar væri skipt í tvo staði, þ. e. Montreal í Canada og Genf í Sviss, og var lögð áherzla á það, að þær deildir, sem enn væru eftir í Montreal, yrðu fluttar til Genf. Á hinn bóginn kom fram mikil ánægja yfir þeirri venju að halda þing stofnunarinnar í mismunandi löndum. Einn ræðumanna lét í þessu sambandi orð falla á þá leið, að fjölþjóðleg stofnun sem þessi mætti ekki grafa sig niður á einhverjum eftirlætisstað, heldur ætti hún sífellt að leitast við að styrkja tengsl sín við alla hluta heims. Margir ræðumanna viku að nauðsyn þess að sjá stofnuninni fyrir nægilegu fjármagni, því að vegna skorts á því væri starfsemi hennar enn þá að mestu ókunn almenningi í mörgum löndum og án þess væri hún ekki fær um að inna af höndum þau margvíslegu verkefni, sem henni væru falin. Þá var vikið að aðilafjölda stofnunarinnar. Mikil ánægja kom fram yfir því, að Austurríki bættist nú að nýju í tölu aðildarríkjanna. Jafnframt var látin í ljós von um það, að önnur ríki færu að dæmi þess, og átti það einnig við þau ríki, sem telja verður bera ábyrgð á hörmungum síðustu heimsstyrjaldar.

Að lokum var almennt viðurkennd nauðsyn á sem nánustu samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar og hinar ýmsu deildir þeirra. Fulltrúar Sameinuðu þjóðanna létu í ljós ósk um, að þetta samstarf ykist, og trú sína á, að það mundi verða raunhæft og árangursríkt.

Aðalforstjórinn hóf svarræðu sína með því að benda á, að þing þetta sýndi, að trúin á þann þátt, sem fjölþjóðlegar stofnanir yrðu að eiga í lausn vandamála heimsins, væri sterkari nú en nokkru sinni fyrr. Það væri táknrænt, að þrátt fyrir alla erfiðleika væri þetta þing hið fjölsóttasta í sögu stofnunarinnar.

Hann féllst á réttmæti ummæla þeirra fulltrúa, sem óskuðu eftir ýtarlegri greinargerðum um þær stórfelldu breytingar, sem orðið hefðu á sviði félags- og fjárhagsmálefna í ýmsum löndum Evrópu. Skýrði hann og frá því, að menn hefðu verið sendir til ýmissa Evrópulanda til þess að kynna sér þessi mál, og mætti því vænta ýtarlegri upplýsinga í framtíðinni.

Forstjórinn viðurkenndi, að stofnunin yrði að láta mál landbúnaðarverkamanna meira til sín taka og upplýsti, að í samningi milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Matvæla- og akuryrkjustofnunarinnar (FAO) væri kveðið svo á, að þessar tvær stofnanir skyldu skipa sameiginlega nefnd til þess að vinna að þessu máli.

Um þær tillögur, sem fram voru bornar um flutninga fólks á milli landa, sagði forstjórinn, að þær sýndu, að tími væri kominn til frekari aðgerða í því máli og reyndar mætti líta svo á, sem lagt hafi verið til, að Alþjóðavinnumálastofnunin setti upp nokkurs konar alþjóðlega vinnumiðlunarskrifstofu.

Formælendum hins frjálsa framtaks benti forstjórinn á, að félagafrelsi eins og það hefði verið skilgreint af stofnuninni og Mannréttindastofnun Fjárhags- og félagsmálaráðsins væri nægilega víðtækt til þess að vernda frjálst framtak. Auk þess væri ekki skynsamlegt af stofnuninni að reyna að hafa áhrif á ríkisstjórnir aðildarríkja sinna í þá átt, að þær breyttu grundvallarreglum í þjóðarbúskap sínum.

Hinum mörgu ræðumönnum, sem lagt höfðu áherzlu á það, að koma skyldi öllu starfsfólki stofnunarinnar fyrir á einum og sama stað, svaraði forstjórinn því, að það væri á færi þingsins sjálfs að ákveða aðsetursstað stofnunarinnar, en í raun og veru væri staðsetning starfsliðsins framkvæmdaratriði. Hann kvað það höfuðnauðsyn fyrir stofnunina að hafa sem nánasta samvinnu við Fjárhags- og félagsmálaráðið, en enn þá væri ekki ákveðið, hvar það hefði aðsetur. Allt sem hægt væri að segja á þessu stigi væri það, að starfsliði stofnunarinnar mundi komið fyrir þar, sem hægast væri fyrir það að vinna að málefnum stofnunarinnar, en hver sá staður ætti að vera, væri ótímabært að ákveða nú.

Að því er snertir samband stofnunarinnar við Sameinuðu þjóðirnar kvað hann hafa gætt nokkurs misskilnings. Hún væri ekki undir þær sett eða háð þeim að neinu leyti.

Alþjóðavinnumálastofnunin væri eina alþjóðastofnunin, sem gerði verkamönn-

um og atvinnurekendum jafnhátt undir höfði og ríkisstjórnum. Ef um það væri að ræða, að hún væri undir yfirstjórn stofnunar, sem ríkisstjórnir einar stæðu að, væru verkamenn sviptir þessum rétti, sem þeir öðluðust 1919 og hafa enn samkvæmt stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það mundi í rauninni þýða endalok stofnunarinnar, því að verkamenn mundu vera alls ófúsir til að eiga þar stöðu sem tillögumenn einungis.

Hann féllst á réttmæti þess, að varhugavert væri að þakka Alþjóðavinnumálastofnuninni allar þær félagslegu framfarir, sem orðið hafa síðan hún komst á fót. Hins vegar hefði hún styrkt samtök verkalýðsins víða um heim, og í því sambandi minntist hann á sambandið við Alþjóðasamband verkalýðsfélaganna (W. F. T. U.).

Í lok ræðu sinnar vék forstjórinn að nauðsyn aukinnar alþjóðlegrar samvinnu, sem hann kvað framtíð þjóðanna byggjast á, og hvatti hann til aukins samstarfs við Sameinuðu þjóðirnar.

2. Fjárhagsmál.

Eins og að framan getur, fjallaði nefnd skipuð einum fulltrúa frá hverri ríkisstjórn, sem fulltrúa átti á þinginu, um fjárhagsmál stofnunarinnar. Á fyrsta fundi hennar talaði forstjórinn og gerði almenna grein fyrir fjármálum stofnunarinnar, og taldi hann þeim nú betur komið en nokkru sinni fyrr í sögu hennar. Forstjórinn skýrði og frá því, að samningagerðum þeim, sem staðið hefðu yfir milli stofnunarinnar og skilanefndar Þjóðabandalagsins, væri nú farsællega lokið, og þakkaði hann nefndinni og sér í lagi formanni hennar, Hambro, fyrir þá tillitssemi, sem Alþjóðavinnumálastofnuninni hefði verið sýnd í þessu sambandi.

Þá vék forstjórinn að fjárhagsáætluninni fyrir næsta ár, og benti hann sérstaklega á það, að gjaldeiningum (units) hefði fjölgað úr 690 upp í 784 fyrir árið 1948, en afleiðing þess væri sú, að enda þótt fjárhagsáætlunin fyrir 1948 sýndi 15.13% hækkun frá undanfarandi ári, þá hefði hver eining ekki hækkað nema um 3,8%.

Að lokum vék forstjórinn að því, að árin 1946 og 1947 hefði stofnunin orðið fyrir óvæntum höppum, þar sem hefðu verið greiðslur skilanefndarinnar á ógreiddum eldri tillögum. Slíkra happa væri ekki að vænta í framtíðinni, og mundi því árið 1948 hafa í för með sér þyngri fjárhagslegar byrðar fyrir aðildarríki stofnunarinnar. Auk þessa væri framkvæmdasjóðurinn, sem nú næmi 3.75 milljónum svissneskra franka, alls ónógur stofnuninni, og nú hefði stjórnin því lagt til, að hann yrði hækkaður upp í 7 milljónir svissneskra franka.

Formaður stjórnarinnar skýrði frá því, að tillögur stjórnarinnar hefðu verið ræddar og rannsakaðar nákvæmlega á fundum hennar, og þó að skiptar skoðanir hefðu verið um ýmsar greinar þeirra í fyrstu, þá hefðu þær að lokum verið samþykktar einróma af stjórninni.

Þessu næst fóru fram almennar umræður, sem margir fulltrúanna tóku þátt í, og allir voru þeir á einu máli um það, að sjá bæri stofnuninni fyrir nauðsynlegu fjármagni til starfsemi hennar, en leggja bæri áherzlu á það, að sem beztur árangur næðist fyrir það fé, sem eytt væri.

Að þessum umræðum loknum samþykkti nefndin fjárhagsáætlunina eins og hún kom frá stjórninni og vísaði henni til þingsins með tilmælum um, að hún yrði samþykkt óbreytt, og var það gert einróma.

Upphæð fjárhagsáætlunarinnar nam 19 042 983 svissneskum frönkum, eða 4 449 295 bandarískum dollurum.

Við umræðurnar um fjárhagsáætlunina vakti Sir John Forbes Watson atvinnurekendafulltrúi frá Bretlandi athygli á því, að næstum öll hækkun á fjárhagsáætluninni stafaði af hækkuðum vinnulaunum. Þessi laun, sagði hann, væru undanþegin tekjuskatti, og mælti hann með því, að starfsfólk stofnunarinnar yrði látið greiða tekjuskatt, ekki til þess að skerða laun þess, heldur til þess að minna það á skyldur sínar sem þjóðfélagsborgarar. Hann kvaðst gera þessa athugasemd vegna þess, að hann teldi þetta nauðsynlegt fyrir velferð stofnunarinnar.

3. Lágmarkskröfur um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum landsvæðum.

Þetta mál hafði verið rætt á fyrri þingum stofnunarinnar, og nú voru á þessu þingi gerðar um það þessar samþykktir:

1. Samþykkt nr. 82 um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum landsvæðum.
2. Samþykkt nr. 83 um að beita lágmarksákvæðum um vinnuskilyrði í ósjálfstæðum landsvæðum.
3. Samþykkt nr. 84 um félagarétt og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum landsvæðum.
4. Samþykkt nr. 85 um vinnueftirlit í ósjálfstæðum landsvæðum.
5. Samþykkt nr. 86 um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna.

Engin samþykkta þessara snertir málefni, er Ísland varða beinlínis, svo að þeirra verður ekki getið nánar hér, en þær eru prentaðar hér með í íslenzkri þýðingu sem fylgiskjal.

4. Skipulagning vinnueftirlitsins í iðnaði og verzlun.

Mál þetta hefði verið sett á dagskrá þings þess, sem halda átti árið 1949, en aldrei var haldið vegna síðustu heimsstyrjaldar. Það hafði því þá verið rannsakað og undirbúið til meðferðar á þinginu, og var nú tekið til þar, sem áður varð frá að hverfa.

Á þinginu var afgreidd samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun, álitsgerð um vinnueftirlit, álitsgerð um vinnueftirlit í náma- og flutningafyrirtækjum og enn fremur ályktun varðandi verksvið vinnueftirlitsins.

Meginákvæði samþykktarinnar eru í tveimur hlutum, og fjallar annar um iðnað, en hinn um verzlun. Enda þótt svo væri litið á, að sameiginleg samþykkt fyrir iðnað og verzlun mundi ekki ná eins mikilli útbreiðslu, þá var talið, að ef sín samþykktin væri gerð fyrir hvora grein, þá hefði það í för með sér augljósa ókosti, þar sem skilja mætti það á þann veg, að ríkisstjórnir væru hvattar til að koma á mismunandi eftirlitskerfum fyrir hvora grein. Þingið ákvað því, að samþykktin skyldi kveða á um sömu reglur fyrir iðnað og verzlun, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, en hins vegar er ríkisstjórnum, sem fullgilda samþykktina, heimilað að undanskilja kaflann um eftirlit í verzlun. Þetta gildir ekki um þann kafla, sem um iðnað fjallar.

Samþykktin tekur til vinnustöðva, þar sem eftirlitsmenn geta beitt lagaákvæðum um vinnuskilyrði. Ákveðið er, að vinnueftirlitið skuli vera undir yfirstjórn einnar miðstjórnar og að því sé ætlað að tryggja framkvæmd gildandi ákvæða um vinnutíma, laun, öryggi, heilbrigði og velferð starfsmanna, svo og um vinnu barna og unglinga. Þá skal það veita atvinnurekendum og verkamönnum tæknilegar upplýsingar og ráðleggingar varðandi framkvæmd ákvæðanna. Enn fremur skal það vekja athygli hlutaðeigandi yfirvalda á ágöllum eða misbeitingum, sem gildandi ákvæði ná ekki til. Þá er í samþykktinni kveðið á um stjórn og fyrirkomulag eftirlitsins, hæfniskröfur til eftirlitsmanna, valdsvið þeirra og heimild til skoðunar vinnustöðva, hversu oft skoðanir skuli fram fara svo og um málarekstur út af brotum á ákvæðum þessum. Við lokaatkvæðagreiðslu um samþykkt þessa greiddu 134 atkvæði með henni, en enginn á móti.

Álitsgerð nr. 81 um vinnueftirlit var samþykkt með 135 atkvæðum gegn engu.

Fjallar hún um ýmis atriði, sem hvorki fyrrnefnd samþykkt né álitsgerð frá 1923 um sama efni fjallar um, en þessi atriði þótti ekki tímabært að ákveða í samþykkt, vegna þess að þróun þeirra væri ekki nægilega langt komið. Álitsgerð þessi fjallar um það, að rannsaka ætti áætlanir um nýjar byggingar og framleiðsluaðferðir fyrir fram til þess að tryggja frá upphafi, að nægilega sé séð fyrir öryggi og heilbrigði starfsfólksins. Einnig er kveðið á um samvinnu eftirlitsyfirvaldanna við atvinnurekendur og verkamenn varðandi ráðstafanir til tryggingar öryggi og heilbrigði. Þá er lagt til, að eigi skyldi fela eftirlitsmönnum sáttasemjara- eða gerðardómarastörf í vinnudeilum. Að lokum eru rakin þau atriði, sem greina ætti í upplýsingum þeim, sem birta skal í ársskýrslum eftirlitsins.

Álitsgerð nr. 82 um vinnueftirlit með náma- og flutningafyrirtækjum fjallar um

nauðsyn þess, að sams konar eftirliti og hér að framan greinir sé komið á í þessum atvinnugreinum, en í framangreindri samþykkt um þetta efni er kveðið svo á, að undanþiggja megi ákvæðum hennar að öllu eða nokkru leyti þessar greinar. Var þetta gert af tæknilegum ástæðum, sem hindra það, að almennum ákvæðum um vinnueftirlit sé hægt að beita fullkomlega við námugröft og flutninga. Þingið taldi því æskilegt að gefa út álitsgerð um þetta efni, og var hún samþykkt með 135 atkvæðum gegn engu.

Að síðustu gerði svo þingið ályktun, er fól í sér áskorun til ríkisstjórna um að láta ákvæði þau, sem vinnueftirlitsmönnum ber að hafa eftirlit með, að farið sé eftir, ná til allra starfsmanna, sem vinna við iðnaðar- eða verzlunarfyrirtæki.

5. Vinnumiðlunarstofnanir.

Um þetta mál hafði verið fjallað þegar á fyrsta þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Washington árið 1919. Þá var samþykkt ályktun þess efnis, að komið skyldi á opinberum vinnumiðlunarstofnunum undir eftirliti sameiginlegrar miðstjórnar.

Ákveðið var, að á þessu þingi skyldu fara fram undirbúningsumræður um þetta mál með tilliti til breytinga á áður gerðum samþykktum um þetta efni í ljósi þeirrar reynslu, er fengizt hefur síðast liðinn aldarfjórðung.

Að þessu sinni fóru því fram almennar umræður um málið á grundvelli uppkasts að samþykkt, sem skrifstofan hafði gert. Að loknum þessum umræðum var samþykkt, að þetta mál skyldi tekið fyrir aftur á næsta þingi og að þá skyldi einnig í sambandi við það rætt um endurskoðun á samþykktinni frá 1933 um vinnumiðlunarstofnanir, sem taka gjald fyrir störf sín.

6. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á samþykktum.

Samkvæmt stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber hverju aðildarríki hennar að senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni árlega skýrslur um ráðstafanir þær, sem það hefur gert til að framkvæma ákvæði samþykkta, sem það er aðili að. Er þetta gert til þess að hafa eftirlit með því, að aðildarríki bregðist ekki skyldum, sem það hefur undirgengizt með því að fullgilda samþykktir, svo og til að fylgjast með þróun þessara mála í hinum ýmsu löndum.

Nú er einnig svo kveðið á í stjórnarskránni, að ríkisstjórnir skuli jafnan senda atvinnurekenda- og verkamannasamböndunum í landi sínu afrit af skýrslum þeim, sem þær senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, og geta þau þá gert sínar athugasemdir, ef þeim þykir hallað réttu máli.

Skýrslur þessar sæta jafnan nákvæmum rannsóknum. Fyrst vinnur skrifstofan úr þeim og leggur þær síðan fyrir sérstaka nefnd sérfræðinga, sem rannsakar þær, og er álit hennar lagt fyrir þingið ár hvert sem fylgirit með skýrslu forstjórans um þetta mál. Á hverju þingi fjallar sérstök nefnd um skýrslurnar, og kallar hún þá stundum einstaka fulltrúa á sinn fund til að standa fyrir máli sinna ríkisstjórna, ef þær þykja hafa gefið ófullnægjandi skýrslur eða látið farast fyrir að senda þær. Nefnd þessi leggur síðan álit sitt fyrir þingfund, og er það síðasta stig rannsóknarinnar.

Að þessu sinni hafði frestur sá, sem ríkisstjórnirnar hafa til skýrslugjafa sinna, verið óvenju naumur, þar sem einungis liðu 8 mánuðir frá þinginu í Montreal 1946 til þessa þings í Genf. Það má því e. t. v. kenna þessum stutta fresti að nokkru um þær slæmu heimtur, sem voru á skýrslum frá aðildarríkjunum, en af 731 skýrslu, sem senda bar, vantaði 153. Nefndin harmaði mjög þessa vanrækslu og lagði ríka áherzlu á nauðsyn þess, að skýrslur þessar bærust í tæka tíð, svo að þær gætu verið nægilega undirbúnar fyrir þing. Áherzla var lögð á mikilvægi sérfræðinganefndarinnar, sem rannsakar skýrslur þessar, og hvatt til þess, að henni væru veitt betri skilyrði til þessa starfs síns.

Greinargerð og álit nefndarinnar voru einróma samþykkt á þingfundi.

7. Félagafrelsi og sambandið milli atvinnurekenda og verkamanna.

Alþjóðavinnumálastofnunin tók þetta mál fyrir að ósk Fjárhags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðasamband verkamanna (W. F. T. U.) og Ameríska verkalýðssambandið (A. F. L.) höfðu beint þeim tilmælum til ráðsins, að það tæki til meðferðar, hversu tryggja mætti framkvæmd og þróun réttar verkalýðsfélaganna, og tók ráðið þetta fyrir á fjórða fundi sínum, sem haldinn var snemma árs 1947.

Fjárhags- og félagsmálaráðið ákvað að senda gögn þau, sem því höfðu borizt frá framangreindum samtökum varðandi mál þetta, til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, með ósk um, að það yrði tekið á dagskrá 30. þings hennar. Jafnframt óskaði ráðið þess, að skýrsla um málið yrði send fyrir 5. fund þess, sem halda átti í júlí 1947.

Að framkominni þessari beiðni ákvað stjórnarnefndin, að á dagskrá 30. þings stofnunarinnar skyldi setja umræður um félagafrelsi.

Um þetta mál fjallaði sérstök nefnd, og eftir tillögum hennar samþykkti þingið einróma nokkrar mikilsverðar ályktanir, sem nú skulu raktar að nokkru.

Í fyrsta lagi samþykkti þingið ályktun varðandi félagafrelsi og verndun réttarins til að stofna félög og semja sameiginlega. Eru þar skilgreindar grundvallarreglur þær, sem félagafrelsi verður að byggjast á.

Í ályktun þessari er staðfest, að verkamenn og vinnuveitendur skuli eiga óskertan rétt á að stofna og ganga í félög að eigin vild án undangengins leyfis. Slík félög skuli eiga rétt á því að setja sér lög og starfsreglur og ákveða stefnuskrá sína án afskipta af hálfu opinberra yfirvalda, er takmarki löglega beitingu þessa réttar þeirra. Þá segir enn fremur í ályktuninni, að slík félagssamtök skuli ekki eiga á hættu að verða leyst upp af stjórnarvöldunum og að þeim skuli heimilt að stofna félagasambönd svo og að gerast aðilar að alþjóðlegum samtökum vinnuveitenda og verkamanna.

Í ályktuninni eru sérstök ákvæði um öryggisráðstafanir til tryggingar félagafrelsinu og sameiginlegum samningum með tilliti til þess, að komið sé í veg fyrir, að atvinnurekendur láti verkamenn gjalda þátttöku sinnar í verkalýðsfélögum eða reyni að koma í veg fyrir stofnun slíkra félaga. Enn fremur er lagt til í ályktuninni, að komið sé á fót sérstökum stofnunum, ef þurfa þykir, til eftirlits með því, að félagafrelsið sé í heiðri haft.

Þingið taldi, að gera bæri hið bráðasta alþjóðasamþykkt um þau atriði, sem framangreind samþykkt fjallar um, og ákvað því, að það yrði tekið fyrir á næsta þingi með tilliti til þess, að um það yrðu gerðar ein eða fleiri samþykktir.

Auk þessa var ákveðið, að á næsta þingi skyldi einnig fara fram fyrri umræða um beitingu réttarins til að stofna félög og semja sameiginlega, sættir og gerðir í vinnudeilum og samvinnu milli opinberra yfirvalda og félagssamtaka vinnuveitenda og verkamanna.

Að lokum samþykkti svo þingað ályktun varðandi alþjóðlegt eftirlitskerfi til verndunar félagafrelsi í samræmi við tillögur frá Alþjóðasambandi verkamanna (W. F. T. U.) og Ameríska verkalýðssambandinu (A. F. L.).

Í ályktun þessari er stjórninni falið að rannsaka mál þetta ýtarlega og gefa skýrslu um niðurstöður þeirrar rannsóknar á þinginu 1948.

Fylgiskjöl.

SAMÞYKKTIR OG ÁLITSGERÐIR ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGSINS Í GENF 1947.

I. Samþykkt (nr. 81) um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 30. fundar síns í Genf 19. júní 1947 eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um fyrirkomulag vinnueftirlits í iðnaði og verzlun, en það var fjórða mál á dagskrá þingsins, og þar sem tillögur þessar

skulu gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 11. júlí 1947, svo hljóðandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1947 um vinnueftirlit:[1])

I. KAFLI
Vinnueftirlit í iðnaði.

1. gr.

Sérhver meðlimur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi nær til, skal halda uppi vinnueftirliti á vinnustöðvum fyrir iðnað.

2. gr.

1. Eftirlitið með iðnaðarvinnustöðvum skal ná til allra vinnustöðva, þar sem vinnueftirlitsmenn geta beitt lagaákvæðum um vinnuskilyrði og vernd verkamanna við vinnu
2. Með lögum eða reglugerðum má undanþiggja námu- og flutningafyrirtæki, að öllu eða nokkru leyti, framkvæmd þessarar samþykktar.

3. gr.

1. Hlutverk vinnueftirlitsisns skal vera:
   a) að tryggja framkvæmd lagafyrirmæla um vinnuskilyrði og vernd verkamanna við vinnu sína, svo sem ákvæði um vinnutíma, vinnulaun, öryggi, heilbrigði og velferð, vinnu barna og unglinga, og önnur skyld atriði, að svo miklu leyti sem slík ákvæði eru framkvæmd af vinnueftirlitsmönnum;
   b) að láta vinnuveitendum og verkamönnum í té tæknilegar upplýsingar um raunhæfustu aðferðir við framkvæmdir á ákvæðum laganna;
   c) að vekja athygli hlutaðeigandi yfirvalds á ágöllum eða misbeitingu, sem ríkjandi lagaákvæði ná ekki beint til.
2. Þeim auknu skyldum, sem vinnueftirlitsmönnum kunna að verða á herðar lagðar, má ekki vera þannig háttað, að þær komi í bága við raunhæfa framkvæmd á aðalskyldustörfum þeirra, né að þær dragi á nokkurn hátt úr valdi því og óhlutdrægni, sem nauðsynlegt er vinnueftirlitsmönnum í samskiptum þeirra við vinnuveitendur og verkamenn.

4. gr.

1. Að svo miklu leyti sem það er samrýmanlegt framkvæmdavenjum aðildarríkis, skal vinnueftirlit sett undir yfirumsjón og stjórn einnar miðstjórnar.
2. Sé um sambandsríki að ræða, getur „miðstjórn" þýtt annað hvort sambandsstjórn eða miðstjórn einstaks ríkis innan sambandsríkisins.

5. gr.

Hlutaðeigandi yfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að:
a) virku samstarfi milli eftirlitsþjónustunnar, annarra greina ríkisvaldsins og stofnana hins opinbera og einkastofnana, sem svipuð störf hafa með höndum; og
b) samvinnu milli embættismanna vinnueftirlitsins, vinnuveitenda og verkamanna eða félaga þeirra.

6. gr.

Starfslið eftirlitsins skal skipað opinberum starfsmönnum, er njóti þeirrar aðstöðu og starfskjara, að þeim sé tryggð varanleg atvinna og að þeir séu óháðir breytingum á ríkisstjórn og óhentugum utanaðkomandi áhrifum.

---

1) Formálsgreinar eftirfarandi samþykkta og álitsgerða eru í sama stíl og þessi, og verður þeim sleppt hér á eftir. Sama er að segja um lokagreinar og undirskriftir. Þar sem fyrir koma samhljóða greinar í tveimur samþykktum eða fleiri, er þeim sleppt í hinum síðari, en vitnað til samhljóða greina í undanfarinni samþykkt.

7. gr.

1. Vinnueftirlitsmenn skulu eingöngu ráðnir með tilliti til starfshæfni þeirra, að teknu tilliti til hverra þeirra skilyrða, sem sett eru í landslögum eða reglugerðum um ráðningu opinberra starfsmanna.
2. Hlutaðeigandi yfirvald skal ákveða, á hvern hátt skuli ákvarða slíka starfshæfni.
3. Vinnueftirlitsmenn skulu nægilega þjálfaðir fyrir skyldustörf sín.

8. gr.

Ráða má bæði karla og konur til vinnueftirlitsstarfa. Þar sem þörf krefur, má fela hvoru kyni sérstök eftirlitsstörf.

9. gr.

Sérhver meðlimur skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar því, að fyllilega hæfir tekniskir sérfræðingar, þar á meðal sérfræðingar í læknisfræði, verkfræði, rafmagnsfræði og efnafræði, aðstoði við eftirlitið. Aðstoð þessari skal þannig háttað með tilliti til aðstæðna í hverju landi, að tryggð sé sem bezt framkvæmd lagaákvæða um heilsuvernd og öryggi verkamanna við vinnu sína og rannsóknir á áhrifum framleiðsluaðferða, efna og vinnuaðferða á heilbrigði og öryggi verkamanna.

10. gr.

Vinnueftirlitsmenn skulu vera nægilega margir til þess, að tryggðar séu raunhæfar framkvæmdir á skyldustörfum eftirlitsins, og skal fjöldi þeirra ákveðinn með hæfilegu tilliti til:

a) þýðingar þeirra skyldna, sem eftirlitsmenn þurfa að leysa af hendi, og þá einkum:
   i) fjölda, gerðar, stærðar og legu skoðunarskyldra vinnustöðva,
   ii) tölu og greinar verkamanna, sem á slíkum vinnustöðvum starfa, og
   iii) fjölda lagafyrirmæla, sem fullnægja þarf, og viðtæki þeirra;
b) þeirra tækja sem eftirlitsmönnum eru fengin í hendur;
c) þeirra aðstæðna, sem skoðunarferðir verða að fara fram við, svo að þær beri árangur.

11. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal gera þær ráðstafanir, sem þörf krefur, til að láta vinnueftirlitsmönnum í té:
   a) umdæmisskrifstofur búnar þeim gögnum, sem nauðsynleg eru starfseminni, og aðgengilegar öllum þeim, sem hlut eiga að máli;
   b) nauðsynlegum flutningum til að inna af hendi störf þeirra, þegar ekki er um hentug opinber farartæki að ræða.
2. Hlutaðeigandi yfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að endurgreiða vinnueftirlitsmönnum allan ferðakostnað og aukakostnað, sem leiða kann af framkvæmd skyldustarfa þeirra.

12. gr.

1. Vinnueftirlitsmenn, sem hafa í höndum tilhlýðileg embættisbréf, skulu hafa rétt til:
   a) óhindraðs aðgangs að hvaða eftirlitsskyldum vinnustað, hvenær sem er, að degi eða nóttu, án undanfarandi tilkynningar;
   b) að koma að degi til inn í hver þau húsakynni, sem þeir hafa gilda ástæðu til að halda, að séu eftirlitsskyld;
   c) að framkvæma hverjar þær rannsóknir, athuganir eða eftirgrennslanir, sem þeir álíta nauðsynlegar til að fullvissa sig um, að ákvæðum laganna sé til fullnustu hlýtt. Sér í lagi skal þeim heimilt:
      i) að spyrja atvinnurekanda eða starfsfólk fyrirtækisins, í einrúmi eða í vitna viðurvist, um hvaða atriði sem er varðandi framkvæmd lagaákvæðanna,

ii) að krefjast þess, að framvísað sé bókum, skrám eða öðrum skjölum, sem skylt er að færa samkvæmt lögum eða reglugerðum varðandi vinnuskilyrði, til athugunar á því, að þau séu í samræmi við ákvæði laganna, svo og til að taka afrit af slíkum skjölum eða gera útdrátt úr þeim,
iii) að láta setja upp auglýsingar, sem ráð er fyrir gert í lagaákvæðunum,
iv) að taka og hafa á burt með sér sýnishorn af efnum og hráefnum, sem notuð eru eða farið er með, til efnarannsóknar, að því tilskildu, að atvinnurekandanum eða fulltrúa hans sé tilkynnt um öll þau sýnishorn eða hráefni, sem tekin eru eða flutt á brott í þessu skyni.

2. Þegar eftirlitsmenn koma í eftirlitsferð, skulu þeir gera vinnuveitanda eða fulltrúa hans aðvart um, að þeir séu komnir, nema þeir álíti, að slík aðvörun geti verið skaðleg fyrir framkvæmd skyldustarfa þeirra.

13. gr.

1. Vinnueftirlitsmenn skulu hafa vald til að gera ráðstafanir með það fyrir augum að bæta úr ágöllum, sem í ljós koma á byggingum, fyrirkomulagi eða vinnuaðferðum, sem þeir hafa gildar ástæður til að álíta, að hættulegir geti reynzt heilbrigði eða öryggi verkamanna.
2. Til þess að eftirlitsmenn verði færir um að gera slíkar ráðstafanir, skulu þeir að geymdum rétti til áfrýjunar til dóms- eða framkvæmdarvalds, svo sem lög gera ráð fyrir, hafa vald til að gefa fyrirskipanir eða láta gera fyrirskipanir um:
   a) þær breytingar á byggingum eða útbúnaði, sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja það, að fullnægt sé lagaákvæðum um heilbrigði og öryggi verkamanna, og framkvæma skal innan ákveðins tíma, og
   b) ráðstafanir, sem gera skal þegar í stað, ef um er að ræða yfirvofandi hættu fyrir heilbrigði eða öryggi verkamanna.
3. Ef aðferðir þær, sem ráð er fyrir gert í 2. tölulið, samrýmast ekki framkvæmdar- eða lagavenjum aðildarríkis, skulu vinnueftirlitsmenn hafa heimild til að sækja til hlutaðeigandi yfirvalds um útgáfu fyrirskipana um framkvæmd ráðstafana, sem gera skal þegar í stað.

14. gr.

Tilkynna skal vinnueftirlitinu slys á vinnustað og atvinnusjúkdómatilfelli í þeim tilvikum og á þann hátt, sem landslög eða reglugerðir mæla fyrir.

15. gr.

Með þeim undantekningum, sem gerðar kunna að vera í landslögum eða reglugerðum, skal vinnueftirlitsmönnum:

a) óheimilt að eiga neinna beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta í fyrirtækjum þeim, sem þeim ber að líta eftir,
b) óheimilt að viðlögðum hæfilegum refsingum eða öðrum viðurlögum að ljósta upp neinum leyndarmálum um iðnað, viðskipti eða vinnuaðferðir, sem þeir hafa komizt að í störfum sínum, og gildir þetta jafnt þótt þeir séu hættir störfum,
c) skylt að gæta fullrar þagmælsku um það, frá hverjum kvartanir, sem þeim kunna að berast um ágalla eða brot á lagaákvæðum, eru komnar, og eigi gefa vinnuveitanda eða umboðsmanni hans neina bendingu um, að heimsókn þeirra á vinnustað sé gerð að framkominni slíkri kvörtun.

16. gr.

Vinnustöðvar skal skoða svo oft og vandlega sem nauðsynlegt þykir til að tryggja það, að viðeigandi lagafyrirmælum sé til fullnustu hlýtt.

17. gr.

1. Þá, sem brjóta lagafyrirmæli þau, er vinnueftirlitsmenn eiga að framfylgja, eða vanrækja að hlíta þeim, má láta sæta ábyrgð að lögum án fyrirfarandi aðvörunar.

Þó má veita undanþágur í landslögum eða reglugerðum um tilfelli þar sem gefa ber frest til að bæta úr eða gera varúðarráðstafanir.
2. Það skal lagt á vald vinnueftirlitsmanna, hvort þeir aðvara eða veita ráðleggingar í stað þess að höfða mál eða mæla með málshöfðun.

18. gr.

Í landslögum eða reglugerðum skal kveðið á um hæfileg viðurlög við brotum á lagafyrirmælum, sem vinnueftirlitsmönnum ber að framfylgja, og við því að hindra þá í starfi sínu. Skal slíkum ákvæðum stranglega beitt.

19. gr.

1. Vinnueftirlitsmönnum eða eftirlitsumdæmisstöðvum skal skylt að leggja fyrir miðstjórnina skýrslur um árangurinn af eftirlitsstörfum sínum með vissu millibili.
2. Skýrslur þessar skulu gerðar á þann hátt og fjalla um þau efni, sem miðstjórnin segir fyrir um á hverjum tíma. Skal senda þær eigi sjaldnar en miðstjórnin krefst og aldrei sjaldnar en einu sinni á ári.

20. gr.

1. Miðstjórn eftirlitsins skal gefa út almenna ársskýrslu um eftirlitsstörf á vegum hennar.
2. Birta skal slíkar ársskýrslur hæfilegum tíma eftir lok þess árs, sem þær taka til, og ávallt innan 12 mánaða.
3. Senda skal aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ársskýrslur þessar innan hæfilegs tíma og aldrei síðar en þrem mánuðum eftir birtingu þeirra.

21. gr.

Ársskýrsla miðstjórnar eftirlitsins skal fjalla um eftirtalin atriði og þau önnur, sem máli skipta og falla undir eftirlitið:

a) lög og reglugerðir um störf vinnueftirlitsins,
b) starfslið vinnueftirlitsins,
c) statistiskar upplýsingar um vinnustöðvar, sem eftirlitið nær til, og fjölda starfsmanna,
d) statistik yfir eftirlitsferðir,
e) statistik yfir brot og dæmdar refsingar,
f) statistik yfir atvinnuslys,
g) statistik yfir atvinnusjúkdóma.

II. KAFLI
Vinnueftirlit í verzlun.

22. gr.

Sérhver meðlimur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem þessi hluti þessarar samþykktar nær til, skal halda uppi vinnueftirliti á verzlunarvinnustöðvum.

23. gr.

Eftirlitið með verzlunarvinnustöðvum skal ná til allra vinnustöðva, þar sem vinnueftirlitsmenn geta beitt lagaákvæðum um vinnuskilyrði og vernd verkamanna við vinnu.

24. gr.

Eftirlit með verzlunarvinnustöðvum skal fullnægja ákvæðum 3.—21. gr. þessarar samþykktar, að svo miklu leyti sem hægt er.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

25. gr.

1. Sérhver meðlimur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, getur, með sérstakri yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu hans, undanskilið II. kafla samþykktarinnar.
2. Sérhver meðlimur, sem gefið hefur slíka yfirlýsingu, getur hvenær sem er ógilt hana með nýrri yfirlýsingu.
3. Allir meðlimir, sem gefið hafa gildandi yfirlýsingu samkv. 1. málsgrein þessarar greinar, skulu á ári hverju í ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessarar greina frá afstöðu laga og framkvæmdavenja til ákvæða II. kafla samþykktar þessarar og að hve miklu leyti þeim hefur verið veitt gildi eða er ætlað að gilda.

26. gr.

Leiki vafi á því, hvort fyrirtæki, hluti þess eða grein af því eða vinnustöð sé háð ákvæðum samþykktar þessarar, sker hlutaðeigandi yfirvald úr.

27. gr.

Með orðinu „lagaákvæði“ í samþykkt þessari er, auk laga og reglugerða, einnig átt við úrskurði gerðardóma og heildarsamninga, sem gefið er lagagildi og vinnueftirlitsmenn sjá um framkvæmd á.

28. gr.

Í ársskýrslum þeim, sem gera ber samkv. 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skal gefa fullkomnar upplýsingar um öll lög og reglugerðir, sem veita ákvæðum samþykktar þessarar gildi.

29. gr.

1. Þegar í landi aðildarríkis eru stór svæði, þar sem hlutaðeigandi yfirvald álítur ógerlegt að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar, vegna fólksfæðar þeirra eða þróunarstigs, má það undanskilja slík svæði framkvæmd samþykktarinnar, annaðhvort í heild eða með þeim undantekningum, sem því þykja hæfilegar með tilliti til sérstakra fyrirtækja eða starfsgreina
2. Hvert aðildarríki skal í fyrstu ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessarar, sem leggja ber fram samkvæmt ákvæðum 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, geta um landsvæði þau, er það vill láta ákvæði þessarar greinar ná til, og greina ástæður sínar fyrir því. Ekkert aðildarríki skal njóta ákvæða þessarar greinar, eftir að það leggur fram fyrstu ársskýrslu sína, nema að því er tekur til landsvæða þeirra, er þar voru tilgreind.
3. Hvert það aðildarríki, sem notfærir sér ákvæði þessarar greinar, skal síðan í hverri ársskýrslu telja upp landsvæði þau, sem það afsalar sér rétti til að láta ákvæði þessarar greinar ná til.

30. gr.

1. Varðandi landsvæði þau, sem um getur í 35. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eins og hún er eftir breytinguna frá 1946, að undanteknum þeim landsvæðum, sem talin eru í 4. og 5. mgr. nefndrar greinar, þannig breyttrar, skal hvert aðildarríki stofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, eins fljótt og auðið er eftir fullgildinguna, yfirlýsingu, er greini:
   a) Landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði þessarar samþykktar ná til án takmarkana,
   b) landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktar þessarar ná til með takmörkunum og hverjar þær séu,

c) landsvæði, þar sem samþykktin er óframkvæmanleg, ásamt upplýsingum um ástæður til þess,
d) landsvæði þau, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar.

2. Yfirlýsingar þær, sem greindar eru í stafliðum a) og b) í 1. málsgrein þessarar greinar, ber að skoða sem raunverulegan hluta fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að öllu eða nokkru leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu, í samræmi við stafliðina b), c) eða d) í 1. málsgrein þessarar greinar.
4. Hvenær sem samþykkt þessari er hægt að segja upp í samræmi við ákvæði 34. greinar, getur hvert aðildarríki sent aðalforstjóra yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landsvæðum þeim, sem það tiltekur.

31. gr.

1. Þegar þau mál, sem samþykkt þessi fjallar um, heyra undir valdsvið heimastjórnar ófullvalda landsvæðis, getur aðildarríki það, sem ábyrgð ber á utanríkismálum slíks landsvæðis, að fengnu samþykki heimastjórnarinnar, sent aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar yfirlýsingu um, að skuldbindingar samþykktar þessarar gildi fyrir það landsvæði.
2. Yfirlýsingar um gildistöku skuldbindinga samþykktar þessarar getur aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar móttekið:
   a) frá tveim eða fleiri aðildarríkjum varðandi landsvæði, sem er undir sameiginlegum yfirráðum þeirra, eða
   b) frá fjölþjóðlegu yfirvaldi varðandi landsvæði, sem það ber stjórnarábyrgð á í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna eða á annan hátt.
3. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við fyrri málsgreinar þessarar greinar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landsvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsingin ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með slíkum takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
4. Aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðlegt yfirvald, sem í hlut eiga, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að öllu eða nokkru leyti áskilin réttindi til takmarkana, er í fyrri yfirlýsingum greinir.
5. Hvenær sem samþykkt þessari er hægt að segja upp í samræmi við ákvæði 34. greinar, geta aðildarríki eða fjölþjóðleg yfirvöld, sem í hlut eiga, sent aðalforstjóra yfirlýsingu þess efnis, að þau dragi á einhvern hátt úr ákvæðum sinna fyrri yfirlýsinga, enda lýsi þau því ástandi, sem þá ríkir um framkvæmd samþykktarinnar.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

32. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

33. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa aðalforstjóra skrá fullgildingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja meðlima hafa hafa verið skráðar hjá aðalforstjóra.
3. Síðan skal samþykktin öðlast gildi, að því er snertir hvern meðlim, 12 mánuðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

34. gr.

1. Meðlimur, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 árum liðnum, frá því er hún öðlaðist gildi, með tilkynningu, er senda skal til aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn skal eigi gilda fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Nú hefur meðlimur fullgilt samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, og skal hann þá bundinn henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, svo og eftir hvert 10 ára tímabil, svo sem ráð er fyrir gert í þessari grein.

35. gr.

1. Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skrásetningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem meðlimir stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar aðalforstjóri tilkynnir meðlimum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum er send, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

36. gr.

Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

37. gr.

Í lok hvers 10 ára tímabils, frá því er þessi samþykkt öðlaðist gildi, skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir vinnumálaþing skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögu um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

38. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á samþykkt þessari allri eða hluta hennar, skal, nema öðruvísi verði ákveðið í hinni nýju samþykkt:
   a) fullgilding meðlims á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt ipso jure skoðast sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 34. gr. hér að framan líður, svo framarlega sem eða frá því hin nýja, endurskoðaða samþykkt hefur öðlazt gildi,
   b) meðlimum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi að formi til og efni hvað snertir þá meðlimi, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

39. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

Þetta er staðfestur texti samþykktar þeirrar, sem löglega var gerð á 30. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Genf og slitið 11. júlí 1947.

Þessu til staðfestu höfum vér undirritað hann í dag, 19. júlí 1947.

Forseti þingsins
Carl Joachim Hambro.

Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar
Edward J. Phelan.

II. Álitsgerð (nr. 81) um vinnueftirlit.

Þar sem Álitsgerð frá 1923 um vinnueftirlit og Samþykkt frá 1947 um vinnueftirlit kveða á um skipulag vinnueftirlitskerfa og æskilegt er að gera frekari tillögur til uppfyllingar ákvæðum þeirra, mælir þingið með því, að allir meðlimir beiti þeim ákvæðum, sem hér fara á eftir, svo fljótt sem ástæður í hverju landi leyfa, og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni að beiðni stjórnarnefndar skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að koma þeim í framkvæmd.

I. Skyldur vinnueftirlitsins til að koma í veg fyrir brot.

1. Hver sá, sem ætlar sér að stofna til iðn- eða verzlunarreksturs, taka við slíkum rekstri eða hefja í slíkum rekstri framkvæmdir, sem hlutaðeigandi yfirvald telur, að lagaákvæði þau, sem vinnueftirlitsmenn eiga að framfylgja, nái að verulegu leyti til, ætti að vera skyldur til að tilkynna það fyrir fram hlutaðeigandi vinnueftirlitsmönnum, annað hvort beint eða fyrir milligöngu annars tiltekins yfirvalds.
2. Meðlimir ættu að gera ráðstafanir til þess, að áætlanir um nýjar framkvæmdir, byggingar eða framleiðsluaðferðir séu lagðar fyrir hlutaðeigandi vinnueftirlit, svo að það geti sagt álit sitt á því, hvort erfitt sé eða ómögulegt að samræma þær lögum og reglugerðum um heilbrigði og öryggi iðnaðarverkamanna eða hvort sennilegt sé, að þær mundu stofna heilbrigði eða öryggi verkamanna í hættu.
3. Að óskertum rétti til áfrýjunar, sem ákveðinn kann að vera í lögum, ætti að binda framkvæmdir á áætlunum um nýjar framkvæmdir, byggingar eða framleiðsluaðferðir, sem í landslögum eða reglugerðum kynnu að vera álitnar hættulegar eða heilsuspillandi, því skilyrði, að gerðar yrðu allar þær breytingar, sem eftirlitið krefðist í því skyni að tryggja heilbrigði og öryggi verkamanna.

II. Samvinna vinnuveitenda og verkamanna með tilliti til heilbrigði og öryggis.

4. (1) Örva skyldi ráðstafanir, er miða að því að koma á samvinnu milli vinnuveitenda og verkamanna í því skyni að bæta það ástand, er snertir heilbrigði og öryggi verkamanna.
   (2) Slíkar ráðstafanir mætti framkvæma á þann hátt, að stofnaðar væru öryggisnefndir eða álíka nefndir innan hvers fyrirtækis eða stofnunar, og væru þær skipaðar fulltrúum vinnuveitenda og verkamanna.
5. Fulltrúum verkamanna og framkvæmdarstjórnar, einkum þó meðlimum öryggisnefnda eða annarra slíkra nefnda, þar sem þeim er til að dreifa, ætti að vera heimilt að hafa beina samvinnu við starfsmenn vinnueftirlitsins við framkvæmd rannsókna og einkum þó eftirgrennslana í sambandi við atvinnuslys og atvinnusjúkdóma, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem hlutaðeigandi yfirvald ákveður.
6. Eflingu samvinnu milli starfsmanna vinnueftirlitsins og samtaka vinnuveitenda og verkamanna ætti að auðvelda með því að stofna til sameiginlegra funda og nefnda eða þess háttar starfsemi, þar sem fulltrúar vinnueftirlitsins ræddu við fulltrúa vinnuveitenda og verkamanna ýmis vandamál varðandi framkvæmdir vinnulöggjafarinnar og heilbrigði og öryggi verkamanna.
7. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir til að tryggja það, að vinnuveitendum og verkamönnum sé sagt til um og gefnar ráðleggingar varðandi vinnulöggjöf og atriði varðandi hollustuhætti og öryggi í iðnaði, svo sem með:
   a) fyrirlestrum, útvarpserindum, veggauglýsingum, bæklingum og kvikmyndum, þar sem útskýrð væru ákvæði vinnulöggjafarinnar og stungið upp á aðferðum til að framfylgja henni og aðferðum til að koma í veg fyrir slys í iðnaði og atvinnusjúkdóma,

b) heilbrigðis- og öryggissýningum, og
c) tilsögn í iðnskólum í hollustuháttum í iðnaði og öryggi.

III. Vinnudeilur.

8. Eigi skyldi fela vinnueftirlitsmönnum að vera sáttasemjarar eða gerðardómarar í vinnudeilum.

IV. Ársskýrslur um eftirlitið.

9. Í ársskýrslum þeim, sem gefnar eru út um starfsemi eftirlitsins, ætti að svo miklu leyti sem hægt er, að birta eftirfarandi nákvæmar upplýsingar:
   a) skrá yfir lög og reglugerðir, er snerta störf eftirlitsins og eigi er getið í fyrri skýrslum;
   b) upplýsingar um starfslið vinnueftirlitsins, þar á meðal:
      i) heildartölu eftirlitsmanna,
      ii) tölu eftirlitsmanna í hinum ýmsu greinum,
      iii) tölu kvenna, sem starfa við eftirlitið, og
      iv) upplýsingar um, hvernig eftirlitsstarfsemin skiptist á landshluta; og
   c) skýrslur um vinnustöðvar, sem skoðunarskyldar eru, og fjölda fólks þess, sem þar vinnur, þar á meðal:
      i) fjölda skoðanaskyldra vinnustaða,
      ii) meðaltölu manna, sem hafa unnið á slíkum vinnustöðvum á viðkomandi ári,
      iii) skipting starfsfólks í karla og konur, unglinga og börn;
   d) Skýrslur um skoðunarferðir, er greini:
      i) tölu skoðaðra vinnustöðva,
      ii) tölu skoðunarferða, flokkaðar eftir því, hvort þær voru farnar að nóttu eða degi,
      iii) tölu starfsmanna á þeim vinnustöðvum, sem skoðaðar voru,
      iv) tölu vinnustöðva, sem skoðaðar voru oftar en einu sinni á árinu;
   e) Skýrslur um brot og viðurlög, er greini:
      i) tölu brota, sem tilkynnt hafa verið hlutaðeigandi yfirvöldum,
      ii) upplýsingar um skiptingu slíkra brota eftir þeim lagaákvæðum, sem þau varða við,
      iii) fjölda sannaðra saka.
      iv) upplýsingar um, hvers konar viðurlögum hlutaðeigandi yfirvald hefur beitt í hinum ýmsu tilfellum (sektir, fangelsi o. fl.);
   f) Skýrslur um atvinnuslys, er hafi að geyma tölu tilkynntra slysa í iðnaði og flokkun þeirra eftir:
      i) iðnaði og atvinnu,
      ii) utanaðkomandi orsökum,
      iii) hvort þau voru banvæn eða ekki;
   g) Skýrslur um atvinnusjúkdóma, er greini:
      i) fjölda tilkynntra atvinnusjúkdómatilfella,
      ii) skiptingu slíkra veikindatilfella eftir iðnaði og atvinnu,
      iii) skipting slíkra veikindatilfella eftir orsökum þeirra eða eðli, svo sem eftir tegund veikinnar, eða eftir eiturefnum eða skaðvænlegra starfsaðferða, sem sjúkdómurinn kann að stafa af.

III. Álitsgerð (nr. 82) um vinnueftirlit með náma- og flutningafyrirtækjum.

Samþykktin frá 1947 um vinnueftirlit kveður á um skipulagningu vinnueftirlits, en heimilar, að með landslögum eða reglugerðum megi undanskilja náma- og flutningafyrirtæki ákvæðum hennar. Nauðsynlegt er samt sem áður að setja sams konar

ákvæði um náma- og flutningafyrirtæki til þess að tryggja raunhæfa beitingu lagaákvæða um vinnuskilyrði og vernd verkamanna við vinnu. Vegna þessa mælir þingið með því, að sérhvert aðildarríki beiti eftirfarandi ákvæðum svo fljótt sem sérstakar ástæður þess leyfa og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, að beiðni stjórnarnefndarinnar, skýrslu um ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið til að veita þeim gildi.

Sérhver meðlimur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ætti að koma á fót viðeigandi vinnueftirliti með náma- og flutningafyrirtækjum, eins og þau eru skilgreind af hlutaðeigandi yfirvaldi, til tryggingar framkvæmdum á lagaákvæðum um vinnuskilyrði og verdun verkamanna við vinnu.

IV. Samþykkt (nr. 82) um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum landsvæðum.

I. KAFLI
Skyldur aðila.

1. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, undirgengst, að þær stefnur og ráðstafanir, sem um ræðir í henni, skuli framkvæmdar í ósjálfstæðum landsvæðum, sem það hefur eða tekur að sér ábyrgð á, þar með talin umboðsstjórnarlandsvæði, er það annast stjórngæzlu fyrir, að undanteknum þeim landsvæðum, sem nefnd eru í 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Þó þarf samþykki stjórna slíkra landsvæða um hvert það mál, sem er innan sjálfstjórnarsviðs þeirra.
2. Þar sem svo er háttað, að málefni þessarar samþykktar falla að öllu eða verulegu leyti undir valdsvið heimastjórnar ósjálfstæðs landsvæðis, getur aðildarríki það, sem annast utanríkismál þess, tilkynnt aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samráði við heimastjórn landsvæðisins, að það gangist fyrir þess hönd undir skuldbindingar samþykktar þessarar.
3. Yfirlýsing um viðtöku skuldbindinga samþykktar þessarar getur aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar borizt frá:
   a) tveimur eða fleirum aðilum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, vegna landsvæðis, sem er undir sameiginlegri stjórn þeirra, eða
   b) fjölþjóðlegu yfirvaldi, vegna landsvæðis, sem það ber ábyrgð á stjórngæzlu fyrir samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna eða annarri heimild.

II. KAFLI
Almennar meginreglur.

2. gr.

1. Öll þau stefnumál, sem ætlað er að framfylgja í ósjálfstæðum landsvæðum, skulu fyrst og fremst miða að heill og þróun íbúa slíks landsvæðis og uppfyllingu óska þeirra um félagslegar framfarir.
2. Við framsetningu almennra stefnumála í ósjálfstæðum landsvæðum skal tilhlýðilegt tillit tekið til heillar íbúa slíkra landsvæða.

3. gr.

1. Til þess að efla efnalegar framfarir og á þann hátt að leggja grundvöll að félagslegum framförum, ætti að vinna að því á fjölþjóðlegum, staðbundnum og sérþjóðlegum grundvelli að tryggja heimastjórnum fjárhagslega og tæknilega aðstoð til eflingar efnalegri þróun ósjálfstæðra landsvæða.
2. Í skilmálum um veitingu slíkrar aðstoðar skal kveða á um samvinnu við heimastjórnir eða eftirlit af þeirra hálfu með ákvörðunum á eðli efnalegrar þróunar

og með hvaða skilyrðum þar af leiðandi aðgerðir skuli framkvæmdar, eftir því sem nauðsynlegt þykir til tryggingar hagsmunum íbúa slíks landsvæðis.
3. Hin ábyrgu stjórnarvöld skulu leitast við að sjá um útvegun einka- eða opinbers fjármagns, eða hvors tveggja, til framþróunarinnar með þeim skilmálum, sem tryggi þjóðum slíkra landsvæða sem mestan hagnað af slíkum framförum.
4. Þar, sem það á við, skal gera fjölþjóðlegar, staðbundnar eða sérþjóðlegar ráðstafanir til að skapa slík skilyrði til verzlunar, að þau hvetji til mikillar framleiðslu og geri mögulegt viðhald sæmandi lífsafkomu í ósjálfstæðum landsvæðum.

4. gr.

Að svo miklu leyti sem hægt er skal gera fjölþjóðlegar, staðbundnar og sérþjóðlegar ráðstafanir til eflingar framförum á sviðum, er taka til heilbrigðismála, húsnæðismála, næringarmála, menntamála, velferðar barna, stöðu kvenna, vinnuskilyrða, kaupgreiðslna til launþega og sjálfstæðra framleiðenda, verndar aðfluttra verkamanna, félagslegs öryggis, starfsemi þess opinbera og almennrar framleiðslu.

5. gr.

Af fremsta megni skal leitazt við að vekja áhuga íbúanna í ósjálfstæðum landsvæðum fyrir undirbúningi og framkvæmd félagslegra umbóta og fá þá til þátttöku í þeim, einkum fyrir milligöngu fulltrúa kosinna af þeim, þar sem það þykir henta og því verður við komið.

III. KAFLI
Bætur lífsafkomunnar.

6. gr.

Bætur á lífsafkomunni skulu vera aðalmarkmið í áætlunum um efnalega þróun.

7. gr.

1. Við samningu áætlana um efnalega þróun skal eftir því sem mögulegt er gera ráðstafanir til að samhæfa slíka þróun heilbrigðri þróun viðkomandi þjóðfélags.
2. Leitazt skal sérstaklega við að forðast rof á fjölskyldulífinu og venjubundnum félagseiningum, einkum með því:
   a) *að* rannsaka nákvæmlega orsakir og afleiðingar flutninga og gera viðeigandi ráðstafanir, ef nauðsyn krefur;
   b) *að* stuðla að skipulagningu bæja og kauptúna, þar sem fjárhagslegar ástæður leiða til þess, að fólk flytur saman á einn stað;
   c) *að* koma í veg fyrir og útiloka of mikla fólksfjölgun í bæjum;
   d) *að* bæta lífsskilyrði í sveitum og koma á fót hentugum atvinnurekstri í sveitum, þar sem nægilegt vinnuafl er fyrir hendi.

8. gr.

Þær ráðstafanir, sem hlutaðeigandi yfirvöld skulu taka til athugunar varðandi eflingu framleiðslugetu og bætta lífsafkomu framleiðenda landbúnaðarvara, skulu taka til:

a) útilokunar, að svo miklu leyti sem unnt er, á orsökum langvarandi skuldaskipta;
b) eftirlits með afsali lands á hendur mönnum, sem ekki stunda landbúnað, þannig að tryggt sé, að slíkt afsal fari aðeins fram, ef það er landsvæðinu til hagsbóta;
c) framkvæmdar viðeigandi laga og reglugerða til eftirlits með eignarhaldi og notum lands og auðlinda, svo að það sé nýtt þannig, að sem bezt samrýmist hagsmunum íbúa landsvæðisins og tekið sé fullt tillit til venjubundinna réttinda;

d) eftirlits með leigumálum og vinnuskilyrðum með tilliti til þess að tryggja leiguliðum og verkamönnum sem bezt lífskjör og sanngjarnan hlut í þeim ábata, sem leiða kann af aukinni framleiðslu eða hækkuðu verðlagi;
e) lækkunar á framleiðslu- og dreifingarkostnaði á allan mögulegan hátt og einkum með því að stofna, efla og styðja samvinnufélög framleiðenda og neytenda.

9. gr.

1. Gera skal ráðstafanir til að tryggja sjálfstæðum framleiðendum og launþegum aðstöðu til að bæta afkomumöguleika sína á eigin spýtur og tryggja uppfyllingu lágmarkskrafna um lífsafkomu, eins og þær eru ákveðnar eftir opinberum rannsóknum á lífsskilyrðum, framkvæmdum í samráði við stéttarfélög vinnuveitenda og verkamanna.
2. Við ákvörðun á lágmarkskröfum um lífsafkomu skal taka með í reikninginn lífsnauðsynjar fjölskyldna verkamanna, svo sem fæði og næringargildi þess, húsnæði, fatnað, læknishjálp og skólanám.

IV. KAFLI
Ákvæði um aðflutta verkamenn.

10. gr.

Þegar vinnu er þannig háttað, að verkamenn verða að búa utan heimila sinna, skal í ráðningarskilmálum þeirra tekið tillit til fjölskylduþarfa þeirra.

11. gr.

Þegar vinnuafl frá einhverjum hluta ósjálfstæðs landsvæðis er notað um stundarsakir til hagsbóta fyrir annan landshluta, skal gera ráðstafanir til að hvetja verkamennina til að flytja hluta af launum sínum og sparifé frá landshluta þeim, sem unnið er í, til landshluta þess, sem þeir eru frá.

12. gr.

1. Þegar vinnuafl eins landshluta er hagnýtt í öðrum landshluta, sem er undir annarri stjórn, skulu hlutaðeigandi yfirvöld í viðkomandi landshlutum gera með sér samninga um skipan sameiginlegra vandamála, er upp kunna að koma í sambandi við framkvæmdir á ákvæðum þessarar samþykktar, eftir því sem æskilegt og nauðsynlegt þykir.
2. Í slíkum samningum skal kveðið á um það, að verkamenn skuli eigi njóta lakari verndar og hlunninda en verkamenn þeir, sem búsettir eru í landshluta þeim, er vinnan fer fram í.
3. Í slíkum samningum skal vera ákvæði um að auðvelda verkamönnum að senda hluta af kaupi sínu og sparifé heim til sín.

13. gr.

Þegar verkamenn og fjölskyldur þeirra flytja frá landshluta, þar sem framfærslukostnaður er lágur, til landshluta með háum framfærslukostnaði, skal taka tillit til aukningar þeirrar á framfærslukostnaðinum, er af flutningunum leiðir.

V. KAFLI
Kaupgreiðslur til verkamanna og skyld mál.

14. gr.

1. Hvetja skal til þess, að lágmarkslaun skuli ákveðin með heildarsamningum, sem gerðir eru með frjálsu samkomulagi milli stéttarfélaga, er umboð hafa fyrir verkamenn annars vegar og vinnuveitenda eða samtaka þeirra hins vegar.

2. Þar sem ekki er um að ræða nægilegar ráðstafanir til að ákveða lágmarkslaun með heildarsamningum, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákveða lágmarkslaun með samningum við fulltrúa vinnuveitenda og verkamanna, þar á meðal fulltrúa viðkomandi stéttarfélaga, þar sem þau eru fyrir hendi.
3. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar því, að viðkomandi vinnuveitendum og verkamönnum sé tilkynnt gildandi lágmarkskaup og að ekki sé farið niður fyrir lágmark þetta við launagreiðslur, þar sem það gildir.
4. Nú hefur verkamaður, sem fellur undir ákvæði um lágmarkskaup, fengið greitt kaup undir þessu lágmarki, eftir að það kom í gildi, og skal hann þá hafa rétt til að fá vangreiðsluna greidda eftir dómi eða öðrum lögleyfðum aðferðum, að teknu tilliti til þeirra tímatakmarka, sem ákveðin kunna að vera með lögum eða reglugerðum.

15. gr.

1. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja skilvísa greiðslu launa, sem unnið hefur verið fyrir, og skal vinnuveitendum skylt að gera skýrslur um launagreiðslur, að gefa verkamönnum yfirlýsingu um launagreiðslur og gera aðrar hentugar ráðstafanir til þess að auðvelda nauðsynlegt eftirlit.
2. Laun skulu yfirleitt greidd einungis með löglegum gjaldmiðli.
3. Laun skulu yfirleitt greidd beint til hvers einstaks verkamanns.
4. Bannað er að greiða laun að öllu eða nokkurn hluta þeirra með vínanda eða öðrum áfengum drykkjum.
5. Launagreiðslur skulu ekki fara fram í drykkjustofum eða verzlunum, nema til þeirra, sem þar vinna.
6. Launagreiðslur skulu fara fram reglulega á þeim fresti, sem líklegastur er til að koma í veg fyrir skuldasöfnun launþega, nema komin sé á staðbundin venja um annað og hlutaðeigandi yfirvald hafi sannfært sig um, að verkamennirnir óski eftir framhaldi þessarar venju.
7. Þegar hluti launa er greiddur með fæði, húsnæði, fatnaði og öðrum nauðsynjum og þjónustu, skal hlutaðeigandi yfirvald gera það sem hægt er til þess að tryggja, að greiðslur þessar skuli nægar og að peningagildi þeirra sé réttilega metið.
8. Af fremsta megni skal leitazt við:
   a) *að* upplýsa verkamenn um rétt þeirra til launa;
   b) *að* koma í veg fyrir hvers konar óheimilan frádrátt á launum, og
   c) *að* takmarka upphæðir þær, sem heimilt er að draga frá fyrir hlunnindum, greiddum upp í laun, við raunverulegt peningagildi þeirra.

16. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal ákveða hámark fyrirframgreiðslna á launum og hvernig haga skuli endurgreiðslu á þeim.
2. Hlutaðeigandi yfirvald skal takmarka fyrirframgreiðslur þær, sem greiða má verkamanni, gegn því að hann hefji vinnu. Skýra skal greinilega fyrir verkamönnum, hve mikil fyrirframgreiðsla er leyfð.
3. Sérhver fyrirframgreiðsla umfram þá upphæð, sem hlutaðeigandi yfirvald hefur ákveðið, er ekki endurkræf að lögum, og óheimilt er að endurheimta hana með því að halda eftir fyrir henni af kaupi því, sem verkamanninum ber að fá greitt síðar.

17. gr.

1. Hvetja skal launþega og sjálfstæða framleiðendur til sparnaðar eftir þeim aðferðum, sem þeir sjálfir kjósa.
2. Af fremsta megni skal vernda launþega og sjálfstæða framleiðendur fyrir okri. Skal það einkum gert með ráðstöfunum, er miði að lækkun vaxta af lánum, með eftirliti með starfsemi lánveitenda, og með því að auka möguleika þeirra til að

fá lán til hæfilegra framkvæmda hjá lánsstofnunum samvinnufélaga eða stofnunum, sem eru háðar eftirliti hlutaðeigandi yfirvalds.

VI. KAFLI

Bann við greinarmun með tilliti til kynflokks, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, kynþáttar eða þátttöku í stéttarfélagi.

18. gr.

1. Stefna skal að því að afmá alla greiningu verkafólks eftir kynflokkum, litarhætti, kynferði, trúarbrögðum, kynþáttum eða þátttöku í stéttarfélögum, að því er tekur til:
   a) vinnulöggjafar og samninga, sem tryggja skulu öllum þeim, sem löglega eru búsettir og vinna á viðkomandi svæði, sanngjarna meðferð fjárhagslega;
   b) aðgangs að vinnu í þjónustu einstaklinga eða hins opinbera;
   c) ráðningarskilyrða og framamöguleika;
   d) aðstöðu til fagþjálfunar;
   e) vinnuskilyrða;
   f) ráðstafana vegna heilbrigði, öryggis og velferðar;
   g) ráðstafana til aga;
   h) þátttöku í gerðum heildarsamninga;
   i) launataxta, sem skulu ákveðnir eftir þeirri grundvallarreglu, að sömu laun komi fyrir jafngild störf í sömu starfsgrein eða sama fyrirtæki, að svo miklu leyti sem grundvallarregla þessi er framkvæmd í heimalandinu.
2. Að teknu tilliti til ákvæðanna í staflið i) í undanfarandi málsgrein skal af fremsta megni leitazt við að minnka þann mun á kaupgjaldi, sem stafar af greinarmun vegna mismunandi kynflokka, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, kynþátta eða þátttöku í stéttarfélögum, og skal þetta gert með því að hækka laun þeirra verkamanna, sem lægra eru launaðir.
3. Verkamönnum, sem ráðnir eru til vinnu í öðrum landshluta en þeim, sem þeir eru búsettir í, má, auk launa, veita greiðslur í fé eða fríðu til að standa straum af heimilisútgjöldum, sem stafa af vinnu þeirra utan heimkynna sinna.
4. Undanfarandi ákvæði þessarar greinar skulu í engu skerða þær ráðstafanir, sem hlutaðeigandi yfirvaldi kunna að þykja nauðsynlegar til verndar stöðu mæðra og til tryggingar heilbrigði, öryggi og velferð vinnandi kvenna.

VII. KAFLI

Menntun og þjálfun.

19. gr.

1. Í ósjálfstæðum landsvæðum skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem staðbundnar ástæður frekast leyfa, til framhaldandi þróunar víðtækrar skipulagningar á menntun, fagþjálfun og iðnmenntun, til þess að veita börnum og unglingum af báðum kynjum raunhæfan undirbúning undir nytsöm störf.
2. Svæðisbundin lög eða reglugerðir skulu kveða á um, við hvaða aldursmark skólaskyldu ljúki, svo og um lágmarksaldur og skilyrði til vinnu.
3. Til þess að börn geti notfært sér námsskilyrði þau, sem fyrir hendi eru, og aukning slíkra skilyrða sé ekki hindruð af eftirspurn eftir vinnuafli barna, skal banna að láta börn, sem ekki hafa náð hámarksaldri skólaskyldu, vinna meðan á kennslu stendur, á þeim svæðum, þar sem séð er fyrir þeim námsskilyrðum, sem nægja meginþorra skólaskyldra barna.

20. gr.

1. Til þess að stuðla að sem mestri framleiðslugetu með fagmenntun verkafólks í ósjálfstæðum landsvæðuum, skal sjá fyrir þjálfun í nýjum framleiðsluaðferðum, eftir því sem við á, í stöðvum í einstökum héruðum, landsvæðum eða í heimalandinu.
2. Slík þjálfun skal skipulögð af hlutaðeigandi yfirvöldum eða undir umsjá þeirra, í samráði við félög vinnuveitenda og verkamanna landsvæða þeirra, sem nemendurnir koma frá og þjálfunin fer fram í.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

1. Að því er snertir landsvæði þau, sem 1. mgr. 1. greinar þessarar samþykktar tekur til, skal hvert það aðildarríki stofnunarinnar, sem fullgildir hana, láta fullgildingarskjali sínu fylgja, eða senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar svo fljótt sem auðið er eftir fullgildingu, yfirlýsingu, er greini:
   a) landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar ná til án takmarkana;
   b) landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar ná til með takmörkunum, og hverjar þær séu;
   c) landsvæði þau, sem samþykktin er óframkvæmanleg í, og ástæður fyrir því;
   d) landsvæði þau, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar.
2. Yfirlýsingar þær, sem greinir í stafliðum a) og b) í 1. mgr. þessarar greinar, skulu taldar óskiptur hluti fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er, með síðar gerðri yfirlýsingu, ógilt að nokkru leyti eða öllu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upphaflegri yfirlýsingu sinni, í samræmi við stafliðinu b), c) eða d) í 1. mgr. þessarar greinar.
4. Hvenær sem samþykkt þessari má segja upp í samræmi við ákvæði 27. gr., getur hvert aðildarríki sent aðalforstjóra yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda skýri það jafnframt frá ríkjandi ástandi í landsvæðum þeim, sem það tiltekur.

22. gr.

1. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 2. og 3. mgr. 1. greinar þessarar samþykktar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landsvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsingin ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með slíkum takmörkunuum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
2. Aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðlegt yfirvald, sem í hlut á, getur hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að öllu eða nokkru leyti áskilin réttindi til takmarkana, sem í fyrri yfirlýsingum greinir.
3. Hvenær sem samþykkt þessari má segja upp í samræmi við ákvæði 27. gr., getur aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðlegt yfirvald, sem í hlut á, sent aðalforstjóra yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda geri það jafnframt grein fyrir ástandi því, sem ríkir um framkvæmd samþykktarinnar.

23. gr.

Að því er tekur til landsvæða þeirra, sem yfirlýsing um takmarkanir á ákvæðum samþykktar þessarar gildir fyrir, skal í ársskýslum um framkvæmd hennar

greina, hversu miklar framfarir hafa orðið í þá átt að fært verði að afsala réttinum til slíkra takmarkana.

24. gr.

Ef nokkur samþykkt, sem þingið kann síðar að gera um nokkurt mál, sem samþykkt þessi fjallar um, mælir svo fyrir, skulu þau ákvæði þessarar samþykktar, sem greind eru í síðari samþykktinni, hætta að gilda fyrir landsvæði þau, sem aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur verið tilkynnt um með yfirlýsingu um:

a) *að* gengizt sé undir, að ákvæðum umræddrar samþykktar skuli beitt í samræmi við 2. mgr. 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, eins og hún er eftir breytinguna frá 1946, eða
b) *að* gengið sé að skuldbindingum greindrar samþykktar í samræmi við 5. mgr. nefndrar 35. greinar.

IX. KAFLI
Lokaákvæði.

25.—32. gr.

(Samhljóða 32.—39. gr. samþykktar nr. 81.)

V. Samþykkt (nr. 83) um að beita lágmarksákvæðum um vinnuskilyrði í ósjálfstæðum landsvæðum.

1. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir samþykkt þessa, skal með fullgildingarskjali sínu senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar yfirlýsingu varðandi landsvæði þau, sem nefnd eru í 35. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, eins og hún er eftir stjórnarskrárbreytinguna frá 1946, að undanteknum landsvæðum þeim, sem talin eru í 4. og 5. málsgrein nefndrar greinar þannig breyttrar. Skal í yfirlýsingu þessari greina, í hve ríkum mæli viðkomandi aðildarríki undirgengst að ákvæðum þeim, sem sett eru í samþykktum þeim, sem birtar eru í fylgiskjali með þessari samþykkt, skuli beitt í áðurnefndum landsvæðum.
2. Að því er tekur til hverrar einstakrar samþykktar í fylgiskjali þessarar samþykktar skal fyrrnefnd yfirlýsing greina:
   a) landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar ná til án takmarkana;
   b) landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar ná til með takmörkunum, og hverjar þær séu;
   c) landsvæði þau, sem samþykktin er óframkvæmanleg í, og ástæður fyrir því;
   d) landsvæði þau, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar.
3. Yfirlýsingar þær, sem greinir í stafliðunum a) og b) í annarri málsgrein þessarar greinar, skulu taldar óskiptur hluti fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
4. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er, með síðar gerðri yfirlýsingu, ógilt að nokkru eða öllu leyti fyrirvara þá, sem það hefur gert í upphaflegri yfirlýsingu sinni í samræmi við stafliðina b), c) eða d) í annarri málsgrein þessarar greinar.
5. Hvenær sem samþykkt þessari má segja upp í samræmi við ákvæði 8. gr., getur hvert aðildarríki sent aðalforstjóra yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda skýri það jafnframt frá ríkjandi ástandi á landsvæðum þeim, sem það tiltekur.

2. gr.

1. Þegar mál þau, sem fjallað er um í samþykkt, sem birt er í fylgiskjali með þessari samþykkt, eru innan sjálfstjórnarsviðs ósjálfstæðs landsvæðis, getur það aðildarríki, sem annast utanríkismál þess landsvæðis, sent aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, í samráði við heimastjórn viðkomandi landsvæðis, yfirlýsingu, þar sem gengizt er undir skuldbindingar þessarar samþykktar fyrir slíkt landsvæði.
2. Yfirlýsing um samþykkt skuldbindinga þessarar samþykktar getur aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar borizt frá:
   a) tveim eða fleirum aðildarríkjum stofnunarinnar vegna landsvæðis, sem er undir sameiginlegri stjórn þeirra, eða
   b) fjölþjóðlegu yfirvaldi vegna landsvæðis, sem það ber ábyrgð á stjórngæzlu fyrir samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna eða annarri heimild.
3. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við undanfarandi málsgreinar þessarar greinar, skal felast loforð um, að ákvæðum samþykkta þeirra, sem birtar eru sem fylgiskjal þessarar samþykktar, skuli beitt á viðkomandi landsvæði með eða án takmarkana. Nú ber yfirlýsingin með sér, að ákvæðum einnar eða fleiri þessara samþykkta skuli beitt með takmörkunum, og skal hún þá greina, hverjar þær takmarkanir séu að því er tekur til hverrar einstakrar samþykktar.
4. Hlutaðeigandi aðildarríki eða fjölþjóðlegt yfirvald getur hvenær sem er, með síðar gerðri yfirlýsingu, afsalað að nokkru eða öllu leyti undanþágurétti þeim, sem það hefur áskilið sér í fyrri yfirlýsingu sinni.
5. Hvenær sem samþykkt þessari má segja upp í samræmi við 8. gr., geta viðkomandi aðildarríki eða fjölþjóðlegt yfirvald sent aðalforstjóra yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsingar þess, enda sé jafnframt skýrt frá ríkjandi ástandi varðandi eina eða fleiri af samþykktum þeim, sem birtar eru í fylgiskjalinu.

3. gr.

Með fyrir fram birtum reglugerðum getur hlutaðeigandi yfirvald undanskilið skip eða fyrirtæki ákvæðum þeim, sem veita einhverjum samþykkta þeirra, sem birtar eru í fylgiskjalinu, gildi, ef ekki er hægt að hafa fullnægjandi eftirlit með þeim vegna stærðar þeirra eða gerðar.

4. gr.

Að því er tekur til landsvæða þeirra, sem yfirlýsing um takmarkanir á ákvæðum einnar eða fleiri af samþykktum þeim, sem birtar eru í fylgiskjalinu, gildir fyrir, skal í ársskýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar greina, hversu miklar framfarir hafa orðið í þá átt að fært verði að afsala réttinum til slíkra takmarkana.

5. gr.

1. Alþjóðavinnumálaþingið getur, hvenær sem þetta mál er á dagskrá þess, samþykkt með ⅔ meiri hluta breytingar á fylgiskjali þessarar samþykktar um, að fellt sé inn í það ákvæði annarra samþykkta, eða að í stað ákvæða samþykktar, sem þar er fyrir, komi ákvæði samþykktar, sem þingið kann að gera um breytingar á þeirri samþykkt.
2. Hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi gildir fyrir, og sérhvert landsvæði, sem yfirlýsing í samræmi við 2. gr. um viðtöku skuldbindinga hennar nær til, skal innan eins árs, eða í undantekningartilfellum innan átján mánaða frá þingslitum, leggja hverja slíka breytingu fyrir það eða þau yfirvöld, sem málið heyrir undir, til lagasetningar eða annarra ráðstafana.
3. Hver slík breyting skal öðlast gildi fyrir hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi gildir fyrir, um leið og það samþykkir hana. Að því er snertir landsvæði,

sem yfirlýsing samkvæmt 2. gr. um viðtöku skuldbindinga samþykktarinnar gildir fyrir, skal slík breyting öðlast gildi um leið og hún er samþykkt fyrir það landsvæði.

4. Þegar slík breyting gengur í gildi fyrir eitthvert aðildarríki eða landsvæði, sem ákvæði samþykktar þessarar hafa verið samþykkt fyrir í samræmi við 2. gr., skulu hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðlegt yfirvald senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar yfirlýsingu með upplýsingum þeim, sem fyrir er mælt um í 2. mgr. 1. greinar eða 3. mgr. 2. gr., eftir því sem við á, að því er tekur til einnar eða fleiri af samþykktum þeim, sem settar hafa verið í fylgiskjalið með breytingunni.
5. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt eftir að þingið hefur gert slíka breytingu, skal talið hafa fullgilt hana þannig breytta, og landsvæði þau, sem skuldbindingar samþykktarinnar eru samþykktar fyrir í samræmi við ákvæði 2. gr. eftir greindan tíma, skal talið hafa undirgengizt skuldbindingar samþykktarinnar þannig breyttrar.

6.—13. gr.
(Samhljóða 32.—39. gr. samþykktar nr. 81.)

Fylgiskjal með samþykkt nr. 83.

Samþykkt um lágmarksaldur í iðnaði (endurskoðuð 1937).

1. gr.

1. Með orðinu „iðnaðarstörf“ er í samþykkt þessari einkum átt við:
   a) námastörf, grjótnám og aðra vinnslu efna úr jörðu;
   b) framleiðslu, breytingu, hreinsun, viðgerð, skreytingu, fullgerð, undirbúning til sölu, niðurbrot og upplausn á hlutum eða breytingu efna, þar með talin skipasmíði og framleiðsla, breyting og flutningur á rafmagni og hvers konar hreyfiafli;
   c) byggingu, endurbyggingu, viðhald, endurbætur, breytingar eða niðurrif á húsum, járnbrautum, sporbrautum, höfnum, skipakvíum, bryggjum, skipaskurðum, vegum, jarðgöngum, brúm, brautarbrúm, skolpleiðslum, lokræsum, brunnum, rit- og talsímakerfum, rafveitum, gasveitum, vatnsveitum eða öðrum mannvirkjum svo og undirbúning og grundvöllun slíkra framkvæmda;
   d) flutning á mönnum eða munum á vegum, járnbrautum eða skipaskurðum, ám og vötnum, þar með talin meðhöndlun vara í skipakvíum, á hafnarbökkum, bryggjum eða í vörugeymsluhúsum. Undanskildir eru flutningar með handafli.
2. Hlutaðeigandi yfirvald í hverju landi skal ákveða mörkin milli iðnaðar annars vegar og verzlunar og landbúnaðar hins vegar.

2. gr.

1. Börn innan fimmtán ára aldurs skal ekki ráða eða láta vinna að iðnaðarstörfum í fyrirtækjum þess opinbera eða einstaklinga eða neinni grein af þeim.
2. Þó má með lögum eða reglugerðum leyfa þessum börnum að vinna við fyrirtæki, þar sem meðlimir fjölskyldu atvinnurekandans einir vinna, enda sé starfinu þannig háttað, að það í sjálfu sér eða aðstæður, sem það fer fram við, sé ekki hættulegt lífi, heilbrigði eða siðferði starfsfólksins.

3. gr.

Ákvæði þessarar samþykktar skulu ekki ná til starfa barna í tækniskólum, enda séu þau háð samþykki og eftirliti opinbers yfirvalds.

4. gr.

Til þess að auðvelda eftirlit með framkvæmdum á ákvæðum þessarar samþykktar skal leggja fyrir sérhvern iðnaðaratvinnurekanda að skrá alla þá, sem hann hefur í þjónustu sinni og yngri eru en átján ára, og hvenær þeir eru fæddir.

5. gr.

1. Að því er tekur til starfa, sem eftir eðli sínu eða vegna aðstæðna, sem þau fara fram við, eru hættuleg lífi, heilbrigði eða siðferði þeirra, sem að þeim vinna, ættu í lögum annaðhvort:

a) að ákveða hærra aldursmark en fimmtán ár fyrir börn og unglinga til að hefja slík störf, eða
b) að fela hlutaðeigandi yfirvaldi að ákveða hærri lágmarksaldur en fimmtán ár fyrir börn og unglinga til að hefja slík störf.

2. Í ársskýrslum þeim, sem gefa skal í samræmi við 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skal gefa tæmandi upplýsingar um lágmarksaldur þann, sem ákveðinn er með lögum samkvæmt staflið a) í fyrirfarandi málsgrein, eða um athafnir þær, sem hlutaðeigandi yfirvald hefur gert til að framkvæma þau störf, sem því hefur verið falið í samræmi við staflið b) í fyrirfarandi málsgrein, eftir því hvort við á.

Samþykkt um lágmarksaldur sjómanna (endurskoðuð 1936).

1. gr.

Með orðinu „skip“ er í samþykkt þessari átt við hvers konar skip og báta, sem á sjó sigla, hvort sem þau eru í eigu einstaklinga eða hins opinbera. Herskip eru þó undanskilin.

2. gr.

1. Börn innan fimmtán ára aldurs skulu ekki látin vinna á skipum öðrum en þeim, sem einungis meðlimir sömu fjölskyldu vinna á.
2. Að því er tekur til barna, sem náð hafa 14 ára aldri, má kveða svo á í lögum eða reglugerðum, að veita megi þeim leyfi til vinnu í einstökum tilfellum, enda hafi yfirvald í skólamálum eða annað þar til bært yfirvald, sem slík lög eða reglugerðir fela það, sannfært sig um, að vinna sú, sem um er að ræða, sé barninu til hagsbóta. Við slíkt mat skal tekið fullt tillit til heilsu og líkamshreysti barnsins svo og stundargróða og væntanlegs hagnaðar þess af starfinu.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. skulu ekki ná til starfa, sem börn vinna á skóla- eða æfingaskipum, enda séu slík störf háð samþykki og eftirliti opinbers yfirvalds.

4. gr.

Til þess að auðvelda eftirlit með framkvæmdum á ákvæðum þessarar samþykktar skal leggja fyrir sérhvern skipstjóra að skrá á sérstaka skýrslu eða sérstaklega á skipshafnarskrá alla þá, sem vinna um borð í skipi hans og yngri eru en 16 ára, svo og hvenær þeir eru fæddir.

Samþykkt frá 1921 um lágmarksaldur kolamokara (lempara) og kyndara.

1. gr.

Með orðinu „skip“ er í samþykkt þessari átt við hvers konar skip og báta, sem á sjó sigla, hvort sem þau eru í eigu einstaklinga eða hins opinbera. Herskip eru þó undanskilin.

2. gr.

Unglingar innan 18 ára aldurs skulu ekki látnir vinna sem kolamokarar eða kyndarar á skipum.

3. gr.

Ákvæði 2. greinar skulu ekki taka til:

a) starfa, sem unglingar vinna á skóla- eða æfingaskipum, enda séu slík störf háð samþykki og eftirliti opinbers yfirvalds;
b) starfa, sem unglingar vinna á skipum, sem aðallega eru knúin af öðru afli en gufuafli;
c) unglinga 16 ára og eldri, sem ráða má sem kolamokara eða kyndara á skipum, sem einungis eru í strandferðum við Indland og Japan, ef þau hafa samkvæmt læknisrannsókn reynzt hæf til þess, enda sé slík ráðning háð reglum, sem settar hafa verið í samráði við helztu samtök vinnuveitenda og verkamanna í þeim löndum.

4. gr.

Nú ber nauðsyn til að ráða kolamokara eða kyndara í höfn, þar sem einungis er völ unglinga innan 18 ára aldurs, og má þá ráða slíka unglinga til starfsins, en nauðsynlegt er þá að ráða tvo unglinga í hverja kolamokara- eða kyndarastöðu. Unglingar þeir, sem ráðnir eru samkvæmt þessu ákvæði, mega ekki vera yngri en 16 ára.

5. gr.

Til þess að auðvelda eftirlit með framkvæmdum á samþykkt þessari skal leggja fyrir sérhvern skipstjóra að skrá í sérstaka skýrslu eða í skipshafnarskrá alla þá, sem vinna um borð í skipi hans og yngri eru en 18 ára, svo og hvenær þeir eru fæddir.

6. gr.

Í skiprúmssamningi skal gefa stutt yfirlit yfir efni þessarar samþykktar.

Samþykkt frá 1946 um læknisrannsókn á unglingum í iðnaði.

1. gr.

1. Samþykkt þessi nær til barna og unglinga, sem eru ráðin eða starfandi við iðnfyrirtæki, opinber eða í einkaeign, eða í sambandi við þau.
2. Með orðinu „iðnfyrirtæki" er í samþykkt þessari einkum átt við:
   a) fyrirtæki, sem stunda námugröft, grjótnám eða aðra starfsemi við vinnslu efna úr jörðu;
   b) fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullkomnaðar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp, eða þar sem efnum er breytt, og teljast þar með fyrirtæki, er stunda skipasmíðar eða framleiðslu, breytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli;
   c) fyrirtæki, er annast byggingar eða mannvirkjagerð, bæði hvað snertir nýbyggingar, viðgerðir, viðhald breytingar og niðurrif;
   d) fyrirtæki, er annast flutninga á mönnum eða munum, hvort heldur er á vegum, járnbrautum, fljótum, vötnum, skipaskurðum eða í lofti, og telst þar með meðhöndlun vara í skipakvíum, á hafnarbökkum og bryggjum, í geymsluhúsum og flughöfnum.
3. Hlutaðeigandi yfirvald skal ákveða, hvar mörkin skuli vera milli iðnaðar annars vegar og landbúnaðar, verzlunar og annarra atvinnugreina, sem ekki teljast til iðnaðar, hins vegar.

2. gr.

1. Börn og unglingar yngri en 18 ára skulu eigi ráðin við iðnfyrirtæki, nema nákvæm læknisskoðun hafi leitt í ljós, að þau séu hæf til þeirra starfa, sem þeim eru ætluð.
2. Læknisrannsókn á vinnuhæfni skal framkvæmd af hæfum lækni, sem viðurkenndur er af hlutaðeigandi yfirvaldi, og skal votta um hana annað hvort með sérstöku læknisvottorði eða áritun á atvinnuleyfi eða í vinnubók.
3. Vottorð um starfshæfni má gefa út:
   a) með skilyrðum um sérstök vinnuskilyrði;
   b) til ákveðins starfs, flokka starfsgreina eða til starfa, sem hafa í för með sér svipaða heilbrigðisáhættu og hafa verið sett í sama flokk af yfirvaldi því, sem ábyrgð ber á framkvæmd laga og reglugerða varðandi læknisrannsókn á starfshæfni.
4. Í landslögum eða reglugerðum skal tilgreina það yfirvald, er annast skuli útgáfu skírteina um starfshæfni, og skal þar einnig ákveða, hvaða skilyrða skuli krefjast við samningu og útgáfu þeirra.

3. gr.

1. Hæfni barna og unglinga til vinnu þeirrar, sem þau stunda, skal háð læknieftirliti til átján ára aldurs þeirra.
2. Eigi má hafa börn eða unglinga yngri en átján ára í vinnu að staðaldri, nema læknisrannsókn fari fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
3. Í landslögum eða reglugerðum skal:
   a) ákveða, undir hvaða sérstöku kringumstæðum skuli krefjast læknisrannsóknar, auk hinnar árlegu, eða tíðari rannsókna í því skyni að tryggja raunhæft eftirlit með tilliti til áhættu þeirrar, sem starfinu er samfara, og heilsufars barns eða unglings, með tilliti til niðurstöðu af fyrri rannsóknum, eða
   b) veita hlutaðeigandi yfirvaldi heimild til að krefjast nýrrar læknisrannsóknar í sérstökum tilvikum.

4. gr.

1. Í atvinnugreinum, sem hafa í för með sér mikla heilbrigðisáhættu, skal krefjast læknisskoðunar og aukalæknisskoðunar með tilliti til starfshæfni til a. m. k. tuttugu og eins árs aldurs.
2. Í landslögum eða reglugerðum skal annaðhvort tilgreina eða fela hæfu yfirvaldi að tilgreina, í hvaða starfsgreinum eða flokkum starfsgreina skuli krefjast læknisskoðunar og auka-læknisskoðunar með tilliti til starfshæfni til a. m. k. tuttugu og eins árs aldurs.

5. gr.

Eigi skal læknisrannsókn sú, er um getur í fyrirfarandi greinum, hafa nein útgjöld í för með sér fyrir barnið eða unglinginn né foreldra þeirra.

6. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal gera hentugar ráðstafanir til leiðbeininga um stöðuval, lækningu og fagþjálfun þeirra barna eða unglinga, sem samkvæmt læknsskoðun reynast óhæf til ákveðinna starfa eða á einn eða annan hátt er áfátt líkamlega.
2. Hlutaðeigandi yfirvald skal ákveða, á hvern hátt gera skuli ráðstafanir þessar og hversu langt þær skuli ná. Skal í þessu skyni efna til samvinnu milli þeirra viðkomandi stjórnarvalda, er fara með verkamál, heilbrigðsmál, uppeldsmál og félagsmál, og skal halda uppi virkri samvinnu milli nefndra aðila til að framkvæma slíkar ráðstafanir.
3. Ákveða má í landslögum eða reglugerðum, að þegar einhver vafi leikur á starfshæfni barna eða unglinga, megi gefa þeim:

a) starfsleyfi eða læknisvottorð til bráðabirgða, er gildi um takmarkaðan tíma, en að honum loknum gangi hinn ungi starfsmaður undir rannsókn að nýju;
b) leyfisbréf eða skírteini, er bundið sé við ákveðin vinnuskilyrði.

7. gr.

1. Vinnuveitandi skal varðveita læknisvottorð um starfshæfni, vinnuleyfi eða vinnubók, er sýni, að engar læknisfræðilegar mótbárur, er tilteknar kunna að vera í lögum eða reglugerðum, séu gegn ráðningu í vinnuna, og skulu þessi skilríki aðgengileg vinnueftirlitsmönnum.
2. Landslög og reglugerðir skulu kveða á um aðrar aðferðir til eftirlits, svo að samþykkt þessari verði framfylgt til fullnustu.

8. gr.

1. Þegar í landi aðildarríkis eru stór svæði, þar sem hlutaðeigandi yfirvald álítur ógerlegt að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar, vegna fólksfæðar eða þróunarstigs, má það undanskilja slík svæði framkvæmd samþykktarinnar, annaðhvort í heild eða með þeim undantekningum, sem því þykja hæfilegar með tilliti til sérstakra fyrirtækja eða starfsgreina.
2. Hvert aðildarríki skal í fyrstu ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessarar, sem leggja ber fram samkvæmt ákvæðum 22. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, geta um landsvæði þau, er það vill láta ákvæði þessarar greinar ná til, enda skal ekkert aðildarríki njóta ákvæða þessarar greinar, frá því er það leggur fram fyrstu ársskýrslu sína, nema að því er tekur til landsvæða þeirra, er þar voru tilgreind.
3. Hvert það aðildarríki, sem notfærir sér ákvæði þessarar greinar, skal síðan í hverri ársskýrslu telja upp landsvæði þau, sem það afsalar sér rétti til að láta ákvæði þessarar greinar ná til.

9. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem eigi hafði nein lög eða reglugerðir um læknisrannsókn á starfshæfni barna og unglinga í iðnaði, áður en samþykkt voru lög eða reglugerðir, er leyfðu fullgildingu þessarar samþykktar, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjali þess, sett í stað 18 ára aldurs í 2. og 3. gr. lægra aldursmark, þó aldrei lægra en 16 ár, og í stað 21 árs aldurs í 4. gr. sett lægri aldur, en þó ekki lægri en 19 ár.
2. Hvert það aðildarríki, sem hefur gefið slíka yfirlýsingu, má hvenær sem er ógilda hana með síðari yfirlýsingu.
3. Sérhvert aðildarríki, sem gert hefur gildandi yfirlýsingu í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, skal á hverju ári í ársskýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar skýra frá, að hve miklu leyti framfarir hafa orðið í þá átt, að ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu.

Samþykkt frá 1921 um læknisrannsókn á unglingum, sem stunda sjómennsku.

1. gr.

Með orðinu „skip“ er í samþykkt þessari átt við hvers konar skip og báta, sem á sjó sigla, hvort sem þau eru í eigu einstaklinga eða hins opinbera. Undanskilin eru herskip.

2. gr.

Ráðning barns eða unglings innan 18 ára aldurs til starfa á skipum, öðrum en þeim, sem einungis meðlimir sömu fjölskyldu vinna á, skal bundin því skilyrði, að fram sé lagt læknisvottorð um hæfni til slíkra starfa, undirritað af lækni, sem viðurkenndur er af hlutaðeigandi yfirvaldi.

3. gr.

Áframhaldandi vinna slíkra barna og unglinga við sjómennsku skal háð því skilyrði, að þau gangi undir endurteknar læknisrannsóknir á ekki lengri fresti en eins árs og leggi ávallt að slíkri rannsókn lokinni fram læknisvottorð um hæfni þeirra til þeirra starfa, sem um er að ræða.

4. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur hlutaðeigandi yfirvald leyft, að unglingur innan 18 ára aldurs sé skráður á skip án þess að hafa áður gengið undir læknisrannsókn þá, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. þessarar samþykktar. Slíkt leyfi skal þó ávallt bundið því skilyrði, að rannsókn þessi fari fram í fyrstu höfn, sem skipið kemur í.

Samþykkt frá 1919 um næturvinnu unglinga í iðnaði.

1. gr.

1. Með orðinu „iðnfyrirtæki“ er í samþykkt þessari einkum átt við:
   a) fyrirtæki, sem stunda námugröft, grjótnám og aðra starfsemi við vinnslu efna úr jörðu;
   b) fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, þær hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullkomnaðar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp, eða þar sem efnum er breytt, og teljast þar með fyrirtæki, er stunda skipasmíðar eða framleiðslu. breytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli;

c) fyrirtæki, sem annast byggingu, endurbyggingu, viðhald, endurbætur, breytingar eða niðurrif á húsum, járnbrautum, sporbrautum, höfnum, skipakvíum, bryggjum, skipaskurðum, vegum, jarðgöngum, brúm, brautarbrúm, skolpleiðslum, lokræsum, brunnum, rit- og talsímakerfum, rafveitum, gasveitum, vatnsveitum eða öðrum mannvirkjum, svo og undirbúning og grundvöllun slíkra framkvæmda;
d) fyrirtæki, sem annast flutninga á mönnum eða munum á vegum, járnbrautum, skipaskurðum, ám og vötnum, þar með talin meðhöndlun vara í skipakvíum, á hafnarbökkum og bryggjum, eða í vörugeymsluhúsum. Undanskildir eru flutningar með handafli.

2. Hlutaðeigandi yfirvald í hverju landi skal ákveða mörkin milli iðnaðar annars vegar og landbúnaðar og verzlunar hins vegar.

2. gr.

1. Að undanteknum fyrirtækjum, þar sem einungis vinna meðlimir sömu fjölskyldu, skulu unglingar innan 18 ára aldurs ekki látnir vinna um nætur við nein iðnfyrirtæki eða greinar af þeim, hvort sem þau eru í eign einstaklinga eða hins opinbera, þó með þeim undantekningum, sem hér á eftir greinir.
2. Unglinga eldri en 16 ára má láta vinna að nóttu til í eftirtöldum iðnum við störf, sem vegna eðlis þeirra verður að vinna samfellt dag og nótt:
a) járn- og stáliðnaður, þar sem járn- og stálbræðsluofnar (reverberatory and regenerative furnaces) eru notaðir og galvanhúðun á málmplötum eða vírum fer fram (gylling undanskilin);
b) gleriðnaður;
c) pappírsiðnaður;
d) framleiðsla hrásykurs;
e) gullvinnsla (hreinsun, reduction work).

3. gr.

1. Með orðinu „nótt“ er í samþykkt þessari átt við 11 stundir samfelldar, þar með talinn tíminn frá kl. 10 að kvöldi til kl. 5 að morgni.
2. Í kola- og surtarbrandsnámum má vinna í tímabilum frá kl. 10 að kvöldi til kl. 5 að morgni, enda líði venjulega 15 stundir milli vinnutíma og aldrei minna en 13 stundir.
3. Þar sem næturvinna í brauðgerðarhúsum er öllum bönnuð, má hvað bakaraiðn snertir setja tímabilið milli kl. 9 að kvöldi og fjögur að morgni í stað tímabilsins frá kl. 10 að kvöldi til fimm að morgni.
4. Í hitabeltislöndum, þar sem vinna liggur niðri um miðjan daginn, má næturhvíldin vera styttri en 11 stundir, ef samsvarandi hvíldartími er veittur á daginn.

4. gr.

Ákvæði 2. og 3. gr. skulu ekki ná til næturvinnu, sem 16—18 ára unglingar vinna af nauðsyn vegna ófyrirsjáanlegra og óviðráðanlegra atvika, sem áhrif hafa á eðlilegan rekstur fyrirtækisins og ekki eru þess eðlis, að þau endurtaki sig á ákveðnum fresti.

. . . . . .

7. gr.

Að því er snertir unglinga milli 16 og 18 ára aldurs geta ríkisstjórnir afnumið um stundarsakir bannið við næturvinnu, þegar þjóðarhagsmunir krefja vegna neyðarástands.

Samþykkt frá 1919 um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð.

1. gr.

1. Með orðinu „iðnfyrirtæki“ er í samþykkt þessari einkum átt við:
a) fyrirtæki, sem stunda námugröft, grjótnám og aðra starfsemi við vinnslu efna úr jörðu;
b) fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, þær hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullkomnaðar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp, eða þar sem efnum er breytt, og teljast þar með fyrirtæki, er stunda skipasmíðar eða framleiðslu, breytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli;
c) fyrirtæki, sem annast byggingu, endurbyggingu, viðhald, endurbætur, breytingar eða niðurrif á húsum, járnbrautum, höfnum, skipakvíum, bryggjum, skipaskurðum, vegum, jarðgöngum, brúm, brautarbrúm, skolpleiðslum, lokræsum, brunnum, rit- og talsímakerfum, rafveitum, gasveitum, vatnsveitum eða öðrum mannvirkjum, svo og undirbúning og grundvöllun slíkra framkvæmda;
d) fyrirtæki, sem annast flutninga á mönnum eða munum á vegum, járnbrautum, sjó, skipaskurðum, ám og vötnum, þar með talin meðhöndlun vara í skipakvíum, á hafnarbökkum og bryggjum eða í vörugeymsluhúsum. Undanskildir eru flutningar með handafli.

2. Með orðinu „verzlunarfyrirtæki“ er í samþykkt þessari átt við hvert það fyrirtæki, sem annast sölu vara eða verzlunarviðskipti.

3. Hlutaðeigandi yfirvald í hverju landi skal ákveða mörkin milli iðnaðar og verzlunar annars vegar og landbúnaðar hins vegar.

2. gr.

Með orðinu „kona“ er í samþykkt þessari átt við hvern kvenmann án tillits til aldurs, þjóðernis eða hvort hún er gift eða ógift, og með orðinu „barn“ er átt við sérhvert barn, hvort sem það er skilgetið eða óskilgetið.

3. gr.

Í hverju iðnaðar- eða verzlunarfyrirtæki, hvort sem það er rekið af einstaklingum eða því opinbera, svo og hverri grein slíks fyrirtækis, að undanteknum fyrirtækjum, þar sem einungis meðlimir sömu fjölskyldu vinna:

a) skal konu ekki heimilt að vinna fyrstu sex vikurnar eftir barnsburð;
b) skal kona eiga rétt til að leggja niður vinnu, ef hún leggur fram læknisvottorð um, að hún muni að öllum líkindum fæða innan 6 vikna;
c) skal konu, sem er fjarverandi samkvæmt stafliðum a) og b), greiddur styrkur, er nægi til fullrar og heilbrigðrar framfærslu hennar og barns hennar. Styrkur þessi skal annað hvort greiddur úr opinberum sjóðum eða af tryggingarstofnun, og skal hlutaðeigandi yfirvald í hverju landi ákveða upphæð hans. Auk þess ber slíkri konu ókeypis læknis- eða ljósmóðurhjálp. Mistök læknis við ákvörðun á því, hvenær fæðing muni eiga sér stað, skerðir ekki rétt konunnar til styrkgreiðslu frá þeim tíma, sem læknisvottorð var gefið út og þar til fæðing raunverulega á sér stað;
d) skal kona, sem hefur barn sitt á brjósti, eiga rétt á hálftíma frí tvisvar á dag í þessu skyni.

4. gr.

Þegar kona er frá vinnu í samræmi við staflið a) eða b) í 3. gr. þessarar samþykktar, eða er fjarverandi í lengri tíma en þar greinir vegna veikinda, sem vottað er af lækni, að stafi af þunga hennar eða barnsburði, og hún er ófær til vinnu af þeim sökum, þá má vinnuveitandi hennar hvorki segja henni upp vinnunni meðan á fjarveru þessari stendur né heldur tilkynna henni uppsögn á þeim tíma, að hún komi til framkvæmda meðan á fjarvistinni stendur, enda hafi umræddur fjarverutími ekki farið fram úr hámarki því, sem hlutaðeigandi yfirvald ákveður.

Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934).

1. gr.

1. Í samþykkt þessari er með orðinu „iðnfyrirtæki“ einkum átt við:
   a) fyrirtæki, sem stunda námugröft, grjótnám eða aðra starfsemi við vinnslu efna úr jörðu;
   b) fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, þær hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullkomnaðar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp, eða þar sem efnum er breytt, þar með talin fyrirtæki, sem stunda skipasmíðar eða framleiðslu, breytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli;
   c) fyrirtæki, sem annast byggingu, endurbyggingu, viðhald, endurbætur, breytingar eða niðurrif á hvers konar húsum, járnbrautum, sporbrautum, höfnum, skipakvíum, bryggjum, skurðum, skipaskurðum, vegum, jarðgöngum, brúm, brautarbrúm, skolpleiðslum, lokræsum, brunnum, rit- og talsímakerfum, rafveitum, gasveitum, vatnsveitum eða öðrum mannvirkjum, svo og undirbúning og grundvöllun slíkra framkvæmda.
2. Hlutaðeigandi yfirvald í hverju landi skal ákveða mörkin milli iðnaðar annars vegar og verzlunar og landbúnaðar hins vegar.

2. gr.

1. Með orðinu „nótt“ er í samþykkt þessari átt við tíma, er taki yfir a. m. k. ellefu samfelldar stundir, þar með talinn tíminn frá kl. 10 að kvöldi til 5 að morgni.
2. Þegar fyrir hendi eru sérstakar ástæður, er varða verkafólk í einstökum iðngreinum eða landshlutum, getur hlutaðeigandi yfirvald, að höfðu samráði við viðkomandi félög vinnuveitenda og verkamanna, ákveðið, að tíminn frá kl. ellefu að kvöldi til sex að morgni komi í stað tímans frá kl. tíu að kvöldi til fimm að morgni, að því er snertir konur, er vinna í slíkum iðngreinum eða landshlutum.
3. Í löndum, þar sem ríkisstjórnir hafa ekki enn sett reglur um næturvinnu kvenna í iðnfyrirtækjum, *geta ríkisstjórnir* ákveðið, að orðið „nótt“ skuli fyrst um sinn, en í engu tilfelli lengur en í þrjú ár, þýða aðeins tíu stunda tímabil, þar með talinn tíminn frá kl. tíu að kvöldi til 5 að morgni.

3. gr.

Konur, á hvaða aldri sem er, má ekki ráða til vinnu að nóttu til í neinu iðnfyrirtæki eða grein af þeim, hvort sem þau eru rekin af einstaklingum eða því opinbera. Undanskilin eru þó fyrirtæki, þar sem einungis meðlimir sömu fjölskyldu vinna.

4. gr.

3. gr. skal ekki gilda:

a) þegar fyrir koma óviðráðanleg atvik (force majeure), sem gert hafa hlé á starfsemi fyrirtækisins og ekki var hægt að sjá fyrir, enda sé þeim ekki þannig háttað, að þau endurtaki sig á ákveðnum fresti;

b) þegar vinna snertir hráefni eða efni, sem verið er að umbreyta og hætt er við skjótri rýrnun á, enda sé slík næturvinna nauðsynleg til að koma í veg fyrir tjón á slíkum efnum.

.....

6. gr.

Í iðnfyrirtækjum, sem háð eru áhrifum árstíðaskipta svo og í öllum þeim tilvikum, sem sérstakar ástæður krefja, má færa hugtakið „nótt“ niður í 10 stundir um 60 daga skeið á ári.

7. gr.

Í löndum, þar sem dagvinna er sérstökum erfiðleikum bundin vegna loftslags, má næturhvíld vera styttri en tiltekið er í fyrirfarandi greinum, enda komi tilsvarandi hvíld að degi til í hennar stað.

8. gr.

Samþykkt þessi nær ekki til kvenna, sem gegna ábyrgðarstöðum sem stjórnendur og vinna venjulega ekki líkamlega vinnu.

Samþykkt frá 1935 um námuvinnu kvenna.

1. gr.

Með hugtakinu „námustörf“ er í samþykkt þessari átt við hvers konar starfsemi einstaklinga eða hins opinbera við vinnslu efna úr jörðu.

2. gr.

Engan kvenmann, á hvaða aldri sem er, má láta vinna neðanjarðar í neinni námu.

3. gr.

Með landslögum eða reglugerðum má undanskilja fyrrgreindu banni:

a) konur, sem hafa stjórn á hendi og ekki vinna líkamlega vinnu;

b) konur, sem vinna að heilbrigðis- og félagsmálastarfsemi;

c) konur, sem vegna náms síns eyða tíma til æfinga neðanjarðar í námum, og

d) hverjar aðrar konur, sem öðru hverju verða að fara niður í námur vegna starfs síns, enda sé það ekki líkamlegt erfiði.

Samþykkt frá 1925 um jafnrétti innlendra og erlendra verkamanna með tilliti til slysabóta.

1. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir samþykkt þessa, undirgengst að veita borgurum annarra aðildarríkja, sem hafa fullgilt hana, svo og skylduliði þeirra sama bótarétt og þess eigin borgurum vegna iðnaðarslysa, sem þeir verða fyrir innan takmarka þess.
2. Þessi jafnréttisaðstaða skal erlendum verkamönnum tryggð án tillits til búsetu. Ef nauðsynlegt er, skulu viðkomandi aðildarríki gera sérstaka samninga sín á milli um reglur þær, sem fara skal eftir með greiðslur þær, sem aðildarríki eða borgarar þess verða að inna af hendi í öðrum löndum vegna grundvallarreglu þessarar.

2. gr.

Sérstaka samninga geta hlutaðeigandi aðildarríki gert til að ákveða, að bætur fyrir iðnaðarslys, er maður, sem um stundarsakir eða við og við vinnur í landi eins aðildarríkis á vegum fyrirtækis, sem aðsetur hefur í landi annars aðildarríkis, skuli fara eftir lögum og reglugerðum síðarnefnda ríkisins.

3. gr.

Þau aðildarríki, sem fullgilda samþykkt þessa, en hafa ekki þegar komið á hjá sér bótagreiðslum fyrir iðnaðarslys annaðhvort með tryggingum eða á annan hátt, fallast á að koma á hjá sér slíku bótagreiðslukerfi innan þriggja ára frá dagsetningu fullgildinga þeirra.

4. gr.

Aðildarríki þau, sem fullgilda þessa samþykkt, undirgangast enn fremur að veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð til þess að auðvelda framkvæmd á samþykktinni svo og lögum og reglugerðum varðandi slysabætur verkamanna. Enn fremur undirgangast þau að láta Alþjóðavinnumálaskrifstofunni í té upplýsingar um allar breytingar á lögum og reglugerðum, er gilda um slysabætur verkamanna. Upplýsingar þessar sendir skrifstofan öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

Samþykkt frá 1925 um slysabætur verkamanna.

1. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til að tryggja verkamönnum, sem verða fyrir atvinnuslysum, svo og skylduliði þeirra bótarétt, er eigi sé óhagstæðari en samþykkt þessi mælir fyrir um.

2. gr.

1. Lög og reglugerðir um slysabætur verkamanna skulu ná til verkamanna, starfsmanna og iðnnema, sem starfa við hvers konar atvinnurekstur, iðnað eða fyrirtæki hins opinbera eða einstaklinga.
2. Þó skal aðildarríki heimilt að gera í lögum þær undantekningar, sem því kunna að þykja nauðsynlegar að því er tekur til:
   a) manna, sem stunda óviss störf, sem ekki eru unnin í þágu atvinnureksturs vinnuveitandans;
   b) manna, sem vinna heimavinnu;
   c) meðlima fjölskyldu vinnuveitandans, sem eingöngu vinna fyrir hann og búa á heimili hans;
   d) manna, sem ekki vinna líkamlega vinnu og fá hærri laun en ákveðin eru í landslögum og reglugerðum.

3. gr.

Samþykkt þessi tekur ekki til:
1. Sjómanna og fiskimanna, en um þá munu verða sett ákvæði í samþykkt síðar;
2. manna, sem eru undir sérstöku skipulagi og njóta kjara, sem ekki eru lakari en í þessari samþykkt greinir.

4. gr.

Þessi samþykkt tekur ekki til landbúnaðar. Um hann gildir áfram samþykkt frá þriðja Alþjóðavinnumálaþinginu um slysabætur til landbúnaðarverkamanna.

5. gr.

Þegar slys veldur varanlegri örorku eða dauða, skulu bætur þær, sem þeim slasaða eða skyldusliði hans ber, greiðast reglulega með vissu millibili. Þó má greiða alla bótaupphæðina eða ákveðinn hluta hennar í einu lagi, ef hlutaðeigandi yfirvald hefur gengið úr skugga um, að henni verði skynsamlega varið.

6. gr.

Þegar slys hefur örorku í för með sér, skulu bótagreiðslur hefjast eigi síðar en frá fimmta degi eftir slysið, hvort sem þær skulu greiddar af vinnuveitanda eða hlutaðeigandi slysa- eða sjúkratryggingastofnun.

7. gr.

Þegar slys hefur í för með sér örorku þess eðlis, að hinn slasaði verður að njóta stöðugrar hjálpar annarra, skal honum séð fyrir aukabótum.

8. gr.

Landslög eða reglugerðir skulu kveða á um eftirlit með bótagreiðslum og endurskoðun, eftir því sem nauðsynlegt verður talið.

9. gr.

Slasaðir verkamenn skulu eiga rétt á læknishjálp svo og handlæknisaðgerðum og lyfjum, sem viðurkennt er, að nauðsynleg séu vegna slyssins. Kostnaður af aðstoð þessari skal annaðhvort greiddur af vinnuveitandanum eða slysa-, sjúkra- eða örorkutryggingastofnunum.

10. gr.

1. Slasaðir verkamenn skulu eiga rétt á gervilimum og „ortopædiskum“ áhöldum svo og eðlilegri endurnýjun á þeim, eftir því sem viðurkennt er að nauðsynlegt sé, hvort tveggja á kostnað vinnuveitanda eða tryggjanda. Þó má með lögum eða reglugerðum leyfa í einstökum tilfellum, að í stað þess að láta í té slíka gervilimi eða áhöld og endurnýja þau megi greiða hinum slasaða upphæð, er svari til sennilegs kostnaðar af útvegun og endurnýjun þeirra. Upphæð þessi skal ákveðin um leið og bótaupphæðin er ákveðin eða endurskoðuð.
2. Landslög eða reglugerðir skulu kveða á um eftirlit, sem nauðsynlegt er bæði til að koma í veg fyrir misnotkun í sambandi við endurnýjun umræddra hluta og til að tryggja það, að aukagreiðslurnar séu notaðar í þessu skyni.

11. gr.

Með lögum eða reglugerðum skal setja þau ákvæði, sem með tilliti til ástæðna í hverju landi þykja bezt henta til að tryggja manni, sem orðið hefur fyrir atvinnuslysi, eða skyldusliði hans, sé um dauðsfall að ræða, greiðslu bóta í öllum tilfellum, þótt atvinnuveitandinn eða tryggjandinn verði gjaldþrota.

Samþykkt frá 1929 um áritun þyngdar á stykkjavöru, sem flutt er með skipum.

1. gr.

1. Á hvern þann pakka eða hlut, sem vegur 1000 kg (metric ton) eða meira og tekinn er til flutnings á sjó, vötnum, ám eða skipaskurðum frá stað innan aðildarríkis, sem fullgildir samþykkt þessa, skal rita greinilega og á endingargóðan hátt þyngd hans, áður en hann er látinn um borð í skip.
2. Í undantekningartilfellum, þegar erfitt er að ákveða þyngd nákvæmlega, mega lög eða reglugerðir heimila, að áritaður sé áætlaður þungi.
3. Skyldan til að sjá um, að þessum kröfum sé fullnægt, hvílir eingöngu á stjórn þess lands, sem pakki eða hlutur er sendur frá, en ekki á stjórn þess lands, sem hann er fluttur yfir.
4. Landslögum eða reglugerðum skal látið eftir að ákveða, hvort skyldan til að árita þyngdina skuli hvíla á sendandanum eða einhverjum öðrum manni eða stofnun.

Samþykkt frá 1921 um vikulega hvíldardaga í iðnaði.

1. gr.

1. Orðið „iðnfyrirtæki" nær í þessari samþykkt yfir:
   a) fyrirtæki, sem stunda námugröft, grjótnám eða aðra starfsemi við vinnslu efna úr jörðu;
   b) fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, þær hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullkomnaðar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp, eða þar sem efnum er breytt, þar með talin fyrirtæki, sem stunda skipasmíðar eða framleiðslu, breytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli;
   c) fyrirtæki, sem annast byggingu, endurbyggingu, viðhald, endurbætur, breytingar eða niðurrif á hvers konar húsum, járnbrautum, sporbrautum, höfnum, skipakvíum, bryggjum, skurðum, skipaskurðum, vegum, jarðgöngum, brúm, brautarbrúm, skolpleiðslum, lokræsum, brunnum, rit- og talsímakerfum, rafveitum, gasveitum, vatnsveitum eða öðrum mannvirkjum, svo og undirbúning og grundvöllun slíkra framkvæmda;
   d) fyrirtæki, sem annast flutninga á mönnum eða munum á vegum, járnbrautum eða skipaskurðum, ám og vötnum, þar með talin meðhöndlun vara í skipakvíum, á hafnarbökkum, bryggjum, í vörugeymsluhúsum. Undanskildir eru flutningar með handafli.
2. (á ekki við) .....
3. Þar sem nauðsynlegt þykir til uppbótar framanskráðri upptalningu, getur hvert aðildarríki ákveðið takmörkin milli iðnaðar annars vegar og verzlunar og landbúnaðar hins vegar.

2. gr.

1. Allt starfsfólk, sem vinnur við iðnfyrirtæki einstaklinga eða hins opinbera eða í einhverri grein af því skal, nema öðruvísi sé ákveðið í eftirfarandi greinum, fá a. m. k. tuttugu og fjögurra tíma samfellda hvíld á hverju sjö daga tímabili.
2. Þessi hvíldartími skal veittur öllu starfsliði sama fyrirtækis samtímis, ef það er mögulegt.
3. Þar sem mögulegt er skal þessi hvíldartími ákveðinn þannig, að hann komi á þá daga, sem eru hvíldardagar samkvæmt venju hvers lands eða héraðs.

3. gr.

Hvert aðildarríki má undanskilja ákvæðum annarrar greinar fyrirtæki, þar sem einungis meðlimir sömu fjölskyldu vinna.

4. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur, að höfðu samráði við ábyrg félög vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau eru til, og að teknu hæfilegu tilliti til mannúðar- og efnahagsmála, heimilað algerar eða takmarkaðar undanþágur frá ákvæðum 2. greinar (meðtalin frestun og stytting hvíldartímans).
2. Slíkt samráð er ekki nauðsynlegt um undantekningar, sem þegar hafa verið gerðar með gildandi lögum.

5. gr.

Hvert aðildarríki skal, að svo miklu leyti sem unnt er, setja ákvæði um annan hvíldartíma til uppbótar fyrir þá frestun eða styttingu hvíldartímans, sem gerð hefur verið samkvæmt 4. grein, nema þegar slíkur hvíldartími hefur þegar verið ákveðinn með samningi eða venju.

6. gr.

1. Hvert aðildarríki semur skrá yfir undantekningar þær, sem gerðar hafa verið samkvæmt 3. og 4. grein þessarar samþykktar, og sendir hana Alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Síðan tilkynnir það henni annað hvert ár breytingar þær, sem á henni hafa orðið.
2. Alþjóðavinnumálaskrifstofan skal leggja fyrir allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skýrslu um þetta mál.

7. gr.

Til þess að auðvelda framkvæmd ákvæða samþykktar þessarar skal hverjum vinnuveitanda, forstjóra eða forstöðumanni skylt:

a) að kunngera sameiginlega hvíldardaga og stundir, þar sem öllu starfsfólkinu er veitt frí í einu lagi. Skal þetta gert með auglýsingum, er settar séu upp á áberandi stað í stofnuninni eða á öðrum hentugum stað, eða á hvern þann hátt annan, sem viðurkenndur er af stjórnarvöldunum;

b) þar sem öllu starfsfólkinu er ekki veitt frí í einu lagi, að kunngera með lista, er saminn sé eftir ákvæðum, viðurkenndum af lögum landsins eða undir eftirliti hlutaðeigandi yfirvalds, nöfn þeirra verkamanna og annarra launþega, sem heyra undir sérstakt hvíldarkerfi, og hvert það kerfi sé.

VI. Samþykkt (nr. 84) um félagarétt og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til ósjálfstæðra landa.

2. gr.

Vinnuveitendum jafnt og vinnuþiggjendum skal með viðeigandi ráðstöfunum tryggður réttur til að stofna félög í hverjum löglegum tilgangi.

3. gr.

Gera skal allar mögulegar ráðstafanir til að tryggja stéttarfélögum þeim, sem eru málsvarar hlutaðeigandi verkamanna, rétt til að gera heildarsamninga (collective agreements) við vinnuveitendur eða samtök þeirra.

4. gr.

Að svo miklu leyti sem unnt er skal gera ráðstafanir til þess, að haft sé samráð og samvinna við fulltrúa frá félögum vinnuveitenda og verkamanna við að koma á fót og framkvæma ráðstafanir til verndar verkamönnum og til framkvæmdar á vinnulöggjöf.

5. gr.

Aðferðir við rannsóknir á deilumálum vinnuveitenda og verkamanna skulu vera eins einfaldar og fljótlegar og unnt er.

6. gr.

1. Vinnuveitendur og verkamenn skulu hvattir til að forðast deilur, og ef þær samt sem áður koma upp, þá að komast að réttlátri lausn þeirra með sáttum.
2. Í þessu skyni skal gera allar mögulegar ráðstafanir til þess að hafa samráð og samvinnu við fulltrúa frá félögum vinnuveitenda og verkamanna við að koma á fót og starfrækja stofnun til sáttaumleitana í vinnudeilum.
3. Að teknu tilliti til starfsemi slíkrar stofnunar skulu opinberir embættismenn annast rannsókn á deilum, leitast við að stuðla að sáttum og aðstoða aðila við að komast að réttlátri lausn á deilum.
4. Þar sem því verður við komið, skulu þessir embættismenn vera sérstaklega skipaðir til þessara starfa.

7. gr.

1. Setja skal á fót svo fljótt sem auðið er skipulagðar framkvæmdir til lausnar á deilum milli vinnuveitenda og verkamanna.
2. Þar sem því verður við komið, skulu fulltrúar vinnuveitenda og verkamanna, þar á meðal fulltrúar viðkomandi félaga þeirra, þar sem þau eru til, taka þátt í samvinnu um framkvæmdir þessar á þann hátt og að svo miklu leyti, sem ákveðið kann að vera af hlutaðeigandi yfirvaldi. Ávallt skulu þó þessir fulltrúar vera jafnmargir frá báðum aðilum og jafnréttháir.

8. og 9. gr.

(Samsvara 30. og 31. gr. samþykktar nr. 81.)

10. og 11. gr.
(Samhljóða 22. og 23. gr. samþykktar nr. 82.)

12.—19. gr.
(Samhljóða 32.—39. gr. samþykktar nr. 81.)

VII. Samþykkt (nr. 85) um vinnueftirlit í ósjálfstæðum landsvæðum.

1. gr.

Halda skal uppi vinnueftirliti í ósjálfstæðum landsvæðum, er uppfylli kröfur 2.—5. greinar þessarar samþykktar.

2. gr.

Starfslið vinnueftirlitsins skal skipað eftirlitsmönnum, sem hlotið hafa viðeigandi þjálfun.

3. gr.

Greiða skal fyrir því, að verkamenn og fulltrúar þeirra geti haft óháð samband við eftirlitsmennina.

4. gr.

1. Eftirlitsmenn, sem tilnefndir hafa verið af hlutaðeigandi yfirvaldi og hafa í höndum embættisbréf, skulu með stuttu millibili rannsaka vinnuskilyrði.
2. Til framkvæmdar skyldustarfa sinna skal eftirlitsmönnum heimilað með lögum:
   a) að koma óhindraðir á hvern eftirlitsskyldan vinnustað, hvenær sem er að degi eða nóttu og skoða slíkar vinnustöðvar, ef þeir hafa gilda ástæðu til að halda, að þar vinnu fólk, sem njóti lagaverndar;
   b) að koma að degi til í hver þau húsakynni, sem þeir hafa gilda ástæðu til að halda, að séu eftirlitsskyld, og
   c) að framkvæma hverjar þær rannsóknir, athuganir eða eftirgrennslanir, sem þeir telja sér nauðsynlegar til að ganga úr skugga um, að ákvæðum laganna sé til fullnustu hlýtt, sér í lagi skal þeim heimilt:
      i) að spyrja atvinnurekanda eða starfsfólk fyrirtækisins í einrúmi eða í vitna viðurvist um hvaða atriði sem er varðandi framkvæmd lagaákvæðanna, eða leita upplýsinga hjá hverjum öðrum manni, sem þeir kunna að telja nauðsyn til bera,
      ii) að krefjast þess, að framvísað sé bókum, skrám eða öðrum skjölum, sem skylt er að færa samkvæmt lögum eða reglugerðum varðandi vinnuskilyrði, til athugunar á því, hvort þau séu í samræmi við lagaákvæðin, svo og að taka afrit af slíkum skjölum og gera útdrátt úr þeim.
      iii) að láta setja upp auglýsingar, sem ráð er fyrir gert í lagaákvæðunum,
      iv) að taka og hafa á brott með sér sýnishorn af efnum og hráefnum, sem notuð eru eða höfð með höndum, enda sé atvinnurekandanum eða fulltrúa hans tilkynnt um öll þau sýnishorn, sem tekin eru eða flutt á brott í þessu skyni.
3. Þegar eftirlitsmenn koma í eftirlitsferð, skulu þeir gera atvinnurekandanum eða fulltrúa hans aðvart um komu sína, nema þeir álíti, að slík aðvörun geti verið skaðleg fyrir framkvæmd skyldustarfa þeirra.

5. gr.

Með undantekningum, sem gerðar kunna að vera í landslögum eða reglugerðum, skal vinnueftirlitsmönnum:

a) óheimilt að eiga neinna beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta í fyrirtækjum þeim, sem þeim ber að líta eftir;

b) óheimilt, að viðlögðum hæfilegum refsingum eða öðrum viðurlögum, að ljósta upp neinum leyndarmálum um iðnað, viðskipti eða vinnuaðferðir, sem þeir hafa komizt að í störfum sínum, og gildir þetta jafnt, þótt þeir séu hættir störfum;
c) skylt að gæta fyllstu þagmælsku um það, frá hverjum kvartanir, sem þeim kunna að berast um ágalla eða brot á lagaákvæðum, eru komnar og eigi gefa atvinnurekanda eða umboðsmanni hans neina bendingu um, að heimsókn þeirra á vinnustað sé gerð að framkominni slíkri kvörtun.

6. og 7. gr.
(Samhljóða 30. og 31. gr. samþykktar nr. 81.)

8. gr.
(Samhljóða 23. gr. samþykktar nr. 82.)

9. gr.
Þegar yfirlýsing um, að ákvæðum samþykktarinnar frá 1947, um vinnueftirlit, skuli beitt á einhverju landsvæði, hefur verið send aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 30. gr. þeirrar samþykktar, eða þegar yfirlýsing um, að skuldbindingar þeirra samþykkta skuli ganga í gildi fyrir eitthvert landsvæði, hefur verið send á sama hátt í samræmi við 31. gr. hennar, þá skal þessi samþykkt hætta að gilda fyrir það landsvæði.

10.—17. gr.
(Samhljóða 32.—39. gr. samþykktar nr. 81.)

VIII. Samþykkt (nr. 86) um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna.

1. gr.
Að því er tekur til þessarar samþykktar skal:
a) orðið „verkamaður“ tákna innfæddan verkamanna, þ. e. a. s. verkamann, sem tilheyrir eða samlagazt hefur innfæddum þjóðflokki ósjálfstæðs landsvæðis;
b) orðið „vinnuveitandi“ ná til hvers innlends eða erlends stjórnarvalds, einstaklings eða félags, nema ljóst sé, að til annars sé ætlazt;
c) orðið „reglugerðir“ tákna lög og/eða reglugerðir, sem gilda á viðkomandi landsvæði, og
d) orðið „samningur“ tákna — nema ljóst sé, að til annars sé ætlazt, — vinnusamning um, að verkamaður gangi í þjónustu vinnuveitanda gegn greiðslu í peningum eða einhverju öðru, en nær ekki til námssamninga, sem gerðir eru í samræmi við sérstök ákvæði um iðnaðarnám, sem felast í reglunum.

2. gr.
1. Hlutaðeigandi yfirvald getur undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar:
   a) samninga, sem í felst ráðning verkamanns í vinnu hjá innlendum vinnuveitanda, sem aðeins hefur í þjónustu sinni takmarkaðan fjölda verkamanna, er tiltekinn sé í reglugerðunum eða uppfylli önnur sérstök ákvæði þeirra;
   b) hvern þann samning, sem ákveður, að laun verkamannsins skuli aðallega eða einungis fólgin í því, að hann fái að sitja eða nýta land, sem vinnuveitandi hans á.
2. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi félög vinnuveitenda og verkamanna getur hlutaðeigandi yfirvald undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar samninga milli vinnuveitenda og verkamanna, sem læsir eru og skrifandi, enda sé frjáls-

ræði þeirra til að velja sér vinnu nægilega tryggt. Slíkar undantekningar geta tekið til allra verkamanna ákveðins landsvæðis, verkamanna í sérstökum iðngreinum, verkamanna í sérstöku fyrirtæki eða ákveðinna flokka verkamanna.

3. gr.

1. Með reglugerðunum skal ákveðin hámarkslengd þess ráðningartíma, sem ákveðinn er eða gert er ráð fyrir í samningi, hvort sem hann er munnlegur eða skriflegur.
2. Lengsti ráðningartími, sem ákveða má eða gera ráð fyrir í samningi um vinnu, sem ekki hefur í för með sér langa og kostnaðarsama ferð, skal ekki fara fram úr 12 mánuðum, ef fjölskylda verkamannsins fylgir honum ekki, eða tveim árum ella.
3. Lengsti ráðningartími, sem ákveða má eða gera ráð fyrir í samningi um vinnu, sem hefur í för með sér langa og kostnaðarsama ferð, skal ekki fara fram úr tveimur árum, ef fjölskylda verkamannsins fylgir honum ekki, eða þrem árum ella.

4. gr.

1. Þegar samningur, sem gerður er á einu landsvæði, varðar vinnu á landsvæði, sem er undir annarri stjórn, skal ráðningartími, sem ákveðinn er eða gert er ráð fyrir í honum, ekki fara fram úr hámarki því, sem ákveðið er í hvoru þessara landsvæða.
2. Hlutaðeigandi yfirvöld í landsvæðum þeim, sem samningurinn er gerður í og vinnan skal fara fram í, skulu, þegar nauðsynlegt eða æskilegt þykir, semja um þau mál, sem þau varða sameiginlega og rísa í sambandi við framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar.

5. gr.

Samþykkt þessi skal ekki gilda um samninga, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku hennar að því er tekur til landsvæða, sem spurning er um, hvort hún sé framkvæmanleg í.

6. og 7. gr.

(Samhljóða 30. og 31. gr. samþykktar nr. 81.)

8. gr.

(Samhljóða 23. gr. samþykktar nr. 82.)

9.—16. gr.

(Samhljóða 32.—39. gr. samþykktar nr. 81.)

Nd. 487. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. ásamt umsóknum frá mörgum mönnum um ríkisborgararétt. Hefur nefndin orðið ásátt um að mæla með samþykkt frumv. með eftirfarandi breytingum, en einn nefndarmanna (LJós) áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Jens Nikolaj Kaj, verkamaður í Reykjavík, fæddur 3. febrúar 1906 í Danmörku.
2. Arnegård, Ola Olsen, verkamaður á Sauðárkróki, fæddur 5. júní 1910 í Noregi.
3. Blumenstein, Kurt Karl Andreas, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 28. janúar 1908 í Þýzkalandi.
4. Breiðfjörð, Kenneth, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. janúar 1921 í Englandi.
5. Breiðfjörð, William, verkamaður í Reykjavík, fæddur 6. desember 1919, í Englandi.
6. Eliasen, Bjarne Julius Edvin, járnsmiður á Siglufirði, fæddur 7. júlí 1915 í Danmörku.
7. Hinz, Elisabeth Dorothea Martha Augusthe, bókari í Reykjavík, fædd 28. desember 1901 í Þýzkalandi.
8. Hirst, Karl Heinrich Max Moritz, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 31. júlí 1907 í Þýzkalandi.
9. Holbæk, Sigrid Johanne Emilie Adelheid, frú í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
10. Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth, frú á Akureyri, fædd 27. desember 1911 í Þýzkalandi.
11. Keil, Max Robert Heinrich, verzlunarmaður í Kópavogshreppi, fæddur 14. janúar 1908 í Þýzkalandi.
12. Mörk, Karen Kristjana, ekkja á Patreksfirði, fædd 28. júlí 1909 á Íslandi.
13. Olsson, Bengt Erik, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 9. september 1917 í Svíþjóð.
14. Rosenthal, Harry, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 15. júlí 1895 í Þýzkalandi.
15. Teitson, Lillian, bókari í Reykjavík, fædd 3. október 1908 á Íslandi.
16. Thorarensen, Rudolf Sperlich, nemandi í Reykjavík, fæddur 4. desember 1937 í Þýzkalandi.
17. Thorlacius, Jón, prentari í Reykjavík, fæddur 1. júlí 1914 á Íslandi.
18. Wagle, Arne Marselius, nemandi í Reykjavík, fæddur 7. marz 1930 í Noregi.
19. Wagle, Henrik Schumann, vélamaður í Reykjavík, fæddur 10. júní 1894 í Noregi.
20. Wagle, Ida Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 8. apríl 1925 í Noregi.
21. Weg, Otto Arnold, kennari í Reykjavík, fæddur 8. janúar 1893 í Þýzkalandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 24. marz 1950.

Jónas G. Rafnar, form. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.

Lúðvík Jósefsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 488. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem hún flytur í tillöguformi á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. — Nánar í framsögu.

Alþingi, 24. marz 1950.

Lárus Jóhannesson, form. — Karl Kristjánsson, frsm. — Hannibal Valdimarsson, fundaskr. — með fyrirvara.

Þorst. Þorsteinsson. — Brynjólfur Bjarnason, með fyrirvara.

Ed. 489. Breytingartillögur [44. mál]

við frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

1. Í stað „verðlagsstjóri“ alls staðar þar, sem það kemur fyrir í frumvarpinu, komi: verðgæzlustjóri.
2. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Stjórnir Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Kvenfélagasambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands ísl. útvegsmanna og Stéttarsambands bænda tilnefna hver um sig einn mann í nefnd, sem gerir tillögur um, hver skuli skipaður verðgæzlustjóri.
3. Við 3. gr. Í stað 1. og 2. mgr. komi:
   Verðgæzlustjóri skal hafa eftirlit með því, að verðlagsákvæðum fjárhagsráðs sé hlýtt.
   Hann annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.
   Hann skal vekja athygli fjárhagsráðs á því, ef sams konar eða svipuð vara er löglega seld með mismunandi verði, svo að fjárhagsráð geti beint innkaupum þangað, sem þau eru hagkvæmust.
4. Við 4. gr.
   a. Orðin „að fengnum tillögum verðlagsstjóra“ í 1. mgr. falli niður.
   b. Síðasta mgr. falli niður.
5. Við 5. gr. Í stað „verðlagsstjóra“ komi: ákveðnum trúnaðarmanni sínum.
6. Við 8. gr. Orðin „af verðlagsstjóra“ falli niður.
7. Við 9. gr. Greinin falli niður, og greinatala breytist samkvæmt því.
8. Við 11. gr. (verður 10. gr.). Greinin orðist svo:
   Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á lögum þessum.
9. Við 12. gr. (verður 11. gr.). Greinin orðist svo:
   Í verðlagsdómi eiga sæti 2 menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómari, sem skipaður er af dómsmálaráðherra eftir tilnefningu nefndar þeirrar, er um ræðir í 2. gr. laga þessara. Í Reykjavík

er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til eins árs. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

10. Við 13. gr. (verður 12. gr.). Greinin orðist svo:
Dómsmálaráðuneytið tilkynnir nefnd þeirri, er stjórnir stéttasamtakanna skipa samkv. 2. gr. laga þessara, hvenær hún skuli hafa tilnefnt meðdómendur í verðlagsdóm.
Hafi ráðuneytinu ekki borizt tilnefningar nefndarinnar á tilsettum tíma, skipar dómsmálaráðherra meðdómendurna án tilnefningar.
11. Við 17. gr. (verður 16. gr.). 1. mgr. hljóði svo:
Ef ágreiningur verður milli dómara, sker atkvæði formanns úr.
12. Eftir 17. gr. komi tvær nýjar greinar (verða 17.—18. gr.).
a. (17. gr.) Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjódómi.
b. (18. gr.) Áfrýjun mála til hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.
13. Við 18. gr. (verður 19. gr.).
a. 2. mgr. verði svo hljóðandi:
Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur vísvitandi eða vegna vítaverðs gáleysis, sæti refsingu samkvæmt 15. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940.
b. Í stað orðsins „fangelsi“ í 3. mgr. komi: varðhaldi eða fangelsi.
14. Í stað ákvæða til bráðabirgða komi ný grein (verður 20. gr.), svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá úr gildi III. kafli l. nr. 70 frá 5. júní 1947 og umboð verðlagsstjóra, starfsmanna hans í verðlagseftirlitinu og trúnaðarmanna, þó ekki fyrr en skipaður hefur verið verðgæzlustjóri og hann tekið til starfa.

Nd. 490. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um lánstíma og lánskjör lána þeirra, sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsum, og um lækkun húsaleigu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði felllt, en ég legg til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 24. marz 1950.

Lúðvík Jósefsson.

Ed. 491. Frumvarp til laga [44. mál]

um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðgæzlustjóra á þann hátt, er síðar greinir í lögum þessum, til þess að hafa eftirlit með verðlagi í landinu.

2. gr.

Verðgæzlustjóri skal skipaður með eftirfarandi hætti:

Stjórnir Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna og fiskimannasambands Íslands, Kvenfélagasambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands ísl. útvegsmanna og Stéttarsambands bænda tilnefna hver um sig einn mann í nefnd, sem gerir tillögur um, hver skuli skipaður verðgæzlustjóri.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Ef atkvæði eru jöfn, sker ríkisstjórnin úr.

Ríkisstjórnin skipar verðgæzlustjóra samkvæmt tillögum nefndarinnar, og verðgæzlustjóri ræður starfsmenn sína og trúnaðarmenn í samráði við hana.

3. gr.

Verðgæzlustjóri skal hafa eftirlit með því, að verðlagsákvæðum fjárhagsráðs sé hlýtt.

Hann annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.

Hann skal vekja athygli fjárhagsráðs á því, ef sams konar eða svipuð vara er löglega seld með mismunandi verði, svo að fjárhagsráð geti beint innkaupum þangað, sem þau eru hagkvæmust.

Skylt er verðgæzlustjóra að gera rækilegan samanburð á verðlagi og gæðum íslenzkra iðnaðarvara og sams konar vara, sem hægt er að fá erlendis frá. Ársfjórðungslega gefi verðgæzlustjóri fjárhagsráði skýrslu um athuganir þessar. Skýrslan beri með sér, hver fyrirtæki innlend standist samanburð við útlönd og sé hagfelldast, að annist framleiðslu á þeim höfuðnauðsynjum, sem þjóðin þarfnast frá iðnaðinum.

4. gr.

Fjárhagsráð skal ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Fjárhagsráð getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum.

Þá getur fjárhagsráð og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur fjárhagsráð ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

5. gr.

Fjárhagsráð getur að meira eða minna leyti fengið ákveðnum trúnaðarmanni sínum í hendur vald til að framkvæma í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 4. gr.

6. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

7. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka í neinu því, sem háð er verðeftirliti samkvæmt 4. gr., nema með leyfi fjárhagsráðs. — Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

8. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af fjárhagsráði skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda, þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

9. gr.

Verðgæzlustjóri og þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkv. lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu, enda hvílir á þeim þagnarskylda um þau atriði, er þeir komast að í greindu starfi, og er þeim bannað að skýra óviðkomandi frá því, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum alm. hegningarlaga um opinbera starfsmenn.

II. KAFLI

10. gr.

Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á lögum þessum.

11. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti 2 menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómari, sem skipaður er af dómsmálaráðherra eftir tilnefningu nefndar þeirrar, er um ræðir í 2. gr. laga þessara. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til eins árs. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

12. gr.

Dómsmálaráðuneytið tilkynnir nefnd þeirri, er stjórnir stéttasamtakanna skipa samkv. 2. gr. laga þessara, hvenær hún skuli hafa tilnefnt meðdómendur í verðlagsdóm.

Hafi ráðuneytinu ekki borizt tilnefningar nefndarinnar á tilsettum tíma, skipar dómsmálaráðherra meðdómendurna án tilnefningar.

13. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglunum um kæru.

14. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað.

16. gr.

Ef ágreiningur verður milli dómara, sker atkvæði formanns úr.

Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

17. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjódómi.

18. gr.

Áfrýjun mála til hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

19. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, verðgæzlustjóra eða embættis- og starfsmönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, er honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 króna dagsektum.

Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur vísvitandi eða vegna vítaverðs gáleysis, sæti refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum eða samþykktum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða afbrot er ítrekað, skal sökunautur sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá úr gildi III. kafli l. nr. 70 frá 5. júní 1947 og umboð verðlagsstjóra, starfsmanna hans í verðlagseftirlitinu og trúnaðarmanna, þó ekki fyrr en skipaður hefur verið verðgæzlustjóri og hann tekið til starfa.

Ed. 492. Breytingartillögur [44. mál]

við frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Í verðlagsdómi eiga sæti 3 menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og tveir meðdómendur, sem skulu tilnefndir af fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í kaupstaðnum. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til eins árs. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skal tilkynna fulltrúaráðum verkalýðsfélaganna í kaupstöðum, hvenær tilnefning meðdómenda skuli fara fram.
   Hafi ráðherra ekki borizt tilnefning á tilsettum tíma, skipar ráðherra meðdómendur án tilnefningar.
3. Við 16. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Afl atkvæða ræður úrslitum í verðlagsdómi.

Ed. 493. Frumvarp til laga [37. mál]

um sveitarstjóra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. gr.

Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra til umsóknar og taka við umsóknum um það.

Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd. Í ráðningarsamningi skal kveðið á um launakjör, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað, sem varðar skipti hreppsnefndar og sveitarstjóra. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Sveitarstjóri fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna hreppsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

5. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans, að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 494. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þegar lög um fiskimálasjóð voru í öndverðu sett á Alþingi árið 1934, var kveðið svo á í 14. gr., að stjórn sjóðsins veiti „stofnunum, einstaklingum og félögum lán eða styrk“, eftir því sem nánar er fram tekið í lögunum. Með nýjum lögum 1947 var þessi starfsemi sjóðsins nánar aðgreind. Er þar m. a. svo fyrir mælt í 5. gr., að veitt verði „viðbótarlán gegn síðara veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjár-

magn fyrir hendi". Hámark slíkra lána var ákveðið 150 þús. kr. eða 25% stofnkostnaðar. Vextir skyldu vera hinir sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

Samkvæmt þessum lögum hafa á síðustu árum verið veitt allmörg lán til hraðfrystihúsa, beinamjölsverksmiðja og annarra hliðstæðra fyrirtækja til eflingar fiskveiða og hagnýtingar sjávarafurða víðs vegar um land. Hefur eftirspurn eftir þessum lánum verið mjög mikil, ekki sízt eftir að það kom í ljós, að fyrirtæki þessi gátu ekki fengið 1. veðréttar lán í stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Í árslok 1949 mun sjóðurinn hafa átt útistandandi um 5.9 millj kr. í lánum, en allmikið af þeim var raunar veitt áður en lögin frá 1947 tóku gildi. Nú hefur eftirspurnin orðið svo mikil, að engin leið hefur verið til að fullnægja henni jafnóðum, og hefur stjórn sjóðsins þá gripið til þess ráðs, til að veita þessum bráðnauðsynlegu fyrirtækjum einhverja úrlausn, að gefa fyrirheit um lán af tekjum næstu ára, og hafa þau loforð verið staðfest af ríkisstjórninni. Þessi fyrirheit um lán nema nú nokkuð á fjórðu milljón króna, til 29 fyrirtækja, og er gert ráð fyrir, að sum þessara lána verði ekki borguð út fyrr en á árinu 1952, enda verður sjóðurinn árlega einnig að sinna öðrum verkefnum en lánveitingum, þ. e. ýmiss konar tilraunum og rannsóknum í þágu sjávarútvegsins. Enn eru þó fyrirliggjandi hjá stjórn sjóðsins allmargar umsóknir, sem ekki hefur þótt fært að afgreiða á meðan ekki voru aðrir möguleikar til tekjuöflunar en lögin ákváðu. En árlegar tekjur sjóðsins eru ½% gjald af útflutningsverðmæti sjávarafurða, annarra en saltsíldar og vara, sem fluttar eru út í tilraunaskyni. Urðu þessar tekjur um 1.3 millj. kr. á árinu 1949.

Eins og geta má nærri er það mjög bagalegt fyrir þá, sem sótt hafa um lán úr sjóðnum, að geta ekki fengið lánið útborgað fyrr en eftir langan tíma og jafnvel enga afgreiðslu sinna mála að svo stöddu og það því fremur sem stöðugt hefur verið að þrengjast um möguleika til lánsútvegunar á annan hátt. T. d. mun vanta um ½ millj. kr. til þess að hægt hafi verið að borga út lán, sem lofað hafði verið til útborgunar á árinu 1949. Það frv., sem hér liggur fyrir, var, eftir því sem segir í greinargerð þess, flutt í háttv. efri deild til þess að reyna að ráða bót á vandkvæðum þessum, og þá fyrst og fremst með því að auka tekjur sjóðsins. Var í frv. lagt til, að ríkissjóði yrði gert skylt að greiða fiskimálasjóði 1 millj. kr. árlega í næstu 10 ár. Jafnframt var lagt til, að heimilt yrði að veita allt að 350 þús. kr. lán í stað 150 þús. kr., sem nú er í lögum, eða allt að 50% af stofnkostnaði til þeirra fyrirtækja, er ekki hefðu fengið hámarkslán í stofnlánadeild, og loks, að vextir yrðu hækkaðir úr 4% niður í 2½%. Mundu slíkar ráðstafanir bæta nokkuð úr lánsfjárskorti margra mjög aðþrengdra fyrirtækja, einkum í hinum smærri verstöðvum, sem nú geta ekki lokið framkvæmdum sínum og bíða af því stórtjón, samhliða því sem almenningur á viðkomandi stöðum á framtíðaratvinnu sína og lífsmöguleika í hættu, ef framkvæmdirnar stöðvast. Er hér um að ræða verstöðvar í öllum landsfjórðungum.

Í háttv. efri deild hefur nú með einkennilegum hætti verið brugðið fæti fyrir þetta mál. Var þar við 3. umr. samþykkt brtt. við frv., sem kveður svo á, að ekki megi nota til útlána nema í mesta lagi 40% af tekjum sjóðsins, þ. á m. fyrirhuguðu framlagi ríkissjóðs, og er þá svo komið, ef frumvarpið yrði að lögum með þeirri breytingu, að fé það, sem sjóðurinn hefði til útlána, yrði minna en hann hefði haft að óbreyttum lögum. Væru þá að sama skapi rýrðir möguleikar hinna smærri verstöðva víðs vegar um land til að fá þá hjálp til að bjarga við aðalatvinnuvegi sínum, sem sjóðurinn átti að veita. Á slíka afgreiðslu frv. getur minni hluti sjútvn. með engu móti fallizt og telur, að betra væri frá sjónarmiði lánbeiðenda að fella frv. en samþykkja það eftir þvílíka meðferð. Jafnframt vill minni hl. benda á, að ákvæði frv., eins og háttv. efri deild gekk frá því, fá með engu móti staðizt. Ef frv. væri samþykkt eins og það er nú, væri niðurstaðan sú, að hámark einstakra lánveitinga væri hækkað, en lánsfé í heild jafnframt minnkað. Er auðsætt, að ekki er heil brú í slíkri afgreiðslu.

Þau 29 fyrirtæki (hraðfrystihús, fiskimjölsverksmiðjur o. fl.), sem samkvæmt loforði eiga að fá útborguð lán úr fiskimálasjóði á árunum 1950—52, skiptast þannig eftir landshlutum:

Við Faxaflóa	3
— Breiðafjörð	4
Á Vestfjörðum	12
- Norðurlandi	4
- Austfjörðum	5
- Suðurlandi	1

Til þessara fyrirtækja hefur, eins og fyrr var sagt, verið lofað nokkuð á fjórðu milljón króna, en gera má ráð fyrir, að sú upphæð gæti hækkað um helming eða vel það, ef hámark láns væri fært úr 150 þús. kr. upp í 350 þús. kr., eins og frv. enn gerir ráð fyrir. Auk þessa eru svo þau fyrirtæki, sem sótt hafa, en engin loforð fengið fyrir láni úr sjóðnum. En meðal þeirra eru tvær verkunarstöðvar fyrir saltfisk.

Minni hlutinn viðurkennir fyllilega nauðsyn þess að halda uppi ýmiss konar rannsóknum og tilraunum í þágu sjávarútvegsins, svo sem síldarleit og leit að fiskimiðum, veiðarfæratilraunum o. s. frv. Hitt virðist þó engu síður nauðsynlegt, að tæki séu í verstöðvunum til að hagnýta sem bezt þann sjávarafla, sem á land berst, og hefur lánastarfsemi sjóðsins miðað að því, að svo mætti verða. Eðlilegt virðist að leggja það, eins og gert hefur verið, á vald stjórnar fiskimálasjóðs, sem kjörin er af Alþingi, og ríkisstjórnarinnar að gera sér grein fyrir því á hverjum tíma, hversu skipta beri fé sjóðsins milli styrkveitingastarfsemi til rannsókna og tilrauna annars vegar og lánastarfsemi hins vegar. Þykir ekki ástæða til að binda hendur þessara aðila á þann hátt, sem brtt. sú, er samþykkt var í háttv. efri deild, gerir ráð fyrir.

Að þessu athuguðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt, að því tilskildu, að jafnframt verði samþykkt svo hljóðandi

BREYTINGARTILLAGA:

Við 2. gr. Síðari málsl. falli niður.

Alþingi, 26. marz 1950.

Gísli Guðmundsson.

Ed. 495. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur haldið fundi um málið og athugað það. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér rétt til að bera fram breytingartillögur. Haraldur Guðmundsson tjáði sig andvígan frumvarpinu.

Alþingi, 28. marz 1950.

Sig. Vilhjálmsson, form., frsm.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

F. R. Valdimarsson.

Nd. 496. Frumvarp til laga [58. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Jens Nikolaj Kaj, verkamaður í Reykjavík, fæddur 3. febrúar 1906 í Danmörku.
2. Arnegård, Ola Olsen, verkamaður á Sauðárkróki, fæddur 5. júní 1910 í Noregi.
3. Blumenstein, Kurt Karl Andreas, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 28. janúar 1908 í Þýzkalandi.
4. Breiðfjörð, Kenneth, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. janúar 1921 í Englandi.
5. Breiðfjörð, William, verkamaður í Reykjavík, fæddur 6. desember 1919, í Englandi.
6. Eliasen, Bjarne Julius Edvin, járnsmiður á Siglufirði, fæddur 7. júlí 1915 í Danmörku.
7. Hinz, Elisabeth Dorothe Martha Augusthe, bókari í Reykjavík, fædd 28. desember 1901 í Þýzkalandi.
8. Hirst, Karl Heinrich Max Moritz, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 31. júlí 1907 í Þýzkalandi.
9. Holbæk, Sigrid Johanne Emilie Adelheid, frú í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
10. Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth, frú á Akureyri, fædd 27. desember 1911 í Þýzkalandi.
11. Keil, Max Robert Heinrich, verzlunarmaður í Kópavogshreppi, fæddur 14. janúar 1908 í Þýzkalandi.
12. Mörk, Karen Kristjana, ekkja á Patreksfirði, fædd 28. júlí 1909 á Íslandi.
13. Olsson, Bengt Erik, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 9. september 1917 í Svíþjóð.
14. Rosenthal, Harry, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 15. júlí 1895 í Þýzkalandi.
15. Teitson, Lilian, bókari í Reykjavík fædd 3. október 1908 á Íslandi.
16. Thorarensen, Rudolf Sperlich, nemandi í Reykjavík, fæddur 4. desember 1937 í Þýzkalandi.
17. Thorlacius, Jón, prentari í Reykjavík, fæddur 1. júlí 1914 á Íslandi.
18. Wagle, Arne Marselius, nemandi í Reykjavík, fæddur 7. marz 1930 í Noregi.
19. Wagle, Henrik Schumann, vélamaður í Reykjavík, fæddur 10. júní 1894 í Noregi.
20. Wagle, Ida Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 8. apríl 1925 í Noregi.
21. Weg, Otto Arnold, kennari í Reykjavík, fæddur 8. janúar 1893 í Þýzkalandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 497. Breytingartillaga [37. mál]

við frv. til l. um sveitarstjóra.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Upphaf 1. gr. frv. orðist þannig:
Heimilt er hreppsnefnd í hreppi, þar sem eru 400 íbúar eða fleiri, að fela ....
Til vara:
Heimilt er hreppsnefnd í hreppi, þar sem eru 300 íbúar eða fleiri, að fela ....

Ed. 498. Breytingartillögur [37. mál]

við frv. til l. um sveitarstjóra.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 4. gr.

a) Í stað orðanna „Sveitarstjóri fer með störf þau“ í upphafi greinarinnar komi: Sveitarstjóra má fela störf þau.

b) Í stað orðanna „og hefur á hendi framkvæmd málefna“ í 1. málsl. komi: og hefur hann þá á hendi framkvæmd þeirra málefna.

Nd. 499. Frumvarp til laga [37. mál]

um sveitarstjóra.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. gr.

Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra til umsóknar og taka við umsóknum um það.

Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd. Í ráðningarsamningi skal kveðið á um launakjör, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað, sem varðar skipti hreppsnefndar og sveitarstjóra. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Sveitarstjóra má fela störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur hann þá á hendi framkvæmd þeirra málefna hreppsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

5. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans, að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **500. Frumvarp til laga** [135. mál]

um dánarvottorð og dánarskýrslur.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Dánarvottorð samkvæmt ákvæðum laga þessara skal rita fyrir hvern mann, er deyr hér á landi, sbr. þó ákvæði 11. greinar. Nú deyr maður erlendis, en útför hans er gerð hér á landi, og skal þá engu síður rita fyrir hann dánarvottorð samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Landlæknir semur leiðbeiningar um ritun dánarvottorða, er ráðherra staðfestir.

Dánarvottorð ritar löggiltur læknir á eyðublað, er landlæknir gerir úr garði og lætur í té.

2. gr.

Þá er maður deyr í kaupstað eða kauptúni, þar sem læknir situr, eða í næsta nágrenni læknis, þó að utan kaupstaðar sé eða kauptúns, og læknir hefur stundað hinn látna í banalegunni, skoðar sá hinn sami læknir líkið og ritar að því búnu dánarvottorð.

Nú er ekki auðið að ná til læknis þess, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, og skal þá innan sólarhrings sækja lækni til að skoða lítið og rita dánarvottorð.

3. gr.

Þá er maður deyr utan kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr, eða utan næsta nágrennis læknis (sbr. 2. gr.), og læknir hefur stundað hinn látna í banalegunni, ritar sá hinn sami læknir dánarvottorð.

Nú er ekki auðið að ná til læknis þess, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, og skal þá, svo fljótt sem við verður komið, tilkynna hlutaðeigandi héraðslækni mannslátið og skýra honum nákvæmlega frá tildrögum þess. Ritar héraðslæknir síðan dánarvottorð samkvæmt þeim upplýsingum.

4. gr.

Þá er maður deyr erlendis eða á höfum úti eða í lofti og líkið er flutt hingað til lands til að gera hér útför hans, fer um ritun dánarvottorðs hins látna eins og hann hefði andazt á þeim stað, þar sem líkið er flutt á land.

5. gr.

Ekki má gera útför manns, hvort sem er jarðarför eða bálför, nema fyrir hendi sé dánarvottorð hans samkvæmt ákvæðum 2.—4. greinar.

Prestur (sem í lögum þessum táknar jafnframt hvern annan löggiltan forstöðumann löggilts safnaðar) veitir viðtöku og annast skil á dánarvottorðum þeirra, er hann syngur yfir, þegar útför þeirra er gerð.

Nú er ekki presti ætlað að aðstoða við útför manns, og skal þá engu síður afhenda dánarvottorð hans presti hans, ef hinn látni hefur talizt til safnaðar á þeim stað, þar sem útförin er gerð, en ella hlutaðeigandi sóknarpresti. Slík útför er óheimil, nema fyrir hendi sé vottorð hlutaðeigandi prests til staðfestingar því, að í vörzlum hans sé dánarvottorð hins látna. Sama gildir, þegar lík er flutt úr landi.

Þá er sérstök vandkvæði eru á því vegna fjarlægðar eða samgönguerfiðleika, að hlutaðeigandi presti geti í tæka tíð, áður en útför er gerð, borizt dánarvottorð, er um ræðir í 3. gr., má í þess stað koma tilkynning (símleiðis eða á annan hátt) frá hlutaðeigandi héraðslækni um, að hann hafi ritað og í sínum vörzlum dánarvottorð hins látna.

6. gr.

Enginn má taka lík til flutnings úr einu prestakalli í annað til útfarar, nema líkinu fylgi dánarvottorð samkvæmt lögum þessum, og skal hefta vottorðið við fylgibréfið, þegar um fylgibréf er að ræða. Sá, er annast líkflutninginn, ber ábyrgð á því, að dánarvottorðinu sé skilað með líkinu (fylgibréfinu).

Um flutning líks úr landi sbr. 3. málsgrein 5. greinar.

7. gr.

Prestur tölusetur og áritar dánarvottorð, er honum berast, og lætur þeirra getið við nöfn hinna látnu í dánarskrá ministerialbókar (safnaðarbókar) sinnar.

Að hverju ári liðnu og ekki síðar en fyrir janúarlok næsta ár les prestur í sundur dánarvottorð þau, er honum hafa borizt á hinu liðna ári, og sendir hvert eitt til héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis) í því héraði, þar sem hinn látni, er vottorðið fjallar um, andaðist. Tilkynningu um dánarvottorð í vörzlum héraðslæknis samkvæmt ákvæðum niðurlagsmálsgreinar 5. greinar skal í þessu sambandi fara með sem dánarvottorð.

Dánarvottorð þeirra, sem látizt kunna að hafa erlendis, skal senda héraðslækni í því héraði, þar sem hinn látni átti síðast heimili.

8. gr.

Prestur semur fyrir hvert liðið ár skýrslu um fólksfjölda, barnkomu og manndauða í prestakalli sínu (söfnuði) á eyðublað, er landlæknir gerir úr garði og héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) láta prestum í té. Nú telst prestakall (söfnuður) til fleiri læknishéraða en eins, og semur þá prestur sérstaka skýrslu fyrir hvern hluta prestakalls (safnaðar). Skýrslu þessa eða skýrslur sendir prestur hlutaðeigandi héraðslækni eða héraðslæknum, jafnframt því sem hann stendur skil á dánarvottorðum samkvæmt ákvæðum 7. greinar.

9. gr.

Héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir) semur fyrir hvert liðið ár skýrslu um fólksfjölda, barnkomu og manndauða í héraði sínu á eyðublað, er landlæknir gerir úr garði og lætur í té. Skýrslu þessa sendir héraðslæknir landlækni ekki síðar en fyrir lok marzmánaðar ár hvert og lætur fylgja skýrslunni allar skýrslur presta samkvæmt 8. gr. ásamt tilheyrandi dánarvottorðum.

10. gr.

Landlæknir stendur hagstofunni skil á skýrslum þeim ásamt dánarvottorðum, er honum heimtast samkvæmt ákvæðum 9. greinar. Hagstofan semur upp úr skýrslum þessum og öðrum gögnum (sbr. 11. gr.) dánarskýrslur fyrir allt landið. Dánarskýrslum og útgáfu þeirra hagar hagstofan í samræmi við alþjóðareglur, er Ísland hefur gerzt aðili að.

11. gr.

Í mannskaðaskýrslur samkvæmt ákvæðum laga nr. 42 10. nóvember 1913 sækir hagstofan m. a. vitneskju um mannskaða, er verða, án þess að lík finnist, og fyrirmæli um dánarvottorð samkvæmt lögum þessum taka ekki til.

Fyrir andvana fædd börn eru ekki rituð dánarvottorð, en telja skal þau fram í skýrslum presta samkvæmt 8. gr. Í skýrslu sinni samkvæmt 9. gr. gerir héraðslæknir sem fyllsta grein fyrir tildrögum andvanafæðinga og styðst í því efni við skýrslur ljósmæðra.

12. gr.

Í viðurkenndum sjúkrahúsum er heimilt að fela sérfræðingi að rannsaka lík látinna sjúklinga í því skyni að leiða ýtarlega í ljós banamein þeirra, sbr. einnig ákvæði 6. gr. laga nr. 66 19. júní 1933, varðandi rannsókn banameina í sambandi

við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana. Þá er slík rannsókn fer fram, skal ekki rita dánarvottorð fyrr en niðurstöður hennar eru kunnar.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, allt að 1000 krónum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

14. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1951, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 30 11. júlí 1911, um dánarskýrslur, svo og lög nr. 24 31. maí 1927, um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði, og lög nr. 54 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum.

Greinargerð.

Nefndin flytur þetta frv. að beiðni heilbrigðismálaráðuneytisins. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess og um breytingartillögur við það.

Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

Tímabært þykir að endurskoða lög um dánarskýrslur, nr. 30 11. júlí 1911, sem verið hafa óbreytt í gildi um nærri fjörutíu ára skeið og gegnt miklu hlutverki. Er að því stefnt að gera löggjöf þessa mun ýtarlegri en áður til tryggingar því, samkvæmt fenginni reynslu, að sem beztar heimtur geti orðið á dánarvottorðum, sem eru grundvöllur allrar dánarskýrslugerðar, enda nú til þess ætlazt, að lögfest verði að krefjast dánarvottorða eða hliðstæðra skilríkja (sbr. 11. gr.) fyrir alla þá, er deyja hér á landi. Er þetta hin eina efnisbreyting, sem farið er fram á að gera á núverandi löggjöf um þetta efni og framkvæmd hennar, að heitið geti, að skipti verulegu máli.

Að öðru leyti telst frumvarpið ekki þurfa skýringa, en áherzla er lögð á, að það nái samþykki Alþingis þess, er nú situr, með því að í gildi hafa gengið nýjar alþjóðareglur um dánarskýrslur, sem Ísland hefur gerzt aðili að, og ber að haga íslenzkum dánarskýrslum samkvæmt þeim reglum frá og með 1. janúar næst komandi.

Höfundur frumvarpsins hefur haft samráð um efni þess við hagstofustjóra og prófessorinn í heilbrigðisfræði við háskólann, en þeir eru ásamt landlækni skipaðir til þess af hlutaðeigandi ráðuneyti að undirbúa skrásetningu banameina hér á landi samkvæmt hinum nýju alþjóðareglum.

Síðan hefur frumvarpið verið borið undir stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur, sem tjá sig því fylgjandi. Aðeins var vakin athygli á því, að í frumvarpinu, eins og það var lagt fyrir stjórnir félaganna, var ekki vikið að rannsóknum líka af hendi sérfræðinga. Að athuguðu máli þótti mega búa við það, sem heimilað er í þessu efni samkvæmt gildandi lögum, en eftir atvikum réttara að fella tvenn sérstök lög þar að lútandi úr gildi og taka efni þeirra og tilheyrandi reglugerða upp í frumvarpið, svo sem gert hefur verið (12. gr.).

Nd. 501. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um lánstíma og lánskjör lána þeirra, sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsum, og um lækkun húsaleigu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar telur, að almennu samningsfrelsi manna verði ekki með réttu kollvarpað með almennum lögum, svo sem frv. þetta gerir ráð fyrir, þar sem það bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Mjög handahófslegt misrétti

mundi af þessu frv. leiða, ef það ætti að koma til framkvæmda. Sá aðili, sem hefði t. d. lánað fé sitt til byggingar íbúðarhúsa og tryggt það með veði í þeim, yrði eftir frv. miklu verr settur en ef hann hefði lánað fé sitt til ýmissa annarra óþarfari framkvæmda. Óteljandi tilvik þessu lík mætti nefna.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði felllt.

Alþingi, 27. marz 1950.

Jónas G. Rafnar, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.
	Stefán Jóh. Stefánsson.	

Nd. 502. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin í máli þessu, og leggur minni hl. (JörB og ÁkJ) til, að það verði samþ., og leggur áherzlu á, að hafa beri fyllstu aðgæzlu á því að verja ekki um of fé ríkissjóðs í utanríkisþjónustuna. Undirritaðir — meiri hl. nefndarinnar — eru sammála því, að nauðsyn beri til að gæta allrar varúðar um kostnað vegna sendisveita erlendis. Hins vegar teljum við enn ekki tímabært að ákveða með lögum tölu sendiherra og sendifulltrúa erlendis og enda ekki víst, hvern sparnað það hefði í för með sér, þar sem t. d. flm. frv. gera ráð fyrir í greinargerð, að sendiráðum fækki ekki frá því, sem nú er. Í trausti þess, að gætt verði í þessum efnum fyllstu hagsýni, leggjum við til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 27. marz 1950.

Jónas G. Rafnar, form.	Jóhann Hafstein, frsm.	Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 503. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frv.

Alþingi, 25. marz 1950.

Jónas G. Rafnar, form., frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.
Stefán Jóh. Stefánsson.	Lúðvík Jósefsson.	

Sþ. 504. Þingsályktun [86. mál]

um rannsókn á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna.

(Afgreidd frá Sþ. 29. marz).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ýtarlega athugun á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna. Að lokinni þeirri athugun skal ríkisstjórnin gera tillögur um breytingar á gildandi lögum, ef nauðsynlegt kann að reynast, til að tryggja konum jafnrétti við karla, og um ný lagaákvæði, er rétt þykir að setja til að tryggja konum sömu aðstöðu og karlmönnum til að sjá fyrir sér og sínum og njóta hæfileika sinna í starfi.

Ríkisstjórnin leggi álit og tillögur um þetta efni fyrir Alþing svo fljótt sem unnt er.

Sþ. 505. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1946.

Frá fjárveitinganefnd.

Frv. þetta til fjáraukalaga fyrir árið 1946 er lagt fyrir Alþingi að fullum þrem árum liðnum frá því, að þær fjárgreiðslur úr ríkissjóði fóru fram án fjárlagaheimilda, sem nú er leitað samþykkis á. Verður nefndin að telja slíkan drátt algerlega óviðunandi, og munu hvergi tíðkast svo síðbúin reikningsskil nema hjá því opinbera. Mætti ætla, að frv. til fjáraukalaga geti legið fyrir rúmu ári eftir að fjárlagaárið er liðið, og væri Alþingi þá auðveldara en nú er að veita eðlilegt aðhald um meðferð ríkisfjárins. Að hér sé ekki um hégómamál að ræða, sést bezt, ef athugað er, hversu greiðslur utan fjárlaga hafa sífellt farið vaxandi um mörg undanfarin ár, sem svo er seint og síðar meir leitað heimilda fyrir hjá Alþingi.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og borið það saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1946. Á einum stað í sérprentun ríkisreikningsins (á bls. 46) hefur fundizt prentvilla, þar sem áætlun samkv. 13. gr. B. 2 í fjárlögum er talin kr. 853000.00 í stað kr. 853150.00. Nefndin sér ekki ástæðu til að flytja brtt. varðandi þetta atriði og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 29. marz 1950.

Gísli Jónsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Helgi Jónasson.	Pétur Ottesen.
Ingólfur Jónsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Jónas G. Rafnar.

Nd. 506. Frumvarp til laga [136. mál]

um framlengingu á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1950, skal gilda til 1. maí 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem augljóst er, að fjárlög fyrir árið 1950 verða ekki sett fyrir næstu mánaðamót, en heimildin um bráðabirgðafjárgreiðslur gildir ekki lengur, verður ekki hjá því komizt að óska eftir framlengingu heimildarinnar.

Nd. 507. Frumvarp til laga [137. mál]

um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. desember 1950, að breyttri 30. grein laganna, sem orðast svo:

Viðbótargjöld fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfi skal greiða:

a. af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 25% af leyfisfjárhæð;
b. af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum 35% af leyfisfjárhæð. Leyfisgjaldið miðast við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingariðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin.

Gjöld þessi skal fjárhagsráð innheimta við afhendingu leyfanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1950.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir ósk fjármálaráðherra og hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði um einstök atriði og frv. í heild sinni.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að framlengd verði ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948, með þeirri breytingu, að ýmist eru lækkuð eða felld niður aukaleyfisgjöld þau, sem ákveðin voru með 30. gr. laganna.

Ed. 508. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin í máli þessu, og leggur minni hl., Lárus Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson, til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Hins vegar leggur meiri hl. til, þeir Karl Kristjánsson, Brynjólfur Bjarnason og Hannibal Valdimarsson, til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Aftan við 12. gr. laganna komi svo hljóðandi viðbót:

Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heim-

ilissveit hans en í atvinnusveit, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hafði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit.

Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkv. úrskurði yfirskattanefndar, og standa atvinnusveit skil á honum.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar bæjarstjórn Reykjavíkur, Sambandi ísl. sveitarfélaga, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps og hreppsnefnd Kópavogshrepps.

Svör þau, er nefndinni bárust, eru prentuð sem fylgiskjöl.

Alþingi, 30. marz 1950.

Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson. Brynjólfur Bjarnason.

Fylgiskjal I.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. marz 1950.

Bæjarráð hefur á fundi sínum 24. febr. falið mér að senda háttv. nefnd meðfylgjandi umsögn um frv. til laga um breyting á útsvarslögunum, sem nú liggur fyrir Alþingi, þskj. 285.

Gunnar Thoroddsen.

Allsherjarnefnd efri deildar, Alþingi.

Umsögn um frv. til laga um breyting á l. nr. 66/1945, um útsvör.

Það er mjög rétt, að heimilissveit gjaldþegns hefur margháttuð útgjöld af honum (og fjölskyldu hans), sem atvinnusveit er laus við, og því ber að tryggja rétt heimilissveitar til útsvarsheimtu umfram það, er nú gildir samkv. skiptireglum 9. gr. útsvarslaganna. Auk þess beina kostnaðar vegna almannatrygginganna, sem flm. frv. telur í greinargerð, má benda á, að með vaxandi íbúatölu vaxa yfirleitt öll útgjöld bæjar- og sveitarsjóða, hverju nafni sem nefnast (löggæzla, eldvarnir, fræðslumál, heilbrigðismál, framfærslumál og ýmiss konar styrktarstarfsemi, umferðarmál, að ógleymdum nauðsynlegum ráðstöfunum vegna húsnæðisvandræða, þar sem svo hagar til). Það sýnist því eðlilegt að tryggja sem bezt rétt heimilissveitar til skattheimtu.

En þá er ekki nóg að afnema skiptirétt atvinnusveitar samkv. 2. og 3. tölulið 9. gr. útsvarslaganna, eða draga úr þeim rétti, sem einnig hefur komið til mála, þó að flm. þessa frv. taki skrefið til fulls. Það þarf einnig að tryggja heimilissveit vissan lágmarkshluta útsvars, þegar svo stendur á sem segir í 1. og 4. tölulið greinarinnar.

Frá sjónarmiði kaupstaða sýnist þó einkum varhugavert að afnema skiptireglurnar með öllu vegna hættunnar, sem á því er, að á næsta leiti myndist byggðarlög gjaldþegna, sem að vísu ynnu öll sín störf í kaupstaðnum og hefðu þar allar tekjur sínar, en teldu sér hagkvæmara vegna skattþungans að búa utanbæjar. Það eru einkum sæmilega settir menn, „góðir" gjaldendur, sem hefðu aðstöðu til slíkra ráðstafana, og eftir því sem þeir kæmu fleiri saman í nágrannahreppi atvinnukaupstaðarins, gæti útsvarsþunginn í hreppnum minnkað. Þessi er reynslan víða um heim, og er kunnugt, að víða hefur löggjafarvaldið orðið að gera sérstakar ráðstafanir til leiðréttingar á augljósu misrétti, sem orðið hefur af þessum sökum, í Danmörku

t. d. með jöfnun á sköttum á milli sveitar-(bæjar-)félaganna. Hér á landi er slík hætta yfirvofandi, bæði hér í Reykjavík að óbreyttum mörkum lögsagnarumdæmisins og einnig að því er tekur til annarra kaupstaða, og jafnvel líka þar, sem um tiltölulega fjölmenna hreppa er að ræða á móts við landrýmið.

Flm. frv. segir, að reglur um skiptingu á útsvörum milli heimilissveitar og atvinnusveitar muni hafa verið settar vegna Reykjavíkur, vegna hins mikla munar, sem hafi verið orðinn á útsvarsstiga Reykjavíkur og nágrannasveita hennar, en sá munur sé nú að mestu horfinn. Hvort tveggja mun vera vafasamt, svo að ekki sé meira sagt.

Skiptireglurnar voru settar til þess, að þær kæmu í stað sérstaks og sjálfstæðs álagningarréttar, sem atvinnusveitir höfðu smám saman fengið á þá, sem stunduðu atvinnu utan heimilissveitar, með svipuðum hætti og 2.—3. töluliður 9. greinar taka til. Voru þá komin í gildi ákvæði um álagningarrétt atvinnusveita, sem að vissu leyti voru ekki ósvipuð ákvæðum í frv. til laga um útsvör, sem var lagt fyrir Alþingi 1947 og 1948, en var ekki afgreitt.

Útsvarsstiginn í hreppunum í nágrenni Reykjavíkur er e. t. v. svipaður útsvarsstiganum hér. Þetta tekur þó aðeins til Seltjarnarnes- og Kópavogshreppa. Í öðrum nágrannahreppum Reykjavíkur, Mosfells-, Garða-, Bessastaða-, o. s. frv., mun útsvarsstiginn yfirleitt vera lægri. En þetta er ekki nema hálfsögð saga. Útsvarsstiginn í Seltjarnarnes- og Kópavogshreppum er jafnhár Reykjavíkurstiganum vegna skiptireglnanna.

Vegna þess, hversu tiltölulega margir íbúar þessara hreppa stunda atvinnu í Reykjavík, og Reykjavík á því skiptikröfu sem atvinnusveit samkv. gildandi lögum, verða þessir hreppar að hafa útsvarsstigann með hliðsjón af greiðslum skiptikrafnanna til Reykjavíkur.

Verði frv. samþykkt, réttur atvinnusveitar til útsvarsskiptingar afnuminn, skapast vafalaust skilyrði í báðum þessum hreppum til verulegrar útsvarslækkunar, og þá jafnframt skilyrði fyrir „góða“ gjaldendur í Reykjavík til að flytjast búferlum, shr. það, er áður var sagt.

Það er fjarstæða, að nokkurt sveitarfélag hafi „goldið afhroð“ af ákvæðum 2.—3. töluliða 9. greinar útsvarslaganna vegna nágrennis við Reykjavík, enda eru engin rök færð fyrir þeirri fullyrðingu flm. frv., og er þó svo að skilja, að margir nágrennahreppanna hafi goldið „afhroð“. Eini hreppurinn í nágrenni Reykjavíkur, sem hugsazt getur, að „gjaldi afhroð“ vegna skiptireglnanna í 2. og 3. tölulið, er Kópavogshreppur. Þessum „hreppi“ var skipt úr Seltjarnarneshreppi fyrir 2—3 árum síðan, skipt úr einum bezt stæða hreppi landsins.

Það er ekki vafamál, að sameinaðir Seltjarnarnes- og Kópavogshreppar gátu prýðilega staðizt skiptireglurnar í 9. gr. útsvarslaganna.

Ef svo er, að Kópavogshreppur sem sjálfstætt hreppsfélag fái ekki staðið undir sveitargjöldum með þeim útsvarsstiga, sem þar er, þá má benda á, að mjög víða á landinu eru hærri útsvarsstigar en í Reykjavík, og svo hitt, að hverju hrepps- (og bæjar-) félagi ber að réttu lagi að haga framkvæmdum eftir því, sem efni standa til.

Af framanrituðu má sjá, að bæjarráð Reykjavíkur hefur ekki á móti því, þrátt fyrir rökstuðning flm. þessa frv., að réttur atvinnusveitar til útsvarsskiptingar verði numinn úr lögum, en bendir jafnframt á hættuna, sem af því getur stafað, einkum fyrir fjölbyggð sveitarfélög.

Bæjarráðið mundi fyrir sitt leyti telja frv. aðgengilegra, ef jafnframt yrði sett löggjöf um sameiningu Seltjarnarneshrepps við Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 17. febr. 1950.

Umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Með bréfi, dags. 10 þ. m., hefur háttvirt allsherjarnefnd efri deildar Alþingis sent stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1945, um útsvör (þskj. 285), flutningsmaður Guðmundur Í. Guðmundsson alþm., og farið fram á, að stjórnin láti í té umsögn sína um nefnt frumvarp.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga vill af þessu tilefni taka fram eftirfarandi:

Samband ísl. sveitarfélaga hefur hvað eftir annað á undanförnum árum gert samþykktir um endurskoðun útsvarslaganna, og til þess að greiða þeirri endurskoðun veg lét stjórn sambandsins gera ýmsar athuganir og safna skýrslum frá oddvitum og bæjarstjórnum um, hverra breytinga helzt væri óskað á gildandi útsvarslögum. Að því undirbúningsverki loknu ritaði stjórnin félagsmálaráðuneytinu um málið, 1946, og fór fram á, að milliþinganefnd yrði sett til að semja frumvarp að nýjum útsvarslögum. Varð ráðherra við þessum tilmælum, og var frumvarp, er nefnd þessi hafði samið, lagt fyrir Alþingi 1947.

Eftir að frumvarp ríkisstjórnarinnar hafði verið lagt fyrir Alþingi, var leitað umsagnar sambandsstjórnarinnar um það, og kvaddi þá stjórnin saman fulltrúaráð sambandsins til að fjalla um frumvarpið.

Fulltrúaráð og stjórn sambandsins voru sammála um að mæla með samþykkt hins endurskoðaða frumvarps, en lagði til, að á því yrðu gerðar nokkrar breytingar, þar á meðal sú, að skipting útsvara yrði niður felld. Umsögn fulltrúaráðsins er prentuð með frumvarpi til laga um útsvör, sem lagt var fyrir 68. samkomu Alþingis, þskj. 19/1948, og vill stjórnin enn vísa til þess álits.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur margoft látið í ljós ósk um endurskoðun útsvarslaganna og telur, að með þeim breytingum, sem fulltrúaráðið lagði til, að gerðar yrðu á frumvarpi ríkisstjórnarinnar frá 1947, væri í verulegum atriðum orðið við þeim rökstuddu óskum, sem komið hafa fram um breytingar á útsvarslögunum.

Stjórnin er því þeirrar skoðunar, að réttast sé, að borið verði fram á ný frumvarp ríkisstjórnarinnar frá 1947 með þeim breytingum, sem fulltrúaráðið lagði til, að á því yrðu gerðar, og það afgreitt frá Alþingi nú í vor.

Stjórnin er fús til þess að færa í ákveðið tillöguform breytingar þær, sem bent er á í greinargerð fulltrúaráðsins, ef það mætti verða til þess að flýta eða greiða fyrir málinu.

Stjórnin telur, að það verði að skoðast vafasamur vinningur við útsvarslöggjöfina í heild að samþykkja frv. á þskj. 285, því samþykkt þess mundi tefja fyrir ýmsum öðrum breytingum á lögunum, sem nauðsynlegt er að gera.

F. h. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Eiríkur Pálsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

ODDVITI SELTJARNARNESHREPPS

Lundi, 16. febrúar 1950.

Umsögn hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps.

Vegna bréfs yðar, dags. 10. febr. 1950, varðandi breytingar á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, vil ég taka fram:

„Hreppsnefndin hefur kynnt sér frumvarpið og mælir mjög eindregið með, að það verði samþykkt sem lög, eins fljótt og unnt er.“

Virðingarfyllst,

Erl. Einarsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

ODDVITI KÓPAVOGSHREPPS

Marbakka, 1. marz 1950.

Svar oddvita Kópavogshrepps ásamt fylgiskjölum.

Með bréfi, dags. 10. f. m., sendi allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hreppsnefnd Kópavogshrepps til umsagnar frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör. Bréf allsherjarnefndar virðist hafa orðið fyrir meira en venjulegum töfum í pósti, því að það barst hingað 25. f. m.

Ég vil þó ekki láta hjá líða að svara því, þótt seint sé, þar sem umrætt frv. snertir mjög hagsmuni Kópavogshrepps.

Ég tel, að afstaða hreppsnefndar Kópavogshrepps til þessara mála verði bezt skýrð með þeim gögnum, er ég leyfi mér að láta fylgja hér með, en þau sýna afskipti hreppsnefnda Seltjarnarneshrepps hins forna og núverandi Kópavogshrepps af þessum málum á undanförnum árum.

Árið 1947 sendi þáverandi oddviti Seltjarnarneshrepps hins forna, er náði yfir núverandi Seltjarnarneshrepp og Kópavogshrepp, alþingismönnunum Ólafi Thors og Guðmundi Í. Guðmundssyni greinargerð um, hvernig núgildandi ákvæði útsvarslaganna um útsvarsskiptingar bitnuðu á hreppnum.

Árið 1948 samþykkti hreppsnefnd hins nýstofnaða Kópavogshrepps áskorun til Alþingis um að samþykkja frv. það til útsvarslaga, sem þá lá fyrir þinginu, með þeim breytingum á ákvæðum um skiptingu útsvara, sem fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga hafði lagt til, að á því væru gerðar.

Árin 1948 og 1949 lá útsvarslagafrv. fyrir Alþingi, eins og hv. allsherjarnefnd efri deildar er bezt kunnugt um, og treystu hreppsnefndir Seltjarnarneshrepps og Kópavogshrepps þá á hv. flm. þess frv., er hér ræðir um, að hann beitti áhrifum sínum til þess að koma því áleiðis, með því að hann hafði manna bezta aðstöðu til þess, en að öðrum kosti að freista þess að koma fram breytingu á gildandi útsvarslögum, svipaðri þeirri, er hann nú flytur. Þessi von brást þó með öllu árin 1948 og 1949.

Hinn 16. jan. s. l. samþykkti hreppsnefnd Kópavogshrepps áskorun til þingmanns kjördæmisins, hr. Ólafs Thors, er þá var félagsmálaráðherra, um að taka málið að sér og leggja fyrir Alþingi frv. það til útsvarslaga, sem lá fyrir þingunum 1948 og 1949, því að vitanlega er það hin æskilegasta afgreiðsla þessara mála, að ný, endurskoðuð útsvarslög verði sett. Svar félagsmálaráðuneytisins fylgir hér með í afriti.

Þar sem nú má telja vonlaust um, að slík heildarafgreiðsla útsvarslaganna sjálfra fáist fram á þessu þingi, mundi frv. það, sem hér ræðir um, verða til verulegra bóta á því ástandi, sem nú ríkir. En það ástand er þegar orðið með öllu óviðunandi fyrir Kópavogs- og Seltjarnarneshreppa, eins og ég vænti, að ljóst verði af þeim gögnum, er ég leyfi mér að láta fylgja hér með.

Rétt er að geta þess, að síðan árið 1947 hefur útsvarsstigi Seltjarnarnes- og Kópavogshreppa verið hinn sami og í Reykjavík og útilokað, að frá því verði horfið aftur. Skattflótti kemur því ekki til mála, en ekkert væri að sjálfsögðu á móti því,

að ákvæði yrðu sett í lög til tryggingar gegn slíku í þvílíkum tilfellum, ef núgildandi ákvæði útsvarslaganna um útsvarsskiptingar milli atvinnusveitar og heimilissveitar væru felld úr lögum, eins og flest sveitarfélög landsins munu nú vafalaust óska, sbr. samþykkt fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga 1947.

Víst er, að hreppsnefnd Kópavogshrepps óskar þess eindregið, eins og hv. flm. þessa frv. var fullvel kunnugt þegar árið 1947 og 1948, og mundi fagna því, ef leiðrétting fengist nú loks á því misrétti, er ákvæðin um útsvarsskiptingar hafa leitt af sér.

Virðingarfyllst,

F. R. Valdimarsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fskj. 1.

Afrit af bréfi oddvita Seltjarnarneshrepps hins forna.

Kópavogi, 22. marz 1947.

Með tilvísun til samtals um útsvarsmál Seltjarnarneshrepps vil ég leyfa mér að gefa upplýsingar um, hvernig núgildandi reglur um skiptingu útsvara milli heimilissveitar og atvinnusveitar hafa bitnað á hreppnum, og enn fremur mun ég færa nokkur rök að því, að hreppnum verður um megn að standa straum af nauðsynlegum og óhjákvæmilegum útgjöldum, ef núverandi ástand í útsvarsmálum á að haldast óbreytt. Tel ég því bráðra úrbóta þörf.

Árin 1945 og 1946 voru útsvarsskiptingar og útsvör þannig:

1945: Á 276 gjaldendur var jafnað niður ..... kr. 266085.00
Þar af greitt til annarra sveitarfél. vegna 124 gjaldenda ..... — 99688.00

Útsvör hreppsins kr. 166397.00

Auk útsvarshluta til annarra sveitarfélaga voru greidd viðbótarútsvör til þeirra, að upphæð kr. 34665.00, svo samtals voru greiddar til annarra sveitarfélaga kr. 134353.00 eða um kr. 500.00 að meðaltali af hverjum gjaldanda í hreppnum. Eru það rúmlega 50% af álögðum útsvörum. Aftur á móti voru útsvör til annarra sveitarfélaga rúmlega 80% af þeirri upphæð, sem hreppurinn heldur eftir af útsvörunum. Útsvör frá öðrum sveitarfélögum voru kr. 11789.00.

1946: Á 331 gjaldanda var jafnað niður ..... kr. 313580.00
Þar af greitt til annarra sveitarfélaga vegna 142 gjaldenda — 106568.00

Útsvör hreppsins kr. 206012.00

Viðbótarútsvör voru kr. 32408.00. Samtals voru greiddar til annarra sveitarfélaga kr. 138976.00, eða um kr. 420.00 að meðaltali af hverjum gjaldanda í hreppnum. Upphæðin er um 45% af álögðum útsvörum og rúmlega 67% af útsvarsupphæðinni, sem hreppurinn fær í sinn hlut. Útsvör frá öðrum sveitarfélögum voru kr. 16550.00. Hæstu útsvörin koma mest til skiptingar.

Hér er um svo stórkostlegan tekjumissi að ræða, að hreppurinn hefur ekki getað innt lögboðnar skyldur af hendi. Bygging barnaskólahúss hefur t. d. dregizt í mörg ár, og er nú svo komið, að skólahúsnæði vantar fyrir á annað hundrað börn.

Ýmsum sanngjörnum kröfum hreppsbúa hefur ekki verið hægt að sinna og verður ekki hægt að sinna, meðan hreppurinn verður að greiða bróðurpartinn af tekjum sínum til annarra sveitarfélaga.

Það er því almenn ósk og krafa íbúanna, að því ranglæti, sem útsvarsskiptingin er, verði aflétt.

Engin rök geta réttlætt kröfu atvinnusveitar til heimilissveitar um hlutdeild í útsvörunum, þar sem heimilissveit ber allan kostnað vegna íbúanna, en atvinnusveit engan.

Atvinnufyrirtæki sem starfrækt er með vinnuafli úr öðru sveitarfélagi greiðir að sjálfsögðu útsvar til heimilissveitar sinnar. Þannig fær það sveitarfélag auknar útsvarstekjur, sem er bein afleiðing af vinnu utansveitarmanna. Vinna utansveitarmanna er því til hagnaðar fyrir atvinnusveit.

Eina mótbáran, sem til greina getur komið gegn niðurfellingu útsvarsskiptingar, er skattflótti. En eins og nú er komið málum um lögboðnar kröfur á hendur sveitarfélaga um skólahald, tryggingar o. fl., o. fl. hlýtur útsvarsálagning að verða jafnari en áður.

Alveg er fullvíst, að ekki verður hjá því komizt, að útsvarsstigi Reykjavíkurbæjar verði lagður til grundvallar fyrir álagningu útsvara í Seltjarnarneshreppi á þessi ári og framvegis.

Til hreppsins eru gerðar sívaxandi kröfur um fjárframlög. Fyrst og fremst um lögboðnar greiðslur til skólabyggingar og framlag til almannatrygginga. Þá verður ekki hjá því komizt að hefja ýmsar verklegar framkvæmdir, lagningu vatnsveitu, holræsa, aukið vegaviðhald o. fl.

Framlag til almannatryggingannna hefur verið áætlað af Tryggingastofnun ríkisins kr. 75000.00. Vegna fólksfjölgunar í hreppnum á árinu 1946, úr rúmlega 1100 manns upp í rúmlega 1400 manns, má gera ráð fyrir, að upphæð þessi reynist kr. 100000.00.

Ákveðin er bygging barnaskóla, sem byrjað verður á í vor. Hluti hreppsins af byggingarkostnaði er áætlaður kr. 600000.00 til 700000.00.

Viðbygging við barnaskólann á Seltjarnarnesi hefur lengi verið í undirbúningi. Kostnaður hefur ekki verið áætlaður. Gera má ráð fyrir, að hann verði a. m. k. kr. 100000.00.

Í suðurhluta hreppsins, þar sem búsettir eru um 800 manns, búa flestir við algert vatnsleysi. Verður því óhjákvæmilegt að hefjast handa um lagningu vatnsveitu. Bráðabirgðaáætlun hefur verið gerð, kostnaður er áætlaður kr. 1400000.00.

Í þéttbýlustu hverfum hreppsins er óhjákvæmilegt að hefjast handa um holræsagerð. Af framanrituðu er augljóst, að hreppurinn getur ekki innt af hendi lögboðin og óhjákvæmileg útgjöld, að óbreyttum tekjuöflunarmöguleikum.

Um tvær leiðir er því að velja:

1. Að hreppnum verði með lögum tryggð óskipt útsvör allra heimilisfastra manna í hreppnum.

Eða:

2. Að hreppnum verði með lögum tryggðir tekjustofnar, sem bæti upp þann tekjumissi, sem af skiptingu útsvaranna leiðir.

Það eru því eindregin tilmæli mín, f. h. hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps, að þér, herra alþingismaður, beitið áhrifum yðar á Alþingi því, er nú situr, til þess, að útsvarslögunum verði breytt þannig, að skipting útsvaranna milli sveitarfélaga (atvinnusveitar og heimilissveitar) komi ekki til greina.

Virðingarfyllst,

Oddviti Seltjarnarneshrepps

Guðm. Gestsson.

Sent alþm. Guðmundi Í. Guðmundssyni, Hafnarf., og Ólafi Thors, Reykjavík.

Fskj. 2.

Á fundi hreppsnefndar Kópavogshrepps hinn 11. febr. 1948 var samþykkt einróma svo hljóðandi ályktun:

„Hreppsnefnd Kópavogshrepps ályktar að skora á Alþingi að samþykkja á þessu þingi frumvarp það til útsvarslaga, sem fyrir þinginu liggur, með þeim breytingum, sem fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lagt til, að á því yrðu gerðar, sérstaklega þeirri breytingu, að ákvæði frumvarpsins um heimild atvinnusveitar til útsvarsálagningar á einstaklinga, sem eiga heimili utan atvinnusveitar, falli niður, og verði gengið út frá, að heimilissveit ein leggi útsvar á og renni það allt til hennar."

Samkv. gerðabók hreppsnefndar Kópavogshrepps.

Fskj. 3.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Fulltrúaráðsfundur Sambands íslenzkra sveitarfélaga telur, að fyrirliggjandi frumvarp til laga um útsvör sé til bóta frá gildandi útsvarslögum, og mælir með því, að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr, og nái fram að ganga.

Fundurinn telur þó, að gera þurfi á frumvarpinu nokkrar breytingar, og vill meðal annars benda á þessar:

1. Ákvæði frumvarpsins um útsvar atvinnusveitar á viðleguskip, eða útgerðar, sem að nokkru leyti hafa rekstur sinn utan heimilissveitar, falli niður. Þannig: Niður falli 5. og 6. liður 5. gr. frumvarpsins og tilsvarandi ákvæði 6. gr.

2. Að ákvæði frumvarpsins um heimild atvinnusveitar til útsvarsálagningar á einstaklinga, sem eiga heimili utan atvinnusveitar, falli niður, og verði gengið út frá, að heimilissveit ein leggi útsvar á og renni það allt til hennar.

Til vara bendir fundurinn á, að hækkað verði tekjuhámark 7. liðs 5. gr. úr 4000 kr. í 6000 kr., og leggi þó heimilissveit útsvar á, en skipti fari fram á milli atvinnusveitar og heimilissveitar á svipaðan hátt og nú er, og þá horfið frá hugmyndinni um gjaldársútsvar til atvinnusveitar.

3. Fundurinn telur ákvæði 2. og 4. liðs 5. gr. mjög vafasöm og óljós.

4. 20. gr. sé breytt þannig, að tvímælalaust sé tryggður réttur sveitarstjórna til þess að reka mál sín fyrir ríkisskattanefnd. Skal tilkynna sveitarstjórn um kærur, er hana varðar, og henni gefinn kostur á að leggja fram gögn sín, svo að vel komi fram sjónarmið sveitarstjórna um álagningar.

Um nefndarálitið urðu talsverðar umræður,, og tóku til máls auk framsögumanns, Lúðvíks Jósefssonar, Guðmundur Guðlaugsson, Klemenz Jónsson, Þorleifur Jónsson, Jón Jónsson frá Hofi og form. Jónas Guðmundsson.

Því næst fór fram atkvæðagreiðsla um nefndarálitið. Var hver grein álitsins út af fyrir sig borin undir atkvæði og samþykktar án mótatkvæða, að undanteknu því, að skoðanakönnun fór fram um 1. lið 2. gr., og reyndust aðeins sex fulltrúar vera henni fylgjandi út af fyrir sig, en greinin í heild samþykkt samhljóða.

Rétta útskrift úr gerðabók fulltrúaráðs staðfestir

Félagsmálaráðuneytið, Reykjavík.

Jónas Guðmundsson.

Fskj. 4.

ODDVITI KÓPAVOGSHREPPS

Marbakka, 18. jan. 1950.

Á fundi hreppsnefndar Kópavogshrepps 16. þ. m. var eftirfarandi samþykkt einróma:

„Hreppsnefnd Kópavogshrepps samþykkir að skora á þingmann kjördæmisins og félagsmálaráðherra að leggja hið allra fyrsta fyrir Alþingi það, er nú situr, frumvarp til laga um útsvör, sem undirbúið hefur verið af milliþinganefnd á undanförnum árum og var lagt fyrir síðasta Alþingi af fyrrverandi ríkisstjórn.

Skorar hreppsnefndin á félagsmálaráðherra að beita sér fyrir því, að ákvæði um skiptingu útsvara, sem hafa bakað Seltjarnarneshreppi og Kópavogshreppi fjárhagstjón, sem nemur hundruðum þúsunda á ári hverju, verði með öllu numin úr hinum nýju útsvarslögum, enda verði þau afgreidd svo snemma, að þau komi til framkvæmda á þessu ári. Hreppsnefndin felur oddvita að gera nánari grein fyrir málinu."

Útsvarshlutar til annarra sveitarfélaga, sem Seltjarnarneshreppi hinum forna til ársins 1947 og Kópavogshreppi og Seltjarnarneshreppi árin 1948 og 1949 hefur verið gert að greiða, hafa verið sem hér segir:

Árið	1943	bar	Seltjarnarneshreppi (forna)	að	greiða	kr.	37563.00
—	1944	—	Seltjarnarneshreppi (forna)	—	—	—	74504.00
—	1945	—	Seltjarnarneshreppi (forna)	—	—	—	99688.00
—	1946	—	Seltjarnarneshreppi (forna)	—	—	—	106568.00
—	1947	—	Seltjarnarneshreppi (forna)	—	—	—	218514.00
—	1948	—	Kópavogshreppi	—	—	—	136802.00
—	1948	—	Seltjarnarneshreppi (nýja)	—	—	—	161538.00
—	1949	—	Kópavogshreppi	—	—	—	203652.00
—	1949	—	Seltjarnarneshreppi (nýja)	—	—	—	164324.00

Alls nemur þetta kr. 1203183.00 öll árin.

Útsvarshlutar þessir hafa öll þessi ár numið milli þriðjungs og helmings af álögðum útsvörum. Þarf ekki að lýsa því, hvílík blóðtaka slíkt er fyrir fátæk sveitarfélög og að við slíkt ástand verður ekki unað lengur.

Þegar efnt var til endurskoðunar útsvarslaganna með skipun milliþinganefndar haustið 1946, var það gert fyrst og fremst vegna almennrar óánægju sveitarfélaga með skiptingu útsvara. Fyrir Alþingi 1948 var lagt frumvarp til nýrra útsvarslaga, samið af þeirri nefnd. Fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti að leggja til, að sú breyting yrði gerð á frv., að „heimilissveit ein leggi útsvar á og renni það allt til hennar". Það er sú breyting laganna, sem hreppsnefnd Kópavogshrepps leggur áherzlu á, að gerð verði, og leyfir sér að skora á hæstv. félagsmálaráðherra að leggja frv. þannig breytt fyrir Alþingi það, er nú situr.

Virðingarfyllst,

Oddviti Kópavogshrepps

F. R. Valdimarsson.

Til forsætis- og félagsmálaráðherra hr. Ólafs Thors, Reykjavík.

Fskj. 5.

Afrit af bréfi félagsmálaráðuneytisins.

Reykjavík, 31. janúar 1950.

Ráðuneytið hefur tekið við bréfi yðar, hr. oddviti, dags. 18. þ. m., þar sem skýrt er frá samþykkt hreppsnefndar Kópavogshrepps um að skora á félagsmálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp til nýrra útsvarslaga.

Út af erindi yðar vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

Ráðuneytið átti frumkvæði að því, að útsvarslögin voru endurskoðuð 1946 og frumvarp til nýrra útsvarslaga lagt fyrir þing þau, er sátu árin 1948 og 1949 (67. og 68. löggjafarþing). Ráðuneytinu var í bæði skiptin tjáð, að ástæðan fyrir því, að frumvarpið komst ekki lengra en til nefndar, hafi verið sú, að nefndin, sem hafði frumvarpið til meðferðar á Alþingi, hafi talið rétt, að útsvarslög og skattalög yrðu afgreidd samtímis, en milliþinganefnd, sem starfað hafði að endurskoðun skattalöggjafarinnar var þá að ljúka störfum. Vegna þessarar afstöðu Alþingis taldi ráðuneytið þýðingarlaust að leggja frumvarpið fram á ný fyrr en vitað væri, hver háttur yrði á hafður um skattalagafrumvarpið, en enn þá mun óráðið, hvenær það verður lagt fyrir Alþingi.

Fái ráðuneytið vitneskju um, að Alþingi hafi breytt þeirri afstöðu sinni að krefjast þess, að útsvars- og skattalagafrumvörpin verði samferða gegnum þingið, er það reiðubúið að leggja útsvarslagafrumvarpið fram hvenær sem er, en telur hins vegar þýðingarlaust að leggja það fram nú hið þriðja sinn að öllu óbreyttu.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Til oddvita Kópavogshrepps, Kópavogi.

Sþ. 509. Nefndarálit [73. mál]

um till. til þál. um rekstur tunnuverksmiðju á Akureyri.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillögu þessa á nokkrum fundum. Enn fremur hefur nefndin fengið umsögn síldarútvegsnefndar um tillöguna. Þá ræddi og nefndin við formann síldarútvegsnefndar um málið. Loks hefur nefndinni borizt afrit af samningi þeim, sem gerður var, þegar stjórn tunnuverksmiðja ríkisins keypti verksmiðju þessa af Akureyrarbæ. Verður ekki af samningi þessum séð, að í honum felist nein skuldbinding viðkomandi rekstri tunnuverksmiðjunnar. Stjórn síldarútvegsnefndar telur, eins og nú er ástatt, mjög óhagkvæmt, hvað við kemur verði og gæðum á síldartunnum, að starfrækja tunnuverksmiðjuna á Akureyri. Kemst nefndin um þetta meðal annars svo að orði í umsögn sinni:

„Mjög lítið verður smíðað af tunnum í vetur og einungis á Siglufirði, þar sem tunnur þaðan eru betur smíðaðar og ódýrari og einnig og jafnvel sérstaklega vegna þess, að þar hafa tunnuverksmiðjur ríkisins nú aðstöðu, m. a. í sambandi við síldarverksmiðjur ríkisins, til þess að geyma í húsi allar tunnur, sem smíðaðar eru. Er þetta mjög þýðingarmikið atriði. Síldarútvegsnefnd, sem fer með stjórn tunnuverksmiðja ríkisins, verður að sjálfsögðu að framleiða tunnur þar, sem það telst hentugast, og hefur Siglufjörður svo margt fram yfir Akureyri í þessu efni, að ekki er forsvaranlegt, að neitt af þessum fáu tunnum, sem smíðaðar verða í vetur, verði framleitt annars staðar en á Siglufirði.

Akureyrarbæ hefur verið boðið að kaupa tunnuverksmiðjuna þar aftur á kostnaðarverði, og mun það boð standa enn þá."

Með skírskotun til þessa leggur meiri hluti fjárveitinganefndar til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Þar sem ganga verður að því vísu, að stjórn síldarútvegsnefndar, sem samkvæmt lögum nr. 41 1947, um breyting á lögum nr. 33 1946, um tunnusmíði, er falið að hafa á hendi stjórn tunnuverksmiðja ríkisins, hagi rekstrinum þannig, að tunnurnar verði sem beztar og ódýrastar, þá þykir Alþingi ekki hlýða að gera ráðstafanir, sem raskað gætu þessum grundvelli starfseminnar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. marz 1950.

Gísli Jónsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Helgi Jónasson.	Ingólfur Jónsson.
	Karl Kristjánsson.	

Nd. 510. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leitað álits fulltrúa tollstjóra um þær tillögur til breytinga á frv., sem henni hafa borizt.

Nefndarmenn hafa orðið ásáttir um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
I.	Við 1. gr.			
1.	2. liður orðist svo: Nr. 18 og 19 í 15. kafla orðist svo:			
	18 — risínusolía (laxerolía)	1 kg	2	8
	19 — önnur jurtafeiti, ót. a.	—	2	8
2.	Aftan við 7. lið komi nýr liður (verður 8. liður), og breytist liðatala greinarinnar samkvæmt því: Aftan við nr. 60a í 28. kafla bætist orðin: svo og hexan.			
3.	Aftan við 8. lið (verður 9. liður) komi fjórir nýir liðir (verða 10.—13. liður), og breytist liðatalan samkvæmt því:			
a.	(10.) Nr. 17 í 44. kafla orðist svo: 17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m² ..	—		2
b.	(11.) Aftan við nr. 21 í 44. kafla tollskrárinnar komi nýr liður, svo hljóðandi: 21a Sellófanpappír			2
c.	(12.) Nr. 22 í 44. kafla orðist svo: 22 Marmarapappír og annar pappír, ót.a.	—	7	30
d.	(13.) Nr. 33 í 44. kafla orðist svo: 33 — Vaxbornar umbúðir	—		2

		Vörum gustollur	Verðtollur
4. Aftan við 10. lið (verður 15. liður) komi nýr liður (verður 16. liður), þannig:			
Aftan við nr. 20 í 45. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:	Tolleining	Aurar	%
20a Áprentaður fiskumbúðapappír, enda beri áritunin það með sér, að pappírinn sé utan um fisk til útflutnings	—		2
5. Í stað „nr. 3—4“ í byrjun 12. liðar (verður 18. liður) komi: nr. 4—5.			
6. Aftan við 19. lið (verður 25. liður) komi nýr liður (verður 26. liður), þannig:			
Aftan við nr. 33 í 72. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
Bindivélar	—	7	8
7. 27. liður (verður 34. liður) orðist þannig:			
Í stað nr. 29—32 í 77. kafla komi þrjú nr., svo hljóðandi:			
Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.:			
29 — bifreiðavogir (bryggjuvogir)	—	7	8
30 — desimalvogir	—	7	8
31 — aðrar	—	7	30
II. Við 2. gr.			
1. Aftan við t-lið komi nýr liður (verður u-liður) svo hljóðandi:			
Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem látið er ókeypis í té af National Bureau of Standards í Washington til vísindarannsókna samkvæmt samningi frá 1. júlí 1949 milli póst- og símamálastjórnar Íslands og National Bureau of Standards í Washington D.C.			

Alþingi, 29. marz 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Sig. Ágústsson, frsm.

Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 511. Breytingartillaga [137. mál]

við frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. gr. orðist svo:

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. des. 1950, að 30. gr. undantekinni.

Nd. 512. Breytingartillaga [137. mál]

við frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „31. desember 1950“ í fyrsta málsl. komi: 30. apríl 1950.

Nd. 513. Breytingartillaga [137. mál]

við frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „35% af leyfisfjárhæð“ í b-lið komi: enda sé eigi öðrum en atvinnubifreiðarstjórum veitt leyfi.

Ed. 514. Breytingartillaga [137. mál]

við frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. desember 1950, að undanskildum 30. og 31. gr. laganna.
2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Söluskattur samkvæmt b-lið 22. gr. laganna tekur ekki til tekna af akstri leigubifreiða.

Ed. 515. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um framlengingu á gildi laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin tók málefni þetta fyrir á fundi sínum í dag. Um afgreiðslu þess varð ekki samkomulag í nefndinni. Tveir nefndarm. (BB og HG) munu skila sérálitum.
Við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. marz 1950.

Karl Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 516. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað í þrennt. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vilja láta samþykkja frumvarpið, en ég legg til, að það verði fellt. Um sérstöðu Haralds Guðmundssonar er mér ókunnugt, en hann kveðst munu gefa út sérstakt nefndarálit, en væntanlega er afstaða hans önnur en mín, sem vil láta fella frumv. skilyrðislaust. Annars hefði nefndin ekki þurft að þríklofna.

Ástæður mínar fyrir því, að ég vil láta fella frumv., eru þessar:

1. Ég er algerlega andvígur þessari tekjuöflunaraðferð.

2. Það hafa engin rök verið færð fyrir því, að ríkissjóður þyrfti á svona mikilli tekjuaukningu að halda. Vegna gengislækkunarinnar munu verðtollur og söluskattur hækka um ekki minna en 40 milljónir króna, það sem eftir er ársins, miðað við óbreytta innflutningsáætlun, og auk þess hefur ríkissjóður nú til ráðstöfunar allt það fé, sem annars hefði verið varið til að standa straum af fiskábyrgðarlögunum, en sú upphæð nam 45—50 millj. króna síðastl. ár. — Hins vegar telur fjármálaráðh., að útgjaldaaukningin, miðað við fjárlagafrv., muni ekki nema nema 30—40 millj. króna. — Þegar þar við bætist, að hægt er að spara stórar upphæðir af ýmist gersamlega þarflausum eða miður nauðsynlegum útgjöldum á fjárlögum og þensla ríkisbáknsins er orðin með þeim ódæmum, sem raun er á, sýnast mér öll rök hníga að því, að fella beri frumvarpið.

Alþingi, 31. marz 1950.

Brynj. Bjarnason.

Ed. 517. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um frv. Meiri hl. vill samþ. það óbreytt, en ég er frv. andvígur og legg til, að það verði fellt. Virðist mér, að tollar muni hækka um 35—40 millj. króna miðað við frv. það til fjárlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, ef frv. þetta verður að lögum, og vegna gengislækkunarinnar. Slík tollahækkun hlýtur að auka dýrtíðina mjög tilfinnanlega og framleiðslukostnað allan. Söluskatturinn og önnur þau gjöld, sem frv. fjallar um, voru á lögð og síðan hækkuð til þess fyrst og fremst að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs á verði útfluttrar vöru. Nú hefur gengislækkunin verið samþykkt og ríkisábyrgðin felld úr lögum og þar með uppbótargreiðslur á útfluttar sjávarafurðir. Mátti því ætla, að unnt yrði nú að létta af þeim tollum, sem varið hefur verið til greiðslu útflutningsuppbóta, eða a. m. k. að komast hjá því að hækka þá. Þegar gengislækkunin var samþykkt, var því haldið fram, að um tvennt væri að velja: hækkun tolla eða gengislækkun. Verði þetta frv. samþ., fá landsmenn hvort tveggja: gengislækkunina og stórfellda tollahækkun.

Alþingi, 31. marz 1950.

Haraldur Guðmundsson.

Sþ. **518. Nefndarálit** [100. mál]

um till. til þál. um kaup á lóðum í Grjótaþorpinu í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og auk þess sent hana til umsagnar skipulagsstjóra, bæjarráði Reykjavíkur og þjóðminjaverði. Svör þau, er nefndinni hafa borizt, eru prentuð hér sem fylgiskjöl.

Nefndin er sammála um, að rétt sé, að gengið verði úr skugga um, eftir því sem unnt er, hvort bær Ingólfs Arnarsonar hafi staðið á nefndum stað, og að veita ríkisstjórninni heimildir þær, er í tillögunni greinir, í því skyni að tryggja það, að tilhlýðilegar ráðstafanir verði gerðar til verndar hinum fornhelgu minningum. Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrir orðið „fela“ á tveim stöðum í tillögugreininni komi: heimila.

Alþingi, 31. marz 1950.

Ingólfur Jónsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.
Stefán Stefánsson.	Skúli Guðmundsson.	Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Reykjavík, 20. marz 1950.

Sem svar við fyrirspurn háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis vil ég taka fram eftirfarandi:

Það er engum vafa undirorpið, að Reykjavíkurbærinn var fyrir vestan kirkjugarðinn gamla, rétt vestan við Aðalstræti, enda eru allir, sem um þetta hafa skrifað, á einu máli um það, Kr. Kålund: Bidrag til historisk-topografisk beskrivelse af Island I, 14 og II, 401, Eiríkur Briem í Árbók fornleifafélagsins 1914, 3—4, Jón Helgason í Safni til sögu Íslands V, 8, Klemenz Jónsson: Saga Reykjavíkur, bls. 7—8. Sést og mæta vel af uppdrætti af Reykjavík frá 1715, að þetta var svo þá (Kålund II, 400). Hitt kynni að orka tvímælis, hvernig bæjarhúsin hefðu snúið, enda hefur Jón Helgason talið, að þau lægju í beinni röð frá austri til vesturs frá norðvesturhorni kirkjugarðsins, þvert yfir Aðalstræti, sem nú er, og upp að húsinu Grjótagötu 4, framhlið bæjarins móti suðri. Mér finnst þó gildari ástæða til að telja, að húsin hafi legið frá norðri til suðurs, framhlið mót austri, og fellst algerlega á rök Eiríks Briems og Klemenz Jónssonar um þetta. Kirkjan hefur þá verið á hlaðinu fram, líklega eitthvað til vinstri frá bæjardyrum, enda er þetta hin algengasta afstaða bæjar og kirkju að gömlum íslenzkum sið.

Að Reykjavíkurbærinn gamli hafi á síðustu tímum staðið „um það bil þar, sem nú stendur húsið Grjótagata 4“, má því telja vafalaust, en svo fremi er það „bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar“, að bærinn hafi frá öndverðu staðið á sama stað, en það er sennilegt.

Ég vil að lokum benda á, að bæjarstæðið hefur vitanlega tekið yfir allstórt svæði og stærra en lóð eins húss nú, og er að órannsökuðu máli ógerningur að afmarka stæði þess svo, að ekki geti skeikað nokkrum metrum til eða frá.

Virðingarfyllst,

Kristján Eldjárn.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SKIPULAGSSTJÓRINN

Reykjavík, 24. marz 1950.

Með bréfi háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 16. marz s. l., er spurzt fyrir um álit mitt á tillögu til þingsályktunar um kaup á lóðum í Grjótaþorpinu í Reykjavík, samkv. meðsendu þingskjali, nr. 262.

Eftir orðalagi þingsályktunartillögunnar skal leitað álits sérfróðra manna um það, hvort telja megi fullvíst eða líklegt, að bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar hafi verið í Grjótaþorpinu. Enn fremur hvort af þeim ástæðum, ef fyrir hendi eru, skuli af hálfu opinberra aðila gera ráðstafanir til þess að eignast þar ákveðnar lóðir til þess að reisa byggingu, svo sem ráðhús eða annað slíkt stórhýsi.

Varðandi fyrri hluta þingsályktunartillögunnar tel ég mig naumast dómbæran, en samkv. heimildum allt frá byrjun 18. aldar og því, sem kort frá þeim tímum herma, má marka, að bær Ingólfs (Reykjavíkurbærinn) hafi verið í Grjótaþorpinu. Þó er ekki þar með sagt, að þar hafi Ingólfur reist bú sitt fyrst er hann kom, en allt er það rannsóknarefni fornleifafræðinga. Munu uppi ýmsar skoðanir í þeim efnum, en þó nokkuð af ritum, sem styðjast má við.

Í sambandi við húseignina nr. 4 við Grjótagötu, sem sérstaklega er getið í tillögunni, sýnist einhlýtt, að ekki verði gengið úr skugga um það, hvort sá staður hafi verið bæjarstæði Ingólfs, nema með ákveðinni rannsókn og uppgrefti, og væri það þá fyrsta verkefnið að tryggja sér þessa eign til niðurrifs og þeirra rannsókna, áður en frekar yrði að gert. Gildir raunar sama um aðliggjandi lóðir.

Á skipulagsuppdrætti Grjótaþorpsins og Aðalstrætis er gert ráð fyrir því, að sérstaklega verði vandað til þeirra bygginga, er rísa eiga vestan Aðalstrætis, en gatan sjálf verður nánast opið torg, eða rúmlega 40 metra breið, og tengist Tjarnargötu til suðurs.

Mun fylgzt vel með því, að þar rísi ekki nema fögur og vönduð heild bygginga. Að sjálfsögðu kemur til greina að hafa að einhverju leyti hliðsjón af sögu staðarins, þegar uppdrættir verða gerðir, og landnámsmannsins og fyrstu byggðar Reykjavíkur minnzt á sérstakan hátt með einhverjum hluta byggingarinnar fram að Aðalstræti. Þætti mér eðlilegt, að bæjarstjórn og skipulagsnefnd hefðu þar hönd í bagga með framkvæmdum og gerðu ákveðnar ráðstafanir í þeim tilgangi, annaðhvort í samráði við eigendur lóða eða þá að bæjarstjórn skapaði sér grundvöll til þess að verða beinn þátttakandi í einhverjum hluta bygginga í Grjótaþorpi, með hliðsjón af sögulegri helgi staðarins.

Með sérstakri virðingu,

Hörður Bjarnason.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Ed. 519. Breytingartillögur [85. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 3. gr., d-lið.
   a. Í stað orðanna „Hreppsnefnd eða bæjarstjórn“ í 3. málsgr. komi: Hreppsnefnd, bæjarstjórn eða refaeyðingarstjóri
   b. Í stað „hreppsnefnd eða bæjarstjórn“ í 4. málsgr. komi: hreppsnefnd, bæjarstjórn eða refaeyðingarstjóra.

2. Við 3. gr., f-lið. Í stað „hreppsnefndar eða bæjarstjórnar“ komi: hlutaðeigandi hreppsnefndar, bæjarstjórnar eða refaeyðingarstjóra.
3. Við 4. gr. Í stað „Bæjarstjórnir“ komi: Bæjarsjóðir.

Ed. 520. Lög [136. mál]

um framlengingu á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

(Afgreidd frá Ed. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 506.

Ed. 521. Breytingartillögur [137. mál]

við frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „31. desember 1950“ í fyrsta málsl. komi: 30. apríl 1950.
2. 1. gr. orðist svo:
   Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 30. apríl 1950, að 30. gr. undantekinni.

Ed. 522. Lög [137. mál]

um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 507.

Nd. 523. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Jón Pálmason. Jóhann Hafstein.

Ed. 524. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66. frá 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við hv. 11. landskjörinn þm. höfum ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum okkar. Við játum að vísu, að að ýmsu leyti getur brtt. sú, er meiri hluti nefndarinnar flytur, orðið til bóta, en okkur er það jafnljóst, að fyrir ýmis sveitar- og bæjarfélög getur hún haft mjög alvarlegar fjárhagslegar verkanir.

Breyting á útsvarslögunum og skattalöggjöfinni yfirleitt er nauðsynleg, og hafa nefndir starfað að samningu frv. í því efni. Teljum við, að viðsjárvert sé að taka þetta ákvæði eitt út af fyrir sig og breyta því og að það geti tafið fyrir nauðsynlegri endurskoðun útsvars- og skattalaganna.

Við leggjum því til, að málið verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta Alþingi frumvörp til laga um breytingar á útsvars- og skattalöggjöfinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Þorsteinn Þorsteinsson er fjarstaddur úr bænum og getur því ekki undirritað nál. þetta.

Alþingi, 13. apríl 1950.

Lárus Jóhannesson,
form.

Nd. 525. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um ónæmisaðgerðir.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Lög um bólusetningar, er sett voru 27. sept. 1901 og breytt 22. okt. 1912, eru orðin það gömul, að þau eru að mörgu leyti orðin úrelt. Er nauðsynlegt að endurskoða kúabólusetningarlöggjöfina og færa hana til samræmis við breytt viðhorf og aðstæður.

Nefndin hefur rætt málið á fundi sínum og fengið landlækni til viðræðu um það. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Aftan við gr. bætist:

Þegar sérstaklega stendur á, er þó héraðslækni heimilt að fela ljósmóður eða öðrum hæfum bólusetjara að annast þessa kúabólusetningu í sínu umboði.

Alþingi, 13. apríl 1950.

Gylfi Þ. Gíslason, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Kristín Sigurðardóttir, frsm.

Jónas G. Rafnar. Jónas Árnason.

Nd. 526. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim l.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl., þeir Pétur Ottesen, Sigurður Ágústsson og Gísli Guðmundsson, er á móti samþykkt frv., en ég og Finnur Jónsson mælum með samþykkt frv. FJ mun þó gera grein fyrir afstöðu sinni í sérálíti.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, var fyrst flutt á Alþingi 1942 (sumarþinginu) af þm. Sósialistaflokksins, þáv. 2. landsk. þm., Ísleifi Högnasyni. Frv. var þá vísað til sjávarútvegsnefndar, en var ekki afgreitt úr nefndinni og dagaði uppi á þinginu. Árið 1942 var allur togaraflotinn á ísfiskveiðum, en meiri hluti háseta dvaldi í landi á meðan á siglingu til Englands stóð, en hún tók venjulega 10 daga. Af þessu leiddi, að þau óeðlilegu fyrirmæli gildandi laga, að hásetar á botnvörpuskipum skuli vinna í 16 klst. á sólarhring, eftir að verkafólk í landi var almennt farið að vinna í 8 klst. á sólarhring, urðu ekki til eins mikils baga og síðar kom fram. Veiðiferðirnar stóðu í allt að 14 daga, og þótt það væri erfið skorpa og jafnvel hættuleg heilsu manna, voru menn þó öruggir um að fá um 10 daga hvíld, þeir sem heima biðu, og miklu hægari vinnu hinir, sem sigldu. Þegar frv. þetta var upphaflega flutt, var ekki ríkjandi nógu almennur skilningur á þýðingu þessa máls.

Næst var mál þetta flutt á þingi 1946 af tveim þm. Sósialistaflokksins, þeim Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni. Frv. náði þá enn ekki að verða afgreitt á þinginu, en sjávarútvegsnefnd Nd., sem fékk málið til meðferðar, afgreiddi það þó. Afgreiðslan varð sú, að meiri hl., þeir Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, og Skúli Guðmundsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, lýstu sig andvíga málinu og lögðu til, að frv. yrði fellt. Finnur Jónsson, fulltrúi Alþýðuflokksins, lýsti yfir því, að hann væri ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins, en fulltrúi Sósialistaflokksins, Áki Jakobsson, lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt.

Meðan málið lá fyrir þinginu 1946 var það mikið rætt meðal sjómanna á togaraflotanum, og kom þá í ljós, að áhugi var mjög mikill og almennur fyrir því að lögfesta 12 tíma hvíldartíma á togurunum. Þessi mikli áhugi kom og fram í því, að um 400 starfandi togarasjómenn sendu Alþingi áskorun um að samþykkja frv. Eins og áður er sagt, dagaði frv. þetta uppi á þinginu 1946.

Í þriðja sinn var mál þetta borið fram á þinginu 1947 og þá af hinum sömu tveim þingmönnum Sósialistaflokksins, er fluttu frv. 1946. Enn var máli þessu vísað til sjávarútvegsnefndar Nd., sem afgreiddi það þannig, að meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, þeir Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, fulltrúi Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, og fulltrúi Alþýðuflokksins, Finnur Jónsson, lögðu til, að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar gegn loforði hennar um að athuga málið sjálf eða skipa nefnd til þeirrar athugunar. Minni hlutinn, fulltrúi Sósialistaflokksins, Áki Jakobsson, lagði hins vegar til, að frv. yrði samþykkt óbreytt. Var málið síðan afgreitt í deildinni þannig, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins samþykktu gegn atkvæðum þingmanna Sósialistaflokksins að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Máli þessu var vísað til ríkisstjórnarinnar í marzmánuði 1948, en hinn 8. júní s. á. skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum. Í nefnd þessa voru skipaðir: Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari og Torfi Hjartarson tollstjóri án tilnefningar, Karl Guðbrandsson (síðar Borgþór Sigfús-

son) og Sigfús Bjarnason, tilnefndir af samtökum sjómanna í Rvík og Hafnarfirði, og Skúli Thorarensen og Ingvar Vilhjálmsson af hálfu útgerðarmanna.

Nefnd þessi starfaði í röskt ár. Hún safnaði ýmsum upplýsingum um hvíldartíma sjómanna í öðrum löndum, og verður ekki séð, að hún hafi unnið úr þeim upplýsingum. Nefndarálitin eru þrjú, fulltrúar sjómanna tveir leggja til, að lögboðin verði 12 tíma hvíld á togurunum. Fulltrúar útgerðarmanna tveir leggja til, að frv. um lögfestingu 12 tíma hvíldartíma verði fellt. En þeir tveir menn, sem ríkisstjórnin skipaði án tilnefningar, Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari og Torfi Hjartarson tollstjóri, gerðu enga tillögu um málið, enda lýsa þeir því yfir í áliti sínu, að starf þeirra í nefndinni hafi í rauninni einungis verið í því fólgið að leita sátta um lausn málsins með fulltrúum stétta þeirra, sem hlut eiga að máli, en þau sáttastörf hafi engan árangur borið.

Það kemur raunar engum á óvart, að enginn árangur varð af störfum þessarar milliþinganefndar. Á það var bent þegar, er sú tillaga að vísa máli þessu til ríkisstjórnarinnar var til meðferðar á Alþingi í marz 1948, að upp úr fyrirhugaðri rannsókn fengist ekkert annað en að tefja framgang málsins um stundarsakir, enda snerust ákveðnir andstæðingar þessa máls strax til fylgis við þá tillögu að vísa því til ríkisstjórnarinnar til athugunar í því skyni.

Nefndarskipunin til að gera tillögur um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum hefur því ekki borið annan árangur en þann að tefja framgang þessa máls í nærri tvö ár. Vegna setu þessarar nefndar var ekki unnt að bera fram frv. um lögfestingu 12 tíma hvíldartíma háseta á togurum á þinginu 1948, því að nefndin skilaði ekki áliti sínu fyrr en síðari hluta árs 1949. En á því þingi leituðust flutningsmenn frv. frá þinginu 1947 við að ýta við nefndinni með því að bera fram fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um, hvað liði störfum hennar.

Eftir að milliþinganefndin hafði lokið störfum haustið 1949, var snemma á þessu þingi flutt frv. það, sem hér liggur fyrir. Frv. hefur verið til athugunar í nefndinni, og hefur nefndin, auk þess að kynna sér álit milliþinganefndarinnar, sent frv. til Alþýðusambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna og lagt fyrir þessa aðila spurningar, sem nefndin hefur fengið svör við, sem engar nýjar upplýsingar veita.

Ég hef oftar en einu sinni áður gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls hér á Alþingi og vísa því til þess. Ég vil þó aðeins taka það fram nú, að aldrei hefur það verið meiri nauðsyn en nú að lögfesta 12 tíma hvíldartíma á togurunum. Margir af togurunum eru nú farnir að stunda veiðar til saltfiskframleiðslu, sem hefur það í för með sér, að sjómenn togaraflotans verða að vinna í 16 klst. á sólarhring látlaust, nema þá fáu daga, sem skipið er í höfn til að losa aflann. Sér hver maður, að slík vinnuþrælkun er í senn ómannúðleg og óhyggileg, vegna þess að það verður ógerningur að fá góða menn til að stunda slíka vinnu til lengdar. Ofan á þessa vinnuþrælkun bætist það, að kaupið, sem fyrir þessa vinnu er greitt, er í kringum 2000 krónur á mánuði, og hafa togarasjómenn þannig um það bil helmingi lægra kaup, miðað við klst., heldur en verkamenn í landi.

Með tilvísun til framanritaðs legg ég til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. apríl 1950.

Áki Jakobsson.

Nd. **527. Breytingartillögur** [116. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein (verður 1. gr.) svo hljóðandi:

   30. gr. laganna orðist svo:

   Á framboðslista í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, svo að rétt tala sé eftir.

   Á landslista flokks skulu vera minnst 11 og mest 22 frambjóðendur, og sé þeim raðað eftir því, sem viðkomandi flokkur ákveður. Geta bæði frambjóðendur í kjördæmum og aðrir komið til greina.

2. 1. gr. frv. (verður 2. gr.) orðist þannig:

   39. gr. laganna orðist svo:

   Landslistar stjórnmálaflokka og kjörlistar í þeim kjördæmum, sem hlutbundnar kosningar fara fram í, skulu alltaf merktir sama listabókstaf, þannig:

   A-listi: Alþýðuflokksins. C-listi: Sameiningarflokks alþýðu — sósíalistaflokksins. F-listi: Framsóknarflokksins og S-listi: Sjálfstæðisflokksins. Þegar nýir stjórnmálaflokkar bjóða fram, skulu listar þeirra merktir fyrsta staf í nafni flokksins, ef hann fellur eigi saman við þá listabókstafi, sem þegar eru festir, ella öðrum staf í stafrófinu, sem flokkurinn velur sér, en hann sé alltaf sá sami, á meðan viðkomandi flokkur er til. Ef tveir eða fleiri flokkar bjóða fram saman í einhverju kjördæmi, sé listi þeirra merktur báðum eða öllum listabókstöfum þeirra flokka. Þegar landskjörstjórn hafa borizt landslistar, auglýsir hún þegar í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu, hverjir listarnir séu og hvaða frambjóðendur séu á þeim hverjum um sig.

3. Á eftir 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar (verða 3. og 4. gr.), svo hljóðandi:

   a. (3. gr.). Í stað 1.—3. málsgr. 42. gr. laganna komi:

      Nú eru fleiri en einn listi boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundinni kosningu, og skal þá merkja þá: A, AA ...., C, CC .... o. s. frv., eftir þeirri röð, sem þeir berast til kjörstjórnar.

      Listar, sem boðnir eru fram utan flokka, skulu merktir stafnum U, ef enginn stjórnmálaflokkur hefur helgað sér þann staf, áður en kosningaundirbúningi er lokið, ella þeim bókstaf, er þeir, sem standa að utanflokkalista, velja sér. Sé fleiri en einn utanflokkalisti boðinn fram, skulu þeir merktir U 1, U 2 o. s. frv.

   b. (4. gr.). 128. gr. laganna orðist þannig:

      Frambjóðendur á landslista þingflokks, sem hlýtur uppbótarþingsæti, komast að eftir þeirri röð, sem þeir eru í á landslista, nema röð hafi verið svo mikið breytt af kjósendum, að áhrif hafi samkvæmt reglum 116. gr. laganna.

4. 2. gr. frv. verði 5. gr.

Nd. 528. Breytingartillögur [46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Fyrir orðin „næsta ár á undan“ í 1. efnismálsgr. komi: tveggja næstu ára á undan.
   b. Orðin „þó ekki yfir kr. 75.00 á bótaskylda kind“ í 1. efnismálsgr. falli burt.
   c. Aftan við 4. efnismálsgr. komi: Skylt er að láta bændur, er hafa litla eða enga aðstöðu til mjólkursölu eða annarrar framleiðslu, sitja fyrir um líflambakaup, ef ekki fæst áskilin fjártala til úthlutunar.
2. Við 6. gr.
   a. Fyrir orðið „vaxtalausum“ komi: 4%.
   b. Fyrir „⅕“ og „⅗“ komi ⅖ og ⅘.
   c. Aftan við greinina komi:

      Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana af fasteignaveðslánum þeirra aðila einna, sem hafa tekið þau upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum.

      Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 5. gr.) og hafa ekki aðstöðu til annarrar framleiðslu, en búa við örðugan fjárhag að dómi nefndarinnar, undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum að öllu leyti eftir ákvæðum þessarar greinar.

Nd. 529. Breytingartillaga [46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Jóni Sigurðssyni, Steingrími Steinþórssyni og Stefáni Stefánssyni.

Við 6. gr. Í stað næst síðasta málsl. komi:

Ákvæði þessara laga eru þó ekki bindandi fyrir þá fjáreigendur, er lógað hafa fé sínu samkvæmt ákvæðum eldri laga og löglega gerðum samþykktum samkvæmt tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, staðfestum af landbúnaðarráðherra. Hins vegar skal sauðfjársjúkdómanefnd vinna að því, að félagssamtök bænda í þessum héruðum hlutist til um, að bændur taki skuldabréfin upp í þær greiðslur, er þeim ber vegna fjárskiptanna, til þess að greiða fyrir, að fjárskiptunum verði haldið áfram með nauðsynlegum hraða.

Nd. 530. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1946.

Frá fjárhagsnefnd.

Við athugun á ríkisreikningnum virtist nefndinni, að reikningar einstakra sjóða og stofnana, sem birtir eru með ríkisreikningi, væru ekki í fullu samræmi við efnahagsreikning ríkissjóðs. Gerði nefndin fyrirspurn um þetta til ríkisbókhaldsins og

hefur fengið skýringar þess á þeim atriðum. Eru bréf nefndarinnar og ríkisbókhaldsins um þetta birt hér með sem fylgiskjöl. Vill nefndin benda á, að reikningsuppgjör einstakra sjóða og stofnana þarf að vera í fullu samræmi við efnahagsreikning ríkisins. Þá vísar nefndin til athugasemda frá yfirskoðunarmönnum, sem prentaðar eru með reikningnum, og er nokkrum atriðum þar vísað til aðgerða Alþingis.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. apríl 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form. Skúli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.

Jón Pálmason. Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1946.

Fyrirspurnir og athugasemdir í sambandi við efnahagsreikninginn.

1. 2. eignaliður á efnahagsreikningi fiskveiðasjóðs, bls. 103, kr. 11321976.05 útlán til ríkissjóðs vegna Svíþjóðarskipa. Sést ekki talið með skuldum á efnahagsreikningi ríkissjóðs.
2. 4. eignaliður á efnahagsreikningi landhelgissjóðs, bls. 104, kr. 366539.22 innstæða hjá ríkisféhirði. Sést ekki talið með skuldum á efnahagsreikningi ríkissjóðs.
3. Á efnahagsreikningi jarðakaupasjóðs, bls. 110, er talin eign hjá ríkissjóði (6. eignaliður) kr. 205509.59. En á efnahagsreikningi ríkissjóðs er skuld við jarðakaupasjóð aðeins talin kr. 188034.59.
4. Á efnahagsreikningi fiskimálasjóðs, bls. 111, er talin eign hjá ríkissjóði, vegna færeyskra leiguskipa (eignaliður 17), kr. 422008.50. Á efnahagsreikningi ríkissjóðs er skuld við fiskimálasjóð aðeins talin kr. 53826.41.
5. Á efnahagsreikningi viðskiptaráðs, bls. 136, er talin eign hjá ríkissjóði (3. eignaliður) kr. 956182.80. Hvar er þessi upphæð talin með skuldum á efnahagsreikningi ríkissjóðs?
6. Á efnahagsreikningi viðskiptaráðs, bls. 136, er talið með skuldum:
   Lán við ríkissjóð v/innkaupanefndar í New York, kr. 643068.20.
   Hvar er þetta talið með eignum á efnahagsreikningi ríkissjóðs?

Fylgiskjal II.

RÍKISBÓKHALDIÐ

Reykjavík, 31. marz 1950.

Svör við fyrirspurnum í bréfi, dags. 30. þ. m.

1. Stjórnarráðið fól fiskveiðasjóði að leggja fram fé vegna smíði Svíþjóðarbáta. Átti þetta aðeins að vera til bráðabirgða, eða þar til hægt væri að gera bátana upp með lánum úr stofnlánadeild og eigin framlagi kaupenda.
   Ríkisbókhaldið hefur því litið svo á, að hér væri um bráðabirgðalán fiskveiðasjóðs til bátakaupenda að ræða, og því ekki fært lánin á efnahagsreikning ríkissjóðs.
2. Innstæða landhelgissjóðs hjá ríkisféhirði á ekki að færast með skuldum ríkissjóðs.
   Af einhverjum ástæðum geymir ríkisféhirðir bankabók fyrir landhelgissjóð með þeirri upphæð í (við ársl. '46), en það er ríkisbókhaldinu óviðkomandi.
3. Mismunur þessi stafar af ágreiningi milli jarðakaupasjóðs og fjármálaráðuneytisins um það, hvort sjóðnum beri að annast ákveðnar greiðslur af vissum jarðeignum.

4. Um eign þá er fiskimálasjóður telur sig eiga hjá ríkissjóði, er það að segja, að fjármálaráðuneytið hafði ekki viðurkennt hana, þegar ríkisreikningurinn var gerður fyrir árið 1946.
5. Innstæða viðskiptaráðs er talin með skuldum ríkissjóðs í geymdu fé (bls. XI, 25. liður), en er þar kr. 200.80 lægri en í reikn. viðskiptaráðs, en sú upphæð er símakostn., sem sendiráðið í London greiddi vegna viðskiptaráðs.
6. Framlag ríkissjóðs til innkaupanefndar er talið í eignum ríkissjóðs á bls. X, tölulið 18, innifalið í „Lán til ýmissa". Upphæðin er sú sama og getið er í fyrirspurnunum.

Ríkisbókhaldið,

Magnús Björnsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 531. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um innflutning læknabifreiða.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hið bráðasta verði veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðum, til að bæta úr brýnustu þörf starfandi lækna til endurnýjunar á bifreiðakosti þeirra, og að leggja fyrir fjárhagsráð að taka framvegis á innflutningsáætlun hvers árs hæfilega upphæð í þessu skyni.

Greinargerð.

Það orkar ekki tvímælis, að starfandi læknum er nauðsyn á því að hafa umráð yfir sæmilegum bifreiðum til þess að geta vitjað sjúklinga og rækt störf sín yfirleitt. Mjög mikið vantar á, að svo sé nú. Yfir 20 af bifreiðum starfandi lækna hér í Reykjavík eru nú orðnar meir en 8 ára gamlar, og nokkrir læknar hafa engan bíl til umráða. Verður lækniskostnaður af þessum sökum stórum meiri en ella, auk margvíslegra óþæginda og erfiðleika, sem af þessu stafa. Bréf Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur um þetta efni eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 9. marz 1950.

Hr. forstjóri og alþingismaður Haraldur Guðmundsson.

Þegar samningar stóðu yfir milli Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur í vetur og virtist ætla að stranda á bílamálum lækna, gerðuð þér, hr. forstjóri, Læknafélagi Rvk. kost á því, að þér flyttuð þingsályktunartillögu um læknabifreiðarnar á Alþingi því, er nú situr.

Að fengnu þessu vinsamlega boði yðar, safnaði stjórn L. R. skýrslum um aldur og ástand læknabifreiða og vann úr þeim. Fylgir nú hér með nokkur greinargerð um afskipti L. R. af þessum málum og um þörf lækna fyrir bíla.

Á þessu stigi málsins verða ekki nefndar tölur um fjölda þeirra bíla, er læknar þurfa, heldur aðeins bornar fram óskir um, að Alþingi skori á hlutaðeigandi inn-

flutningsyfirvöld að ráða fram úr þessu máli í samráði við stjórn L. R., áður en frekari vandræði hljótast af en orðin eru.

F. h. stjórnar L. R.

Ólafur Geirsson
p. t. ritari.

Greinargerð um bifreiðaþörf lækna.

Þegar í ársbyrjun 1947, og raunar fyrr, var allmjög farið að bera á erfiðleikum hjá læknum við öflun nýrra bifreiða og viðhald þeirra, er fyrir voru. Fól þá Læknafélag Reykjavíkur (L. R.) stjórn sinni að leita til þáv. viðskiptaráðs um útvegun bíla.

Í bréfi, sem stjórn L. R. skrifaði viðskiptaráði þ. 1½ 1947, segir m. a.: „Á því er enginn vafi, að læknar í Reykjavík geta ekki gegnt starfi sínu án þess að hafa ráð yfir traustum og gangvissum farkosti, sem hægt er að treysta í öllum veðrum og færð allan ársins hring. Læknar bæjarins þurfa ekki einasta að fara um malbikaðar götur miðbæjarins, heldur nær starfsemi þeirra austur á Selás og Blesagróf, suður á Digranesháls og vestur á Seltjarnarnes. Í úthverfum bæjarins er oft erfið færð vegna bleytu og snjóa, þó vel fært sé í miðbænum og á vegum, sem mikil umferð er um."

Hér má skjóta því inn, að innan vébanda L. R. eru allir þeir læknar, sem gegna læknisþjónustu á svæðinu frá botni Hvalfjarðar og suður eftir vestan Hellisheiðar, svo langt sem Gullbringu- og Kjósarsýsla nær, en allir læknar, sem starfa fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur, eru jafnframt samningsbundnir að gegna sjúkrasamlagsstörfum fyrir Seltjarnarnes- og Kópavogshrepp.

Í fyrrnefndu bréfi segir enn fremur: „Störf lækna eru með ýmsu móti, sjúkravitjanir, vinna á lækningastofu, vinna í sjúkrahúsum, embættisferðir, t. d. skólalækna, og gegna margir læknar öllu þessu jöfnum höndum. Lætur þá að líkum, að ekki þarf mikla töf til þess að raska dagsverkinu, ekki sízt þegar sjúkhætt er, en svo er að jafnaði á þeim tíma, sem allra veðra er von og færð er þyngst.

Því er svo varið, að læknar hafa hvorki tíma né tækifæri til þess að hirða bíla sína eins vel og þarf til þess að gera endingu þeirra sem bezta, né heldur þá þekkingu, sem bifvélavirkjar og atvinnubílstjórar hafa til þess að verða strax varir við smábilanir og galla, sem ekki koma að verulegri sök, sé tekið fyrir þá í tíma. Af þessu leiðir, að notatími lækna af bílum sínum er skemmri en flestra, ef ekki allra annarra, sem aka í atvinnuskyni ..."

Þar eð ekkert raknaði úr um útvegun læknabíla á vegum félagsins, ritaði stjórn L. R. fjárhagsráði eftirfarandi bréf þann 28. apríl 1948: „Hinn 12. febrúar 1947 skrifaði L. R. viðskiptaráði bréf, þar sem sýnt var fram á, hversu bílar lækna væru úr sér gengnir, en þeim hins vegar brýn nauðsyn á traustum farartækjum. Jafnframt bauðst stjórn L. R. til að vera leiðbeinandi um réttláta úthlutun bílanna, enn fremur tjáði hún sig fúsa til að skuldbinda lækna til að farga ekki bílunum innan fjögurra ára og afhenda eldri bíla til ráðstöfunar, ef viðskiptaráð óskaði eftir því.

Viðskiptaráð svaraði þessari málaleitun með bréfi dags. 1⅝ 1947 á eftirfarandi hátt: „... Að svo stöddu verða engin leyfi veitt fyrir innflutningi bifreiða. Ef hins vegar yrði breyting á þessu, telur viðskiptaráð eðlilegt, að samráð verði haft við Læknafélag Reykjavíkur af þeim aðilum, er annast mundu slíka úthlutun."

Síðan þessi bréfaskipti fóru fram, hafa aðeins tveir læknar fengið leyfi fyrir bílum og án þess að stjórn L. R. hefði þar íhlutun um. Það segir sig sjálft, að bílar lækna eru nú almennt meira en ári eldri og ástand þeirra nú orðið óviðunandi.

Næst gerðist það í þessu máli, að stjórn L. R. átti tal við fjárhagsráð, í byrjun marz s. l., en það sá sér þá ekki fært að gefa nein ákveðin svör.

Stjórn L. R. væntir þess fastlega, að háttvirt fjárhagsráð sjái sér að þessu sinni fært að finna ákveðinn grundvöll til skipulagningar og úrlausnar þessu máli."

Þessu bréfi var aldrei svarað, en síðan hefur stjórn L. R. bæði átt viðtöl við fjárhagsráð og sent því bréflega greinargerð um aldur og ástand læknabifreiða. Einnig

átti stjórn L. R. tal við viðskiptamálaráðherra í lok júlímán. 1949. Er það skemmst af að segja, að félagið hefur enga úrlausn fengið um þessi mál, þrátt fyrir yfirlýstan velvilja þessara aðila.

Meðan á öllu þessu úrræðaleysi hefur staðið, hafa bifreiðar lækna að sjálfsögðu enn elzt og gengið æ meira úr sér.

Fer hér á eftir skrá um aldur læknabifreiða í janúarbyrjun 1950:

Ameríkskir bílar:

15	ára	1
14	—	1
9	—	2
8	—	17
4	—	6
3	—	8
2	—	5
1	—	1
	Alls	41

Enskir bílar eða franskir (flest smábílar):

5	ára	5
4	—	16
3	—	7
yngri en 2	—	2
	Alls	30

Af ameríkskum bílum er því 21 orðinn 8 ára eða eldri, og af enskum bílum er 21 orðinn 4 ára eða eldri, og a. m. k. í notkun lækna eru þeir yfirleitt orðnir mjög lélegir og ná ekki lengur þeim tilgangi, sem ætla verður læknabifreiðum.

Af skýrslum lækna til stjórnar L. R. um reksturskostnað á s. l. ári má sjá, að allmargir bílar þeirra kosta yfir 10000 kr. í rekstri um árið og allt upp í 26 þúsund krónur. Dæmi eru til þess, að læknar hafi orðið að kaupa sér bíla á innlendum markaði fyrir allt upp í 70 þús. krónur.

Það þarf því engan að undra, þótt þessir kostnaðarliðir séu farnir að hafa áhrif á samninga lækna við sjúkrasamlög og Tryggingastofnun ríkisins, og er þess skemmst að minnast, að nærri lá, að slíkir samningar við S. R. strönduðu með öllu um síðastliðin áramót. Þessa mun þó gæta í enn ríkara mæli á yfirstandandi ári, ef ekki fæst skjót úrlausn í bílamálum lækna.

Í byrjun þessa árs áttu 16 læknar í L. R. engan bíl, 13 þessara lækna gegna sjúkrasamlagsstörfum í Reykjavík og nágrenni.

Einhverjir kynnu að segja, að nóg sé af stöðvarbílum og varla nægileg atvinna hjá þeim, svo að læknar geti leigt sér stöðvarbíla. Það neyðast bíllausir læknar stundum til að gera, og eins þeir, sem iðulega eiga ónýta bíla sína í viðgerð. Hins vegar má á það benda, að notkun stöðvarbíla er stundum dýrari en læknisþjónustan, og þegar verst gegnir um veður og færð, eru þeir ófáanlegir, en eigi undanþiggur það lækninn gegningarskyldu sinni, ef þörf krefur.

Þegar L. R. ritaði fjárhagsráði 1948, var sagt, að ástand læknabifreiða væri „orðið óviðunandi“, og voru það engar ýkjur. Hvað mundi þá nú, er einar tveir nýjar bifreiðar hafa fallið í hlut lækna árið 1949 (sbr. áðurgreinda aldurstöflu), enda má nú segja, að mál þetta sé að verða hneykslismál, bæði frá menningar og mannúðar sjónarmiði, og má fyllyrða, að heilbrigðismálum Reykjavíkur og nágrennis stafar nú þegar nokkur hætta af þessu ástandi, er svo ber undir. Það er og auðskilið mál, að hinn mikli skortur sjúkrahúsa hér í bæ gerir ástand þetta enn verra, þar eð af því leiðir, að fleiri þungt veika sjúklinga þarf að stunda á heimilum þeirra.

Í nálægum menningarlöndum hefur forgangsréttur lækna til bifreiða verið skilyrðislaus og ekki síður komið til greina á erfiðum tímum, er mjög þurfti að takmarka innflutning á bifreiðum og benzíni.

Virðingarfyllst.

F. h. stjórnar Læknafélags Reykjavíkur.

Ólafur Geirsson
p. t. ritari.

Fylgiskjal II.

SJÚKRASAMLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 30. marz 1950.

Hr. forstj. Haraldur Guðmundsson, alþm., Hávallag. 33, R.

Vér höfum séð bréf Læknafélags Reykjavíkur til yðar, dags. 9. þ. m., ásamt meðfylgjandi greinargerð um bifreiðaþörf lækna.

Vér þurfum litlu að bæta við þau rök, sem fram koma í greinargerðinni, en viljum lýsa því yfir sem skoðun vorri, að bílakostur lækna sem heild sé gersamlega óviðunandi og hafi verið það lengi. Hafa mál þess oft verið til umræðu hjá samlagsstjórninni síðustu árin, og hefur samlagið, ásamt Tryggingastofnuninni, reynt að styðja tilraunir lækna til að fá bætt úr því vandræðaástandi, sem hér er um að ræða. Er það ljóst, að hér fara saman hagsmunir samlagsins og læknanna, því að auk þess, sem bílavandræðin gera hið erfiða starf læknanna enn þá erfiðara, þá gera þau það einnig miklum mun dýrara en vera þyrfti, ef vel væri fyrir þessum málum séð. Hefur þetta valdið miklum erfiðleikum síðustu árin í samningum vorum við lækna, enda leit svo út um s. l. áramót, að samningar mundu beinlínis stranda af þessum sökum. En þó að betur tækist til en á horfðist, meðal annars af því, að þér léðuð máls á því á fundi, sem þér sátuð með samninganefndum Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Læknafélags Reykjavíkur, að flytja málið á þingi, þá er það víst, að vér urðum að sæta mun verri kjörum vegna ástandsins í bílamálunum, og eins hitt, að samningsaðstaða vor næst þegar semja þarf verður margfalt verri, ef ekki fást verulegar úrbætur.

Á hinn bóginn viljum vér geta þess, sem yður að vísu er kunnugt, að samningamenn Læknafélags Reykjavíkur gáfu oss fyrirheit um niðurfellingu svonefnds „fjarlægðargjalds", ef veruleg úrlausn fengist um innflutning á bílum. Gjald þetta, — 50% hækkun á fastagjaldi fyrir stundun sjúklinga í úthverfum — höfum vér lagt mikla áherzlu á að fá afnumið og teljum það mjög þýðingarmikið fyrir samlagið, þar sem nærri allur vöxtur bæjarins hefur hin síðari ár orðið og verður fyrirsjáanlega framvegis á þeim svæðum, sem gjald þetta tekur til.

Vér viljum eindregið taka undir það, að starfandi læknar eigi skilyrðislaust að hafa forgang um innflutning bíla, og væntum þess, að þér gerið yðar ýtrasta til að fá viðunandi lausn málsins samþykkta á þingi.

Virðingarfyllst,

Sjúkrasamlag Reykjavikur

Gunnar J. Möller.

Nd. **532. Frumvarp til laga** [83. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

	Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Nr. 8 í 12. kafla orðist svo:			
	8 Olíufræ og olíurík aldin, einnig mulin	1 kg		2
2.	18 og 19 í 15. kafla orðist svo:			
	18 — risínusolía (laxerolía)	—	2	8
	19 — önnur jurtafeiti, ót. a.	—	2	8
3.	Nr. 2 í 25. kafla orðist svo:			
	2 Sandur, ót. a. ..... tollfrjáls			
4.	Í stað nr. 16 í 25. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	Gips:			
	16 — óunnið ..... tollfrjálst			
	16a— brennt, mulið eða þvegið	—	2	8
5.	Nr. 1 í 28. kafla orðist svo:			
	1 Bróm, fosfór, brennisteinn og brennisteinsmjólk og sambönd þessara efna innbyrðis, svo og með klóri og joði, svo framarlega sem þau falla ekki undir annað tollskrárnúmer	—	7	8
6.	Í stað nr. 11 í 28. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	— ediksýra:			
	11 — — edik	—	7	30
	11a— — önnur	—	7	8
7.	Nr. 51 og 52 í 28. kafla orðist svo:			
	51 — metylalkóhól	—	7	8
	52 — ísóprópylalkóhól	—	7	8
8.	Aftan við nr. 60a í 28. kafla bætist orðin: svo og hexan.			
9.	Á eftir nr. 15 í 31. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	15a— hárliðunarvökvar og hárliðunarduft, ót. a.	—	7	30
10.	Nr. 17 í 44. kafla orðist svo:			
	17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m²	—		2
11.	Aftan við nr. 21 í 44. kafla tollskrárinnar komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	21a Sellófanpappír			2
12.	Nr. 22 í 44. kafla orðist svo:			
	22 Marmarapappír og annar pappír, ót.a.	—	7	30
13.	Nr. 33 í 44. kafla orðist svo:			
	33 — Vaxbornar umbúðir	—		2
14.	Nr. 7 í 45. kafla falla niður.			
15.	Orðin „Með eða“ í nr. 19 í 45. kafla falli niður.			
16.	Aftan við nr. 20 í 45. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	20a Áprentaður fiskumbúðapappír, enda beri áritunin það með sér, að pappírinn sé utan um fisk til útflutnings	—		2
17.	Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir úr cellulose	—	2	2

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
18.	Í stað nr. 4—5 í 46. kafla B komi þrjú nr., svo hljóðandi:			
	Garn:			
	4 — tvinni	—	20	8
	5 — netjagarn, ólitað	—	2	5
	5a— annað	—	20	15
19.	Í stað nr. 19 í 50. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
	— fiskinet og fiskinetjaslöngur:			
	19 — — úr nylon og öðrum gerviþráðum	—	2	5
	19a— — úr öðrum vefjarefnum	—	2	2
20.	42 í 50. kafla falli niður.			
21.	Nr. 22 í 60. kafla falli niður.			
22.	Á eftir fyrirsögninni að XV. flokki, „Ódýrir málmar og vörur úr þeim“, komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ef inn eru fluttar vörur úr málmum þeim, sem teljast til 64.—70. kafla, og vörur þessar eiga að koma í hærri tolla en tilsvarandi vörur úr járni og stáli í 63. kafla, má fjármálaráðuneytið mæla svo fyrir, að greiða skuli af þeim hin lægri aðflutningsgjöld eftir 63. kafla. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
23.	Á eftir nr. 22 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	22a Bryggjur, brýr, hús og önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
24.	Á eftir nr. 26 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	26a Fiskkörfur og körfur undir mjólkurflöskur úr vír og þess háttar	—	2	8
25.	Aftan við nr. 88 í 63. kafla komi svo hljóðandi athugas.:			
	Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að færa niður í 15% verðtoll skála, sem eru pressaðar til vaskagerðar og að öðru leyti ónunnar.			
26.	Aftan við nr. 33 í 72. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	Bindivélar	—	7	8
27.	Í stað nr. 27—28 í 72. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi:			
	27 Vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, til graftar, og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
28.	Nr. 64 í 72. kafla orðist svo:			
	64 Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra	—	7	15
29.	Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 13—16 í 73. kafla, „Rafmagnsbúnaður í báta, bifreiðar og bifhjól“, komi: Rafmagnsumbúnaður í bifreiðar, skip og önnur farartæki.			
30.	Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 37—45 í 73. kafla, „Búsáhöld og hlutar til þeirra“ komi: Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar.			
31.	Nr. 46—54 í 73. kafla falli niður.			
32.	Á eftir nr. 1 í 76. kafla komi nýtt númer, svo hljóðandi:			
	1a Fallhlífar og tilheyrandi		tollfrjálsar	
33.	Nr. 12 í 77. kafla falli niður.			
34.	Í stað nr. 29—32 í 77. kafla komi þrjú nr., svo hljóðandi:			
	Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.:			
	29 — bifreiðavogir (bryggjuvogir)	—	7	8
	30 — desimalvogir	—	7	8
	31 — aðrar	—	7	30

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
35.	Við nr. 3 í 97. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna.			
35.	Við nr. 3 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður að nokkru eða öllu leyti aðflutningsgjöld af hljómplötum með verkum eftir íslenzka höfunda og verkum sungnum og/eða leiknum af Íslendingum.			
37.	Á eftir nr. 10 í 82. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvarandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
38.	XXI. flokkur og 87. kafli orðist svo:			

XXI. FLOKKUR
Listaverk og safnmunir, ót. a.
87. kafli.
Listaverk og safnmunir, ót. a.

1	Listaverk ..... tollfrjáls			
	Aths. Tollundanþágan eftir nr. 1 tekur aðeins til frumverksins. Fjármálaráðuneytinu er þó heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af afsteypum, sem gerðar eru erlendis eftir hér gerðum frummyndum úr gipsi eða öðru áþekku efni.			
	Safnmunir, ót. a.:			
2	— frímerki og önnur slík merki ..... tollfrjáls			
3	— safnmunir til opinberra safna ..... tollfrjálsir			
4	— aðrir	—	7	30

2. gr.

Á eftir l-lið 3. gr. komi átta nýir stafliðir, svo hljóðandi:

m. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af votheysturnum og vélaútbúnaði til að steypa þá og af vélum og áhöldum til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu.

n. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af jeep-bifreiðum og almenningsvögnum og af vöruflutningabifreiðum.

o. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæðið í b-lið 24. gr. samþykktar þeirrar um alþjóðaflugmál, sem birt var með auglýsingu nr. 45/1947.

p. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum og útbúnaði til Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli, sem rekin er samkvæmt milliríkjasamningi frá 30. apríl 1947.

q. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði í b- og c-lið 7. gr. alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sem birtur er sem fylgiskjal með lögum nr. 13/1948, um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.

r. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem inn er flutt eingöngu vegna framkvæmdar samnings frá 16. september 1948, milli ríkisstjórnar Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

s. Að fella niður aðflutningsgjöld af munum, sem sendir eru hingað að gjöf og góðgerðafyrirtæki eiga að annast dreifingu á til bágstaddra og þvílíkra.

t. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af munum, sem aðeins eru fluttir hingað til sýningar eða flutnings um stundarsakir og endurútfluttir eru þegar að sýningu eða flutningi loknum, og af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu og flutt eru út þegar eftir að þau hafa verið reynd.
u. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem látið er ókeypis í té af National Bureau of Standards í Washington til vísindarannsókna samkvæmt samningi frá 1. júlí 1949 milli póst- og símamálastjórnar Íslands og National Bureau of Standards í Washington D.C.

3. gr.

Í stað orðanna „eða báta“ í síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi: báta eða flugvéla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi 5. liður 1. gr. laga nr. 6/1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Nd. 533. Lög [53. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 382.

Nd. 534. Breytingartillögur [58. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í gr. bætist í stafrófsröð:
   a. Eriksson, Konstantin W., pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur 28. nóv. 1879 í Finnlandi.
   b. Friedlaender, Heinz Karl, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
   c. Haubold, Elise Margarethe Johanna, ráðskona í Reykjavík, fædd 25. janúar 1893 í Þýzkalandi.
   d. Haubold, Richard Hans Werner, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 21. október 1897 í Þýzkalandi.
   e. Münch, Viktor Ferdinand Einar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 30. júní 1929 í Þýzkalandi.
   f. Stengrimsen, Sverre, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 3. júlí 1909 í Noregi. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Björns, sem fæddur er 8. okt. 1938.
   g. Vedder, Wilhelm, úrsmiður í Reykjavík, fæddur 18. júní 1903 í Þýzkalandi.
   h. Zakrisson, Isaker Peter, járnsmiður í Drangsnesi í Strandasýslu, fæddur 18. febrúar 1887 í Svíþjóð.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Stengrimsen, Sverre, skal þó ekki fá ríkisborgararétt fyrr en 5. júlí n. k.

Nd. 535. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (StJSt) var fjarverandi, er málið var afgreitt hjá nefndinni.

Alþingi, 14. apríl 1950.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Áki Jakobsson.

Nd. 536. Breytingartillögur [93. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir „5½ millj. kr." komi: 6 millj. kr.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein (verður 2. gr.), þannig:
   Í stað tveggja síðustu málsgreina 10. gr. laganna komi:
   Skal Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísa úr honum eftir tillögum verkfæranefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóði innan héraðs. Hvert ræktunarsamband skal senda Búnaðarfélagi Íslands skilagrein fyrir fyrningargjaldinu í lok hvers reikningsárs.
   Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.
   Nú hefur ræktunarsamband ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir, og er þá stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að halda eftir þeirri upphæð, sem vangreidd er, af jarðræktarstyrk þeim, sem greiða ber vegna jarðabóta í hlutaðeigandi ræktunarsambandi.

Nd. 537. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna bætist svo hljóðandi

Ákvæði um stundarsakir.

Lög nr. 109 30. des. 1943, um hlutatryggingafélög, skulu koma til framkvæmda af nýju og gilda frá 1. jan. þ. á. til ársloka 1952 um tryggingasjóð sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík, sem tók til starfa þar árið 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1939 tók til starfa tryggingasjóður sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík. Hefur hann starfað síðan og mun vera eini tryggingasjóður þessa eðlis á öllu landinu. Hlutverk hans hefur frá upphafi verið að bæta aflahluti. Fram til ársins 1948 starfaði sjóðurinn aðeins með eigið fé, sem var 2% af óskiptum afla allra báta í Bolungavík á þorskveiðum.

En árið 1948 var reglugerð sjóðsins breytt til samræmis við l. nr. 109 30. des. 1943, um hlutatryggingasjóði, en samkvæmt þeim bar ríkissjóði að greiða 0.7% af aflaverðmæti til hlutatryggingafélaga gegn jafnmiklu framlagi sjómanna og útgerðarmanna, sem stóðu að hverju einstöku félagi. Jafnframt féllst Alþingi á, að ríkissjóður skyldi greiða tryggingasjóði Bolvíkinga framlag samkvæmt þessum lögum fyrir árin 1944—47. Enn fremur hefur ríkissjóður greitt sjóðnum slíkt framlag fyrir árin 1948 og 1949. Með stofnun hins almenna hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins samkv. l. nr. 48 25. maí 1949 voru lög nr. 109 30. des. 1943 numin úr gildi. Missti tryggingasjóður sjómanna og útvegsmanna í Bolungavík því af stuðningi þeim, sem hann hefur notið samkvæmt þeim.

Nú er það hvort tveggja, að hinn almenni hlutatryggingasjóður bátaútvegsins er ekki tekinn til starfa, og eins hitt, að það er áform Bolvíkinga að halda áfram starfsemi tryggingasjóðs síns jafnhliða því, sem þeir vilja taka þátt í starfsemi hins nýja sjóðs.

Þetta frv. fer því fram á það, að l. nr. 109 30. des. 1943 skuli koma til framkvæmda að nýju og gilda fyrst um sinn í þrjú ár, eða til ársloka 1952, um tryggingasjóð Bolvíkinga.

Hér er um sanngirnismál að ræða. Bolvíkingar urðu fyrstir Íslendinga til þess að taka upp hlutatryggingar og hafa þannig unnið merkilegt brautryðjendastarf í þessum efnum. Það er eindregin ósk þeirra að halda starfsemi sjóðs síns áfram jafnhliða hinum almenna hlutatryggingasjóði.

Þess skal getið, að þetta mundi baka ríkissjóði sáralítil útgjöld. Sést það bezt af því, að árin 1944—47 nam framlag ríkissjóðs til sjóðsins aðeins rúmum 45 þús. kr. samtals. Árin 1948—49 nam það rúmlega 27 þús. kr. samtals fyrir bæði árin.

Nd. 538. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Vökur og takmarkalaus þrælkun togarasjómanna gekk á sínum tíma svo úr hófi fram, að hraustbyggðustu menn urðu heilsulausir á unga aldri. Alþýðuflokkurinn hóf þá baráttu fyrir löggjöf til verndar sjómönnum með þeim árangri, að hin alkunnu togaravökulög, sem formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvinsson, fékk samþykkt á Alþingi árið 1921, tryggðu togarahásetum 6 stunda hvíld á sólarhring, meðan skip voru að veiðum. Þetta orðalag var hártogað af sumum skipstjórum. Létu þeir slíta vöktum, þegar lagt var af stað heim, og settu ekki vaktir fyrr en komið var á fiskimiðin aftur. Baráttunni var haldið áfram, og með lögunum, sem gengu í gildi 1. júlí 1928, náðist hin upphaflega 8 tíma hvíldarkrafa, er átti að fyrirbyggja ofþjökun við þessa ströngu vinnu, sem oft var unnin í verstu veðrum. Einnig var svo kveðið á, að vaktir skyldu haldast, meðan skip væri í siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna. Í þessum lögum var ákveðið að skipta sólarhringnum sem hér segir:

Fyrst 6 tíma hvíld og 18 tíma á þilfari, en síðan 8 tíma hvíld samfellda og 16 tíma á þilfari.

Þegar fyrirkomulag þetta hafði staðið nokkur ár, komust menn á þá skoðun að fenginni reynslu, að heppilegra væri að skipta vöktum þannig, að 6 tíma hvíld kæmi eftir hverja 12 stunda vinnu. Er þetta að vísu nokkur frávikning frá lagabókstafnum, en hefur verið framkvæmt átölulaust, enda verður styttra milli hvílda á þennan hátt við hina erfiðu vinnu.

Þegar togaravökulögin voru sett, var vinnutími í landi almennt 10 stundir. Síðar var hann styttur niður í 8 stundir, en vinnutíminn á togurunum hélzt áfram óbreyttur. Þó var tekinn upp sá háttur í ófriðnum, þegar allir togarar stunduðu ísfiskveiðar allt árið, að 4 hásetar sigldu til útlanda í hverri ferð, en hinir voru í landi og fengu kaup og fæðispeninga og unnu við aðgerð á netum, sem látin voru í land, þó eigi lengur en 16 stundir í söluferð. Þeir, sem í landi voru, fengu á þennan hátt hvíld frá erfiðinu, meðan togararnir voru í siglingu og stunduðu eingöngu ísfiskveiðar. Meðan svo var ástatt, virtist ekki brýn ástæða til, að löggjafarvaldið hefði afskipti af málinu, en á þessu hefur nú orðið mikil breyting. Saltfiskveiðar togara hófust á ný árið 1946, en hafa þó eigi verið stundaðar verulega fyrr en á þessu ári. Og er útlit fyrir, að þær veiðar haldi áfram. Við þessa breytingu hefur erfiði togaraháseta aukizt mjög á ný. Hefur málið því verið rætt af samtökum sjómanna og komið til umræðu á Alþingi.

Í tilefni af frv. til l. um tólf stunda hvíld togaraháseta, sem borið var fram á Alþingi 1947, en vísað var til ríkisstjórnarinnar, skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna milliþinganefnd í málið. Í nefndinni voru Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari og Torfi Hjartarson tollstjóri, skipaðir án tilnefningar, Borgþór Sigfússon formaður sjómannafélagsins í Hafnarfirði og Sigfús Bjarnason starfsmaður sjómannafélags Reykjavíkur af hálfu sjómanna, en af hálfu útgerðarmanna Skúli Thorarensen forstjóri og Ingvar Vilhjálmsson útgerðarmaður.

Væntu menn góðs árangurs af starfi nefndarinnar.

Nefndin starfaði í rúmt ár og hefur viðað að sér miklu af gögnum víðs vegar að. Hún klofnaði að lokum í þrennt. Fulltrúar sjómanna lögðu til, að lögboðin yrði 12 stunda hvíld togaraháseta, fulltrúar útvegsmanna lögðust gegn því, en tveir nm. gerðu engar tillögur. Af þessu er augljóst, að samkomulag næst ekki með hásetum og útgerðarmönnum um þetta mál.

Kemur því til kasta Alþingis að kveða upp úrskurð í málinu. Sjávarútvegsnefnd hefur klofnað um frv. Tveir nm., undirritaður og ÁkJ vilja láta samþykkja frv., undirritaður þó með lítils háttar breytingu, en þrír nm. (PO, GG og SÁ) vilja láta fella það.

Sjávarútvegsn. hafði undir höndum álit milliþinganefndar og upplýsingar þær, er hún hafði aflað. Enn fremur lagði hún bréflega ákveðnar spurningar fyrir Alþýðusamband Íslands og Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Gætir þar mjög ólíkra sjónarmiða, bæði í nefndarálitunum og eins í svörum samtakanna.

Fulltrúar útvegsmanna leggja höfuðáherzlu á, að aukinn hvíldartími mundi mjög draga úr framleiðslu togaranna og mannafjölgun á skipunum, sem nauðsynleg væri til að halda aflamagninu, ef hvíldartími væri aukinn, yrði svo kostnaðarsöm, að ókleift yrði að halda togurunum úti. Jafnframt benda þeir til frístunda sjómanna á ísfiskveiðum, en gera saltfiskveiðarnar lítt að umtalsefni.

Fulltrúar sjómanna segja hins vegar m. a. um þessi atriði:

„Átta stunda vinnudagur hefur verið lögleiddur með flestum menningarþjóðum heims og við hér á landi haft hann um árabil. Víða er enn unnið að styttingu vinnudagsins. Það er því ekki sæmandi, að togarasjómenn þurfi að vinna 16 klukkutíma á sólarhring og ávallt við mun verri aðstæður en menn í landi. Íslenzk togaraútgerð hlýtur að byggjast á því, að menn fáist til að stunda þá atvinnu, en það verður því aðeins, að menn njóti í þeim starfa þeirrar hvíldar og aðbúðar, sem þeim er

nauðsynleg. Seinna atriðinu hefur verið séð fyrir með hinum nýju og stóru skipum, sem við eigum nú. En að því er hvíldartímann varðar, verður ekki talið, að nauðsyn sjómanna hafi verið fullnægt, og er þess ekki að vænta, að menn séu fúsir til þess að ráða sig á togara til 16 stunda vinnu á sólarhring, er fáanleg er vinna í landi, þar sem 8 stunda vinnudagur er gildandi.

Það er vitað mál, að togaravinna er engin íhlaupavinna og stór hópur manna gerir hana að lífsstarfi sínu, en eins og nú er háttað um vinnutíma, er ekki hægt fyrir menn nema á bezta aldri að stunda þessa atvinnu. Þegar menn eru orðnir miðaldra, eru þeir orðnir svo til útslitnir, en oft samt neyddir til að vera áfram á sjónum, sökum þess að þeir fá ekki vinnu í landi. Líðan þessara manna þarf ekki að lýsa.

Útgerðarmenn halda því hins vegar fram, að stytting vinnutímans mundi þýða fleiri menn um borð í skipunum og þar af leiðandi hærri útgerðarkostnað. En við teljum miklar líkur fyrir, að þó fjölga þyrfti mönnum til að byrja með, mundi það koma fljótt í ljós, að vinnuafköst mundu aukast það mikið við aukna hvíld, að fleiri menn en nú eru um borð í togurunum mundu óþarfir.“

Ég fellst á rökstuðning fulltrúa sjómanna í málinu og tel fengna reynslu sanna, að of langur vinnutími við erfiða vinnu dregur mjög úr vinnuafköstum.

Mótbára útgerðarmanna gegn aukningu hvíldartíma hefur eigi við rök að styðjast, hún er nákvæmlega hin sama nú og þegar fyrst var borið fram frumvarp um 6 stunda hvíld og síðar 8 stunda hvíld togaraháseta. Útgerðarmenn töldu í bæði skiptin, að afköstin mundu minnka, en reynslan sýndi, að þau uxu að mun við lengdan hvíldartíma. Það er sama reynslan og kenndi bændum á sinni tíð, að þeir afköstuðu meira við túnasláttinn með orfi og ljá á 10 klukkustundum en á 12—16 stundum áður. Sú ofþjökun, sem togarahásetar eiga nú við að búa á saltfiskveiðunum, er þess eðlis, að við hana verður ekki unað. Til sjósóknar þarf þrek og þor jafnframt fyrirhyggju. Þessa kosti þarf að örva með hæfilegum hvíldartímum. Við þá hörðu vinnu, sem nú er krafizt af togarahásetum, endast fáir lengur en til fimmtugsaldurs, en flestir miklu skemur. Engin sanngirni mælir með, að togarahásetar séu skyldir til að vinna 16 stundir á sólarhring, þegar landmenn vinna 8 stundir, og er munurinn nógu mikill samt, þótt hvíldartími þeirra verði ákveðinn 12 stundir.

Bent mun á, að vinnutími annarra fiskimanna sé oft langur og hvíldartími þeirra eigi lögákveðinn. Er það rétt, og að því leyti telur Alþýðuflokkurinn frv. þetta ganga of skammt, að það nær eigi til annarra en togaraháseta. Er það skoðun flokksins, að semja þurfi almenna löggjöf um vinnuvernd fiskimanna í samræmi við samþykktir stjórnar Alþýðusambandsins. Slík löggjöf þarf rækilegan undirbúning, og telur undirritaður eigi fært að fresta þessu frv. þann tíma, er hann kann að taka. Þar eð ég alít hagnað fyrir togaraháseta, hagnað fyrir togaraútgerðina og þjóðarheildina að lengja hvíldartíma togaraháseta, legg ég til, að frv. nái fram að ganga. Ég tel þó ekki hentugt að ákveða 12 stunda samfelldan vinnutíma og legg því til, að á frv. verði gerð þessi

BREYTING:

Við 1. gr. Orðin „eða tvær tólf stunda vökur, eftir því sem hásetar á viðkomandi skipi kjósa heldur“ falli niður.

Alþingi, 17. apríl 1950.

Finnur Jónsson,
form.

Ed. 539. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2.—3. töluliður og niðurlagsmálsgr. 9. gr. laganna falli niður. — 4.—5. tölul. sömu greinar verði 2.—3. tölul.

2. gr.

2. málsl. 1. málsgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi svo hljóðandi viðbót:

Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heimilissveit hans en í atvinnusveit, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hefði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit.

Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkv. úrskurði yfirskattanefndar, og standa atvinnusveit skil á honum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1950.

Nd. 540. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og telur ákvæði þess til bóta frá gildandi lögum um þetta efni. Þó kom sú skoðun fram í nefndinni, að í vissum tilfellum, svo sem þegar hluti girðingar lendir undir snjóalög, geti fénaður af þeim ástæðum komizt inn í skógræktargirðingu, án þess að eigandi fjárins eigi þar sök á, og geti því orkað tvímælis, hvort rétt sé að heimila slátrun fénaðar undir slíkum kringumstæðum.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr., a-lið. Á eftir orðunum „göllum á girðingunni“ í fyrsta málsl. 2. málsgr. komi: eða óvenjulegum snjóalögum.

Alþingi, 17. apríl 1950.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson, frsm.
Jón Sigurðsson.	Ásgeir Bjarnason.	

Nd. **541. Frumvarp til laga** [120. mál]

um ónæmisaðgerðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ónæmisaðgerðir, sem lög þessi taka til, eru bólusetning gegn

1. bólusótt (kúabólusetning),
2. barnaveiki,
3. taugaveiki,
4. kikhósta,
5. berklaveiki,
6. öðrum sóttum, er til greina koma hér á landi, ef virk ónæmisaðgerð gegn þeim verður kunn,
7. enn öðrum sóttum, þegar sérstaklega stendur á, einkum í sambandi við ferðir manna úr landi.

2. gr.

Í Reykjavík og annars staðar, þar sem heilsuverndarstöðvar hafa með höndum almennt eftirlit með ungbörnum, skal í sambandi við framkvæmd eftirlitsins kúabólusetja (frumbólusetja) hvert barn í umsjá stöðvarinnar, eftir að það er orðið misserisgamalt, en áður en það er ársgamalt.

Nú verður kúabólusetningu barns samkvæmt þessari grein ekki komið við í tæka tíð vegna sjúkleika barnsins eða annars, og skal þá heilsuverndarstöðin annast kúabólusetningu þess jafnskjótt sem því verður við komið.

3. gr.

Þar, sem ekki er heilsuverndarstöð, sem hefur með höndum ungbarnaeftirlit, skulu foreldrar og aðrir forsjármenn ungbarna eiga kost á og gera ráðstafanir til að fá þau kúabólusett (frumbólusett), eftir að þau eru orðin misserisgömul, enda gera sér far um að fá því lokið, áður en þau eru tveggja ára.

Kúabólusetningu samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella héraðslæknar. Þegar sérstaklega stendur á, er þó héraðslækni heimilt að fela ljósmóður eða öðrum hæfum bólusetjara að annast þessa kúabólusetningu í sínu umboði.

4. gr.

Nú er barn komið á skólaaldur og hefur ekki verið kúabólusett samkvæmt 2. og 3. gr., og skal þá skólalæknir (héraðslæknir), jafnframt því sem skólaskoðun er framkvæmd, gera ráðstafanir til þess, að barnið verði kúabólusett (frumbólusett) þegar á fyrsta skólaári, en ef því verður ekki við komið, þá svo fljótt sem við verður komið.

Kúabólusetningu samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella skólalæknir (héraðslæknir) sjálfur, jafnframt því sem skólaskoðun er framkvæmd, eða skólahjúkrunarkona undir eftirliti hans, ef hennar er völ.

5. gr.

Skólalæknir (héraðslæknir) skal gera ráðstafanir til þess, að sérhvert skólabarn sé kúabólusett á ný (endurbólusett), eftir að það er orðið fullra 10 ára, en áður en það er 13 ára.

Um framkvæmd kúabólusetningar samkvæmt þessari grein fer á sama hátt sem um framkvæmd kúabólusetningar samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Nú ferst kúabólusetning samkvæmt 5. gr. fyrir, og skal þá barn það eða unglingur, er í hlut á, eiga kost á kúabólusetningu (endurbólusetningu) á heilsuverndarstöð, þar sem hún er, en ella hjá héraðslækni.

7. gr.

Almenningi skal gera kost ónæmisaðgerða samkvæmt 1. gr., 2. og 5. tölulið, svo og eftir því sem þörf kann að krefja samkvæmt 3., 4., 6. og 7. tölulið, samkvæmt hinum síðast nefnda tölulið þó aðeins að svo miklu leyti sem við verður komið.

Ónæmisaðgerðir samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella héraðslæknar.

8. gr.

Þegar ætla má, að sérstakar starfsstéttir eigi öðrum fremur á hættu að sýkjast af hættulegri sótt (svo sem farmenn á sjó eða í lofti, læknar, hjúkrunarfólk, sóttgæzlumenn o. s. frv.), er héraðslækni heimilt í samráði við landlækni að gera ráðstafanir til þess, að fólk úr þeim stéttum verði bólusett gegn þeirri sótt, sem um er að ræða. M. a. kemur hér til greina kúabólusetning um fram það, sem fyrir er mælt í 2.—6. gr.

Þegar mikil sótthætta er yfirvofandi, er ráðherra heimilt að fyrirskipa almenna bólusetningu gegn þeirri sótt, sem um er að ræða, og láta ná til tiltekinna svæða, eða landsins í heild, ef þurfa þykir.

9. gr.

Heilsuverndarstöðvar og héraðslæknar ákveða í samráði við landlækni og gera almenningi nægilega kunnugt, hvernig framkvæmdum ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum skuli hagað, svo að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að þeim, eftir því, sem til hagar á hverjum stað, og hafi þeirra sem fyllst not.

Berklayfirlæknir hefur yfirstjórn bólusetningar gegn berklaveiki og segir fyrir um framkvæmd hennar.

10. gr.

Nú kemur í ljós, að bóluefni, sem notað hefur verið til ónæmisaðgerðar samkvæmt lögum þessum, hefur verið óvirkt, og skal þá sú ónæmisaðgerð metin ógerð, og sé um ónæmisaðgerð að ræða, sem skylt er að undirgangast, skal hún endurtekin með virku bóluefni, svo fljótt sem við verður komið.

Ef vitað er, að kúabóla hefur ekki komið út, og óvirku bóluefni þó ekki um að kenna, skal endurtaka kúabólusetningu (frumbólusetningu, endurbólusetningu), eftir því sem við verður komið, og frumbólusetningu tvisvar, ef á sama hátt fer í annað sinn.

11. gr.

Við framkvæmd ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að þyrpa fólki sem allra minnst saman til aðgerðanna.

12. gr.

Landlæknir gerir úr garði og lætur heilsuverndarstöðvum og héraðslæknum í té sérstakar skírteinibækur, ónæmisskírteini. Skal sérhver sá, er leitar ónæmisaðgerðar hjá þessum aðilum, hafa slíka skírteinibók í höndum, varðveita hana trúlega og láta skrá í hana allar ónæmisaðgerðir, er hann undirgengst samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Ekki má staðfesta barn, né gefa saman hjón, nema ónæmisskírteini hlutaðeiganda beri með sér, að hann hafi verið kúabólusettur samkvæmt ákvæðum laga þessara. Sömu skilyrðum skal og háð, að fólk fái inngöngu í framhaldsskóla og aðra skóla

en barnaskóla. Setja mega skólar, einkum heimavistarskólar, ríkari inngönguskilyrði, að því er varðar ónæmisaðgerðir.

Ekki má ráða hjúkrunarkonur, hjúkrunarnema eða þjónustufólk sjúklinga að berklahælum eða öðrum stofnunum, þar sem vistaðir eru berklasjúklingar, nema það svari jákvætt við berklapróf, ella undirgangist berklabólusetningu, áður en það hefur vistina. Sama gildir um læknanema, er nám stunda við slíkar stofnanir.

14. gr.

Heilsuverndarstöðvar og héraðslæknar skulu skrá í bækur sínar eða spjaldskrár þá, er þeir gera á ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum, enda vera við því búnir að gefa vottorð þar að lútandi, ef á þarf að halda, svo sem ef ónæmiskírteini glatast. Kúabólusetningar og aðrar ónæmisaðgerðir skólalækna (héraðslækna) í barnaskólum skal þó skrá í nemendaskrá hlutaðeigandi skóla.

15. gr.

Héraðslæknar skulu í ársskýrslu sinni á þar til gerðu eyðublaði, er landlæknir lætur í té, gera skýrslu um ónæmisaðgerðir þær, sem framkvæmdar hafa verið í héraði þeirra á árinu samkvæmt lögum þessum. Skal skýrslan bera með sér, gegn hverjum sóttum hefur verið bólusett, og hversu margir gegn hverri sótt.

16. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins annast útvegun bóluefnis til ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum. Kostnaður af öflun kúabóluefnis og annars bóluefnis til ónæmisaðgerða, sem framkvæmdar eru á opinberan kostnað samkvæmt 17. gr., greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Kostnað af framkvæmd kúabólusetningar svo og bólusetningar gegn barnaveiki og berklaveiki af hendi heilsuverndarstöðva samkvæmt lögum þessum skal telja með kostnaði af rekstri stöðvanna.

Kostnað af framkvæmd almennrar berklabólusetningar utan heilsuverndarstöðva, en á vegum berklayfirlæknis, skal greiða af berklavarnafé.

Skólalæknum (héraðslæknum), sem hafa umsjón með eða annast kúabólusetningu í barnaskólum jafnframt skólaeftirliti samkvæmt 4. eða 5. gr., ber ekki fyrir það aukreitis þóknun.

Nú framkvæmir héraðslæknir, þar sem ekki er heilsuverndarstöð, kúabólusetningu samkvæmt 3. eða 6. gr., og ekki er til að dreifa vanrækslu þeirra, sem kúabólusetningarinnar leita, og greiðist þá kostnaðurinn af aðgerðinni úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna.

Kostnaður af framkvæmd fyrirskipaðra ónæmisaðgerða samkvæmt 8. gr. greiðist úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna eða samkvæmt samningi við heilsuverndarstöðvar og héraðslækna, eftir því, sem henta þykir.

Kostnað af framkvæmd annarra ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum greiða hlutaðeigendur sjálfir samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, að svo miklu leyti sem sjúkrasamlög taka ekki á sig kostnaðinn.

18. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglugerð, þar sem kveðið er nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd laga þessara, þ. á m. um tilhögun hinna einstöku ónæmisaðgerða.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal vanræksla að leita ónæmisaðgerðar, sem skylt er að undirgangast, varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1951, þó ekki ákvæði 13. gr. um ónæmisskirteini fyrr en jafnóðum sem lögin koma til framkvæmda, og gilda þá fyrst um sinn bóluvottorð samkvæmt fyrri bólusetningarlögum.

Jafnframt því sem lög þessi ganga í gildi, falla úr gildi lög nr. 34 27. september 1901, um bólusetningar, svo og lög nr. 16 22. október 1912, um breyting á þeim lögum.

Nd. 542. Breytingartillaga [46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 4. gr. Úr greininni falli orðin „Hámark þetta skal taka til bóta á árinu 1949 og framvegis. Ríkisstjórninni er þó heimilt að breyta þessu hámarki, ef óvenjulegar verðsveiflur eiga sér stað.“

Nd. 543. Breytingartillaga [46. mál]

við brtt. á þskj. 528 [Sauðfjársjúkdómar].

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við tölul. 2. a. Fyrir „4%“ komi: 6%.

Nd. 544. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft þetta frv. til athugunar í langan tíma, en samkomulag ekki orðið um afgreiðslu þess. Ég tel ekki fært að fresta því lengur að skila áliti um málið til þingdeildarinnar, þar sem ég tel nauðsynlegt, að úr því fáist skorið, áður en þingi lýkur, hvort þingvilji er fyrir lögfestingu þeirra ákvæða, sem í frumvarpinu felast.

Um mörg undanfarin ár hefur viðskiptaástandið hér á landi verið þannig, að óhjákvæmilegt hefur verið að takmarka vöruinnflutning til landsins. Hefur það verið framkvæmt þannig, að ákveðið hefur verið í lögum, að engar vörur mætti flytja til landsins nema að fengnum innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, og veiting leyfanna hefur verið framkvæmd af þar til skipuðum nefndum. Því miður er útlit fyrir, að innflutningshömlum þurfi enn að beita fyrst um sinn. Engar líkur virðast benda til þess, að í mjög náinni framtíð verði hægt að komast hjá því að takmarka vöruinnflutninginn og hafa stjórn á því, hvaða vörur eru keyptar, til þess að tryggja það, eftir því sem verða má, að innflutningur á nauðsynlegustu vörunum sitji í fyrirrúmi. En meðan slíkar innflutningshömlur eru í gildi, skiptir mjög miklu máli fyrir almenning, að hið takmarkaða innflutningsvörumagn skiptist sem sanngjarnlegast milli manna og að sem mest frjálsræði ríki í viðskiptunum, svo að allir lands-

menn eigi þess kost að kaupa vörur sínar hjá þeim verzlunarfyrirtækjum, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla við á hverjum tíma, og geti þannig komizt að sem beztum kaupum. Er langt frá því, að þessa hafi verið gætt við stjórn viðskiptamálanna á liðnum árum, og af þeim sökum hefur vöruverð verið hærra og verzlunin langtum óhagstæðari fyrir almenning heldur en þurft hefði að vera.

Á síðasta þingi fluttu þingmenn úr Framsóknarflokknum frumvarp um breytingar á fjárhagsráðslögunum, sem í aðalatriðum boðaði sömu stefnu í viðskiptamálum og frv. það, sem hér liggur fyrir. Það frv. hlaut ekki samþykki á því þingi. En vegna nokkurra breytinga, sem orðið höfðu á framkvæmd viðskiptamálanna, síðan það frumvarp lá fyrir Alþingi, þótti rétt að taka málið upp í nokkuð breyttri mynd á þessu þingi, og er það gert með flutningi þessa frv. M. a. hafði sú breyting á orðið síðan í fyrra, að hætt var skömmtun á kornvörum og nokkrum fleiri vörutegundum, og þótti þá ekki ástæða til að leggja til, að skömmtun á þeim vörum yrði aftur upp tekin, en hið fyrra frumvarp framsóknarmanna hafði verið miðað við þáverandi ástand í skömmtunarmálunum. Aftur á móti hafa verið tekin upp í það frv., sem hér liggur fyrir, ákvæði um úthlutun leyfa fyrir fleiri vörutegundum heldur en tillögur voru um í frv. því, sem flutt var á síðasta þingi.

Aðalefni frv. er í 3. gr. þess. Eru þar í einni frumvarpsgrein tillögur um úthlutun leyfa fyrir allmörgum vöruflokkum. Að athuguðu máli tel ég heppilegra að gera á þessu þá formsbreytingu að skipta efni greinarinnar í fleiri frumvarpsgreinar, til þess að auðveldara sé við atkvæðagreiðslu að taka ákvörðun um fyrirkomulag úthlutunar á hverjum vöruflokki fyrir sig. Flyt ég hér breytingartillögur um þetta, sem eins og áður segir eru aðallega formsbreytingar, en engar verulegar efnisbreytingar á frv. Skal hér vikið nokkuð nánar að efni hinna einstöku frumvarpsgreina, eins og ég legg til í till. mínum, að þær verði:

Í 1. brtt. er lagt til, að 10. gr. laganna falli burt. Sú grein er um sérstaka innflutnings- og gjaldeyrisdeild hjá fjárhagsráði. Sú breyting hefur að vísu verið gerð þar á fyrir skömmu, að yfirmönnum hefur verið fækkað í þeirri deild, en þrátt fyrir það þykir ekki ástæða til að hafa þá sérdeild starfandi áfram, heldur annist sjálft fjárhagsráð úthlutun leyfanna. Er málum í raun og veru þannig fyrir komið nú, þar sem tveir af fjárhagsráðsmönnum munu framkvæma það verk.

2. brtt. er aðeins formsbreyting, í samræmi við 1. brtt.

Í 3. brtt. er lagt til, að aðalefni 3. gr. frv. verði sett í nokkrar nýjar lagagreinar, eins og áður er að vikið. Eru þar í 1. lið ákvæði um úthlutun leyfa fyrir kornvörum, kaffi og sykri. Í b-lið brtt. eru ákvæði um það, að þegar fjárhagsráð veitir fjárfestingarleyfi til bygginga eða annarra framkvæmda, skuli það láta fylgja leyfunum ávísanir á innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllum helztu efnivörum, sem til framkvæmdanna þarf. Er hér um mjög þýðingarmikið nýmæli að ræða. Að undanförnu hefur mörgum reynzt erfitt að fá efni til slíkra framkvæmda, sem þeir hafa haft með höndum, og í mörgum tilfellum orðið að sæta miklu verri kjörum við kaup á byggingarefni heldur en þurft hefði að vera. Ef menn fá slíkar ávísanir á innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir efni, um leið og þeir fá fjárfestingarleyfin, er það tryggt, svo sem unnt er, að þeir geti fengið efnið og að þeir geti keypt það á þeim verzlunarstöðum og hjá þeim verzlunarfyrirtækjum, sem þeir telja sér hagkvæmast. Virðist sjálfsagt að greiða fyrir mönnum á þennan hátt við efnisútvegun til framkvæmda. Í síðari málsgr. þessa tölul. eru tillögur um úthlutun leyfa fyrir byggingarefni til viðhalds mannvirkja og til nýrra framkvæmda, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi fyrir, og eru tillögurnar miðaðar við það, að efni þessu verði skipt sem sanngjarnlegast milli landshluta.

Í c-lið till. er lagt til, að leyfum fyrir ávöxtum, kryddvörum og nýlenduvörum skuli skipt milli verzlana í hlutfalli við skilaða skömmtunarseðla fyrir sykri. Þykir eðlilegt að hafa sykursöluna (til annarra en iðnaðarfyrirtækja) sem mælikvarða við úthlutun á þessum vörum, til þess að tryggja það, að þær skiptist eðlilega milli verzlana og verzlunarstaða um land allt.

d—g-liðir till. eru um innflutning á vefnaðarvörum og skófatnaði til smásöludreifingar, um innflutning á efni til fata- og skóiðnaðar og um skiptingu á þessum vörum milli landsmanna. Er lagt til, að meðan innflutningur á þessum vörum er takmarkaður, skuli þeim jafnað milli landsmanna með skömmtun. En sú skömmtun verður með öðrum hætti, ef tillögurnar verða samþykktar, heldur en sú vefnaðarvöru- og fataskömmtun, sem hér er nú og hefur verið að undanförnu. Svo sem alkunnugt er, hefur útgáfa skömmtunarseðla fyrir þessum vörum ekki verið í neinu samræmi við innflutning þeirra. Miklu meira hefur verið gefið út af skömmtunarseðlum heldur en sem svaraði til innflutts vörumagns. Hefur skömmtunin af þessum sökum ekki komið að því gegni, sem til var ætlazt, að jafna vörunum milli manna. Það fólk, sem hefur haft bezta aðstöðu til að ná í vörur eða verið aðgangsharðast í þeim efnum, hefur fengið vörur út á skömmtunarmiðana, en aðrir setið á hakanum. — Er þetta eitt af því, sem stuðlað hefur að svörtum markaði.

Hér er það nýmæli á ferð, að skömmtunarseðlarnir verði látnir gilda fyrir ákveðið gjaldeyrisverðmæti, og jafnframt fyrirmæli um það, að ekki verði gefnir út seðlar fyrir meira af vörum en flutt er til landsins. Til þess að greiða fyrir því, að menn geti strax fengið vörur gegn hinum nýju skömmtunarseðlum, er hér lagt til, að áður en þeir verða út gefnir, verði svonefndum stofnleyfum fyrir vefnaðarvörum og skófatnaði úthlutað til verzlana og einnig stofnleyfum fyrir efnivörum til fata- og skógerðar til iðnaðarfyrirtækja. Er ákveðið hámark þess, sem leyfa má til iðnaðarins, í hlutfalli við leyfi til smásöludreifingar í verzlunum. Stofnleyfin eiga að nema nokkru hærri upphæð heldur en samanlagt gjaldeyrisverðmæti þeirra nýju skömmtunarseðla, sem út verða gefnir til kaupa á þessum vörum. Er það ákvæði sett í þeim tilgangi að gera mönnum auðveldara að fá vörur út á seðlana þegar í stað.

Stofnleyfin eiga aðeins að gilda í 6 mánuði. Eftir að þau hafa verið gefin út og hinir nýju skömmtunarseðlar hafa öðlazt gildi, eiga verzlanir og iðnaðarfyrirtæki að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi í hlutfalli við skilaða skömmtunarseðla fyrir þessum vörum.

Með þessum ákvæðum, ef lögfest verða, hafa skömmtunarseðlarnir öðlazt gildi sem ávísanir á innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir viðkomandi vörum. Má telja víst, að þetta verði til þess að auka heilbrigða samkeppni í verzlun með vörurnar. Allir handhafar skömmtunarseðlanna hafa með því stórum bætta aðstöðu frá því, sem nú er, til þess að ná hagkvæmum kaupum, og þeir hafa það á valdi sínu að auka viðskipti þeirra fyrirtækja, sem þeir telja rekin á heilbrigðan hátt og hagfelldast að skipta við.

Næsti liður till. (h-liður) er um úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmí. Skal leyfum þessum skipt milli kaupstaða og sýslufélaga í hlutfalli við tölu skráðra bifreiða í hverju umdæmi. En bifreiðaeigendur geta ráðið því, hvaða verzlanir og viðgerðarstöðvar í hverju umdæmi fái leyfin. Með þessu er áreiðanlega mjög bætt aðstaða bifreiðaeigenda til þess að ná í nauðsynlega hluti til bifreiðarekstrarins með sem beztum kjörum.

Í 6.—9. gr. frv. eru tillögur um nokkrar breytingar á 3. kafla laganna, en sá kafli fjallar um verðlag. Eru þetta að mestu orðalagsbreytingar í samræmi við þá tillögu, sem fram er borin í frv., um, að innflutnings- og gjaldeyrisdeildin verði lögð niður. En með því að nú liggur fyrir þingdeildinni sérstakt frv. um verðlag, sem væntanlega verður samþykkt, er hér lagt til, að þessar greinar frv. falli niður, þar sem 3. kafli laganna um fjárhagsráð fellur úr gildi við gildistöku nýrra laga um verðlag.

E. t. v. flyt ég tillögur fyrir 3. umræðu málsins um úthlutun leyfa fyrir fleiri vöruflokkum en tilgreindir eru í frv. og brtt., eins og þær nú liggja fyrir.

Vegna þeirrar verðhækkunar á aðfluttum vörum, sem stafar af gengisbreytingunni, er þess mjög brýn þörf, að allt verði gert, sem unnt er, til þess að gera verzlunina svo haganlega fyrir almenning sem mögulegt er. Innflutningshöftum er ekki hægt að létta af enn sem komið er. En þrátt fyrir það er hægt að gera ráðstafanir

til þess, að langtum meira frjálsræði ríki í verzluninni en verið hefur nú um langt skeið, þannig að landsmenn eigi þess kost að ráða því sjálfir, hjá hvaða verzlunartyrirtækjum þeir hafa viðskipti sín á hverjum tíma. Slíkt verzlunarfrelsi er skylt að veita öllum þegnum þjóðfélagsins og að því er stefnt með því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, þannig:
   10. gr. laganna falli burt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   11. gr. laganna orðist svo:
   Engar vörur má flytja til landsins nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð þó gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.
   Fjárhagsráð úthlutar innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til kaupa á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og getur sett þau skilyrði um innflutninginn, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.
   Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa skal hagað samkvæmt fyrirmælum laga þessara.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 11. gr. laganna komi nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   a. (12. gr.) Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir kornvörum, kaffi og sykri skulu veitt eftir óskum, ef umsækjendur hafa tryggt sér gjaldeyri til greiðslu á vörunum. Að öðru leyti skulu leyfi fyrir þessum vörum miðuð við það, að jafnan sé nóg af þeim á öllum verzlunarstöðum á landinu til þess að fullnægja þörfinni fyrir þær, eða til þess að, allir neytendur geti fengið það magn af þessum vörum, sem skömmtunarseðlar gilda fyrir, ef eitthvað af vörunum er skammtað.
   b. (13. gr.) Þegar fjárhagsráð veitir fjárfestingarleyfi samkv. 5. gr., skal það áætla, í erlendum gjaldeyri, verð þess timburs, sements, steypustyrktarjárns, þakefnis, miðstöðvarefnis, hreinlætistækja, gólfdúks og rúðuglers, sem til framkvæmdarinnar þarf, og skal leyfishafi fá ávísanir á gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum vörum. Ávísanir þessar getur hann aðeins notað þannig að afhenda þær verzlunum, kaupfélögum eða öðrum verzlunarfyrirtækjum, og skulu viðkomandi verzlanir þá fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þeim vörum, sem ávísanirnar gilda fyrir.
      Við úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir byggingarefni, sem ætlað er til viðhalds mannvirkja og framkvæmda, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi fyrir, skal fylgt þeirri meginreglu, að leyfunum sé skipt milli héraða (kaupstaða og sýslufélaga) í hlutfalli við mannfjölda. Í hverju héraði skal leyfum þessum skipt milli verzlana, sem héraðsbúar skipta við, í sömu hlutföllum og leyfum til framkvæmda, sem fjárfestingarleyfi eru veitt til.
   c. (14. gr.) Innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir nýjum, þurrkuðum og niðursoðnum ávöxtum, kryddvörum alls konar og nýlenduvörum, öðrum en kaffi og sykri, skal skipt milli verzlana í hlutfalli við skilaða skömmtunarseðla fyrir neyzlusykri árið á undan.
   d. (15. gr.) Þegar fjárhagsráð hefur ákveðið, hvaða fjárhæð skuli varið til innflutnings á fatnaði, vefnaðarvörum og skófatnaði (öðrum en gúmmískófatnaði) til smásöludreifingar árið 1950, skal það veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir helmingi þeirrar fjárhæðar, og gildi þau sem stofnleyfi í sex mánuði frá útgáfudegi þeirra. Skal þessum stofnleyfum skipt þannig milli

verzlana, að Samband íslenzkra samvinnufélaga fái 45% handa sambandskaupfélögunum og önnur verzlunarfyrirtæki 55% af heildarfjárhæðinni, og séu stofnleyfin veitt öllum verzlunum á sama tíma.

e. (16. gr.) Heildarupphæð innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir efnivörum til fata- og skóiðnaðar á árinu 1950 má ekki fara fram úr 50% af samanlagðri upphæð þeirra leyfa, sem verzlanir fá fyrir fatnaði, vefnaðarvörum og skófatnaði (öðrum en gúmmískófatnaði) til smásöludreifingar, enda sé þess gætt, að ekki sé veittur innflutningur til annars vefnaðarvöruiðnaðar og skóiðnaðar en þess, sem hagkvæmt er að hafa í landinu. Skal fyrst veita leyfi fyrir helmingi þess efnivöruinnflutnings, sem ákveðið er að leyfa á árinu, og gildi þau sem stofnleyfi í sex mánuði frá útgáfudegi þeirra. Samband íslenzkra samvinnufélaga á rétt á að fá 45% af þessum efnivöruinnflutningi til þeirra iðnaðarfyrirtækja, er það og félög þess reka

f. (17. gr.) Meðan takmarkaður er innflutningur á fatnaði, vefnaðarvörum og skófatnaði (öðrum en gúmmískófatnaði), skulu vörur þessar skammtaðar, til þess að tryggt sé, að þær skiptist jafnt milli landsmanna, og skal þess gætt, að aldrei séu gefnir út skömmtunarseðlar, er gildi fyrir meira af vörum en flutt er til landsins. Á skömmtunarseðlunum sé tilgreint það gjaldeyrisverðmæti, er þeir gilda fyrir, og um leið og útsöluverðið á vörunum er ákveðið, skal einnig ákveða skömmtunarverðmæti þeirra (þ. e. gjaldeyrisverðmæti), hverrar tegundar fyrir sig, enda séu vörurnar aðeins seldar gegn skömmtunarseðlum, sem gilda fyrir jafnmikið og skömmtunarverðmæti vörunnar nemur. Skylt er að verðmerkja vörurnar, þar sem tilgreint sé hvort tveggja, skömmtunarverðmæti þeirra og útsöluverð.

g. (18. gr.) Eftir að stofnleyfi hafa verið gefin út samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu gefnir út nýir skömmtunarseðlar fyrir þeim vörum, er þar greinir, og má samanlagt gjaldeyriverðmæti þeirra ekki fara fram úr 80% af heildarupphæð stofnleyfanna. Vörur þær, sem fluttar eru inn gegn stofnleyfunum, má aðeins selja gegn hinum nýju skömmtunarseðlum, eða seðlum, er síðar verða útgefnir. Nú hafa stofnleyfin verið gefin út og nýir skömmtunarseðlar hafa öðlazt gildi, og skal úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til kaupa á þeim vörum, er þar greinir, þar eftir hagað þannig, að leyfunum sé skipt milli verzlana og iðnfyrirtækja í hlutfalli við gjaldeyrisverðmæti þeirra skömmtunarseðla, sem gefnir eru út samkvæmt ákvæðum laga þessara og þeir aðilar skila til fjárhagsráðs.

h. (19 gr.) Innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmíi skal skipt milli kaupstaða og sýslufélaga í réttu hlutfalli við tölu skráðra bifreiða í hverju umdæmi. Síðan skal úthlutun til verzlana og viðgerðarstöðva innan hverrar sýslu og kaupstaðar fara eftir óskum bifreiðaeigenda.

i. (20. gr.) Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til kaupa á öðrum vörum en þeim, sem sérstök fyrirmæli eru um í þessum lögum, fer eftir ákvörðunum fjárhagsráð, nema fyrirmæli um það efni séu sett með öðrum lögum eða ályktunum frá Alþingi.

4. 3. grein falli burt.
5. 6. grein falli burt.
6. 7. grein falli burt.
7. 8. grein falli burt.
8. 9. grein falli burt.
9. 10. grein falli burt.

Alþingi, 17. apríl 1950.

Skúli Guðmundsson,
fundaskr.

Nd. **545. Frumvarp til laga** [140. mál]

um úthlutun launa til listamanna.

Flm.: Magnús Kjartansson.

1. gr.

Fé því, sem veitt er á fjárlögum til rithöfunda, skálda og annarra listamanna, skal úthlutað samkvæmt því, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Úthlutun þeirra launa til listamanna, er Alþingi ákveður að veita ár hvert, annast nefnd, sem skipuð er af nefndarmönnum menntamálaráðs, einum manni kosnum af háskólaráði til eins árs í senn og formanni Bandalags ísl. listamanna. Nefndin kýs sér sjálf formann.

3. gr.

Úthlutunarnefnd veitir laun til listamanna í 3 flokkum, og skulu einstakar fjárhæðir ákveðnar í þessum hlutföllum: 5, 3, 1.

Nefndin úthlutar launaunum til einstaklinga.

Hafi listamaður komizt fimm sinnum í annan hvorn hærri flokkanna, má eigi lækka hann í flokki úr því.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni.

4. gr.

Laun til listamanna samkvæmt lögum þessum skulu skattfrjáls.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er algerlega samhljóða frumvarpi, sem gengið var frá á fundi Bandalags íslenzkra listamanna 26. janúar 1947, en áður höfðu listamannasamtökin innan Bandalagsins samþykkt frumvarpið því nær einróma í þessari mynd.

Aðdragandi þeirrar frumvarpsgerðar var sá, að árið 1946 var sá háttur upp tekinn, að pólitískri sérnefnd, skipaðri einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, var falið að úthluta launum til listamanna. Úthlutun nefndar þessarar vakti mikla ólgu. Ýmsir listamenn neituðu að taka við því fé, sem þeim var skammtað, en aðrir mótmæltu opinberlega úthlutuninni og tilhögun hennar. Brynjólfur Bjarnason, þáv. menntamálaráðherra, skipaði þá fjögurra manna nefnd til að semja tillögur um endanlega skipan þessara mála, og áttu sæti í henni Jakob Benediktsson, Kjartan Ólafsson, Pálmi Hannesson og Gunnar Thoroddsen. Nefndin varð sammála um frumvarp, og sendi menntamálaráðherra það síðan Bandalagi íslenzkra listamanna til umsagnar. Bandalagið gerði nokkrar breytingar á tillögum fjórmenninganna og gekk endanlega frá frumvarpinu í þeirri mynd, sem það birtist hér.

Frumvarpið hefur af einhverjum ástæðum aldrei komið til kasta Alþingis fyrr en nú, heldur hefur því fyrirkomulagi verið haldið, sem upp var tekið 1946, og þingkjörin, pólitísk sérnefnd annazt úthlutunina. Mun þó sízt ástæða til að fullyrða, að sú skipan hafi gefizt betur með árunum. Hver úthlutun hefur vakið ákafar deilur og óánægju, jafnt meðal listamanna sem annarra, er áhuga hafa á menningarmálum. Verða störf nefndanna ef til vill rakin lítillega í framsögu, en hér skal minnt á þá óhæfu, að snjallasti listamaður landsins, Halldór Kiljan Laxness, hefur verið

sviptur listamannalaunum undanfarin tvö ár. Árið 1947 skoraði sjálf úthlutunarnefndin á Alþingi að breyta fyrirkomulaginu og lýsti í meginatriðum yfir fylgi sínu við frumvarp Bandalagsins.

Ástæðan til þess, að ég flyt þetta frumvarp inn í þingið, er sú, að ég hef tvívegis átt sæti í nefndum þeim, sem Alþingi hefur kosið til að úthluta launum til listamanna, og þekki vel af eigin raun starfsskilyrði þar. Í nefndinni hef ég lagt til, að störfum yrði hagað í samræmi við óskir Bandalagsins og að nefndin beitti sér fyrir breytingu á tilhögun þessara mála samkvæmt vilja listamannanna sjálfra. Er ekki vansalaust fyrir Alþingi, að ár eftir ár skuli launum til listamanna vera úthlutað á þann hátt, sem fáir eða engir eru ánægðir með eða telja til frambúðar. Færi vissulega vel á því, að Alþingi kæmi þessum málum í fast og viturlegt horf, um leið og þriðja þing Bandalags íslenzkra listamanna gegnir störfum sínum.

Um einstök atriði frumvarpsins leyfi ég mér að vísa til greinargerðar þeirrar, sem Bandalagið sendi menntamálaráðuneytinu ásamt tillögum sínum. Fer hún hér á eftir.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 28. jan. 1947.

Með bréfi, dags. ½ '46, senduð þér Bandalagi ísl. listamanna til umsagnar „*Frumvarp til laga um úthlutun höfundalauna*".

Frumvarp þetta hefur verið athugað í öllum listamannafélögum innan Bandalangsins, og Bandalagið sjálft hefur haft það til meðferðar og endurskoðað það. Bandalagið telur rétt, að frumvarpið verði kallað: „Frumvarp til laga um úthlutun launa til listamanna", og fylgir þessu bréfi uppkast að frumvarpi eins og bandalagsfundur 26. jan. 1947 samþykkti að óska eftir, að það yrði.

Vér viljum taka það fram þegar, að listamannasamtökin í landinu, skipulögð innan Bandalagsins, hafa goldið þessum endurskoðaða texta frumvarpsins því nær einróma jákvæði í öllum atriðum.

Nú skulu talin höfuðrök Bandalagsins fyrir hverri grein um sig í frumvarpinu.

2. gr.: Með því að menntamálaráði eru falin á hendur ýmis ábyrgðarmikil verkefni í menningarmálum þjóðarinnar, telur Bandalagið líkur fyrir því, að Alþingi vandi eftir föngum val nefndarmanna til þessa ráðs, og telur ekki í grundvallaratriðum ástæðu að vantreysta ráðinu til að eiga þátt í úthlutun launa handa listamönnum. Hins vegar er það almenn skoðun listamanna, að þeim sé lítið öryggi í algerlega pólitískum sérnefndum, sem kosnar eru í því skyni einu að dreifa listamannafé í umboði stjórnmálaflokka, en hafa engar almennar menningarlegar skuldbindingar gagnvart þjóðfélaginu að öðru leyti. Er þess skemmst að minnast, að slík pólitísk nefnd var kosin til þessa starfs (1946) með þeim afleiðingum, að listamenn ýmist neituðu að taka við fé úr hendi hennar eða gerðu það með hangandi hendi, enda erfitt að benda á nokkurn aðila, sem var ánægður með þá skipan.

B. Í. L. telur listamönnum öryggi í því, að kjörinn maður frá virðulegustu almennri menntastofnun landsins, Háskóla Íslands, eigi sæti í nefnd, sem umbunar listamönnum fyrir þjóðfélagsins hönd.

Með skipun formanns B. Í. L. í nefndina teljum vér tryggt, að sjónarmið listamanna sjálfra komi fram við úthlutun listmannalauna, enda er fundarsamþykkt Bandalagsins frá 26. jan. 1947 fyrir því, að nái lögin alþingissamþykki með því ákvæði, að í úthlutunarnefnd skuli Bandalagsformaður sitja, þá skuli á næsta aðalfundi eftir gildistöku laganna vera sett í lög Bandalagsins ákvæði, sem skylda formanninn til að leita tillagna frá sambandsfélögum Bandalagsins, áður en úthlutun fer fram.

3. gr.: B. Í. L. telur eðlilegt, að listamönnum sé úthlutað í þrem flokkum: Heiðursflokki, Viðurkenningarflokki (atvinnulaun) og nýliðaflokki (efnilegir byrjendur). Enn fremur leggja listamenn áherzlu á, að heildarfúlgunni sé ekki jafnað niður á

listgreinar, slík niðurjöfnun er óvinsæl og olli í þau skipti, sem hún var framkvæmd, óhollum metingi og rig milli listafélaganna. B. Í. L. álítur, að framar beri að launa listamenn eftir persónulegum verðleikum en hinu, hvort fleiri eða færri stunda hverja listgrein, því vel kann svo að vera, að í hinni fjölmennustu listgrein sé enginn framúrskarandi listamaður, og er þá sízt ástæða til að ætla þeirri listgrein meira fé en annarri fámennari, sem kann þó að eiga afburða listamenn í sínum hópi.

B. Í. L. telur mikilsvert ákvæði það, sem leggur bann við að svipta listamann launum eða lækka á honum, hafi hann af fleiri nefndum en einni verið metinn til ákveðinnar fjárhæðar. Með ákvæði þessu er tilgangurinn að koma í veg fyrir, að viðurkenndur listamaður geti um fjárhag sinn verið háður duttlungafullum refsiaðgerðum hugsanlegra nefnda, sem af einhverjum ástæðum vilja ekki aðhyllast hlutlæg sjónarmið í úthlutunarstarfinu. Eru þess dæmi úr fortíðinni, að listamenn, sem um ára skeið höfðu notið ákveðinna launa, voru sakir sjónarmiða, óskyldra list, fyrirvaralaust sviptir launum sínum að mestu eða öllu og þar með lífsöryggi sínu.

4. gr.: Margir listamenn líta svo á, að laun til listamanna séu aðeins að nafni til laun; enda standa listamenn utan launalaganna. Þeir halda því fram, að fé sem veitt er af ríkinu ýmist til að styrkja menn eða heiðra þá, eigi að vera skattfrjálst, og benda á, að í öðrum löndum sé því svo farið um legöt og heiðursfé.

Virðingarfyllst,

f. h. Bandalags ísl. listamanna

Lárus Pálsson (form.)
(sign)

Sþ. 546. Nefndarálit [73. mál]

um till. til þál. um rekstur tunnuverksmiðju á Akureyri.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Árið 1946 festi stjórn tunnuverksmiðja ríkisins kaup á tunnuverksmiðju Akureyrarkaupstaðar. Við kaupin var út frá því gengið af seljanda hálfu, að verksmiðjan yrði árlega rekin eins og verið hafði, enda veitti bærinn verksmiðjunni ýmis fríðindi, svo sem undanþágu frá hafnargjöldum og mikinn afslátt á rafmagni. Á undanförnum vetrum hafði rekstur verksmiðjunnar mjög dregið úr atvinnuleysi í bænum. Áframhaldandi starfræksla verksmiðjunnar hlaut því að vera bæjarfélaginu hið mesta hagsmunamál.

Þegar tillaga þessi var flutt í janúarbyrjun s. l., hafði síldarútvegsnefnd, sem annast stjórn tunnuverksmiðjanna, ekki gert neinar ráðstafanir til þess, að smíði gæti hafizt í verksmiðjunni á Akureyri. Hins vegar var vitað, að síldarútvegsnefnd ætlaði að reka tunnuverksmiðjuna á Siglufirði.

Þar sem hér er um að ræða fyrirtæki, sem á sínum tíma var verulegur þáttur í atvinnulífi Akureyrarbæjar og bærinn án efa hefði ekki látið af hendi, nema öruggt væri talið, að rekstur þess væri tryggður framvegis, virðist full sanngirni mæla með því, að verksmiðjan verði starfrækt áfram. Enn fremur má benda á það, að hagkvæmara er fyrir marga síldarsaltendur norðanlands að fá tunnur frá Akureyri en Siglufirði, þar sem flutningar með bílum eru ódýrari en með skipum. Þess má enn fremur geta, að á s. l. hausti voru engar tunnubirgðir til á Akureyri.

Við leggjum því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1950.

Jónas G. Rafnar, frsm. Ásmundur Sigurðsson.

Fylgiskjal.

BÆJARSTJÓRINN Á AKUREYRI

Akureyri, 1. febrúar 1950.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum, þ. 24. f. m., gert svofellda ályktun:

„Bæjarstjórn Akureyrar skorar á Alþingi, sem nú situr, að hlutast til um við ríkisstjórnina, að hún láti starfrækja tunnuverksmiðjuna hér nú í vetur og að hafin verði tunnusmíði þar í næsta mánuði."

Jafnframt því, sem ég sendi hinu háa Alþingi ofanritaða samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar, vil ég leyfa mér að taka þetta fram:

Akureyrarbær seldi ríkinu tunnuverksmiðju bæjarins á árinu 1946 með mjög vægu verði. Var þá jafnframt svo um talað milli samningsaðila, að ríkið tæki að sér rekstur verksmiðjunnar, endurbætti hana eftir þörfum og héldi uppi verulegum rekstri, sem orðið gæti til þess að bæta úr atvinnuleysi því, sem hér í bæ er venjulega um þann tíma árs, sem flesta útivinnu er ekki hægt að stunda vegna tíðarfarsins.

Eftir að ríkið keypti verksmiðjuna, voru gerðar dálitlar endurbætur á henni, en aðalendurbætur þær, sem áætlað var að gera, að reisa geymsluhús fyrir tunnur og að bæta við nýjum vélum, hafa ekki komizt í framkvæmd enn. Hefur jafnvel heyrzt, að efni á geymsluhús, sem keypt hafi verið í Englandi, hafi verið selt aftur og hætt við vélakaup, sem ráðgerð höfðu verið.

Ef þetta er rétt, virðist það benda til, að síldarútvegsnefnd, sem nú stjórnar þessum málum, ætli sér að leggja tunnuverksmiðjuna hér niður, en reka aðeins verksmiðju á Siglufirði, enda hefur verið keypt efni til hennar og hún er rekin, en hingað fæst ekkert efni til að vinna úr.

Tunnusmíði er, sem kunnugt er, mjög hentug atvinnubótavinna að vetrinum, þegar lítt er fært að vinna aðra vinnu. Er því hér um mikið hagsmunamál að ræða fyrir verkamenn á Akureyri. Auk þess er það mikils virði fyrir síldarsaltendur við Eyjafjörð og víðar, að tunnusmíði hér sé haldið uppi.

Ég vona því, að hið háa Alþingi sjái sér fært að verða við framanrituðum tilmælum bæjarstjórnar Akureyrar.

Alþingi, Reykjavík.

Nd. 547. Frumvarp til laga [141. mál]

um verðjöfnun á benzíni.

Flm.: Jón Gíslason, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Söluverð á benzíni frá benzíngeymum skal vera hið sama hvar sem er á landinu.

2. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald af öllu benzíni, sem keypt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptamálaráðuneytið fyrir eitt ár í senn, og má það ekki vera hærra en 10 aurar á lítra. Verðjöfnunargjaldið reiknast af innfluttu magni af benzíni, og skulu innflytjendur greiða gjaldið til viðskiptamálaráðuneytisins, en heimilt er ráðuneytinu að veita þeim allt að sex mánaða gjaldfrest frá þeim tíma, er varan var flutt inn í landið.

3. gr.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á benzíni milli útsölustaða innanlands.

Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur á þeim kostnaði, eftir reglum, er það setur með reglugerð.

Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

4. gr.

Nú verður afgangur í verðjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir öllum gjöldum samkv. 3. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

5. gr.

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugvélabenzín.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. því, sem hér er fram borið, er lagt til, að söluverð á benzíni frá benzíngeymum (öðru en flugvélabenzíni) skuli vera hið sama um land allt. Verðjöfnunargjald sé lagt á innflutt benzín, og má það nema hæst 10 aurum á hvern lítra, en gjaldi þessu sé varið til þess að greiða flutningskostnaðinn milli sölustaða innanlands, til þess að útsöluverðið geti verið hið sama á öllum sölustöðum.

Benzín er nú orðið ein af nauðsynjavörum landsmanna, og þá sérstaklega þeirra, sem stunda framleiðslustörf, svo sem landbúnað. Hefur benzínnotkun aukizt mjög á síðari árum vegna mikillar fjölgunar á alls konar vélum, sem það brennsluefni þarf til. Hjá mörgum framleiðendum er nú benzínið orðið einn af stærri útgjaldaliðum. En þá skiptir miklu máli í því sambandi, hvar á landinu menn eru búsettir, því að þeir, sem fjarst búa innflutningshöfnum, þurfa nú að borga a. m. k. 20 aurum hærra verð fyrir hvern benzínlítra heldur en hinir, sem búsettir eru næst innflutningshöfnunum. Veldur þetta mikilli hækkun á framleiðslukostnaði hjá þeim, sem búa í mestri fjarlægð frá innflutningshöfnum, þar sem þeir auk þess þurfa að nota meira en aðrir af þessari vöru vegna flutninga að og frá búum sínum um langan veg, oft svo hundruðum km nemur. Til þess að jafna að nokkru þennan aðstöðumun er frv. þetta flutt.

Nd. 548. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. allýtarlega. Einnig hefur hún átt tal við fulltrúa Leigjendafélags Reykjavíkur og fengið álit frá Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur.

Meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að þannig sé ástandið orðið í húsnæðismálum í bænum, að ekki sé við unandi, ef ekki verður ráðin einhver bót á.

Meiri hl. nefndarinnar er einnig þeirrar skoðunar, að með samþykkt þessa frv. með þeim breytingum, sem lagt er til, að gerðar verði á því, verði bót ráðin á ýmsum verstu agnúum húsaleigulaganna.

Bæjar- og sveitarstjórnir hafa það svo á valdi sínu eftir 14. maí 1952, hve lengi stuðzt verður við húsaleigulöggjöfina. Þær hljóta, sakir kunnugleika síns og þekkingar á þessum málum, að vera bezt dómbærar um það, er bezt hentar í þessu efni.

Minni hl. (ÁkJ) gat ekki mælt með samþykkt frv. Stefán Jóh. Stefánsson var fjarstaddur, er ákvörðun var tekin um málið.

Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Við 4. gr. laganna bætist:
   Þegar leigusali leigir íbúð öðrum en skyldmennum sínum, sbr. 1. gr., skal hann leitast við að leigja hana fjölskyldu, er hefur á framfæri sínu börn innan 16 ára aldurs, og jafnan leita tillagna húsaleigunefndar um ráðstöfun íbúðarinnar, áður en hann leigir hana öðrum.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „fyrir hvern fermetra gólffletar íbúðarinnar“ í fyrstu efnismálsgr. komi: séu húsin byggð fyrir árslok 1944, en 8—9 krónur fyrir hvern fermetra í húsum, sem byggð eru 1945 og síðar.
3. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:
   Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist:
   1. Þau ákvæði laga þessara, er snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, falla úr gildi 1. október 1950.
   2. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði og leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í, falla úr gildi 14. maí 1951.
   3. Önnur ákvæði laganna falla úr gildi 14. maí 1952, nema bæjar- og sveitarstjórnir óski, að gildi þessara ákvæða haldist lengur, en þá er þeim heimilt að gera samþykkt þess efnis, og gilda lögin þá aðeins fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög.
      Nú verða lögin í gildi á einhverjum stöðum eftir 14. maí 1952, og skulu þá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög greiða allan kostnað af framkvæmd laganna frá þeim tíma.

Alþingi, 14. apríl 1950.

Jónas G. Rafnar, form. — Jörundur Brynjólfsson, fundaskr., frsm. — Jóhann Hafstein.

Sþ. 549. Nefndarálit [134. mál]

um till. til þál. um friðun rjúpu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin sendi tillögu þessa til umsagnar menntamálaráðuneytisins. Svar þess hefur borizt og fylgir hér með sem fylgiskjal. Er ráðuneytið fremur andstætt algerðri friðun rjúpunnar. En þrátt fyrir það er nefndin þeirrar skoðunar, að skot hljóti alltaf að verða til þess að fækka þessum fuglastofni, og leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að alfriða rjúpu fyrir skotum til 31. des. 1955.

Alþingi, 18. apríl 1950.

Ingólfur Jónsson, form. — Jón Gíslason, fundaskr., frsm. — Stefán Stefánsson.
Jón Sigurðsson. — Skúli Guðmundsson. — Finnur Jónsson.
Magnús Kjartansson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 3. apríl 1950.

Í tilefni tillögu til þingsályktunar á þskj. 484 (134. mál) um friðun rjúpu æskir ráðuneytið að láta í té eftirfarandi upplýsingar:

Í tillögunni er gert ráð fyrir að friða rjúpuna um næstu fimm ár frá fyrsta sumardegi næst komandi, en samkvæmt lögum nr. 27/1924 eru rjúpur alfriðaðar árlega frá 1. janúar til 15. október.

Eins og alkunnugt er, hefur verið lítið um rjúpur á síðustu árum. Þegar friðunartími þeirra var að renna út haustið 1949, leitaði ráðuneytið álits dr. Finns Guðmundssonar náttúrufræðings á því, hvort friða bæri rjúpuna 15. október til ársloka 1949. Hann sendi ýtarlega greinargerð um málið, dagsetta 22. september, og fylgir hún hér með í afriti. Telur náttúrufræðingurinn veiðarnar ekki aðalorsök rjúpnafækkunarinnar, heldur lúti rjúpan þar vissum lögmálum náttúrunnar og sé fækkun hennar háð sveiflum, er geri vart við sig á nokkurra ára fresti. Rrjúpunni sé þegar farið að fjölga aftur og sé æskilegt að fá úr því skorið á vísindalegan hátt, hvort stofninn nái ekki aftur hámarki á árunum 1951—1953 án friðunarráðstafana, sem stundum séu nokkuð af handahófi.

Ráðuneytið féllst á þessi rök og telur æskilegt, að reynsla fengist í þessum sökum, án þess að gripið yrði til algerra friðunarráðstafana. Hins vegar væri athugandi að lengja enn hinn árlega friðunartíma, t. d. að hann væri frá 1. jan. til 15. nóvember.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 550. Nefndarálit [130. mál]

um till. til þál. um kristfjárjarðir o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsögn félagsmálaráðuneytisins um tillöguna, og er bréf þess birt hér. Mælir nefndin með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „næsta Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar“ komi: Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar svo fljótt sem verða má.

Alþingi, 17. apríl 1950.

Ingólfur Jónsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Stefán Stefánsson.	Finnur Jónsson.	Jón Sigurðsson.
	Magnús Kjartansson.	

Fylgiskjal.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 11. apríl 1950.

Ráðuneytið hefur tekið við bréfi háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 31. marz s. l., þar sem beiðzt er umsagnar ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um kristfjárjarðir.

Ráðuneytið hefur kynnt sér umrædda þingsályktunartillögu (þskj. 417) og greinargerð hennar og telur, að rétt sé, að tillagan verði samþykkt og sú athugun látin fram fara, sem þar er ráðgerð. Ráðuneytið telur þó, að tæpast megi búast við því, að hægt verði að leggja viðhlítandi skýrslu um málið og rökstuddar tillögur fyrir Alþingi, fyrr en einhvern tíma á árinu 1951, því vafalaust verður það miklum erfiðleikum bundið að afla heimilda um jarðeignir þessar, og alkunnugt er, hve erfiðlega gengur að fá greið svör frá sveitarstjórnum, ef ætla má, að svör þessi skipti einhverju máli fyrir fjárhagsafkomu sveitarfélagsins. Þegar svo gögnum hefur verið safnað, er allmikið starf í því að vinna úr skýrslunum, svo glöggt yfirlit fáist, en fyrr en það hefur tekizt, er tilgangslítið að leggja málið á ný fyrir Alþingi. Af framansögðu teldi ráðuneytið rétt, að ekki yrði gert ráð fyrir heildarskýrslu um málið fyrr en síðari hluta árs 1951. Það getur heldur ekki skipt miklu máli, þótt heildarskýrsla dragist til þess tíma, ef hún þá gæti verið það ýtarleg, að á henni mætti byggja löggjöf um þessi málefni.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Nd. 551. Breytingartillögur [44. mál]

við frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Við 6. gr. Aftan við gr. bætist:
   Verðgæzlustjóri skal sérstaklega gæta þess, að álagningu á framleiðsluvörur saumastofa verði stillt í hóf, og sjá um, að ekki verði leyfð álagning nema einu sinni á efni og framleiðsluvörur.
2. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Í verðlagsdómi eiga sæti 3 menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og tveir meðdómendur, sem skipaðir eru af dómsmálaráðherra eftir tilnefningu ....
3. Við 16. gr. Fyrri málsgr. gr. orðist þannig:
   Ef ágreiningur verður milli dómara, ræður afl atkvæða.

Sþ. 552. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um samræmingu á verðlagi á benzíni og olíu.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Jónas Rafnar, Bernharð Stefánsson, Stefán Stefánsson, Finnur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að útsöluverð á benzíni og olíu verði hið sama á öllum þeim stöðum á landinu, þar sem olíuflutningaskip, sem annast flutninga á milli hafna, geta losað benzín og olíu í birgðageyma olíufélaganna.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur það verið mikið áhugamál bifreiðaeigenda, bifreiðastjórafélaga, fiskiskipaeigenda, sjómanna og bænda utan Reykjavíkur, að komið

verði á jöfnunarútsöluverði á benzíni og olíu. Bifreiðastjóraráðstefna, sem haldin var á vegum Alþýðusambands Íslands í Reykjavík dagana 6.—8. nóv. 1949, tók þetta mál fyrir til sérstakrar athugunar og samþykkti í einu hljóði ályktun um það, að eitt og sama verð verði á benzíni og olíu hvar sem er á landinu.. Stjórn Alþýðusambandsins ritaði síðan olíufélögunum bréf, tilkynnti þeim samþykkt þessa og óskaði eftir, að þau kæmu á jöfnunarútsöluverði. Tvö af olíufélögunum svöruðu þessu bréfi og létu bæði í ljós, að þau væru reiðubúin til viðræðna um þetta efni, og tóku það um leið fram, að útsöluverð á benzíni og olíu sé ákveðið af verðlagsyfirvöldum, og ef jöfnunarútsöluverði yrði komið á, þyrfti breytingar á núverandi verðgrundvelli og væri hæpið að gera það nema fyrir atbeina Alþingis.

Núverandi Alþingi hefur ákveðið að koma á jöfnunarverði á tóbaki um allt land. Það sýnist ekki síður sanngjarnt að ákveða jöfnunarverð á benzíni og olíu. Má og benda á það, að benzínlítrinn er nú 7 aurum hærri á Akureyri en í Reykjavík. Þegar þess er einnig gætt, að vetrarríki er að jafnaði miklu meira þar og víða annars staðar um land en í Reykjavík og nágrenni hennar, þar sem snjór sezt að víða um land í október og leysir ekki fyrr en í apríl eða maí, verður rekstur bifreiða af þeirri ástæðu miklu kostnaðarfrekari, og er þá að bæta gráu ofan á svart, ef benzín til bifreiðaaksturs þarf að kaupa miklu hærra verði á þeim stöðum. Þá er og rétt að taka það fram, að meginþorri af öllu því benzíni, sem til landsins er flutt, er selt í Reykjavík, og hefur lauslega verið athugað, að til þess að ná jöfnunarverði um land allt, þyrfti benzínlítrinn í Reykjavík aðeins að hækka um rúman eyri, ef ekki þætti fært að takmarka meira álagningu olíufélaganna. Um verð á olíu til skipa má benda á, að aðstaðan til útgerðar er víðast hvar mun erfiðari úti um land. Þykir það því ekki óeðlilegt, að komið verði á jöfnunarverði á olíu.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa á þessu stigi málsins ekki viljað ganga lengra en það að koma á jöfnunarverði á benzíni og olíu á þeim stöðum, þar sem olíuflutningaskip geta losað í geyma olíufélaganna.

Samþykkt bifreiðastjóraráðstefnu Alþýðusambandsins og afrit af svarbréfum tveggja olíufélaga til Alþýðusambandsins um þetta efni eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Á bílstjóraráðstefnu A. S. Í., er haldin var dagana 6.—8. nóv. 1949, var eftirfarandi ályktun gerð:

Ráðstefnan lítur svo á, að nauðsynlegt sé, að eitt og sama verð sé á benzíni og olíum hvar sem er á landinu, og beinir því til sambandsstjórnar, að hún beiti áhrifum sínum við viðkomandi aðila til hins ýtrasta, að svo megi verða.

Fylgiskjal II.

OLÍUFÉLAGIÐ H.F.

Reykjavík, 15. des. 1949.

Alþýðusamband Íslands, Hverfisgötu 8—10, Reykjavík.

Út af bréfi yðar, dags. 13. þ. m., viljum vér hér með tjá yður, að vér erum fúsir til viðræðna við yður um samræmingu á verði á olíu og benzíni, en vér teljum rétt, að öll olíufélögin taki þátt í slíkum viðræðum við yður.

Annars verður, eftir því sem vér bezt vitum, borið fram frumvarp til laga á Alþingi um þetta mál, og getur því vel hugsazt, að þetta mál leysist fyrir aðgerðir Alþingis, enda vart hugsanlegt að leysa þetta mál nema fyrir aðgerðir þess.

Virðingarfyllst,

pr. pr. Olíufélagið h.f.

Sig. Jónasson.

Fylgiskjal III.

HLUTAFÉLAGIÐ „SHELL“ Á ÍSLANDI

Reykjavík, 9. janúar 1950.

Alþýðusamband Íslands, Reykjavík.

Vér vísum til bréfs yðar, dags. 13. desember s. l., og viljum í því sambandi taka fram eftirfarandi:

Svo sem yður er kunnugt, þá ráða verðlagsyfirvöldin algerlega verðlagi á benzíni og olíum í landinu, og er það því á þeirra valdi að gera breytingar á núverandi verðgrundvelli. Vér viljum hins vegar taka það fram, að vér erum reiðubúnir að taka upp viðræður við yður um þetta mál, og að því er olíufélögunum við kemur, þá álítum vér, að heppilegast væri, að slíkar viðræður færu fram sameiginlega með þeim og öðrum aðilum, sem hér eiga hlut að máli.

Virðingarfyllst,

f. h. h.f. „Shell“ á Íslandi.

Nd. 553. Frumvarp til laga [143. mál]

um laun skálda, rithöfunda og annarra listamanna og listarráð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skulu njóta árlegra heiðurslauna úr ríkissjóði að upphæð 18000 kr. hver.

2. gr.

Skáld, rithöfundar og aðrir listamenn, sem notið hafa heiðurslauna samkv. 1. gr. í 5 ár, skulu njóta þeirra ævilangt. Skulu þeir skipa listarráð (akademi) og vera menntamálaráðuneyti og menntamálaráði til ráðuneytis um mál, er varða listir.

3. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna umfram heiðurslaun þau, sem um ræðir í 1. gr., skal úthlutað í þremur flokkum, og skal upphæð einstakra fjárveitinga í hverjum flokki vera 9000 kr., 6000 kr. og 3000 kr.

4. gr.

Alþingi ákveður með ályktun sameinaðs þings, hver skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta heiðurslauna samkv. 1. gr. Úthlutun fjár samkv. 3. gr. annast menntamálaráð, en jafnan skal það senda listarráði og heimspekideild Háskóla Íslands til umsagnar tillögur þær, sem fram koma innan ráðsins, áður en ákvörðun er tekin. Skal úthlutun lokið í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir samþykkt fjárlaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv., er var að mestu samhljóða þessu frv., var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Var því vísað til menntamálanefndar, sem sendi það til umsagnar

heimspekideild háskólans, Bandalagi íslenzkra listamanna og menntamálaráði. Heimspekideildin mælti með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, en bandalagið óskaði eftir því, að frv., sem samið hafði verið á vegum þess 1947, yrði lögfest. Menntamálanefnd mun hafa verið þeirrar skoðunar, að löggjöf um þessi efni væri æskileg, en vildi þó ekki að öllu leyti fallast á þá tilhögun, sem frv. gerði ráð fyrir. Samþykkti hún því að leggja til, að frv. yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Ekki varð þó af því, að dagskrártillagan væri fram borin, enda var orðið áliðið þings. Frv. er nú flutt öðru sinni, með þeirri breytingu einni, að ekki er greint milli grunnlauna og verðlagsuppbótar.

Á undanförnum árum hafa verið uppi háværar raddir um nauðsyn þess að koma fastari skipun á þessi mál. Stjórnskipuð nefnd starfaði að málinu fyrir þremur árum og samdi frv. til laga um úthlutun höfundalauna. Bandalag íslenzkra listamanna hefur og fjallað um málið og samið frv. um úthlutun launa til listamanna. Ekki hefur þó komið til lagasetningar um þessi efni enn, og er það mjög miður. Um alllangt skeið undanfarið hafa orðið óeðlileg og óheppileg átök um úthlutun þess fjár, sem veitt er árlega í fjárlögum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna. Að verulegu leyti hafa deilur þessar átt rót sína að rekja til þess, að ekki hefur gætt æskilegrar stefnufestu af hálfu ríkisvaldsins um úthlutun fjárins, enda hefur hún verið í höndum ýmissa aðila, þ. e. Alþingis sjálfs, menntamálaráðs, listamanna sjálfra að nokkru leyti og nú síðast þingkjörinna nefnda. Ýmsum og ólíkum reglum hefur verið fylgt um skiptingu fjárins frá ári til árs, og hefur skáldum og rithöfundum verið skipt í allt að 11 flokka, tónlistarmönnum og leikurum í allt að 8 flokka og myndlistarmönnum í allt að 4 flokka. Hin nákvæma flokkun listamannanna hefur verið mjög óheppileg og valdið miklu um þann styr, sem að jafnaði hefur staðið um úthlutunina, enda hlýtur slík flokkun að minna á einkunnagjöf í skóla, og hefur úthlutunin raunar stundum borið nokkurn keim af því, að hún skyldi jafngilda einkunnagjöf.

Meginatriði þessa frv. er, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta fastra heiðurslauna að upphæð 18000 kr. á ári. Hæstu skáldalaun hafa undanfarið numið 18000 kr., en þau laun hafa aðeins fáir hlotið. Allmargir hafa hins vegar fengið 12000—15000 kr. Flm. þessa frv. telur eðlilegt og réttmætt, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn njóti sérstakra og allríflegra heiðurslauna og haldi þeim ævilangt, ef þeir hafa verið taldir þeirra maklegir fimm sinnum. Ætti aðstaða þeirra listamanna, sem mestrar viðurkenningar njóta, að geta orðið örugg og ekki hætta á stöðugum deilum um úthlutun fjár til þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þeir menn, sem ákveðið hefur verið, að njóta skuli heiðurslauna ævilangt, skipi listarráð (akademi) og séu ríkisvaldinu til ráðuneytis og leiðbeiningar um málefni, er varða listir, auk þess sem listarráðið getur að sjálfsögðu valið sér sjálfstæð verkefni. Því fé, sem veitt er í fjárlögum til listamanna umfram þær allt að 216000 kr., sem heiðurslaunin gætu numið, skal síðan skipt milli annarra rithöfunda, skálda og listamanna, en þó þannig, að því fé verði ekki úthlutað í nema þremur flokkum. Auk heiðurslaunaflokksins virðist eðlilegt að gera ráð fyrir tveimur flokkum fjárveitinga til viðurkenndra listamanna (9000 kr. og 6000 kr.) og enn fremur sérstökum flokki (3000 kr.) til uppörvunar efnilegum byrjendum fyrst og fremst.

Þótt frv. þetta verði að lögum, fylgja því að sjálfsögðu engin ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Það fjallar einvörðungu um skiptingu þess fjár, sem veitt er í fjárlögum til listamanna, en það er að vísu lögbundið, að allt að tólf mönnum skuli jafnan veita árleg heiðurslaun að upphæð 18000 kr. Miðað við þá fjárhæð, sem ætluð er listamönnum í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar fyrir 1950, þ. e. 519000 kr., yrði hægt að úthluta 303000 kr. til annarra en þeirra, sem heiðurslauna mega njóta.

Í frv. er Alþingi ætlað að taka ákvörðun um, hverjir njóta skuli heiðurslauna, og því er einnig ætlað að ákveða, með endurveitingu tilskilinn tíma, hverjir skipa skuli listarráð. Menntamálaráði er hins vegar falin úthlutun fjár til annarra lista-

manna, en þó gert ráð fyrir því, að jafnan sé leitað umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands, áður en ákvörðun er tekin. Eins og nú er komið málum, sýnist ástæðulaust að velja sérstakar nefndir til að annast þessa úthlutun og eðlilegast að fela það menntamálaráði, enda hefur það önnur skyld störf með höndum. Hins vegar er það nýmæli, að leita skuli umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands. Fyrst gert er ráð fyrir því, að hinir viðurkenndustu listamenn þjóðarinnar skipi listarráð (akademi), virðist sjálfsagt, að menntamálaráð leiti umsagnar þeirra, áður en það tekur ákvarðanir um fjárveitingar til annarra listamanna, en um laun þeirra sjálfra hefur Alþingi þegar tekið endanlega ákvörðun. Eðlilegt virðist og, að heimspekideild háskólans fjalli um þær tillögur, sem fram koma innan menntamálaráðs, enda eiga þar sæti hinir merkustu bókmenntafræðingar.

Ætti með þessu móti að fást mjög aukin trygging fyrir því, að vel sé vandað til ákvarðana í þessu efni, svo að ekki þyrfti að standa um þær óeðlilegur og hvimleiður styr.

Nd. 554. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin flytur á þskj. 536.

Alþingi, 17. apríl 1950.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Ásmundur Sigurðsson.
Jón Sigurðsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 555. Breytingartillaga [106. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 3. gr. Aftan við orðið „yfirskattanefndar“ í síðustu málsgr. komi: í umdæmi heimilissveitar.

Sþ. 556. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um afnám skömmtunar á byggingavörum og á hömlum þeim, sem nú eru á byggingu hæfilegra íbúðarhúsa, útihúsa í sveitum og verbúða.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvort ekki sé fært að afnema skömmtun á byggingavörum og létta jafnframt öllum hömlum, af byggingu hæfilegra íbúðarhúsa, er menn byggja til eigin afnota, enn fremur af byggingu útihúsa í sveitum og verbúða.

Verði athugun þessari lokið það snemma, að hægt sé að láta þessar ráðstafanir koma til framkvæmda að aflokinni síldarvertíð í byrjun september n. k.

Greinargerð.

Þegar lög um fjárhagsráð voru sett (lög nr. 70 5. júní 1947), var gert ráð fyrir, að fjárfestingarstjórnin næði ekki til minni háttar framkvæmda. Í reglugerð um fjárhagsráð o. fl. frá 31. júlí 1947 eru sett um þetta nánari ákvæði á þá lund, að ekki þurfi fjárfestingarleyfi til eftirtalinna framkvæmda:

1. að gera mannvirki eða tæki, sem eigi kostar meira í vinnu og efni en kr. 10000.00;
2. að byggja íbúðarhús til nota fyrir sjálfan sig eða skyldulið sitt, enda sé húsið ekki stærra en 350 rúmmálsmetrar og eigi óeðlilega mikið í það borið á neinn hátt, og húseigandi vinni að byggingu þess sjálfur með skylduliði sínu að mestu leyti;
3. að byggja verbúðir eða útihús á bújörðum, enda kosti framkvæmdir eigi í efni og vinnu meira en kr. 50000.00.

Jafnframt var ákveðið, að framkvæmdir af þessu tagi yrði að tilkynna til fjárhagsráðs mánuði áður en verkið hæfist.

Fjárhagsráði var þó heimilað að banna slíkar framkvæmdir, ef það teldi, að þær fælu í sér óeðlilega sóun á vinnu og efni.

Í reyndinni urðu þessi ákvæði lítils virði. Skömmtun á nokkrum helztu byggingavörum var sett á í ágústmánuði 1947, og voru engar undanþágur veittar frá þeirri skömmtun. Var talið ófært að veita nokkrar almennar undanþágur frá skömmtuninni, án þess að allt kerfið liðaðist í sundur. Fjárhagsráð tók þá upp þá reglu að gefa út formlegar heimildir til efniskaupa, er í reynd voru í engu frábrugðnar fjárfestingarleyfum til þeirra framkvæmda, er undanþegnar voru samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Var þetta talið óhjákvæmilegt til þess að tryggja þessum aðilum, að þeir gætu fengið úthlutað byggingarefni. Munu leyfi til slíkra framkvæmda hafa verið veitt viðstöðulítið framan af árinu 1948, en síðan var að mestu tekið fyrir slíkar leyfisveitingar í júnímánuði sökum yfirvofandi efnisskorts. Í október 1948 var reglugerðinni breytt til samræmis við þá venju, er myndazt hafði. Voru þá undantekningarnar að heita mátti með öllu afnumdar. Þó var því ákvæði haldið, að eigi þyrfti fjárfestingarleyfi fyrir framkvæmdum, er kostuðu eigi meira í efni og vinnu en kr. 10000.00. Þetta náði þó ekki til útihúsa í sveitum og hafði að heita mátti enga þýðingu vegna skömmtunarinnar. Þannig er þessum málað háttað enn í dag.

Það þarf ekki að orðlengja, hvílík takmörkun á athafnafrelsi manna felst í því fyrirkomulagi, sem verið hefur í þessum efnum nú um nærfellt þriggja ára skeið. Tafir, óþægindi og skriffinnska eru óhjákvæmilegir fylgifiskar slíks fyrirkomulags. Byggingarkostnaður verður meiri en ella hefði þurft að vera og vinnukraftur notast verr. Einkum hefur mikill bagi orðið að þessum ráðstöfunum í sveitum og verstöðvum, þar sem byggingarframkvæmdir verða að fara fram á ákveðnum tíma árs.

Er það því ekkert álitamál, að mikil nauðsyn er til þess að losna við þessar hömlur á minni háttar framkvæmdum hið allra fyrsta, hvað svo sem verður um framtíð fjárfestingarstjórnarinnar í heild.

Viðhorfið í þessum málum hefur breytzt allmjög í seinni tíð. Mjög hefur dregið úr peningaveltu innanlands, og má því gera ráð fyrir, að ekki yrði óeðlilega mikið um framkvæmdir af því tagi, sem hér um ræðir, enda þótt hömlum yrði létt af. Gengislækkunin hefur áhrif í sömu átt. Á hinn bóginn hefur reynslan leitt í ljós, að allmiklum erfiðleikum er bundið að undanþiggja vissar framkvæmdir fjárfestingarleyfum, á meðan skömmtun er enn haldið á byggingavörum, og vafa-

samt er, hver vinningur er því samfara. Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstjórnin láti nú þegar fara fram athugun á því, hvort ekki sé fært að afnema þegar á þessu ári skömmtun á byggingavörum og létta jafnframt af hömlum á byggingu útihúsa, verbúða og hæfilegra íbúða, er menn byggja til afnota fyrir sjálfa sig og skyldulið sitt. Er ætlazt til, að þessari athugun verði lokið það snemma, að hinar breyttu reglur gætu komið til framkvæmda að aflokinni síldarvertíð í byrjun september. Hagar því víða svo, að haustið og yfirleitt tímabilið fram að vetrarvertíð er hentugur tími fyrir sjómenn og aðra til að vinna sjálfa að byggingu eigin íbúða og gera sér þann tíma þann veg arðbæran.

Nd. 557. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Um skeið hafa húsaleigulögin verið mjög á dagskrá, innan og utan Alþings, og margar tillögur komið fram, ýmist til smábreytinga eða gerbreytinga. Húsaleigulögin, sem sett voru á sínum tíma, í upphafi síðustu heimsstyrjaldar, voru byggð á brýnni nauðsyn, enda hafa þau með viðaukum og breytingum víða komið að miklu liði, sérstaklega fyrir margt umkomulítið fólk í Reykjavík. En hinu verður þó ekki neitað, að þróun málanna hefur leitt til þess, að fljótlega þurfi að gera allmiklar breytingar og umbætur á húsaleigulöggjöfinni. Færa mætti nokkur rök fyrir því, að rýmka ætti ákvæði núgildandi húsaleigulaga varðandi rétt leigusala til þess að rýma húsnæði vegna þarfa náinna fjölskyldumanna og færa þá einnig í því sambandi aftur tímatakmörk þau, er miða á við, er leigusali hefur öðlazt eignarrétt á húseign (sbr. 1. gr. frv. á þskj. 65). Þá kæmi og til mála, að atvinnuhúsnæði og einstaklingsherbergi væru tekin undan gildandi uppsagnarákvæðum. Þá væri einnig rétt að athuga breytingar á skipun þeirra stofnana, er dæma eiga um ágreining, er upp kann að rísa út af húsaleigumálum (húsaleigunefndir — húsaleigudómur). Hins vegar tel ég það ekki tímabært að nema úr gildi allar lagahömlur, bæði varðandi rétt til uppsagnar af hálfu leigusala á fjölskylduhúsnæði og eins hvað snertir upphæð leigu. Og þó að ég telji, að stefna beri að því að afnema húsaleigulögin í þeirri mynd, sem þau eru, þá tel ég það alls ekki tímabært nú, og þá eins hitt, að þá verði samtímis að setja löggjöf um réttarafstöðu á milli leigusala og leigutaka, eins og gert hefur verið víða erlendis.

Á síðasta Alþingi var að minni tilhlutan lagt fram af hálfu félagsmálaráðuneytisins frumvarp til laga um húsaleigu, sem hafði að geyma ýtarleg ákvæði um réttarstöðu, skyldur og réttindi bæði leigusala og leigutaka. Í frumv. þessu voru einnig ákvæði til bráðabirgða, þar sem nokkuð var slakað til á gildandi ákvæðum húsaleigulaga. Þetta frv. náði því miður ekki fram að ganga og hefur ekki verið flutt af núverandi ríkisstjórn. Í stað þess liggja fyrir tvö frumvörp um ýmsar breytingar á húsaleigulögunum, og hefur allsherjarnefnd tekið afstöðu til annars þeirra, frv. á þskj. 65, sem nefndarálit þetta fjallar um.

Ég get fyrir mitt leyti ekki mælt með, að frv. þetta verði samþykkt, þótt ég telji sum ákvæði þess nokkuð til bóta, sbr. það, sem sagt er hér að framan, en önnur ákvæði þess, þó einkum 5. gr., alveg fráleit. Ég tel og mikla nauðsyn á því að setja allsherjarlöggjöf um réttindi og skyldur leigusala og leigutaka og halda fyrst um sinn ákvæðum bæði um takmarkanir á rétti til uppsagnar á fjölskylduhúsnæði og ákvörðunum og eftirliti með upphæð leigu. Ég legg því til, að frumvarp þetta verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Um leið og neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um nýja, almenna löggjöf um húsaleigu, sér hún ekki ástæðu til að afgreiða nú frv. það, er hér liggur fyrir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. apríl 1950.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Sþ. 558. Þingsályktun [134. mál]

um friðun rjúpu.

(Afgreidd frá Sþ. 19. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að alfriða rjúpu fyrir skotum til 31. desember 1955.

Sþ. 559. Þingsályktun [130. mál]

um kristfjárjarðir o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 19. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á eignar- og umráðarétti yfir kristfjárjörðum og öðrum eignum, er líkt stendur á um, og gefa Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar svo fljótt sem verða má.

Nd. 560. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur ekki orðið einhuga um frumvarpið. Jón Sigurðsson er á móti 2. gr., en Ásmundur Sigurðsson hefur ekki tekið afstöðu um þá gr.

Þeir Bjarni Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Ásmundur Sigurðsson og Ásgeir Bjarnason leggja til, að frumvarpið verði afgreitt með breytingum, sem birtar eru á sérstöku þingskjali. Þar er aðeins um eina efnisbreytingu að ræða, en hún er sú, að þeim, sem eiga jeppabifreiðar og fengið hafa undanþágu frá bifreiðaskatti, verði settar sömu reglur og þeim, sem eiga heimilisdráttarvélar.

Einn nefndarmanna, Jón Pálmason, er ekki fylgjandi frumvarpinu, og mun hann gera sérstaka grein fyrir afstöðu sinni við umræður.

Alþingi, 18. apríl 1950.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Ásgeir Bjarnason, frsm.

Ásmundur Sigurðsson. Jón Sigurðsson.

Nd. 561. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 12. gr. laganna koma 7 nýjar greinar (verða 13.—19. gr.), svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (13. gr.) Stjórnir hreppabúnaðarfélaga skulu í októbermánuði ár hvert gera skrá yfir þær heimilisdráttarvélar, sem eru í eign manna á félagssvæðinu. Skal þar tilgreina tölu, tegund og eigendur þessara véla.

Enn fremur skal skrásetja þær jeppabifreiðar, sem jafnframt eru notaðar sem heimilisdráttarvélar. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu láta úthlutunarnefnd í té skýrslu um nöfn eigenda þeirra jeppabifreiða, sem fengið hafa undanþágu frá greiðslu á bifreiðaskatti samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949.

Skýrslur þessar skulu komnar til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert.

b. (14. gr.) Þegar fjárhagsráð hefur ákveðið tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem til landsins verða fluttar á því ári, skal það tilkynna úthlutunarnefnd þá ákvörðun. Úthlutunarnefnd skiptir síðan þessum dráttarvélum milli búnaðarfélaga.

Við skiptin skal nefndin hafa hliðsjón af þeim skýrslum, er fyrir liggja. Hún skal taka tillit til þess, hve margar dráttarvélar og jeppar, sem notaðir eru til landbúnaðarstarfa, eru á félagssvæðinu.

c. (15. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til aðila, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.

Dráttarvélum má ekki úthluta til annarra en þeirra, sem landbúnað stunda.

d. (16. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

e. (17. gr.) Að skiptum loknum tilkynnir nefndin formönnum búnaðarfélaga tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem væntanlega koma til úthlutunar á félagssvæðinu á því ári. Stjórnir hreppabúnaðarfélaga taka á móti umsóknum bænda um heimilisdráttarvélar, hver af sínu félagssvæði, og fer með þær eins og fyrir er mælt í 5. gr., eftir því sem við á.

f. (18. gr.) Þegar úthlutunarnefnd hafa borizt tillögur frá stjórnum hreppabúnaðarfélaganna og hefur athugað þær ásamt upplýsingum, er fyrir liggja og að þessu lúta, úthlutar hún dráttarvélunum og tilkynnir það hlutaðeigandi umsækjendum.

g. (19. gr.) Sá, sem tilkynningu fær um úthlutun dráttarvélar, skal afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvélategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og skal eiga rétt á gjaldeyrisleyfi samkvæmt því. Enn fremur skulu gjaldeyrisyfirvöldin kosta kapps um að

veita innflytjendum gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegum verkfærum og varahlutum tilheyrandi dráttarvélunum.

2. Við 6. gr. Greinin falli burt.

Sþ. 562. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um sérfræðilega aðstoð vegna sauðfjársjúkdóma.

Flm.: Finnur Jónsson, Jón Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita til sameinuðu þjóðanna og stjórnar efnahagssamvinnustofnunarinnar í Washington um aðstoð til varnar og útrýmingar sauðfjársjúkdómum.

Verði um kostnað að ræða vegna aðstoðar þessarar, greiðist hann úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Sauðfjársjúkdómar hafa, svo sem kunnugt er, valdið bændum landsins geysimiklu tjóni á undanförnum árum og kostað ríkissjóð mikið fé. Skýrslur munu eigi fyrir hendi um beint eða óbeint tjón bænda af völdum þessara vágesta, enda mun erfitt að meta til fjár þá óvissu um afkomutruflanir og sársauka, sem það hefur valdið bændum að horfa upp á bústofn sinn hrynja niður eða veslast upp og geta ekkert að gert. Alþingi hefur að vísu með stofnun sauðfjársjúkdómanefndar og fjárframlögum til hennar og með fjárskiptastyrk hlaupið undir bagga og kostað til miklu fé. Hefur kostnaður ríkisins numið um 34 milljónum króna til ársloka 1949, þar með taldar lántökur vegna fjárskipta. Enn eru fyrirhuguð fjárskipti og varnir á sýktum svæðum, sem áætlað er, að muni kosta ríkissjóð um 25 millj. króna á næstu 5 árum. Er þarna um mikið fé að ræða og mikið í húfi, að vel takist. Varla mun þó fyllilega öruggt talið, að mæðiveikinni verði útrýmt með þessum aðgerðum, og gegn garnaveiki munu þessar ráðstafanir ekki koma að haldi.

Vitað er, að bæði sameinuðu þjóðirnar og stjórn efnahagssamvinnustofnunarinnar í Washington hafa á að skipa hinum færustu sérfræðingum í sjúkdómum manna, dýra og jurta og láta þessa sérfræðikunnáttu í té meðlimum sínum, þegar nauðsyn krefur, með litlum eða engum tilkostnaði, eftir samkomulagi milli þessara stofnana.

Að þessu athuguðu telja flm. rétt að freista þess, hvort eigi muni, með því að leita til þessara stofnana, unnt að draga úr þeim kostnaði og áhættu, sem sauðfjársjúkdómum eru samfara, jafnhliða og haldið verður áfram þeim ráðstöfunum innanlands, sem Alþingi telur nauðsynlegar.

Sþ. 563. Breytingartillögur [100. mál]

við till. til þál. um kaup á lóðum í Grjótaþorpinu í Reykjavík.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að eigi verði byggt á svæði því, sem er á milli Þingholtsstrætis og Garðastrætis, hafnarinnar og tjarnarinnar í Reykjavík, fyrr en Alþingi og Reykjavíkurbæ ásamt þeim öðr-

um aðilum, auk skipulagsnefndar, er kvaddir yrðu til að fjalla um málið, hefur unnizt tími til að taka ákvarðanir um, hvernig haga skuli byggð á þessu svæði með tilliti til sögulegra minja þess og fegurðar- og menningargildis þess fyrir framtíðina.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun lóða í miðbænum í Reykjavík.

Nd. 564. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það hæstarétti og Lögmannafélagi Íslands til umsagnar. Umsögn hefur borizt frá báðum. Lögmannafélagið mælir með frv., og dómendur hæstaréttar telja það stefna í rétta átt, þótt þeir áliti hins vegar ýmis ákvæði laganna þurfa gagngerrar endurskoðunar við.

Allir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. apríl 1950.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. Áki Jakobsson.

Stefán Jóh. Stefánsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 565. Lög [120. mál]

um ónæmisaðgerðir.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 541.

Nd. 566. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við 5. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:
   Þó skal þeim, sem ekki eiga íbúð, heimilt án fjárfestingarleyfis að byggja íbúðarhús fyrir sjálfa sig, enda sé íbúðin eigi stærri en ákveðið er um verkamannabústaði.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
   1. júní 1950 skulu úr gildi falla lög nr. 11 12. febrúar 1940, um sölu og útflutning á vörum. Skal þar eftir frjálst að bjóða til sölu, selja og flytja út íslenzkar afurðir með þeim takmörkunum einum, sem fyrir mælir í öðrum lögum um skil gjaldeyris o. s. frv., og þeim, er hér fara á eftir:

Nú gerir ríkisstjórnin samning við önnur ríki um sölu ákveðinna vörutegunda þangað, og er henni þá heimilt að ákveða, að eigi megi bjóða til þess ríkis, selja þangað eða flytja þær vörutegundir, er hún hefur samið um sölu á, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

Nú selur útflytjandi eigi vöru sína gegn frjálsum gjaldeyri né upp í viðskiptasamninga almennt samkv. 2. málsgr. þessarar greinar, og skal honum þá heimilt að kaupa í skiptum vörur til innflutnings, enda sé innflutningur slíkra vara eigi bannaður eða aðeins leyfður einkasölum ríkisins. Skal fjárhagsráð veita innflutningsleyfi fyrir slíkum vörum og verðlagsstjóri verðleggja þær samkvæmt venjulegum álagningarreglum. Afhenda skal gjaldeyriseftirlitinu sölu- og kaupreikninga allra slíkra vöruskipta, og er því skylt að athuga, að eigi sé framkvæmdur gjaldeyrisflótti með slíkum vöruskiptum.

Ríkisstjórnin skal fyrir byrjun hvers árs birta skrá yfir vörur þær, sem algerlega er bannað að flytja inn á því ári. Má hún síðar á því ári fella niður bann á einstökum vörum, en ekki bæta nýjum við. Fyrir árið 1950 skal þó slík skrá birt í síðasta lagi 15. maí.

Sþ. 567. Breytingartillaga [100. mál]

við brtt. á þskj. 563 [Lóðakaup í Reykjavík].

Frá Gísla Jónssyni.

Við tölul. 1. Í stað orðanna „að sjá um“ í upphafi mgr. komi: að hlutast til um.

Ed. 568. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um dánarvottorð og dánarskýrslur.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá Nd., hefur nefndin athugað og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur.

Alþingi, 21. apríl 1950.

H. Guðmundsson, form. Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr., frsm. Lárus Jóhannesson.
F. R. Valdimarsson. Gísli Jónsson.

Ed. 569. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með breytingum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma, svo og að flytja breytingartillögur.

Eiríkur Einarsson var ekki við, þegar endanlega var gengið frá tillögunum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Í stað tveggja síðustu málsl. greinarinnar komi:
   Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.
2. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðunum „að veita bændum“ í síðustu málsgr. bætist: og öðrum.
   b. Á eftir orðunum „fyrir ábúðarjarðir“ í sömu málsgr. bætist: eða eignarjarðir.
   c. Á eftir orðunum „Þar, sem sambandssvæði“ í sömu málsgr. bætist: eða starfssvæði héraðsráðunautar.
3. Við 6. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist: Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum.
4. Við 8. gr. Í stað orðanna „skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna og sjávar- og sveitarþorpa komi: skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum.
5. Við 11. gr. VII. c. Fyrir „4.50“ komi: 5.50.
6. Við 16. gr.
   a. 1. töluliður orðist svo:
      Að kaupa vélknúnar skurðgröfur, og ef nauðsyn þykir jarðræktarvélar, og annast rekstur þeirra.
   b. Aftan við 3. tölul. bætist: eða aðilar leggja til.
7. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Skipa skal þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, er nefnist vélanefnd ríkisins. Landbúnaðarráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar, og er hann formaður hennar, annan skipar hann samkvæmt tilnefningu Búnaðarþings, en hinn þriðja skipar hann verkfæraráðunaut Búnaðarfélags Íslands, hafi það slíkan mann í þjónustu sinni, en ella einn af jarðræktarráðunautum félagsins eftir tilnefningu stjórnar þess.
8. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
   Réttur til erfðaleigu á löndum þessum, svo og til veðsetningar á þeim, fer eftir lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, 46. gr., og lögum nr. 16 22. febr. 1950, um breyting á þeim lögum.
9. Við 36. gr. Greinin falli burt, og breytist greinatala samkvæmt því.

Alþingi, 21. apríl 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Þorst. Þorsteinsson. H. Guðmundsson.

F. R. Valdimarsson.

Ed. 570. Breytingartillögur [43. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „styrkur er veittur“ komi: ríkisframlag er veitt.
2. Við 6. gr. Í stað „styrks“ í síðustu málsgr. komi: ríkisframlags.
3. Við 7. gr. Í stað „styrk“ í upphafi greinarinnar komi: ríkisframlag.
4. Við fyrirsögn II. kafla. Í stað „styrki“ komi: ríkisframlög.

5. Við 11. gr. Í stað „styrk“ í fyrstu málsgr. og „styrkur“ fjórum sinnum síðar í greininni komi alls staðar: framlag.
6. Við 12. gr. Í stað „Af jarðabótastyrk þeim, sem talinn er í 11. gr.“ komi: Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 11. gr.
7. Við 13. gr.
   a. Í stað „jarðabótastyrk“ komi: jarðabótaframlög.
   b. Í stað „jarðræktarstyrk“ komi: jarðræktarframlögum.
   c. Í stað „styrknum“ komi: framlaginu.
8. Við 14. gr. Í stað „Enginn styrkur“ komi: Ekkert ríkisframlag.
9. Við 15. gr. Í stað orðanna „styrktar eru“ komi: framlag er veitt til.
10. Við 23. gr.
   a. Í stað „styrk“ komi: ríkisframlag.
   b. Í stað „styrk“ komi: framlag.
   c. Í stað „Styrkur þessi“ komi: Framlag þetta.
11. Við 26. gr. Í stað „styrk“ komi: ríkisframlag.
12. Við 27. gr. Í stað „jarðabótastyrks“ komi: jarðabótaframlags.
13. Við 29. gr. Í stað „styrkhæfar“ í síðustu málsgr. komi: framlagshæfar.
14. Við 38. gr. Í stað „styrks“ í fyrstu málsgr. komi: ríkisframlags.
15. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Í stað orðanna „styrkt með 400—500 kr.“ í 3. málsgr. komi: njóta 400—500 kr. framlags.
   b. Í stað „styrkurinn bundinn“ í sömu málsgr. komi: framlagið bundið.
   c. Í stað „styrks“ í síðustu málsgr. komi: framlags.

Nd. 571. Breytingartillaga [44. mál]

við frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: og koma í veg fyrir svartan markað, gjaldeyrisbrask, óleyfilegan vöruinnflutning og vörusölu í landinu.

Nd. 572. Breytingartillaga [44. mál]

við frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Í stað orðsins „verðgæzlustjóri“ hvarvetna í frv. komi: verðlagsstjóri.

Nd. 573. Breytingartillaga [44. mál]

við frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 3. gr. Framan við greinina bætist:

Verðgæzlustjóra er skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar tillögur til fjárhagsráðs um verðlag í landinu, álagningu og hver verðlagsákvæði skuli þar um sett.

Tillögur þessar getur verðgæzlustjóri gert hvenær sem hann telur þess þörf, enda getur fjárhagsráð krafið hann um slíkar tillögur, eftir því sem þurfa þykir.

Ed. 574. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um notendasíma í sveitum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þess skal hér fyrst getið, hvers vegna álit þetta kemur svo seint fram. Af sérstökum ástæðum var ég ekki mættur á fundi fjárhagsnefndar, er hin svo kallaða afgreiðsla þessa máls fór þar fram. Voru 3 nefndarmanna af 5 mættir á fundi þeim, er hér um ræðir, en aðeins einn þeirra tók afstöðu til málsins. Síðan hef ég ekki haft aðstöðu til þess að ræða við fjárhagsnefnd um málið á fundi hennar fyrr en í dag, að formaður kallaði okkur saman eftir ósk minni til þess að ræða um það.

Ekki náðist samkomulag um málið. Virðist þó bera minna á milli nú en áður.

Ég tel það hið allra nauðsynlegasta fyrir sveitir landsins af þeim framkvæmdum, sem nú er um að ræða í flestum byggðum, að býli þau, sem í ábúð eru enn, fái símasamband hið allra fyrsta. Þótt vegir og brýr séu dýrmæt, þá munu þeir langflestir vera, er kjósa sér notendasíma heldur, af tvennu til. Einveran og fásinnið verður ekki eins tilfinnanlegt, þegar hægt er að tala við nágrannann í vetrarhríðum og haustmyrkrum og síma má að heiman til læknis, ef slys eða annan voveiflegan sjúkdóm ber að höndum. Bóndinn, sem verður að ferðast frá heimili sínu, er öruggari, er hann jafnan getur haft samband við heimili sitt, og konan, sem ef til vill er á meðan ein heima með ungbarnahóp, er rólegri, er hún getur talað við nágrannann og gert aðvart, ef hún þarf skjótrar aðstoðar við. Þá léttir notendasíminn afar mikið undir við vöruaðdrætti, er verzlanir senda viðskiptamönnum vörur með bílum eftir símpöntun þeirra. Þannig má lengi telja.

Ég álít því, að veita eigi meira fé á fjárlögum en undanfarið hefur verið gert til sveitasíma, og það eins hátt og fært þykir, eftir því sem efni standa til hjá ríkissjóði. Undanfarin ár hafa útgjöld til notendasíma í sveitum farið langt fram yfir áætlun fjárlaga, og hefur símamálastjórnin sýnt fullan skilning og áhuga á að koma þeim málum sem lengst á leið á sem skemmstum tíma, og hefur henni yfirleitt farið þau mál vel úr höndum, þótt ef til vill megi eitthvað þar að finna. Virðist mér því hið mesta óráð að fara nú að taka mál þessi að mestu úr höndum hennar og fela háttsettum mönnum í einum pólitískum flokki að segja til um, hvaða heimili eigi að fá notendasíma í hvert skipti. Þessir menn, þótt þeir vilji vera óhlutdrægir, komast varla hjá því, að þeir verði grunaðir um græsku af þeim, er þykjast seint komast að við útdeilinguna, og getur orðið út af þeim málum ýmiss konar argaþras, er jafnvel verður framkvæmdunum til trafala.

Legg ég til, að á frv. verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. Við 4. gr. Greinin falli niður.
2. Við 6. gr. 3. málsl. greinarinnar falli niður.

Alþingi, 19. apríl 1950.

Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 575. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Á eftir fyrsta málslið 3. gr. laganna komi: Leyfi til minkaeldis má þó því aðeins veita, að leyfisbeiðandi skuldbindi sig til að geyma minkana í steyptu húsi, svo að öruggt sé, að þeir geti ekki sloppið.

2. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þeir, sem stunda minkaeldi þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1951 hafa komið sér upp steyptum húsum til að geyma minkana í.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 112/1947, um loðdýrarækt, var hert allverulega á þeim ákvæðum, er áttu að tryggja, að loðdýr slyppu ekki úr haldi, enda munu litlar sagnar hafa um það gengið, sem sannar mega teljast, að síðan hafi loðdýr sloppið úr haldi. Þó hefur ótti manna við það, að minkar sleppi úr núverandi húsum, aukizt, eftir því sem meira hefur borið á villiminkum, og er nú svo komið, að sumir virðast helzt trúa því, að öll viðkoma og útbreiðsla villiminkanna stafi af þeim minkum, sem nú eru í minkabúunum. Til að taka fyrir þennan ótta er hér lagt til, að framvegis verði minkaeldi ekki leyft nema í steyptum húsum. Reynslan hefur sýnt, að það er auðgert að búa þannig um minkabúin, að fullkomlega er öruggt, að þeir komist ekki úr þeim. Eftir núgildandi lögum og reglugerðum er öllum óheimilt að setja á stofn minkabú, nema leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar komi til, og í búið má ekki flytja dýr, fyrr en úttekt hefur farið fram á því, og því lýst yfir af þeim, er hana framkvæma, að öruggt sé, að dýr geti ekki, nema vegna sérstakra óhappa, sloppið úr búrunum. Þó að þetta hafi reynzt nokkuð öruggt til að tryggja, að dýr sleppi ekki úr búunum, er samt enn hert á öryggginu, með því að ákveða, að minkahúsin skuli steypt, en að öðru leyti gilda að sjálfsögðu eldri ákvæði um leyfi til minkaeldis, skoðun og eftirlit með gerð húsanna, svo og árleg skoðun og eftirlit með, að ekki sleppi úr húsunum.

Sá litli minkastofn, sem nú er til á búunum, er sérstaklega góður og verðmætur. Skinn af honum seljast nú á 12—25 dollara, og sem stendur mun enginn atvinnuvegur arðsamari og ekkert af okkar framleiðslu betur seljanlegt. Það væri því í meira lagi undarlegt og óskiljanlegt, ef nú ætti að drepa stofninn niður af ótta við villiminkahættu, sem engan veginn stafar frá minkunum, sem eru í búrum inni og gert er ómögulegt þaðan að komast. Nokkrir menn stunda nú minkarækt og eru enn með þá í timburbúrum og netgirðingum, sem að vísu eru góðar, en skapa þó ekki sama öryggi og geymsla í steyptum húsum. Eðlilegt er, að þessum mönnum verði gefinn kostur á að breyta minkabúrum sínum, og því er sett í frumvarpið ákvæði til bráðabirgða um það, og þótti rétt, með hliðsjón af núverandi gjaldeyrisástandi, að veita þeim frest til ársloka 1951.

Ed. **576. Frumvarp til laga** [46. mál]

um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum minnst 4 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlínum, sem einangra svæði þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlínum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

2. gr.

Í stað upphafs 1. málsl. 13. gr. komi:

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, a. m. k. næstu 4 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd, ef hún telur hættulaust, leyft flutning lambhrúta til kynbóta milli fjárskiptasvæða innan þess tíma, enda sé ekki um að ræða flutning þaðan, sem garnaveiki hefur verið.

3. gr.

1. málsgrein 37. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframtali tæpum tveim árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1950 skal miða við framtal á árinu 1949, þ. e. fjártölu í árslok 1948 o. s. frv. Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustin 1947 og 1948 vegna fyrirhugaðra fjárskipta 1950 og 1951, skal þó miða fjártöluna við skattaframtal þeirra tæpum þremur árum áður en fjárskipti hefjast, enda haldi þeir áfram búskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði.

4. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur, sem svarar hálfu lambsverði á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af niðurlagsverði tveggja næstu ára á undan, miðað við meðalvænleika sláturlamba á hverju fjárskiptasvæði.

Kostnað við flutning líffjár á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitar tilfærslu á fé á fjárkaupasvæðum, svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða kosti fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu fá keypt, ef unnt er, líflömb, er nema 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, samanber þó 39. gr. Skylt er að láta bændur, er hafa litla eða enga aðstöðu til mjólkursölu eða annarrar framleiðslu, sitja fyrir um líflambakaup, ef ekki fæst áskilin fjártala til úthlutunar.

Séu nægjanleg líflömb fáanleg skal fjáreigendum gefinn kostur á að fá allt að 20% til viðbótar. Sé ekki unnt að útvega þessi 50% lambanna svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur vegna þeirra, er til vantar, á sama hátt og fyrir er mælt í 39. grein.

Framlag ríkisins skal greiða ári eftir að fjárskipti hefjast, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptra líflamba.

5. gr.

39. gr. laganna orðist svo (var 40. gr. í lögunum):

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð á svæðinu. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

6. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein, er verði 40. gr., svo hljóðandi:

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 4% ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að $^2/_5$ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að $^4/_5$ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu eftir 5 ár frá útgáfudegi.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana af fasteignaveðslánum þeirra aðila einna, sem hafa tekið þau upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 5. gr.) og hafa ekki aðstöðu til annarrar framleiðslu, en búa við örðugan fjárhag að dómi nefndarinnar, undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum að öllu leyti eftir ákvæðum þessarar greinar.

7. gr.

39. gr. (óbreytt) verður 41. gr.

41. gr. (óbreytt) verður 42. gr. o. s. frv.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 577. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (18. gr.) Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn fyrir ágangi búfjár af viðkomandi úttektarmönnum, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins

láta rannsaka, hverjir eru eigendur fjárins, og láta merkja það. Síðan skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eru eigendur fjárins og hvernig féð var merkt, en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum. Skal eigendum gefinn kostur á að vítja fjárins, ef fært þykir að áliti hreppstjóra.

Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni eða óvenjulegum snjóalögum eigi um kennt, að dómi úttektarmanna hreppsins, getur hlutaðeigandi umsjónarmaður skógræktarsvæðisins afhent fénaðinn hreppstjóra með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunum og koma þeim í verð. Við þeirri kröfu er hreppstjóra skylt að verða, en skógareigandi er skyldur að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir skepnur sínar. Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi, að dómi úttektarmanna, að féð komst inn í hana.

Rísi ágreiningur um bæturnar, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær, og ber hlutaðeigendum að hlíta úrskurði þeirra um bætur og kostnað.

Séu hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

b. (19. gr.) Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjárækturreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 578. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Á eftir 33. tölulið B-liðar 2. gr. laganna kemur nýr töluliður:
Hjarðardalsbót í Önundarfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er að gera bátabryggju í Hjarðardal í Önundarfirði, einkum vegna mjólkurflutninga og Djúpbátsferða. Hjarðardalur er löggiltur verzlunarstaður skv. lögum nr. 64 23. júní 1936.

Nd. 579. Breytingartillögur [37. mál]

við frv. til l. um sveitarstjóra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. Við 3. gr. Á eftir orðunum „skipti hreppsnefndar og sveitarstjóra“ komi nýir málsl., svo hljóðandi: Árslaun sveitarstjóra skulu ekki vera lægri en 15000 kr., og greiðast þau úr sveitarsjóði. Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur tímamörk.
3. Við 4 gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Að öðru leyti skal starfssvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna hreppsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir. Birta skal slíka samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Nú er hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, og fellur þá niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns þann tíma, er hann gegnir sveitarstjórastarfi, en varamaður hans tekur sæti í hreppsnefndinni.
5. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfa sínum eða skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við störfum sveitarstjóra til bráðabirgða, meðan ráðuneytið rannsakar misklíðarefnið, og gegnir oddviti starfanum, unz sveitarstjóri hefur tekið við starfa sínum aftur eða nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn.

Nd. 580. Frumvarp til laga [148. mál]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Flm.: Áki Jakobsson og Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á tímabilinu frá 20. marz til ársloka 1950 93 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðum með haus.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt á sama tímabili og um getur í 1. mgr. að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 1.30 fyrir hvern lítra af lifur.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum framleiddum á tímabili því, er um ræðir í 1. gr., nái kr. 1.53 hvert enskt pund fob., miðað við 7 punda pökkun, að viðbættu því, er svarar til hækkaðs fiskverðs skv. 1. gr. og hækkunar á vinnslukostnaði vegna gengislækkunar skv. l. nr. 22 19. marz 1950, hvort tveggja skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar, og samsvarandi verð á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði hluta af geymslukostnaði þessa fisks.

Ábyrgð ríkissjóðs skv. 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð fisks þess, er um ræðir í 1. gr., verði kr. 2.52 fyrir kg fob., miðað við fullstaðinn

stórfisk (þorsk) 1. flokks, að viðbættu því, er svarar til hækkaðs fiskverðs skv. 1. gr. og hækkunar á vinnslukostnaði vegna gengislækkunar skv. l. nr. 22 19. marz 1950, hvort tveggja skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði rýrnun á saltfiski þessum, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 93 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talað er um í 2. og 3. gr. hér að framan.

5. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

6. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 93 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

9. gr.

Til aðstoðar verðlagsyfirvöldum við ákvörðun verðlags á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, skipar ráðherra að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum.

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

10. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um gengisskráningu var fiskábyrgð felld niður frá 20. marz 1950. Sú ráðstöfun var réttlætt með því, að gengislækkunin mundi ekki einasta tryggja bátaútveginum það verð, sem fiskábyrgðin tryggði honum áður, heldur mundi fiskverðið hækka upp í 93 aura kg. Fiskverðið var 75 aurar skv. fiskábyrgðarlögunum, auk þess var útgerðum báta greiddur vátryggingarstyrkur, sem talið var, að næmi fyrir útgerðina 10 aurum á kg af fiski í meðalveiði. Nú hefur þessi vátryggingarstyrkur verið felldur niður, og auk þess hefur verðlag á olíu og veiðarfærum hækkað mjög tilfinnanlega. Þannig hefur olía hækkað um nærri 45%, úr 39 aurum lítrinn í 56.5 aura. Það er ekki fjarri lagi, að gengislækkunin hafi lækkað fiskverð með verðhækkunum á nauðsynjum útgerðarinnar, svo það samsvari ca. 66 aura verði fyrir setningu gengisskráningarlaganna. Þannig hafa gengisskráningarlögin orðið til að lækka fiskverðið til útgerða báta um ca. 19 aura hvert kg, ef miðað er við verðlag fyrir setningu þeirra laga. Þessi lækkun lendir líka með miklum þunga á fiskimenn og aðra hlutarmenn og er mjög tilfinnanleg kauplækkun. Þegar fiskábyrgðarlögin voru sett í janúar s. l., lá fyrir þinginu krafa um það frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, að fiskverð hækkaði svo, að það væri yfir eina krónu á kg. Þegar lögin voru samþykkt í þinginu, var miðað við 75 aura verð fyrir kg að viðbættum vátryggingarstyrk fyrir útgerðina, og var það þá álit allra, að það verð væri lágmark þess, sem hægt væri að reka bátana fyrir í meðalveiði. Í stað þess að bæta afkomu útvegsins, hafa gengisskráningarlögin raunverulega lækkað fiskverðið um rösk 20% og gert línubátaútgerð órekstrarhæfa og stórrýrt alla afkomu annarra fiskibáta. Þetta er ljót saga, en sönn. Þær gífurlegu byrðar, sem lagðar eru á almenning með gengislækkuninni, hafa ekki orðið bátaútveginum til gagns, eins og sýnt hefur verið.

Vertíð sú, sem nú er senn lokið, hefur orðið útvegsmönnum og sjómönnum mikil vonbrigði. Veiði hefur sums staðar verið með minnsta móti og víðast hvar léleg, svo að þær búsifjar, sem gengisskráningarlögin hafa veitt útveginum, verða enn þungbærari en ella hefði orðið.

Hagfræðingar þeir, sem undirbjuggu gengisskráningarlögin fyrir ríkisstjórnina, töldu, að gengislækkunin mundi hækka fiskverð til báta í 93 aura fyrir kg. Þegar til stykkisins kom, varð hækkunin engin, og meira að segja er því haldið fram af hraðfrystihúsum og saltfisksútflytjendum, að vegna hinnar gífurlegu auknu áhættu, sem leggst á herðar þessara aðila við afnám fiskábyrgðarinnar, þá sé þeim um megn að greiða svona hátt verð, og hefur sú skoðun verið látin í ljós af ýmsum þessara aðila, að verð fisksins þurfi að hækka. Þannig hefur gengislækkunin og afnám fiskábyrgðarinnar snúizt gegn bátaútveginum, einum þýðingarmesta þætti útflutningsframleiðslunnar, og einmitt þeim atvinnuveginum, sem bjarga átti með gengislækkuninni.

Út úr þeim vanda, sem útvegurinn er nú kominn í vegna aðgerða löggjafans, er ekki til nema ein leið. Hún er sú, að lögfesta fiskábyrgð á nýjan leik. Ef útreikningar þeir, sem ríkisstjórnin byggði á gengislækkunartillögur sínar, eru réttir, þá ætti fiskábyrgð eins og sú, sem felst í þessu frv. og byggð er á 93 aura verði fyrir kg af fiski, ekki að þurfa að valda ríkissjóði neinum útgjöldum, en hún tryggir afkomu útvegsins og tryggir það, að menn og konur í hinum mörgu sjávarplássum meðfram ströndinni geti haft örugga atvinnu af fiskveiðum og fiskvinnslu, sem annars yrði ekki.

Um frv. sjálft er það að segja, að þar er gert ráð fyrir 93 aura verði fyrir kg af þorski og ýsu, slægðum með haus. Í 2. og 3. gr. er miðað við það verð, sem gilti til 20. marz s. l., en ríkisstjórninni falið að ákveða þá viðbót, sem hæfileg getur talizt til að mæta kostnaði vegna hækkaðs fiskverðs og vegna gengislækkunarinnar. Að öðru leyti er frv. að mestu leyti samhljóða lögum um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., sem samþykkt voru á Alþingi 12. janúar s. l.

Við viljum líka taka það fram, að við teljum það ótímabært, að afnumin sé fiskábyrgð meðan ríkið annast sölu á öllum afla bátaútvegsins og hirðir auk þess allan gjaldeyri, sem inn kemur fyrir hann. Meðan svo er ástatt, hvílir óhjákvæmilega sú siðferðisskylda á ríkisvaldinu að tryggja útveginum það verð fyrir afla sinn, sem nægir til þess, að hægt sé að halda útgerðarstarfseminni áfram.

Sþ. 581. Breytingartillaga [97. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1946.

Frá Jóni Pálmasyni, Bernharð Stefánssyni og Sigurði Bjarnasyni.

Við 2. gr. Úr greininni falli liðurinn:
„Til viðbótar við gjöldin í 9. gr. eru veittar kr. 1 166 381.00“
Niðurstöðutölur (í 1. og 2. gr.) breytast samkv. því.

Ed. 582. Frumvarp til laga [60. mál]

um notendasíma í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður skal í næstu 10 ár leggja fram 2.5 millj. kr. árlega til lagningar notendasíma um sveitir landsins, og skal sú upphæð tekin upp í fjárlög hvers árs.

2. gr.

Á innflutningsáætlun hvers árs skal áætla nægilega fjárhæð til þess, að hægt sé að flytja það efni til landsins, er þarf til að leggja þá notendasíma, er um getur í 1. gr. Gjaldeyrisleyfi fyrir þeim innflutningi ber að veita það snemma árs, að efnið geti verið komið til landsins, þegar framkvæmdir eiga að hefjast.

3. gr.

Um stofngjöld og rekstur notendasíma fer eftir gjaldskrá og reglum Landssíma Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Þegar teknar eru ákvarðanir um lagningu notendasíma, skal hafa hliðsjón af því, hvar mest sé vöntun síma og hvernig sveitir séu að öðru leyti á vegi staddar í því efni, svo og af aldri þeirra beiðna, er fyrir liggja. Enn fremur skal leitast við að skipuleggja framkvæmdir eftir því, sem hentast þykir fjárhagslega.

5. gr.

Nú vilja einhverjar sveitir eða sýslufélög flýta lagningu notendasíma um sveitina eða sýsluna og bjóða fram lán til framkvæmdanna. Er þá skylt að taka við því og leggja síma til þeirra, ef gjaldeyrisyfirvöldin veita innflutningsleyfi fyrir meira efni en um ræðir í 2. gr.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **583. Breytingartillaga** [60. mál]

við frv. til l. um notendasíma í sveitum.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Ákvarðanir um það, hvar leggja skuli notendasíma ár hvert, skulu teknar af þriggja manna nefnd, og er póst- og símamálastjóri sjálfkjörinn formaður hennar, en tveir nefndarmenn skulu kosnir af sameinuðu Alþingi.

Ed. **584. Lög** [135. mál]

um dánarvottorð og dánarskýrslur.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 500.

Sþ. **585. Breytingartillaga** [138. mál]

við till. til þál. um innflutning læknabifreiða.

Frá Kristínu Sigurðardóttur, Bjarna Ásgeirssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Aftan við tillöguna bætist:

Einnig skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nauðsynleg leyfi séu hið bráðasta veitt Rauða krossi Íslands til innflutnings á bifreiðum til sjúkraflutninga.

Nd. **586. Breytingartillaga** [44. mál]

við frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Finni Jónssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist orðin: um land allt.

Nd. **587. Breytingartillaga** [44. mál]

við frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 5. gr. Í stað orðanna „ákveðnum trúnaðarmanni sínum“ komi: verðgæzlustjóra.

Nd. 588. Lög [44. mál]

um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 491.

Sþ. 589. Fyrirspurnir. [149. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun þeirra 10 togara, sem í smíðum eru.

Frá Einari Olgeirssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin ráðstafa þeim tíu togurum, sem nú eru í smíðum í Englandi?

II. Til ríkisstjórnarinnar um greiðslu uppbóta á eftirlaun.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Hefur ríkisstjórnin notað heimild, sem henni var veitt með ályktun Alþingis frá 20. des. 1949 um greiðslu uppbóta á eftirlaun?

III. Til ríkisstjórnarinnar um endurheimt handrita og forngripa.

Frá Pétri Ottesen.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að framfylgja kröfum Íslendinga um endurheimt handrita og forngripa, sem þeir eiga í dönskum söfnum?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um störf Grænlandsnefndar.

Frá Pétri Ottesen.

Hvað líður rannsókn þeirri, er ríkisstjórnin ákvað að láta fram fara um réttindi Íslendinga til yfirráða á Grænlandi?

Sþ. 590. Breytingartillögur [100. mál]

við till. til þál. um kaup á lóðum í Grjótaþorpinu í Reykjavík.

Flm.: Jóhann Hafstein, Gunnar Thoroddsen.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvar verið hafi bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar.

Sþ. **591. Fjáraukalög** [97. mál]

fyrir árið 1946.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1946, eru veittar kr. 94 432 311.41 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. eru veittar:

1.	Póstur	kr.	1 283 507.29
	en tekjur fóru kr. 321 462.13 fram úr fjárlagaáætlun.		
2.	Sími	—	4 181 071.20
	en tekjur fóru kr. 2 002 576.80 fram úr fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	1 681 723.24
	af kr. 17 471 597.89 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	350 343.76
	af kr. 8 160 150.61 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	687 443.55
	af kr. 1 387 329.30 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	299 336.18
	af kr. 380 364.31 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
7.	Áburðarsala ríkisins	—	4 165.88
	af kr. 262 280.02 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	63 493.79
	af 111 401.51 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Landssmiðjan	—	429 200.10
	en tekjur fóru kr. 341 200.10 fram úr fjárlagaáætlun.		
10.	Vífilsstaðabúið	—	240 345.66
	en tekjur urðu kr. 277 906.42.		
11.	Kleppsbúið	—	203 489.01
	en tekjur urðu kr. 218 446.22.		
12.	Bessastaðabúið	—	96 050.63
	en tekjur urðu kr. 80 598.76.		
13.	Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	228 684.42
	en tekjur urðu kr. 174 498.10.		
14.	Skólabúið á Hólum	—	207 331.29
	en tekjur urðu kr. 198 769.51.		
15.	Skólabúið á Hvanneyri	—	559 966.89
	en tekjur urðu kr. 341 243.55.		
		Kr.	10 516 152.89

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	7.	gr.		eru	veittar	kr.	88 031.19
—	—	—	—	-	8.	—		—	—	—	7 795.16
—	—	—	—	-	10.	—		—	—	—	1 153 038.72
—	—	—	—	-	11.	—	A.	—	—	—	2 552 187.58
—	—	—	—	-	11.	—	C.	—	—	—	956 221.69
—	—	—	—	-	12.	—		—	—	—	543 205.94
—	—	—	—	-	13.	—	A.	—	—	—	7 480 519.96
—	—	—	—	-	13.	—	B.	—	—	—	948 994.86
—	—	—	—	-	13.	—	C.	—	—	—	308 207.54
—	—	—	—	-	13.	—	D.	—	—	—	484 777.65

Til viðbótar við gjöldin í				14.	gr.	A.	eru	veittar	kr.	613 365.02
—	—	—	—	- 14.	—	B.	—	—	—	4 208 529.21
—	—	—	—	- 15.	—	A.	—	—	—	160 766.49
—	—	—	—	- 15.	—	B.	—	—	—	437 362.93
—	—	—	—	- 16.	—	A.	—	—	—	1 428 798.23
—	—	—	—	- 16.	—	B.	—	—	—	1 468 095.04
—	—	—	—	- 16.	—	C.	—	—	—	70 985.19
—	—	—	—	- 17.	—		—	—	—	5 885 580.10
—	—	—	—	- 18.	—		—	—	—	1 384 530.05
—	—	—	—	- 19.	—	1.	—	—	—	4 245 874.35
—	—	—	—	- 19.	—	2.	—	—	—	7 307 423.77
									Kr.	52 250 443.56
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar									—	42 181 867.85
20. gr. Inn fór kr. 22 648 598.63 fram úr fjárlagaáætlun.										
									Kr.	94 432 311.41

Sþ. 592. Tillaga til þingsályktunar [150. mál]

um framkvæmd laga nr. 32 1946, um Austurveg.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Gunnar Thoroddsen, Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson, Jón Gíslason, Jörundur Brynjólfsson, Jóhann Jósefsson, Einar Olgeirsson, Jóhann Hafstein, Rannveig Þorsteinsdóttir, Sigurður Guðnason, Kristín Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að nota nú þegar að nokkru lántökuheimild þá, sem veitt er í lögum nr. 32 1946, um Austurveg, og bjóða út allt að 5 millj. króna lán til byrjunar á vegagerðinni, er hefjist í sumar. Miðast það við kaflann frá Svínahrauni, austur um Þrengsli til þjóðvegar í Ölfusi, er fyrst verði gerður sem malborinn akvegur.

Skuldabréf ríkissjóðs í þessu skyni verði höfð með þeim kjörum, að því er lánstíma og vexti snertir, er laði menn til að kaupa þau.

Greinargerð.

Tillaga sú til þingsályktunar, er samþykkt var í Sþ. 1944 og laut að samgöngumálum Sunnlendinga, þ. e. leiðinni milli Reykjavíkur og Selfoss, varð til þess, að milliþinganefnd var skipuð til rannsóknar á því málefni. Skyldi nefndin skila áliti sínu um hagkvæmustu úrlausn til samgöngubótanna og gera kostnaðaráætlun.

Hin þingkjörna 5 manna nefnd, er tók til starfa samkvæmt þessu, skilaði nákvæmu áliti í nóvember 1945 og varð einróma um niðurstöðurnar.

Lögin um Austurveg voru síðan sett árið 1946, og byggðust þau á aðaltillögum nefndarinnar og mættu litilli mótspyrnu á Alþingi.

Að vísu var hið ákvarðandi tímabil, er heildarvegagerðinni milli Reykjavíkur og Selfoss var ætlað, lengt frá því, er lagt var til, úr 6 næstu árum í 7, og skipti það ekki miklu máli, en hitt hefur reynzt miklu lakara í framgangi þessa mikilsverða máls, að ekki er farið að hreyfa við einum steini enn þá á fjórða ári framkvæmdatímans.

Um orsakir til þessa furðulega dráttar á lögmæltum og mikilsvarðandi framkvæmdum skal ekki fjölyrt hér. Virðist helzt sem ill örlög séu enn að verki um samgöngumál sunnlenzkra sveita og Reykjavíkur. Skiptir nú áratugum síðan umræður hófust um það, hvað gera skyldi. Munu engir eða fáir hafa reynzt hjáróma um nauðsynina, en leiðir skipzt um aðferðirnar. Hafa og pólitiskir duttlungar orðið

því máli sem mörgum öðrum að farartálma og smitað út í mannfélagið, sem mæðiveikifaraldur í sauðfé.

Þá kemur það einnig til greina, er um drátt þennan er rætt, að áherzla var á það lögð af mikilsmegandi mönnum, að önnur þeirra varaleiða, er milliþinganefndin lagði til, að veglögð yrði, þ. e. Krýsuvíkurvegur, skyldi fullgerð áður en byrjað yrði á aðalveginum um Þrengslin. Getur þetta álitamál nú eigi orðið til ágreinings, með því að Krýsuvíkurveginum er lokið. En aðalþáttur umræddS samgöngumáls er óleystur enn, þ. e. framkvæmd vegagerðar um Þrengslin, Austurvegurinn. Þeir, sem gera greinarmun á ca. 60 og 100 km vegalengd, sem ber á milli Austurvegar og Krýsuvíkurleiðar, sjá, hvað hér er í húfi.

Hið ýtarlega og glögga álit milliþinganefndarinnar, sem ákveður aðalveginum leið um Þrengslin, er staðfesting á niðurstöðum þeim, er fengust við fyrri rannsóknir þeirra mála, svo sem verkfræðingsins Sverre Möllers hins norska, er hingað var fenginn til þessara athugana. Styrkir það menn og í þeirri trú, að hér sé það lagt til málanna, er bezt muni reynast.

Í þau ár, sem liðin eru síðan milliþinganefndin samdi álit sitt, hefur ekkert orðið til að hnekkja þeirri niðurstöðu, að aðalveginum sé rétt valinn staður um Þrengslin og yfirleitt á þann hátt, sem nefndarálitið og lögin segja fyrir um. Þegar mest hefur reynt á vegna snjóalaga síðustu veturna, hefur vegamálastjórnin látið menn sína athuga Þrengslaleiðina, og hafa þeir sízt orðið fyrir vonbrigðum um gildi vel greiðs vegar, þar sem honum er þar ætlað að liggja.

Það þarf því engan að furða, þótt milliþinganefndin hafi í rauninni komizt að þeirri niðurstöðu, að Þrengslaleiðin yrði arðvænlegt fyrirtæki, þótt dýrt væri. Hellisheiðarvegurinn gamli ófæran ein, þegar nokkuð reyndi á í vetrarferðum, enda hafði hann aldrei verið miðaður við þær vetrarþarfir, sem nú eiga sér stað, og Krýsuvíkurleiðin, ætti hún að bæta úr þessu, nál. 40 km lengri milli áminnztra staða og of mjó og ófullkomin til svo mikilla nota sem þörfin krefði, ætti hún að verða aðalflutningaleiðin á skemmri og lengri tímabilum.

Umferð og flutningaþörf hefur hraðaukizt síðan nefndarálitið var gert, og heldur sú þróun áfram ár frá ári, meir en gætnir og glöggir menn treystast til að áætla.

Þegar athugaður er bílferðakostnaður og þungavörugjald fyrir hverja kílómetraleið, skýrist mál þetta fyrir hverjum, sem vill skilja. Aðalframleiðsluvara bændanna sunnlenzku og nauðsynlegasta neyzluvara Reykvíkinga, segja hér til vegar. Þegar þess hvors tveggja er gáð, að bændur þurfa verð fyrir mjólk sína og höfuðborgin þær þarfir, sem öllum mega vera ljósar, skýrist það, að sinna verður samgöngunum, ef báðum á að vera borgið. Er þetta stórbrotið hagsmunamál meir en helmingi þjóðarinnar.

Þó að nú þyki á margan hátt þröngt í búi um fjárgreiðslur, verður á það að líta, að örðugleikarnir eiga að verða til þess að knýja fram störfin, þau störf, sem hent eru til að víkja örðugleikunum úr vegi og tryggt geti afkomu landsmanna. Eru það búmannshættir að láta það sitja fyrir öðru, sem mest liggur á. Er það nú Alþingis að meta þessa nauðsyn.

Í samræmi við l. um Austurveg gerir þingsályktunartillaga þessi ráð fyrir, að heimiluð sé lántaka til framkvæmda á malbornum vegi frá Svínahrauni austur á Ölfusveg; á því skuli byrja, enda er þar um örðugasta hjallann að ræða. Er beiðnin um lántökuheimildina hærri en ætlað er í kostnaðaráætlun nefndarinnar um þennan vegkafla. Þykir það nauðsynlegt vegna verðbreytinga, er orðið hafa síðan áætlunin var gerð.

Auk hinnar brýnu nauðsynjar, sem er á bráðri framkvæmd umræddrar vegagerðar, skiptir það einnig miklu máli, að kostnaður sá, er hér yrði lagt í, eru framlög íslenzks gjaldeyris til almennra þarfa og átökin því vandaminni en verða mundi, væri um torsóttan erlendan gjaldeyri að ræða, og síðast en ekki sízt: sé ætlunin að rifa seglín til starfs og framkvæmda, mundi ótti atvinnuleysisins fjarlægjast, ef hér mætti vísa til vinnu við það starf, sem vinna þarf.

Ed. 593. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd., og hefur, síðan það var þar til meðferðar, verið lögfest breyting á gengi ísl. krónu, þannig að nú þarf kr. 57125000.00 til að vega á móti þeirri lánsfjárhæð í sterlingspundum, 1250000, sem um ræðir í 2. málsgr. 1. gr. frv. Er þá sölugengi sterlingspunds miðað við kr. 45.70, en í frv. er miðað við sölugengi kr. 26.22, eða eins og það var áður en gengisbreytingin átti sér stað. Er nefndin sammála um að flytja breytingartillögu samkv. þessu við frv. og að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Rætt var um fleiri breytingar á frv., en um þær náðist ekki samkomulag, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um að flytja eða fylgja frekari breytingum á frv., ef svo þykir hlýða.

Með skírskotun til þess, er hér hefur sagt verið, er nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „32775000“ í síðari málsgr. komi: 57125000.

Alþingi, 20. apríl 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., H. Guðmundsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 594. Frumvarp til laga [87. mál]

um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal endurgreiða hluta af verðtolli og vörumagnstolli, sem lagður var á tilbúin timburhús, sem innflutt voru frá Svíþjóð á árunum 1945, 1946 og 1947. Skal endurgreiðslan miðast við það, að verðtollur, sem ríkið fær af húsunum, sé 10%, en vörumagnstollur 2 aurar á kg.

2. gr.

Þeir, sem eru eigendur húsanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fá tollendurgreiðsluna.

3. gr.

Ríkissjóður skal endurgreiða innflutningstoll af öllum vélbátum, sem fluttir voru til landsins á árunum 1945, 1946 og 1947.

4. gr.

Ríkissjóður skal bæta upp tap á smíði þeirra báta, sem smíðaðir voru innanlands á vegum ríkissjóðs á árunum 1945, 1946 og 1947.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 595. Breytingartillaga [60. mál]

við brtt. á þskj. 583 [Notendasímar í sveitum].

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Tillagan orðist þannig:
Aftan við 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Sameinað Alþingi kýs tvo menn hlutfallskosningu til tveggja ára í senn, og gera þeir tillögur til símamálastjórnarinnar um lagningu notendasíma í sveitum, og skulu þeir skila póst- og símamálastjóra tillögum sínum fyrir 1. apríl ár hvert.

Ed. 596. Breytingartillaga [60. mál]

við brtt. á þskj. 595 [Notendasímar í sveitum].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við till. bætist: Mennirnir starfi kauplaust.

Ed. 597. Breytingartillögur [60. mál]

við frv. til l. um notendasíma í sveitum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Í stað „2.5 millj.“ komi: eina milljón.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

Ed. 598. Frumvarp til jarðræktarlaga. [43. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Um stjórn ræktunarmála og réttindi.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af fulltrúaráði, er nefnist Búnaðarþing, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða ríkisframlag er veitt til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og mælingarmanna búnaðarsambandanna undir umsjón félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki ráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Sé starfssvæði ráðunautar minna en meðal sýslufélag, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það. Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 10 ráðunauta.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að hálfu frá hvorri búgrein.

Héraðsráðunautar skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum hver á sínu sambandssvæði, þar á meðal að veita bændum og öðrum aðstoð við að gera ræktunaráætlanir fyrir ábúðarjarðir eða eignarjarðir þeirra, og njóta til þess aðstoðar Búnaðarfélags Íslands. Þar sem sambandssvæði eða starfssvæði héraðsráðunautar nær yfir meira en tvö sýslufélög, er heimilt að hafa sérstaka mælingamenn þeim til aðstoðar, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta greiðast að $^2/_5$ hlutum úr ríkissjóði, en að $^3/_5$ hlutum af hlutaðeigandi héraðssamböndum. Héraðsráðunautar taka laun eftir 8. fl. launalaga.

Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera félagsmaður í hlutaðeigandi búnaðarfélagi.

7. gr.

Ákvæði laga þessara um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarða í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 87 19. júní 1933, I. kafla, 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðahlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum nr. 35 frá 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingalóða á hlutaðeigandi stað.
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land telst í lögum þessum: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum. Lönd þessi má eigi skerða, eða taka undir annan atvinnurekstur, nema um sé að ræða:

a. Almenna nauðsyn ríkis-, bæjar- og sveitarfélaga;
b. nauðsynlegan atvinnurekstur, er eigandi landsins hefur með höndum eða efnir til;
c. sölu lands eða leigu, til þess að landið verði notað undir mannvirki vegna nauðsynlegs atvinnurekstrar, er eykur verðmæti þess og ætla má, að verði til varanlegra hagsbóta fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

9. gr.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land eða hætta að nytja það til ræktunar af þeim ástæðum, sem um getur í 8. gr., staflið a—c, og skal þá ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðar úrskurðar.

10. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt að áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar
2. Vegar- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það hindri eigi eða torveldi framræslu landsins, og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess jafnan gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við hlutaðeigandi héraðsráðunaut.

   Línur, sem lagðar eru í jörð á ræktuðu landi eða ræktanlegu, skulu ætíð merktar svo greinilega á landinu, að ekki verði um villzt, hvar þær liggja, að öðrum kosti er ekki skylt að bæta það tjón, er hljótast kann á línum þessum við ræktunarframkvæmdir. Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu landsins, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur að hálfu af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða hreppi) og að hálfu af þeim, er láta gera framræsluna.
3. Vegagerðaraðilum er skylt að haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna jarðfoks, landbrots o. þ. l.

Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur skipaður þrem mönnum úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af samgöngumálaráðuneytinu, oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um ríkisframlög til jarðræktar og húsabóta.

11. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 15. gr.):

I. Áburðargeymslur:
   a. Safnþrær, alsteyptar ..... kr. 9.00 pr. m³
   b. Áburðarhús, alsteypt eða steypt með járnþaki ..... — 5.00 — —
   c. Haugstæði, steypt með 1 m veggjum ..... — 3.00 — —
II. Framræsla vegna túna, akur- eða engjaræktar (handgröftur):

a. Skurðir handgrafnir	kr.	1.00	pr.	m^3
b. Hnausræsi	—	0.75	—	m
c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi)	—	1.50	—	—
III. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir): Helmingur rekstrarkostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi: Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður (sem ekki er innifalinn í leigunni), vírar, hlerar og olíur, og mannahald, eftir því sem það er ákveðið eða samþykkt af stjórnendum Vélasjóðs.				
IV. Jarðrækt: Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar ..	—	200.00	—	ha
V. Grjótnám úr ræktunarlandi, þó ekki yfir 50 m^3 á ári ..	—	2.00	—	m^3
VI. Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðarstólpum, og sé eigi meira en 5 m bil á milli jarðfastra staura. Girðingar skulu vera minnst 5 strengja gaddavírsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni, og sé jafnað í lægðir, eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða	—	0.30	—	m
VII. Heyhlöður:				
a. Þurrheyshlöður steyptar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu	—	1.00	—	m^3
b. Þurrheyshlöður á steyptum grunni úr timbri, asbesti, járni eða öðru jafngildu efni	—	0.75	—	—
c. Votheyshlöður, steyptar, með þaki úr varanlegu efni	—	5.50	—	—

Framlag á jarðabætur greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar.

Framlag til jarðræktar greiðist því aðeins, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunautar, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðsla.

Framlag til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúaþvag á býlinu.

Ekki veitist framlag út á minni þurrheyshlöður en að rúmmál þeirra sé minnst 100 m^3.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbætur á jarðabætur þær, sem taldar eru í 11. og 15. gr., samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, að undanteknum tölul. III. (vélgrafnir skurðir) í 11. gr.

Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélaga til sameiginlegra félagsþarfa.

13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög til hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þá skrá sérstaklega, hve mikið af framlaginu gengur til afgjaldsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum.

14. gr.

Ekkert ríkisframlag greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið. til lóða undir hús, fiskreiti eða til annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem framlag er veitt til samkvæmt 11. gr. Reiknast þær til afgjaldsgreiðslu 50% hærra en styrkupphæðinni nemur.

III. KAFLI
Um Vélasjóð.

16. gr.

Vélasjóður er eign ríkisins. Starfsemi sjóðsins skal vera:

1. Að kaupa vélknúnar skurðgröfur, og ef nauðsyn þykir jarðræktarvélar, og annast rekstur þeirra.
2. Að leigja ræktunarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem nefndir eru í 21. gr. skurðgröfur þær, er þau hafa með höndum.
3. Að taka að sér fyrir aðila þá, sem nefndir eru í 21. gr., vélavinnu við stærri ræktunarframkvæmdir, sem henta þykir að vinna með vélum þeim, er sjóðurinn á eða aðilar leggja til.
4. Að aðstoða ræktunarfélög og aðra hliðstæða aðila við val, útvegun og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarframkvæmdir, svo og að gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

17. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, er nefnist vélanefnd ríkisins. Landbúnaðarráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar, og er hann formaður hennar, annan skipar hann samkvæmt tilnefningu Búnaðarþings, en hinn þriðja skipar hann verkfæraráðunaut Búnaðarfélags Íslands, hafi það slíkan mann í þjónustu sinni, en ella einn af jarðræktarráðunautum félagsins eftir tilnefningu stjórnar þess.

18. gr.

Starfssvið vélanefndar er:

1. Að hafa á hendi stjórn Vélasjóðs og annast alla starfsemi hans.
2. Að hafa á hendi eftirlit með viðhaldi ræktunarvéla, sem keyptar eru af ræktunarfélögum, samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum, sem um það gilda á hverjum tíma.

19. gr.

Til þess að annast þau störf, sem um getur í 18. gr., ræður vélanefnd sér nauðsynlega aðstoðarmenn, eftir því sem þörf krefur. Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands er framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Kostnaður við framkvæmdarstjórn greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki að kaupa nægilega margar vélar til að halda uppi þeirri starfsemi, sem tilgreind er í 16. gr., svo viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.

21. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirmælum vatnalaga, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar Vélasjóðs leigðar, eftir því sem ástæður leyfa og vélanefnd ákveður.

Hið sama gildir um ræktunarframkvæmdir á vegum ríkisins, búnaðarsambönd, ræktunarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og sveitarfélög. Búnaðarfélag Íslands hafi ávallt gert eða samþykkt fullkomnar áætlanir um framkvæmdir þær, er gera skal.

22. gr.

Leiga fyrir vélar þær, er Vélasjóður selur á leigu samkvæmt 16. gr., staflið 2, skal miðuð við, að hún nægi til að greiða viðhald og endurnýjun vélanna.

Um leigukjör og rekstur leiguvéla skal nánar ákveðið í reglugerð.

Þá er Vélasjóður tekur að sér framkvæmdir samkvæmt 16. gr., staflið 3, skulu hlutaðeigandi aðilar greiða allan rekstrarkostnað og auk þess leigu fyrir vélar þær, sem notaðar eru við vinnuna, er samsvari því, er um leiguvélar er að ræða.

23. gr.

Auk ríkisframlags þess, er um ræðir í öðrum kafla þessara laga, skal, þegar um áveitur er að ræða, greiða framlag til bygginga flóðgarða og flóðgátta ⅓ kostnaðar, og sé verkið þá unnið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir. Framlag þetta greiðist þó eigi fyrr en fullnaðarúttekt á verkinu hefur farið fram.

IV. KAFLI
Um búferlaflutning.

24. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhæfar til búreksturs.

25. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt héraðsráðunaut hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja, að máli skipti, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar.

26. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða býli geti eigi talizt byggilegt til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis ríkisframlag samkvæmt II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

27. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótaframlags (sbr. 26. gr.), flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji hann reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

V. KAFLI
Um erfðaleigulönd.

28. gr.

Þegar bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum óska þess, lætur Búnaðarfélag Íslands fram fara athugun á því, hvaða lönd liggi bezt við ræktun innan takmarka eða í nágrenni kaupstaðarins eða kauptúnsins. Þetta nær þó eigi til þeirra landa, sem líkur eru til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að verði í náinni framtíð tekin til byggingarlóða eða annarra framkvæmda en ræktunar. Þegar um jarðir í eigu einstaklinga er að ræða, skal leita samþykkis hlutaðeigandi eiganda, til þess að slík athugun megi fram fara.

Hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal láta Búnaðarfélagi Íslands í té þær upplýsingar og skýrslur hér að lútandi, sem nauðsynlegar eru og félagið til tekur.

29. gr.

Að lokinni þeirri athugun, er um getur í 28. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagningu vegakerfis og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingu þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins framlagshæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

30. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námuna við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til afnota, skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því, og Alþingi veitir til þess lagalega heimild. Fer framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

31. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 30. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefur tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefur léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

32. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 30. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins samkvæmt fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

33. gr.

Réttur til erfðaleigu á löndum þessum, svo og til veðsetningar á þeim, fer eftir lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, 46. gr., og lögum nr. 16 22. febr. 1950, um breyting á þeim lögum.

34. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Að landið sé einungis leigt til ræktunar og óheimil sé önnur notkun þess og að gera á því önnur mannvirki, nema um það sé gerður sérstakur samningur. Sé um byggingar að ræða, skal sá hluti landsins, sem nauðsynlegur er til þeirra afnota, afmarkaður og leigjast sem byggingarlóð.
3. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig ræktunarmannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.

35. gr.

Hvenær sem ríkið telur sig hafa þörf fyrir erfðaleiguland til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi leigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semjist.

Nú krefst ríkið meira af landinu en ¼ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

36. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, samanber 34. gr. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

37. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, mælingamanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 100—1000 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmuna skyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti héraðsráðunautur, mælingamaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögreglumál.

38. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Einnig gefur Búnaðarfélag Íslands út fyrirmæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 54 4. júlí 1942 — jarðræktarlög — og lög nr. 38 7. apríl 1943, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er, að dómi Búnaðarfélags Íslands, völ á nægilega mörgum búfræðingum með sömu eða meiri menntun en gert er ráð fyrir í framhaldsdeild bændaskólans á Hvanneyri, til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn með samþykki Búnaðarfélags Íslands ráða til þessa starfa búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, og miðast þá launakjör þeirra við X. flokk launalaganna.

Verkfærakaupasjóður leggst niður, og innstæður einstakra hreppabúnaðarfélaga greiðist til þeirra.

Til ársloka 1952 skal þúfnasléttun í túni njóta 400—500 kr. framlags á ha, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 12. gr., enda skal framlagið bundið því skilyrði, að minnst 1/10 túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda, miðað við skýrslur Búnaðarfélags Íslands yfir túnþýfi í landinu frá 1945.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er eigi hafa 10 ha tún, njóta 300 kr. framlags á ha til jarðræktar að viðbættri verðlagsuppbót.

Sþ. 599. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um friðun Faxaflóa.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, að Faxaflói allur, innan línu, sem dregin er frá Reykjanestá að Öndverðarnesi, verði friðaður fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum.

Greinargerð.

Það dylst engum nú orðið, hver vá er fyrir dyrum hjá Íslendingum af völdum hinna gegndarlausu botnvörpu- og dragnótaveiða á fiskimiðunum við strendur landsins. Þátttaka Íslendinga í botnvörpu- og dragnótaveiðum hefur verið aukin hin síðari ár, en það, sem mestu máli skiptir þó í þessu sambandi, er hin stóraukna aðsókn erlendra botnvörpuskipa á fiskimiðin hér. Með hverju árinu, sem líður, fjölgar þessum erlendu fiskiskipum við strendur landsins. Skipin stækka og afköst þeirra við veiðarnar vaxa að sama skapi. Allt stefnir þetta til þeirrar rányrkju á miðunum, að til auðnar horfir áður en varir, ef þar verður eigi komið vörnum við. Eru dæmin um það deginum ljósari, að línuveiðar bátaflotans gefa með hverju árinu, sem líður, lakari og lakari raun á þeim svæðum, þar sem mest er örtröðin vegna botnvörpuveiðanna. Á fiskimiðunum í Faxaflóa þjarma botnvörpungarnir að bátaflotanum með tvennum hætti: eyðingu fisksins, þegar þeir í stórum hópum, stundum svo hundruðum skiptir, draga vörpur sínar hlið við hlið um allt veiðisvæðið, meðan nokkra bröndu er þar að fá, og hinu, að bátarnir verða af völdum togaranna oft og löngum fyrir stórfelldu veiðarfæratjóni.

Á yfirstandandi vetrarvertíð stunda 115 línubátar fiskveiðar frá verstöðvunum við Faxaflóa, samanlagt um 6753 brúttó rúmlestir að stærð. Má af þessu ráða, hve bátaútvegurinn við Faxaflóa er stór og veigamikill þáttur í fiskveiðum Íslendinga. Er það því mikið áfall, þegar fiskveiðar bregðast í flóanum.

Það orkar ekki tvímælis, að aflatregðan í Faxaflóa á rót sína að rekja til skefjalausra botnvörpu- og dragnótaveiða á þessum slóðum. Í Faxaflóa eru víðáttumiklar klakstöðvar, og þar eru enn fremur einhverjar þýðingarmestu uppeldisstöðvar nytjafiska. Fiskgengd er því ávallt mikil í flóanum, enda viðurkennt að fornu og nýju, að þar séu einhver fiskisælustu mið við strendur þessa lands.

Friðun Faxaflóa fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum er því óneitanlega mjög þýðingarmikill þáttur í þeirri sjálfsbjargarviðleitni Íslendinga að koma í veg fyrir hóflausa rányrkju á fiskimiðunum með aukinni friðun til verndunar fiskstofninum, og því til öryggis og tryggingar, að fiskveiðar hér geti í framtíðinni orðið Íslendingum lífvænlegur atvinnuvegur. Óhjákvæmilegt er, að Íslendingar hefjist nú handa um það af alefli, að komið verði í framkvæmd ráðstöfunum um verndun fiskstofnsins og aukið olnbogarúm Íslendinga sjálfra á sínum heimamiðum með sem

víðtækastri stækkun landhelginnar. Tekur þessi nauðsyn einnig til síldveiðanna, svo mjög sem erlendir síldveiðimenn þrengja nú orðið kosti Íslendinga á höfuðstöðvum þeirra veiða.

Nd. 600. Frumvarp til laga [152. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 20. maí 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem enn hafa ekki verið samþykkt fjárlög fyrir árið 1950, ber nauðsyn til þess, að heimild sú, er um getur í frumvarpinu, verði framlengd til 20. maí 1950.

Ed. 601. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 2. gr.

1. Fyrir „75%“ komi: 85%.
2. Fyrir „Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir“ komi: Vextir skulu vera helmingi lægri en þeir, sem ríkisstjórnin greiðir.

Ed. 602. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á nokkrum fundum sínum og hafði áður verið á fundum með landbúnaðarnefnd neðri deildar og átt viðræður við hana um málið, áður en frv. var afgreitt frá þeirri deild. Einnig hefur nefndin ráðgazt við framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar um breytingar á frv.

Nefndin er sammála um að leggja fram brtt. við 6. gr. frv., er prentuð verður á sérstöku þingskjali.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. þannig breytt, en þó áskilja sér einstakir nefndarmenn rétt til að koma fram með brtt. eða fylgja brtt., er fram kunna að koma við frv.

Alþingi, 28. apríl 1950.

Páll Zóphóníasson, form. Þorst. Þorsteinsson, frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr.

F. R. Valdimarsson, H. Guðmundsson.

Ed. 603. Breytingartillaga [46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 6. gr. fjórar síðustu málsgr. orðist þannig:

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, er greiddar eru á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðin frá útgáfudegi þeirra.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulagi til bankanna, skal ákveða nánar með reglugerð.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 5. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar, að nokkru undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.

Nd. 604. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr.

	Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
1. Aftan við 18. gr. komi nýr liður (verður 19. liður), þannig: Á eftir nr. 8 í 48. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
8a— molskinn	—	20	25
2. Aftan við 24. lið komi nýr liður (verður 26. liður), þannig: Á eftir nr. 85 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
85a— bæði með og án áletrunar, sem ætlaðir eru undir íslenzkar framleiðsluvörur til útflutnings, enda beri áletrunin það með sér	—	7	2
3. 25. liður (verður 27. liður) orðist svo: Aftan við nr. 88 í 63. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að færa skálar, sem eru pressaðar til vaskagerðar og að öðru leyti óunnar, niður í 15% verðtoll.			
4. Aftan við 25. lið komi nýr liður (verður 28. liður), þannig: Á eftir nr. 9 í 66. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
9a Mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá, stærri en 10 l.	—	7	2
5. Fyrir orðin „Bindivélar“ í 26. lið (verður 29. liður) komi:			
33a Bindivélar.			
6. Fyrir orðið „desimalvogir“ í 34. lið (verður 37. liður) komi: desimalvogir og vogir fyrir rennibrautir.			
7. Fyrir töluna „97“ í 35. lið (verður 38. liður) komi: 79.			
8. Fyrir töluna „3“ í 36. lið (verður 39. liður) komi: 11.			

Nd. 605. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig, systkini sín eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn, enda hafi hann eignazt hús það, sem íbúðin er í, fyrir 1. jan. 1946. Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd þó leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði sínu eftir 1. jan. 1946, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, verði honum talin þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist:

Þegar leigusali leigir íbúð öðrum en skyldmennum sínum, sbr. 1. gr., skal hann leitast við að leigja hana fjölskyldu, er hefur á framfæri sínu börn innan 16 ára aldurs, og jafnan leita tillagna húsaleigunefndar um ráðstöfun íbúðarinnar, áður en hann leigir hana öðrum.

3. gr.

I. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skal skipa þriggja manna húsaleigunefnd. Tveir af þeim skulu skipaðir af ríkisstjórninni, annar eftir tilnefningu Leigjendafélags Reykjavíkur og hinn eftir tilnefningu Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, en hæstiréttur skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Þrír varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu vera lögfræðingar.

II. Í stað 2. og 3. málsgr. sömu gr. laganna komi:

Húsaleigunefnd úrskurðar um gildi uppsagnar og önnur þau atriði, er greinir í lögum þessum, og framkvæmir mat á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum samkvæmt lögunum. Skulu allir nefndarmenn vera á fundi, þegar ákvarðanir eru teknar, og taka þátt í atkvæðagreiðslu. Nú er aðalmaður forfallaður, og kemur þá varamaður í hans stað. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

4. gr.

Við 1. málsgr. 9. gr. laganna bætist:

Nú er félag leigjenda og félag fasteignaeigenda starfandi í bæjarfélagi eða þorpi, og tilnefna þau þá sinn manninn hvort í húsaleigunefnd, en bæjar- eða sveitarstjórn kýs þá ekki menn í nefndina.

5. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Hámark þeirrar húsaleigu, að viðbættri vísitöluuppbót samkv. 6. gr., sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera 7 krónur á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarinnar, séu húsin byggð fyrir árslok 1944, en 8—9 krónur fyrir hvern fermetra í húsum, sem byggð eru 1945 og síðar. Nú er lofthæð íbúðar minni en 2,5 m, og lækkar þá hámark þetta hlutfallslega sem því nemur, er hæðin er minni en 2,5 m. Nú er greidd hærri húsaleiga en ákvæði laga þessara heimila, og skal leigan þá lækkuð samkv. hámarksákvæðunum hér að framan.

6. gr.

Í stað „10—10000 krónum“ í 17. gr. laganna komi: 200—50000 krónum.

7. gr.

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist:

1. Þau ákvæði laga þessara, er snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, falla úr gildi 1. október 1950.
2. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði og leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í, falla úr gildi 14. maí 1951.
3. Önnur ákvæði laganna falla úr gildi 14. maí 1952, nema bæjar- og sveitarstjórnir óski, að gildi þessara ákvæða haldist lengur, en þá er þeim heimilt að gera samþykkt þess efnis, og gilda lögin þá aðeins fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög.

Nú verða lögin í gildi á einhverjum stöðum eftir 14. maí 1952, og skulu þá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög greiða allan kostnað af framkvæmd laganna frá þeim tíma.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 606. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrir „allt að 3 millj. kr.“ í 9. gr. laganna komi: allt að 6 millj. kr.

2. gr.

Í stað tveggja síðustu málsgreina 10. gr. laganna komi:

Skal Búnðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísa úr honum eftir tillögum verkfæranefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóði innan héraðs. Hvert ræktunarsamband skal senda Búnaðarfélagi Íslands skilagrein fyrir fyrningargjaldinu í lok hvers reikningsárs.

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

Nú hefur ræktunarsamband ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir, og er þá stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að halda eftir þeirri upphæð, sem vangreidd er, af jarðræktarstyrk þeim, sem greiða ber vegna jarðabóta í hlutaðeigandi ræktunarsambandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 607. Breytingartillaga [104. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, er verði 2. gr., svolátandi (greinatala breytist samkv. atkvgr.):

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna, sbr. a—b-lið 5. gr. l. nr. 20 1942, komi:

Fyrir einstakling	kr.	1500
— hjón	—	3000
— hvert barn	—	1200

Ed. 608. Lög [152. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslu úr ríkissjóði á árinu 1950.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 600.

Sþ. 609. Breytingartillaga [138. mál]

við till. til þál. um innflutning læknabifreiða.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Aftan við till. bætist:

Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að starfandi héraðslæknum verði veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðum. Skulu þeir læknar, sem enga bifreið eiga til sjúkravitjana, sitja fyrir slíkum leyfum.

Sþ. 610. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1950.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað komið sér saman um að standa óskipt að afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Minni hlutinn (ÁS) hefur þó tekið þátt í umræðum um hin ýmsu mál í nefndinni, og eru margar af þeim breytingartill., sem meiri hl. nefndarinnar ber fram, samþykktar einnig af honum. Mun hann í sérstöku nál. gera grein fyrir afstöðu sinni að öðru leyti til frumvarpsins og afgreiðslu þess.

Fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1950 var útbýtt í sameinuðu þingi 29. nóv. s. l. og vísað til nefndarinnar 20. des. Með því að þá var komið að þingfrestun, tók nefndin ekki frv. til athugunar og umræðu fyrr en 11. jan. Ræddi nefndin frv. á 15 fundum til 10. febr. En með því að þá var enn allt í óvissu um framtíðarráðstafanir í sambandi við dýrtíðarmálin og ríkisstjórn sú, sem þá fór með völd í landinu, hafði ekki stuðning meiri hluta þings, þótti ógerlegt að afgreiða frv. frá nefndinni, fyrr en Alþingi hefði tekið ákveðna afstöðu til þeirra mála. Frekari umræðum um frv. var því frestað í nefndinni til 19. apríl, að núverandi ríkisstjórn hafði athugað áhrif gengislækkunarinnar á útgjöld ríkissjóðs og gert sínar tillögur til nefndarinnar, m. a.

vegna breytinga, sem óhjákvæmilega leiðir af samþykkt laga um gengisskráningu o. fl. Hefur nefndin haldið síðan 1—3 fundi á dag og lagt allt kapp á að ljúka umræðum um frv. og ganga frá brtt. svo fljótt sem verða mætti. Á tímabilinu frá 24. nóv. s. l. til 30. f. m. hefur nefndin alls haldið 48 fundi og afgreitt fjölda erinda, sem til hennar hafa borizt.

TEKJURNAR

2. gr.

Meiri hl. gerir ekki á þessu stigi tillögur til breytinga á tekjum ríkissjóðs samkv. þessari grein, þar sem enn er ekki að fullu upplýst, hvaða áhrif breytt löggjöf hefur á tekjurnar. Verða breytingar við þessa grein því bornar fram við 3. umr.

3. gr.

2. Landssíminn.

Gert er ráð fyrir, að nettótekjur landssímans verði gr. 1325000 lægri en áætlað er í frv.

Eignabreytingar landssímans.

Út.

Lagt er til, að þessi liður hækki um kr. 1320000.

5. Ríkisútvarpið.

Lagt er til, að nettótekjur útvarpsins lækki um kr. 195000.

4. gr.

Hækkun vaxta af erlendum innstæðum ríkissjóðs vegna gengisbreytingar áætlast kr. 257000.

GJALDABÁLKURINN

7. gr.

Lagt er til, að vaxtagjöld hækki vegna gengisbreytingarinnar um kr. 937021.

10. gr.

Lagt er til, að niður falli framlag vegna frönskukennslu, kr. 2500. Meiri hl. nefndarinnar frestar til 3. umr. að gera tillögur um breytingar á útgjöldum í sambandi við sendiráðin.

11. gr.

Lagt er til, að útgjöld á þessari grein hækki alls um kr. 975380. Meiri hl. nefndarinnar mun fyrir 3. umr. athuga nánar möguleika fyrir lækkun gjalda á þessari grein í sambandi við eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum og e. t. v. bera fram brtt. við þann lið greinarinnar.

12. gr.

Lagt er til, að útgjöld samkvæmt þessari grein hækki alls um kr. 1572333.

13. gr.

Lagt er til, að útgjöld samkv. þessari grein hækki alls um kr. 4553000.

Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um framlög til flóabáta, og ber fjvn. því engar brtt. fram við þann lið þessarar greinar.

14. gr.

Lagt er til, að útgjöld á þessari grein hækki alls um kr. 790200 og lækkaðir verði jafnframt aðrir útgjaldaliðir á greininni um kr. 50000. Nettógjaldahækkun á greininni er því kr. 740200.

15. gr.

Lagt er til, að gjaldaliðir á þessari grein hækki um kr. 191500 og að lækkaðir verði jafnframt aðrir útgjaldaliðir greinarinnar um kr. 35000. Nettógjaldahækkun greinarinnar er því kr. 156500.

16. gr.

Lagt er til, að útgjaldaliðir á þessari grein hækki um kr. 6828745, en lækkun komi á móti um kr. 100000. Nettóhækkun gjalda er því kr. 6728745.

17. gr.

Lagt er til, að útgjaldaliðir á þessari grein hækki alls um kr. 1001220.

18. gr.

Lagt er til, að gjaldaliðir þessarar greinar hækki um kr. 38291.82, en á móti komi niðurfelling eftirlauna, að upphæð kr. 28692.25. Nemur nettógjaldhækkun greinarinnar alls kr. 9599.57, eða kr. 28798.71 með verðlagsuppbót þeirri, sem reiknað er með á laun öll á frv.

19. gr.

Lagt er til, að gjöld samkv. þessari grein hækki um kr. 225000.

20. gr.

Lagt er til, að gjöld á þessari grein hækki um kr. 1768701, en á móti komi lækkun á öðrum gjöldum greinarinnar, kr. 1500000. Nettóhækkun er því kr. 268701.

22. gr.

Lagt er, að heimild til að greiða Jóni Guðmundssyni fyrrv. skrifstofustjóra laun falli niður, þar sem eftirlaunagreiðsla til hans er tekin upp á 18. gr. samkv. till. meiri hl. nefndarinnar.

Rætt hefur verið við ríkisstjórnina um öflun tekna til að mæta greiðsluhalla á frv. En með því að ekki er enn endanlega gengið frá tekjuáætluninni, eins og áður hefur verið tekið fram, né heldur að fullu frá einstökum gjaldaliðum, þykir rétt að láta það atriði bíða, þar til séð verður, hvaða afgreiðslu frv. fær við 2. umræðu, og lokið verður nýrri áætlun um tekjur ríkissjóðs.

Gerð verður nánari grein í framsögu fyrir hinum ýmsu breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar.

Hér er að síðustu yfirlit yfir þær breytingar, sem meiri hl. leggur til, að gerðar verði á frv.

Hækkun gjalda á 3. gr.	kr.	5760000
÷ Hækkun tekna á 3. og 4. gr.	—	4497000
Nettólækkun tekna alls	kr.	1263000
Hækkun gjalda.		
7. gr.	kr.	937021.00
11. gr.	—	975380.00
12. gr.	—	1572333.00
13. gr.	—	4553000.00
14. gr.	—	790200.00
15. gr.	—	191500.00
16. gr.	—	6828745.00
17. gr.	—	1001220.00
18. gr.	—	86076.75
19. gr.	—	225000.00
Alls	kr.	17189274.46

÷ Lækkun gjalda:		
10. gr.	kr.	2500.00
14. gr.	—	50000.00
15. gr.	—	35000.00
16. gr.	—	100000.00
18. gr.	—	86076.75
	Kr.	273576.75
Hækkun	kr.	16915697.71
+ Lækkun tekna	—	1263000.00
Gjaldahækkun alls	kr.	18178697.71

Eignabreytingar.

Hækkun útborgana samkv. 20. gr.	kr.	1768701.00
Lækkun —— — — — —	—	1500000.00
Útborganahækkun alls	kr.	268701.00

Verði allar brtt. meiri hl. nefndarinnar samþykktar, munu niðurstöðutölur fjárlagafrumvarpsins verða á þessa leið:

Rekstraryfirlit.

Tekjur	kr.	262344619.00
Gjöld	—	242736783.71
Rekstrarhagnaður	kr.	19607835.29

Sjóðsyfirlit.

Útborganir samkv. rekstrarreikningi	kr.	242736783.71
Aðrar greiðslur á 20. gr.	—	35992506.00
		Kr. 278729289.71
Innborgað samkvæmt rekstrarreikningi	kr.	262344619.00
Aðrar greiðslur á 20. gr.	—	2500000.00
Greiðsluhalli	—	13884670.71
	Kr.	278729289.71

Fyrir öllum breytingartillögum er meiri hluti í nefndinni. Einn nefndarmanna (HV) skrifar undir nál. með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni við umræður.

Meiri hlutinn vill taka fram, að vegna þess, hversu langt er liðið á árið, og nauðsynlegt hefur verið með sérstökum lögum að heimila greiðslur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga frá f. á., var nefndin mjög bundin í tillögum sínum, enda þá ekki lengur mögulegt að gera raunhæfar tillögur til sparnaðar á rekstri ríkisins á þessu ári eins og þó hefði verið full þörf á. Til þess að koma við slíkum sparnaði þarf allmikinn fyrirvara. Undirbúningur að sparnaði í ríkisrekstrinum þarf að fara fram samhliða undirbúningi fjárlagafrv. fyrir næsta ár, ef hugsað er að draga úr kostnaðinum, svo sem nú virðist óhjákvæmilegt. Verður að krefjast þess, að fjárlagafrumvarpið liggi svo snemma fyrir Alþingi, að tryggt sé, að fjárlög séu afgreidd áður en fjárlagaár hefst.

Alþingi, 1. maí 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm.
Hannibal Valdimarsson, fundaskr., með fyrirvara.
Halldór Ásgrímsson.
Helgi Jónasson.
Karl Kristjánsson.
Pétur Ottesen.
Ingólfur Jónsson.
Jónas Rafnar.

Sþ. **611. Breytingartillögur** [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 1. (Póstsjóður). Kaflinn orðist svo:

I. Tekjur		8 600 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	360 000	
2. Póststofan í Reykjavík	2 820 000	
3. Önnur pósthús	1 705 000	
4. Póstflutningar	2 800 000	
5. Önnur gjöld	585 000	
6. Fyrning af fasteignum	4 000	
7. Gengistap	326 000	
		8 600 000

2. — 3. — A. Sundurliðun. 2. (Landssíminn). Kaflinn orðist svo:

I. Tekjur			27 360 000
II. Gjöld:			
a. Til notendasíma í sveitum		1 000 000	
b. Til starfrækslu landssímans m. m.:			
1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans	941 000		
2. Ritsíminn í Reykjavík	2 734 000		
3. Loftskeytastöðin í Rvík	307 000		
4. Stuttbylgjustöðin í Rvík	342 000		
5. Bæjarsíminn í Rvík og Hf.	4 809 000		
6. Áhaldahúsið	308 000		
7. Ritsíminn á Akureyri	603 000		
8. Ritsíminn á Seyðisfirði	317 000		
9. Ritsíminn á Ísafirði	356 000		
10. Símastöðin á Borðeyri	226 000		
11. Símastöðin í Vestm.eyjum	324 000		
12. Símastöðin á Siglufirði	491 000		
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	2 524 000		
		14 282 000	
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng		430 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva		1 611 000	
e. Viðhald landssímanna		5 576 000	
f. Framhaldsgjald		210 000	
g. Ýmis gjöld		200 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum		420 000	
i. Vextir af lánum		430 000	
j. Slysatryggingar		300 000	
k. Gengistap (helmingur heildartaps)		1 200 000	
			25 659 000
Fært á 3. gr. A. 1			1 701 000

Eignabreytingar landssímans. Út.

I.	Afborganir af lánum til húsakaupa	750 000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa	1 870 000
III.	Til talstöðva í báta og skip	520 000
IV.	Til loftskeytastöðva í skip	340 000
V.	Til nýrra landssímalína	440 000
VI.	Til aukningar bæjarsímans í Reykjavík að frádregnum stofngjöldum	300 000
VII.	Til stuttbylgjusambands við Vestmannaeyjar	600 000
	Fært á 20. gr. Út I. 2 og III.	4 820 000

3. Við 3. gr. A. Sundurliðun 5. (Ríkisútvarpið).
   a. Við I. b. (Aðrar tekjur). Fyrir „800 000“ kemur 900 000
   b. Við II. b. (Útvarpsefni). Fyrir „1 000 000“ kemur . 1 100 000
   c. Við II. e. (Til útvarpsstöðva). Fyrir „505 000“ kemur 700 000

4. — 3. — A. Sundurliðun. 12. (Olíuflutningaskipið Þyrill). Kaflinn orðist svo:

I.	Tekjur (farmgjöld)		2 215 000
II.	Gjöld:		
1.	Laun og fæðiskostnaður skipshafnar ..	710 000	
2.	Eldsneyti	190 000	
3.	Vátryggingar	100 000	
4.	Hafnargjöld, hafnsögugjöld, vatnsgj. o. fl.	80 000	
5.	Viðhald og endurbætur	285 000	
6.	Annar kostnaður	250 000	
			1 615 000
	Fært á 3. gr. A. 8		600 000

5. — 4. — 3. (Aðrir vextir).
   Fyrir „963 937“ kemur 1 220 937
6. — 7. — 2. (Lán í dönskum krónum).
   Fyrir „184 158“ kemur 320 987
7. — 7. — 3. (Lán í dollurum).
   Fyrir „1 076 975“ kemur 1 877 167
8. — 10. — III. 15. (Frönskukennsla).
   Liðurinn fellur niður.
9. — 11. — A. 9. (Landhelgisgæzla).
   Fyrir „4 780 000“ kemur 5 600 000
10. — 11. — A. 11. Nýr liður:
   Kostnaður við siglingadóm samkv. lögum 32 520
11. — 11. — A. 13. Nýr liður:
   Til viðgerðar á bæjarfógetahúsinu í Neskaupstað vegna skemmda af völdum skriðuhlaups 100 000
12. — 11. — A. 14. Nýr liður:
   Kostnaður við framkvæmd laga um bókhald 22 860
13. — 12. — II. Nýr (rómv.) liður:
   Kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð 23 700
14 — 12. — III. A. (Landsspítalinn).—
   a. Við 2. (Matvörur). Fyrir „880 000“ kemur 1 040 000
   b. Við 3. (Hjúkrunarkvennaskólinn). Fyrir „68 100“ kemur 73 100
   c. Við 4. (Ljósmæðraskólinn). Fyrir „82 500“ kemur .. 97 500
   d. Við 5. (Annar kostnaður). Fyrir „1 175 000“ kemur 1 572 000
   e. Við ÷ Tekjur. Fyrir „2 100 000“ kemur 2 496 000

15. Við 12. gr. III. B. (Fæðingardeild).
a. Við 2. (Fæðiskostnaður). Fyrir „440 000“ kemur 520 000
b. Við 3. (Annar kostnaður). Fyrir „553 000“ kemur .. 668 000
c. Við ÷ Tekjur. Fyrir „895 000“ kemur 1 027 000
d. Við ÷ Hluti Reykjavíkurbæjar af rekstrarhalla. Fyrir „429 333“ kemur 471 333

16. — 12 — III. C. (Heilsuhælið á Vífilsstöðum).
a. Við 2. (Matvörur). Fyrir „1 090 000“ kemur 1 255 000
b. Við 3. (Annar kostnaður). Fyrir „958 000“ kemur .. 1 202 000
c. Við ÷ Tekjur. Fyrir „2 007 000“ kemur 2 335 500

17. — 12. — III. D. (Heilsuhælið á Kristnesi).
a. Við 2. (Matvörur). Fyrir „330 000“ kemur 380 000
b. Við 3. (Annar kostnaður). Fyrir „296 500“ kemur .. 357 500
c. Við ÷ Tekjur. Fyrir „665 500“ kemur 774 400

18. — 12. — III. E. (Geðveikrahælið á Kleppi).
a. Við 2. (Matvörur). Fyrir „1 060 000“ kemur 1 250 000
b. Við 3. (Annar kostnaður). Fyrir „919 000“ kemur .. 1 142 000
c. Við ÷ Tekjur. Fyrir „2 809 000“ kemur 3 392 000

19. — 12. — III. F. (Holdsveikraspítalinn í Kópavogi).
a. Við 2. (Matvörur). Fyrir „41 000“ kemur 48 000
b. Við 3. (Annar kostnaður). Fyrir „61 000“ kemur .. 75 000

20. — 12. — III. G. (Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum).
a. Við 2. (Matvörur). Fyrir „64 000“ kemur 76 000
b. Við 3. (Annar kostnaður). Fyrir „55 000“ kemur .. 67 000
c. Við ÷ Tekjur. Fyrir „212 000“ kemur 256 000

21. — 12. — IV. a. (Styrkur til berklasjúklinga).
Fyrir „3 000 000“ kemur 3 530 000

22. — 12. — V. (Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla).
Fyrir „3 350 000“ kemur 3 916 000

23. — 12. — VI. a. (Sjúkrahús).
a. Við 1. (Grunnstyrkur). Fyrir „12 900“ kemur 13 800
b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „25 800“ kemur 27 600

24. — 12. — IX. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
Fyrir „300 000“ kemur 350 000

25. — 12. — XX. (Styrkur til ýmissa sjúklinga).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000

26. — 12. — XXI. Nýr liður:
Til byggingar gróðurhúss við Kristneshælið 35 000

27. — 13. — A. II. a. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra akvega:
1. Reynivallavegur 65 000
2. Akrafjallsvegur 40 000
3. Hvalfjarðarferjuvegur 70 000
4. Leirársveitarvegur 25 000
5. Svínadalsvegur 25 000
6. Lundarreykjadalsvegur 30 000
7. Melasveitarvegur 25 000
8. Bæjarsveitarvegur 25 000
9. Skorradalsvegur 50 000
10. Hálsasveitarvegur 50 000
11. Hvítársíðuvegur 20 000
12. Varmalandsvegur 25 000
13. Álftaneshreppsvegur 70 000
14. Hraunhreppsvegur 70 000

15.	Hnappadalsvegur	20 000
16.	Ólafsvíkurvegur	30 000
17.	Fróðárheiðarvegur	180 000
18.	Útnesvegur	100 000
19.	Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarvegur	60 000
20.	Helgafellssveitarvegur	25 000
21.	Skógarstrandarvegur	80 000
	Þar af 35 000 til Skógarstrandarvegar í Dalasýslu.	
22.	Dalasýsluvegur	60 000
23.	Laxárdalsvegur	25 000
24.	Klofningsvegur	60 000
25.	Laugavegur	10 000
26.	Staðarhólsdalsvegur	10 000
27.	Skarðsstrandarvegur	70 000
28.	Haukadalsvegur	15 000
29.	Svínadalsvegur	80 000
30.	Reykhólavegur	40 000
31.	Gautdalsvegur	10 000
32.	Gufudalsvegur	150 000
33.	Barðastrandarvegur	150 000
34.	Tálknafjarðarvegur	20 000
35.	Rauðasandsvegur	100 000
36.	Bíldudalsvegur	50 000
37.	Suðurfjarðarvegur	40 000
38.	Dalahreppsvegur	50 000
39.	Rafnseyrarheiðarvegur	100 000
40.	Núpsvegur	20 000
41.	Hjarðardalsvegur	20 000
42.	Súgandafjarðarvegur	90 000
43.	Súðavíkurvegur	120 000
44.	Ármúlavegur	75 000
45.	Ögurvegur	70 000
46.	Bolungavíkurvegur	100 000
47.	Selstrandarvegur	30 000
48.	Strandavegur, frá Fjarðarhorni í Hrútaf. og norður	175 000
49.	Reykjarfjarðarvegur	100 000
50.	Reykjarfjarðarvegur frá Veiðileysu að Djúpuvík	25 000
51.	Vatnsnesvegur	85 000
52.	Vesturhópsvegur	85 000
53.	Vatnsdalsvegur	100 000
54.	Svínvetningabraut	60 000
55.	Skagastrandarvegur	70 000
56.	Gönguskarðsvegur	85 000
57.	Hegranesvegur	10 000
58.	Skagafjarðarvegur	85 000
59.	Út-Blönduhlíðarvegur	50 000
60.	Hofsósvegur	40 000
61.	Hólavegur	20 000
62.	Siglufjarðarvegur	100 000
63.	Flókadalsvegur	25 000
64.	Hrísavegur	25 000
65.	Svarfaðardalsvegur	50 000
66.	Eyjafjarðarbraut sunnan Leynings	30 000
67.	Laugalandsvegur	25 000

68.	Hörgárdalsvegur ytri		40 000
69.	Öxnadalsheiðarvegur		200 000
70.	Svalbarðsstrandarvegur		75 000
71.	Fnjóskadalsvegur í Hálshreppi		30 000
72.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi		85 000
73.	Bárðardalsvegur eystri		10 000
74.	Bárðardalsvegur vestri		15 000
75.	Laxárdalsvegur		30 000
76.	Hvammsheiðarvegur		25 000
77.	Reykjahverfisvegur		25 000
78.	Tjörnesvegur		60 000
	Þar af að austanverðu 30 000.		
79.	Kelduhverfisvegur		30 000
80.	Hólsfjallavegur		65 000
81.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur		60 000
82.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar		50 000
83.	Langanesvegur og Ytri-Lónsvegur		50 000
84.	Bakkafjarðarvegur		85 000
85.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Vesturdalsvegur	25 000	
	b. Strandavegur	20 000	
	c. Fjallasíðuvegur ytri	35 000	
			80 000
86.	a. Hróarstunguvegur nyrðri		30 000
	b. Hróarstunguvegur eystri		20 000
87.	Hlíðarvegur		30 000
88.	Upphéraðsvegur		30 000
89.	Jökuldalsvegur		30 000
90.	Úthéraðsvegur		80 000
91.	Borgarfjarðarvegur		30 000
92.	Fjarðarheiðarvegur		100 000
93.	Skóga- og Fljótsdalsvegur		25 000
94.	Mjóafjarðarvegur		20 000
95.	Eskifjarðarvegur		15 000
96.	Norðurbyggðavegur í Skriðdal		50 000
97.	Oddsskarðsvegur		50 000
98.	Fáskrúðsfjarðarvegur		200 000
99.	Stöðvarfjarðarvegur		60 000
100.	Berunesvegur		70 000
101.	Breiðdalsvíkurvegur		40 000
102.	Vattarnesvegur		10 000
103.	Geithellnavegur		40 000
104.	Lónsheiðarvegur		60 000
105.	Almannaskarðsvegur		20 000
106.	Melatangavegur		40 000
107.	Innnesjavegur		20 000
108.	Suðursveitarvegur		15 000
109.	Öræfavegur		25 000
110.	Mýravegir		20 000
111.	Síðuvegur		25 000
112.	Suðurlandsvegur um Landbrot		30 000
113.	Búlandsvegur		20 000
114.	Mýrdalssandsvegur		45 000
115.	Landbrotsvegur		35 000

	116. Meðallandsvegur	20 000
	117. Mýrdalsvegur	50 000
	118. Landeyjavegur	30 000
	119. Syðri-Landeyjavegur	30 000
	120. Ytri-Landeyjavegur	30 000
	121. Rangárvallavegur	60 000
	122. Þykkvabæjarvegur	50 000
	Þar af 20 000 í veginn Miðkot—Unhóll.	
	123. Hagabraut	90 000
	124. Landvegur	50 000
	125. Bakkabæjavegur	10 000
	126. Merkurvegur	10 000
	127. Árbæjarvegur	50 000
	128. Vallarvegur	10 000
	129. Ásvegur	30 000
	130. Gnúpverjahreppsvegur	10 000
	131. Grafningsvegur	20 000
	132. Hrunamannahreppsvegur	50 000
	133. Laugardalsvegur	50 000
	134. Skálholtsvegur	80 000
	135. Partavegur	20 000
	136. Selvogsvegur	200 000
	137. Bræðratunguvegur	35 000
	138. Kiðjabergsvegur	25 000
	139. Hamarsvegur	10 000
	140. Austurlandsvegur	100 000
	Þar af til Fagradalsbrautar 25 000.	
	141. Grindavíkurvegur (vegna slysavarna)	35 000
28. Við 13. gr.	A. II. b. (Viðhald akvega).	
	Fyrir „11 000 000“ kemur	12 800 000
29. — 13. —	A. III. Liðurinn orðist svo:	
	Brúargerðir:	
	1. Grímsá í Lundarreykjadal (lokafjárveiting)	140 000
	2. Hvítá í Borgarfirði	50 000
	3. Svínafossá á Skógarströnd	170 000
	4. Staðarhólsá í Saurbæ	155 000
	5. Botnsá í Tálknafirði	155 000
	6. Hagaá á Barðaströnd	100 000
	7. Broddá í Bitru	90 000
	8. Múlaá á Langadalsströnd	150 000
	9. Sandós í Fljótum	100 000
	10. Norðurá í Gvendarnesi	130 000
	11. Selfljót á Úthéraði	195 000
	12. Tinnudalsá í Breiðdal	125 000
	13. Laxá í Lóni	15 000
	14. Djúpá í Fljótshverfi	125 000
	15. Írá undir Eyjafjöllum	70 000
	16. Núpsá í Miðfirði (lokafjárveiting)	50 000
	17. Saurbæjará í Bakkafirði	100 000
	18. Finnafjarðará í Bakkafirði (lokafjárv.)	120 000
	19. Brúará í Fljótshverfi (lokafjárv.)	45 000
	20. Traðargil á Lónsheiði	165 000
	21. Sandá í Axarfirði	50 000
	22. Ýmsar smábrýr	700 000

30. Við 13. gr. A. IX. Liðurinn orðist svo:

Til ræktunarvega:			
a. Í Vestmannaeyjum			30 000
b. Í Flatey á Breiðafirði			10 000
c. Í Flatey á Skjálfanda			3 000
d. Í Grímsey			3 000
e. Í Hrísey			4 000

31. — 13. — B. I. Liðurinn orðist svo:

Skipaútgerð ríkisins:			
1. Laun og fæðiskostn. skipshafna	5 290 000		
2. Olía	1 810 000		
3. Viðhald og endurbætur skipa og vörur til skipa og véla	1 715 000		
4. Tryggingagjöld	545 000		
5. Hafnargjöld o. fl.	490 000		
6. Vöruafgreiðslan	1 900 000		
7. Sameiginlegur kostnaður	480 000		
8. Þvottur og hreingerning	200 000		
9. Ýmis gjöld	1 400 000		
		13 830 000	
÷ Tekjur		11 130 000	
			2 700 000

32. — 13. — C. III. (Rekstrarkostnaður vitanna).

1. Við a. (Vitaskipið). Fyrir „575 000“ kemur	760 000
2. Við b. (Vitarnir). Fyrir „550 000“ kemur	675 000

33. — 13. — C. IV. (Viðhald og endurbætur vitanna).

Fyrir „150 000“ kemur	185 000

34. — 13. — C. V. (Sjómerki og viðhald sæluhúsa).

Fyrir „75 000“ kemur	95 000

35. — 13. — C. VI. (Til áhalda).

Fyrir „250 000“ kemur	300 000

36. — 13. — C. VIII.

a. Liðurinn orðist svo:

Til hafnarmannvirkja:	
1. Akranes	280 000
2. Akureyri	280 000
3. Bakkafjörður	45 000
4. Bíldudalur	50 000
5. Bolungavík	90 000
6. Borgarnes	15 000
7. Dalvík	50 000
8. Eskifjörður	5 000
9. Flateyri	75 000
10. Grundarfjörður	30 000
11. Hafnarfjörður	200 000
12. Hofsós	140 000
13. Hrísey	35 000
14. Húsavík	60 000
15. Ísafjörður	100 000
16. Járngerðarstaðir	100 000
17. Landshöfn í Keflavík og Njarðvík	150 000
18. Neskaupstaður	90 000
19. Ólafsfjörður	180 000
20. Ólafsvík	60 000

		21. Patreksfjörður	280 000
		22. Rif á Snæfellsnesi	100 000
		23. Sandgerði	50 000
		24. Sauðárkrókur	50 000
		25. Seyðisfjörður	35 000
		26. Siglufjörður	130 000
		27. Skagaströnd	280 000
		28. Stykkishólmur	80 000
		29. Vestmannaeyjar	200 000
		30. Vopnafjörður	70 000
		31. Þorlákshöfn	280 000
		32. Þórshöfn	23 000
	b.	Nýr (rómv.) liður:	
		Til lendingarbóta:	
		1. Blönduós	45 000
		2. Borgarfjörður	50 000
		3. Breiðdalsvík	45 000
		4. Búðardalur	15 000
		5. Djúpivogur	20 000
		6. Drangsnes	50 000
		7. Eyrarbakki	15 000
		8. Flatey á Breiðafirði	30 000
		9. Flatey á Skjálfanda	50 000
		10. Gjögur	20 000
		11. Grenivík	50 000
		12. Grímsey	15 000
		13. Hafnarnes	7 000
		14. Hafnir	20 000
		15. Haganesvík	40 000
		16. Hindisvík	10 000
		17. Hjallanes	10 000
		18. Hnífsdalur	50 000
		19. Hólmavík	50 000
		20. Hvalsker	10 000
		21. Hvammstangi	30 000
		22. Kaldrananes	20 000
		23. Mjóifjörður	10 000
		24. Raufarhöfn	20 000
		25. Stokkseyri	35 000
		26. Suðureyri	30 000
		27. Súðavík	20 000
		28. Svalbarðseyri	40 000
		29. Tálknafjörður	25 000
		30. Vogar	50 000
37. Við 13. gr.	C.	IX. (Hafnarbótasjóður).	
	a.	Fyrir „300 000“ kemur	1 500 000
	b.	Nýr (rómv.) liður:	
		Til ferjuhafna:	
		1. Í Hornafirði	50 000
		2. Í Ögri	50 000
		3. Á Brjánslæk	50 000
38. — 14. —	A.	VI. Nýir liðir:	
	a.	Kostnaður vegna framkvæmdar l. um eftirlit með kirkjugörðum	7 200

b. Vegna minningarhátíðar á 400. ártíð Jóns biskups Arasonar og sona hans 10 000

39. Við 14. gr. B. I. a. (Háskólinn, ýmis útgjöld).
Fyrir „150 000“ kemur 100 000

40. — 14. — B. II. (Námsstyrkir).
a. Við a. Liðurinn orðist svo:
Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum:
1. Grunnstyrkur 150 000
2. Gengisauki 125 000
b. Við b.
1. Liðurinn orðist svo:
Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs:
1. Grunnstyrkur 500 000
2. Gengisauki 300 000
Þar af til námsmanna í Ameríku og Sviss 100 þús. kr.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst fimm ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.
2. Nýr liður:
Til námsmanna, sem ekki njóta menntamálaráðsstyrks 250 000
c. Við c. Nýr liður:
Til Elíasar Eyvindssonar, til svæfingarnáms í Ameríku (lokagreiðsla) 12 000

41. — 14. — B. XV. 2. Nýr liður:
Til rafstöðvar í Staðarfellsskóla 22 000

42. — 14. — B. XVI. 2. Nýr liður:
Til íþróttasambands Íslands til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra 8 000

43. — 14. — B. XVI. 7. Nýir liðir:
a. Til frjálsíþróttasambands Íslands vegna þátttöku í Evrópumeistaramóti 25 000
b. Til glímufélagsins Ármanns vegna fimleikafarar ... 10 000

44. — 14. — B. XVIII. (Blindrastarfsemi).
Í aftari talnadálk komi 15 000

45. — 14. — B. XXIV. Nýr liður:
Til Sigursveins D. Kristinssonar, til framhaldsnáms í fiðluleik (lokagreiðsla) 6 000

46. — 15. — A. XIV. 1. (Leikfélag Reykjavíkur).
Liðurinn fellur niður.

47. — 15. — A. XIV. 9. Nýr liður:
Til Leikfélags Húsavíkur 1 500

48. — 15. — A. XV. 2. Nýr liður:
Til tónlistarfélags Ísafjarðar 10 000

49. — 15. — A. XV. 9. (Landssamband blandaðra kóra og kvennakóra).
Nýir liðir:
a. Til Guðrúnar Á. Símonar, til söngnáms erlendis (lokagreiðsla) 6 000
b. Til Þórunnar Jóhannsdóttur, til tónlistarnáms erlendis 6 000
c. Til Gerðar Helgadóttur, til myndlistarnáms) 6 000

			d. Til Hermanns Pálssonar, til náms í keltneskum fræðum	6 000
			e. Til Guðmundar Elíassonar, til framhaldsnáms í höggmyndalist	6 000
50.	Við	15. gr.	A. XVIII. Liðurinn orðist svo: Til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga	3 000
51.	—	15. —	B. VIII. Nýr (rómv.) liður: Framlag til mótvirðissjóðs vegna tæknilegrar aðstoðar	150 000
52.	—	16. —	A. 4. (Gjöld skv. jarðræktarlögum). Nýir liðir á eftir g.:	
			a. Kostnaður við framleiðsluráð landbúnaðarins samkv. lögum	28 045
			b. Til kaupa á jarðræktarvélum skv. 9. gr. l. nr. 7 1945	1 000 000
53.	—	16. —	A. 5. Nýr liður: Framlag til búfjártryggingar samkv. l. nr. 20 1943	100 000
54.	—	16. —	A. 6.	
			a. Liðurinn orðist svo: Til jarðræktartilrauna á Akureyri, Reykhólum, Sámsstöðum og Skriðuklaustri	340 000
			b. Nýr liður: Kostnaður við rafmagn á Sámsstöðum	47 000
55.	—	16. —	A. 9. Nýir liðir:	
			a. Til landþurrkunar í Austur-Landeyjum	20 000
			b. Til landþurrkunar og samgöngubóta í Vestur-Landeyjum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	10 000
			c. Til fyrirhleðslu á Hólmsá	75 000
56.	—	16. —	A. 10. Nýr liður: Til fyrirhleðslu á Héraðsvötnum	20 000
57.	—	16. —	A. 11. c. (Nýjar sandgræðslugirðingar). Fyrir „100 000“ kemur	125 000
58.	—	16. —	A. 16. (Loðdýrarækt). Nýr liður: Kostnaður vegna eyðingar refa og minka skv. lögum nr. 56 1949	60 000
59.	—	16. —	A. 19. b. (Bætur vegna fjárskipta).	
			a. Fyrir „6 000 000“ kemur	5 000 000
			b. Nýr liður: Uppeldisstyrkur	150 000
60.	—	16. —	B. 2. (Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda). Fyrir „182 000“ kemur	318 500
61.	—	16. —	B. 6. Nýir liðir:	
			a. Til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir	250 000
			b. Til greiðslu síldveiðilána sumarið 1949 samkv. lögum nr. 10 1950	1 300 000
			c. Til aflatryggingasjóðs samkv. lögum	1 750 000
			d. Til þess að lækka framleiðslukostnað bátaútvegsins samkv. l. nr. 1 1950	1 700 000
			e. Kostnaður vegna þátttöku Íslands í norrænu síldarmálanefndinni	40 000
			f. Til olíusamlags Breiðafjarðar samkv. l. nr. 110 1943	43 600
62.	—	16. —	C. 3. Liðurinn orðist svo: Til iðnfræðsluráða samkvæmt lögum	75 000
63.	—	16. —	C. 8. Nýr liður: Til undirbúningsrannsókna vegna fyrirhugaðrar sementsverksmiðju	95 000

64. Við 16. gr. D. IX. 6. (Bortækjakaup).
Fyrir „350 000“ kemur 250 000
65. — 17. — 1. Liðurinn orðist svo:
Tillag til bjargráðasjóðs samkvæmt lögum 246 000
66. — 17. — 2. a. 2. (Framlag skv. III. kafla l. nr. 104/1943).
Fyrir „4 000 000“ kemur 4 175 000
67. — 17. — 7. a. (Samband ísl. berklasjúklinga, byggingarstyrkur).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
68. — 17. — 17. a. (Bindindisstarfsemi).
a. Liðurinn orðist svo:
Til bindindisstarfsemi eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins 130 000
b. Nýr liður:
Til Stórstúku Íslands 170 000
69. — 17. — 26. (Kreppulánasjóður bæjar- og sveitarfélaga).
Fyrir „3 000“ kemur 5 500
70. — 17. — 29. (Tillag til ILO).
Fyrir „47 000“ kemur 82 000
71. — 17. — 30. (UNO).
Fyrir „156 000“ kemur 272 000
72. — 17. — 32. (World Health Organization).
Fyrir „18 750“ kemur 33 000
73. — 17. — 33. (IRO).
Fyrir „108 000“ kemur 400 000
74. — 17. — 34. Nýr liður:
Tillag til Evrópuráðsins 54 470
75. — 18. — II. a.
a. Niður falla eftirtaldir liðir:
1. Brynjólfur Þorláksson, fyrrv. söngkennari.
2. Eiríkur Kjerúlf, fyrrv. læknir.
3. Guðmundur Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri.
4. Sigurbjörn Sveinsson, fyrrv. barnakennari.
5. Theódór Jónsson, fyrrv. sóknarprestur.
6. Vigfús Þórðarson, fyrrv. sóknarprestur.
b. Við bætast í stafrófsröð:
1. Aðalheiður Albertsdóttir, fyrrv. kennslukona ... 1 000
2. Björn Stefánsson, fyrrv. póstur 500
3. Davíð Jóhannesson, fyrrv. símstj. og póstafgr.m. 1 500
4. Guðmundur Pálmason, fyrrv. vitavörður 650
5. Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 500
6. Jóhanna Friðriksdóttir, fyrr. ljósmóðir 1 000
7. Jóhannes Friðlaugsson, fyrrv. barnakennari 1 000
8. Jón E. Bergsveinsson, fyrrv forseti Slysavarnafél. 3 000
9. Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustjóri 6 000
10. Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri ... 1 000
11. Ólafur Thorarensen, fyrrv. símstjóri 650
12. Pétur Pétursson, fyrrv. póstur 800
13. Sigmundur Sigurðsson, fyrrv. héraðslæknir 1 100
14. Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur 400
15. Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símstj. og póstafgr.k. 1 000
16. Viktoría Kristjánsdóttir 800
17. Þóra Bjarnadóttir 500
18. Þórdís J. Carlquist, fyrrv. forstöðukona ljósmæðraskólans 1 000

c. Hjálmar Guðjónsson, fyrrv. yfirfiskimatsm.
Fyrir „1 625“ kemur 2 200

76. Við 18. gr. II. b.
a. Niður falla þessir liðir:
1. Björg Einarsdóttir.
2. Guðrún Jóhannesdóttir.
3. Margrét Björnsdóttir.
b. Við bætist í stafrófsröð:
1. Álfheiður Kjartansdóttir 4 800
2. Ethel Arnórsson 1 500
3. Jóhanna Gunnarsdóttir 1 100
4. Lovisa Sveinbjörnsson 5 000
5. Steinunn Jóhannesdóttir 975
c. Emilía P. Briem.
Fyrir „2 059.52“ kemur 3 000
d. Halldóra Ólafsdóttir.
Fyrir „1 977.66“ kemur 3 000

77. — 19. — 1. (Dýrtíðarráðstafanir). Nýr liður:
Til greiðslu verðuppbóta á gærur frá 1943 (fyrri greiðsla) 225 000

78. — 20. — Út. I. 1. b. (Lán í dönskum krónum).
Fyrir „398 299“ kemur 692 000

79. — 20. — Út. VIII. (Flugvallagerðir og lendingarbætur fyrir flugvélar).
Fyrir „2 500 000“ kemur 1 000 000

80. — 20. — Út. XV. (Sýslumannabústaðir). Nýr liður.
Til endurbóta á sendiherrabústaðnum í London 150 000

81. — 22. — III. (Jón Guðmundsson skrifstofustjóri).
Liðurinn fellur niður.

Ed. 612. Breytingartillaga [46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 6. gr. 4. efnismálsgr. (Ákvæði þessi o. s. frv.) orðist svo:
Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á vegna fjárskipta, sem samþykkt verða eftir að lög þessi öðlast gildi. Hins vegar skal þó sauðfjársjúkdómanefnd vinna að því, að bændur í þeim héruðum, þar sem fjárskipti hafa verið samþykkt samkv. eldri lögum, taki skuldabréfin upp í þær greiðslur, er þeim ber vegna fjárskiptanna.

Sþ. 613. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1950.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Ég hef ekki orðið sammála meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu frumvarpsins og vil því gera grein fyrir afstöðu minni í sérstöku áliti.

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram af fyrrverandi ríkisstjórn, voru rekstr-

artekjur áætlaðar 263 millj. 607 þús. kr., en rekstrarútgjöld 225 millj. 821 þús. kr. og rekstrarafgangur því ca. 37 millj. 786 þús. kr.

Á sjóðsyfirliti var þó útkoman allmikið öðruvísi vegna afborgana lána og útgjalda á 20. gr. vegna eiknaaukningar, samtals rúml. 35 millj. 723 þús., og nam greiðslujöfnuður 4 millj. 572 þús.

Í fljótu bragði gat þetta virzt allglæsileg áætlun, þegar borið er saman við fjárlög síðasta árs, þar sem niðurstöðutölur bæði tekna og gjalda á sjóðsyfirliti námu samtals 287728 þús. kr. og greiðsluhalli var rúmlega hálf millj.

En hér ber þó þess að gæta, að í þessu frumvarpi var þegar gert ráð fyrir, að niður féllu greiðslur vegna fiskábyrgðar, og því aðeins reiknað með 33.5 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana. Á síðustu fjárlögum voru tekjur dýrtíðarsjóðs áætlaðar 64 millj. 640 þús. kr. Munar hér því 31 millj. 140 þús. kr., sem dýrtíðargreiðslur eru áætlaðar lægri en á síðasta ári. Er það ca. 10 millj. kr. hærri upphæð en sú heildarlækkun, sem frumv. gerir ráð fyrir frá síðasta árs fjárlögum. Liggur því ljóst fyrir, að frumvarpið gerir raunverulega ráð fyrir 10 millj. kr. hærri útgjöldum til annarra hluta en dýrtíðarráðstafana, og skiptist sú upphæð allmisjafnt á hinar ýmsu greinar, en einna mest á 7., 10., 11. og 14. gr.

Breyting sú, er gerð var á skráðu gengi íslenzkrar krónu nú nýlega, hefur óhjákvæmilega í för með sér hækkun á ýmsum liðum fjárlaganna. Má þar t. d. nefna margar greiðslur landssímans til útlanda, er greiða verður í erlendum gjaldeyri, hinn erlenda þátt í rekstrarkostnaði ríkisskipanna o. m. fl. Þýðingarlaust hefði verið að loka augunum fyrir þessari staðreynd, þar sem útgjaldahækkun hennar vegna hlýtur að nema mörgum milljónum króna.

Þótt reynt verði að fá tekjur á móti þessu með hækkuðum gjöldum, breytir það ekki þessu grundvallaratriði. Þá má og búast við hækkun á launagreiðslum ríkisins, ef vísitala hækkar. Einnig kom það í ljós við athugun fjárveitinganefndar, að á frumvarpið vantaði ýmsar lögboðnar greiðslur, svo sem framlag til hafnarbótasjóðs og ýmislegt fleira. Nú hefur meiri hluti fjárveitinganefndar samþykkt að leggja fram breytingartillögur, sem allmargar stafa af fyrrnefndum ástæðum. Þeim breytingartillögum er ég samþykkur.

Að upphæð nema allar breytingartillögur meiri hlutans rúmum 18 millj. kr. og munu því, ef samþykktar verða, lækka rekstrarhagnað frumv. um nærri þá upphæð og skapa greiðsluhalla, er nema mundi ca. 14 millj. kr.

Þá verður ekki hjá því komizt að benda á það, að hvorki frumvarpið sjálft né tillögur meiri hlutans marka nokkra stefnubreytingu frá því, sem verið hefur um kostnað við rekstur ríkiskerfisins, og enn fremur það, að mjög veigamikil atriði eru óafgreidd frá nefndinni og munu bíða 3. umr.

Hér til má nefna mörg atriði, og skulu hér upp talin þau helztu.

Inn á frumv. vantar enn lögboðnar greiðslur samkv. lögum um vatnsveitur og mjólkurstöðvar. Þá vantar og upphæð til að greiða þær uppbætur á laun opinberra starfsmanna, sem nú hefur verið greidd nærri því heilt ár og ríkisstjórnin hefur a. m. k. gefið í skyn, að haldið verði áfram. Ekki er heldur enn þá tekið tillit til þess aukna kostnaðar, sem verður á utanríkisþjónustunni við gengisbreytinguna, og má nefna fleira, sem enn þá hefur verið frestað að taka fullnaðarákvarðanir um og valda mun hækkuðum útgjöldum.

Bendir allt til, að þessar upphæðir geti numið hátt á annan tug millj., ef fylgja á sömu reglum um þessa hluti sem aðra liðstæða.

Þá hefur ekkert samkomulag heldur náðst um tillögur til sparnaðar á rekstrargjöldum ríkisins. Hefur sú skoðun greinilega komið fram í nefndinni, að slíkt mundi þýðingarlaust, og verið rökstudd með reynslu þeirri, er fékkst á síðasta ári, þegar nefndin flutti margar tillögur um lækkanir á ýmsum liðum í rekstrarkerfi ríkisins, er nálega allar voru felldar fyrir atbeina þáverandi ríkisstjórnar. Ég álít hins vegar, að ekki sé aðeins full ástæða til, heldur muni bráðlega reynast óhjákvæmilegt að draga verulega úr þessum kostnaði, en af því að ég tel þetta mál ekki að fullu

útrætt í nefndinni, mun ég ekki flytja breytingartillögur við þessa umræðu, en áskil mér rétt til flutnings slíkra tillagna við þriðju umr., ef ekki næst samkomulag innan nefndarinnar um þetta mál milli umræðna.

Þá skal enn fremur bent á stærsta atriðið, sem enn þá er óafgreitt og meiri hluti fjárveitinganefndar ásamt ríkisstjórninni hefur ákveðið að láta bíða þriðju umr. Það eru breytingar, sem hljóta að verða á aðaltekjuliðum ríkisins á annarri grein frumv. Þegar frumvarp þetta var samið, var gengi ísl. kr. allt annað en nú. Sú breyting, sem gerð hefur verið á genginu, hlýtur að hafa í för með sér stórfelldar breytingar á tolltekjum ríkisins að óbreyttum innflutningi.

Í lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit er svo fyrir mælt, að innflutningsáætlun skuli vera fullgerð í byrjun hvers árs. Ef fjárveitinganefnd á að geta áætlað tolltekjur ríkisins svo nokkurt vit sé í, verður þessi innflutningsáætlun að liggja fyrir. Enga slíka áætlun hefur fjárveitinganefnd fengið að sjá, hvort sem ástæðan er sú, að hún sé engin til enn þá, þótt liðinn sé þriðjungur ársins, eða hún á að vera leyniplagg, sem jafnvel alþingismenn mega ekki fá vitneskju um. Er því sú tekjuáætlun, sem í frumvarpinu stendur, gripin gersamlega úr lausu lofti og verður ekki færð á neinn fastan grundvöll, nema frekari upplýsingar fáist fyrir þriðju umræðu um þessi mál. Þrátt fyrir það, að þrjár ríkisstjórnir hafa fjallað um þetta frumvarp og það legið til meðferðar í fjárveitinganefnd nærri hálft ár, er afgreiðslan þannig til aðalumræðunnar í þinginu, að á gjaldahliðina vantar milljónir af fyrirhuguðum gjaldapóstum, engin tekjuáætlun, sem á má byggja, og engin viðleitni til sparnaðar á rekstrargjöldum ríkisins, þrátt fyrir allt sparnaðartal núverandi stjórnarflokka undanfarin ár. Virðist mér allt horfa þannig, að þessi fjárlög muni verða hin hæstu, sem Alþingi hefur nokkru sinni samþykkt.

Svona handahófskenndri afgreiðslu er ég andvígur og tel, að hún sé ekki forsvaranleg á neinn hátt, sízt eins og horfur eru nú í efnahagsmálum okkar.

Allir forsvarsmenn ráðandi stjórnarflokka keppast nú hver við annan um að mála þær horfur með sem dekkstum litum, og skal hér ekkert dregið úr því. En óneitanlega kveður þar nú orðið við annan tón en meðan gengislækkunin var í deiglunni og allt kapp lagt á að telja þjóðinni trú um, að sú ráðstöfun mundi leysa öll okkar vandamál. Nú er hins vegar viðurkennt, að sumar vörur okkar séu óseljanlegar, verð á öðrum fari lækkandi, og aðalviðskiptaþjóð okkar, Bretar, hafa nýlega eyðilagt svo að segja allan þann freðfisk, sem þeir keyptu af okkur á síðasta ári, að verðmæti allt að 90 millj. kr. Svo hörmulega eru nú markaðir okkar komnir innan hinnar rómuðu efnahagssamvinnu Vestur-Evrópu.

Hvert mannsbarn veit, að fjárhagur ríkissjóðs sem og þjóðarinnar allrar byggist eingöngu á því, hvernig um þessi markaðsmál fer. Samt á að afgreiða fjárlagafrumvarpið nú til þriðju umr. a. m. k. án þess að nokkur áætlun liggi fyrir um útflutning og innflutning, er hægt væri að byggja á líklegar áætlanir um tekjur ríkisins.

Eins og fyrr er sagt, mun ég ekki flytja sérstakar breytingartillögur við þessa umræðu, vegna þess að þessi þýðingarmiklu atriði eru enn óafgreidd í nefndinni, en sjá, hverja afgreiðslu þau fá við meðferð málsins milli annarrar og þriðju umræðu.

Alþingi, 1. maí 1950.

Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 614. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „óvenjulegum snjóalögum“ í 2. efnismálsgr. komi: sbr. þó ákvæði 3. málsgr.
2. Á eftir 2. efnismálsgr. komi ný málsgr., er hljóði svo:
   Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að skógræktargirðingu fenni í kaf. Skal þá girðingareigandi eða eftirlitsmaður hans tilkynna fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar hættu þá, er af þeim stafar, og ber þá þeim fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar, er slíka viðvörun hafa fengið, að hafa gætur á fé sínu og halda því frá viðkomandi girðingu.
3. 3. efnismálsgr. (verður 4. málsgr.) orðist svo:
   Nú rís ágreiningur um það, hver á sök á, að fé kemst í skógræktargirðingu og spillir gróðri, svo og um bætur, og skulu þá tveir dómkvaddir menn skera úr ágreiningi og meta bætur. Er hlutaðeigendum skylt að hlíta þeim dómi.

Ed. 615. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Nr. 8 í 12. kafla orðist svo:			
8 Olíufræ og olíurík aldin, einnig mulin	1 kg		2
2. 18 og 19 í 15. kafla orðist svo:			
18 — risínusolía (laxerolía)	—	2	8
19 — önnur jurtafeiti, ót. a.	—	2	8
3. Nr. 2 í 25. kafla orðist svo:			
2 Sandur, ót. a. ..... tollfrjáls			
4. Í stað nr. 16 í 25. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
Gips:			
16 — óunnið ..... tollfrjálst			
16a— brennt, mulið eða þvegið	—	2	8
5. Nr. 1 í 28. kafla orðist svo:			
1 Bróm, fosfór, brennisteinn og brennisteinsmjólk og sambönd þessara efna innbyrðis, svo og með klóri og joði, svo framarlega sem þau falla ekki undir annað tollskrárnúmer	—	7	8
6. Í stað nr. 11 í 28. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
— ediksýra:			
11 — — edik	—	7	30
11a— — önnur	—	7	8
7. Nr. 51 og 52 í 28. kafla orðist svo:			
51 — metylalkóhól	—	7	8
52 — ísóprópylalkóhól	—	7	8
8. Aftan við nr. 60a í 28. kafla bætist orðin: svo og hexan.			
9. Á eftir nr. 15 í 31. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
15a— hárliðunarvökvar og hárliðunarduft, ót. a.	—	7	30

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
10.	Nr. 17 í 44. kafla orðist svo:			
	17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m²	1 kg		2
11.	Aftan við nr. 21 í 44. kafla tollskrárinnar komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	21a Sellófanpappír			2
12.	Nr. 22 í 44. kafla orðist svo:			
	22 Marmarapappír og annar pappír, ót.a.	—	7	30
13.	Nr. 33 í 44. kafla orðist svo:			
	33 — vaxbornar umbúðir	—		2
14.	Nr. 7 í 45. kafla falla niður.			
15.	Orðin „með eða“ í nr. 19 í 45. kafla falli niður.			
16.	Aftan við nr. 20 í 45. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	20a Áprentaður fiskumbúðapappír, enda beri áritunin það með sér, að pappírinn sé utan um fisk til útflutnings	—		2
17.	Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir úr cellulose	—	2	2
18.	Í stað nr. 4—5 í 46. kafla B komi þrjú nr., svo hljóðandi:			
	Garn:			
	4 — tvinni	—	20	8
	5 — netjagarn, ólitað	—	2	5
	5a— annað	—	20	15
19.	Á eftir nr. 8 í 48. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	8a— molskinn	—	20	25
20.	Í stað nr. 19 í 50. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
	— fiskinet og fiskinetjaslöngur:			
	19 — — úr nylon og öðrum gerviþráðum	—	2	5
	19a— — úr öðrum vefjarefnum	—	2	2
21.	42 í 50. kafla falli niður.			
22.	Nr. 22 í 60. kafla falli niður.			
23.	Á eftir fyrirsögninni að XV. flokki, „Ódýrir málmar og vörur úr þeim“, komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ef inn eru fluttar vörur úr málmum þeim, sem teljast til 64.—70. kafla, og vörur þessar eiga að koma í hærri tolla en tilsvarandi vörur úr járni og stáli í 63. kafla, má fjármálaráðuneytið mæla svo fyrir, að greiða skuli af þeim hin lægri aðflutningsgjöld eftir 63. kafla. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
24.	Á eftir nr. 22 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	22a Bryggjur, brýr, hús og önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
25.	Á eftir nr. 26 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	26a Fiskkörfur og körfur undir mjólkurflöskur úr vír og þess háttar	—	2	8
26.	Á eftir nr. 85 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	85a— bæði með og án áletrunar, sem ætlaðar eru undir íslenzkar framleiðsluvörur til útflutnings, enda beri áletrunin það með sér	—	7	2
27.	Aftan við nr. 88 í 63. kafla komi svo hljóðandi athugas.:			
	Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að færa skálar, sem eru pressaðar til vaskagerðar og að öðru leyti ounnar, niður í 15% verðtoll.			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
28.	Á eftir nr. 9 í 66. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 9a Mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá, stærri en 10 l	1 kg	7	2
29.	Aftan við nr. 33 í 72. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi: 33a Bindivélar	—	7	8
30.	Í stað nr. 27—28 í 72. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi: 27 Vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, til graftar, og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
31.	Nr. 64 í 72. kafla orðist svo: 64 Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra	—	7	15
32.	Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 13—16 í 73. kafla, „Rafmagnsbúnaður í báta, bifreiðar og bifhjól“, komi: Rafmagnsumbúnaður í bifreiðar, skip og önnur farartæki.			
33.	Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 37—45 í 73. kafla, „Búsáhöld og hlutar til þeirra“ komi: Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar.			
34.	Nr. 46—54 í 73. kafla falli niður.			
35.	Á eftir nr. 1 í 76. kafla komi nýtt númer, svo hljóðandi: 1a Fallhlífar og tilheyrandi ..... tollfrjálsar			
36.	Nr. 12 í 77. kafla falli niður.			
37.	Í stað nr. 29—32 í 77. kafla komi þrjú nr., svo hljóðandi: **Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.:**			
	29 — bifreiðavogir (bryggjuvogir)	—	7	8
	30 — desimalvogir og vogir fyrir rennibrautir	—	7	8
	31 — aðrar	—	7	30
38.	Við nr. 3 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: **Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna.**			
39.	Við nr. 11 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: **Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður að nokkru eða öllu leyti aðflutningsgjöld af hljómplötum með verkum eftir íslenzka höfunda og verkum sungnum og/eða leiknum af Íslendingum.**			
40.	Á eftir nr. 10 í 82. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: **Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvarandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.**			
41.	XXI. flokkur og 87. kafli orðist svo:			

XXI. FLOKKUR **Listaverk og safnmunir, ót. a.**	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
87. kafli. **Listaverk og safnmunir, ót. a.**			
1 Listaverk ..... tollfrjáls			
Aths. Tollundanþágan eftir nr. 1 tekur aðeins til frumverksins. Fjármálaráðuneytinu er þó heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af afsteypum, sem gerðar eru erlendis eftir hér gerðum frummyndum úr gipsi eða öðru áþekku efni.			
Safnmunir, ót. a.:			
2 — frímerki og önnur slík merki ..... tollfrjáls			
3 — safnmunir til opinberra safna ..... tollfrjálsir			
4 — aðrir	1 kg	7	30

2. gr.

Á eftir l-lið 3. gr. komi átta nýir stafliðir, svo hljóðandi:

m. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af votheysturnum og vélaútbúnaði til að steypa þá og af vélum og áhöldum til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu.

n. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af jeep-bifreiðum og almenningsvögnum og af vöruflutningabifreiðum.

o. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæðið í b-lið 24. gr. samþykktar þeirrar um alþjóðaflugmál, sem birt var með auglýsingu nr. 45/1947.

p. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum og útbúnaði til Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli, sem rekin er samkvæmt milliríkjasamningi frá 30. apríl 1947.

q. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði í b- og c-lið 7. gr. alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sem birtur er sem fylgiskjal með lögum nr. 13/1948, um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.

r. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem inn er flutt eingöngu vegna framkvæmdar samnings frá 16. september 1948, milli ríkisstjórnar Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

s. Að fella niður aðflutningsgjöld af munum, sem sendir eru hingað að gjöf og góðgerðafyrirtæki eiga að annast dreifingu á til bágstaddra og þvílíkra.

t. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af munum, sem aðeins eru fluttir hingað til sýningar eða flutnings um stundarsakir og endurútfluttir eru þegar að sýningu eða flutningi loknum, og af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu og flutt eru út þegar eftir að þau hafa verið reynd.

u. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem látið er ókeypis í té af National Bureau of Standards í Washington til vísindarannsókna samkvæmt samningi frá 1. júlí 1949 milli póst- og símamálastjórnar Íslands og National Bureau of Standards í Washington D.C.

3. gr.

Í stað orðanna „eða báta“ í síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi: báta eða flugvéla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi 5. liður 1. gr. laga nr. 6/1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Sþ. **616. Nefndarálit** [38. mál.]

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur samkvæmt venju fjallað um undirbúning tillagna um flutningastyrki og fjárveitingar til flóabáta árið 1950. Hefur nefndin haft nána samvinnu við forstjóra skipaútgerðar ríkisins, sem hefur veitt henni margháttaðar upplýsingar um rekstur og afkomu flóabátanna. Fylgir skýrsla hans nefndarálitinu.

Það skal í upphafi tekið fram, að bæði nefndin og forstjóri skipaútgerðarinnar lögðu töluverða vinnu í að athuga, hvort ekki væri unnt að spara ríkissjóði einhvern hluta þeirra útgjalda, sem hann undanfarið hefur orðið að verja til styrktar flóabátasamgöngunum. Benti forstjórinn nefndinni í því sambandi á hugsanlegar leiðir, sem fyrst og fremst voru í því fólgnar að fella algerlega niður styrki til sumra flóabáta, en lækka framlög til annarra verulega á grundvelli breytts fyrirkomulags ferða þeirra.

Nefndin ræddi þessar leiðir ýtarlega og átti tal um þær við þingmenn þeirra héraða, sem hlut áttu að máli. Niðurstaðan af þeim umræðum varð sú, að nefndin taldi sér ekki fært að leggja til, að styrkir til flóabátaferða yrðu lækkaðir stórlega. Taldi hún, að slíkur niðurskurður hlyti að bitna mjög þunglega á þeim byggðarlögum, sem fyrir honum yrðu og byggja afurðasölu sína, samgöngur og viðskipti yfirleitt mjög á flóabátaferðunum.

Það var því álit nefndarinnar, að enn um skeið yrði ekki hjá því komizt, að ríkið styrkti þennan þátt samgangnanna á svipaðan hátt og undanfarin ár.

Um rekstur flóabátanna á s. l. ári er þess fyrst að geta almennt, að afkoma margra þeirra hefur verið hin bágbornasta. Hefur ríkisstyrkurinn hvergi nærri nægt til þess að jafna rekstrarhalla þeirra. Með tilliti til þessarar staðreyndar og ennfremur hins, að nefndin hefur undanfarin ár haldið styrkjum til bátanna mjög niðri, þrátt fyrr sannanlegan rekstrarhalla einstakra þeirra, þá hefur nú orðið að hækka styrk nokkurra báta lítillega. Ef að því ráði hefði ekki verið horfið, má telja fullvíst, að rekstur einhverra þeirra hefði stöðvazt héruðum þeirra til mikils tjóns og óhagræðis.

Um einstaka flóabáta og ferðir þeirra skal þetta tekið fram:

Breiðafjarðarsamgöngur.

Fyrirkomulag þessara ferða verður hið sama og áður. Afkoma þeirra báta, sem annazt hafa ferðirnar undanfarið, varð mjög slæm á árinu. Hefur nefndin því talið óumflýjanlegt að hækka styrkinn til þeirra nokkuð. Leggur hún því til, að rekstrarstyrkur m. b. Konráðs, sem annast ferðirnar um norðanverðan Breiðafjörð, verði hækkaður um 11 þús. kr. og honum auk þess veittur 10 þús. kr. viðbótarstyrkur vegna vélakaupa.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til Stykkishólmsbáts verði hækkaður um 15 þús. kr. og til Skógarstrandar- og Langeyjarnesbáts um 1 þús. kr., 500 kr. til hvorrar áætlunarleiðar hans.

Ísafjarðarsamgöngur.

Þær hefur m. s. Fagranes annazt eins og áður. Hefur fyrirkomulag þeirra verið mjög svipað og undanfarin ár. Skipið annast ferðir um Ísafjarðardjúp og Jökulfirði. Enn fremur hefur það haldið uppi ferðum milli Ísafjarðarkaupstaðar og sjávarþorpanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu að vetrarlagi. Afkoma bátsins hefur verið mjög

slæm s. l. ár. Varð rekstrarhalli um 53 þús. kr. Hefur félagið því óskað eftir verulegri hækkun ríkissjóðsstyrksins.

Nefndin leggur til, að styrkur þessa báts verði hækkaður um 15 þús. kr. Virðist þó mjög hæpið, að sú hækkun tryggi rekstur hans allt þetta ár, þar sem skuldir vegna rekstrarhalla undanfarinna ára þrengja hag hans verulega.

Norðurlandssamgöngur.

Þar leggur nefndin til, að styrkur til Húnaflóa- og Strandabáts verði hækkaður um 9 þús. kr. Rekstrarhalli á þessum bát hefur farið vaxandi undanfarin ár, og sprettur það ekki hvað sízt af aflabrestinum á síldveiðunum. En báturinn hefur m. a. annazt fólksflutninga og vöruflutninga til og frá síldarverksmiðjunum á Ströndum.

Rekstur Norðurlandsbáts, sem heldur uppi ferðum milli Akureyrar og Sauðárkróks, hefur á s. l. ári gengið þolanlega, og leggur nefndin til, að styrkupphæð hans verði hin sama og á s. l. ári. Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda verði hins vegar hækkaður þetta ár um 9 þús. kr. vegna vélakaupa, sem orðið hafa eigendum hans mjög dýr og ofviða að rísa undir. Þá er og lagt til, að styrkur til Hríseyjarbáts verði hækkaður um 2 þús. kr.

Austurfjarðarsamgöngur.

Þar verður sú breyting á, að lagt er til, að ferðir Norðfjarðarbáts verði lagðar niður, þar sem akvegasamband hefur nú skapazt við Neskaupstað. Hins vegar er lagt til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði hækkaður um 1 þús. kr. og styrkur til Mjóafjarðarbáts um 5 þús. kr. 4 þús. kr. af þeirri hækkun eru veittar vegna kaupa á vél í bátinn.

Vestmannaeyjasamgöngur.

Þar er um að ræða ferðirnar milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja. Vaxandi erfiðleikar eru á rekstri báts þess, sem heldur þessum samgöngum uppi. Valda því að sjálfsögðu minnkandi flutningar vegna hinna mjög bættu flugsamgangna við Eyjar. Engu að síður leggja bæði Vestmannaeyingar og málsvarar byggðanna á Suðurlandsundirlendinu mikla áherzlu á, að bátsferðunum verði haldið áfram. Hefur jafnframt verið óskað verulegrar hækkunar á styrk til þeirra. Nefndin hefur talið nauðsynlegt að koma nokkuð til móts við þær óskir og leggur til, að styrkurinn verði hækkaður um 12 þús. kr.

Styrkur til anarra flóabáta og flutninga en hér hefur verið drepið á ætlast nefndin til, að verði óbreyttur frá því, sem var á s. l. ári.

Nefndin leggur til, að ríkisstjórninni verði heimilað að greiða Skafta Stefánssyni Siglufirði, sem lengi annaðist ferðir um Skagafjörð, 12 þús. kr. upp í rekstrarhalla, sem hann varð fyrir á þessum ferðum sumarið 1947. Mun nefndin flytja um það sérstaka breytingartillögu við 22. gr. fjárlaga. Eftir umsókn Skafta Stefánssonar varð umræddur rekstrarhalli rúmar 27 þús. kr.

Samkvæmt tillögum þeim, sem fyrir liggja, áætlar nefndin styrk til flóabátaferða og vöruflutninga í fjárlögum ársins 1950 samtals kr. 958 000, eða 80 þús. kr. hærri en á fjárlögum ársins 1949. Í þessu sambandi er þess að geta, að þessum útgjöldum hefur verið haldið mjög niðri s. l. 3 ár. Styrkupphæðin vegna flóabátasamgangnanna var þannig nokkru lægri árið 1949 en á árunum 1947 og 1948. Þetta hefur verið gert þrátt fyrir verulega hækkun á rekstrarkostnaði bátanna á þessum tíma. Er nú svo komið, að ókleift er að neita einstökum bátum um lítilfjörlega styrkhækkun. Hefur nefndin því orðið að leggja til nokkra útgjaldaaukningu vegna þessara almenningsþarfa.

Nefndin leggur til, að styrkupphæðin skiptist þannig:

Djúpbátur	kr.	230 000
Húnaflóa- og Strandabátur	—	82 000
Norðurlandsbátur	—	220 000
Hríseyjarbátur	—	6 000
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	20 000
(Þar af 9 þús. kr. styrkur vegna vélakaupa.)		
Loðmundarfjarðarbátur	—	6 000
Mjóafjarðarbátur	—	17 500
(Þar af 4 þús. kr. styrkur vegna vélakaupa.)		
Eskifjarðarbátur	—	18 000
Berufjarðarbátur	—	4 000
Suðurlandsskip	—	80 000
Mýrabátur í Faxaflóa	—	2 500
Flateyjarbátur, venjulegar ferðir	—	25 000
Flateyjarbátur, vikuferðir Flatey—Brjánslækur—Kinnarstaðir	—	30 000
Flateyjarbátur, viðbótarstyrkur vegna vélakaupa	—	10 000
Stykkishólmsbátur	—	85 000
Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátar (styrkurinn skiptist til helminga)	—	11 000
Patreksfjarðarbátur	—	2 000
Til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu	—	5 000
Til vöruflutninga til Öræfa	—	30 000
Vestmannaeyja—Stokkseyrarbátur	—	72 000
Rangársandsbátur	—	2 000
Samtals	kr.	958 000

Alþingi, 2. maí 1950.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Karl Kristjánsson, form. Ed.-nefndar.	Eiríkur Einarsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Jón Gíslason, fundaskr. Nd.-nefndar.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Ásg. Ásgeirsson.
Ásmundur Sigurðsson.	Stefán Stefánsson.	Steingr. Aðalsteinsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Fylgiskjal.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 18. febrúar 1950.

Háttvirt samvinnunefnd samgöngumála hefur óskað eftir, að ég gerði yfirlit yfir rekstur flóabátanna á s. l. ári á svipaðan hátt og gert hefur verið undanfarið. Enn fremur tillögur um styrk til bátanna á þessu ári, miðað við, að þeir væru reknir með svipuðu fyrirkomulagi og á undanförnum árum, og í þriðja lagi tillögur um fyrirkomulag á rekstri þeirra, miðað við, að dregið yrði úr kostnaðinum eins og frekast er unnt, sumpart með breyttu fyrirkomulagi og sumpart með, því að leggja niður einstöku báta.

Djúpbáturinn.

H/f Djúpbáturinn á Ísafirði hefur eins og að undanförnu annazt ferðir um Djúpið og í nágrenni með m/b Fagranesi. Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun og farið venjulega tvær ferðir í viku um Djúpið og eina ferð til Jökulfjarða og

Aðalvíkur. Þá hafa einnig verið farnar nokkrar ferðir til Reykjarfjarðar á Ströndum. Meðan vegurinn til Þingeyrar var ekki fær bifreiðum, voru farnar þangað ferðir á hálfsmánaðarfresti og vikulega til Súgandafjarðar og Flateyrar. Enn fremur hafa aukaferðir verið farnar til Súðavíkur og Bolungavíkur yfir sumarmánuðina. Rekstursreikningar eru enn ekki komnir, en eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hefur orðið mikill halli á rekstri bátsins.

Húnaflóa/Strandabátur.

Eins og áður annaðist Sigurður Pétursson útgerðarmaður á Djúpavík ferðir þessar með bát sínum, Hörpu (29 lestir). Farnar voru frá 14. maí til 2. ágúst 1 áætlunarferð í viku milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Eftir 2. ágúst voru áætlunarferðirnar 2 vikulega og önnur ferðin þá til Hólmavíkur sem endastöð. 2. okt. var ferðum bátsins hætt. Fluttir voru alls 428 farþegar, enn fremur póstur og nokkuð af flutningi. Rekstur bátsins hefur gengið illa og sýnir tilfinnanlegt tap á rekstrarreikningnum.

Norðurlandsbátur.

Hr. Steindór Jónsson útgerðarmaður á Akureyri hafði ferðir þessar á hendi eins og undanfarið með bát sínum, Drang (74 lestir). Frá áramótum til í byrjun júní voru farnar 2 ferðir í viku frá Akureyri til Sauðárkróks með viðkomu á höfnum í Eyjafirði og Skagafirði í báðum leiðum. Þegar Siglufjarðarskarð varð fært bifreiðum, hætti báturinn ferðum á Skagafjörð, en ferðum var þá aftur fjölgað um Eyjafjörð og til Grímseyjar. Alls hafði báturinn 855 viðkomur á hinum ýmsu höfnum. Rekstur báts þessa hefur gengið sæmilega, þannig að hann hafði fyrir afskrift.

Hríseyjarbátur.

Bátur þessi gengur milli Hríseyjar og lands í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Akureyri. Fluttir voru 960 farþegar á árinu, auk þess nokkuð af pósti og farangri. Rekstur bátsins hefur gengið fremur illa, og sýna reikningar yfir rekstur hans um 3 500.00 kr. halla.

Flateyjarbátur á Skjálfanda.

Bátur þessi gengur milli Flateyjar á Skjálfanda og Húsavíkur, og er venjulega farin ein ferð í viku, og oftar, ef þurfa þykir. Oddviti Flateyjarhrepps sér um, að ferðirnar komi að sem beztum notum, og hefur ekki annað heyrzt en þær gangi eins og vera ber.

Loðmundarfjarðarbátur.

Bátur þessi gengur milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar. Kaupfélag Austfjarða á Seyðisfirði hafði umsjá með ferðum þessum. Byrjuðu ferðirnar 9. maí og enduðu 6. okt. Voru á þeim tíma farnar 20 áætlunarferðir. Í aukaferð, sem báturinn fór, eftir að hann hætti áætlunarferðum, tókst svo illa til, að hann eyðilagðist í ofviðri á Loðmundarfirði, og er nú verið að reyna að útvega annan bát í hans stað, og enn ekki séð, hvernig það gengur. Rekstrarreikningar fyrir bátinn eru enn ekki komnir, en eftir því, sem fyrir liggur, mun reksturinn hafa gengið heldur illa.

Mjóafjarðarbátur.

Bátur þessi gengur milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar og fer einnig nokkrar ferðir til Seyðisfjarðar. Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur umsjá með, að ferðirnar komi að sem mestu gagni fyrir Mjófirðinga. Reikningur fyrir rekstur þessa báts er enn ekki kominn, en upplýsingar liggja fyrir um, að reksturinn hafi gengið sæmilega.

Eskifjarðarbátur.

Ferðir þessa báts eru milli Búðareyrar og Eskifjarðar annars vegar og Hafraness hins vegar. Eru þessar ferðir aðallega til að binda Fáskrúðsfjörð í vegasam-

band við Austur- og Norðurland. Garðar Jónsson útgerðarmaður á Reyðarfirði hafði þessar ferðir á hendi með bát sínum, Heklu (10 lestir). Rekstur þessa báts hefur gengið sæmilega.

Berufjarðarbátur.

Þessi bátur heldur uppi ferðum frá Djúpavogi yfir Berufjörð í sambandi við bifreiðaferðir að Stakk á Berufjarðarströnd. Er ekki annað vitað en að ferðir og rekstur bátsins hafi gengið eins og til stóð.

Mýrabátur í Faxaflóa.

Enginn sérstakur bátur er í þessum ferðum, heldur hafa bændur á staðnum séð um þær og styrknum verið skipt á milli þeirra.

Flateyjarbátur á Breiðafirði.

H/f Norðri í Flatey hefur eins og að undanförnu annazt ferðir þessa báts um norðanverðan Breiðafjörð með m/b Konráð. Var siglt eftir fastri áætlun og auk þess aukaferðir, þegar þurfa þótti, enn fremur voru farnar yfir sumarmánuðina vikulegar ferðir til Kinnarstaða og Brjánslækjar. Rekstur þessa báts hefur gengið illa á árinu, og sýnir rekstrarreikningur rekstrarhalla, rúmar 20 þús. kr..

Stykkishólmsbátur.

Ferðir þessa báts eru um sunnanverðan Breiðafjörð, og hefur kaupfélagið í Stykkishólmi annazt ferðirnar eins og undanfarin ár með m/b Baldri (38 lestir). Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun og farið 153 áætlunarferðir og flutt 649 farþega, auk flutnings og pósts. Rekstur bátsins hefur gengið illa, og sýna rekstrarreikningar, sem fyrir liggja, halla á rekstrinum, rúmar 29 þús. kr.

Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur.

Oddur Valentínusson hafnsögumaður í Stykkishólmi hefur haft þessar ferðir á hendi á s. l. ári og hefur haldið uppi föstum áætlunarferðum. Alls hefur báturinn farið 202 áætlunar- og aukaferðir á árinu. Heldur hefur halli orðið á rekstri ferðanna.

Stokkseyrar/Vestmannaeyjabátur.

Ferðir þessa báts eru á milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar, og eru þær aðallega gerðar vegna fólksflutninga yfir sumarmánuðina. Hefur m/b Gísli J. Johnsen (32 lestir) verið í ferðum þessum. Farnar voru 46 ferðir til Stokkseyrar og fluttir 1044 farþegar, auk þess póstur og 60 lestir af ýmsum vörum, enn fremur 196 sauðkindur og 6 kýr. Rekstrarreikningur fyrir þennan bát sýnir tekjuhalla, rúmar 23 þús. kr.

Rangársandsbátur.

Enginn bátur hefur verið í ferðum þessum um margra ára bil, heldur hefur styrkurinn verið notaður til að létta undir flutninga hjá bændum milli Vestmannaeyja og Rangársands, og hefur sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu séð um úthlutun styrksins.

Eins og sjá má af þessu stutta yfirliti, hefur rekstur flóabátanna á s. l. ári gengið illa yfirleitt og orðið tilfinnanlegt tap hjá mörgum þeirra. Ef vel væri, þyrfti að bæta þeim bátum, sem mest hafa tapað, upp tap þeirra að nokkru eða fullu, og ef halda á rekstrinum í svipuðu horfi og gert var á s. l. ári, þá verður að minnsta kosti að áætla styrk til bátanna þeim mun hærri sem tapinu nemur. Tekjuhalli á eftirtöldum bátum er samkvæmt þeim reikningum, sem fyrir liggja, eins og hér segir:

Djúpbátur	kr.	30 000.00
Húnaflóabátur	—	20 700.00
Hríseyjarbátur	—	3 500.00
Loðmundarfjarðarbátur	—	1 000.00
Flateyjarbátur á Breiðafirði	—	20 500.00
Stykkishólmsbátur	—	29 800.00
Vestmannaeyja—Stokkseyrarbátur	—	23 000.00
Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur	—	1 200.00
	Kr.	129 700.00

Þannig þyrfti þá að hækka heildarstyrk til bátanna um kr. 129 700.00 frá því, sem var á s. l. ári, og yrði þá styrkur til þeirra í ár kr. 1 007 700.00. Leyfi ég mér að láta fylgja hér með lista yfir sundurliðun á styrk til bátanna á þessu ári, miðað við þessa upphæð.

Sjái hið háa Alþingi sér ekki fært að veita svo mikið fé til rekstrar flóabátanna sem hér um ræðir, verður að grípa til þess ráðs að leggja suma bátana niður og breyta um fyrirkomulag hjá öðrum, því að óhugsandi er, að hægt sé að spara á rekstri bátanna meira en gert hefur verið, með sama eða svipuðu fyrirkomulagi. Ef horfið væri að því að gera miklar sparnaðarráðstafanir í sambandi við rekstur flóabátanna, gæti ég hugsað mér, að þær yrðu fyrst um sinn fólgnar í eftirfarandi.

Djúpbátur.

30 lesta bátur verði hafður til flutninga um Ísafjarðardjúp, en þann tíma árs, sem Þorskafjarðarheiði er fær bifreiðum, væntanlega frá í maí til í september, yrði hafður bátur, sem gæti tekið einn eða tvo bíla á þilfar. Ekki er fullséð, hvað hægt væri að spara mikið á styrk til þessa báts, ef slíkar breytingar yrðu upp teknar, en gizka má á, að það yrði nálægt 120 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að Fagranesið verði selt eða ráðstafað til annars.

Norðurlandsbátur.

1. 30 lesta bátur verði í förum um Eyjafjörð til Siglufjarðar frá maíbyrjun til septemberloka. Eftir það verði stærri bátur hafður í ferðunum um Eyjafjörð og Skagafjörð, og verði þá ferðum hagað líkt og verið hefur. Er þetta gert í sambandi við bifreiðaferðir frá Reykjavík til Norðurlandsins þann tíma árs, sem fjallvegir eru ófærir bifreiðum. Þessi stærri bátur gæti þá verið við Ísafjarðardjúp þann tíma, sem þar þarf að vera bátur, sem getur tekið bifreiðar.

2. Lítils háttar styrkur verði veittur til mjólkurflutninga um Eyjafjörð til Siglufjarðar og frá Skagafirði til Sauðárkróks þann tíma árs, sem mjólkurflutningar geta ekki farið fram á bifreiðum, og bifreiðaferðir til Norðurlandsins frá Reykjavík leggist niður, þegar fjallvegir verða ófærir fyrir bifreiðar. Með fyrra fyrirkomulaginu gizka ég á, að hægt sé að spara 60 þús. kr. Með síðara fyrirkomulaginu gizka ég á, að hægt væri að spara 160 þús. kr., og er það fyrirkomulag auðvitað æskilegast, því að lítið vit virðist vera í því að vera að halda uppi bifreiðaferðum á ófærum vegum í ófæru veðri um hávetrardag, þegar nægar ferðir eru með góðum farþegaskipum.

Flateyjarbátur á Breiðafirði.

Flóabáturinn Konráð verði látinn hætta ferðum um norðanverðan Breiðafjörð, en flóabáturinn Baldur, sem haft hefur ferðirnar um sunnanverðan Breiðafjörð, verði hafður einn í ferðunum um Breiðafjörð. Lít ég svo á, að ferðir um Breiðafjörð ættu að geta orðið viðunandi með þessu móti, þegar tekið er tillit til, hvað samgöngur á landi hafa batnað til stórra muna. Má gera ráð fyrir, að

nokkuð yrði að hækka styrk Baldurs, en þó gizka ég á, að sparast mundi á þessum lið um 80 þús. kr.

Vestmannaeyja—Stokkseyrarbátur.

Þessi bátur verði lagður niður, enda ætti það að vera hægt, þegar tekið er tillit til hinna öru samgangna milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, bæði á sjó og í lofti.

Húnaflóa—Strandabátur.

Bátur þessi verði látinn hætta ferðum, enda hefur það sýnt sig, að þarfirnar fyrir þann bát hafa stöðugt minnkað á undanförnum árum og því halli á rekstri hans aukizt mjög mikið, og nú hefur strandferðaskipið Skjaldbreið mun fleiri viðkomur á Húnaflóa- og Strandahöfnum en áður var, eins og sjá má í áætlun fyrir strandferðaskipin.

Ef framangreint fyrirkomulag yrði tekið upp, yrði sparnaðurinn sem hér segir:

Djúpbátur	kr.	120 000.00
Norðurlandsbátur	—	160 000.00
Breiðafjarðarsamgöngur	—	80 000.00
Vestmannaeyja—Stokkseyrarbátur	—	80 000.00
Húnaflóabátur	—	90 000.00
Samtals	kr.	530 000.00

Þannig er ætlað, að sparast mundi á þessu breytta fyrirkomulagi 530 000.00 kr., miðað við það, sem áætla þarf í styrk til bátanna á þessu ári. Heildarútgjöld til flóabáta yrðu þá á fjárlögum þessa árs því sem næst 477 þús. Væri það auðvitað spor í rétta átt, ef hægt væri að draga svo mikið úr styrk til flóabátanna, því að auðvitað verður að stefna að því, að sá kostnaður minnki, eftir því sem samgöngur batna á sjó og landi og í lofti.

Það eru að sjálfsögðu fleiri en ein orsök til þess, að rekstursafkoma flóabátanna hefur stöðugt versnað með ári hverju á undanförnum árum. Ræður þar auðvitað miklu um hin sívaxandi dýrtíð og ekki hvað sízt, að fleiri og fleiri staðir komast í vegasamband, enda er víða komið svo, að þar sem flóabátarnir sátu áður fyrir öllum flutningum, hafa þeir nú ekki nema lítinn hluta þeirra, vegna þess að aðalflutningarnir fara fram á bifreiðum. Lítur helzt út fyrir, að allt of mikið af vöruflutningabifreiðum sé til í landinu, og í vöntun af verkefnum leggja eigendur bifreiðanna kapp á að ná sér í flutning, jafnvel milli landsfjórðunga. Er það orðið svo, að smávörur, sem hátt flutningsgjald er fyrir, eru yfirleitt fluttar með bifreiðum, þar sem hægt er að koma því við. Er þetta einkum áberandi milli hafna í Skagafirði og Eyjafirði og milli Reykjavíkur og ýmissa hafna norðanlands. Hins vegar fá strandferðaskipin og flóabátarnir að flytja þær vörur, sem lágt flutningsgjald er fyrir, og svo skömmtunarvörur og áburð, sem hreint tap er á að flytja. Af vörum, sem fluttar eru með bifreiðum, er ekkert hafnar- og bryggjugjald greitt og ekki heldur upp- og útskipunargjald. Allir vita, að stöðugt er verið að koma á fót dýrum hafnarmannvirkjum víðs vegar kringum land og þá byggt á því, að þau fái tekjur af vöruflutningum, sem um þau fara. Ef þær tekjur bregðast, er hætt við, að þessi dýru mannvirki verði fjárfrekir ómagar á ríkissjóði.

Annað það, sem skemmir mjög mikið fyrir strandferðaskipunum og flóabátunum, er, að ætíð eru ýmsir fiskibátar til taks til að taka flutning á stuttum leiðum, ef um nokkurt magn, sem um munar, er að ræða. Setja þeir þá oft flutningsgjaldið niður og auglýsa ferðir í beinni samkeppni við strandferðirnar og flóabátana. Ber einkum mikið á þessu í sambandi við flutning til og frá Vestmannaeyjum, Breiðafirði og Vestfjarðahöfnum. Hvað flóabátunum viðkemur, er það algengt, að þeir, sem hafa ráð á flutningi, sem nokkru nemur, senda hann á milli hafna með eigin fiskibátum, þegar ekki er hægt að koma við bifreiðum, og sniðganga þannig flóabát-

ana, sem fyrir vikið sigla hálftómir. Hefur þetta verið áberandi við Ísafjarðardjúp, Eyjafjörð og Skagafjörð. Eru það ekki hvað sízt þessir inngripaflutningar, sem gera rekstur flóabátanna óhagstæðan.

Atvinnulíf landsmanna krefst þess, að samgöngur séu í sem beztu lagi. Þess vegna heldur ríkissjóður úti fullkomnum strandferðaskipum og styrkir flóabátana á afskekktum stöðum, þar sem strandferðaskipin ná ekki til. Af sömu ástæðum rekur ríkið og skipuleggur bifreiðaferðir til fólksflutninga, þar sem því verður við komið, og enn fremur er komið upp flugvöllum og flugferðir styrktar með tollaívilnunum og á annan hátt. Er það augljóst mál, að kostnaðurinn við að halda uppi öllum þessum samgönguæðum, svo í lagi sé, verður þessu fámenna þjóðfélagi ofviða. Þess vegna hlýtur það að vera aðkallandi að gera sér ljósa grein fyrir, hverjar af þessum samgönguæðum eru þjóðinni ómissandi, og styrkja þær og efla, svo að þær geti verið í lagi, en láta heldur þær ónauðsynlegu sitja á hakanum. T. d. verður ekki séð, hvaða nauðsyn það er að halda opinni bifreiðaleið milli Reykjavíkur og Akureyrar um hávetur með öllum þeim kostnaði, sem því fylgir, þegar nægar ferðir eru á milli þessara staða með góðum farþegaskipum.

Flugvélar eru sjálfsagt góð og nytsöm farartæki fyrir þá, sem þurfa að flýta sér, en þá eiga þeir, sem með þeim fara, að greiða fyrir flýtinn eins og hann kostar. Virðist það því vera óþarft að styrkja flugsamgöngur með tollaívilnunum og á annan hátt á milli staða, sem hafa nægilegar skipaferðir, enda geta flugvélar aldrei komið í staðinn fyrir skipin, til þess eru þær of háðar veðurfarinu, að minnsta kosti hér á landi.

Virðingarfyllst,

Skipaútgerð ríkisins.

Pálmi Loftsson.

Nd. 617. Frumvarp til laga [60. mál]

um notendasíma í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður skal í næstu 10 ár leggja fram 2.5 millj. kr. árlega til lagningar notendasíma um sveitir landsins, og skal sú upphæð tekin upp í fjárlög hvers árs.

2. gr.

Á innflutningsáætlun hvers árs skal áætla nægilega fjárhæð til þess, að hægt sé að flytja það efni til landsins, er þarf til að leggja þá notendasíma, er um getur í 1. gr. Gjaldeyrisleyfi fyrir þeim innflutningi ber að veita það snemma árs, að efnið geti verið komið til landsins, þegar framkvæmdir eiga að hefjast.

3. gr.

Um stofngjöld og rekstur notendasíma fer eftir gjaldskrá og reglum Landssíma Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo menn hlutfallskosningu til tveggja ára í senn, og gera þeir tillögur til símastjórnarinnar um lagningu notendasíma í sveitum, og skulu þeir skila póst- og símamálastjóra tillögum sínum fyrir 1. apríl ár hvert. Mennirnir starfi kauplaust.

5. gr.

Þegar teknar eru ákvarðanir um lagningu notendasíma, skal hafa hliðsjón af því, hvar mest sé vöntun síma og hvernig sveitir séu að öðru leyti á vegi staddar í því efni, svo og af aldri þeirra beiðna, er fyrir liggja. Enn fremur skal leitast við að skipuleggja framkvæmdir eftir því, sem hentast þykir fjárhagslega.

6. gr.

Nú vilja einhverjar sveitir eða sýslufélög flýta lagningu notendasíma um sveitina eða sýsluna og bjóða fram lán til framkvæmdanna. Er þá skylt að taka við því og leggja síma til þeirra, ef gjaldeyrisyfirvöldin veita innflutningsleyfi fyrir meira efni en um ræðir í 2. gr.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 618. Tillaga til þingsályktunar [153. mál]

um kosningu fulltrúa á ráðgjafarþing Evrópuráðsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

Alþingi ályktar að kjósa í sameinuðu Alþingi 3 fulltrúa til þess að sitja fyrir Íslands hönd ráðgjafarþing Evrópuráðsins, er saman kemur í Strasbourg í ágústmánuði næstkomandi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 7. febrúar s. l. samþykkti Alþingi þingsályktun um þátttöku Íslands í Evrópuráðinu, og var stofnuninni síðan afhent aðildarskjal Íslands.

Ráðgjafarþing Evrópuráðsins kemur saman í Strasbourg í ágústmánuði næstkomandi, og á Ísland rétt á að senda þangað 3 fulltrúa. Í 25. gr. stofnskrár Evrópuráðsins segir, að ráðgjafarþingið skuli skipað fulltrúum hvers þátttökuríkis, er tilnefndir séu samkvæmt því, er ríkisstjórn þess kann að ákveða. Ríkisstjórnin telur eðlilegt, að Alþingi kjósi fulltrúa þessa, og er því þingsályktunartillaga þessi fram borin.

Ed. 619. Breytingartillaga [46. mál]

við brtt. á þskj. 603 [Sauðfjársjúkdómar].

Frá Eiríki Einarssyni.

Á eftir orðunum „að dómi nefndarinnar“ í síðustu málsgr. bætist: og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða.

Sþ. 620. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um vélræna upptöku á þingræðum.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Páll Zóphóníasson.

Alþingi skorar á forseta Alþingis og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til, að umræður á Alþingi verði teknar á stálþráð, plastþráð eða plötur, ef hagkvæmara þykir, og hafa lokið öllum undirbúningi fyrir næsta reglulegt Alþingi, þannig að þingskriftir hverfi þá að mestu eða öllu leyti.

Kostnaður við framkvæmd tillögu þessarar greiðist úr ríkissjóði og telst til alþingiskostnaðar.

Greinargerð.

Það er viðurkennt, að margir þingmenn eru hættir að nokkru eða öllu að lesa yfir handrit skrifara að ræðum þeim, er þeir flytja undir umræðum á Alþingi, og ræðupartur þingtíðinda því ekki lengur traustur grundvöllur fyrir því, sem sagt er á Alþingi. Vegna þessa og fleira hefur verið talað um að taka ræður þingmanna á stálþráð eða plastþráð og geyma þær þannig. Tilraun, er gerð hefur verið til þessa, gaf þá raun, að álíta verður, að hagkvæmara verði að taka ræður á plastþráð eða stálþráð en láta skrifa þær, eins og nú er gert, og ætlast flutningsmenn til, að gengið verði úr skugga um það fyrir næsta reglulegt Alþingi og sú aðferð, er bezt reynist, þá látin koma til framkvæmda.

Nd. 621. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að hafa skipti á jörðinni Klettakoti, sem er eign ríkisins — og jörðinni Straumur, sem Edilon Guðmundsson bóndi í Stóra-Langadal er eigandi að. Báðar þessar jarðir eru í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu.

Sþ. 622. Fyrirspurnir. [155. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um lán Búnaðarbankans af gengishagnaði.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Hefur Búnaðarbankinn fengið þau lán, sem skylt er að veita honum af gengishagnaði samkvæmt 2. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.?
2. Hefur gengishagnaðurinn verið afhentur ríkissjóði?

II. Til ríkisstjórnarinnar um byggingarkostnað nýju síldarverksmiðjunnar á Siglufirði og Skagaströnd.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Hefur farið fram fullnaðarendurskoðun á reikningsskilum byggingarnefndar nýju síldarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd um byggingarkostnað verksmiðjanna? Ef svo er, hafa endurskoðendur staðfest reikningsskilin athugasemdalaust? Hafi þeir ekki gert svo, hvaða meginathugasemdir hafa þeir gert?

III. Til ríkisstjórnarinnar um lán byggingarsjóðs af gengishagnaði.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Hefur byggingarsjóður verkamanna fengið lán þau, sem skylt er að veita úr ríkissjóði af gengishagnaði samkv. 2. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um gengisskráningu ítalskrar líru.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Haraldi Guðmundssyni.

Hvers vegna hefur gengi lírunnar ekki verið skráð samkvæmt 1. gr. l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.?

V. Til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun launalaganna og greiðslu uppbóta á laun opinberra starfsmanna.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Haraldi Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að leggja fyrir það þing, er nú situr, frv. til nýrra launalaga? Ef svo er ekki, hvað hyggst ríkisstjórnin þá fyrir um greiðslu uppbóta á laun opinberra starfsmanna, þar til ný launalög verða sett?

VI. Til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á gengishagnaði samkv. 2. gr. l. um gengisskráningu o. fl.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Hverju nemur gengishagnaður sá, er um ræðir í 2. gr. l. nr. 22 1950, um gengisskráningu o. fl.?
2. Hver verður hluti byggingarsjóðs verkamanna?
3. Er sá hluti tilbúinn til ráðstöfunar til byggingar nýrra verkamannabústaða?

Ed. 623. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi breytingum, sem í engu eru efnisbreytingar:

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Orðið „skriflega“ í 11. og 15. tölulið 3. mgr. 5. gr. laganna falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan eftir því.

Alþingi, 2. maí 1950.

Lárus Jóhannesson, form., frsm. Hannibal Valdimarsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Brynj. Bjarnason. Karl Kristjánsson.

Ed. 624. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 2. umr. Ed.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum minnst 4 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlínum, sem einangra svæði þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlínum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

2. gr.

Í stað upphafs 1. málsl. 13. gr. komi:

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, a. m. k. næstu 4 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjár-

sjúkdómanefnd, ef hún telur hættulaust, leyft flutning lambhrúta til kynbóta milli fjárskiptasvæða innan þess tíma, enda sé ekki um að ræða flutning þaðan, sem garnaveiki hefur verið.

3. gr.

1. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframtali tæpum tveim árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1950 skal miða við framtal á árinu 1949, þ. e. fjártölu í árslok 1948 o. s. frv. Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustin 1947 og 1948 vegna fyrirhugaðra fjárskipta 1950 og 1951, skal þó miða fjártöluna við skattaframtal þeirra tæpum þremur árum áður en fjárskipti hefjast, enda haldi þeir áfram búskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði.

4. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur, sem svarar hálfu lambsverði á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af niðurlagsverði tveggja næstu ára á undan, miðað við meðalvænleika sláturlamba á hverju fjárskiptasvæði.

Kostnað við flutning líffjár á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitar tilfærslu á fé á fjárkaupasvæðum, svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða kosti fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu fá keypt, ef unnt er, líflömb, er nemi 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, samanber þó 39. gr. Skylt er að láta bændur, er hafa litla eða enga aðstöðu til mjólkursölu eða annarrar framleiðslu, sitja fyrir um líflambakaup, ef ekki fæst áskilin fjártala til úthlutunar.

Séu nægjanleg líflömb fáanleg skal fjáreigendum gefinn kostur á að fá allt að 20% til viðbótar. Sé ekki unnt að útvega þessi 50% lambanna svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur vegna þeirra, er á vanta, á sama hátt og fyrir er mælt í 39. grein.

Framlag ríkisins skal greiða ári eftir að fjárskipti hefjast, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptra líflamba.

5. gr.

39. gr. laganna orðist svo (var 40. gr. í lögunum):

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð á svæðinu. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

6. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein, er verði 40. gr., svo hljóðandi:

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 4% ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að ⅖ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að ⅘ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, er greidd eru á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðin frá útgáfudegi þeirra.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð

bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulagi til bankanna, skal ákveða nánar með reglugerð.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 5. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar, að nokkru undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.

7. gr.

39. gr. (óbreytt) verður 41. gr.
41. gr. (óbreytt) verður 42. gr. o. s. frv.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 625. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. nóv. 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumv. og leitað um það umsagnar Alþýðusambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. Voru jafnframt lagðar fyrir þessa aðila spurningar um tiltekin atriði um þetta mál. Þá hefur nefndin og kynnt sér vandlega álit milliþinganefndar, er skipuð var 18. júní 1948 til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum.

Að framangreindum gögnum athuguðum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem eðlilegast þykir, að verkamenn og atvinnurekendur semji sjálfir um kaup og kjör, en Alþingi hefur þegar sett lög um lágmarkshvíldartíma háseta á botnvörpuskipum, telur deildin ekki rétt að svo stöddu, að ríkisvaldið hafi frekari afskipti af þessu máli, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. maí 1950.

Sigurður Ágústsson, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson. Pétur Ottesen.

Fylgiskjal I.

Greinargerð Jónatans Hallvarðssonar og Torfa Hjartarsonar um störf nefndar þeirrar, er skipuð var til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum.

Reykjavík, 18. okt. 1949.

Hinn 8. júní f. á. skipuðuð þér, herra forsætisráðherra, okkur undirritaða í nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum. Auk okkar voru skipaðir í nefndina Sigfús Bjarnason samkvæmt tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur, Karl Guðbrandsson samkvæmt tilnefningu Sjómanna-

félags Hafnarfjarðar og samkvæmt tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna þeir Skúli Thorarensen og Ingvar Vilhjálmsson. Í stað Karls Guðbrandssonar tók Borgþór Sigfússon síðar sæti í nefndinni.

Nefndin hefur með aðstoð utanríkisráðuneytisins aflað sér gagna um hvíldartíma og orlof sjómanna í helztu fiskveiðalöndum Evrópu og Norður-Ameríku til afnota í starfi sínu. Tók þessi gagnaöflun alllangan tíma.

Við umræður um málið kom brátt í ljós, að fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna bar mjög í milli um sjónarmið og tillögur. Gerðum við undirritaðir ítrekaðar tilraunir til að ná samkomulagi um lausn málsins. En öll viðleitni í þá átt reyndist árangurslaus. Á fundi nefndarinnar 11. júlí s. l. þótti sýnt, að frekari sáttaumleitanir væru þýðingarlausar, og var þá ákveðið, að fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna semdu sérstakar álitsgerðir um málið. Þessar álitsgerðir lágu fyrir á fundi nefndarinnar í dag, og er álitsgerð sjómanna dagsett 19. júlí s. l. og álitsgerð útgerðarmanna 10. þ. m. Á þessum fundi var enn leitað eftir samkomulagi, en án árangurs.

Við leyfum okkur nú hér með að senda yður, hr. forsætisráðherra, nefndar álitsgerðir ásamt gögnum þeim, sem nefndin hefur aflað, svo og útdrátt úr þeim. En þar sem starf okkar í nefndinni hefur í rauninni einungis verið í því fólgið að leita sátta um lausn málsins með fulltrúum stétta þeirra, sem hlut eiga að máli, sjáum við ekki ástæðu til frekari greinargerðar af okkar hálfu.

Jónatan Hallvarðsson. Torfi Hjartarson.

Til forsætisráðherrans.

Fylgiskjal II.

Greinargerð Skúla Thorarensen og Ingvars Vilhjálmssonar í nefnd þeirri, er skipuð var til að gefa álit um frumvarp til laga um hvíldartíma á íslenzkum togurum.

Í maímánuði 1948 vorum við undirritaðir, ásamt hæstaréttardómara Jónatan Hallvarðssyni sem formanni, Torfa Hjartarsyni tollstjóra og fulltrúum sjómanna, skipaðir í nefnd, sem athuga skyldi frumvarp til laga um breytingar á vökulögum háseta á íslenzkum botnvörpuskipum.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins, og leyfum vér oss hér með að gera grein fyrir afstöðu vorri til umræddS frumvarps:

Nefndin var strax sammála um það, að nauðsynlegt væri að afla sér upplýsinga um það, hvernig málum þessum væri háttað hjá öðrum þjóðum, sem reka botnvörpuveiðar, og fékk formaður nefndarinnar gögn þar að lútandi frá flestum eða öllum þeim þjóðum, sem veiðar þessar stunda, og kom þá i ljós, að hjá langflestum þjóðum var ekki um neinn lögbundinn hvíldartíma sjómanna að ræða á botnvörpuskipunum, og mun formaður nefndarinnar leggja gögn þau fram. Slíkt álítum vér að sjálfsögðu ekki eftirbreytnisvert. En hafa verður hliðsjón af því í þessu sambandi, að togaraútgerð vor verður að keppa við togaraútgerð þessara þjóða.

Viljum vér nú gera nokkra grein fyrir því, hver aðstaða íslenzkra togarasjómanna er og hver nauðsyn muni vera á auknum hvíldartíma þeirra á botnvörpuskipunum.

Eins og nú er háttað á íslenzka fiskiskipaflotanum, hafa togarasjómenn einir lögboðinn hvíldartíma. Eru 8 stundir á sólarhring hvíldartími, en vinnuskylda þeirra 16 stundir. Ef hér væri um að ræða stöðuga og óslitna vinnu í 16 stundir alla daga, sýndist vissulega þörf á aukinni hvíld. En þannig er málum hins vegar ekki háttað, og viljum vér hér með skýra frá, hvernig þessu er varið í framkvæmdinni.

Íslenzkir togarar eru þannig mannaðir, að vegna óstöðugrar veðráttu þarf að

hafa marga menn á skipunum til þess að geta hagnýtt sér gott fiskiveður og aflahrotur til fulls, og er þá að sjálfsögðu nóg að starfa og unnið leyfilegan stundafjölda. En þegar um tregfiski er að ræða, sem því miður oftar á sér stað, er ekki unnið nema nokkurn hluta þessa tíma, að ógleymdum styttri og lengri ógæftaköflum, en þá er að sjálfsögðu ekki starfað á skipunum að neinu ráði, og fellur þá mikil hvíld til hásetanna, jafnvel oft svo að dögum skiptir.

Þá viljum vér einnig benda á, að eins og veiðum botnvörpuskipanna er nú háttað (aðallega ísfiskveiðar), er hásetum á skipunum tryggt frí í landi með fullu kaupi í minnst 60 daga á ári.

Ef gert er ráð fyrir því, að skip fari 13 veiðiferðir á ári og hver háseti sigli 7 sinnum til útlanda með afla skipsins, fara í slíkar ferðir 70—80 dagar, en þá vinna hásetar eftir samningi 12 stundir á dag, og er sú vinna að heita má eingöngu í því fólgin að stýra skipinu á milli landa, og því frekar um mjög létta vinnu að ræða. Hér við bætist svo dvöl skipanna í höfnum og ferðir til og frá fiskimiðunum.

Vér höfum ekki tekið þetta fram til þess að sýna, að ekki er um að ræða 16 stunda erfiði sjómanna alla daga ársins, eins og liggur við, að túlkað sé af þeim, er flytja umrætt frumvarp fyrir Alþingi.

Að því er snertir aðbúnað hásetanna á botnvörpuskipunum, verður hann að teljast mjög góður og miklu betri en á öðrum skipum fiskiflotans, þannig að vér álítum, að allar aðstæður og aðbúnaður þessara manna sé miklu betri en nokkurra annarra manna hér á landi, sem fiskveiðar stunda, enda sést það á því, hve eftirsótt þetta starf er.

Að lokum teljum vér rétt að gera grein fyrir því, hvaða kostnaðarauka breyting sú, er umrætt frumvarp ráðgerir, mundi hafa í för með sér, þó að segja megi ef til vill, að ekki sé eingöngu á slíkt að líta, ef um aðkallandi mannúðar- og mannréttindamál væri að ræða:

Áhöfn hinna nýju skipa eru 30 menn. Af þeim eru 10, sem aldrei koma til vinnu í fiskinum á dekki. Eftir verða þá 20, og eins og nú er háttað vinnufyrirkomulagi víðast hvar, eru fjórskiptar vökur, sofið 6 stundir og unnið 12 stundir. Verða þá ávallt 15 menn, sem vinna í einu, og er það álitið hið minnsta, ef afköst eiga að vera viðunandi.

Næði frumvarp það, sem hér um ræðir, fram að ganga, yrðu vökur tvískiptar og því aðeins 10 menn við vinnu í einu. Væri slíkt með öllu ófullnægjandi. Þyrfti þá að bæta við 8—10 mönnum, en það mundi nema allt að 400 þús. króna útgjaldaauka á hvert skip árlega.

Flestum mun nú kunnugt, að togaraútgerð hér á landi á í flestum tilfellum við mjög mikla fjárhagsörðugleika að stríða, með þeim tilkostnaði, sem nú á sér stað, hvað þá ef bæta ætti þessari upphæð við útgjöldin. Enn fremur vita allir, sem til þekkja, að eins og horfur eru í dag, virðist sízt bjartara fram undan um afkomu þessara framleiðslutækja. Væri það ömurlegt, er hinum nýju glæsilegu botnvörpuskipum íslenzka fiskiskipaflotans yrði gert ómögulegt að starfa, vegna þess að til þeirra væru gerðar kröfur, sem ekki bæri brýna nauðsyn til að framkvæma, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið.

Framangreindar skýringar og greinargerð óskum vér að gera í sambandi við það álit vort, að umrætt frumvarp beri ekki að lögfesta á Alþingi og að í þeim lögum, sem nú eru í gildi, sé mjög sæmilega séð hag þeirra manna borgið, sem þau ná til, en það eru fyrst og fremst hásetar og skipverjar á íslenzka botnvörpuskipaflotanum.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 10. október 1949.

Skipaðir í nefndina skv. tillögu Landssambands ísl. útvegsmanna og Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Skúli Thorarensen. Ingvar Vilhjálmsson.

Fylgiskjal III.

Greinargerð Sigfúsar Bjarnasonar og Borgþórs Sigfússonar.

Eftir þeim gögnum, sem nefndinni hafa borizt, er hvíld sjómanna í Vestur-Evrópu-löndunum og Kanada nokkuð óákveðin, en þess ber að gæta, að þær þjóðir stunda fiskveiðar við allt önnur skilyrði en við hér. Þeir, sem stunda þar heimamið, fiska mjög lítið og fá af þeim ástæðum næga hvíld, en þeir, sem lengra sækja, til Íslands og í Norðurhöf, eru lengi á leiðinni til og frá og fiska miklum mun minna en okkar skip, enda stunda þeir fiskveiðar með miklu minna kappi en við.

Enn fremur ber þess að gæta, að veiðar á íslenzkum togurum eru að heita má eingöngu stundaðar við Íslands strendur og nú á síðari árum mest á djúpmiðum. Veðrátta við strendur Íslands er vindasamari en t. d. á fiskveiðisvæðum Bandaríkja- og Kanadamanna. Grunnsævi og betri botn, sem þýðir minna netaslit og þar af leiðandi minni viðgerðir á vörpunni. Enn fremur er talið, að fiskmagn sé þar minna en að jafnaði er á íslenzkum togaramiðum, sem þýðir minni vinnu fyrir fiskimennina. Hið sama gildir um veiðar í Norðursjónum og jafnvel við Færeyjar. Á þessum stöðum er staðviðrasamara en við Ísland. Þá ber þess einnig að gæta, að það er öllum kunnugt, sem til þekkja, að á íslenzkum togurum er lengur haldið áfram við fiskveiðarnar, þótt hvassviðri sé og þungur sjór, en á erlendum togurum á sömu miðum. En vinna í misjöfnum og vondum veðrum þreytir menn einna mest.

Enn fremur má þess einnig geta, að hjá hinum nýju togurum sérstaklega er togtíminn styttri en á litlum eða eldri skipum, sökum þess, hve hin nýju skip hafa meiri hraða og komast yfir meira togsvæði en minni skip með minni vélaorku. Undantekning frá þessu er, ef minni skip lenda í „asfiski“, sem kallað er. En þetta þýðir það, að á hinum nýju og stóru skipum er óslitin vinna hjá þeim mönnum, sem á þilfari vinna, á sinni vöku. Áður fengu menn oft hvíldarstundir á milli þess, að varpan var dregin upp, sérstaklega á ísfiskveiðum, jafnvel að menn gætu fengið smáblund.

Þá má einnig geta þess, að vinna við aðgerð á netjum er oft mikil á íslenzkum togurum sökum óslétts botns, sem oft er togað á í leit að fiski. Eru þá oft fleiri eða færri teknir frá fiskaðgerð til þess að bæta netin og gera vörpuna veiðihæfa. Þessi vinna er almennt meiri á íslenzkum togurum en erlendum og sérstaklega á þeim, sem fiska á *sléttum botni* og við betri veðurskilyrði. Samanburður á vinnu íslenzkra togaramanna og erlendra styður því með fullum rökum kröfu íslenzkra togaramanna um aukinn hvíldartíma.

Á saltfiskveiðum er samanburðurinn enn óhagstæðari. Á heimamiðum hjá vestrænum þjóðum og við Austurströnd Bandaríkjanna og Kanada munu þær ekki stundaðar. Á íslenzkum togurum, er saltfiskveiði stunda og leggja aflann á land í innlendri höfn, má heita, að sé óslitin vinna, frá því lagt er úr höfn og þar til komið er í höfn á ný, nema því aðeins að stórviðri geisi, sem skapi frátök frá veiði.

Viðstaðan í landi er jafnan stutt, einn sólarhring eða örlítið lengur eftir því, hve greiðlega gengur með afgreiðslu í landi. Hvíld sú, er menn fá að lokinni veiðiför, þegar ísfiskveiðar eru stundaðar, er því mun meiri en þegar um saltfiskveiðar er að ræða.

Þessi aðstaða togaramanna, er saltfiskveiði stunda, er þess eðlis, að hún rökstyður kröfuna um aukinn hvíldartíma enn þá meir.

Í Bandaríkjum N.-Ameríku hefur 12 stunda hvíld á sólarhring verið samningsbundin um mörg ár og í Ráðstjórnarríkjunum mun vera 8 stunda vinna á sólarhring á þeim togurum, sem ríkið gerir út.

Eins og áður er sagt, er aðstaðan til fiskveiðanna í Bandaríkjunum mun betri en hjá okkur með tilliti til allrar vinnu á skipunum sökum meiri staðviðra, betra botnlags og grunnsævis. Hins vegar er ekki kunnugt um aðstöðu rússneskra togveiða á sama hátt og bandarískra. Þar sem aðstaða fiskimanna til vinnu á togurum

hjá þessum stórþjóðum virðist að miklum mun betri en hjá okkur Íslendingum, þá er krafa íslenzkra togaramanna um aukinn hvíldartíma einnig mjög eðlileg. Við Íslendingar erum taldir mesta fiskiþjóð heimsins miðað við mannfjölda, og um leið er upplýst, að engin þjóð aflar á við okkur, miðað við tölu fiskimanna. Eiga togarasjómenn okkar þar stærstan hlut í, enda er það viðurkennt, að engar þjóðir reka togveiðar sínar af jafnmiklu kappi og við Íslendingar.

Átta stunda vinnudagur hefur verið lögleiddur með flestum menningarþjóðum heims og við hér á landi haft hann um árabil. Víða er enn unnið að styttingu vinnudagsins. Það er því ekki sæmandi, að togarasjómenn þurfi að vinna 16 klukkutíma á sólarhring og ávallt við mun verri aðstæður en menn í landi. Íslenzk togaraútgerð hlýtur að byggjast á því, að menn fáist til að stunda þá atvinnu, en það verður því aðeins, að menn njóti í þeim starfa þeirrar hvíldar og aðbúðar, sem þeim er nauðsynleg. Seinna atriðinu hefur verið séð fyrir með hinum nýju og stóru skipum, sem við eigum nú. En að því er hvíldartímann varðar, verður ekki talið, að nauðsyn sjómanna hafi verið fullnægt, og er þess ekki að vænta, að menn séu fúsir til að ráða sig á togara til 16 stunda vinnu á sólarhring, er fáanleg er vinna í landi, þar sem 8 stunda vinnudagur er gildandi.

Það er vitað mál, að togaravinna er engin íhlaupavinna og stór hópur manna gerir hana að lífsstarfi sínu, en eins og nú er háttað um vinnutíma er ekki hægt fyrir menn nema á bezta aldri að stunda þessa atvinnu. Þegar menn eru orðnir miðaldra, eru þeir orðnir svo til útslitnir, en oft samt neyddir til að vera áfram á sjónum, sökum þess að þeir fá ekki vinnu í landi. Líðan þessara manna þarf ekki að lýsa.

Útgerðarmenn halda því hins vegar fram, að stytting vinnutímans mundi þýða fleiri menn um borð í skipunum og þar af leiðandi hærri útgerðarkostnað. En við teljum miklar líkur fyrir, að þó fjölga þyrfti mönnum til að byrja með, mundi það koma fljótt í ljós, að vinnuafköst mundu aukast það mikið við aukna hvíld, að fleiri menn en nú eru um borð í togurunum mundu óþarfir.

Við undirritaðir leggjum því til, að á togurum verði lögboðin 12 klukkustunda hvíld á sólarhring.

Reykjavík, 19. júlí 1949.

Sigfús Bjarnason. Borgþór Sigfússon.

Fylgiskjal IV.

ALÞINGI 9. febrúar 1950.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis hefur ákveðið að leita umsagnar yðar um eftirfarandi atriði, svo og annarra upplýsinga, er þér kynnuð að vilja láta í té viðvíkjandi frumvarpi til laga um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, sem nú liggur fyrir Alþingi:

1. Hver er meðal veiðidagafjöldi á ári?
2. Hver er meðal siglingafjöldi á ári?
3. Hvaða áhrif hefði lenging hvíldartíma á tekjur sjómanna?
4. Hve mikla fjölgun skipshafnar telja samtök sjómanna að frumvarpið mundi hafa í för með sér?
5. Hvað er rúm í skipunum fyrir marga skipverja? Er hægt að fjölga þeim um 8—10 (sbr. álit fulltrúa útvegsmanna)?
6. Væri framkvæmanlegt að láta gilda sérákvæði um lengri hvíldartíma á saltfiskveiðum?

7. Hvert er álit yðar á því að ákveða 10 stunda hvíldartíma í stað 12 í frumvarpinu?

Heiðrað svar yðar þessu viðvíkjandi óskast innan næstu 10 daga.

F. h. sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis,

Finnur Jónsson. Pétur Ottesen.

Til Alþýðusambands Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal V.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 23. febrúar 1950.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf hæstvirtrar sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis, þar sem óskað er álits Alþýðusambandsins á nokkrum atriðum viðvíkjandi frumvarpi til laga um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í svörum þeim, er hér koma á eftir, er aðallega átt við nýju togarana:

Við 1. Meðalveiðidagafjöldi í veiðiferð mun vera sem næst 12 dagar.

Við 2. Meðalsiglingartími með afla í ferð, þar innifalin dvöl í innlendri höfn, mun vera sem næst 12 dagar.

Við 3. Að óbreyttum ákvæðum um kaup og kjör ættu þau ekki að rýrna, reiknað með meiri vinnuafköstum miðað við lengdan hvíldartíma og þar með meira aflamagni, sem tekið er á móti á sama tíma og áður.

Við 4. Með 4—6 manna fjölgun, svo sami mannfjöldi haldist óbreyttur til vinnu á þilfari á hverri vöku.

Við 5. Nýju togararnir hafa hvílurúm fyrir 38—40 menn.

Við 6. Vér teljum það framkvæmanlegt.

Við 7. Hver lenging á hvíldartíma er bót frá því, sem nú gildir. Hins vegar er krafan af hálfu sjómanna 12 tímar á sólarhring. 10 stunda hvíld yrði erfið í framkvæmd, nema slíta hvíldartímann sundur með matmálstímum, og mundi þá hvíldin í framkvæmd verða minni, jafnvel ekki nema rúmar 8 stundir.

Greinargerð við einstaka liði:

Árið 1947 reyndist veiðiför og sigling að meðaltali tæpir 26 dagar, en þá var um fáa af hinum nýju togurum að ræða.

Árið 1948 var meðalveiðiferð 27 dagar.

Árið 1949 liggja ekki fyrir opinberar skýrslur enn þá.

Nýju togararnir geta lokið ferð á 9 dögum með hæfilegri viðstöðu í erlendri höfn. Við þetta bætist dvöl í innlendri höfn, áður en farið er til útlanda og þegar komið er heim aftur; er þá samningsbundin sólarhrings viðstaða. Það, sem veldur, að veiðitíminn hefur lengzt, mun stafa af aflatregðu, miðað við það aukna magn, sem nýju togararnir taka. Árið 1946 var meðalveiðitími og ferð hinna gömlu togara rúmir 22 dagar. Á nýju togurunum er nú almennt 31 manna áhöfn. Frá vinnu við fisk og vörpuviðgerð dragast 11 menn, 5 í vél, 2 matreiðslumenn, skipstjóri, 1. stýrimaður og loftskeytamaður, svo og bræðslumaður. Eftir eru 20 menn, af þeim eru ⅓ frá vinnu ⅓ sólarhringsins. Til vinnu í senn eru því 13 menn eða 14. Á því, að sú tala haldist áfram, byggjum við fjölgunina. Komi þeir menn, sem fjölgað er um, á lífrarhlut, lækka tekjur háseta sem því nemur.

Um saltfiskveiðarnar skal þetta tekið fram: Siglingafrí háseta hverfur. Sá tími, sem fer í siglingar, er léttari vinna en við veiðina og hverfur einnig.

Saltfiskveiðarnar eru þrotlaus vinna og skammur tími til hvíldar í höfn, þar sem afgreiðsla togara mun ekki þurfa lengri tíma en 1 sólarhring.

Allt þetta styður kröfuna um aukna hvíld. Að öðru leyti skal vísað til rökstuðnings þeirra Sigfúsar Bjarnasonar og Borgþórs Sigfússonar í milliþinganefndinni um hvíldartíma á togurum o. fl.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Íslands,

Jón Sigurðsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal VI.

ALÞINGI 9. febrúar 1950.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis hefur ákveðið að leit umsagnar yðar um eftirfarandi atriði, svo og annarra upplýsinga, sem þér kynnuð að vilja láta í té viðvíkjandi frumvarpi til laga um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, sem nú liggur fyrir Alþingi:

1. Hver er meðalveiðidagafjöldi á ári?
2. Hver er meðal siglingafjöldi á ári?
3. Hvaða áhrif hefði lenging hvíldartíma á tekjur sjómanna?
4. Hvað er rúm í skipunum fyrir marga skipverja? Er hægt að fjölga þeim um 8—10 (sbr. álit fulltrúa útvegsmanna)?
5. Væri framkvæmanlegt að láta gilda sérákvæði um lengri hvíldartíma á saltfiskveiðum?
6. Hvert er álit yðar á því að ákveða 10 stunda hvíldartíma í stað 12 í frumvarpinu?

Heiðrað svar yðar þessu viðvíkjandi óskast innan næstu 10 daga.

F. h. sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis,

Finnur Jónsson. Pétur Ottesen.

Landssamband ísl. útvegsmanna (botnvörpuskipadeildin) Reykjavík.

Fylgiskjal VII.

FÉLAG ÍSLENZKRA BOTNVÖRPUSKIPAEIGENDA

Reykjavík, 23. febrúar 1950.

Oss hefur borizt heiðrað bréf hæstvirtrar sjávarútvegsnefndar, dags. 9. febr. s. l., þar sem nefndin leitar álits vors um frumvarp það til laga, er nú liggur fyrir Alþingi um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og leggur nefndin jafnframt fyrir oss ákveðnar spurningar í bréfi sínu í 6 liðum.

Mál þetta var rætt á almennum félagsfundi vorum í gær, þar sem frumvarpið var lagt fram, ásamt greinargerð þess, svo og einnig greinargerð þeirra tveggja útgerðarmanna, Skúla Thorarensen og Ingvars Vilhjálmssonar, sem snemma á árinu 1948 voru tilnefndir af félagi voru og L. Í. Ú. til að taka sæti í hinni stjórnskipuðu nefnd til að fjalla um þetta mál.

Út af spurningum þeim, er þér setjið fram í bréfi yðar, viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Fyrstu spurningu yðar er ekki hægt að svara með neinni nákvæmni. Svo sem vitað er, hafa togararnir á undanförnum árum svo að segja eingöngu stundað

ísfiskveiðar, og mun láta nærri, að meðalveiðiferðafjöldi á ári séu 12 ferðir á hvert skip, enda er talið óhyggilegt að vera lengur á veiðum í hverri ísfisk-veiðiferð en 14 daga vegna gæða fisksins. Nú fara að jafnaði 2 dagar í hverri veiðiferð til og frá fiskimiðunum, auk þess sem í hverri veiðiferð má gera ráð fyrir frátökum, sem eru veruleg, a. m. k. þá 9 mánuði ársins, sem veiðar eru stundaðar fyrir Vesturlandi, vegna hinnar umhleypingasömu og hörðu veðráttu á djúpmiðunum, þar sem aðalaflavonir eru. Af þessum ástæðum geta veiðidagarnir alls ekki orðið að jafnaði fleiri en 144 á hvert skip, þó að ekkert tillit sé tekið til frátakanna, en að vorum dómi er mjög varlegt að áætla frátökin 25—35 daga, eða veiðidagafjöldann á ári þá alls 110—120 daga.

Nú eru hins vegar horfur á því, að saltfiskveiðar togaranna aukist verulega á þessu ári, eða að hvert skip fari 2—3 veiðiferðir að meðaltali, og mundi þá í þeim tilfellum veiðidagafjöldinn aukast sem nemur siglingatímanum á milli landa með ísvarinn fisk úr 2—3 ísfiskveiðiferðum.

2. Um siglingatíma skipanna með ísvarinn fisk á milli landa hefur reynslan orðið sú, að gera má ráð fyrir að jafnaði 11—12 dögum í hverri ferð, eða alls á ári 130—144 dögum að jafnaði á hvert skip. Hér kemur svo til viðbótar dvöl skipanna í heimahöfn, einn til tveir sólarhringar í hverri ferð, þar að auki lestarhreinsun og málning þrisvar sinnum á ári, 5—7 dagar í hvert sinn, og loks er svo um að ræða þann tíma, sem fer til eftirlits á vélum, spilum og öðrum útbúnaði skipanna árlega, bæði erlendis og innanlands.

3. Því, hvaða áhrif lenging hvíldartímans mundi hafa á tekjur sjómanna, er ekki hægt að svara. Mundi það fara eftir kjarasamningum sjómanna við útgerðarmenn hverju sinni. Hitt má fullyrða, að veiðiafköst skipanna mundu minnka stórkostlega með auknum hvíldartíma, ef ekki yrði fjölgað mönnum á skipunum, og raunverulega alls ekki hægt að gera skipin út nema með mannafjölgun. Viljum vér í þessu sambandi vísa til þess, sem sagt er um þetta atriði í greinargerð fulltrúa vorra í hinni stjórnskipuðu nefnd og hvað slíkar ráðstafanir mundu kosta útgerð hvers skips árlega, ef tekjur sjómanna ættu ekkert að rýrna.

4. Skipin (nýsköpunartogararnir) eru byggð með hvílurúmum fyrir 38 menn, en þó einstaka skip með aðeins 36 hvílurúmum. Ef um 10 manna fjölgun væri að ræða, yrðu 4 hásetar að skiptast á um tvær hvílur í skipunum.

5. Þá komum vér næst að fimmtu spurningu yðar um það, hvort framkvæmanlegt væri að láta gilda sérákvæði um lengri hvíldartíma á saltfiskveiðum. Teljum vér sérstaklega nauðsynlegt að gera sem gleggsta grein fyrir vinnuskiptingu og afkastamöguleikum á þessum veiðum, ef miðað er við 38 manna áhöfn.

Þeir, sem ekki taka þátt í vinnu við vörpu- eða fiskiaðgerð, eru:

Skipstjóri, 1. stýrimaður, 1. vélstjóri, 2. vélstjóri, 3. vélstjóri, loftskeytamaður, tveir kyndarar, tveir matsveinar og tveir lifrarbræðslumenn, eða alls 12 menn, og eru þá eftir við vinnu á dekki og lest 26 menn, eða 13 menn á hverri vöku, miðað við frumvarp það, sem hér um ræðir.

Vinna þessara 13 manna á hverri vöku mundi þá skiptast þannig: tveir lestarmenn, einn uppþvottarmaður, einn lifrarmaður, tveir „hausarar“, og yrðu þá aðeins eftir 7 menn til að fletja fiskinn, sem er með öllu ófullnægjandi. Auk þess er rétt að minnast þess, að veikindi og ýmiss konar forföll frá vinnu koma eins fyrir á togurunum og annars staðar, enda hefur ætíð verið álitið, að á hverju skipi þyrftu að vera tveir aukamenn sem nokkurs konar „varalið“ vegna vanhalda.

Þá má og einnig geta þess, að með jafnfáum mönnum í vinnu á dekki sem frumvarpið mundi hafa í för með sér væri alls ekki hægt að komast yfir að blóðga fiskinn og hann þá safnast fyrir, þar til vörpunni hefði á ný verið kastað, sem hefði hinar alvarlegustu afleiðingar í för með sér um gæði fisksins.

Þessu er hins vegar þannig háttað nú, að óbreyttum gildandi vökulögum á togaraflotanum, með 8 stunda vöktum, miðað við sama mannafjölda, að á hverri vöku skiptist vinnan í aðalatriðum þannig:

Á hverjum tveim vöktum mundu vinna á dekki og í lest 17 menn og þriðju vökunni 18 menn. Verkaskipting þeirra yrði þá sem næst þessu: tveir lestarmenn, einn uppþvottarmaður, einn lifrarmaður, þrír „hausarar“ og 10 flatningsmenn, og hefur þetta skipulag ætíð þótt lágmarksnauðsyn til að tryggja sæmileg afköst á saltfiskveiðum togaraflotans.

Vér teljum því af framansögðu, að svara verði þessari spurningu yðar neitandi, og teljum, að slíkt fyrirkomulag á saltfiskveiðum mundi vera með öllu óframkvæmanlegt, miðað við þau afköst á skipunum, sem nauðsynleg eru, svo að hægt sé að gera þau út.

6. Loks er svo síðasta spurning yðar um álit vort á 10 stunda hvíldartíma í stað 12 stunda í umræddu frumvarpi.

Um þetta atriði gilda hin sömu meginrök og um 12 stunda vökurnar, og auk þess teljum vér, að með tilliti til matmálstímanna sé það óframkvæmanlegt.

Viljum vér í þessu sambandi benda á eftirfarandi dæmi:

Setjum svo, að vaktir hefjist kl. 12 á miðnætti. Yrði þá að sjálfsögðu eins og áður að hafa mat handa skipverjum, sem við vinnu eru, kl. 6 árdegis. Næsti matur yrði svo að vera til reiðu kl. 10 árdegis fyrir skipverja, er þá byrja vaktir. Síðan yrði svo aftur að vera til matur kl. 12 á hádegi eins og venjulega fyrir þá, sem við vinnuna eru. Aftur yrði svo að framreiða mat kl. 6 síðdegis eins og venjulega og einnig kl. 8 síðdegis fyrir þá skipverja, er þá mæta til vinnu á nýrri vöku. — Loks yrði svo að framreiða aðalmáltíð aftur kl. 4 árdegis, og svona mundi hringrásin ganga með máltíðirnar, tilfæranlegar á allar stundir sólarhringsins.

Vér höfum nú eftir beztu getu reynt að svara spurningum þeim, er þér beinduð til vor í bréfi yðar, en að öðru leyti leyfum vér oss að vísa til greinargerðar fulltrúa útvegsmanna í nefnd þeirri, er á sínum tíma var skipuð til að fjalla um mál þetta og um getur í upphafi þessa bréfs, og var sú greinargerð einróma samþykkt á almennum félagsfundi vorum í gær, enda skýrir hún mjög greinilega afstöðu útvegsmanna til umræddrs frumvarps.

Virðingarfyllst,

Í stjórn Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda

Ásgeir G. Stefánsson. Loftur Bjarnason. Þórður Ólafsson.
Sk. Thorarensen. Ólafur Tr. Einarsson.

J. V. Hafstein.

Nd. 626. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið umsögn vitamálastjóra um það. Telur nefndin, að hér sé um nauðsynlegar lendingarbætur að ræða fyrir stað þann, er frv. nær til, og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1950.

Finnur Jónsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Áki Jakobsson. Pétur Ottesen.

Nd. 627. Breytingartillaga [49. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 7. gr. Í stað 2. og 3. tölul. komi:

1. (2. tölul.) Þann 14. maí 1951 falla úr gildi:
   a. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði.
   b. Ákvæði laganna um leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í.
2. (3. tölul.) Önnur ákvæði laganna falla úr gildi 14. maí 1952.

Bæjar- og sveitarstjórnum er heimilt að ákveða, að þau ákvæði laganna, sem greinir í 2. tölul. b. og 3. tölulið, skuli gilda áfram fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

Nd. 628. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Útgerðarmenn og hlutarsjómenn í Bolungavík höfðu einir landsmanna komið á fót hjá sér hlutatryggingasjóði á árinu 1939, en þegar lögin um hlutatryggingafélög, nr. 109 30. des. 1943, voru samþykkt, féll sú stofnun undir lögin. Hafa þeir starfrækt sjóð þennan síðan og fengið greitt framlag úr ríkissjóði samkvæmt þeim reglum, er þar um gilda, og nú síðast fyrir árið 1949.

Með lögum um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, nr. 48 frá 25. maí 1949, eru fyrrnefnd lög um hlutatryggingafélög frá 1943, sem útgerðarmenn og hlutarsjómenn í Bolungavík hafa starfað eftir, úr gildi felld. En í hinum nýju hlutatryggingasjóðslögum frá 1949 er svo ákveðið, að til útborgunar úr sjóðnum komi ekki fyrr en að ári liðnu, frá því er lögin öðluðust gildi. Af þessu leiðir, að niður fellur á yfirstandandi vetrarvertíð framlag úr ríkissjóði til hlutatryggingastarfsemi hlutatryggingasjóðsins í Bolungavík, þrátt fyrir það að hlutaðeigendur hafi haldið þessari starfsemi áfram. Þetta er ekki sanngjarnt, og þarf því að brúa þetta bil með því, að þeir fái á vertíðinni framlag úr ríkissjóði á grundvelli hinna eldri laga. Leggur nefndin því til, að frv. þetta verði samþykkt með þeirri breytingu, að ákvæði þess taki eingöngu til yfirstandandi árs. — Njóta þá útgerðarmenn og hlutarsjómenn í Bolungavík, svo sem og aðrir útgerðarmenn, stuðnings hinnar nýju löggjafar á síldarvertíðinni í sumar, en með henni gengur í gildi bótastarfsemi hinna nýju laga. En þetta veitir útgerðarmönnum í Bolungavík engin aukin réttindi fram yfir aðra, þar sem hlutatryggingastarfsemi sú, er þeir nú reka, er einskorðuð við línuveiðar.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „frá 1. jan. þ. á. til ársloka 1952“ kemur: árið 1950.

Alþingi, 3. maí 1950.

Finnur Jónsson, form.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Áki Jakobsson.	

Nd. **629. Nefndarálit** [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 frá 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl. (PÞ, JR og KS) vill ekki mæla með samþykkt þess. Við teljum hins vegar, að með andstöðu gegn slíku velferðarmáli sem hér um ræðir mundu alþingismenn bregðast því hlutverki, sem þjóðin hefur kjörið þá til að rækja á vettvangi löggjafarsamkomunnar. Það er ljótur blettur á þjóðfélagi voru, að fjöldi þegna þess verður að búa við þær híbýlaaðstæður, sem beinlínis ofbjóða heilsu þeirra. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir, að þessi ljóti blettur verði ekki lengur látinn afskiptalaus af hálfu hins opinbera, heldur verði aftur upp teknar skipulegar aðgerðir til að afmá hann. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að lagakaflinn um útrýmingu heilsuspillandi íbúða taki gildi á ný. Það fer ekki fram á annað en að þjóðfélagið ræki sjálfsagða skyldu sína gagnvart fólki því, sem neyðist til að búa í saggasömum kjallaraholum, ryðbrunnum braggaræksnum og öðrum þess háttar híbýlum, sem ekkert eiga skylt við mannabústaði, hjálpi því til að komast burt úr óhollustu þeirri, sem þar ríkir, opni því leiðina inn í íbúðir, er talizt geta verðugar vistarverur fólks í menningarþjóðfélagi.

Í þessu sambandi mætti gjarnan minna á, að fyrir bæjarstjórnarkosningar á liðnum vetri mótaðist barátta flokkanna mjög af málum þeim, sem hér um ræðir, blöð þeirra allra opinberuðu mikla umhyggju fyrir því fólki, sem verður að búa í heilsuspillandi íbúðum. Aðalblað Framsóknarflokksins, Tíminn, gekk þar ekki hvað sízt skelegglega fram, birti dögum saman langar greinar og ljósmyndir með til að sýna fram á hin bágu kjör þessa fólks: allt þetta ástand væri slíkt reginhneyksli, að hið opinbera mætti fyrir alla muni ekki láta það viðgangast lengur; útrýming hinna heilsuspillandi íbúða væri réttlætismál, er krefðist tafarlausrar afgreiðslu. Nú er tækifærið til að staðfesta í verki þann umbótahug, sem þarna var svo rækilega opinberaður á prenti.

Einnig mætti minna á, að svo lítur út sem samþykkt muni verða á Alþingi frumvarp, er hlýtur að hafa hin alvarlegustu áhrif á kjör allra þeirra, sem óþyrmilegast verða fyrir barðinu á glundroða og öryggisleysi húsnæðismálanna, frumvarpið um breytingu á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu. Er ekki annað sýnilegt en meiri hl. Alþingis þykist í þessum efnum geta látið sér í léttu rúmi liggja hörð mótmæli frá ýmsum þeim aðilum, er gleggst mega vita aðstæður allar, þar á meðal stjórn Leigjendafélags Reykjavíkur. Eigi nú svo að fara, að á sama tíma og meiri hl. Alþ. skipi sér til fylgis við þetta síðarnefnda frv., beiti hann sér gegn því frv., sem nál. þetta fjallar um, þá má trúlegt teljast, að húsnæðisleysingjum ýmsum og íbúum heilsuspillandi íbúða finnist, að furðu lítil ending sé í samúð þeirri, sem þeim er svo innilega vottuð í dálkum dagblaðanna á undan kosningum.

Að endingu skal svo vakin athygli á því, sem í rauninni ætti eitt út af fyrir sig að vera fullnægjandi rökstuðningur fyrir nauðsyn þess, að frumvarp það, sem hér um ræðir, nái fram að ganga: Íbúar hinna heilsuspillandi íbúða eru að stórum hluta börn. — Þess hefur orðið vart, að andstæðingar frumvarpsins þykjast helzt geta réttlætt afstöðu sína með því, að efnahagsgeta þjóðfélagsins hrökkvi hvergi til þeirra framkvæmda, sem það gerir ráð fyrir, þjóðfélagið hafi bókstaflega ekki ráð á að útrýma heilsuspillandi íbúðum. — Slíkar röksemdir verða að teljast ósamboðnar Alþingi Íslendinga, því að umhyggjan fyrir heilsu og velferð barnanna er það seinasta, sem nokkurt þjóðfélag getur leyft sér að hafa ekki ráð á.

Þess vegna mælum við með því, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 3. maí 1950.

Gylfi Þ. Gíslason, form. Jónas Árnason, frsm.

Sþ. 630. Breytingartillögur [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

1. Við 13. gr. B. II. (Flóabátaferðir).
   Fyrir „500 000“ kemur 958 000
2. Við 22. gr. V. Nýr liður:
   Að greiða Skafta Stefánssyni, Siglufirði, 12 þús. kr. vegna rekstrarhalla á Skagafjarðarbát sumarið 1947.

Nd. 631. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fallizt á að mæla með því með nokkurri breytingu þó. Einn nefndarmaður (ÁS) hefur þó um það óbundið atkvæði.

Þess skal getið, að nefndinni bárust beiðnir frá ýmsum bændum um að taka upp í frv. söluheimild allmargra jarða í viðbót, sem nokkuð er svipað ástatt um, með gildandi fasteignamatsverði. Nefndin sá sér ekki fært að verða við þessu. Þó að flestir nefndarmenn séu því í sjálfu sér meðmæltir, að jarðir í opinberri eigu séu seldar ábúendum og gerðar óðalseign, telur hún ekki rétt að selja jarðir nú með þeim skilyrðum, sem um það gilda, þ. e. með fasteignamatsverði, sökum hins gífurlega ósamræmis, sem nú er orðið á milli fasteignamats í landinu almennt og raunverulegs verðlags og söluverðs annars vegar, vegna hinnar stórkostlegu breytingar, sem orðið hefur á peningagildum síðan fasteignamat fór síðast fram. Telur nefndin, að óhjákvæmilegt sé að samræma fasteignamatið við almennt verðlag í landinu á þessu eða næsta ári — og því óráðlegt að selja eignir ríkisins með fasteignamatsverði á meðan millibilsástand þetta varir. Þess vegna kom til mála í n. að vísa öllum þessum málum frá þinginu að sinni. Hitt varð þó ofan á, að mæla með sölu þeirra jarða, er efri deild hefur þegar samþykkt, en því aðeins, að þær yrðu allar seldar eftir matsverði dómkvaddra manna, eins og tilskilið er í frv. um tvær þeirra, og er þá gengið út frá, að mat þetta byggist á raunverulegu verðgildi þeirra til búrekstrar eftir núverandi verðlagi í landinu, á sama hátt og gert var við síðasta fasteignamat, miðað við þáverandi verðgildi og aðstæður.

Meiri hl. landbúnaðarn. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Upphaf síðustu málsgreinar hljóði svo:
Söluverð jarðanna skal — o. s. frv.

Alþingi, 29. apríl 1950.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. — Jón Pálmason, fundaskr. — Jón Sigurðsson, með fyrirvara.

Ásgeir Bjarnason. — Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 632. Breytingartillögur [38. mál.]

við brtt. á þskj. 611 [Fjárlög].

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 27,3. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
   Fyrir „Hvalfjarðarferjuvegur“ kemur: Hvalfjarðarvegur. (Leiðrétting.)
2. Við 36,a 30. (Við 13. gr. C. VIII. — Vopnafjörður).
   Liðurinn fellur niður.
3. Við 36,b. (Við 13. gr. C. VIII. — Lendingarbætur).
   a. Við 19. (Hólmavík). Fyrir „50 000“ kemur 40 000
   b. Við 24. Nýir liðir:
      1. Salthólmavík 10 000
      2. Selsvör 10 000
   c. Við 30. Nýr liður:
      Vopnafjörður 70 000
4. Við 49,a. (Við 15. gr. A. XV. 9. — Guðrún Á. Símonar).
   Orðið „lokagreiðsla“ fellur niður.
5. Við 59,a. (Við 16. gr. A. 19. b. — Bætur vegna fjárskipta).
   Liðurinn fellur niður.
6. Við 75,b. (Við 18. gr. II. a.).
   a. Við 1. Nýr liður:
      Árni S. Bjarnason, fyrrv. húsvörður Alþingis 3 600
   b. Við 13. Fyrir „Sigmundur“ kemur: Sigurmundur.

Sþ. 633. Breytingartillögur [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 og við brtt. á þskj. 611.

I. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
   1. Við brtt. 611,24. (Við 12. gr. IX. — Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
      Fyrir „350 000“ kemur 500 000
   2. Við brtt. 611,27. 69. (Við 13. gr. A. II. a. — Öxnadalsheiðarvegur).
      Fyrir „200 000“ kemur 500 000

II. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*
   Við brtt. 611,36. a. 11. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarfjörður).
   Fyrir „200 000“ kemur 280 000

III. Frá *Jónasi Árnasyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
   Við brtt. 611,36. a. 29. (Við 13. gr. C. VIII. — Vestmannaeyjar).
   Fyrir „200 000“ kemur 280 000

IV. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
   Við 13. gr. C. IX. (Hafnarbótasjóður).
   Við liðinn bætist þessi athugasemd:
   Fjárhæðinni skal allri varið til þess að greiða hafnargerðum og lendingarbótum inneignir þeirra hjá ríkissjóði vegna unninna hafnarframkvæmda í réttu hlutfalli við inneign hverrar hafnargerðar um sig.

V. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*
Við brtt. 611,40. (Við 14. gr. B. II. — Námsstyrkir).
a. Við a. Liðurinn orðist svo:
Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum 360 000
b. Við b. 1. Liðurinn orðist svo:
Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs 1 140 000

VI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 6. (Bygging barnaskóla o. fl.).
Fyrir „2 000 000“ kemur 3 000 000

VII. Frá *Jóhanni Hafstein* og *Vilhjálmi Hjálmarssyni.*
Við 14. gr. B. XVI. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „500 000“ kemur 700 000

VIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Gunnari Thoroddsen* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XX. Nýr liður:
Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til að safna íslenzkum þjóðlögum og gefa þau út:
a. Styrkur 10 500
b. Ferðakostnaður 2 000
12 500

IX. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*
1. Við 15. gr. A. IX. Liðurinn orðist svo:
Laun til skálda, rithöfunda og listamanna 600 000
Fé þessu úthlutar nefnd, sem skipuð sé nefndarmönnum menntamálaráðs, einum manni kosnum af háskólaráði og formanni Bandalags íslenzkra listamanna. Nefndin kjósi sjálf formann.
Nefndin veiti laun til listamanna í 3 launaflokkum, og skulu einstakar fjárhæðir ákveðnar í hlutföllunum 5:3:1. Nefndin úthluti launum til einstaklinga. Listamenn, sem fé hafa fengið áður á 18. gr. fjárlaga, skulu fá ekki minna en þrefalda þá upphæð, sem þar var veitt. Afl atkvæða skal ráða úrslitum í nefndinni.
Laun þessi skulu vera skattfrjáls.
2. Við 15. gr. A. X. Nýr liður:
Til Félags ísl. myndlistarmanna, til að taka þátt í listsýningum erlendis 10 000

X. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 15. gr. A. XVIII. Nýr liður:
Til Þorfinns Kristjánssonar prentara í Kaupmannahöfn, til að greiða fyrir heimsóknum aldraðra Íslendinga í Danmörku heim til Íslands 1 500

XI. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*
Við 15. gr. A. XX. Nýr liður:
Til málfundafélagsins Magna í Hafnarfirði, til framkvæmda í Hellisgerði 10 000

XII. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 16. gr. A. 10. Nýr liður:
Fyrirhleðsla til varnar túninu á ríkisjörðinni Saurbæ í Vatnsdal 25 000

XIII. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við brtt. 611,67. (Við 17. gr. 7. a. — Samband íslenzkra berklasjúklinga, byggingarstyrkur).
Fyrir „300 000“ kemur 400 000

XIV. Frá *Rannveigu Þorsteinsdóttur* og *Kristínu Sigurðardóttur.*
Við 17. gr. 21. (Kvenréttindafélag Íslands).
Fyrir „15 000“ kemur 25 000

XV. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Magnúsi Kjartanssyni.*
Við 17. gr. 24. Nýr liður:
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946 ..... 750 000

XVI. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni* og *Sigurði Guðnasyni.*
Við 20. gr. Út. VI. 1. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Liðurinn orðist svo:
Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana (12. gr. III) 2 000 000
Þar af 1 000 000 kr. til byggingar hjúkrunarkvennaskóla.

XVII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við brtt. 611,79. (Við 20. gr. Út. VIII. — Flugvallagerðir).
Fyrir „1 000 000“ kemur 2 000 000

XVIII. Frá *Einari Olgeirssyni, Bjarna Ásgeirssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara 15 þús. kr. byggingarstyrk.

XIX. Frá *Magnúsi Kjartanssyni* og *Ásmundi Sigurðssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða Svavari Guðnasyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk.

XX. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Magnúsi Kjartanssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að taka að láni fé til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, og sé lánsupphæðin í hlutfalli við framlag ríkissjóðs samkv. lögum.

Nd. 634. Jarðræktarlög. [43. mál]

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 598.

Ed. 635. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

5. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Málum, þar sem öðrum hvorum aðila er skylt að sæta dómi utan varnarþings síns.

2. gr.

Orðin „skriflega“ í 11. og 15. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 636. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið, sent það til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands og aflað sér að öðru leyti upplýsinga um ítök, eftir því sem tími hefur verið til. Búnaðarfélag Íslands benti á, að varhugavert gæti verið að veita skilyrðislausa heimild til þess, að jarðir geti keypt til sín ítök, þar sem stundum byggðist búrekstur á einstaka jörðum að verulegu leyti á ítökum, er þær ættu í lönd annarra jarða, og gæti svo farið, að þær yrðu lítt byggilegar, ef þær misstu ítökin. Til þessa er reynt að taka tillit með breytingartillögum þeim, er nefndin leggur til, að gerðar verði á frumvarpinu, og með þeim leggur hún til, að frumvarpið verði samþykkt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja frekari breytingartillögur eða fylgja öðrum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 3. maí 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. H. Guðmundsson.

Þorst. Þorsteinsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 637. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Framan við frumvarpið komi ný grein, er verði 1. gr. og orðist svo:
   Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á land eða rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, sölvafjöru, eggjatöku eða annars utan landamerkja sinna, en innan landamerkja annarrar jarðar eða fyrir landi hennar. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „og skal þá úr þeim ágreiningi skorið samkvæmt lögum“ komi: og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt að selja það nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við matið greiðir sá aðili, er matsins óskar.

Nd. 638. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna bætist svo hljóðandi

Ákvæði um stundarsakir.

Lög nr. 109 30. des. 1943, um hlutatryggingafélög, skulu koma til framkvæmda af nýju og gilda árið 1950 um tryggingasjóð sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík, sem tók til starfa þar árið 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 639. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

2.—3. töluliður og niðurlagsmálsgr. 9. gr. laganna falli niður. — 4.—5. tölul. sömu greinar verði 2.—3. tölul.

2. gr.

2. málsl. 1. málsgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi svo hljóðandi viðbót:

Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heimilissveit hans en í atvinnusveit, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hefði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit.

Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkv. úrskurði yfirskattanefndar í umdæmi heimilissveitar, og standa atvinnusveit skil á honum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1950.

Nd. 640. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 3. maí 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Einar Olgeirsson.

Nd. 641. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt. EOl áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur.

Alþingi, 3. maí 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Einar Olgeirsson.

Nd. 642. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, og leggur meiri hlutinn til, að það verði fellt, en minni hlutinn, ég undirritaður, leggur til, að frv. verði samþykkt. Áskil mér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Höfuðákvæði þessa frv. er það að tryggja bátaútveginum 93 aura verð fyrir kg af slægðum fiski, en það verð var af hagfræðingum þeim, er undirbjuggu gengislækkunarfrv., sem nú hefur verið lögfest, talið, að bátaútvegurinn gæti fengið eftir framkvæmd gengislækkunarinnar. Framkvæmdin hefur hins vegar orðið allt önnur, því að útvegurinn fær nú aðeins 75 aura, en vátryggingarstyrkurinn fyrir útgerðina er talin nema 10 au. á kg, miðað við meðalafla, ofan á það, sem olía og veiðarfæri hafa yfirleitt hækkað um það, sem gengisfellingunni nemur, eða um ca. 75%. Ofan á þetta bætist, að mikil hætta er á því, að fiskverð verði lækkað niður úr 75 aurum, enda eru engin lagafyrirmæli til, sem banna hraðfrystihúsum og fisksölturum að lækka verðið. Það er öllum ljóst, að ókleift er að reka bátaútveginn með svo lágu verði, einkum eru það þó línubátarnir, sem sízt þola þessa verðlækkun, sem orðið hefur á fiskinum.

Auk þessa veldur afnám fiskábyrgðarinnar mjög mikilli óvissu um allan rekstur bátaútvegsins, sem mun valda rekstrarstöðvun og atvinnuleysi víða um land.

Alþingi, 4. maí 1950.

Einar Olgeirsson.

Nd. 643. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Á fundi iðnaðarnefndar 28. marz s. l. var mál þetta tekið til lokaafgreiðslu, og var öll nefndin sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt. Þrír nefndarmenn, BÁ, GTh og SÁ, lýstu þó yfir, að þeir mundu flytja breytingartillögur við frv., en tveir nefndarmenn, EmJ og SG, lýstu yfir, að þeir mundu fylgja frv. óbreyttu. Framsögum. var kosinn GTh. Nú eru liðnar rúmar 5 vikur síðan málið var afgr. þannig í n. og réttar 5 vikur síðan síðasti fundur var þar haldinn, án þess að nefndaráliti hafi verið útbýtt, svo að sýnilegt er, að málinu er stefnt í hættu um að ná ekki fram að ganga, þar sem nú líður að þinglokum.

Við undirritaðir teljum, að þetta sé illa farið, þar sem frv. þetta hafi inni að halda ýmis þarfleg ákvæði og nýmæli um öryggi á vinnustöðum, og teljum brýna þörf á að fá frv. lögfest.

Þar sem nefndarálit það, sem n. samþykkti að gefa út fyrir 5 vikum, hefur ekki komið fram og málið því ekki tekið á dagskrá í deildinni, viljum við undirritaðir ekki láta hjá líða að láta okkar álit koma fram.

Við leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1950.

Emil Jónsson. Sigurður Guðnason, frsm.

Sþ. 644. Breytingartillögur [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 og við brtt. á þskj. 611 og 633.

I. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Stefáni Stefánssyni.*
Við brtt. 611,30 e. (Við 13. gr. A. IX. — Ræktunarvegir, Hrísey).
Fyrir „4 000“ kemur 10 000

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við brtt. 611,36.b. 17. (Við 13. gr. C. VIII. — Lendingarbætur).
Nýr liður:
Hjarðardalur 30 000

III. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. A. VII. 21. Nýr liður:
Til bókasafns Flateyjarhrepps, byggingarstyrkur 12 000

IV. Frá *Gylfa Þ. Gislasyni, Kristínu Sigurðardóttur, Rannveigu Þorsteinsdóttur* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við brtt. 633,XVIII. (Við 22. gr. V.).
Liðurinn orðist svo:
Að greiða Sigurjóni Ólafssyni, myndhöggvara, og Snorra Arinbjarnarsyni, listmálara, 15 þús. kr. byggingarstyrk hvorum.

Sþ. **645. Nefndarálit** [126. mál]

um till. til þál. um að leyfa ekki útflutning veiðiskipa.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu tillögunnar. Undirritaðir telja rétt, eftir að hafa kynnt sér málið, að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar. Minni hl. (FJ og MK) vildi ekki fallast á þá afgreiðslu.

Nefndin sendi tillöguna til umsagnar ýmsum aðilum, og eru svör þau, sem nefndinni hafa borizt, birt hér með. Svar frá bæjarstjórn Ísafjarðar hefur ekki borizt.

Alþingi, 4. maí 1950.

Ingólfur Jónsson, form., frsm. Jón Gíslason, fundaskr. Stefán Stefánsson.

Skúli Guðmundsson. Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 24. marz 1950.

Til andsvars heiðruðu bréfi yðar, dags 15. þ. m., vísum vér til bréfs, dags. í gær, sem vér höfum skrifað atvinnumálaráðuneytinu og fylgir hér með í afriti.

Virðingarfyllst,

Útvegsbanki Íslands h.f.

Valtýr Blöndal. G. Halldórsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal II.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 23. marz 1950.

Vér leyfum oss hér með að tjá hinu háa ráðuneyti, að oss barst fyrir nokkru svo hljóðandi bréf, dags. 10. þ. m., frá h.f. Björgvin á Ísafirði:

„Eins og hinni háttvirtu bankastjórn er kunnugt, þá höfum við sótt um heimild til ríkisstjórnarinnar til þess að flytja búferli okkar vestur um haf til Nýfundnalands, og með því að atvinnumálaráðuneytið óskar eftir, að umsókn okkar fylgi umsögn veðhafa skipanna Gróttu, Richard, Huginn I. og Huginn II., þá leyfum við okkur hér með að beiðast þess, að hin háttvirta bankastjórn láti okkur í té umsögn á greindum búferlaflutningi sem veðhafa.

Við viljum taka fram, að umsögn hinnar háttvirtu bankastjórnar um greinda beiðni okkar getur ráðið úrslitum um, hvort okkur verður veitt heimild til búferlaflutnings eða ekki. En úr því sem komið er, er það sá eini möguleiki, sem við höfum til þess að geta greitt bankanum skuldir okkar svo og sjóveðskuldir og öðrum veðhöfum."

Þessu svöruðum vér 17. þ. m. þannig:

„Út af bréfi yðar varðandi veðskuldir yðar við bankann, sem og búferlaflutning hinna veðsettu eigna, skal tekið fram:

Veðskuldir þær, sem hér um ræðir, eru löngu gjaldfallnar, og höfum vér óskað fullnaðargreiðslu á þeim. Verði við þeirri kröfu orðið, eru oss hinar veðsettu eignir

að öðru óviðkomandi. Það er að sjálfsögðu jafnframt krafa vor, að skuldirnar séu greiddar án frekari tafar eða kostnaðar fyrir oss.

Hvað snertir heimflutning hinna veðsettu skipa frá Vesturheimi, ef til kæmi, mundum vér ekki telja oss fært sem veðhafar að greiða þann gífurlega kostnað, sem af slíku mundi leiða, bæði heimsendingunni sjálfri, greiðslu áfallins erlends kostnaðar, standsetningu og öðru, er slíku mundi fylgja.

Um aðrar hliðar þessa máls, brottflutnings skipanna úr landi, en þær, sem beint við oss snúa sem veðhöfum, skal hér ekki rætt, með því að þær heyra ekki undir vorn úrskurð, né heldur leyfi eða synjun brottflutningsins."

Í tilefni af þessu leyfum vér oss að tjá hinu háa ráðuneyti, að h.f. Björgvin og h.f. Huginn skulda:

Útvegsbankanum	um kr. 430 000.00
Fiskveiðasjóði m/vöxtum	-- — 720 000.00

Með því að veðeigandinn tjáir oss, að allar skuldir hans við oss fáist greiddar að fullu, ef beiðni hans um brottflutning skipanna er leyfð, en kostnaður við heimflutning skipanna hins vegar það mikill, að víst má telja, að kröfum vorum fáist þann veg ekki fullnægt, sjáum vér oss eigi annað fært, eins og nú er komið þessu máli, en að mæla með því, að beiðni veðeiganda verði samþykkt.

Aðrar hliðar þessa máls eru oss sem veðhöfum óviðkomandi.

Virðingarfyllst.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 23. marz 1950.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, ásamt tillögu til þingsályktunar um að leyfa ekki útflutning veiðiskipa, er hún sendir oss til umsagnar.

Varðandi þetta mál viljum vér tjá háttvirtri allsherjarnefnd, að þá er Richard Björgvinsson f. h. h.f. Björgvin og h.f. Huginn á Ísafirði með bréfi dags. 23. febr. s. l. fór þess á leit, að vér mæltum með því, að útflutningsleyfi yrði gefið fyrir skipum þeim, er um getur í tillögunni, gerði miðstjórnin á fundi sínum 27. febr. s. l. samþykkt þá, er hér fer á eftir:

„Út af framlögðu erindi Richards Björgvinssonar f. h. h.f. Björgvin og h.f. Huginn á Ísafirði um, að Alþýðusamband Íslands mæli með því, að þessum aðilum verði veitt leyfi til útflutnings á skipum þeim, er nefnd útgerðarfélög hafa farið með til Nýfundnalands, ályktar miðstjórn A. S. Í., að hún sjái sér ekki fært að verða við þessum tilmælum."

Vér viljum mega vænta, að framangreind samþykkt sé nægileg umsögn um tillöguna.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Íslands,

Jón Sigurðsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal IV.

SAMÁBYRGÐ ÍSLANDS Á FISKISKIPUM

Reykjavík, 23. marz 1950.

Með bréfi dags. 15. þ. m. óskaði háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis umsagnar Samábyrgðarinnar um till. til þál. um að leyfa ekki útflutning veiðiskipa.

Samábyrgðin sendir yður hér með afrit af bréfi, sem hún hefur sent ráðherra sjávarútvegsmála. Bréf þetta sýnir afstöðu Samábyrgðarinnar til þessa máls. Ætti skv. því að vísa þingsályktunartillögunni frá eða fella hana.

Virðingarfyllst,

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Sigurður Kristjánsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal V.

SAMÁBYRGÐ ÍSLANDS Á FISKISKIPUM

Reykjavík, 1. marz 1950.

Eins og áður er fram tekið í bréfi Samábyrgðarinnar, er iðgjaldaskuld h.f. Björgvin og h.f. Huginn samtals kr. 197 500.00 brúttó. Hve miklar endurgreiðslur verða, er ekki fullrannsakað.

Samábyrgðin telur, að skipin séu ekki í vátryggingu nú. Þessu hafa veðhafar að sönnu mótmælt. En vér teljum alveg vafalaust, að þau séu fallin úr tryggingu og að vátryggingarskuldin sé því ekki hærri en að ofan segir.

Umboðsmaður nefndra fyrirtækja hefur skýrt Samábyrgðinni svo frá, að sótt hafi verið um leyfi til að flytja skipin úr landi og muni iðgjaldaskuldin verða að fullu greidd þegar í stað, ef leyfi þetta verður veitt. Samábyrgðin mælir því fyrir sitt leyti með því, að leyft verði að flytja skipin úr landi, því ella telur hún vafalítið, að iðgjaldaskuldin tapist að mestu eða öllu leyti.

Virðingarfyllst,

Sigurður Kristjánsson. Friðrik V. Ólafsson. Gunnlaugur E. Briem.

Til ráðherra sjávarútvegsmála, Reykjavík.

Fylgiskjal VI.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 18. marz 1950.

Sem svar við tillögu til þingsályktunar um að leyfa ekki útflutning veiðiskipa, sem háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, hefur sent oss til umsagnar, leyfum vér oss að taka eftirfarandi fram: Það er gagnstætt stefnu F. F. S. Í. að selja skip úr landi, ef þau eru í fullkomlega haffæru standi og hentug til veiða eða notkunar hér við land, Í umræddu tilfelli teljum vér augljóst mál, að eigi sé hægt að leyfa sölu skipanna á þeim grundvelli, er þar getur.

Vér teljum hins vegar sjálfsagt og eðlilegt, að ríkisstjórnin takin skipin i sínar hendur og ráðstafi þeim með hag Íslendinga og þá sérstaklega Ísfirðinga fyrir aug-

um, þar eð sýnt þykir, að nú þegar hefur hlotizt það atvinnutjón á Ísafirði vegna brottflutnings skipanna, sem nauðsyn er að bæta sem fyrst.

F. h. stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,

Guðm. Jensson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 646. Breytingartillögur [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 og við brtt. á þskj. 611.

I. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 12. gr. IX. Nýr liður:
Til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði 150 000

II. Frá *Finni Jónssyni.*
Við brtt. 611,36. a. 15. (Við 13. gr. C. VIII. — Ísafjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 280 000

III. Frá *Áka Jakobssyni.*
1. Við brtt. 611,36. a. 26. (Við 13. gr. C. VIII. — Siglufjörður).
Fyrir „130 000“ kemur 250 000
Til vara 200 000
2. Við 15. gr. XV. 2. Nýr liður:
Til Tónlistarfélags Siglufjarðar 5 000
3. Við 22. gr. X. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs vegna Siglufjarðarkaupstaðar lán að upphæð allt að 500 þús. kr. til ráðstafana vegna þeirra fjárhagsörðugleika, er kaupstaðurinn á við að stríða vegna veiðibrests á undanförnum síldarvertíðum.
b. Að greiða styrk til vatnsveitunnar á Siglufirði samkv. lögum nr. 93 3. júní 1947, allt að 150 þús. kr.

Ed. 647. Breytingartillögur [46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr.
a. 1. málsl. orðist svo:
Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu samkvæmt skattaframtali fyrir árið áður en fjárskipti hefjast á þeim svæðum, sem bótaskyld eru á hverjum tíma.
b. 2. málsl. falli niður.
2. Við 4. gr.
a. Í stað orðanna „tveggja næstu ára á undan“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: þess árs, er niðurskurðurinn fer fram.

b. Aftan við 2. málsl. 1. mgr. bætist:
   1. Þó ekki yfir kr. 85.00 á bótaskylda kind.
   2. Hámark þetta skal taka til bóta á árinu 1949 og framvegis.

c. 2. málsl. 5. mgr. orðist svo: Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir, ef nauðsynlegt þykir, til þess að tryggja, að fjáreigendur fái keypt 50% af bótaskyldri lambatölu ár hvert, og heimilast í því skyni eignarnám, enda komi fullt verð fyrir.

3. Við 5. gr. Við 1. málsl. bætist: eða styrkja þá til að breyta yfir í aðra framleiðslu, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar.

4. Við 6. gr. 6. mgr. orðist svo:
   Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu sem hér segir:
   1. Á skuldum vegna vaxta og afborgana fasteignalána, er þeir aðilar skulda, sem tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum.
   2. Á öllum opinberum gjöldum til ríkissjóðs.
   3. Á skuldum við verzlanir þær, sem viðkomandi aðilar skipta við á bótatímabilinu.
   4. Á lausaskuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

Sþ. 648. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um brottnám loftskeytastanganna á Melunum í Reykjavík.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á þessu sumri flytja í burt af Melunum loftskeytastangir þær, sem þar eru nú.

Greinargerð.

Flugsamgöngur við Reykjavík, bæði frá og til útlanda og í sambandi við innanlandsflug, eru orðnar fastur liður í samgöngum landsmanna. Þegar flugveður er á annað borð, eru margar lendingar á Reykjavíkurflugvelli, bæði af hálfu farþegaflugvéla og æfingavéla. Reykjavíkurflugvöllur er miðstöð alls innanlandsflugs og þess flugs til útlanda, sem íslenzkar flugvélar annast.

Atvinnuflugmenn hafa þegar fyrir löngu bent á það með blaðagreinum og skrifum til opinberra aðila, að þeir telji alvarlega slysahættu stafa af loftskeytastöngunum á Melunum sökum þess, hve nálægt flugvellinum þær standa. Flugvallastjóri ríkisins hefur og á opinberum vettvangi kveðið mjög fast að orði um hættuna, sem flugvélunum stafar af þessum sömu orsökum. Slysahættan af loftskeytastöngum þessum og strengjunum milli þeirra er mjög mikil fyrir flugvélar þær, sem hafa bækistöð á Reykjavíkurflugvelli eða viðkomu þar.

Einkum er þessi hætta fyrir hendi, þegar flugvélar leita lendingar á vellinum í slæmu skyggni og e. t. v. náttmyrkri að auki. Má nærri geta, að lítið ber á hinum lélegu ljósmerkjum á þessum stöngum úr lofti séð, þegar illt er skyggni á annað borð.

Enginn þeirra, er ég hef átt tal við, veit til þess, að í öðrum löndum séu háar loftskeytastangir hafðar svo nærri flugvöllum eins og á sér stað hér í Reykjavík.

Mun óhætt að fullyrða, að engin þjóð leyfi sér að búa svo gálauslega að öryggi flugsamgangna hvað þetta snertir eins og við Íslendingar.

Loftskeytastöðin á Melunum var reist fyrir mörgum árum og hefur því gegnt merkilegu hlutverki um langan tíma, þar á meðal í þjónustu slysavarnanna. Nú er svo komið vegna aukinnar tækni og starfrækslu loftskeytastöðvarinnar á Rjúpna-

hæð, að full ástæða er til að vænta þess, ef rétt er á haldið, að sú þjónusta, sem farið hefur fram hingað til í loftskeytastöðinni á Melunum, geti fram farið frá öðrum stöðum.

Hinn 16. jan. þ. á., þ. e. í tíð fyrrv. stjórnar, ritaði þáverandi ráðherra, er með flugmálin fór, fjárveitinganefnd bréf um nauðsyn þess, að nefndin sæi fyrir einhverju fé til að koma hér breytingu á.

Nefndin vildi leiða málið hjá sér og svaraði tilmælum ráðherra þann veg. Málið var samt til framhaldandi athugunar í ráðuneytinu, og þann 7. febr. var að tilhlutun ráðherra, ásamt þáverandi ráðherra fyrir póst- og símamál, efnt til sameiginlegs fundar með aðalmönnum flugmálastjórnar og símamálastjórnar. Varð að samkomulagi, að nefnd sérfræðinga frá báðum þessum stofnunum tæki til athugunar, hvað hér mætti gera til úrbóta. Um slysahættuna af stöngunum á þessum stað fyrir flugsamgöngur var lítill eða enginn ágreiningur.

Álitsgerð þessara aðila liggur fyrir. Sést af henni, að þeir álíta brottflutning loftskeytastanganna og sendistöðvar á öðrum stað beztu úrlausnina. Þann 27. febr. ritaði flugmálaráðherra að nýju til fjárveitinganefndar um mál þetta og fór fram á, að 200—250 þús. kr. væru teknar upp í fjárl. 1950 sem fyrsta framlag af 3—4 til þess að koma skrið á þetta mál, og var þá út frá því gengið, að strax yrði byrjað á að nema burt loftskeytastangirnar.

Til þess að sýna fram á mikilvægi málsins má geta þess, að samkv. upplýsingum flugfélaganna hafa á síðastliðnu ári verið fluttir um Reykjavíkurflugvöll 47 680 farþegar.

Fjárveitinganefnd hefur nú lokið störfum, og verður ekki séð, að hún hafi tekið til greina ábendingar fyrrv. flugmálaráðherra að einu eða neinu leyti. En þetta breytir ekki þeirri staðreynd, að stórhætta stafar af því ástandi, sem við það hefur skapazt fyrir flugumferðina, að haldið er áfram að hafa stangir þessar á Melunum, og er óverjandi af þeim, er hlut eiga að máli, að loka augum fyrir þeirri slysahættu, sem hér vofir yfir, og fyrir því er þáltill. þessi flutt.

Nd. 649. Breytingartillögur [63. mál]

við brtt. á þskj. 344 (Fjárhagsráð).

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 3., c-lið (14. gr.). Á eftir málsgreininni komi svo hljóðandi málsliður: Samkvæmt sömu reglu skal úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir smávörum (er teljast með vefnaðarvöruflokknum), gúmmískófatnaði, búsáhöldum, leir-, gler- og postulínsvörum og hreinlætisvörum, til þeirra verzlana, sem verzla með þessar vörur jafnhliða nýlenduvörunum, en samkvæmt ákvörðunum fjárhagsráðs til annarra.
2. Við 3. d-lið (15. gr.). Aftan við liðinn bætist:
   Skal þessum stofnleyfum skipt þannig milli þeirra verzlana, sem verzla beint við neytendur, að samvinnufélög landsins fái 50% og önnur verzlunarfyrirtæki 50% af heildarfjárhæðinni, og séu stofnleyfin veitt öllum verzlunum á sama tíma.

Nd. **650. Breytingartillögur** [63. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

11. grein laganna orðist svo:

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir kornvörum, kaffi og sykri skulu veitt eftir óskum innflytjenda, ef þeir hafa tryggt sér gjaldeyri til greiðslu á vörunum. Að öðru leyti skulu leyfi fyrir þessum vörum miðuð við það, að jafnan sé nóg af þeim á öllum verzlunarstöðum á landinu til þess að fullnægja þörfinni fyrir þær, eða til þess að allir neytendur geti fengið það magn af þessum vörum, sem skömmtunarseðlar gilda fyrir, ef eitthvað af vörunum er skammtað.

Þegar fjárhagsráð hefur ákveðið, fyrir hvaða fjárhæð skuli flytja inn af hverri vörutegund, skal það leita eftir verðtilboðum innflytjenda, og skal láta þann aðila sitja fyrir innflutningsleyfum, sem býður hagkvæmast verð.

Eftir að lög þessi taka gildi, skulu gefnir út skömmtunarseðlar fyrir þeim vörum, sem skammtaðar eru, og skal samanlagt verðmæti þeirra vera í samræmi við innflutningsmagnið. Eldri skömmtunarseðlar gilda ekki fyrir vörum, sem fluttar eru til landsins eftir þessum lögum.

Innflytjanda skömmtunarvara skal skylt að afgreiða til smásöluverzlana í réttu hlutfalli við innlagða skömmtunarseðla.

Innflytjanda skal skylt að hafa afgreiðslu til smásöluverzlana á eftirtöldum vörum eins og hér greinir:

1. Smávörum, óskömmtuðum skófatnaði, búsáhöldum, leir-, gler- og postulínsvörum og hreinlætisvörum í réttu hlutfalli við innlagða skömmtunarseðla fyrir vefnaðarvöru og skömmtuðum skófatnaði, nema sérverzlunum, til þeirra skal afgreiða með hliðsjón af meðalumsetningu síðustu þriggja ára.
2. Þurrkuðum og niðursoðnum ávöxtum, kryddvörum alls konar og nýlenduvörum, sem ekki eru taldar í 1. málsgr. þessarar greinar, skal skipt milli smásöluverzlana í hlutfalli við skilaða skömmtunarseðla fyrir neyzlusykri árið á undan.
3. Varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmí skal skipt milli viðgerðarverkstæða í réttu hlutfalli við stærð og afkastagetu verkstæðanna.

   Skömmtunarskrifstofa ríkisins skal semja skýrslu um smásöluverzlun, sem innflytjendur geta byggt á við afgreiðslu varanna.
4. Byggingarefni hvers konar skal innflytjandi afgreiða til smásala í réttu hlutfalli við byggingarframkvæmdir samkvæmt fjárfestingarleyfum. Fjárhagsráð skal miða fjárfestingarleyfin við það efnismagn, sem flutt er til landsins, þannig að tryggt megi teljast, að þeir, sem fjárfestingarleyfi hafa fengið, fái nægilegt efni til framkvæmdanna. Byggingarefni, sem ætlað er til viðhalds mannvirkja og framkvæmda, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi fyrir, skal úthluta til verzlana eftir skýrslum byggingarfulltrúa í bæjum og hreppstjóra eða oddvita í þeim hreppum, sem framkvæmdirnar gerast í.

   Um innflutning á öðrum vörum en þeim, sem nefndar eru í þessari grein, fer eftir ákvörðunum fjárhagsráðs, nema fyrirmæli um það efni séu sett með öðrum lögum eða ályktunum frá Alþingi.

Sþ. 651. Nefndarálit [126. mál]

um till. til þál. um að leyfa ekki útflutning veiðiskipa.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Tillögu þessari var vísað til nefndarinnar hinn 13. marz þ. á. Var hún tekin til umræðu í nefndinni hinn 14. s. m. og ákveðið að senda hana þessum aðilum til umsagnar: Samábyrgð Íslands, fiskveiðasjóði, Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandinu og bæjarstjórn Ísafjarðar. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Útvegsbanka Íslands. Tveir hinir fyrrnefndu aðilar mæltu gegn því, að útflutningur skipanna yrði leyfður, en tveir hinir síðarnefndu mæltu með útflutningi, svo þeir gætu fengið sína peninga, en Útvegsbankinn tekur fram sérstaklega, að hann telji sér „aðrar hliðar málsins óviðkomandi".

Aðalbjörg Jakobsdóttir	815.00		
Aðalbjörg Sigurðardóttir	1950.00		
Agnethe Kamban	1200.00		
Ágústa Þ. Ólafsdóttir	490.00		
Álfheiður Kjartansdóttir	4800.00		
Anína Arinbjarnardóttir	490.00		
Anna Ásmundsdóttir	1000.00		
Anna Bjarnadóttir	490.00		
Anna Kl. Jónsson	730.00		
Anna Pálsdóttir	1200.00		
Anna Sigurðardóttir	2380.00		
Anna Stefánsdóttir	975.00		
Anna Þorgrímsdóttir	975.00		
Anna Þorkelsdóttir	720.00		
Arndís Sigurðardóttir	490.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	490.00		
Áslaug Thorlacius	1500.00		
Ásta Einarson	975.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	490.00		
Ástríður Magnúsdóttir	325.00		
Ástríður Petersen	975.00		
Auður Gísladóttir	831.25		
Auður Jónasdóttir	3000.00		
Bentína Hallgrímsson	2707.50		
Bergljót Blöndal	1140.00		
Björg Guðmundsdóttir	650.00		
Björg Jónasdóttir	1140.00		
Camilla Hallgrímsson	747.50		
Dorothea Guðmundsson	1140.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Eleanor Sveinbjörnsson	1950.00		
Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir	1023.75		
Elínborg Vigfúsdóttir	650.00		
Elísabet Jónsdóttir	490.00		
Elísabet Sigurðardóttir	587.50		
Ellen Einarsson	6570.00		
Ellen Sveinsson	1622.50		
Emilía P. Briem	3000.00		
Ethel Arnórsson	1500.00		
Fríða Hlíðdal	5550.00		
Geirlaug Stefánsdóttir	815.00		
Guðbjörg Hermannsdóttir	945.00		
Guðbjörg Kristjánsdóttir	1950.00		
Guðbjörg Ólafsdóttir	490.00		
Guðbjörg Tómasdóttir	975.00		
Guðfinna Þórðardóttir	487.50		
Guðlaug Magnúsdóttir	3245.00		
Guðný Þorsteinsdóttir	930.00		
Guðríður Eiríksdóttir	815.00		
Guðríður Helgadóttir	1110.00		
Guðríður Ólafsdóttir	915.00		
Guðrún Arinbjarnar	1500.00		
Guðrún Egilson	3245.00		
Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	1625.00		
Guðrún Hermannsdóttir	650.00		
Guðrún Jónsdóttir	1950.00		
Guðrún P. Jónsdóttir	1950.00		
Guðrún Oddsdóttir	1625.00		
Guðrún Ragúels	490.00		
Guðrún Sveinsdóttir	3126.24		
Guðrún Torfadóttir	1140.00		
Halldóra Ólafsdóttir	3000.00		
Halldóra Þórðardóttir	975.00		
Harriet Jónsson	730.00		
Hedvig Blöndal	490.00		
Helga Finnsdóttir	1950.00		
Helga Jónsdóttir	1140.00		
Helga Skúladóttir	1020.00		
Helga I. Stefánsdóttir	490.00		
Helga Stephensen	500.00		
Hildur Björnsdóttir	1282.00		
Hlín Johnson	2925.00		
Hrefna Ingimarsdóttir	1200.00		
Hrefna Jóhannesdóttir	975.00		
Ingibjörg Jakobsdóttir	600.00		
Ingibjörg Jónasdóttir	1140.00		
Ingibjörg Magnúsdóttir	1140.00		
Ingileif Aðils	650.00		
Ingveldur Einarsdóttir	1140.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	487.50		
Jóhanna Gunnarsdóttir	1100.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Jóhanna Magnúsdóttir	1140.00		
Jóhanna Thorlacius	490.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	1400.00		
Jóney Guðmundsdóttir	975.00		
Júlíana Jónsdóttir	815.00		
Katrín Sveinsdóttir	650.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	975.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	487.50		
Kristín Pálsdóttir	815.00		
Kristín Thorberg	600.00		
Kristín Thoroddsen	600.00		
Kristín Þórarinsdóttir	975.00		
Kristjana Benediktsdóttir	650.00		
Kristólína Kragh	650.00		
Lára Bjarnadóttir	650.00		
Laufey Vilhjálmsdóttir	3870.00		
Líney Sigurjónsdóttir	1465.00		
Lovisa Sveinbjörnsson	5000.00		
Lydia Lúðvíksdóttir	947.50		
Magdalena Ásgeirsdóttir	200.00		
Magnea Ásgeirsson	325.00		
Margrét Árnadóttir	975.00		
Margrét Ásmundsdóttir	650.00		
Margrét Jónasdóttir	1140.00		
Margrét Jónsdóttir	490.00		
Margrét Lárusdóttir	1500.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	650.00		
Margrét Vigfúsdóttir	490.00		
Margrét Þórðardóttir	975.00		
Margrethe Kaldalóns	4565.00		
María Guðlaugsson	1200.00		
María J. Klemenz	490.00		
Marta Þórarinsdóttir	815.00		
Nielsína Ólafsdóttir	975.00		
Ólafía Finnbogadóttir	325.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	1140.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	1625.00		
Ólöf Steingrímsdóttir	815.00		
Petrea Jónsdóttir	490.00		
Ragnheiður Bjarnadóttir	1625.00		
Ragnheiður Jónasdóttir	3000.00		
Ragnheiður Jónasson	1300.00		
Ragnheiður Straumfjörð	490.00		
Ragnheiður Torfadóttir	650.00		
Rannveig Tómasdóttir	975.00		
Rigmor Ófeigsson	1300.00		
Rósa Jónsdóttir	325.00		
Sesselja Eiríksdóttir	490.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	1300.00		
Sigríður Finnbogadóttir	1300.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Sigríður Fjeldsted	975.00		
Sigríður Gísladóttir	490.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	490.00		
Sigríður Hansdóttir	1275.00		
Sigríður H. Jensson	1300.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	2450.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	815.00		
Sigríður Kjartansdóttir	1950.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	815.00		
Sigríður Snæbjörnssen	1140.00		
Sigríður Steingrímsdóttir	325.00		
Sigrún Bjarnason	975.00		
Sigrún Kjartansdóttir	1140.00		
Sigurbjörg Bogadóttir	1140.00		
Sigurbjörg Guðmundsdóttir	325.00		
Sigurlaug G. Gröndal	650.00		
Soffía Hjaltested	975.00		
Sólveig Árnadóttir	490.00		
Sólveig Eggerz	4132.50		
Stefanía Hjaltested	815.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	863.75		
Steinunn Jóhannesdóttir	975.00		
Steinunn Oddsdóttir	815.00		
Steinunn E. Stephensen	975.00		
Súsanna Friðriksdóttir	815.00		
Theódóra Thoroddsen	1950.00		
Unnur Skúladóttir	1625.00		
Valborg Einarsson	1625.00		
Valgerður Benediktsson	3870.00		
Valgerður Sveinsdóttir	1140.00		
Vigdís G. Blöndal	815.00		
Viktoría Bjarnadóttir	245.00		
Vilborg Torfadóttir	490.00		
Þóra Gísladóttir	1465.00		
Þóra Sigurðardóttir	490.00		
Þóra Skaptason	490.00		
Þorbjörg Pálsdóttir	650.00		
Þórdís Claessen	4321.33		
Þórdís Ívarsdóttir	325.00		
Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	975.00		
Þórunn Hafstein	650.00		
Þórunn Pálsdóttir	1625.00		
Þórunn Sigurðardóttir	490.00		
Þórunn Þórðardóttir	300.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	600.00		
Þuríður Benediktsdóttir	1630.00		
	219300.00		
Verðlagsuppbót	438600.00		
		657 900	

18. gr.

		kr.	kr.
c. Barnastyrkir:			
1. Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1/7 1924, sjúklingur	490.00		
2. Barn Snorra sál. Halldórssonar, héraðslæknis, Egill Snorrason, f. 26/3 1936	490.00		
3. Barn Guðna sál. Hjörleifssonar, héraðslæknis, Guðni Ólafur Guðnason, f. 26/2 1936	490.00		
4. Barn séra Þorsteins sál. Kristjánssonar, Helgi Þorsteinsson, f. 13/8 1936	490.00		
5. Barn séra Jóns sál. Jakobssonar: Jakob Jónsson, f. 29/12 1936	490.00		
6. Börn Bergsveins sál. Haraldssonar kennara:			
a. Auður Bergsveinsdóttir, f. 24/8 1936	490.00		
b. Bergljót Bergsveinsdóttir, f. 5/1 1942	490.00		
7. Börn séra Sigurðar sál. Gíslasonar:			
a. Jónas Sigurðsson, f. 22/5 1935	490.00		
b. Gunnar Sigurðsson, f. 25/1 1939	490.00		
	4410.00		
Verðlagsuppbót	8820.00		
		13 230	
			1 751 865
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8 gr. l. 102/1943 (áætlað)			3 750 000
IV. Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglug. 155/1944, sbr. reglug. 87/1945 og 4. gr. reglug. 88/1945 (áætlað)			300 000
V. Verðlagsuppbót og aukauppbót á lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði embættismanna og lífeyrissjóði barnakennara (áætlað)			200 000
Samtals		. . .	6 509 526

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana		33 500 000
2. Til greiðslu verðuppbóta á gærur frá 1943 (fyrri greiðsla)		225 000
3. Til óvissra útgjalda		500 000
Samtals ...	. . .	34 225 000

III. KAFLI
Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	900 000	
2. — 11. — A.	15 000	
3. — 12. —	90 000	
4. — 13. — B.	300 000	
5. — 13. — C.	300 000	
6. — 13. — D.	300 000	
7. — 15. — B.	50 000	
8. — 16. — A.	65 000	
9. — 16. — D.	330 000	
		2 350 000
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
Samtals ...	. . .	2 510 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán 17285506		
b. Lán í dönskum krónum 692000		
	17 977 506	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Landssíminn (3. gr. A. 2)	750 000	
		18 727 506
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað)		4 000 000
III. Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2)		2 750 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins (3. gr. B.)		200 000
V. Til byggingar varðskipa		2 200 000
VI. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana (12. gr. IV.)	1 000 000	
2. Til byggingar fávitahælis (12. gr. IV.)	500 000	
		1 500 000

20. gr.

		kr.	kr.
VII.	1. Til byggingar nýrra vita (13. gr. C.)	700 000	
	2. Til byggingar vitavarðarbústaða	250 000	
			950 000
VIII.	Til flugvallagerða og lendingarbóta fyrir flugvélar (13. gr. D.)		2 500 000
IX.	1. Til lúkningar bygginga á tilraunastöðinni á Keldum, 2. greiðsla af 3 (14. gr. B. I.)	200 000	
	2. Til byggingar heimavistarskólahúss við Menntaskólann á Akureyri (14. gr. B. V.)	400 000	
	3. Til byggingar sjómannaskólahússins (14. gr. B. IX.)	500 000	
	4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum (14. gr. B. X.)	50 000	
	5. Stofnkostnaður vegna rafveitu á Hvanneyri (14. gr. B. X.)	100 000	
	6. Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölfusi (14. gr. B. X.)	50 000	
			1 300 000
X.	Til byggingar þjóðminjasafns		500 000
XI.	Til bygginga á tilraunabúinu á Reykhólum (16. gr. A. 8.)		100 000
XII.	Til bygginga á prestssetrum		500 000
XIII.	Til útihúsa á prestssetrum		200 000
XIV.	Til byggingar farþegaskýlis vegna tolleftirlits		90 000
XV.	Til byggingar sýslumannabústaða		500 000
	Samtals ...	. . .	36 017 506

21. g

I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		191 900 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		67 110 382
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 813 537
5. gr.	Óvissar tekjur		1 500 000
	Samtals ...	. . .	262 333 919

II. Sjóðs

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	262 333 919
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	2 350 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Greiðslujöfnuður ...	13 703 380
	Samtals ...	278 547 299

firlit.

firlit. 21. gr.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		10 169 070
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		414 357
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		2 315 576
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		6 233 206
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	13 188 885	
— B.	Opinbert eftirlit	943 480	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	5 686 612	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	1 350 000	21 168 977
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		15 791 162
13. gr. A.	Vegamál	26 527 500	
— B.	Samgöngur á sjó	3 658 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	7 635 000	
— D.	Flugmál	2 238 698	40 059 198
14. gr. A.	Kirkjumál	3 374 850	
— B.	Kennslumál	32 693 689	36 068 539
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 658 225	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	3 838 347	6 496 572
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	23 605 630	
— B.	Sjávarútvegsmál	6 576 450	
— C.	Iðnaðarmál	811 220	
— D.	Raforkumál	4 600 000	35 593 300
17. gr.	Til félagsmála		27 485 310
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		6 509 526
19. gr.	Óviss útgjöld		34 225 000
	Rekstrarafgangur		19 804 126
	Samtals ...	. . .	262 333 919

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	242 529 793
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	36 017 506
	Samtals ...	278 547 299

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
III. Að greiða Jóni Guðmundssyni skrifstofustjóra biðlaun árið 1950.
IV. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1947 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
V. Að greiða skipasmíðastöðvum þeim, sem hafa smíðað báta fyrir ríkissjóð, uppbætur vegna taps á smíðinni, er nemi allt að 25 þús. kr. á minni tegund bátanna, en allt að 30 þús. kr. á þá stærri.
VI. Að greiða Skafta Stefánssyni, Siglufirði, 12 þús. kr. vegna rekstrarhalla á Skagafjarðarbát sumarið 1947.
VII. Að lána eða ábyrgjast lán fyrir allt að 3 milljónum króna til að fullgera hraðfrystihús, sem hefur verið ætlað stofnlán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, en ekki hafa fengið þessi lán vegna fjárskorts stofnlánadeildarinnar.
VIII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af húsbúnaði og áhöldum handa barnaheimili Rauðakross Íslands í Laugarási.
IX. Að afskrifa skuld Rauðakross Íslands vegna kaupa á skálum af sölunefnd setuliðseigna kr. 111 500.00.
X. Að taka lán til framkvæmdar lögum um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra (fjárskipti), allt að 6 millj. kr.
XI. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1949 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 655. Frumvarp til laga [129. mál]

um rétt manna til kaupa á ítökum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á land eða rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, sölvafjöru, eggjatöku eða annars utan landamerkja sinna, en innan landamerkja annarrar jarðar eða fyrir landi hennar. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, auglýsa þrívegis í Lögbirtingablaðinu fyrirmæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 2. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratugina og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 2. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður.

5. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 2. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina, og fer um kaupverðið eftir því, sem um semst, en verði ágreiningur um það, skal það ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Skjóta má úrskurði matsmanna til yfirmats, og skal það framkvæmt af þrem dómkvöddum mönnum og er bindandi bæði fyrir kaupanda og seljanda.

6. gr.

Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt að selja það nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við matið greiðir sá aðili, er matsins óskar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 656. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Meðan innflutningur og gjaldeyrisleyfi er háð ákvörðun ríkisvaldsins, skal úthlutunarnefnd jeppabifreiða, sem um ræðir í 2. gr., einnig úthluta til bænda þeim heimilisdráttarvélum, sem til landsins eru fluttar.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma 7 nýjar greinar (verða 13.—19. gr.), svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (13. gr.) Stjórnir hreppabúnaðarfélaga skulu í októbermánuði ár hvert gera skrá yfir þær heimilisdráttarvélar, sem eru í eigu manna á félagssvæðinu. Skal þar tilgreina tölu, tegund og eigendur þessara véla.

Enn fremur skal skrásetja þær jeppabifreiðar, sem jafnframt eru notaðar sem heimilisdráttarvélar. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu láta úthlutunarnefnd í té skýrslu um nöfn eigenda þeirra jeppabifreiða, sem fengið hafa undanþágu frá greiðslu á bifreiðaskatti samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949.

Skýrslur þessar skulu komnar til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert.

b (14. gr.). Þegar fjárhagsráð hefur ákveðið tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem til landsins verða fluttar á því ári, skal það tilkynna úthlutunarnefnd þá ákvörðun. Úthlutunarnefnd skiptir síðan þessum dráttarvélum milli búnaðarfélaga.

Við skiptin skal nefndin hafa hliðsjón af þeim skýrslum, er fyrir liggja. Hún skal taka tillit til þess, hve margar dráttarvélar og jeppar, sem notaðir eru til landbúnaðarstarfa, eru á félagssvæðinu.

c. (15. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til aðila, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.

Dráttarvélum má ekki úthluta til annarra en þeirra, sem landbúnað stunda.

d. (16. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

e. (17. gr.) Að skiptum loknum tilkynnir nefndin formönnum búnaðarfélaga tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem væntanlega koma til úthlutunar á félagssvæðinu á því ári. Stjórnir hreppabúnaðarfélaga taka á móti umsóknum bænda um heimilisdráttarvélar, hver af sínu félagssvæði, og fer með þær eins og fyrir er mælt í 5. gr., eftir því sem við á.

f. (18. gr.) Þegar úthlutunarnefnd hafa borizt tillögur frá stjórnum hreppabúnaðarfélaganna og hefur athugað þær ásamt upplýsingum, er fyrir liggja og að þessu lúta, úthlutar hún dráttarvélunum og tilkynnir það hlutaðeigandi umsækjendum.

g. (19. gr.) Sá, sem tilkynningu fær um úthlutun dráttarvélar, skal afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvélategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og skal eiga rétt á gjaldeyrisleyfi samkvæmt því. Enn fremur skulu gjaldeyrisyfirvöldin kosta kapps um að veita innflytjendum gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegum verkfærum og varahlutum tilheyrandi dráttarvélunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lögin gefin út samkvæmt því í einu lagi.

4. gr.

Fyrirsögn laganna orðist svo:

Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Nd. 657. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Við 1. gr. Orðin „systkini sín“ falli niður.
2. Við 3. gr. 1. mgr.:
   a. Í stað „þriggja“ í upphafi gr. komi: fimm
   b. Á eftir orðunum „Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur“ komi: og tveir kosnir af bæjarstjórn Reykjavíkur.
   c. Í stað „þriðja“ komi: fimmta.
   d. Í stað „þrír“ komi: fimm.
3. Við 7. gr. 2. tölul. falli niður.

Ed. 658. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig, systkini sín eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn, enda hafi hann eignazt hús það, sem íbúðin er í, fyrir 1. jan. 1946. Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd þó leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði sínu eftir 1. jan. 1946, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, verði honum talin þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist:

Þegar leigusali leigir íbúð öðrum en skyldmennum sínum, sbr. 1. gr., skal hann leitast við að leigja hana fjölskyldu, er hefur á framfæri sínu börn innan 16 ára aldurs, og jafnan leita tillagna húsaleigunefndar um ráðstöfun íbúðarinnar, áður en hann leigir hana öðrum.

3. gr.

I. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skal skipa þriggja manna húsaleigunefnd. Tveir af þeim skulu skipaðir af ríkisstjórninni, annar eftir tilnefningu Leigjendafélags Reykjavíkur og hinn eftir tilnefningu Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, en hæstiréttur skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Þrír varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu vera lögfræðingar.

II. Í stað 2. og 3. málsgr. sömu gr. laganna komi:

Húsaleigunefnd úrskurðar um gildi uppsagnar og önnur þau atriði, er greinir í lögum þessum, og framkvæmir mat á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum samkvæmt lögunum. Skulu allir nefndarmenn vera á fundi, þegar ákvarðanir eru teknar, og taka þátt í atkvæðagreiðslu. Nú er aðalmaður forfallaður, og kemur þá varamaður í hans stað. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

4. gr.

Við 1. málsgr. 9. gr. laganna bætist:

Nú er félag leigjenda og félag fasteignaeigenda starfandi í bæjarfélagi eða þorpi, og tilnefna þau þá sinn manninn hvort í húsaleigunefnd, en bæjar- eða sveitarstjórn kýs þá ekki menn í nefndina.

5. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Hámark þeirrar húsaleigu, að viðbættri vísitöluuppbót samkv. 6. gr., sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera 7 krónur á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarinnar, séu húsin byggð fyrir árslok 1944, en 8—9 krónur fyrir hvern fermetra í húsum, sem byggð eru 1945 og síðar. Nú er lofthæð íbúðar minni en 2,5 m, og lækkar þá hámark þetta hlutfallslega sem því nemur, er hæðin er minni en 2,5 m. Nú er greidd hærri húsaleiga en ákvæði laga þessara heimila, og skal leigan þá lækkuð samkv. hámarksákvæðunum hér að framan.

6. gr.

Í stað „10—10000 krónum“ í 17. gr. laganna komi: 200—50000 krónum.

7. gr.

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist:

1. Þau ákvæði laga þessara, er snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, falla úr gildi 1. október 1950.
2. Þann 14. maí 1951 falla úr gildi:
   a. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði.
   b. Ákvæði laganna um leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í.
3. Önnur ákvæði laganna falla úr gildi 14. maí 1952.

Bæjar- og sveitarstjórnum er heimilt að ákveða, að þau ákvæði laganna, sem greinir í 2. tölul. b. og 3. tölulið, skuli gilda áfram fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

Nú verða lögin í gildi á einhverjum stöðum eftir 14. maí 1952, og skulu þá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög greiða allan kostnað af framkvæmd laganna frá þeim tíma.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 659. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Nd. 660. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1948, um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki getað staðið saman um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn, GÞG og JÁ, sem hefur þegar skilað sérstöku áliti, leggur til, að frv. verði samþykkt.

Árið 1946 voru sett lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þriðji kafli þeirra laga er um íbúðabyggingar sveitarfélaga. Þar eru m. a. svolátandi ákvæði:

„Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á .... að nauðsyn sé slíkra íbúðabygginga, sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin og greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið."

Lagaákvæðum þessum, ef framkvæmd yrðu, hlutu að fylgja miklar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, þar sem ríkinu var gert að skyldu að lána sveitarfélögum, sem hefðu með höndum framkvæmdir samkvæmt þessum kafla laganna, fé, er næmi 75% af byggingarkostnaði, til 50 ára með 3% vöxtum. Í viðbót við þetta skyldi svo ríkissjóður leggja fram 10% af byggingarkostnaði húsanna sem vaxtalaust lán til 50 ára og ríkisstjórninni jafnframt heimilað að gefa eftir að fullu þann hluta lánsfjárins.

Það kom fljótlega í ljós, að örðugt reyndist að standa við þessar skuldbindingar sökum fjárskorts. Fyrir því var á þingi 1948 sett löggjöf um bráðabirgðabreyting þessara laga o. fl., þar sem svo er kveðið á, að ákvæði III. kafla laganna varðandi fjárframlög og lánveitingar af hálfu ríkissjóðs til sveitarfélaga komi því aðeins til framkvæmda, að sérstök heimild sé veitt til þess í fjárlögum hverju sinni, enda nái skylda sveitarfélaga til íbúðarhúsabygginga samkvæmt tilvitnuðum kafla laganna ekki framar en tilskilinn styrkur eða lánveiting af hálfu ríkissjóðs kemur til.

Þar sem fjárhagur ríkisins er sízt betri nú heldur en 1948, getur meiri hl. nefndarinnar ekki mælt með því, að frv. verði lögfest, en leggur til, að deildin afgreiði það með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem nauðsyn ber til, að ríkið forðist skuldasöfnun umfram það, sem orðið er, en miklar kvaðir hvíla á ríkissjóði, telur deildin ekki fært að fella úr gildi að svo stöddu fyrsta lið 1. gr. laga nr. 50 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl., og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. maí 1950.

Páll Þorsteinsson, frsm. Jónas G. Rafnar. Kristín Sigurðardóttir.

Ed. 661. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1946.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
H. Guðmundsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 662. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem þegar hefur verið afgreitt frá Nd. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.
26. liður orðist svo:
Í stað nr. 85 og 86 í 63. kafla komi þrjú númer, svo hljóðandi:

	Blikkdósir og kassar:			
	— málaðir, áletraðir, lakkeraðir eða skreyttir:			
85	— — með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings	1 kg	7	2
86	— — aðrir	—	7	30
86a	— annars	—	7	20

Alþingi, 6. maí 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
H. Guðmundsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 663. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. 18. og 19. gr. laganna falli niður. 20. gr. verði 18. gr.
2. Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli með 5 nýjum greinum (19.—23. gr.), svo hljóðandi:

IV. KAFLI
Um verkfæratilraunir.

a. (19. gr.) Til þess að reyna ný verkfæri eða breytingar á eldri verkfærum, öðrum en handverkfærum, í þágu landbúnaðarins, skal skipa þriggja manna nefnd til 5 ára í senn, er nefnist Verkfæranefnd ríkisins. Sé einn skipaður af landbúnaðarráðherra, einn tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands, en verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal vera sjálfkjörinn. Nefndin skiptir með sér verkum.

b. (20. gr.) Sérhverjum innflytjanda eða framleiðanda landbúnaðarvéla og verkfæra skal skylt að afhenda nefndinni til reynslu eina vél eða verkfæri af nýrri eða breyttri gerð, er þeir flytja inn eða framleiða.

Skylt er nefndum aðilum, er láta reyna vélar eða verkfæri, að flytja þau á sinn kostnað að og frá tilraunastað. Verkfæranefnd ber ekki ábyrgð á tækjunum, en eigendum þeirra er heimilt að hafa mann við tilraunirnar til eftirlits með vélunum.

Hafi viðkomandi véltegund eða verkfæra verið reynd af opinberum aðilum erlendis, skal innflytjandi afhenda verkfæranefndinni niðurstöður tilrauna þeirra, samtímis og hann óskar eftir hæfnisprófun vélarinnar.

Innflytjanda eða framleiðanda skal skylt að greiða tilraunagjald fyrir hæfnisprófunina. Skal gjaldið vera:

1. Fyrir vélar eða verkfæri, sem kosta innan við 1000 kr. í útsölu, kr. 200.00.
2. Fyrir vélar eða verkfæri, sem kosta frá 1000—5000 kr. í útsölu, kr. 500.00.
3. Fyrir vélar, sem kosta í útsölu yfir 5000 kr., skal greiða 4%, þó aldrei undir kr. 500.00.

Innflytjanda er óheimilt að selja vélar eða verkfæri, nema hæfnisprófun hafi verið gerð.

Verkfæranefnd ber að hraða prófun tækja eftir því, sem við verður komið, og láta eigendum þeirra í té vottorð um árangur tilraunanna.

Enn fremur skal verkfæranefnd birta árlega opinbera skýrslu um verkfæratilraunir sínar.

c. (21. gr.) Verkfæranefnd skal heimilt að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar, ef þörf krefur.

d. (22. gr.) Ef til vantar, að tilraunagjald véla og verkfæra nægi til að standa straum af starfsemi verkfæranefndar, greiðir ríkissjóður hallann eftir reikningi.

e. (23. gr.) Selji innflytjandi eða framleiðandi, eða láti af hendi til afnota, vél eða verkfæri af þeirri tegund, sem ekki hefur fengið viðurkenningu verkfæranefndar, skal viðkomandi vél eða verkfæri gert upptækt til handa ríkissjóði.

3. IV. kafli laganna verði V. kafli, 21. gr. verði 24. gr., og aðrir kaflar og greinar þessara laga breytist þessu til samræmis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk stjórnar Búnaðarfélags Íslands, og áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum, og hafa að öllu leyti óbundnar hendur um afgreiðslu málsins.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

Frumvarp þetta til breytinga á lögum um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, er fram borið til samræmingar á ákvæðum þeirra laga við ákvæði hinna

nýsamþykktu jarðræktarlaga, sem gerðu allmikla breytingu á hinni eldri skipan vélasjóðs og verkfæranefndar. Þá hefur einnig verið tekið upp í frumvarpið ákvæði, sem skylda þá einstaklinga og stofnanir, sem hafa með höndum sölu hinna meiri háttar landbúnaðarverkfæra, að láta fara fram á þeim sérstaka athugun verkfæranefndar til að tryggja það, að þær vélar, sem þjóðin ver fjármunum sínum og gjaldeyri til að eignast, henti sem bezt við íslenzka staðhætti.

Ed. 664. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „sölvafjöru, eggjatöku eða annars“ komi: eggjatekju, fuglatekju, sölvafjöru, maríukjarnafjöru og hvers konar annarra ítaka.

Ed. 665. Breytingartillaga [46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Eiríki Einarssyni.

Á eftir orðunum „að dómi nefndarinnar“ í síðustu málsgrein 6. gr. bætist: og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða.

Ed. 666. Breytingartillaga [46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 3. gr. *Til vara.*

2. málsliður orðist svo:

Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustið 1948 vegna fyrirhugaðra fjárskipta 1950, skal þó miða fjártöluna við skattaframtal þeirra fyrir tekjuárið 1948, enda haldi þeir áfram sauðfjárbúskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði.

Ed. 667. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá fjármálaráðherra.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 75% af andvirði þeirra. Heimilast henni að nota til þess það lán, sem um ræðir í 1. gr., og taka til viðbótar þau lán, sem með þarf. Lánin skulu veitt með sömu kjörum og ríkisstjórnin fær þau.

Ed. 668. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 2. gr. Orðin „ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar“ falli niður.

Nd. 669. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Emil Jónssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Finni Jónssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrri málsgrein 9. gr. laganna orðist þannig:
   Viðskiptamálaráðherra hefur yfirstjórn fjárhagsráðs. Þó skulu ákvarðanir um öll höfuðatriði bornar undir ríkisstjórnina í heild til samþykktar. Viðskiptamálaráðherra sker einnig úr um ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hans.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Síðari málsgrein 1. tölul. 12. gr. laganna orðist þannig:
   Höfuðreglan, sem fara skal eftir við úthlutun leyfanna, skal vera að láta þá sitja fyrir innkaupum, sem geta sýnt fram á, að þeir geti keypt vöruna og komið henni til neytandans við ódýrasta verði, í þeim vöruflokkum, þar sem hægt er að koma við gæðasamanburði. Í öðrum vöruflokkum skal veita ⅔ hluta af innflutningnum til þeirra innflytjenda, er áður hafa annazt hann, og í sömu hlutföllum og þeir hafa haft næstu 3 ár á undan (meðaltal), en hinum ⅓ hluta skal úthluta annaðhvort til viðbótar á sama hátt eða til að greiða fyrir nýjum innflytjendum eða til að jafna óeðlilegan mismun að dómi fjárhagsráðs. Við úthlutun leyfanna skal enn fremur að því stefnt, að vörudreifingin um landið verði sem jöfnust, miðað við þarfir á viðkomandi stað og heildarinnflutning til landsins í hverjum vöruflokki. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi skal yfirleitt ekki veita, nema fyrir liggi upplýsingar um verð vörunnar, og þá fyrir ákveðnu magni fyrir ákveðið verð.
4. Við 4. og 5. gr. Greinarnar falli niður.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 13. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:
   Á meðan skömmtun á nauðsynjavörum er talin óhjákvæmileg að dómi fjárhagsráðs, skal leitazt við að sjá um, að hæfilegar birgðir af skömmtunarvörum séu jafnan fyrirliggjandi í landinu. Skal það gert á þann hátt að ákveða fyrst um sinn innflutningsmagn þessara vörutegunda nokkru hærra en skömmtunarvörumagnið. Við veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir þessum skömmtunarvörum skal síðan taka tillit til, hvaða innflytjendur hafa mesta sölu, og veita þeim leyfin fyrst og fremst, innan þeirra takmarka, sem 12. gr. setur.
6. Við 7.—12. gr. Greinarnar falli niður.

Sþ. 670. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um félagafrelsi og verndun þess.

(Lögð fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess, sem gerð var á 31. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) í San Francisco 1948, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Greinargerð.

Á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í San Francisco 17. júní til 10. júlí 1948, var m. a. gerð samþykkt sú, sem hér með fylgir og fjallar um félagafrelsi og verndun þess.

Aðdragandinn að setningu þessarar samþykktar var í stórum dráttum sem hér segir:

Vorið 1947 beindi Alþjóðasamband verkamanna (WFTU) og ameríska verkalýðssambandið (AFL) þeim tilmælum til Fjárhags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna, að það tæki til meðferðar félagafrelsi verkamanna og vinnuveitenda. Ráðið ákvað að vísa þessu máli til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með tilmælum um, að það yrði tekið fyrir á 30. þingi hennar, sem haldið var í júní—júlí 1947.

Þar sem svo skammur tími var til undirbúnings þessu máli, var ekki unnt að leggja frumvarp að samþykkt um það fyrir þetta þing. Hins vegar fóru fram almennar umræður um félagafrelsi og verndun þess á grundvelli greinargerðar um það frá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Sérstök nefnd fjallaði um málið á þinginu, og átti Finnur Jónsson fyrrverandi ráðherra sæti í henni fyrir Íslands hönd.

Þingið samþykkti að þessu sinni nokkur frumatriði, sem leggja bæri til grundvallar fyrir samþykkt um félagafrelsi.

Næsta stig málsins var það, að sendur var spurningalisti til ríkisstjórna allra aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, þar sem spurt var um álit þeirra á því, hvaða atriði skyldu tekin upp í væntanlega samþykkt um málið.

Á grundvelli þeirra svara, sem bárust, var samið frumvarp að samþykkt um félagafrelsi og verndun þess og það lagt fyrir Alþjóðavinnumálaþingið í San Francisco 1948.

Á þingi þessu fjallaði sérstök nefnd um málið. Var hún skipuð 88 fulltrúum, þ. e. 44 stjórnarfulltrúum og 22 frá hvorum, vinnuveitendum og verkamönnum. Af hálfu Íslands átti Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri sæti í nefnd þessari.

Miklar og á köflum allharðar umræður urðu um þetta mál, bæði á fundum nefndarinnar og almennum þingfundum. Ýmsar breytingartillögur komu fram við umræður þessar, en flestar voru þær felldar. Má þar til nefna tvær tillögur, aðra um það, að samþykktin skyldi ekki taka til vinnuveitenda, og hina um það, að einungis skyldu leyfð ein heildarsamtök fyrir hvora, verkamenn og vinnuveitendur, í hverju landi. Það voru því engar meiri háttar breytingar gerðar á frumvarpi því, sem fyrir þinginu lá, og var það samþykkt með 127 atkvæðum gegn engu.

Samþykktin kveður svo á, að verkamenn og vinnuveitendur skuli eiga óskoraðan rétt til að stofna með sér félög án afskipta hins opinbera, og skal handhöfum framkvæmdavalds óheimilt að leysa upp slík félög. Félög þessi skulu eiga rétt á að setja sér lög og reglur, skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá án afskipta af hálfu yfirvalda, er skerði þennan rétt. Heimilt skal félögum að stofna og ganga í sambönd, svo og gerast aðilar að alþjóðasamtökum verkamanna eða vinnuveitenda.

Við beitingu þeirra réttinda, sem að framan getur, skulu félögin gæta þess að brjóta ekki í bág við landslög, en aftur á móti mega lögin ekki skerða þann rétt, sem samþykktin veitir.

Þá leggur samþykktin ríkjum þeim, sem hana fullgilda, þá skyldu á herðar að gera allar viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja verkamönnum og vinnuveitendum, að þeir geti óhindraðir neytt þess réttar, sem þeim er veittur með samþykktinni.

Þá eru í samþykktinni sérstök ákvæði, sem snerta einungis nýlenduríki, og að síðustu eru svo lokaákvæði um gildistöku samþykktarinnar o. fl.

Réttindi þau, sem samþykkt þessi fjallar um, eru tryggð Íslendingum með stjórnarskránni og enn fremur með lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, að því er tekur til félaga verkalýðs og annarra launþega. Sama mun vera að segja um önnur Norðurlönd. Hins vegar gegnir öðru máli víða annars staðar, ekki einungis í einræðisríkjum, heldur og í ýmsum lýðræðisríkjum. Það er því vart hægt að neita því, að þessi samþykkt er mjög mikilvæg fyrir alþjóðlega þróun félagsmála, og markar hún tímamót í sögu þeirra. Aldrei fyrr hefur verið kveðið á um jafnmikilvæg mannréttindi með samningum milli ríkja.

Fullgilding á samþykkt þessari af hálfu þeirra ríkja, sem þegar uppfylla skilyrði hennar, hefur þá eina þýðingu fyrir þau, að þau skuldbinda sig með henni til að sjá til þess, að ákvæði samþykktarinnar verði í heiðri höfð framvegis. Þá má einnig telja, að eftir því sem fleiri ríki fullgilda samþykktina, sé það hvatning til þeirra ríkja, sem skemmra eru á veg komin í þróun félagsmála, að koma þeirri skipan á þessi mál hjá sér, að þau geti einnig gerzt aðilar að henni.

Nú hafa fjögur ríki fullgilt samþykktina um félagafrelsi og verndun þess, eru það Bretland, Noregur, Svíþjóð og Finnland. Gengur hún fyrst í gildi 4. júlí 1950.

Eins og að framan getur, er félagafrelsið tryggt hér á landi að íslenzkum rétti og skilyrði samþykktarinnar því uppfyllt hér. Það virðist því rétt og æskilegt, að Íslendingar sýni, hvar þeir standa á þessu sviði, og hvers þeir meta þessi réttindi, með því að gerast meðal fyrstu þjóða aðilar að samþykkt þessari, sem þá yrði fyrsta samþykkt Alþjóðavinnumálaþingsins, sem Ísland gerðist aðili að.

Fylgiskjal.

Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948 samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur ákveðið að gera í samþykktarformi ákveðnar tillögur um félagafrelsi og verndun þess, en það er sjöunda mál á dagskrá þingsins, og með skírskotun til þess:

að í formála stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er því lýst yfir, að „viðurkenning á grundvallarreglum um félagafrelsi“ stuðli að bættum lífsskilyrðum verkalýðsins og friði;

að Philadelphiuyfirlýsingin endurstaðfestir það, að „tjáningarfrelsi og félagafrelsi eru frumskilyrði fyrir áframhaldandi framförum“;

að Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti einróma á 30. þingi sínu grundvallarreglur þær, sem vera skyldu undirstaða að alþjóðareglum; — og —

að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur á öðru þingi sínu fallizt á þessar grundvallarreglur og óskað eftir því, að Alþjóðavinnumálastofnunin héldi áfram hvers konar viðleitni í þá átt, að hægt verði að gera eina eða fleiri alþjóðasamþykktir;

gerir það í dag, níunda júlí árið nítján hundruð fjörutíu og átta, eftirfarandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1948 um félagafrelsi og verndun þess:

I. KAFLI
Félagafrelsi.

1. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst að framfylgja eftirfarandi ákvæðum.

2. gr.

Verkamenn og vinnuveitendur skulu án undantekningar hafa rétt til þess að stofna og ganga í félög að eigin geðþótta án undangengins leyfis, og séu þeir aðeins háðir reglum hlutaðeigandi félags um inngöngu í það.

3. gr.

1. Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu eiga rétt á að setja sér lög og reglur, að vera algerlega óháð í vali sínu á fyrirsvarsmönnum sínum, að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá.
2. Opinber yfirvöld skulu forðast alla íhlutun, er skerða mundi þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans.

4. gr.

Handhafar framkvæmdarvalds skulu ekki geta leyst upp félög vinnuveitenda eða verkamanna fyrir fullt og allt eða um stundarsakir.

5. gr.

Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu eiga rétt á að stofna og ganga í félagasambönd, og hverju slíku félagi eða sambandi skal heimilt að ganga í alþjóðasamtök verkamanna og vinnuveitenda.

6. gr.

Ákvæði 2., 3. og 4. greinar þessarar samþykktar taka til félagasambanda og verkamanna- og vinnuveitendafélaga.

7. gr.

Réttur verkamanna- og vinnuveitendafélaga og sambanda þeirra til að teljast persónur að lögum má ekki vera háður skilyrðum þess eðlis, að þau takmarki framkvæmdir á ákvæðum 2., 3. og 4. greinar þessarar samþykktar.

8. gr.

1. Við beitingu réttinda þeirra, sem kveðið er á um í þessari samþykkt, skulu verkamenn og vinnuveitendur og félagssamtök þeirra, svo og hverjar persónur aðrar eða félagssamtök, virða landslög.
2. Landslögum má ekki vera þann veg háttað, að þau skerði ákvæði samþykktar þessarar, né heldur má framkvæma þau á þann hátt.

9. gr.

1. Ákveða má með lögum eða reglugerðum hvers lands, að hve miklu leyti ákvæði samþykktar þessarar skuli ná til hermanna og lögreglumanna.
2. Í samræmi við grundvallarreglu 8. mgr. 19. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal fullgilding aðildarríkis á samþykkt þessari ekki talin hafa áhrif á nokkur gildandi lög, úrskurði, venju eða samkomulag, sem veita hermönnum eða lögreglumönnum einhver þau réttindi, sem tryggð eru með þessari samþykkt.

10. gr.

Í samþykkt þessari þýðir orðið „félag" hvert það félag verkamanna eða vinnuveitenda, sem vinnur að því að bæta og vernda hag verkamanna eða vinnuveitenda.

II. KAFLI
Verndun félagafrelsis.

11. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðasamvinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst að gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að verkamenn og vinnuveitendur geti óháðir neytt félagafrelsisins.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

1. Varðandi landsvæði þau, sem um getur í 35. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, eins og hún er eftir stjórnarskrárbreytinguna frá 1946, að undanteknum þeim landsvæðum, sem talin eru í 4. og 5. mgr. nefndrar greinar þannig breyttrar, skal hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, láta fullgildingarskjali sínu fylgja eða senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, svo fljótt sem unnt er eftir fullgildingu, yfirlýsingu, er greini:
   a. landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar ná til án takmarkana,
   b. landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði þessarar samþykktar ná til með takmörkunum og hverjar þær séu,
   c. landsvæði þau, sem samþykktin tekur ekki til, ásamt upplýsingum um ástæður til þess,
   d. landsvæði þau, sem það áskilur sé rétt til að taka ákvörðun um síðar.
2. Yfirlýsingar þær, sem greindar eru í stafliðum a. og b. í fyrstu málsgrein þessarar greinar, skulu teljast raunverulegur hluti fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að nokkru eða öllu leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni í samræmi við stafliðina b., c. eða d. í fyrstu málsgrein þessarar greinar.
4. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 16. greinar, getur hvert aðildarríki sent aðalforstjóranum yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á þeim landsvæðum, sem það kann að tiltaka.

13. gr.

1. Þegar mál þau, sem samþykkt þessi fjallar um, heyra undir valdsvið heimastjórnar ófullvalda lands, getur aðildarríki það, sem ábyrgð ber á utanríkismálum þess lands, með samþykki heimastjórnarinnar, sent aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar yfirlýsingu um það, að skuldbindingar þessarar samþykktar skuli gilda fyrir það land.
2. Yfirlýsingar um gildistöku skuldbindinga samþykktar þessarar geta aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar borizt frá:
   a. tveim eða fleiri aðildarríkjum stofnunarinnar varðandi lönd, sem eru undir sameiginlegum yfirráðum þeirra, eða
   b. fjölþjóðlegu stjórnarvaldi, varðandi land, sem það ber stjórnarábyrgð á í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna eða á annan hátt.

3. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við fyrri málsgreinar þessarar greinar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum í landi því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsingin ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
4. Aðildarríki eitt eða fleiri eða fjölþjóðlegt stjórnarvald, sem í hlut eiga, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að nokkru eða öllu leyti áskilin réttindi til hvers konar takmarkana, er fyrri yfirlýsingin tiltók.
5. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 16. greinar, geta aðildarríki eða fjölþjóðleg yfirvöld, sem í hlut eiga, sent aðalforstjóra yfirlýsingu þess efnis, að þau dragi á einhvern annan hátt úr ákvæðum sinna fyrri yfirlýsinga, enda lýsi þau því ástandi, sem þá ríkir um framkvæmd samþykktarinnar.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

14. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

15. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa aðalforstjóra skrá fullgildingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá aðalforstjóra.
3. Eftir það öðlast samþykktin gildi, að því er snertir hvern meðlim, 12 mánuðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

16. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hver sá meðlimur, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, skal bundinn af henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, og síðan að hverju 10 ára tímabili liðnu, svo sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

17. gr.

1. Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem meðlimir stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar aðalforstjóri tilkynnir meðlimum stofnunarinnar skrásetningu hinnar annarrar fullgildingar, sem honum er send, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

18. gr.

Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar

upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

19. gr.

Í lok hvers 10 ára tímabils frá gildistöku samþykktar þessarar skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

20. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á samþykkt þessari allri eða hluta hennar, skal:
   a. fullgilding meðlims á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt **ipso jure** skoðast sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 16. greinar hér að framan líður, frá þeim tíma er hin nýja, endurskoðaða samþykkt hefur öðlazt gildi;
   b. meðlimum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi;

   enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi, eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þá meðlimi, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

21. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

Þetta er staðfestur texti samþykktar þeirrar, sem löglega var gerð á 31. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í San Francisco og slitið 10. dag júlímánaðar 1948.

Þessu til staðfestu höfum vér undirritað hann í dag, þrítugasta og fyrsta ágúst 1948.

Forseti þingsins

Justin Godart.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

Edward Phelan.

Nd. 671. Breytingartillaga [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 2. gr., c-lið (15. gr.). Í stað „aðila“ komi: einstaklings.

Ed. **672. Frumvarp til laga** [65. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Meðan innflutningur og gjaldeyrisleyfi er háð ákvörðun ríkisvaldsins, skal úthlutunarnefnd jeppabifreiða, sem um ræðir í 2. gr., einnig úthluta til bænda þeim heimilisdráttarvélum, sem til landsins eru fluttar.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi 5 nýjar greinar (verða 13.—17. gr.), svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (13. gr.) Skylt er að skrásetja allar dráttarvélar og festa á þær spjald með einkennisstöfum þeirra á líkan hátt og bifreiðar, eftir því sem við á. Skrásetninguna annast sýslumenn með aðstoð hreppstjóra, bæjarfógetar og lögreglustjórar, og halda þeir skrásetningarbók yfir allar dráttarvélar í umdæminu og einkennisstafi þeirra. Dráttarvélareiganda ber að tilkynna um vélina, tegund og gerð hennar og greiðir fimmtung gjalds þess, sem á hverjum tíma er ákveðið fyrir skrásetningu bifreiða.

   Skrásetningarskrifstofum er skylt að láta úthlutunarnefnd í té um hver áramót skýrslu um dráttarvélar og jeppabifreiðar, er taldar eru stunda landbúnað í umdæminu.

b. (14. gr.) Stjórnir hreppabúnaðarfélaga taka á móti umsóknum bænda um heimilisdráttarvélar, hver af sínu svæði, og fer með þær eins og fyrir er mælt í 5. gr., eftir því sem við á. Stjórnir búnaðarfélaga skulu afgreiða umsóknir til úthlutunarnefndar fyrir hver áramót og sundurgreina, hverja tegund dráttarvélar umsækjandi óskar. Úthlutunarnefnd skal hafa sent fjárhagsráði umsóknir í síðasta lagi 15. febrúar, því til hliðsjónar við veitingu innflutningsleyfa dráttarvéla.

   Þegar fjárhagsráð hefur ákveðið tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem til landsins verði fluttar og að öðru leyti líklegt um innflutning þeirra, skiptir úthlutunarnefndin vélunum milli umsækjenda. Skal við úthlutunina meðal annars taka tillit til umsagnar búnaðarmálastjóra, dráttarvélakosts og landbúnaðarjeppa á búnaðarfélagssvæðinu, nauðsyn umsækjanda og aðstöðu að öðru leyti.

   Nefndin gerir lista yfir þá menn, er pantað hafa dráttarvélar, og í hvaða röð skal afhenda vélarnar, sem til úthlutunar koma á því ári, og er innflytjanda og þeim, er vél hlýtur, tilkynnt, þegar fullvíst er, að vélarnar koma til landsins.

c. (15. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.

   Heimilisdráttarvélum má ekki úthluta til annarra en þeirra, sem landbúnað stunda.

d. (16. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

   Ekki má eigandi dráttarvélar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

e. (17. gr.) Gjaldeyrisyfirvöldin skulu kosta kapps um að veita innflytjendum gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegum verkfærum og varahlutum tilheyrandi dráttarvélum þeim, sem í notkun eru í landinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lögin gefin út samkvæmt því í einu lagi með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Nd. 673. Lög [112. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreitt frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 635.

Ed. 674. Frumvarp til laga [37. mál]

um sveitarstjóra.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. gr.

Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra til umsóknar og taka við umsóknum um það.

Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd. Í ráðningarsamningi skal kveðið á um launakjör, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað, sem varðar skipti hreppsnefndar og sveitarstjóra. Árslaun sveitarstjóra skulu ekki vera lægri en 15000 kr., og greiðast þau úr sveitarsjóði. Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur tímamörk. Uppsagnarfrestur hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Sveitarstjóra má fela störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur hann þá á hendi framkvæmd þeirra málefna hreppsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

Að öðru leyti skal starfssvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna hreppsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir. Birta skal slíka samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Nú er hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, og fellur þá niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns þann tíma, er hann gegnir sveitarstjórastarfi, en varamaður hans tekur sæti í hreppsnefndinni.

6. gr.

Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans, að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

7. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfa sínum eða skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við störfum sveitarstjóra til bráðabirgða, meðan ráðuneytið rannsakar misklíðarefnið, og gegnir oddviti starfanum, unz sveitarstjóri hefur tekið við starfa sínum aftur eða nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 675. Frumvarp til laga [110. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Að fengnum meðmælum viðkomandi hreppsnefndar og sýslunefndar heimilast ríkisstjórninni að selja eftirtaldar jarðir:

1. Þjóðjörðina Bakka í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Þór Vilhjálmssyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943.
2. Eyðijörðina Fagranes í Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu Rúti Þorsteinssyni bónda í Engimýri.
3. Eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi, enda sé við söluna tekið tillit til þeirrar greiðslu, er ríkissjóði hefur verið gert að greiða fráfarandi ábúanda.

Söluverð jarðanna skal ákveðið af dómkvöddum mönnum. Við mat Granda skal taka tillit til þess, að ríkissjóði hefur við úttekt verið gert að kaupa hús og mannvirki fráfaranda á kr. 6875. Við mat á Fagranesi skal taka tillit til, hversu semst við Brunabótafélag Íslands um greiðslu vegna brunatjóns, sem jarðareigandi á á hendur félaginu, og haga matinu í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **676. Frumvarp til laga** [83. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

	Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Nr. 8 í 12. kafla orðist svo:			
	8 Olíufræ og olíurík aldin, einnig mulin	1 kg		2
2.	18 og 19 í 15. kafla orðist svo:			
	18 — risínusolía (laxerolía)	—	2	8
	19 — önnur jurtafeiti, ót. a.	—	2	8
3.	Nr. 2 í 25. kafla orðist svo:			
	2 Sandur, ót. a. ..... tollfrjáls			
4.	Í stað nr. 16 í 25. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	Gips:			
	16 — óunnið ..... tollfrjálst			
	16a— brennt, mulið eða þvegið	—	2	8
5.	Nr. 1 í 28. kafla orðist svo:			
	1 Bróm, fosfór, brennisteinn og brennisteinsmjólk og sambönd þessara efna innbyrðis, svo og með klóri og joði, svo framarlega sem þau falla ekki undir annað tollskrárnúmer	—	7	8
6.	Í stað nr. 11 í 28. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	— ediksýra:			
	11 — — edik	—	7	30
	11a— — önnur	—	7	8
7.	Nr. 51 og 52 í 28. kafla orðist svo:			
	51 — metylalkóhól	—	7	8
	52 — ísóprópylalkóhól	—	7	8
8.	Aftan við nr. 60a í 28. kafla bætist orðin: svo og hexan.			
9.	Á eftir nr. 15 í 31. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	15a— hárliðunarvökvar og hárliðunarduft, ót. a.	—	7	30
10.	Nr. 17 í 44. kafla orðist svo:			
	17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m²	—		2
11.	Aftan við nr. 21 í 44. kafla tollskrárinnar komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	21a Sellófanpappír			2
12.	Nr. 22 í 44. kafla orðist svo:			
	22 Marmarapappír og annar pappír, ót.a.	—	7	30
13.	Nr. 33 í 44. kafla orðist svo:			
	33 — vaxbornar umbúðir	—		2
14.	Nr. 7 í 45. kafla falla niður.			
15.	Orðin „með eða“ í nr. 19 í 45. kafla falli niður.			
16.	Aftan við nr. 20 í 45. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	20a Áprentaður fiskumbúðapappír, enda beri áritunin það með sér, að pappírinn sé utan um fisk til útflutnings	—		2
17.	Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir úr cellulose	—	2	2

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
18.	Í stað nr. 4—5 í 46. kafla B komi þrjú nr., svo hljóðandi:			
	Garn:			
	4 — tvinni	1 kg	20	8
	5 — netjagarn, ólitað	—	2	5
	5a— annað	—	20	15
19.	Á eftir nr. 8 í 48. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	8a— molskinn	—	20	25
20.	Í stað nr. 19 í 50. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
	— fiskinet og fiskinetjaslöngur:			
	19 — — úr nylon og öðrum gerviþráðum	—	2	5
	19a— — úr öðrum vefjarefnum	—	2	2
21.	42 í 50. kafla falli niður.			
22.	Nr. 22 í 60. kafla falli niður.			
23.	Á eftir fyrirsögninni að XV. flokki, „Ódýrir málmar og vörur úr þeim“, komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ef inn eru fluttar vörur úr málmum þeim, sem teljast til 64.—70. kafla, og vörur þessar eiga að koma í hærri tolla en tilsvarandi vörur úr járni og stáli í 63. kafla, má fjármálaráðuneytið mæla svo fyrir, að greiða skuli af þeim hin lægri aðflutningsgjöld eftir 63. kafla. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
24.	Á eftir nr. 22 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	22a Bryggjur, brýr, hús og önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
25.	Á eftir nr. 26 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	26a Fiskkörfur og körfur undir mjólkurflöskur úr vír og þess háttar	—	2	8
26.	Í stað nr. 85 og 86 í 63. kafla komi þrjú númer, svo hljóðandi:			
	Blikkdósir og kassar:			
	— máladir, áletraðir, lakkeraðir eða skreyttir:			
	85 — — með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings	—	7	2
	86 — — aðrir	—	7	30
	86a — annars	—	7	20
27.	Aftan við nr. 88 í 63. kafla komi svo hljóðandi athugas.:			
	Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að færa skálar, sem eru pressaðar til vaskagerðar og að öðru leyti ónunar, niður í 15% verðtoll.			
28.	Á eftir nr. 9 í 66. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	9a Mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá, stærri en 10 l	—	7	2
29.	Aftan við nr. 33 í 72. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	33a Bindivélar	—	7	8
30.	Í stað nr. 27—28 í 72. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi:			
	27 Vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, til graftar, og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
31.	Nr. 64 í 72. kafla orðist svo:			
	64 Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra	1 kg	7	15
32.	Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 13—16 í 73. kafla, „Rafmagnsbúnaður í báta, bifreiðar og bifhjól“, komi: Rafmagnsumbúnaður í bifreiðar, skip og önnur farartæki.			
33.	Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 37—45 í 73. kafla, „Búsáhöld og hlutar til þeirra“ komi: Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar.			
34.	Nr. 46—54 í 73. kafla falli niður.			
35.	Á eftir nr. 1 í 76. kafla komi nýtt númer, svo hljóðandi:			
	1a Fallhlífar og tilheyrandi ..... tollfrjálsar			
36.	Nr. 12 í 77. kafla falli niður.			
37.	Í stað nr. 29—32 í 77. kafla komi þrjú nr., svo hljóðandi:			
	Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.:			
	29 — bifreiðavogir (bryggjuvogir)	—	7	8
	30 — desimalvogir og vogir fyrir rennibrautir	—	7	8
	31 — aðrar	—	7	30
38.	Við nr. 3 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna.			
39.	Við nr. 11 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður að nokkru eða öllu leyti aðflutningsgjöld af hljómplötum með verkum eftir íslenzka höfunda og verkum sungnum og/eða leiknum af Íslendingum.			
40.	Á eftir nr. 10 í 82. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvarandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
41.	XXI. flokkur og 87. kafli orðist svo:			

XXI. FLOKKUR

Listaverk og safnmunir, ót. a.

87. kafli.

Listaverk og safnmunir, ót. a.

1	Listaverk			tollfrjáls
Aths.	Tollundanþágan eftir nr. 1 tekur aðeins til frumverksins. Fjármálaráðuneytinu er þó heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af afsteypum, sem gerðar eru erlendis eftir hér gerðum frummyndum úr gipsi eða öðru áþekku efni.			
	Safnmunir, ót. a.:			
2	— frímerki og önnur slík merki			tollfrjáls
3	— safnmunir til opinberra safna			tollfrjálsir
4	— aðrir	—	7	30

2. gr.

Á eftir l-lið 3. gr. komi níu nýir stafliðir, svo hljóðandi:

m. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af votheysturnum og vélaútbúnaði til að steypa þá og af vélum og áhöldum til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu.
n. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af jeep-bifreiðum og almenningsvögnum og af vöruflutningabifreiðum.
o. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæðið í b-lið 24. gr. samþykktar þeirrar um alþjóðaflugmál, sem birt var með auglýsingu nr. 45/1947.
p. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum og útbúnaði til Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli, sem rekin er samkvæmt milliríkjasamningi frá 30. apríl 1947.
q. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði í b- og c-lið 7. gr. alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sem birtur er sem fylgiskjal með lögum nr. 13/1948, um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.
r. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem inn er flutt eingöngu vegna framkvæmdar samnings frá 16. september 1948, milli ríkisstjórnar Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
s. Að fella niður aðflutningsgjöld af munum, sem sendir eru hingað að gjöf og góðgerðafyrirtæki eiga að annast dreifingu á til bágstaddra og þvílíkra.
t. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af munum, sem aðeins eru fluttir hingað til sýningar eða flutnings um stundarsakir og endurútfluttir eru þegar að sýningu eða flutningi loknum, og af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu og flutt eru út þegar eftir að þau hafa verið reynd.
u. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem látið er ókeypis í té af National Bureau of Standards í Washington til vísindarannsókna samkvæmt samningi frá 1. júlí 1949 milli póst- og símamálastjórnar Íslands og National Bureau of Standards í Washington D.C.

3. gr.

Í stað orðanna „eða báta“ í síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi: báta eða flugvéla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi 5. liður 1. gr. laga nr. 6/1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Ed. 677. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr., a-lið (18. gr.). 4. málsgr. orðist þannig:

Rísi ágreiningur um bætur samkvæmt grein þessari, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær, og ber hlutaðeigendum að hlíta úrskurði þeirra um bætur og kostnað.

Ed. 678. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 1. gr., a-lið.
1. Úr 2. mgr. falli orðin „eða óvenjulegum snjóalögum, sbr. þó ákvæði 3. málsgr.“
2. 3. mgr. falli niður.

Ed. 679. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Með nokkrum smávægilegum breytingartillögum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali, leggur nefndin til, að frv. þetta verði samþykkt, að áskildum rétti til að fylgja brtt., er fram kunna að verða bornar. Einn nefndarmanna (HG) var fjarverandi, er nefndin lauk álitsgerð sinni.

Alþingi, 6. maí 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	F. R. Valdimarsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Ed. 680. Breytingartillögur [93. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Framan við 1. gr. frv. komi ný grein, er orðist svo:
   Í 8. gr. laganna komi orðið „vélanefnd“ á tveim stöðum í stað orðsins verkfæranefnd.
2. Við 1. gr. (verður 2. gr.). Greinin orðist svo:
   a. Fyrir „allt að 3 millj. kr.“ í 9. gr. laganna komi: allt að 6 milljónum kr.
   b. Í stað orðsins „verkfæranefnd“ í 9. gr. laganna komi: vélanefnd.
3. Við 2. gr. (verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
   a. Í stað orðsins „Verkfæranefnd“ í byrjun 2. málsl. 10. gr. laganna komi: Vélanefnd.
   b. Í stað tveggja síðustu málsgr. 10. gr. laganna komi:
      Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæðum viðkomandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal senda Búnaðarfélagi Íslands skilagrein fyrir fyrningargjaldinu í lok hvers reikningsárs.
      Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfé-

lags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

Nú hefur ræktunarsamband ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir, og er þá stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að halda eftir þeirri upphæð, sem vangreidd er, af jarðræktarstyrk þeim, sem greiða ber vegna jarðabóta í hlutaðeigandi ræktunarsambandi.

4. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar (verða 4. og 5. gr.), er orðist svo:

A. (4. gr.) a. Í stað orðanna „Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með“ í upphafi 11. gr. laganna komi:
Vélanefnd ríkisins skal í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með.

b. Í stað orðanna „að dómi verkfæranefndar“ í 11. gr. laganna komi: að dómi vélanefndar.

B. (5. gr.) 12. gr. laganna orðist svo:
Búnaðarfélag Íslands og vélanefnd ríkisins skulu halda námskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda hafa þeir menn einir rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af vélanefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12. gr. greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 681. Framhaldsnefndarálit [126. mál]

um till. til þál. um að leyfa ekki útflutning veiðiskipa.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Eftir að meiri hl. allsherjarnefndar hafði gefið út nefndarálit á þskj. 645, bárust umsagnir um mál þetta, sem hann telur rétt að birta, og fara þær hér á eftir sem fylgiskjöl.

Alþingi, 8. maí 1950.

Ingólfur Jónsson, form., frsm. Jón Gíslason, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Stefán Stefánsson. Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

SJÓMANNAFÉLAG ÍSFIRÐINGA

Ísafirði, 16. febrúar 1950.

Frú Elín Samúelsdóttir, Túngötu 7, Ísafirði.

Út af heiðruðu bréfi yðar f. h. h.f. Björgvin og h.f. Huginn viljum vér taka eftirfarandi fram:

Vegna þeirra upplýsinga í bréfi yðar, að líkur séu til, að sjóveðskröfur sjómanna á hendur h.f. Björgvin og h.f. Huginn fáist greiddar gegn því, að íslenzka ríkisstjórnin veiti útflutningsleyfi fyrir skipum nefndra félaga, höfum vér snúið oss til Alþýðusambands Íslands, sem fer með umrætt mál fyrir hönd sjómanna, og spurzt fyrir um, hvort sambandinu hafi borizt nokkurt slíkt tilboð um greiðslu sjóveðskrafnanna.

Var svar sambandsins um þetta neitandi.

Þá spyrjið þér um, hvort Sjómannafélag Ísfirðinga muni vilja mæla með slíku tilboði.

Um það atriði óskum vér aðeins að taka fram eftirfarandi:

Af hendi sjómanna og alþýðusamtakanna snýst mál þetta að vorum skilningi fyrst og fremst um tafarlausa innheimtu vangreiddra vinnulauna. Hitt atriðið: veiting útflutningsleyfis fyrir skipin — er aftur milliríkjamál og heyrir sem slíkt algerlega undir utanríkismálaráðherra. Viljum vér af skiljanlegum ástæðum sem minnst blanda oss í þau atriði málsins.

Hins vegar mun Sjómannafélag Ísfirðinga ekki sætta sig við aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar í þessu máli, því að sjómenn eru þegar búnir að bíða allt of lengi eftir þessum vinnulaunum sínum.

Gæti því svo farið, að félagið gerði þá kröfu til ríkisvaldsins fyrir hönd umbjóðenda sinna, að ríkið leysi út sjóveðskröfur sjómanna og yrði síðan eitt aðili að málinu eftir það.

Virðingarfyllst.

F. h. Sjómannafélags Ísfirðinga

Jón H. Guðmundsson. Marías Þ. Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Yfirlýsing.

Ég undirritaður, Jón Tímóteusson, formaður Verklýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur, er var háseti á m/s Richard á Grænlandsútgerð Björgvins Bjarnasonar s. l. sumar, vil hér með að gefnu tilefni taka fram eftirfarandi:

Ég lít svo á, að það beri að leggja höfuðáherzlu á það, að skipverjar á skipum Björgvins Bjarnasonar fái greitt kaup sitt og að það megi verða sem fyrst. Björgvin mun hafa sótt til ríkisstjórnarinnar um það að fá útflutningsleyfi fyrir skipum sínum og talið sig með því eina móti geta greitt skipverjum kaupið. Út af því vil ég taka fram, að þar sem útflutningur skipanna virðist, eins og komið er, vera eina leiðin til þess, að mennirnir fái kaupið greitt, þá tel ég, að tvímælalaust beri að veita slíkt leyfi, og ég lít svo á, að synjun útflutningsleyfis í þessu tilfelli sé ekki hægt að réttlæta nema með því móti, að ríkisstjórnin eða bankarnir séu reiðubúin til að láta sækja skipin á sinn kostnað, enda greiði þá þessir aðilar skipverjunum strax út kaup þeirra.

Ég mundi því vilja mæla með því, að útflutningsleyfi fyrir skipunum verði veitt, enda verði um leið frá því gengið, að tryggð verði greiðsla sjóveðskrafna á skipin.

Staddur í Hafnarfirði, 21. marz 1950.

Jón Tímótheusson.

Ed. 682. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi málið á einum fundi. Fjarverandi var Jóhann Jósefsson. Viðstaddir nefndarmenn mæltu eindregið með því, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1950.

Gísli Jónsson, form. Hannibal Valdimarsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.

Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 683. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi málið á fundi sínum í dag og mælti einróma með því, að það yrði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (JJós) var ekki á fundi og tók þannig ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1950.

Gísli Jónsson, form. Hannibal Valdimarsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.

Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 684. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í sérlögum þeim, sem gilda um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, er svo ákveðið, að taka megi allt að 10 millj. kr. lán til hafnargerðarinnar. Hefur lánsheimild þessi verið notuð að fullu, en verkinu hvergi nærri lokið. Er því farið fram á, að lántökuheimildin verði hækkuð upp í 15 millj. kr., og mun þá gengið út frá því, að heildarkostnaðurinn við hafnargerðina geti numið þeirri upphæð. Sjávarútvegsnefnd getur fallizt á, að nauðsyn beri til að hækka lánsheimildina, og mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 9. maí 1950.

Finnur Jónsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Pétur Ottesen.

Gísli Guðmundsson. Áki Jakobsson.

Ed. 685. Frumvarp til laga [11. mál]

um togarakaup ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að tíu togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 57125000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 75% af andvirði þeirra. Heimilast henni að nota til þess það lán, sem um ræðir í 1. gr., og taka til viðbótar þau lán, sem með þarf. Lánin skulu veitt með sömu kjörum og ríkisstjórnin fær þau.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945, um togarakaup ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 686. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 2. gr.

1. Aftan við 1. málsl. bætist: Ef kaupandinn er bæjar- eða sveitarfélag, er þó heimilt að lána allt að 85% af andvirðinu.
2. Síðari málsl. orðist þannig: Vextir af lánum þessum skulu vera helmingi lægri en ríkissjóður greiðir.

Nd. 687. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum minnst 4 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlínum, sem einangra svæði þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlínum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

2. gr.

Í stað upphafs 1. málsl. 13. gr. komi:

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, a. m. k. næstu 4 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd, ef hún telur hættulaust, leyft flutning lambhrúta til kynbóta milli fjárskiptasvæða innan þess tíma, enda sé ekki um að ræða flutning þaðan, sem garnaveiki hefur verið.

3. gr.

1. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframtali tæpum tveim árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1950 skal miða við framtal á árinu 1949, þ. e. fjártölu í árslok 1948 o. s. frv. Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustið 1948 vegna fyrirhugaðra fjárskipta 1950, skal þó miða fjártöluna við skattaframtal þeirra fyrir tekjuárið 1948, enda haldi þeir áfram sauðfjárbúskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði.

4. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur, sem svarar hálfu lambsverði á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af niðurlagsverði tveggja næstu ára á undan, miðað við meðalvænleika sláturlamba á hverju fjárskiptasvæði.

Kostnað við flutning líffjár á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitar tilfærslu á fé á fjárkaupasvæðum, svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða kosti fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu fá keypt, ef unnt er, líflömb, er nemi 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, samanber þó 39. gr. Skylt er að láta bændur, er hafa litla eða enga aðstöðu til mjólkursölu eða annarrar framleiðslu, sitja fyrir um líflambakaup, ef ekki fæst áskilin fjártala til úthlutunar.

Séu nægjanleg líflömb fáanleg skal fjáreigendum gefinn kostur á að fá allt að 20% til viðbótar. Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir, ef nauðsynlegt þykir, til þess að tryggja, að fjáreigendur fái keypt 50% af bótaskyldri lambatölu ár hvert, og heimilast í því skyni eignarnám, enda komi fullt verð fyrir.

Framlag ríkisins skal greiða ári eftir að fjárskipti hefjast, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptra líflamba.

5. gr.

39. gr. laganna orðist svo (var 40. gr. í lögunum):

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind eða styrkja þá til að breyta yfir í aðra framleiðslu, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð á svæðinu. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

6. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein, er verði 40. gr., svo hljóðandi:

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 4% ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að $\frac{2}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að $\frac{4}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, er greidd eru á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðin frá útgáfudegi þeirra.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulagi til bankanna, skal ákveða nánar með reglugerð.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 5. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða, að nokkru undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.

7. gr.

39. gr. (óbreytt) verður 41. gr.
41. gr. (óbreytt) verður 42. gr. o. s. frv.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 688. Breytingartillaga [103. mál]

við brtt. á þskj. 677 [Skógrækt].

Frá Bjarna Benediktssyni.

Í stað orðanna „og ber hlutaðeigendum að hlíta úrskurði þeirra um bætur og kostnað“ komi: og er aðila heimilt að krefjast yfirmats, enda er óheimilt að skjóta úrskurði matsmanna um bætur og kostnað til dómstólanna.

Nd. 689. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (18. gr.) Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn fyrir ágangi búfjár af viðkomandi úttektarmönnum, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins láta rannsaka, hverjir eru eigendur fjárins, og láta merkja það. Síðan skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eru eigendur fjárins og hvernig féð var merkt, en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum. Skal eigendum gefinn kostur á að vitja fjárins, ef fært þykir að áliti hreppstjóra.

Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni eigi um kennt, að dómi úttektarmanna hreppsins, getur hlutaðeigandi umsjónarmaður skógræktarsvæðisins afhent fénaðinn hreppstjóra með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunum og koma þeim í verð. Við þeirri kröfu er hrepp-

stjóra skylt að verða, en skógareigandi er skyldur að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir skepnur sínar. Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi, að dómi úttektarmanna, að fé komst inn í hana.

Rísi ágreiningur um bætur samkvæmt grein þessari, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær, og er aðila heimilt að krefjast yfirmats, enda er óheimilt að skjóta úrskurði matsmanna um bætur og kostnað til dómstólanna.

Séu hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

b. (19. gr.) Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjárækturreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 690. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna á einum fundi, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Vill meiri hluti nefndarinnar láta fella tillöguna, en minni hlutinn: Pétur Ottesen, Ásmundur Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson og Hannibal Valdimarsson — vill mæla með því, að Alþingi samþykki hana nú, áður en þingi lýkur.

Alþingi, 6. maí 1950.

Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen. Halldór Ásgrímsson.

Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 691. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um útvegun heilnæmra fæðutegunda.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Ásmundur Sigurðsson, Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við hlutaðeigandi yfirvöld, að Náttúrulækningafélagi Íslands verði veitt nægileg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til innflutnings á ómöluðu korni, ósigtuðu mjöli, grænmeti að vetrinum, þurrkuðum ávöxtum o. s. frv., til þess að félagið geti séð félagsmönnum sínum og öðrum landsmönnum, er þess kynnu að óska, fyrir heilnæmum og óspilltum matvælum, sem nú er miklum vandkvæðum bundið að útvega.

Greinargerð.

Náttúrulækningafélag Íslands, með Jónas lækni Kristjánsson fyrrum alþingismann í fararbroddi, hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir mjög þýðingarmiklu

starfi í þá átt að opna augu þjóðarinnar fyrir aukinni neyzlu óspilltra og heilnæmra matvæla, svo sem grænmetis, ómalaðs korns, ósigtaðs mjöls, sojabauna, ávaxta o. s. frv., o. s. frv.

Í Náttúrlækningafélaginu munu nú vera um 1700—1800 félagsmenn, og víðs vegar um landið er fjöldi fólks, sem hefur mikinn hug á að haga mataræði sínu að meira eða minna leyti í samræmi við kenningar þessa félagsskapar eða forgöngumanna hans.

En hér er ekki hægt um vik, því að ýmis af þeim matvælum, sem mestu varða, eru oft lítt fáanleg eða ófáanleg. Má þar nefna grænmeti að vetrinum, þurrkaða ávexti og nýja, ómalað korn, nýtt mjöl o. fl.

Ef einhver vildi skýra þetta með gjaldeyrisfátækt þjóðarinnar, fer það skeyti fram hjá markinu, því að nýtt grænmeti, svo sem hvítkál, gulrætur og þess konar, er mjög ódýrt í innkaupum og ómalað korn kostar engan aukagjaldeyri, þar sem það kæmi í stað annarrar mjölvöru. Og að því er ávextina snertir leggur Náttúrulækningafélagið að vissu leyti meira upp úr þurrkuðum ávöxtum (rúsínum) en nýjum, ekki hvað sízt vegna þess, að ef fullnægja ætti eftirspurn eftir nýjum aldinum, mundi það reynast erfitt gjaldeyrisatriði, svo sem reynslan hefur sýnt. En um þurrkaða ávexti er öðru máli að gegna. Enn fremur má benda á það, að ef hægt væri að fá nýtt grænmeti árið um kring, kæmi það minna að sök, þótt nýja ávexti vantaði.

Náttúrulækningafélag Íslands hefur um nokkurt árabil starfrækt matsöluhús í Reykjavík við ágætan orðstír. Er þar á borðum að margra áliti hollari matur og þó ódýrari en á flestum öðrum greiðasölustöðum hér á landi.

Vegna matstofunnar hefur félagið fengið leyfi fyrir nokkrum innflutningi, en þó hefur það verið mjög af skornum skammti. Hins vegar hefur félagið lítið sem ekki getað liðsinnt þeim mörgu mönnum, bæði innan Reykjavíkur og utan, sem leitað hafa aðstoðar þess um útvegun á ýmsum hollustumatvælum.

Er oss t. d. tjáð, að nú að undanförnu hafi N. L. F. Í. gert ítrekaðar tilraunir til að fá leyfi fyrir innflutningi, en þær tilraunir lítinn árangur borið. Einnig er oss tjáð, að félagið hafi snúið sér til aðalinnflytjenda þeirra vörutegunda, sem hér er um að ræða, en litla áheyrn fengið. Eru hinir stóru innflytjendur sagðir tregir til að sinna beiðnum um útvegun vörutegunda, sem ekki eru almennt notaðar. Má þar til nefna ómalað korn og fleira þess háttar. — Einnig er það lítt við unandi, að grænar baunir þurrkaðar, nýjar gulrætur o. fl. fáist einungis flutt inn til niðursuðu, sem gerir vöruna bæði margfalt dýrari fyrir neytandann og skemmir hana að auki.

Þessu sýnist þurfa að breyta. Og virðist oss þá næsta eðlilegt, að félagsskap eins og t. d. Náttúrulækningafélagi Íslands verði gert kleift að annast innflutning ýmissa hollra matvæla, sem nú eru lítt fáanleg. Ætti slíkt engan veginn að þurfa að kosta neina verulega gjaldeyriseyðslu, þar sem aðallega yrði um tilfærslu að ræða milli vörutegunda og annað ekki.

Finnst oss ekki óeðlilegt eða óæskilegt, að Náttúrulækningafélagið ræki verzlun þar sem eingöngu væru á boðstólum heilnæmustu og beztu matvörur. Eru slíkar verzlanir nú til víða um lönd og eiga sums staðar veigamikinn þátt í útbreiðslu hollra manneldishátta.

Liggur í augum uppi, að útilokað er fyrir félagið að koma upp eða reka slíka verzlunarstarfsemi, nema það fái sjálft að flytja inn þær erlendu matvörutegundir, sem erfiðast er að afla með milligöngu annarra innflytjenda. Verður það að teljast miður, að hér skuli enginn aðili vera til, sem reki verzlunarstarfsemi með neyzluvörur miðað við ofangreind sjónarmið. Teljum vér því sjálfsagt, að ríkisvaldið greiði fyrir því, að úr þessu verði bætt.

Það er að verða æ augljósara, enda nú orðið viðurkennt af mörgum okkar lærðustu manneldisfræðingum, að vér Íslendingar stefnum í veigamiklum atriðum í öfuga átt um fæðuval og heilsusamlegt mataræði. Bregða eftirfarandi tölur úr innflutningsskýrslum allskýru ljósi yfir þessar óskemmtilegu staðreyndir.

Tölurnar hér á eftir sýna innflutning helztu tegunda kornmatar í kg á mann á ári.

Ár	Rúgur heill	Rúgmjöl	Hveitimjöl	Hrísgrjón	Bygg	Haframjöl
1873—79	43	9	0.5	6	13.5	„
1880—84	40	13	2	9	15	„
1885—89	33	17	8	9	15	„
1890—94	24	20	10	10	16	„
1895—99	23	29	15	11	16	0.6
1900—04	21	33	18	12	15	1.5
1905—09	15	37	23	10	8	6
1910—14	11	49	27	10	„	12
1915—19	1	54	39	6.5	„	21
1920—24	1	55	37	6	„	17
1925—29	3.5	47	41	7	„	17
1930—34	4	39	45	6	„	15
1935—39	2	47	43	6	„	14
1949	„	36	58	4	„	9

Ætli þeir verði ekki nokkuð margir, sem þessar tölur athuga, er hljóta að viðurkenna, að þróun kornvöruinnflutningsins stefni í öfuga átt við það, sem vera ætti og skynsamlegt væri?

Allt fram undir aldamót er það ómalað korn, sem setur aðalsvipinn á kornvöruinnflutninginn. Það er heill rúgur, hrísgrjón og bygg. — Nú er heili rúgurinn horfinn og byggið sömuleiðis. Í byggsins stað er komið haframjöl. Hrísgrjónaneyzlan hefur lítið breytzt allt þetta tímabil. Rúgmjölsneyzlan hefur fjórfaldazt síðan 1873, úr 9 kg í 36 kg á mann á ári.

Þetta er í sjálfu sér afturför, því að ómalað korn getur geymzt óskemmt svo árum og jafvel öldum skiptir. Að það sé óskemmt, má m. a. marka af því, að það getur spírað. En jafnskjótt og það hefur verið kurlað eða malað, byrja í því efnabreytingar, sem spilla mjölinu og eyða meðal annars fjörefnum þess. Verða skemmdirnar þeim mun meiri sem lengra líður. Munurinn á nýmöluðu og geymdu mjöli finnst greinilega á bragðinu. Brauð úr nýmöluðu mjöli er svo ilmandi bragðgott, samanborið við annað brauð, að þeir einir trúa, sem reynt hafa.

Enn meiri skemmd er það þó á þeim möluðu kornvörum, sem hingað flytjast, að við mölunina hefur hýðið jafnan verið sigtað frá og því fleygt í burtu. Er það venjulega selt við lágu verði sem svínafóður. — En þar með er einmitt kastað burtu verðmætustu næringarefnum kornsins. Þessi efni eru í sjálfu hýðinu og næst því; enn fremur í kíminu, sem fylgir hýðinu við sigtunina, en í því er fjölbreytt og samanþjöppuð næring, sem ætluð var hinni ungu jurt, meðan frjóanginn er að vaxa og áður en hún skýtur rótum. Með þessari meðferð er talið, að fari forgörðum allt að 9/10 hlutar af fjörefnum og steinefnum kornsins, enn fremur beztu eggjahvítuefnin auk fituefna og kolvetna og hinna nýfundnu „auxon"-efna, sem talin eru hafa engu minni þýðingu fyrir næringu og heilbrigði líkamans en fjörefnin. — Fjörefnin í korni eru aðallega B-fjörefni, sem greinast í marga undirflokka og eru sérstaklega þýðingarmikil fyrir meltinguna og taugarnar. — Þá er í hýði korntegunda allmikið af járni. Loks eru í því ómeltanleg grófefni, tréni (cellulose), sem hafa hina mestu þýðingu fyrir meltingarstarfsemina.

Það iskyggilegasta við þróun þá, sem taflan hér að framan sýnir, er þó það, að hveitineyzlan hefur á umræddu tímabili vaxið jafnt og þétt, úr hálfu kílógrammi á mann í 58 kg. — En um hveitið er það að segja, að auk þess sem því hefur verið spillt með vandlegri sigtun, er líka blandað í það eiturefnum í því skyni að gera það hæfara til geymslu, og að því er sumum finnst líka áferðarfallegra, þ. e. a. s. hvítara. Nýlegar vísindatilraunir hafa sýnt, að efni það, sem löngum hefur verið notað á þennan hátt í hveitið, köfnunarefnis-tríklorid, hefur mjög skaðlegar verkanir á heil-

brigði tilraunadýra, og mega menn, sem mikils neyta af hveiti, vel draga af því sinar ályktanir.

Nú er hveitið rúmur helmingur af öllum kornvöruinnflutningi Íslendinga og ætti engum að vera það fagnaðarefni.

Vér höfum fyrir satt, að þegar fyrir stríð hafi Þjóðverjar bannað með öllu fínsigtun á hveiti og einnig innflutning á hvítu hveiti. Og á styrjaldarárunum fóru Englendingar eins að. Er talið, að þetta hafi reynzt góð heilbrigðisráðstöfun, og reyndist engum erfiðleikum bundið að framkvæma það, þó að ýmsir söknuðu hvíta brauðsins, eins og ekki er ólíklegt, þegar fólk hefur vanizt því frá barnæsku. En þessi dæmi sýna, að það ætti ekki að vera nein frágangssök að gera svipaðar ráðstafanir hér á landi. Til þess þyrfti þó að setja upp kornmylnu eða mylnur, sem möluðu eftir hendinni allt það korn, er vér neytum, svo að fólk ætti jafnan kost á nýrri og óspilltri mjölvöru. Að sjálfsögðu væri hægt að fínsigta mjöl, ef á þyrfti að halda, t. d. handa sjúklingum, sem ekki þola grófmeti. En sú er bótin, að í það mjöl þyrfti þá ekki að bæta neinum eiturefnum, þar eða ekki væri þörf á að geyma það nema skamman tíma.

Ef sporið væri þannig stigið heilt og óhikað, yrði beinlínis um verulegan gjaldeyrissparnað að ræða, því að korn, sem flutt væri inn í tankskipum, yrði miklu ódýrara en mjöl flutt inn í sekkjum og smápokum, eins og nú tíðkast. Uppskipun og öll meðferð yrði þá líka ódýrari, þar eð korninu yrði þá dælt úr skipi upp í korngeymsluna. Af innflutningi á ómöluðu korni leiddi líka það, að óhætt væri að flytja inn mikið í einu, þar eð ómalað korn geymist svo að segja óendanlega, eins og fyrr segir, ef geymslustaður er góður og öruggur. Þá flyzt vinnan við mölunina líka inn í landið.

Loks væri það þá ekki lítilsvirði — þar á meðal fjárhagsatriði —, ef slík ráðabreytni yrði, eins og margir hafa trú á, til að bæta heilsufar þjóðarinnar. — Þá kæmu teknamegin aukin afköst vinnandi manna, minni fjarvistir frá störfum, minni sjúkrahúsakostnaður, minni lyfjakaup og á ýmsan annan hátt spöruð útgjöld og minni gjaldeyrisþörf.

Þessi sjónarmið hafa líka að meira eða minna leyti verið viðurkennd með áætlun um kornmylnu í sambandi við ráðstafanir Marshallfjár. Að þessu ber að stefna, og ber forráðamönnum þjóðarinnar tvímælalaust skylda til að greiða fyrir framkvæmdum í þá átt.

En meðan þetta stórmál kemst ekki í kring, er sjálfsagt og enda nauðsynlegt að koma til móts við þá menn, sem leggja kapp á að nota einungis óskemmdan kornmat til neyzlu og vinna að því sem hugsjón að fræða aðra og hvetja til þess sama. Verður slíkt að vorum dómi að teljast til þjóðnytjastarfa, sem styrkja ber og efla.

Í þeim tilgangi er tillaga þessi fram borin, og viljum vér, flutningsmenn hennar, vænta þess, að Alþingi verði við þeim sanngjörnu óskum, sem hún fer fram á til fyrirgreiðslu og aðstoðar þeim ágætu mönnum, sem heldur kjósa að velja sér til neyzlu holla fæðu en skemmda.

Ed. 692. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. Í upphafi greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Í stað orðanna „settar eru hér á land um stundarsakir til áframhaldsflutnings til annarra landa“ í g-lið 3. gr. komi: sem sendar eru í gegnumflutningi (transit).

Nd. 693. Frumvarp til laga [129. mál]

um rétt manna til kaupa á ítökum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á land eða rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglatekju, sölvafjöru, maríukjarnafjöru og hvers konar annarra ítaka utan landamerkja sinna, en innan landamerkja annarrar jarðar eða fyrir landi hennar. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, auglýsa þrívegis í Lögbirtingablaðinu fyrirmæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 2. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratugina og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 2. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður.

5. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 2. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina, og fer um kaupverðið eftir því, sem um semst, en verði ágreiningur um það, skal það ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Skjóta má úrskurði matsmanna til yfirmats, og skal það framkvæmt af þrem dómkvöddum mönnum og er bindandi bæði fyrir kaupanda og seljanda.

6. gr.

Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni, og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt að selja það nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við matið greiðir sá aðili, er matsins óskar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **694. Frumvarp til laga** [63. mál]

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrri málsgrein 9. gr. laganna orðist þannig:

Viðskiptamálaráðherra hefur yfirstjórn fjárhagsráðs. Þó skulu ákvarðanir um öll höfuðatriði bornar undir ríkisstjórnina í heild til samþykktar. Viðskiptamálaráðherra sker einnig úr um ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hans.

2. gr.

10. gr. laganna falli burt.

3. gr.

11. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist svo:

Engar vörur má flytja til landsins nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð þó gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Fjárhagsráð úthlutar gjaldeyris- og innflutningsleyfum til kaupa á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og getur sett þau skilyrði um innflutninginn, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa skal hagað samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

4. gr.

Á eftir 11. gr. laganna (10. gr.) komi nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

a. (11. gr.) Meðan takmarkaður er innflutningur á fatnaði, vefnaðarvörum og skófatnaði (öðrum en gúmmiskófatnaði), skulu vörur þessar skammtaðar, til þess að tryggt sé, að þær skiptist jafnt milli landsmanna, og skal þess gætt, að aldrei séu gefnir út skömmtunarseðlar, er gildi fyrir meira af vörum en flutt er til landsins. Á skömmtunarseðlunum sé tilgreint það gjaldeyrisverðmæti, er þeir gilda fyrir, og um leið og útsöluverð á vörunum er ákveðið, skal einnig ákveða skömmtunarverðmæti þeirra (þ. e. gjaldeyrisverðmæti), hverrar tegundar fyrir sig, enda séu vörurnar aðeins seldar gegn skömmtunarseðlum, sem gilda fyrir jafnmikið og skömmtunarverðmæti vörunnar nemur. Skylt er að verðmerkja vörurnar, þar sem tilgreint sé hvort tveggja, skömmtunarverðmæti þeirra og útsöluverð.

b. (12. gr.) Innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmíi skal skipt milli kaupstaða og sýslufélaga í réttu hlutfalli við tölu skráðra bifreiða í hverju umdæmi. Síðan skal úthlutun til verzlana og viðgerðarstöðva innan hverrar sýslu og kaupstaðar fara eftir óskum bifreiðaeigenda.

5. gr.

Síðari málsgrein 1. tölul. 12. gr. laganna, sem verður 13. gr., orðist þannig:

Höfuðreglan, sem fara skal eftir við úthlutun leyfanna, skal vera að láta þá sitja fyrir innkaupum, sem geta sýnt fram á, að þeir geti keypt vöruna og komið henni til neytandans við ódýrasta verði, í þeim vöruflokkum, þar sem hægt er að koma við gæðasamanburði. Í öðrum vöruflokkum skal veita ⅔ hluta af innflutningnum til þeirra innflytjenda, er áður hafa annazt hann, og í sömu hlutföllum og þeir hafa haft næstu 3 ár á undan (meðaltal), en hinum ⅓ hluta skal úthluta annað hvort til viðbótar á sama hátt eða til að greiða fyrir nýjum innflytjendum eða til að jafna óeðlilegan mismun að dómi fjárhagsráðs. Við úthlutun leyfanna skal enn

fremur að því stefnt, að vörudreifingin um landið verði sem jöfnust, miðað við þarfir á viðkomandi stað og heildarinnflutning til landsins í hverjum vöruflokki. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi skal yfirleitt ekki veita, nema fyrir liggi upplýsingar um verð vörunnar, og þá fyrir ákveðnu magni fyrir ákveðið verð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 695. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hl., fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl., vill láta samþykkja frv., en við undirritaðir eru andvígir því.

Aðalefni frv. þessa eru ákvæði 7. gr., sem mæla svo fyrir, að húsaleigulögin skuli falla úr gildi smátt og smátt og að fullu og öllu 14. maí 1952, nema viðkomandi bæjar- og sveitarstjórnir ákveði annað innan þeirra takmarka, sem frv. gerir ráð fyrir. Öðrum ákvæðum frumvarpsins er því aðeins tjaldað til einnar nætur.

Ef húsaleigulögin, og þar með allar hömlur á verðlagi húsaleigu, verða felld úr gildi, verður afleiðingin sú, að verð á húsaleigu ákvarðast eingöngu af framboði og eftirspurn. Við þær aðstæður takmarkaðs húsnæðis, sem við eigum nú við að búa, einkum hér í Reykjavík, er augljóst, að þetta verður til þess, að öll húsaleiga hækkar úr öllu hófi. Það verður svartamarkaður á allri húsaleigu. Eins og nú er ástatt um hag manna, hlýtur þetta að verða til þess, að fjöldi láglaunamanna fær ekki undir risið og verður beinlínis flæmdur frá heimilum sínum. Eins og horfurnar eru nú um efnahag manna, er erfitt að gera sér grein fyrir því neyðarástandi, sem samþykkt þessa frv. óbreytts mundi eiga sinn þátt í að skapa, ef það kemur til framkvæmda.

Við leggjum því til, að 7. gr. frv. verði felld niður, en í stað hennar komi ákvæði um könnun á ástandi húsnæðismála, stærð húsnæðis og leigukjörum og öðrum atriðum, er varða ásigkomulag og afnot húsnæðis, sbr. breytingartillögu, er við flytjum á sérstöku þingskjali. Verði þessi tillaga samþ., munum við flytja fleiri breytingartillögur við 3. umr., en að öðrum kosti greiða atkvæði gegn frv.

Alþingi, 9. maí 1950.

Brynjólfur Bjarnason, frsm. Hannibal Valdimarsson, fundaskr.

Ed. 696. Breytingartillaga [49. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

7. gr. frv. orðist svo:

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist:

Fyrir 1. sept. 1950 skulu bæjar- og sveitarstjórnir, sem lög þessi ná til, láta fara fram könnun á öllu íbúðarhæfu húsnæði, og skulu eigendur og umráðamenn húsnæðis skyldir til að gefa upplýsingar um stærð húsnæðis, notkun og leigukjör, ef

um leiguhúsnæði er að ræða, leigutíma samkvæmt samningum og önnur atriði, er snerta ásigkomulag og afnot húsnæðisins. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal nánar ákveðið í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur eigi síðar en einum mánuði eftir gildistöku laga þessara.

Húsaleigunefndir, hver á sínum stað, skulu vinna úr þeim gögnum, er þannig fást, og gefa félagsmálaráðuneytinu skýrslu um húsnæðisástandið á staðnum samkvæmt þeim, ásamt tillögum um löggjöf til þess að bæta úr húsnæðisskorti. Sýni niðurstöður þessara skýrslna, að um verulegt húsnæðisleysi sé að ræða, skal félagsmálaráðuneytið undirbúa löggjöf um ráðstafanir til þess að bæta úr því og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Sþ. 697. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um eflingu útgerðar í Ísafjarðarkaupstað.

Flm.: Finnur Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Með því að ríkisstjórnin hefur nýlega veitt útflutningsleyfi fyrir fjórum skipum frá Ísafirði, en bæjarbúar þar og bæjarfélagið eru þess eigi umkomnir af eigin rammleik að bæta úr því tjóni, sem útflutningur skipanna hefur valdið, og auka útgerðina svo sem nauðsyn krefur, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að tveir hinna nýju togara verði gerðir út frá Ísafjarðarkaupstað, með tilstyrk ríkisins, eða af ríkinu, ef með þarf.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hefur ríkisstjórnin nýlega veitt útflutningsleyfi fyrir vélskipunum Gróttu IS 580, Richard IS 549, Huginn I. IS 91 og Huginn II. IS 92. Saga þessa máls hefur verið rakin í greinargerð með tillögu til þingsályktunar á þskj. 374, svo og í nefndaráliti frá minni hluta allsherjarnefndar á þskj. 651, og verður því eigi rakin hér. Hinn óvenjulegi háttur ríkisstjórnarinnar, að semja um svo stórfelldan útflutning atvinnutækja, svo sem gert hefur verið, við aðila, sem hefur strokið með skip úr landi og liggur meðal annars undir ákæru ríkisins fyrir stórkostleg gjaldeyrissvik og annað athæfi, er varðar enn þyngri refsingu, verður heldur eigi gerður hér að umtalsefni, og er um það vísað til þeirra þingskjala, er áður segir.

Hins vegar lýtur tillaga þessi að því að bæta úr því atvinnutjóni, sem Ísfirðingar hafa orðið fyrir vegna brottflutnings skipanna. Svo sem kunnugt er hafa Ísfirðingar lífsviðurværi sitt nær eingöngu af fiskveiðum. Bregðist fiskveiðarnar eða séu veiðiskipin flutt burtu úr bænum, er ekki að neinu að hverfa um atvinnu.

Undanfarin 5 sumur hefur síldveiðin fyrir Norðurlandi brugðizt, og auk þess hafa þrjár þorskvertíðir á Ísafirði brugðizt í röð. Sú, sem nú er lokið, hefur verið hin versta. Atvinna er því mjög af skornum skammti, og tekjur manna hafa farið rýrnandi ár frá ári, því að síldveiði fyrir Norðurlandi hefur jafnan verið stunduð af miklu kappi frá Ísafirði, og kemur síldarleysið því mjög hart niður á Ísfirðingum. Af þeim skipum, sem ríkisstjórnin hefur nú látið úr landi, voru tvö hin stærstu síldveiðiskip og beztu síldveiðiskip Ísfirðinga, en tvö voru yfir meðallag. Á þessum skipum höfðu að jafnaði um 70 ísfirzkir sjómenn atvinnu um síldveiðitímann, en nokkru færri á öðrum tímum árs. Er af þessu augljóst, að brottflutningur hinna fjögurra skipa er mjög þungt áfall fyrir Ísfirðinga. Geta þeirra sjálfra til þess að bæta úr þessu er harla lítil. Útgerðarfélögin standa mjög höllum fæti vegna undanfarinna aflaleysisára, og hag bæjarfélags og einstaklinga, hefur mjög hrakað af sömu ástæðum. Verður því eigi annað séð en bæði lendi bæjarfélagið í stórkostlegum vandræð-

um og atvinnuleysi aukist enn að miklum mun, nema ríkið hlaupi undir bagga. Áhöfn tveggja togara er venjulega 66 manns, og mundi því útgerð tveggja togara bæta Ísfirðingum nokkurn veginn upp brottflutning hinna 4 skipa. Þar eð flm. líta svo á, að ríkisstjórnin hafi á hverjum tíma nokkra skyldu um að spilla í engu atvinnu landsmanna, leggjum við til, að tveir hinna nýju togara verði gerðir út frá Ísafirði með aðstoð ríkisins, eða af ríkinu, ef með þarf.

Sþ. 698. Fyrirspurnir. [162. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um aðstoð af Marshallfé til vatnsorkuvirkjana.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Sigurði Ágústssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin skipta því fé, sem von er á frá Marshallstofnuninni til vatnsorkuvirkjana á Íslandi, milli þeirra byggðarlaga, sem sótt hafa um Marshallaðstoð til slíkra framkvæmda.

II. Til ríkisstjórnarinnar um áburðarverksmiðju.

Frá Einari Olgeirssyni.

Hvað líður undirbúningi að byggingu áburðarverksmiðju?

Sþ. 699. Breytingartillögur [38. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 2. gr.	a.	Við 3. (Vörumagnstollur). Fyrir „23 000 000“ kemur		21 000 000
		b.	Við 4. (Verðtollur). Fyrir „58 000 000“ kemur		78 000 000
		c.	Við 9. (Bifreiðaskattur). Fyrir „4 500 000“ kemur		3 500 000
		d.	Við 17. (Söluskattur). Fyrir „36 000 000“ kemur		47 500 000
2.	— 3. —	A.	Sundurliðun 2. (Landssíminn).		
		a.	Við I. (Tekjur). Fyrir „27 360 000“ kemur		27 578 000
		b.	Við II. b. 4. (Stuttbylgjustöðin í Reykjavík). Fyrir „342 000“ kemur		560 000
3.	— 3. —	A.	Sundurliðun 3. I. (Tekjur áfengisverzlunarinnar). Fyrir „49 000 000“ kemur		53 000 000
4.	— 10. —	III.	(Utanríkismál). Kaflinn orðist svo:		
		1.	Sendiráðið í Kaupmannahöfn:		
		a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	81 000	
		b.	Laun starfsfólks utan launalaga	13 600	
		c.	Risna og staðaruppbót	81 000	
		d.	Annar kostnaður	47 100	
					222 700

2.	Sendiráðið í Stokkhólmi:		
	a. Laun sendifulltrúa og annarra starfsmanna samkvæmt launalögum	46 200	
	b. Laun annarra starfsmanna	22 600	
	c. Risna og staðaruppbót	89 900	
	d. Annar kostnaður	78 000	
			236 700
3.	Sendiráðið í London:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	129 000	
	b. Laun annarra starfsmanna	19 300	
	c. Risna og staðaruppbót	259 100	
	d. Annar kostnaður	162 900	
			570 300
4.	Sendiráðið í Washington:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	66 600	
	b. Laun annarra starfsmanna	127 500	
	c. Risna og staðaruppbót	343 900	
	d. Annar kostnaður	123 300	
			661 300
5.	Sendiráðið í Moskva:		
	Laun og annar kostnaður		650 000
6.	Sendiráðið í París:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	103 800	
	b. Laun annarra starfsmanna	18 900	
	c. Risna og staðaruppbót	262 800	
	d. Annar kostnaður	84 900	
			470 400
7.	Sendiráðið í Oslo:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	79 200	
	b. Laun annarra starfsmanna	9 400	
	c. Risna og staðaruppbót	112 000	
	d. Annar kostnaður	43 100	
			243 700
8.	Aðalræðismannsskrifstofan í Hamborg:		
	a. Laun aðalræðismanns samkv. launalögum	30 600	
	b. Laun annarra starfsmanna	54 800	
	c. Risna og staðaruppbót	78 800	
	d. Annar kostnaður	33 100	
			197 300
9.	Aðalræðismannsskrifstofan í New York:		
	a. Laun samkv. launalögum	18 000	
	b. Staðaruppbót	24 600	
	c. Annar kostnaður	11 800	
			54 400
10.	Ferðakostnaður		125 000
11.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki		550 000
12.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum		550 000
13.	Til upplýsingastarfsemi		15 000

			14. Til kjörræðismanna	10 000
			15. Til endurbóta og kaupa á húsgögnum vegna sendiherrabústaðarins í London	150 000
				4 706 800
5.	Við 13. gr.		A. III. 8. Fyrir orðin „á Langadalsströnd“ kemur: í Ísafirði.	
6.	— 13.	—	C. IX. 25. Liðurinn orðist svo: Selsvör (í eitt skipti fyrir öll)	10 000
7.	— 13.	—	C. X. (Hafnarbótasjóður). Fyrir „300 000“ kemur	1 500 000
8.	— 14.	—	B. XIV. 9. c. Nýr (staf)liður: Til annarrar starfsemi handíðaskólans	20 000
9.	— 14.	—	B. XVI. 10. Nýir liðir: a. Til íþróttakennaraskóla Ísl. vegna þátttöku íþróttaflokks á Lingiaden 1949	8 000
			b. Til íþróttasambands Íslands vegna þátttöku í sundmeistaramóti í Vín	6 000
10.	— 15.	—	A. VII. 33. Nýr liður: Til sjómannastofu á Akranesi	2 000
11.	Við 15. gr.		A. XI. Nýir liðir: a. Til Arnórs Sigurjónssonar til ritstarfa	8 000
			b. Til Sigurðar Skagfields til söngkennslu	2 000
12.	— 16.	—	A. 14. (Landþurrkun í Vestur-Landeyjum). Á eftir orðunum „annars staðar að“ kemur: (lokagreiðsla).	
13.	— 16.	—	A. 15. (Fyrirhleðsla á Hólmsá). Fyrir orðið „á“ kemur: við.	
14.	— 16.	—	A. 19. Nýr liður: Til mjólkurbúa og smjörsamlaga	200 000
15.	— 16.	—	B. 12. Nýir liðir: a. Til greiðslu á sjóveðum síldveiðiskipa sumarið 1949	1 500 000
			b. Til aflatryggingarsjóðs Bolungavíkur samkv. lögum nr. 109/1943	12 000
16.	— 16.	—	D. V. Liðurinn orðist svo: Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum, að fengnum tillögum raforkuráðs: a. Til 70 hestafla stöðva og stærri	500 000
			b. Til smærri stöðva	150 000
17.	— 17.	—	5. (Styrktar- og sjúkrasjóðir). Fyrir „18 000“ kemur	20 000
18.	— 17.	—	26. Nýr liður: Til vatnsveitna samkvæmt lögum	200 000
19.	— 18.	—	II. b. a. Bergljót Blöndal. Liðurinn fellur niður.	
			b. Við bætist í stafrófsröð: Lilja Haraldsdóttir	800.00
			c. Þrúður I. Jónsdóttir. Fyrir „600.00“ kemur	800.00
20.	— 20.	—	Út V. (Bygging varðskipa). Fyrir „2 200 000“ kemur	3 850 000

21. — 20. — Út VIII. (Flugvallagerðir og lendingarbætur fyrir flugvélar).
Fyrir „2 500 000“ kemur 1 250 000
22. — 22. — V. (Uppbætur til skipasmíðastöðva).
Liðurinn fellur niður.
23. — 22. — XI. Nýir liðir:
a. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.
b. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
c. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.
d. Að selja Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda skipasmíðaskála Landssmiðjunnar við Elliðaárvog, ef viðunandi verð fæst.
e. Að kaupa af Búnaðarfélagi Íslands tilraunastöðina Sámsstaði í Fljótshlíð, ef samningar takast um verð og greiðsluskilmála.

Sþ. 700. Nefndarálit [39. mál]

um till. til þál. um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd tók tillögu þessa til umræðu á tveimur nefndarfundum, en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Leggur meiri hluti nefndarinnar, þeir Pétur Ottesen, Ásmundur Sigurðsson, Karl Kristjánsson, Halldór Ásgrímsson, Helgi Jónasson, Jónas Rafnar, Ingólfur Jónsson og Hannibal Valdimarsson, til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn, Gísli Jónsson, er andvígur tillögunni og mun gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Í byrjun janúarmánaðar ritaði fjárveitinganefnd forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins bréf og spurðist fyrir um, fyrir hve háar upphæðir Áfengisverzlun ríkisins hefði selt áfengi með lækkuðu verði árin 1947 og 1948. Einnig var um það spurt í bréfi nefndarinnar, hversu mikið áfengismagn þetta mundi hafa kostað með venjulegu útsöluverði verzlunarinnar.

Seinna voru Áfengisverzluninni send tilmæli um að gefa upplýsingar um ofannefnd atriði, miðað við allan þann tíma, sem Áfengisverzlunin hefur starfað.

Í byrjun marzmánaðar barst nefndinni svar frá forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, og segir þar, að allt frá stofnun Áfengisverzlunarinnar í ársbyrjun 1923 hafi ávallt „meira og minna af áfengi verið selt með lækkuðu verði,“ en þótt frumnótur og önnur gögn séu enn þá til, þá séu þau svo óaðgengileg, að kalla megi óframkvæmanlegt að gefa upplýsingar um þetta fyrir allan tímann.

Enn fremur segir svo orðrétt um þetta í bréfi forstjórans:

„Loks veldur það erfiðleikum að gera yður tæmandi skýrslur, að fyrir kom, að einstöku aðilar, sem hlunnindanna nutu, komu hér í eigin persónu og staðgreiddu þá úttekt sína. Og var það ekki fyrr en „sérréttindi“ þessi tóku að vekja umtal, að vér gættum þess að færa í viðskiptareikningana alla úttekt hvers um sig.

Viljum vér, eins og á stendur, gefa yður að þessu sinni eftirfarandi upplýsingar:

Áfengi selt með innkaupsverði, öðrum en erlendum sendisveitum:

1947	kr. 94717.00.	Þar af til skipa í millilandasiglingum	kr. 12631.00
1948	— 60287.00	— — — — og flugvéla —	— 3610.00
1949	— 84409.00	— — — — — — —	— 25166.00

Sakir tíðra breytinga á útsöluverði er erfitt að segja nákvæmlega um útsöluverðið. En láta mun nærri, að sex- til sjöfalda megi nettóverðið 1947, en átt- til nífalda það 1949.“

Samkvæmt þessum upplýsingum forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, herra Guðbrands Magnússonar, er þá ljóst, að á árinu 1947 hefði útsöluverð þeirra vínfanga, sem seld voru öðrum en erlendum sendisveitum á innkaupsverði, a. m. k. numið 663 þús. kr. Á árinu 1948 hefur það numið 442 þús. kr. að útsöluverði og 759 þús. kr. árið 1949.

Á þessum þremur árum hefði „hlunnindabrennivínið“ sem sé numið einni milljón, átta hundruð sextíu og fjórum þúsundum króna með útsöluverði Áfengisverzlunar ríkisins. Frá þessari upphæð er þó rétt að draga um þrjú hundruð og fjörutíu þúsund krónur, vegna vínfanga til skipa og flugvéla í millilandasiglingum, en samt er eftir ein millj. og fimm hundruð þúsund krónur, er vínföng þau, sem seld hafa verið forsetum Alþingis og öðrum sérréttindamönnum Áfengisverzlunarinnar á innkaupsverði, hefðu skilað í kassa fyrirtækisins, ef þau hefðu verið seld með venjulegu útsöluverði, eins og meiri hluti fjárveitinganefndar telur sjálfsagt, að gert hefði verið. Af þessari upphæð hafa hlunnindamennirnir greitt tæpar tvö hundruð þúsund krónur, og verður það þannig ein milljón og þrjú hundruð þúsund kr., sem ýmsum tignarmönnum landsins hefur verið eftirgefið á seinustu þremur árum af áfengisviðskiptum þeirra við vínverzlun ríkisins.

Einnig hafði nefndin ritað Tóbakseinkasölu ríkisins bréf og spurzt fyrir um sams konar atriði og Áfengisverzlunin var spurð um fyrir sitt leyti.

Svo hljóðandi upplýsingar bárust:

„1. Það, sem selt hefur verið fyrir á árunum 1947 og 1948, nemur kr. 11501.13 á árinu 1947 og kr. 12023.85 á árinu 1948.

2. Útsöluverð þessarar vöru hefði verið á úttekt ársins 1947 kr. 64055.45 og 1948 kr. 69518.20.“

Venjulegt útsöluverð hlunnindatóbaksins nemur þannig 133573.65 krónum, og kostar þetta þá ríkissjóð 110 þús. kr. á tveimur árum, að því frádregnu, sem hlunnindamennirnar hafa sjálfir greitt.

Öll slík sérréttindi telur meiri hluti fjárveitinganefndar óþörf og óviðeigandi og vill láta taka fyrir þau með öllu.

Nefndin hefur ávallt talið mjög óviðeigandi, að umrædd hlunnindi í áfengis- og tóbakskaupum voru upphaflega tekin upp án allra heimilda Alþingis. Þess vegna hefði verið viðkunnanlegast, að það stórmenni, sem þeirra hefur notið, hefði afsalað sér þeim án fyrirmæla frá þinginu. En þar sem það hefur ekki gerzt, leggur meiri hluti fjárveitinganefndar til, að tillagan verði samþykkt óbreytt og öll sérréttindi í áfengis- og tóbakskaupum niður felld.

Alþingi, 9. maí 1950.

Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm. Jónas G. Rafnar. Helgi Jónasson.
Pétur Ottesen. Halldór Ásgrímsson. Karl Kristjánsson.
Ásmundur Sigurðsson. Ingólfur Jónsson.

Sþ. 701. Breytingartillögur [38. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950.

I. Frá *Jóhanni Hafstein* og *Vilhjálmi Hjálmarssyni*.
Við 14. gr. B. XVI. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „500 000“ kemur 700 000

II. Frá *Ólafi Thors.*

Við 22. gr. IX. Nýr liður:

Að veita útvegsmönnum, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumurin 1948 og 1949, eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti á aðstoðarlánum þeim, sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. veittu nefnd sumur með ábyrgð ríkissjóðs, svo og sjóveðskröfum frá síldarvertíð sumarið 1949, sem ríkissjóður kann að greiða samkvæmt heimild í þessa árs fjárlögum. Skilyrði fyrir þessari eftirgjöf eru þau sömu og um ræðir í 14. gr. laga nr. 100/1948.

Nd. 702. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Upphaf 6. gr. laganna orðist svo:

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal sleppt broti úr stigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í heilt stig. Skal hækka laun ....

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi:

Ekki skal það varða missi vísitöluuppbótar, þótt verkalýðsfélag færi kauptaxta sinn til móts við vegið meðaltal kauptaxta félaga ófaglærðra verkamanna, þó ekki yfir 3 kr. grunnkaup á klukkustund.

Standi yfir vinnudeila eða samningaumleitanir við gildistöku laganna, skal það talið jafngilt kjarasamningi fyrir 19. marz 1950, ef deiluaðilar semja síðar um kaupgjald, sem sannanlega lá fyrir sem fast tilboð frá atvinnurekendum fyrir þann dag.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. 11. gr. laganna komi:

Heimilt er ráðherra að fella niður gjald þetta af þeim hluta aflans, sem látinn er til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju beint úr skipi eða til framleiðslu annarra afurða í sambandi við nýjan iðnað.

4. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, önnur en þau, sem 15. gr. tekur til, skulu varða sektum allt að 50 þús. kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skulu sektirnar renna í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar hefur ætíð verið reiknuð í heilum stigum, og við setningu laga nr. 22/1950 var ekki gert ráð fyrir, að nein breyting yrði á þeirri reglu. Aftur á móti voru ekki tekin inn í lögin jafnákveðin ákvæði um útreikning vísitölunnar eins og voru í 4. tölulið 2. gr. laga nr. 51/1940. Þessi viðbót við lögin er því gerð til að taka af allan vafa um þetta atriði.

Um 2. gr.

Við umræður á Alþingi um frumvarp til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. lýsti ríkisstjórnin því yfir, að hún mundi taka til athugunar tillögur Alþýðusambands Íslands um leiðréttingu á því misræmi, sem væri á kaup- og kjarasamningum ýmissa verkalýðsfélaga. Var ríkisstjórnin þeirrar skoðunar, að ekki væri sanngjarnt, að það verkafólk, sem lægst væri launað, missti rétt til vísitöluuppbótar á kaup sitt, þótt það væri fært til samræmis við meðalkauptaxta annarra verkalýðsfélaga. 2. grein þessa frumvarps er því borin fram í samræmi við fyrri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og eftir viðræður við stjórn Alþýðusambands Íslands.

Vegið meðaltal kauptaxta félaga allra ófaglærðra verkamanna er fundið með því að margfalda meðlimatölu hvers félags með kauptaxta þess og deila síðan meðlimatölu allra félaganna í summuna af þeirri útkomu.

Grunntaxtar verkalýðsfélaganna á klukkustund eru nú þannig:

1	félag	hefur	kr. 2.60
14	félög	hafa	— 2.70—2.80
24	—	—	— 2.90—2.95
35	—	—	— 3.00—3.08

Í síðari flokknum eru öll stærstu félögin.

Seinni málsgr. 2. gr. nær aðeins til þriggja kjarasamninga, sem gerðir hafa verið síðan 19. marz s. l., og eru það samningar Flugvirkjafélags Íslands, Bakarasveinafélags Íslands og Verkalýðsfélagsins Harðar í Hvalfirði.

Um 3. gr.

Vegna slæmra markaðsskilyrða fyrir afla togaranna hafa nokkrir togarar byrjað að leggja afla sinn upp í verksmiðjur, og má búast við, að slík veiði fari í vöxt. Þessi vinnsluaðferð var ekki hafin, er lög nr. 22/1950 voru sett, enda var ekki tekið tillit til hennar við ákvörðun framleiðslugjalda, sbr. 11. gr. Þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um útgerð togaranna og rekstur síldar- og fiskimjölsverksmiðja á þessum grundvelli, sýna, að þessi rekstur getur ekki staðið undir sérstöku framleiðslugjaldi. Væri það mjög gegn anda laganna að koma í veg fyrir þessa framleiðslu, sem getur gert nýju togurunum kleift að halda áfram veiðum, þegar ísfiskmarkaðurinn og skilyrði til saltfiskveiða eru verst, eykur framleiðslugetu og nýtingu verksmiðjanna og skapar verðmætar gjaldeyristekjur. Af þessum ástæðum telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, að heimilt sé að fella niður framleiðslugjald á afla, sem er lagður upp til vinnslu í verksmiðjum, ef sannað þykir, að taprekstur á þessum veiðum sé annars óumflýjanlegur.

Um 4. gr.

Við setningu laga nr. 22/1950 hafði láðst að setja refsiákvæði, og er þetta lagfært með 4. gr.

Nd. 703. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu á ábyrgðarheimildinni, sem stafar af áætlaðri hækkun á kostnaðarverði hennar vegna breytingar þeirrar á gengi íslenzkrar krónu, sem orðið hefur síðan frv. var lagt fyrir Alþingi. Þó hafa sumir nefndarmenn áskilið sér rétt til að bera fram eða fylgja frekari breytingum við frv.

Nefndinni barst í hendur bréf frá formanni stjórnar sementsverksmiðjunnar, þar sem hann gerir grein fyrir þeim breytingum á stofn- og rekstrarkostnaði verksmiðjunnar, sem gengislækkunin hefur í för með sér, og fylgir það hér með.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „30 millj. króna“ komi: 46 millj. króna.

Alþingi, 9. maí 1950.

Ólafur Björnsson, form. Emil Jónsson, fundaskr. Bjarni Ásgeirsson, frsm.

Sigurður Guðnason. Sigurður Ágústsson.

Fylgiskjal.

SEMENTSVERKSMIÐJA RÍKISINS

Reykjavík, 29. marz 1950.

Vegna tilmæla formanns iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis eru nefndinni hér með sendar áætlanir um stofn- og reksturskostnað fyrirhugaðrar sementsverksmiðju á Akranesi, og eru þær endurskoðaðar með tilliti til breytinga þeirra á gengi íslenzku krónunnar, er lögfestar voru 19. þ. m. Að öðru leyti er um sömu stofnkostnaðaráætlun að ræða og um getur í greinargerð með frumvarpi því til laga um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementverksmiðju, er háttvirt iðnaðarnefnd hefur nú til athugunar, og um sömu reksturskostnaðaráætlun og sjá má á bls. 57 í skýrslu um störf sementsverksmiðjustjórnar.

Fer hér fyrst á eftir áætlun um stofnkostnað sementsverksmiðju á Akranesi, er framleiði 250 tonn á sólarhring. Í fremra dálkinum er áætlun sú: 28.6 millj kr., sem miðuð er við gengisskráningu íslenzku krónunnar eins og hún var síðasta hluta ársins 1949, en í aftari dálkinum sama áætlun miðuð við þær verðlagsbreytingar, sem gera má ráð fyrir, að eigi sér stað í náinni framtíð vegna ofangreindrar gengisbreytingar. Eru þá allir kostnaðarliðir, sem greiða þarf í erlendum gjaldeyri, hækkaðir um 75%, en aðrir kostnaðarliðir hækkaðir um 12%, og er þar miðað við, að framleiðslukostnaður — og þá jafnframt kaupgjald — hækki um 12% vegna gengislækkunarinnar, eins og gert er í greinargerð með frumvarpi til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

	Með gengi í árslok 1949	Með núgildandi gengi
1. Vélar til framleiðslu sements úr skeljasandi, fjörusandi og líparíti, þar með taldar þvottavélar, myllur og flutningstæki	kr. 5 800 000	10 200 000
2. Annar vélaútbúnaður: krani í geymsluhúsi, dæluútbúnaður fyrir skeljasand, dráttarskófla og ýta fyrir skeljasand, dæluútbúnaður fyrir fjörusand, mótorbátur, borvélar til líparítnáms, 2 vörubílar til líparítflutninga, ofnfóðrun, mölunarstykki, einangrun, sand-, loft-, vatns- og leðjuleiðslur, tengistykki, niðurfall, undirstöðuboltar og annað þess háttar, tæki til flutnings á ópökkuðu sementi frá Akranesi til Reykjavíkur	— 2 500 000	4 400 000
3. Tæki og annar útbúnaður í rannsóknarstofu og verkstæði	— 300 000	500 000
4. Rafmagnsvélar og annar rafmagnsútbúnaður: straumbreytar, rafmagnsstrengir, tengiútbúnaður, hreyflar og ljósaútbúnaður	— 3 000 000	5 300 000

5. Uppsetning véla	kr.	2 000 000	2 700 000
6. Varahlutir og varavélar (flutningsgjald og tollur talinn með)	—	1 000 000	1 800 000
7. Flutningsgjald á vélum til sementsframleiðslu og rafmagnsútbúnaði, vátrygging, tollar o. fl.	—	1 800 000	3 200 000
8. Verksmiðjubyggingar (þar með talinn reykháfur og sílóar), undirstöður, olíutankar og geymsluhús, að meðtalinni jarðvinnu á byggingarlóð og steypuvegg um skeljasandsgeymslu	—	7 500 000	10 500 000
9. Hús fyrir rannsóknarstofu, verkstæði, skrifstofu, varahlutageymslu, matstofu, íbúð fyrir verksmiðjustjóra og umsjónarmann	—	1 900 000	2 500 000
10. Sandprammi	—	850 000	1 500 000
11. Vextir af höfuðstól meðan á byggingu stendur	—	750 000	1 200 000
12. Ýmisleg útgjöld og ófyrirséð	—	1 200 000	1 600 000
Samtals	kr.	28 600 000	45 400 000

Sé reksturskostnaður verksmiðjunnar endurskoðaður með sama hætti, verður framleiðslukostnaður hvers tonns af sementi sem hér segir, þegar miðað er við 75 þús. tonna ársframleiðslu:

1. Raforka	kr.	7.50
2. Hráefni, þar með talið gips	—	17.00
3. Brennsluolía	—	47.00
4. Vinnulaun við sementsframleiðsluna	—	22.50
5. Efni til viðgerðar og framleiðslu	—	12.00
6. Sölukostnaður, skrifstofukostnaður, stjórnarkostnaður o. fl.	—	7.50
7. Tryggingar, skattar o. fl.	—	5.00
8. Vextir af rekstursfé, 4% vextir af stofnkostnaði, 10% afskriftir af verði véla, 3% afskriftir af verði bygginga o. fl.	—	45.00
Framleiðslukostnaður pr. t af sementi án umbúða	kr.	163.50
Umbúðir	—	17.50
Framleiðslukostnaður pr. t af sementi í umbúðum	kr.	181.00

Í reksturskostnaðaráætlun þessari er einnig tekið tillit til þeirrar hækkunar á verði brennsluolíu, sem átti sér stað vegna lækkunar á gengi sterlingspunds og þá jafnframt íslenzkrar krónu haustið 1949.

Endurskoðun þessi á stofn- og reksturskostnaði fyrirhugaðrar sementsverksmiðju er gerð í samvinnu við Árna Pálsson yfirverkfræðing.

Þá hefur stjórn sementsverksmiðjunnar leitað til skrifstofu verðlagsstjóra og spurzt fyrir um áætlað verð á sementi, þegar gengislækkunarinnar er farið að gæta til fulls. Er þar gert ráð fyrir, að útsöluverð sements hér í Reykjavík, sem verið hefur kr. 288.00 pr. t, muni verða kr. 445.00—450.00 pr. t, að óbreyttum þeim kostnaðarliðum, sem greiða þarf í erlendri mynt.

F. h. stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins.

Jón E. Vestdal.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 704. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.
Jónas Rafnar sat hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1950.

Jóhann Hafstein, frsm. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.

Sþ. 705. Breytingartillögur [154. mál]

við till. til þál. um vélræna upptöku á þingræðum.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Aftan við fyrri málsgr. till. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Einnig skorar Alþingi á forseta þingsins og ríkisstjórn að hlutast til um það, að breytt verði útgáfu alþingistíðinda á þann veg, að umræður verði prentaðar án tafar og gefnar út í heftum, eigi sjaldnar en einu sinni í viku á meðan Alþingi er háð.
2. Aftan við fyrirsögn tillögunnar komi: og um breytta útgáfu á umræðuhluta alþingistíðinda.

Ed. 706. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndarmenn allsherjarnefndar urðu ekki sammála um frumvarp þetta og tillögur um afgreiðslu þess.
Við undirritaðir lítum svo á, að rétt sé að gera frumvarpið óbreytt að lögum, og leggjum til, að frv. verði samþykkt.
Minni hl. (HV og BrB) munu skila sérstöku áliti.

Alþingi, 9. maí 1950.

Lárus Jóhannesson, form. Karl Kristjánsson, frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 707. Þingsályktun [153. mál]

um kosningu fulltrúa á ráðgjafarþing Evrópuráðsins.

(Afgreidd frá Sþ. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 618.

Nd. 708. Frumvarp til laga [164. mál]

um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum 20 þúsund kr. eða lægri, álögðum 1950. Skattlækkunin ákveðst þannig, að tekjuskattur gjaldanda með 20 þúsund krónur í hreinar árstekjur, og konu og barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal lækkaður um 33⅓ af hundraði.

Þeirrar hlutfallslækkunar í tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og frv. þetta ber með sér, er hér um að ræða lækkun á tekjuskatti þeirra, sem lægstar tekjur hafa. Þar sem skattanefndir á ýmsum stöðum eru búnar að leggja fram skattskrár, og munu víðast hvar að ljúka störfum, er eigi unnt að koma við neinni breytingu á útreikningi persónufrádráttarins að þessu sinni. Er því sú leið valin að veita í stað þess tilslökun á skattupphæðinni sjálfri, en til grundvallar lækkuninni er lögð þriðjungsaukning persónufrádráttarins hjá fjölskyldumanni, sem hefur 20 þús. króna nettótekjur og hefur eitt barn á framfæri.

Reynt hefur verið að gera sér grein fyrir hversu miklu skatttapi ríkissjóður verði fyrir vegna þessarar eftirgjafar, og er niðurstaðan sú, að það nemi tveimur og hálfri milljón króna.

Nd. 709. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 4. gr. b.

1. Liðurinn orðist svo:
   Varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmíi skal skipt milli viðgerðarverkstæða með hliðsjón af tölu skráðra bifreiða í umdæminu og stærð og afkastagetu verkstæðanna.
2. Við bætist nýr liður (13. gr.), svo hljóðandi:
   Byggingarefni hvers konar skal innflytjandi afgreiða til smásala í réttu hlutfalli við byggingarframkvæmdir samkvæmt fjárfestingarleyfum.. Fjárhagsráð skal miða fjárfestingarleyfin við það efnismagn, sem flutt er til landsins, þannig

að tryggt megi teljast, að þeir, sem fjárfestingarleyfi hafa fengið, fái nægilegt efni til framkvæmdanna. Byggingarefni, sem ætlað er til viðhalds mannvirkja og framkvæmda, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi fyrir, skal úthluta til verzlana eftir skýrslum byggingarfulltrúa í bæjum og oddvita í sveitum.

Sþ. 710. Breytingartillögur [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 3. II. (Áfengisverzlunin).
   a. Við 1. a. (Grunnlaun).
   Fyrir „409 350“ kemur 391 080
   b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót).
   Fyrir „818 700“ kemur 782 160
   c. Við 3. (Annar rekstrarkostnaður).
   Fyrir „698 950“ kemur 671 760
2. — 3. — A. Sundurliðun 4. II. b. (Tóbakseinkasalan, annar rekstrarkostnaður).
   Fyrir „937 000“ kemur 737 000
3. — 3. — A. Sundurliðun 5. III. b. 2. (Viðtækjaverzl., annar kostn.).
   Fyrir „175 900“ kemur 125 900
4. — 10. — I. 2. b. (Dómsmálaráðuneytið).
   a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „91 800“ kemur 84 600
   b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „183 600“ kemur 169 200
5. — 10. — I. 2. c. (Félagsmálaráðuneytið).
   a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „55 000“ kemur 44 750
   b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „110 000“ kemur 89 500
6. — 10. — I. 2. d. I. (Fjármálaráðuneytið).
   a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „83 708“ kemur 72 475
   b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „167 417“ kemur 144 950
7. — 10. — I. 2. d. II. (Endurskoðunardeild).
   a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „125 870“ kemur 111 690
   b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „251 740“ kemur 223 380
8. — 10. — I. 2. g. (Utanríkisráðuneytið).
   a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „137 162“ kemur 105 535
   b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „274 325“ kemur 211 070
9. — 10. — I. 2. h. (Viðskiptamálaráðuneytið).
   a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „40 808“ kemur 26 100
   b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „81 617“ kemur 52 200
10. — 10. — I. 3. (Ríkisféhirzla og ríkisbókhald).
   a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „147 595“ kemur 129 817
   b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „295 190“ kemur ... 259 633
11. — 11. — A. 1. c. (Útgáfa hæstaréttardóma).
   Liðurinn fellur niður.
12. — 11. — A. 2. (Borgardómaraembættið).
   a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „79 867“ kemur 74 500
   b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „159 733“ kemur ... 149 000
13. — 11. — A. 4. c. (Sakadómaraembættið, annar kostnaður).
   Fyrir „181 800“ kemur 131 800
14. — 11. — A. 8. a. 4. a. (Bifreiðakostnaður lögreglunnar).
   Fyrir „200 000“ kemur 150 000

15. Við 11. gr. A. 11. (Sakamál og lögreglumál).
Fyrir „200 000“ kemur 150 000
16. — 11. — B. 12. Liðurinn orðist svo:
a. Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum 1 500 000
b. Kostnaður við skömmtunarskrifstofu 400 000
1 900 000
÷ Tekjur 3 496 000
Mismunur, sem flyzt á 2. gr. 1 596 000

Sþ. 711. Breytingartillögur [38 mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 og við brtt. á þskj. 699.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. 17. Nýr liður:
Leyfisgjöld 3 500 000
2. — 3. — A. Sundurliðun 2. (Landssíminn).
a. Við II. a. Á eftir orðunum „í sveitum“ kemur: að frádregnum stofngjöldum.
b. Við II. b. 5. Á eftir orðinu „Hafnarfirði“ kemur: að frádregnum stofngjöldum.
3. — 14. — B. II. e. Nýr liður:
Til Sverris Markússonar, til dýralæknisnáms 5 000
4. — 14. — B. XXVII. (Rannsóknir á þroskastigi skólabarna).
a. Við 1. Liðurinn orðist svo:
Laun dr. Matthíasar Jónassonar:
a. Grunnlaun 10 200
b. Verðlagsuppbót 20 400
b. Við 2. (Annar kostnaður).
Fyrir „30 000“ kemur 51 600
5. — 16. — D. II. Nýr (rómv.) liður:
Rafmagnsveitur ríkisins:
1. Laun 315 000
Þar af greitt af veitum í rekstri .. 70 000
245 000
2. Annar kostnaður, bifreiðageymsla, bifreiðar og vélar 600 000
845 000
3. Rekstrarkostnaður og raforkukaup veitna:
a. Rafmagnsveitur ríkisins:
1. Reykjanesveita 1 000 000
2. Suðurlandsveita 430 000
3. Húsavíkurveita 150 000
4. Gönguskarðsárvirkjun 450 000
2 030 000
b. Héraðsrafmagnsveitur ríkisins:
1. Egilsstaðaveita 70 000
2. Árnesveita 80 000
3. Þingeyjarveita 100 000

4. Rangárvallaveita	200 000	
5. Borgarfjarðarveita	18 000	
6. Skagafjarðarveita	25 000	
7. Eyjafjarðarveita	33 000	
		526 000
		3 401 000

÷ Tekjur:

a. Rafmagnsveitur ríkisins:		
Reykjanesveita	1 000 000	
Suðurlandsveita	420 000	
Húsavíkurveita	120 000	
Gönguskarðsárvirkjun, hluti árs	100 000	
		1 640 000
b. Héraðsrafmagnsveitur ríkisins:		
Egilsstaðaveita	65 000	
Árnesveita	80 000	
Þingeyjarveita	100 000	
Rangárvallaveita	180 000	
Borgarfjarðarveita	18 000	
Skagafjarðarveita	25 000	
Eyjafjarðarveita	28 000	
		496 000
c. Greiðist af nýbyggingum		845 000
d. Bráðabirgðalán til greiðslu á rekstrarhalla rafveitna		420 000
		3 401 000

6. Við brtt. 699,19. c. (Við 18. gr. II. b.).
   Fyrir „Þuríður J. Jónsdóttir“ kemur: Þrúður I. Jónsdóttir (leiðrétting).
7. — 22. gr. VII. Liðurinn orðist svo:
   Að lána allt að 3 millj. kr. af framleiðslugjaldi skv. 11. gr. laga nr. 22/1950 til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des. 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr stofnlánadeild.
8. — 22. — X. Nýir liðir:
   a. Að taka allt að 2 millj. kr. lán vegna smíði varðskipa.
   b. Að taka allt að 500 þús. kr. lán til þess að ljúka byggingu þjóðminjasafnsins.

Sþ. 712. Breytingartillögur [38. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 og við brtt. á þskj. 699.

I. Frá *Emil Jónssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 11. (Hafnarfjörður).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000

II. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 29. (Vestmannaeyjar).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000

III. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Eiríki Einarssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 7. (Eyrarbakki).
Fyrir „15 000“ kemur 30 000

IV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 16. (Lendingarbætur). Nýr liður:
Hjarðardalur 20 000

V. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Kristínu Sigurðardóttur* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XX. Nýr liður:
Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til að safna íslenzkum þjóðlögum og gefa þau út:
a. Styrkur 10 500
b. Ferðakostnaður 2 000
12 500

VI. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 15. gr. A. VII. 12. (Amtsbókasafnið í Stykkishólmi).
Fyrir „4 500“ kemur 10 000

VII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. A. VII. 21. Nýr liður:
Til bókasafnsins á Flateyri, byggingarstyrkur 10 000

VIII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. XIV. 1. Nýr liður:
Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur 25 000
Til vara 20 000

IX. Frá *Emil Jónssyni.*
1. Við 15. gr. A. XV. 3. (Tónlistarfélag Ísafjarðar). Nýr liður:
Til tónlistarfélags Hafnarfjarðar 10 000
2. Við 15. gr. B. VII. 2. (Sjómælingar, annar kostnaður).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000

X. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Eiríki Einarssyni.*
Við 16. gr. A. 14. Nýr liður:
Til umbóta og þurrkunar ræktunarlanda Stokkseyringa 50 000
Til vara 30 000

XI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við brtt. 699,21. (Við 20. gr. Út. VIII. — Flugvallagerðir).
Fyrir „1 250 000“ kemur 1 800 000
Til vara 1 500 000

XII. Frá *Einari Olgeirssyni, Bjarna Ásgeirssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara 15 þús. kr. byggingarstyrk.

XIII. Frá *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að greiða tryggingasjóði sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík 35% af iðgjöldum þeirra greiddum í sjóðinn á árunum 1939—1943, að báðum árum meðtöldum, allt að 30 þús. kr.

XIV. Frá *landbúnaðarráðherra.*
Við 22. gr. X. Nýr liður:
Að taka allt að 1½ millj. kr. lán fyrir raforkusjóð til raforkuframkvæmda.

XV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. X. Nýir liðir:
a. Að gera ráðstafanir til að draga úr slysahættu við Reykjavíkurflugvöll með því að láta fjarlægja loftskeytastengurnar á Melunum.
b. Að láta reisa vita og skýli fyrir sjóhrakta á Faxaskeri við Vestmannaeyjar.

XVI. Frá *Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XI. Nýr liður:
Að greiða til útvegsmanna og hlutarsjómanna á Vestfjörðum til jafns við framlög sveitarfélaga þar vegna mjög tilfinnanlegs aflabrests á vetrar- og vorvertíð 1950, en þetta er þriðja þorskvertíð í röð, sem hefur brugðizt við Djúp, allt að 150 þús. kr.

Sþ. 713. Breytingartillögur [38. mál]

við frv. til fjárl. fyrir árið 1950.

Frá ríkisstjórninni.

1. Við 19. gr. 1. Nýr liður:
Launahækkanir samkv. 6. gr. l. nr. 22 1950, aðrar launauppbætur og uppbætur á lífeyri og eftirlaun (áætlað) 14 000 000
Frá 1. júní til ársloka 1950 skal greiða sérstakar uppbætur á laun starfsmanna ríkisins (júní—desemberlaun) sem hér segir:

Á laun samkvæmt		I.—III.	flokki	launalaganna	10%
— —	—	IV.	—	—	12%
— —	—	V.—IX.	—	—	15%
— —	—	X.—XV.	—	—	17%

Frá 1. júní 1950 skal lágmarksvinnutími, samkvæmt 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945, vera 38½ klukkustund á viku.
Frá 1. janúar til ársloka 1950 skal greiða 15% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14 400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.
Ríkissjóður greiðir helming uppbótarinnar á lífeyri, en hlutaðeigandi lífeyrissjóðir hinn helminginn.

2. — 22. — XI. Nýr liður:
Að ábyrgjast gagnvart Landsbankanum lán, samtals að upphæð allt að 26 millj. króna, samsvarandi þeirri fjárhæð, sem ríkissjóður hefur til bráðabirgða lánað eigendum nokkurra togara og vélbáta, sem fengu ekki lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Nd. 714. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög nr. 70 frá 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, eru úr gildi felld.
2. 2., 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins falli burt.
3. Við 6. gr. Greinin verði 2. gr., og aftan við hana bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Gjaldeyri til vörukaupa og annars óumflýjanlegs kostnaðar erlendis úthlutar þriggja manna nefnd, sem kallast millibankanefnd og viðskiptamálaráðherra skipar. Bankastjórar Landsbanka Íslands tilnefna einn manninn úr sínum hópi. Bankastjórar Útvegsbanka Íslands h.f. tilnefna annan mann úr sínum hópi. Þriðja manninn skipar viðskiptamálaráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

4. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um afnám laga nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Nd. 715. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Nr. 8 í 12. kafla orðist svo:			
8 Olíufræ og olíurík aldin, einnig mulin	1 kg		2
2. 18 og 19 í 15. kafla orðist svo:			
18 — risínusolía (laxerolía)	—	2	8
19 — önnur jurtafeiti, ót. a.	—	2	8
3. Nr. 2 í 25. kafla orðist svo:			
2 Sandur, ót. a. ..... tollfrjáls			
4. Í stað nr. 16 í 25. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
Gips:			
16 — óunnið ..... tollfrjálst			
16a— brennt, mulið eða þvegið	—	2	8
5. Nr. 1 í 28. kafla orðist svo:			
1 Bróm, fosfór, brennisteinn og brennisteinsmjólk og sambönd þessara efna innbyrðis, svo og með klóri og joði, svo framarlega sem þau falla ekki undir annað tollskrárnúmer	—	7	8
6. Í stað nr. 11 í 28. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
— ediksýra:			
11 — — edik	—	7	30
11a— — önnur	—	7	8
7. Nr. 51 og 52 í 28. kafla orðist svo:			
51 — metylalkóhól	—	7	8
52 — ísóprópylalkóhól	—	7	8

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
8.	Aftan við nr. 60a í 28. kafla bætist orðin: svo og hexan.			
9.	Á eftir nr. 15 í 31. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	15a — hárliðunarvökvar og hárliðunarduft, ót. a.	1 kg	7	30
10.	Nr. 17 í 44. kafla orðist svo:			
	17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m²	—		2
11.	Aftan við nr. 21 í 44. kafla tollskrárinnar komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	21a Sellófanpappír			2
12.	Nr. 22 í 44. kafla orðist svo:			
	22 Marmarapappír og annar pappír, ót.a.	—	7	30
13.	Nr. 33 í 44. kafla orðist svo:			
	33 — vaxbornar umbúðir	—		2
14.	Nr. 7 í 45. kafla falla niður.			
15.	Orðin „með eða“ í nr. 19 í 45. kafla falli niður.			
16.	Aftan við nr. 20 í 45. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	20a Áprentaður fiskumbúðapappír, enda beri áritunin það með sér, að pappírinn sé utan um fisk til útflutnings	—		2
17.	Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir úr cellulose	—	2	2
18.	Í stað nr. 4—5 í 46. kafla B komi þrjú nr., svo hljóðandi:			
	Garn:			
	4 — tvinni	—	20	8
	5 — netjagarn, ólitað	—	2	5
	5a— annað	—	20	15
19.	Á eftir nr. 8 í 48. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	8a— molskinn	—	20	25
20.	Í stað nr. 19 í 50. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
	— fiskinet og fiskinetjaslöngur:			
	19 — — úr nylon og öðrum gerviþráðum	—	2	5
	19a— — úr öðrum vefjarefnum	—	2	2
21.	42 í 50. kafla falli niður.			
22.	Nr. 22 í 60. kafla falli niður.			
23.	Á eftir fyrirsögninni að XV. flokki, „Ódýrir málmar og vörur úr þeim“, komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ef inn eru fluttar vörur úr málmum þeim, sem teljast til 64.—70. kafla, og vörur þessar eiga að koma í hærri tolla en tilsvarandi vörur úr járni og stáli í 63. kafla, má fjármálaráðuneytið mæla svo fyrir, að greiða skuli af þeim hin lægri aðflutningsgjöld eftir 63. kafla. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
24.	Á eftir nr. 22 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	22a Bryggjur, brýr, hús og önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
25.	Á eftir nr. 26 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	26a Fiskkörfur og körfur undir mjólkurflöskur úr vír og þess háttar	—	2	8
26.	Í stað nr. 85 og 86 í 63. kafla komi þrjú númer, svo hljóðandi:			
	Blikkdósir og kassar:			
	— málaðir, áletraðir, lakkeraðir eða skreyttir:			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
85	— — með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings	1 kg	7	2
86	— — aðrir	—	7	30
86a	— annars	—	7	20

27. Aftan við nr. 88 í 63. kafla komi svo hljóðandi athugas.:
Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að færa skálar, sem eru pressaðar til vaskagerðar og að öðru leyti óunnar, niður í 15% verðtoll.

28. Á eftir nr. 9 í 66. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:

9a	Mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá, stærri en 10 l	—	7	2

29. Aftan við nr. 33 í 72. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:

33a	Bindivélar	—	7	8

30. Í stað nr. 27—28 í 72. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi:

27	Vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, til graftar, og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8

31. Nr. 64 í 72. kafla orðist svo:

64	Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra	—	7	15

32. Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 13—16 í 73. kafla, „Rafmagnsbúnaður í báta, bifreiðar og bifhjól“, komi: Rafmagnsumbúnaður í bifreiðar, skip og önnur farartæki.

33. Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 37—45 í 73. kafla, „Búsáhöld og hlutar til þeirra“ komi: Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar.

34. Nr. 46—54 í 73. kafla falli niður.

35. Á eftir nr. 1 í 76. kafla komi nýtt númer, svo hljóðandi:

1a	Fallhlífar og tilheyrandi	tollfrjálsar

36. Nr. 12 í 77. kafla falli niður.

37. Í stað nr. 29—32 í 77. kafla komi þrjú nr., svo hljóðandi:

	Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.:			
29	— bifreiðavogir (bryggjuvogir)	—	7	8
30	— desimalvogir og vogir fyrir rennibrautir	—	7	8
31	— aðrar	—	7	30

38. Við nr. 3 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna.

39. Við nr. 11 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:
Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður að nokkru eða öllu leyti aðflutningsgjöld af hljómplötum með verkum eftir íslenzka höfunda og verkum sungnum og/eða leiknum af Íslendingum.

40. Á eftir nr. 10 í 82. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:
Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvarandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.

41. XXI. flokkur og 87. kafli orðist svo:

XXI. FLOKKUR **Listaverk og safnmunir, ót. a.**	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
87. kafli.			
Listaverk og safnmunir, ót. a.			
1 Listaverk ..... tollfrjáls			
Aths. Tollundanþágan eftir nr. 1 tekur aðeins til frumverksins. Fjármálaráðuneytinu er þó heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af afsteypum, sem gerðar eru erlendis eftir hér gerðum frummyndum úr gipsi eða öðru áþekku efni.			
Safnmunir, ót. a.:			
2 — frímerki og önnur slík merki ..... tollfrjáls			
3 — safnmunir til opinberra safna ..... tollfrjálsir			
4 — aðrir	1 kg	7	30

2. gr.

Í stað orðanna „settar eru hér á land um stundarsakir til áframhaldsflutnings til annarra landa“ í g-lið 3. gr. laganna komi: sem sendar eru í gegnumflutningi (transit).

Á eftir l-lið sömu greinar komi níu nýir stafliðir, svo hljóðandi:

m. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af votheysturnum og vélaútbúnaði til að steypa þá og af vélum og áhöldum til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu.

n. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af jeep-bifreiðum og almenningsvögnum og af vöruflutningabifreiðum.

o. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæðið í b-lið 24. gr. samþykktar þeirrar um alþjóðaflugmál, sem birt var með auglýsingu nr. 45/1947.

p. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum og útbúnaði til Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli, sem rekin er samkvæmt milliríkjasamningi frá 30. apríl 1947.

q. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði í b- og c-lið 7. gr. alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sem birtur er sem fylgiskjal með lögum nr. 13/1948, um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.

r. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem inn er flutt eingöngu vegna framkvæmdar samnings frá 16. september 1948, milli ríkisstjórnar Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

s. Að fella niður aðflutningsgjöld af munum, sem sendir eru hingað að gjöf og góðgerðafyrirtæki eiga að annast dreifingu á til bágstaddra og þvílíkra.

t. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af munum, sem aðeins eru fluttir hingað til sýningar eða flutnings um stundarsakir og endurútfluttir eru þegar að sýningu eða flutningi loknum, og af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu og flutt eru út þegar eftir að þau hafa verið reynd.

u. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem látið er ókeypis í té af National Bureau of Standards í Washington til vísindarannsókna samkvæmt samningi frá 1. júlí 1949 milli póst- og símamálastjórnar Íslands og National Bureau of Standards í Washington D.C.

3. gr.

Í stað orðanna „eða báta“ í síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi: báta eða flugvéla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi 5. liður 1. gr. laga nr. 6/1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Nd. 716. Frumvarp til laga [165. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkv. lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
b. 45% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.
c. 20% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
d. 10% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal ⅓ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ⅔ til kennslukvikmyndasafns.

2. gr.

Byggingarnefnd þjóðleikhússins er heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, enda skal lánið endurgreitt af tekjum þjóðleikhússins.

3. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. júní 1950 og þangað til byggingarkostnaður þjóðleikhússins er að fullu greiddur.

Meðan lög þessi gilda, frestast framkvæmd laga nr. 85/1947, um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Lög nr. 53/1949, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, falla úr gildi 1. júní 1950.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. til l. um breyting á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, er ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi 1947, var tekjum af skemmtanaskatti beint í félagsheimilasjóð og rekstrarsjóð þjóðleikhússins frá 1. janúar 1948. Stafaði þetta af því, að talið var — og í því efni farið eftir upplýsingum þjóðleikhúsnefndar — að nægilegt fé hefði þá safnazt til að ljúka byggingu leikhússins.

Síðar kom í ljós, að of mikillar bjartsýni hafði gætt í þessum efnum og var lagt fram stjórnarfrumvarp á þingi 1949, er miðaði að því að fá þjóðleikhússjóði aftur nokkurn hluta skemmtanaskattsins (35%). Frv. var breytt í meðferð þingsins, og hlaut sjóðurinn 25% teknanna til sinna þarfa frá 1. janúar 1949.

Nú er byggingu leikhússins lokið. Samkvæmt yfirliti þjóðleikhúsnefndar eru enn ógreiddar 3,3 milljónir króna í lausaskuldum vegna byggingarinnar. Enn fremur hafa verið tekin lán, er nema tæpum 6 milljónum króna, auk vaxta.

Þar sem svo er komið, að lánsmöguleikar leikhússins hafa verið notaðir til hins ýtrasta, en miklar skuldir, sem aðkallandi er að greiða, telur menntamálaráðuneytið eigi annað fært en leggja til, eins og frv. þetta ber með sér, að 45% skemmtanaskattsins verði beint í byggingarsjóð leikhússins, og styrkveitingum félagsheimilasjóðs að nokkru skotið á frest meðan verið er að greiða þessa skuld. Það er vitað mál, að félagsheimilasjóði var fenginn hluti skemmtanaskattsins árið 1947 í fullu trausti þess, að nægilegt fé yrði fyrir hendi til þess að ljúka leikhúsbyggingunni, og þótt starfsemi sú, sem félagsheimilasjóður á að styðja, sé nauðsynleg, þá verður samt fyrst og fremst að koma þjóðleikhúsmálinu í höfn. Til þess

á, að dómi menntamálaráðuneytisins, að nota skemmtanaskattinn, en ráðuneytið treystir sér eigi til að fara fram á framlög úr ríkissjóði til greiðslu þessa kostnaðar.

Þessa afstöðu ráðuneytisins má eigi skilja á þann veg að lítils sé vert um hlutverk félagsheimilasjóðs. Þvert á móti. En það haggar eigi þeirri staðreynd, að þjóðleikhúsbyggingin myndi eigi hafa verið svipt tekjum af skemmtanaskatti, ef menn hefði órað fyrir, að jafnmikið væri ógreitt vegna byggingarinnar og raun ber vitni.

Í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili, er íþróttanefnd og fræðslumálastjóra falið að gera tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar úr félagsheimilasjóði. Ráðuneytið ræddi við þessa aðila um fjárhag leikhússins og leitaði álits þeirra á því, hvort unnt myndi að draga svo mjög úr styrkveitingum félagsheimilasjóðs, m. a. vegna takmarkaðra fjárfestingarleyfa, að hægt yrði að lána leikhúsinu fé sjóðsins að mestu á næstu árum, gegn endurgreiðslu síðar af þeim hluta skemmtanaskattsins, sem leikhúsinu er ætlaður. Íþróttanefnd hefur í svari sínu til ráðuneytisins talið, að verkefni félagsheimilasjóðs muni krefjast alls þess fjármagns, sem honum er ætlað að lögum. Þar sem svo er ástatt, telur ráðuneytið sér eigi heimilt að lána fé sjóðsins, en leggur til að farin verði sú leið, sem í frumvarpi þessu greinir.

Nd. 717. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um verðjöfnun á benzíni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leitað álits olíufélaganna um það. Benda þau á ýmis atriði, er þurfi nánari athugunar við, áður en verðjöfnun verði lögboðin á þann hátt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þar sem innan nefndarinnar eru nokkuð skiptar skoðanir um málið, þykir einsýnt, að það nær ekki fram að ganga á þessu þingi.

Nefndin hefur því orðið ásátt um að afgreiða málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi mun slitið innan fárra daga og fyrirsjáanlegt er, að ekki vinnst tími til að afgreiða þetta mál frá þinginu svo að lögum verði, vill deildin beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún hlutist til um við olíufélögin, að þau hagi svo sölu á benzíni og hráolíu, að útsöluverð þessara vara verði sem jafnast hvarvetna á landinu.

Í trausti þess að þeirri skipan verði komið á, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. maí 1950.

Jónas Rafnar, form. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein, með fyrirvara.
Áki Jakobsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 718. Breytingartillaga [46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 6. gr. Á eftir orðunum „að nokkru“ í síðustu málsgrein komi: eða öllu.

Nd. **719. Lög** [46. mál]

um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 687.

Sþ. **720. Breytingartillögur** [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950.

I. Frá *Lárusi Jóhannessyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 12. gr. XXI. Nýr liður:
Til Benedikts Þórarinssonar fv. bankaritara á Seyðisfirði upp í kostnað vegna sjúkravistar í Bandaríkjunum 25 000

II. Frá *kirkjumálaráðherra.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að greiða Bjarna Jónssyni dómkirkjupresti full embættislaun, ef hann óskar að láta af embætti á árinu.

III. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða Sigurði Birkis söngmálastjóra 15 þús. kr. byggingarstyrk.

IV. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að veita 20 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla Ingibjargar Jóhannsdóttur að Löngumýri í Skagafirði.

Ed. **721. Lög** [96. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1946.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 237.

Ed. **722. Tillaga til rökstuddrar dagskrár** [93. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá Gísla Jónssyni.

Með því að vitað er, að ríkissjóður á þess engan kost sem stendur að greiða af árstekjum sínum framlög til margvíslegra framkvæmda samkvæmt gildandi lagaákvæðum, þykir ekki rétt að samþykkja frumvarp það, sem hér um ræðir, og í

trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á því, hvaða lögbundnar greiðslur eru mest aðkallandi og á hvern hátt unnt er að inna þær af hendi, og leggi niðurstöður þessar til athugunar fyrir næsta Alþingi ásamt tillögum um, hvaða greiðslur skuli hafa forgang, á meðan ekki er unnt að inna þær allar af hendi svo sem lög mæla fyrir um, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 723. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Sigurði Ágústssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 3. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
   4. allur almennur búrekstur í sveitum.
2. Við 3. gr. Síðasti málsl. falli burt.
3. Við 9. gr. Síðasti málsl. falli burt.
4. Við 11. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Sérhver, sem ætlar að reisa eða starfrækja meiri háttar verksmiðju ....
   b. Á undan síðasta málsl. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.
5. Við 12. gr.
   a. Síðari efnismálsl. 6. töluliðar falli burt.
   b. Annar efnismálsl. 9. töluliðar orðist svo: Skal handlaugum haldið tilhlýðilega hreinum.
   c. Annar efnismálsl. 11. töluliðar falli burt.
   d. Í stað „vatnssalerni“ í 1. efnismálsl. 13. töluliðar komi: salerni.
   e. Síðari efnismálsl. 14. töluliðar falli burt.
6. Við 29. gr. 2. málsl. orðist svo: Öryggiseftirlitið skal láta framkvæma rannsókn á orsökum slyssins.

Sþ. 724. Breytingartillögur [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 og við brtt. á þskj. 699, 712 og 713.

I. Frá *Áka Jakobssyni.*
   1. Við 12. gr. X. Nýr liður:
      Til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði 100 000
   2. Við 13. gr. C. VIII. 26. (Siglufjörður).
      Fyrir „130 000“ kemur 175 000

II. Frá *Finni Jónssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
   Við 13. gr. C. VIII. 15. (Ísafjörður).
      Fyrir „100 000“ kemur 200 000

III. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
   Við brtt. 699, 7. (Við 13. gr. C. X. — Hafnarbótasjóður).
      Við liðinn bætist þessi aths.:
      Fjárhæðinni skal allri varið til að greiða hafnargerðum og lendingarbótum inneignir þeirra hjá ríkissjóði vegna unninna hafnarframkvæmda, í réttu hlutfalli við inneign hverrar hafnargerðar um sig.

IV. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 15. gr. XV. 2. Nýr liður:
Til tónlistarfélags Siglufjarðar 5 000

V. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Áka Jakobssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Lárusi Jóhannessyni.*
Við 15. gr. A. XX. Nýr liður:
Til Þorsteins Hannessonar, til söngnáms 6 000

VI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Ásmundi Sigurðssyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við brtt. 713,1. (Við 19. gr. 1. — Nýr liður).
1. Sundurliðunin í 2. málsgr. orðist svo:
20% á grunnlaun upp að og með 650 kr. á mánuði, en síðan lækkandi um 1.5% á hvern launaflokk þar fyrir ofan.
2. Fyrir „15%“ í næstsíðustu málsgr. kemur: 20%.

VII. Frá *Ólafi Björnssyni* og *Rannveigu Þorsteinsdóttur.*
Við brtt. 713, 1. (Við 19. gr. 1. — Nýr liður).
3. mgr. (breyt. á reglugerð nr. 45/1946) fellur niður.

VIII. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Kristínu Sigurðardóttur, Rannveigu Þorsteinsdóttur* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða Snorra Arinbjarnarsyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk.

IX. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við brtt. 712. XII. (Sigurjón Ólafsson).
Liðurinn orðist svo:
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara og Freymóði Jóhannssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk hvorum.

X. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við brtt. 712, XII. (Við 22. gr. VI. — Nýr liður). Liðurinn orðist svo:
Að greiða Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara og Sigurði Birkis söngmálastjóra 15 þús. kr. byggingarstyrk hvorum.

XI. Frá *Jóhanni Hafstein, Gylfa Þ. Gíslasyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Jónasi Árnasyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að verja allt að 100 þús. kr. til þess að Symfóníuhljómsveit Íslands geti starfað áfram.

XII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Eiríki Einarssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að veita 20 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur Hveragerði.

Sþ. 725. Breytingartillögur [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 og við brtt. á þskj. 713 og 720.

I. Frá *Páli Þorsteinssyni, Eiríki Einarssyni, Ólafi Björnssyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Sigurði Guðnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*

Við 12. gr. XXI. Nýr liður:

Til Björns Guðfinnssonar prófessors, upp í kostnað vegna sjúkrahússvistar erlendis 25 000

Til vara 15 000

II. Við brtt. 720, I. (Við 12. gr. XXI. — Benedikt Þórarinsson).

Aftan við till. bætist:

Til vara 15 000

III. *Gylfa Þ. Gíslasyni, Haraldi Guðmundssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni* og *Emil Jónssyni.*

Við brtt. 713, 1. (Við 19. gr. 1. — Nýr liður). Liðurinn orðist svo:

Launahækkanir samkv. 6. gr. l. nr. 22 1950, aðrar launauppbætur og uppbætur á lífeyri og eftirlaun (áætlað) 15 000 000

Frá 1. maí til ársloka 1950 skal greiða sérstakar uppbætur á laun starfsmanna ríkisins (júní—desemberlaun) sem hér segir:

Á laun samkvæmt I.—III. flokki launalaganna 13%
– — —— IV. — —— 15%
– — —— V.—IX. — —— 18%
– — —— X.—XV. — —— 20%

Frá 1. janúar til ársloka 1950 skal greiða 20% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14 400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.

Ríkissjóður greiðir helming uppbótarinar á lífeyri, en hlutaðeigandi lífeyrissjóður hinn helminginn.

Nd. 726. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Áki Jakobsson, Gísli Guðmundsson, Finnur Jónsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. efnismálsgr. 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Heimilt er ráðherra að láta þetta ákvæði ná til sjúkrahúss, sem reist er á Siglufirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta felur í sér þá breytingu frá núgildandi lögum, að ráðherra er heimilt að veita sjúkrahúsinu á Siglufirði sömu réttindi hvað stofnframlög snertir og fjórðungssjúkrahúsum, þ. e. að ríkissjóður leggi fram 3/5 hluta stofnkostnaðar í stað 2/5

hluta. Rökin fyrir því að láta fjórðungssjúkrahúsum í té hærri stofnkostnaðarstyrki eru þau, að þangað leitar fólk úr öðrum sveitarfélögum en því, sem sjúkrahúsið er reist í, og því eðlilegt, að framlag af almennu fé verði meira. Þetta gildir alveg eins um sjúkrahús, sem reist er á Siglufirði, sem er mesta verstöð í landinu. Í sjúkrahúsinu á Siglufirði er einatt mikið af aðkomufólki, sjómönnum og verkafólki, sem stundar vertíðarvinnu, og að því leyti er aðstaðan sú sama og fyrir fjórðungssjúkrahúsin.

Nd. 727. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „göllum á girðingunni“ í 2. efnismálsgr. komi: og óvenjulegum snjóalögum, sbr. þó ákvæði 3. málsgr.
2. Á eftir 2. efnismálsgr. komi ný málsgrein, er hljóði svo:
   Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að skógræktargirðingu fenni í kaf. Skal þá girðingareigandi eða eftirlitsmaður hans tilkynna fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar hættu þá, er af þeim stafar, og ber þá þeim fjáreigendum, er slíka viðvörun hafa fengið, að hafa gætur á fé sínu og halda því frá viðkomandi girðingu.
3. 3. efnismálsgrein (verður 4. málsgr.) orðist svo:
   Nú rís ágreiningur um það, hver á sök á, að fé kemst í skógræktargirðingu og spillir gróðri, svo og um bætur, og skulu þá tveir dómkvaddir menn skera úr ágreiningi og meta bætur. Er hlutaðeigendum skylt að hlíta þeim dómi.

Sþ. 728. Breytingartillögur [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950.

I. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. A. XII. Nýr liður:
Til Þórarins Jónssonar tónskálds 5 000

II. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*
Við 17. gr. 8. (Barnaheimili).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000

Sþ. 729. Breytingartillögur [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 og við brtt. á þskj. 713.

I. Frá *Skúla Guðmundssyni* og *Jóni Pálmasyni.*
Við 15. gr. A. III. 6. Nýr liður:
Til endurbóta á Borgarvirki í Víðidal 3 000

II. Frá *menntamálaráðherra.*
Við brtt. 713, 1. (Við 19. gr. 1.).
Aftan við 2. málsgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
Bæjar- og sveitarsjóðum er skylt að greiða uppbót þessa á sinn hluta kennaralauna.

Sþ. 730. Nefndarálit [39. mál]

um till. til þál. um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga sú, um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum, sem hér um ræðir, er borin fram af 9 alþm. Hafa tillögur um sama efni legið fyrir 3 síðustu þingum, en aldrei fengið fullnaðarafgreiðslu. Efnislega má þó segja, að mál þetta hafi eitt sinn verið afgreitt á Alþingi, er lík tillaga var á síðasta þingi borin fram í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, en þá felld. Tillagan hefur nú verið send til fjárveitinganefndar í annað sinn og fengið þar þinglega meðferð. Hefur nefndin m. a. leitað umsagnar forstjóra áfengisverzlunarinnar og tóbakseinkasölunnar um till. Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggja átta nefndarmenn til, að þáltill. verði samþykkt óbreytt, og hafa þegar gefið út um það nál. Á þetta gat ég undirritaður, sem einn er í minni hl., ekki fallizt.

Ég veit ekki, hvort flm. till. eða aðrir þeir aðilar, sem henni eru fylgjandi, hafa gert sér það fyllilega ljóst, hvaða vinningur það væri fyrir ríkissjóðinn, að mál þessi yrðu framkvæmd á þann hátt, sem fyrirskipað er í tillögunni, ef hún næði fram að ganga óbreytt, eða hversu miklum erfiðleikum það væri bundið að framkvæma hana.

Nefndarálit meiri hl. bendir a. m. k. ekki til þess. Þykir mér rétt að taka hér upp orðrétt tillögugreinina, en hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afnema þau sérréttindi, sem nokkrir viðskiptamenn áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölu ríkisins njóta nú og eru í því fólgin, að þeir fá þar keypt vínföng og tóbak fyrir lægra verð en aðrir kaupendur þurfa að borga fyrir þær vörur.“

Ber þá fyrst að athuga, hverjir þessir viðskiptamenn stofnananna eru, sem njóta nú þessara fríðinda.

Samkvæmt upplýsingum úr nál. meiri hl. og sumpart einnig eftir því, sem vitað er almennt um þessi mál, má flokka þessa viðskiptavini í eftirfarandi flokka:

1. Forseti Íslands.
2. Ríkisstjórn landsins.
3. Aðalforsetar Alþingis.
4. Erlend sendiráð og sendisveitir.
5. Farþegaskip og flugvélar í millilandaferðum.

Allir þessir aðilar greiða vöruna á kostnaðarverði, en án álagningar.

Aðrir eða fleiri aðilar munu ekki njóta þessara fríðinda, nema ef vera kynni forstjórar stofnananna.

Alþingi ákveður í fjárlögum ár hvert ákveðna upphæð í risnu til forseta Íslands og til ríkisstjórnarinnar. Eru upphæðir þessar beinlínis miðaðar við það, að þessar vörur séu afhentar þeim embættum álagningarlaust. Samþykkt þáltill. mundi því hafa það eitt í för með sér hvað snertir þessa aðila, að hækka yrði framlag til risnu um þá upphæð, sem mismunur á kostnaðarverði og útsöluverði nemur á því magni, sem embættin þyrftu á að halda á hverjum tíma innan hóflegrar og eðlilegrar neyzlu á þessum vörum, svo lengi sem ekki er fyrir mælt í lögum að veita ekki slíkar munaðarvörur í boðsveizlum embættanna. Velta verzlananna yrði hærri í tölum, ágóði þeirra meiri og útsvarshluti til bæjarsjóðs Reykjavíkur því hærri, en sparnaður fyrir ríkissjóðinn enginn. Hitt er svo annað mál, að það er möguleiki að spara ríkissjóði útgjöld með því að banna alla risnu af hendi þessara embætta. En vill nokkur þessara manna leggja til, að sá háttur verði upp tekinn? Og ólíkt væri það höfðingslund og gestrisni Íslendinga almennt frá alda öðli og það jafnvel hjá þeim, sem ekki hafa ávallt haft fullar hendur fjár, að taka upp slíkan sið. Að ætlast til þess, að embættismenn þessir greiði þetta af persónutekjum sínum, er mál, sem ekki þarf að ræða. Hið sama gildir raunverulega um Alþingi og forseta þess. Það getur

víst enginn með réttu ætlazt til þess, að þau hóf, sem forseti Sþ. eða forsetar þingsins almennt halda, séu kostuð af þeim persónulega, hvorki matur né drykkur, og hóf þessi eru ýmist fyrir innlenda eða erlenda gesti, eftir því sem viðeigandi er talið á hverjum tíma. Og það ætlast víst heldur enginn til þess, að forseti Sþ., sem á ýmsum tímum og m. a. nú fer með forsetavaldið í landinu ásamt forsætisráðherra og forseta hæstaréttar, beinlínis neiti að mæta í ýmsum hófum, svo sem í merkum afmælishófum stofnana, félaga, bæja eða við árshátíðarhöld sjómanna og annarra slíkra félagssamtaka, þar sem nærvera hans er talin virðingarvottur og beinlínis sjálfsögð, ef eftir henni er óskað, en allt þetta leiðir til þess, að embættið haldi uppi nokkurri risnu á móti, enda má fullyrða, að langmestur hluti af þeim vörum, sem forsetar Sþ. hafa fengið á innkaupsverði og um er rætt í þáltill., eru til þess að halda uppi risnu fyrir Alþingi, en ekki til persónulegrar eyðslu fyrir þá sjálfa. Um deildarforsetana má segja, að það sé minni ástæða til þess að ætla þeim nokkurt risnufé í einni eða annarri mynd en forseta Sþ., en hitt verður þó ekki mælt með sanni, að minni ástæða sé til þess að veita þeim risnu en mörgum öðrum embættismönnum þjóðarinnar, sem nú hafa risnufé. Annars er þessi umrædda risna deildarforsetanna takmörkuð við eitt þúsund krónur fyrir hvert þing, sem þeir gegna þessum embættum.

Af þessu, sem hér hefur verið skýrt, má marka, hversu frámunaleg fjarstæða það er að halda því fram, að ríkissjóður hafi tapað um 1.5 millj. króna á s. l. 3 árum á því víni, sem þannig hafi verið selt forsetum Alþingis og öðrum sérréttindamönnum, eins og meiri hl. nefndarinnar gerir í áliti sínu. Verður ekki komizt hjá því að mótmæla slíkum ásökunum á þá menn, sem þing og þjóð hefur kjörið til að fara með virðingarmestu embætti landsins og ekkert hafa gert hér annað en það, sem meðal allra siðaðra þjóða er talin sjálfsögð skylda og nauðsyn í vinsamlegum viðskiptum milli aðila, erlendra og innlendra, sem óhjákvæmilegt er að umgangast. Er þess vænzt, að meiri hl. nefndarinnar sjái sóma sinn í því að leiðrétta þau leiðu mistök, sem hér hafa átt sér stað í málflutningi á Alþingi.

Aðalmisskilningur meiri hl. n. í þessu máli liggur í því, að hann gerir engan greinarmun á því magni, sem notað er beinlínis vegna embættanna og ríkissjóður verður sjálfur að greiða, og hins, sem aðilar nota persónulega. En það er öllum fullkunnugt og meiri hl. n. langbezt, að magn það, sem þessir menn nota persónulega, er sáralítið brot af því magni, sem afhent er til þeirra með innkaupsverði, á meðan þeir eru í embættunum, þótt reynt sé að snúa þessu alveg við í nál.

Um magn það, sem afhent er á innkaupsverði til sendiráða og sendisveita, er það að segja, að um það eru samningar milli allra ríkja, að sendisveitir skuli njóta beztu kjara um kaup á slíkum vörum. Það væri ekki einasta hjákátlegt að fyrirskipa ríkisstjórninni að rifta slíkum venjum, heldur mundi þetta beinlínis kosta ríkissjóðinn stórar fjárfúlgur í erlendum gjaldeyri, þar sem sendisveitir Íslands erlendis gætu þá á engan hátt notið þar beztu kjara á móti. Svona barnaleg er till. hvað þetta atriði snertir.

Það má segja, að það sé frambærilegt að fyrirskipa að selja ekki þessar vörur á lágverði til farþegaskipa og flugvéla í millilandaferðum. Að vísu er það svo, að í flestum löndum, sem ég þekki til, er hægt fyrir slíka aðila að kaupa þessar vörur tollfrjálsar, en þeirri reglu er ekki nauðsynlegt að fylgja hér, enda má segja, að hér sé um beinan viðskiptahagnað að ræða fyrir þá aðila, sem verzla með vöruna til farþega, og alveg óskylt því, sem afhent er til embættismanna ríkisins. Hitt er svo jafnljóst, að skip og flugvélar mundu tæplega kaupa mikið magn á útsöluverði, þegar vitað er, að auðvelt er að fá vöruna á allt öðru og lægra verði í hvaða erlendri höfn sem þau hafa viðkomu í. Verður það að vera mat ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma, hvort hún telur það hagkvæmt eður eigi að hafa þessi viðskipti við þessa aðila.

Af því, sem að framan er greint, er það bert, að þótt þáltill. verði samþykkt, er það á engan hátt sparnaður fyrir ríkissjóð eða raunverulegur tekjuauki, auk þess sem framkvæmd hennar er svo að segja ógerleg. Allverulegum sparnaði mætti hins vegar ná með því að banna alla risnu og öll hóf, en slíkt get ég heldur ekki lagt til,

eins og fram er tekið hér að framan. Það er heldur ekki vilji þeirra fjögurra þingmanna (HelgJ, IngJ, JR og KK) sem mynda með mér meiri hl. í fjvn. við afgreiðslu till. til þál. um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins og leggja til ásamt mér, að sú till. verði felld. Það er því eitthvað allt annað en sparnaðarviðleitni á fé ríkissjóðs, sem ráðið hefur afstöðu þessara þingmanna til þessa máls.

Með tilvísun til þess, sem ég hef hér fært fram um málið í heild, legg ég til, að þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 11. maí 1950.

Gísli Jónsson,
form.

Sþ. 731. Breytingartillögur [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 17. gr. 29. (International Labour Organization). Liðurinn falli niður.
2. — 17. — 33. (Alþjóðaflóttamannastofnunin). Liðurinn falli niður.
3. — 17. — 34. (OEEC). Liðurinn falli niður.
4. — 17. — 35. (Evrópuráðið). Liðurinn falli niður.

Nd. 732. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. maí 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Jón Pálmason. Einar Olgeirsson.

Nd. 733. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur.

Alþingi, 12. maí 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Jóhann Hafstein,
Jón Pálmason. Einar Olgeirsson.

Nd. 734. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í stað 2. mgr. 5. gr. laganna komi eftirfarandi málsgreinar:

Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk íbúða.

Enn fremur skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir, svo sem bygging útihúsa í sveitum og verbúða, séu heimilar án fjárfestingarleyfis.

Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

Nd. 735. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um þetta frv. Ég legg til, að það sé samþykkt. Það er samhljóða frv., er fékk meiri hluta í Nd. í fyrra, og ætti því að eðlilegum hætti að hafa meiri hluta nú í deildinni.

Alþingi, 12. maí 1950.

Einar Olgeirsson.

Ed. 736. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, og lögum nr. 24 31. marz 1950, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Á eftir tölulið 5 í 23. gr. B. laga nr. 100/1948 komi nýr töluliður, er hljóði svo:
Tekjur af akstri leigubifreiða.

2. gr.

Á eftir orðunum „af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum“ í b-lið 1. gr. laga nr. 24/1950 bætist: öðrum en atvinnubifreiðum.

3. gr.

31. gr. laga nr. 100/1948 falli niður.

Greinargerð.

Kostnaður við akstur og viðhald leigubifreiða til mannflutninga hefur undanfarið vaxið svo gífurlega, að til stórvandræða horfir fyrir þá menn, sem þessa atvinnu stunda. Kemur þar hvort tveggja til, að skattar og tollar á bifreiðum og benzíni hafa verið stórkostlega hækkaðir og söluskattur lagður á brúttótekjur af bif-

reiðaakstri, og svo hitt, að með verðfellingu íslenzku krónunnar hefur þegar stórhækkað í verði, og mun þó enn hækka mjög allt, sem þarf til viðhalds bifreiðanna, ásamt benzíni og smurningsolíum.

Sem dæmi um verðhækkanirnar skal hér aðeins nefnt, að frá því í maí 1949, þ. e. á einu ári, hafa þessar verðhækkanir orðið:

Benzín	hækkað	um	40.63%
Smurningsolíur	—	—	40 %
Gúmmí	—	—	61 %
Fjaðrastykki (afturfjaðrir) ..	—	—	230 %
Bifreiðavélar	—	—	66.67%

Þegar við þetta bætist, að þverrandi kaupgeta almennings dregur mjög úr notkun leigubifreiða og af þeim sökum því alls ekki fært að hækka ökutaxtana nálægt því til samræmis við aukinn kostnað, ætti að vera augljóst, að atvinnutekjur bifreiðastjóra fara með þessum hætti svo þverrandi, að þeir geta ekki við unað.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að ríkið létti af atvinnubifreiðastjórum nokkru af þeim sköttum, sem á þá hafa verið lagðir undanfarið. Felur 1. gr. í sér, að tekjur af akstri leigubifreiða verði undanþegnar 3% söluskattinum, sem bitnar mjög ranglega á atvinnubifreiðastjórum, þar sem hann er lagður á brúttótekjur þeirra og verður þannig því tilfinnanlegri sem kostnaðurinn vex, en raunverulegur launahlutur bifreiðastjórans minnkar. — 2. gr. felur í sér, að ekki verði tekið 35% leyfisgjald af bifreiðum, sem atvinnubifreiðastjórar kynnu að fá fluttar inn, og 3. gr., að fellt verði niður 20% sölugjaldið af bifreiðum, sem seldar eru innanlands.

Til frekari rökstuðnings læt ég fylgja hér með bréf, sem bifreiðastjórafélagið Hreyfill hefur ritað ríkisstjórninni um þetta mál.

Fylgiskjal.

BIFREIÐASTJÓRAFÉLAGIÐ HREYFILL

Reykjavík, 2. maí 1950.

Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Á fundi í Bifreiðastjórafélaginu Hreyfill, 25. apríl 1950, var þar til kosinni nefnd falið að vinna að því við hæstvirta ríkisstjórn, að eftirgreind atriði verði framkvæmd:

1. Að 3% söluskatturinn af ökugjaldi leigubifreiða til fólksflutninga verði afnuminn.
2. Að 20% söluskattur af sölu atvinnubifreiða innanlands verði afnuminn.
3. Að benzín til leigubifreiða til fólksflutninga verði greitt niður í kr. 0.96 pr. l, allt að 7000 lítrar á ári á bifreið, samkvæmt framvísun viðskiptakvittana.
4. Að framvegis verði ekki innheimt atvinnurekendagjald af bifreiðum samkvæmt 112. gr. laga um almannatryggingar.
5. Að félagi voru verði veittur innflutningskvóti fyrir varahlutum og hjólbörðum til bifreiða, er miðaður sé við það magn, er meðlimir stéttarinnar þurfa á hverjum tíma.
6. Að félagi voru verði veitt gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir nýjum bifreiðum þegar á þessu ári og að þær bifreiðar verði undanþegnar 35% leyfisgjaldi af nýjum bifreiðum.

Vér leyfum oss að mega vænta þess, að hæstvirt ríkisstjórn sjái sér fært að verða við framangreindum tillögum vorum og að þær verði afgreiddar hið allra fyrsta. Jafnframt leyfum vér oss að taka það fram, að vér teljum það mjög brýna nauðsyn, að málaleitanir vorar verði teknar fullkomlega til greina.

Eins og hæstvirtri ríkisstjórn er ljóst, þá hafa allar vörur til bifreiða stórhækkað í verði nú upp á síðkastið og munu sjáanlega eiga eftir að hækka allverulega enn, og jafnframt því hefur stórdregið úr atvinnu bifreiðastjóra að undanförnu, og á það

kannske ekki minnstan þátt í því, hvað vér höfum orðið að hafa ökutaxta vorn háan sökum vaxandi verðhækkunar á nauðþurftum til bifreiða.

Sjái ríkisstjórnin sér ekki fært að verða við þessari réttlátu málaleitun vorri fyrir 10. þ. m., verður ekki hjá því komizt að stórhækka ökutaxta vorn í samræmi við orðna og verðandi hækkun á rekstrarkostnaði bifreiða, sem kæmi sér mjög illa fyrir almenning í landinu, þar sem fólk kemst ekki hjá því að nota leigubifreiðar meira og minna, enda eru þær aðalsamgöngutækin í landinu.

Til frekari skýringa leyfum vér oss að láta eftirfarandi greinargerð fylgja þessum tillögum vorum:

Greinargerð.

1. Vér lítum svo á, að 3% söluskatturinn sé mjög ósanngjarn skattur á ökutaxta bifreiða, þar sem taxtinn hefur ekki borið uppi þann kostnað, sem rekstur leigubifreiða hefur í för með sér, og teljum því, að hann geti ekki verið innifalinn í þeim taxta, sem vér nú höfum.

Vér leyfum oss að vekja athygli hæstvirtrar ríkisstjórnar á, að ef atvinnubifreiðastjóri ekur inn kr. 40000.00 á ári, fara kr. 20000.00 í rekstrarkostnað, og þarf því bifreiðastjórinn að greiða sem svarar 6% söluskatti af nettótekjum sínum, sem vér teljum óviðunandi með öllu.

2. Oss hefur borizt frá áreiðanlegum heimildum, að sala á sérleyfisbifreiðum sé undanþegin 20% söluskatti af sölu bifreiða innanlands, og teljum vér, að sama fyrirkomulag ætti að gilda um atvinnubifreiðar yfirleitt, þegar sala á þeim fer fram, og leggjum vér mikla áherzlu á, að vér verðum látnir njóta sömu kjara og sérleyfishafar í því efni. Enda munu mörg dæmi þess, að í stað beinnar sölu bifreiða séu gerðir leigusamningar og sala framkvæmd án nafnbreytinga, í þeirri von, að fyrrgreindur skattur verði afnuminn.

3. Benzínverð er nú orðið svo hátt og á sennilega eftir að hækka allverulega enn þá. Þar af leiðandi teljum vér með öllu óhugsandi að láta bifreiðar, sem gegna almenningsþjónustu í landinu greiða hið hækkandi benzínverð, sem óhjákvæmilega hefur í för með sér stórhækkandi ökutaxta, sem veldur öllum almenningi miklum útgjöldum og skerðir jafnframt mjög alvarlega lífsafkomu stéttarinnar. Þess vegna leyfum vér oss að fara þess á leit, að benzín til leigubifreiða til fólksflutninga verði greitt niður í kr. 0.96 pr. lítra, allt að 7000 lítrar á ári, og að greiðslan fari fram samkvæmt viðskiptanótum frá olíufélögunum og að sú greiðsla fari fram ársfjórðungslega.

4. Síðan lög um almannatryggingar gengu í gildi hefur atvinnubifreiðastjórum verið gert að greiða, auk bifreiðastjóratryggingar samkv. 113. gr. laganna, tryggingargjald samkvæmt 112. gr. laganna, að upphæð kr. 241.80 á ári, sem er atvinnurekendatrygging. En vér getum ekki litið svo á, að bifreiðastjóri sá, sem ekur sinni eigin bifreið, sé atvinnurekandi, og teljum því, að honum beri ekki að greiða þann lið tryggingarinnar.

Hinn 19. nóv. 1949 var upp kveðinn undirréttardómur varðandi fyrrgreindan lið, á þá leið, að ökumannstrygging samkvæmt 112. gr. væri ekki kræf af bifreiðastjóra, sem æki eigin bifreið.

Nú hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp þess efnis, að bifreiðastjóra beri að greiða tryggingu samkv. 112. gr. Með því að vér teljum mjög ranglátt að beita löggjafarvaldinu á þann hátt, þá skorum vér eindregið á hæstvirta ríkisstjórn að beita sér fyrir því, að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga.

5. Varahlutaþörf leigubifreiða fer sívaxandi með hverju ári sem líður, og jafnframt sívaxandi örðugleikar á að afla þeirra, og á það ekki sízt rót sína að rekja til þess, hvað flestar bifreiðar félagsmanna eru orðnar gamlar og úr sér gengnar og þurfa mikið viðhald, og svo hitt, hve bifreiðum hefur fjölgað gífurlega í landinu hin síðari ár.

Vér lítum svo á, að til þess að greiða eitthvað úr þessu verði oss veittur allríflegur kvóti til innflutnings á varahlutum til bifreiða, sem vér hefðum til ráðstöfunar

til handa félagsmönnum vorum. Í þessu sambandi viljum vér benda á, að ýmis félagssamtök hafa fengið innflutningskvóta á vörum, sem tilheyra atvinnugrein þeirra, og mætti þar nefna Vörubílstjórafélagið Þrótt og Félag sérleyfishafa.

6. Síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk hafa verði fluttar inn í landið bifreiðar í þúsundatali, og það svo, að sumar fjölskyldur hafa fengið fleiri en eina bifreið. En atvinnubifreiðastjórar hafa svo að segja farið alveg varhluta af þeim innflutningi, þótt bifreiðaakstur sé atvinna þeirra og bifreiðar þeirra notaðar til almenningsþarfa. Þess í stað hafa þeir orðið að bjargast við gamlar bifreiðar, mjög úr sér gengnar, eða sæta því að kaupa nýjar bifreiðar á svörtum markaði, 100—200% dýrari en raunverulegt verð þeirra er.

Vér lítum svo á, að meðan þessi stefna ríkir í innflutningsmálum bifreiða, þá sé ríkisvaldið beinlínis að vinna að því að skapa og viðhalda svartamarkaðsverzlun í landinu, þegar mönnum eru veitt innflutningsleyfi fyrir bifreiðum, sem ekki eru notaðar til annars en að selja þær, eins og átt hefur sér stað, og bifreiðarnar jafnvel seldar í umbúðum.

Þrátt fyrir það að vér höfum hvað eftir annað bent innflutningsyfirvöldunum á nauðsyn þess, að atvinnubifreiðastjórar fengju atvinnutæki sín endurnýjuð, hafa þau ávallt daufheyrzt við þeirri réttmætu kröfu vorri.

Vér væntum þess nú fastlega, að hæstvirt ríkisstjórn sjái sér nú fært að breyta fyrirkomulagi því, sem ríkt hefur í bifreiðainnflutningi síðustu ára, og veiti félagi voru innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðum til handa félagsmönnum vorum nú á þessu ári og það hið allra fyrsta, svo og að slíkur innflutningur bifreiða verði undanþeginn 35% leyfisgjaldi.

Vér erum að sjálfsögðu reiðubúnir, hvenær sem er, að ræða um, hversu margar bifreiðar vér þyrftum.

Virðingarfyllst.

Ed. 737. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það sé samþykkt með breytingum, er bornar eru fram á sérstöku þskj.

Alþingi, 12. maí 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. F. R. Valdimarsson.
Þorst. Þorsteinsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 738. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr.

1. Við a. (19. gr.). Liðurinn orðist svo:
   Vélanefnd ríkisins skal reyna ný verkfæri eða breytingar á eldri verkfærum, öðrum en handverkfærum, sem ætluð eru til landbúnaðarvinnu. Vélanefnd

ríkisins er heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfræðinga við prófun véla og verkfæra, eftir því sem þörf krefur.

2. Við b. (20. gr.).
   a. Upphaf liðarins orðist svo:
      Sérhver innflytjandi eða framleiðandi landbúnaðarvéla og verkfæra skal afhenda nefndinni ....
   b. Í stað „Verkfæranefnd“ í 2. málsgr. komi: Vélanefnd.
   c. Í stað „erlendis .... niðurstöður“ í 3. málsgr. komi: í framleiðslulandi hennar, skal innflytjandi afhenda vélanefnd niðurstöður.
   d. Í stað „Skal gjaldið vera .... þó aldrei undir kr. 500.00“ komi: Gjaldið skal ákveðið með gjaldskrá, er vélanefnd gerir tillögur um, en landbúnaðarráðherra staðfestir, og skal við það miðað, að kostnaður við hæfnisprófunina berist uppi af gjaldinu.
   e. 6. málsgr. orðist svo:
      Vélanefnd ber að hraða prófun tækja, eftir því sem við verður komið, og láta eigendum þeirra í té þegar að lokinni prófun vottorð um árangur hæfnisprófunarinnar.
   f. Í stað „verkfæranefnd“ í 7. málsgr. komi: vélanefnd.
3. Við c. (21. gr.). Liðurinn orðist svo:
   Vélanefnd skal skylt, eftir því sem henni er frekast mögulegt, að fylgjast með nýjungum, sem fram koma í gerð landbúnaðarvéla og verkfæra, og þyki henni koma fram tæki, sem ætla má, að komi að almennu gagni við landbúnaðarstörf hér á landi, skal hún gera ráðstafanir til að fá þau og reyna.
4. Við d. (22. gr.). Í stað „verkfæranefndar“ komi: vélanefndar.
5. Við e. (23. gr.). Í stað orðanna „viðkomandi vél .... handa ríkissjóði“ komi: sæta sektum frá 2000—30000 kr., er renni í ríkissjóð.

Sþ. 739. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. n. (ÁS, HÁ, HV og PO) vilja láta samþykkja till. óbreytta. Á þetta gat meiri hl. ekki fallizt. Svo lengi sem haldið er uppi risnu af forráðamönnum þjóðarinnar í hennar umboði, en um það er þó að vonum engin krafa gerð af flm. að leggja þann sið niður að fullu og öllu, verður það að áliti meiri hl. n. að vera jafnan á valdi þeirra aðila, sem með slíkt umboð fara á hverjum tíma, á hvern hátt slíkri risnu er haldið uppi, og þykir ekki rétt, að Alþingi skipi fyrir um það, hvernig móttöku gests skuli háttað hverju sinni eða hvaða veitingar skuli fram bornar og hverjar ekki. Yrði að líta á slík fyrirmæli af hendi Alþingis sem megnasta vantraust á þessa umboðsmenn þjóðarinnar, þannig að þeim sé ekki trúandi til að gæta hófs í þessum málum. Getur meiri hl. nefndarinnar ekki fallizt á, að nokkurt tilefni hafi gefizt til slíkra fyrirmæla, og leggur því til, að þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 12. maí 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Ingólfur Jónsson. Jónas G. Rafnar.
Karl Kristjánsson. Helgi Jónasson.

Sþ. 740. Framhaldsnefndarálit [126. mál]

um till. til þál. um að leyfa ekki útflutning veiðiskipa.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Eftir að minni hl. allsherjarnefndar hafði gefið út nefndarálit á þskj. 651, bárust upplýsingar og skjöl um málið, sem rétt þykir að birta. Eru það fyrst skjöl viðvíkjandi viðskiptum Björgvins Bjarnasonar og Síldarútvegsnefndar svo hljóðandi:

GEYMSLUVOTTORÐ.

Ég undirritaður umráðamaður söltunarstöðvar Björgvin h.f., Ingólfsfirði, viðurkenni hér með að geyma fyrir Síldarútvegsnefnd vegna sænskra síldarkaupenda:

3.485 tunnur
og 111.500 kg salt.

Framangreindar birgðir lofa ég að geyma til næstu síldarvertíðar (1948), og ábyrgist ég þær að öllu leyti, að því er snertir skemmdir, vanhöld etc. Brunatrygging er mér óviðkomandi.

Ísafirði, 7. apríl 1948.

pr. pr. „BJÖRGVIN" h.f.

Björgvin Bjarnason.
(sign.)

SÍLDARÚTVEGSNEFND

STAÐFESTING SÍMSKEYTIS

SÍMSKEYTI					
Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá dags.
Ingólfsfirði	47	32	11/8	940	Borðeyri 11/8. kl. 1330 af ai

Síldarútvegsnefnd
Siglufirði

Björgvin flutti til Ísafjarðar 1028 tómar 125 saltfullar tunnur stop afhent Gunnari Guðmundssyni Hólmavík 862 tómar 290 saltfullar stop liggjandi hér 639 tómar 332 saltfullar þetta samtals 3276 tunnur.

Beinteinn.

SÍLDARÚTVEGSNEFND

STAÐFESTING SÍMSKEYTIS

SIGLUFIRÐI, 17/8 1948.

H/f Björgvin, Ísafirði.

Samkvæmt lagervottorði 7/4 — 48 viðurkennið þér geyma vor vegna á söltunarstöðinni Ingólfsfirði 3485 tómtunnur og 111500 kg salt stop Samkvæmt upplýsingum Beinteins Bjarnasonar er afhent til Hólmavíkur og eftirstöðvar Ingólfsfirði samtals 2123 tunnur og 88300 kg salt, vantar því 1362 tunnur og 23200 kg salt, sem útlit er fyrir að þér hafið ráðstafað úr geymslu á Ingólfsfirði í heimildarleysi og þrátt fyrir gefið geymsluvottorð stop krefjumst andvirðið kr. 59120,— verði tafarlaust greitt oss

síldarútvegsnefnd.

SÍLDARÚTVEGSNEFND

STAÐFESTING SÍMSKEYTIS
Siglufirði 2/9 1949

Björgvin h/f
Ísafirði.

Tilvísun símskeyti vort 17/8 1948 varðandi greiðslu kr. 59120/— fyrir tunnur og salt ráðstafað í heimildarleysi frá Ingólfsfirði samanber geymsluvottorð yðar 7/4 1948 tilkynnum yður verði upphæðin eigi greidd oss fyrir 10. þessa mánaðar verður málið afhent lögfræðingi.

Síldarútvegsnefnd.

Símskeytum síldarútvegsnefndar svaraði Björgvin aldrei, og hefur nefndin afhent málið lögfræðingi.

Um viðskipti Björgvins við gjaldeyrisyfirvöldin hefur enn fengizt staðfest, að Björgvin skilaði engum gjaldeyri fyrir fisk seldan við Grænland sumarið 1949. Mun aflinn hafa numið um 700 smálestum og andvirði hins undansvikna gjaldeyris hafa numið með eldra genginu milli 1,2 millj. og 1,5 millj. kr. Er þá miðað við söluverð Súðaraflans. Alveg víst er, að bankarnir fengu ekkert af þessu. Hins vegar leikur sterkur grunur á, að um 4000 pund sterling hafi verið greidd fyrirfram út á afla þennan og verið seld hér á svörtum markaði. Óskaði viðskiptamálaráðuneytið eftir rannsókn á málinu við dómsmálaráðuneytið um mánaðamótin sept. og okt., en sú rannsókn bar engan árangur, og ekki voru Björgvin Bjarnasyni heldur sett nein skilyrði af hálfu ríkisstjórnarinnar um að gera grein fyrir gjaldeyri þessum, þegar hann fékk útflutningsleyfi fyrir skipum sínum hjá ríkisstjórninni.

Alþingi, 12. maí 1950.

Finnur Jónsson.

Nd. 741. Breytingartillaga [63. mál]

Soffía Hjaltested	975.00		
Sólveig Árnadóttir	490.00		
Sólveig Eggerz	4132.50		
Stefanía Hjaltested	815.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	863.75		
Steinunn Jóhannesdóttir	975.00		
Steinunn Oddsdóttir	815.00		
Steinunn E. Stephensen	975.00		
Súsanna Friðriksdóttir	815.00		
Theódóra Thoroddsen	1950.00		
Unnur Skúladóttir	1625.00		
Valborg Einarsson	1625.00		
Valgerður Benediktsson	3870.00		
Valgerður Sveinsdóttir	1140.00		
Vigdís G. Blöndal	815.00		
Viktoría Bjarnadóttir	245.00		
Vilborg Torfadóttir	490.00		
Þóra Gísladóttir	1465.00		
Þóra Sigurðardóttir	490.00		
Þóra Skaptason	490.00		
Þorbjörg Pálsdóttir	650.00		
Þórdís Claessen	4321.33		
Þórdís Ívarsdóttir	325.00		
Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	975.00		
Þórunn Hafstein	650.00		
Þórunn Pálsdóttir	1625.00		
Þórunn Sigurðardóttir	490.00		
Þórunn Þórðardóttir	300.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	800.00		
Þuríður Benediktsdóttir	1630.00		
	219160.00		
Verðlagsuppbót	438320.00		
		657 480	

18. gr.

		kr.	kr.
c. Barnastyrkir:			
1. Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16/7 1924, sjúklingur	490.00		
2. Barn Snorra sál. Halldórssonar, héraðslæknis, Egill Snorrason, f. 26/3 1936	490.00		
3. Barn Guðna sál. Hjörleifssonar, héraðslæknis, Guðni Ólafur Guðnason, f. 26/2 1936	490.00		
4. Barn séra Þorsteins sál. Kristjánssonar, Helgi Þorsteinsson, f. 13/3 1936	490.00		
5. Barn séra Jóns sál. Jakobssonar: Jakob Jónsson, f. 29/12 1936	490.00		
6. Börn Bergsveins sál. Haraldssonar kennara:			
a. Auður Bergsveinsdóttir, f. 24/9 1936	490.00		
b. Bergljót Bergsveinsdóttir, f. 5/1 1942	490.00		
7. Börn séra Sigurðar sál. Gíslasonar:			
a. Jónas Sigurðsson, f. 2/5 1935	490.00		
b. Gunnar Sigurðsson, f. 25/1 1939	490.00		
	4410.00		
Verðlagsuppbót	8820.00		
		13 230	
			1 773 106
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8 gr. l. 102/1943 (áætlað)			3 750 000
IV. Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglug. 155/1944, sbr. reglug. 87/1945 og 4. gr. reglug. 88/1945 (áætlað)			300 000
V. Verðlagsuppbót og aukauppbót á lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði embættismanna og lífeyrissjóði barnakennara (áætlað)			200 000
Samtals		. . .	6 509 106

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana		33 500 000
2. Launahækkanir samkvæmt 6. gr. l. nr. 22 1950, aðrar launauppbætur og uppbætur á lífeyri og eftirlaun (áætlað)		14 000 000
Frá 1. júní til ársloka 1950 skal greiða sérstakar uppbætur á laun starfsmanna ríkisins (júní—desemberlaun) sem hér segir:		
Á laun samkv. I.—III. flokki launalaganna 10%		
— — — IV. — — 12%		
— — — V.—IX. — — 15%		
— — — X.—XV. — — 17%		
Frá 1. júní 1950 skal lágmarksvinnutími, samkvæmt 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945, vera 38½ klukkustund á viku.		
Frá 1. janúar til ársloka 1950 skal greiða 15% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14 400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.		
Ríkissjóður greiðir helming uppbótarinnar á lífeyri, en hlutaðeigandi lífeyrissjóður hinn helminginn.		
3. Til greiðslu verðuppbóta á gærur frá 1943 (fyrri greiðsla)		225 000
4. Til óvissra útgjalda		500 000
Samtals ...	. . .	48 225 000

III. KAFLI
Eignahreyfingar.
20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	900 000	
2. — 11. — A.	15 000	
3. — 12. —	90 000	
4. — 13. — B.	300 000	
5. — 13. — C.	300 000	
6. — 13. — D.	300 000	
7. — 15. — B.	50 000	
8. — 16. — A.	65 000	
9. — 16. — D.	330 000	
		2 350 000
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
Samtals ...	. . .	2 510 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán 17285506		
b. Lán í dönskum krónum 692000		
	17 977 506	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Landssíminn (3. gr. A. 2)	750 000	
		18 727 506
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað)		4 000 000
III. Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2)		2 750 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins (3. gr. B.)		200 000
V. Til byggingar varðskipa		3 850 000
VI. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana (12. gr. IV.)	1 000 000	
2. Til byggingar fávitahælis (12. gr. IV.)	500 000	
		1 500 000

20. gr.

		kr.	kr.
VII.	1. Til byggingar nýrra vita (13. gr. C.)	700 000	
	2. Til byggingar vitavarðarbústaða	250 000	
			950 000
VIII.	Til flugvallagerða og lendingarbóta fyrir flugvélar (13. gr. D.)		1 250 000
IX.	1. Til lúkningar bygginga á tilraunastöðinni á Keldum, 2. greiðsla af 3 (14. gr. B. I.)	200 000	
	2. Til byggingar heimavistarskólahúss við Menntaskólann á Akureyri (14. gr. B. V.)	400 000	
	3. Til byggingar sjómannaskólahússins (14. gr. B. IX.)	500 000	
	4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum (14. gr. B. X.)	50 000	
	5. Stofnkostnaður vegna rafveitu á Hvanneyri (14. gr. B. X.)	100 000	
	6. Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölfusi (14. gr. B. X.)	50 000	
			1 300 000
X.	Til byggingar þjóðminjasafns		500 000
XI.	Til bygginga á tilraunabúinu á Reykhólum (16. gr. A. 8.)		100 000
XII.	Til bygginga á prestssetrum		500 000
XIII.	Til útihúsa á prestssetrum		200 000
XIV.	Til byggingar farþegaskýlis vegna tolleftirlits		90 000
XV.	Til byggingar sýslumannabústaða		500 000
	Samtals ...	. . .	36 417 506

21. g

I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		223 900 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		71 110 382
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 813 537
5. gr.	Óvissar tekjur		1 500 000
	Samtals ...	. . .	298 333 919

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	298 333 919
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	2 350 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Samtals ...	300 843 919

firlit.

firlit. 21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		10 169 070
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		414 357
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		2 315 576
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		8 503 306
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	13 188 885	
—	B.	Opinbert eftirlit	943 480	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	5 686 612	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	1 350 000	21 168 977
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		15 841 162
13. gr.	A.	Vegamál	26 527 500	
—	B.	Samgöngur á sjó	3 658 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	8 835 000	
—	D.	Flugmál	2 238 698	41 259 198
14. gr.	A.	Kirkjumál	3 374 850	
—	B.	Kennslumál	32 745 189	36 120 039
15. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 709 225	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	3 838 347	6 547 572
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	23 805 630	
—	B.	Sjávarútvegsmál	8 088 450	
—	C.	Iðnaðarmál	811 220	
—	D.	Raforkumál	4 600 000	37 305 300
17. gr.		Til félagsmála		27 687 310
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		6 509 106
19. gr.		Óviss útgjöld		48 225 000
		Rekstrarafgangur		36 267 946
		Samtals ...	. . .	298 333 919

firlit.

	Út:	kr.
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	262 065 973
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	36 417 506
	Greiðslujöfnuður ...	2 360 440
	Samtals ...	300 843 919

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að greiða Jóni Guðmundssyni skrifstofustjóra biðlaun árið 1950.

IV. Að greiða Bjarna Jónssyni dómkirkjupresti full embættislaun, ef hann óskar að láta af embætti á árinu.

V. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1947 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VI. Að verja allt að 4 000 krónum til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

VII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VIII. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.

IX. Að greiða Skafta Stefánssyni, Siglufirði, 12 þús. kr. vegna rekstrarhalla á Skagafjarðarbát sumarið 1947.

X. Að ábyrgjast gagnvart Landsbankanum lán, samtals að upphæð allt að 26 millj. króna, samsvarandi þeirri fjárhæð, sem ríkissjóður hefur til bráðabirgða lánað eigendum nokkurra togara og vélbáta, sem fengu ekki lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins.

XI. Að lána eða ábyrgjast lán fyrir allt að 3 milljónum króna til að fullgera hraðfrystihús, sem hefur verið ætlað stofnlán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, en ekki hafa fengið þessi lán vegna fjárskorts stofnlánadeildarinnar.

XII. Að lána allt að 3 millj. kr. af framleiðslugjaldi skv. 11. gr. laga nr. 22/1950 til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des. 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr stofnlánadeild.

XIII. Að veita útvegsmönnum, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumurin 1948 og 1949, eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti á aðstoðarlánum þeim, sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. veittu nefnd sumur með ábyrgð ríkissjóðs, svo og sjóveðskröfum frá síldarverkið sumarið 1949, sem ríkissjóður kann að greiða samkvæmt heimild í þessa árs fjárlögum. Skilyrði fyrir þessari eftirgjöf eru þau sömu og um ræðir í 14. gr. laga nr. 100/1948.

XIV. Að selja Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda skipasmíðaskála Landssmiðjunnar við Elliðaárvog, ef viðunandi verð fæst.

XV. Að kaupa af Búnaðarfélagi Íslands tilraunastöðina Sámsstaði í Fljótshlíð, ef samningar takast um verð og greiðsluskilmála.

XVI. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af húsbúnaði og áhöldum handa barnaheimili Rauðakross Íslands í Laugarási.

XVII. Að afskrifa skuld Rauðakross Íslands vegna kaupa á skálum af sölunefnd setuliðseigna kr. 111 500.00.

XVIII. Að gera ráðstafanir til að draga úr slysahættu við Reykjavíkurflugvöll með því að láta fjarlægja loftskeytastengurnar á Melunum.

XIX. Að veita 20 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur, Hveragerði.

XX. Að veita 20 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla Ingibjargar Jóhannsdóttur að Löngumýri í Skagafirði.
XXI. Að greiða Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara 15 þús. kr. byggingarstyrk.
XXII. Að taka allt að 2 millj. kr. lán vegna smíði varðskipa.
XXIII. Að taka allt að 500 þús. kr. lán til þess að ljúka byggingu þjóðminjasafnsins.
XXIV. Að taka allt að 1½ millj. kr. lán fyrir raforkusjóð til raforkuframkvæmda.
XXV. Að taka lán til framkvæmdar lögum um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra (fjárskipti), allt að 6 millj. kr.
XXVI. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1949 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Sþ. 743. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um heimild til að greiða uppbætur á ellilífeyri o. fl.

(Lögð fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

Tryggingastofnun ríkisins heimilast að greiða uppbætur á ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrki og makabætur fyrir tímabilið frá 1. júlí 1949 til ársloka 1950.

Uppbætur þessar mega nema allt að 10% fyrir tímabilið til 30. júní 1950, en 5% frá því til ársloka.

Uppbæturnar greiðist af tekjuafgangi þeim, sem lagður hefur verið í tryggingasjóð stofnunarinnar.

Greinargerð.

Það þykir sýnt, að frumvarp það til laga um breytingar á almannatryggingalögunum og viðauka við þau, sem nú liggur fyrir Alþingi (þskj. 450), nær ekki fram að ganga að þessu sinni. Hins vegar verður ekki hjá því komizt, að Alþingi veiti heimild til þess að greiða uppbætur á ellilífeyri og aðrar hliðstæðar bætur, er Tryggingastofnun ríkisins greiðir.

Í fylgiskjali með nál. frá meiri hl. fjvn. um till. til þál. um greiðslu dýrtíðaruppbótar á ellilaun og örorkubætur (þskj. 259), er gerð grein fyrir því, á hvern hátt elli- og örorkubótaþegar hafa fengið 10% uppbætur greiddar á lífeyri sinn að undanförnu, og er ekki þörf á að endurtaka það hér. Nægir því, að með þingsályktun sé veitt heimild til 10% og 5% hækkana frá því, sem nú er.

Ríkisstjórnin mun hlutast til um, að frumvarpið á þskj. 450 verði tekið til nýrrar athugunar milli þinga og málið lagt á ný fyrir Alþingi á komandi hausti.

Nd. 744. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til laga um framkvæmd gildandi viðskiptasamninga milli Íslands og Póllands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um breytingartillögur.

Alþingi, 13. maí 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Jón Pálmason. Jóhann Hafstein.

Nd. 745. Lög [83. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 715.

Nd. 746. Lög [11. mál]

um togarakaup ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 685.

Nd. 747. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Áki Jakobsson, Gísli Guðmundsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

Á eftir a-lið 2. mgr. 8. gr. laganna komi nýr stafliður, er verði b-liður, svo hljóðandi (liðatalan breytist samkv. því):

Ef hann hefur rekið síldarverkun og verzlun með þær afurðir utan heimilissveitar, og má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

2. gr.

a. Í stað „8. gr., a—c-liðir“ í 1. mgr. 1. a. 9. gr. laganna komi: 8. gr. a—d-liðir.
b. Orðin „síldarsala, síldarverkun“ í 1. tölul. c. falli niður.
c. Aftan við 5. tölul. komi nýr liður (6. töluliður), svo hljóðandi:

Ef útsvar er lagt á utan heimilissveitar samkv. 8. gr. 6. lið, skal heimilissveit aldrei fá minna en ¼ hluta af samanlögðu útsvari þess gjaldþegns það ár.

Greinargerð.

Frv. það, er hér liggur fyrir, felur í sér þá einu breyting frá núgildandi útsvarslögum, að bæjar- og sveitarstjórnum er heimilað að leggja útsvar á síldarsöltun, sem fram fer í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi, án tillits til þess, hvort sá, er söltun starfrækir, á lögheimili þar eða ekki. Að sjálfsögðu verður þá ekki lagt á þann rekstur aftur í heimilissveit.

Síldarsöltun er rekin í stórum stíl í verstöðvum á Norðurlandi yfir sumarmánuðina og að verulegu leyti af aðkomumönnum, sem eingöngu dvelja á staðnum meðan söltunin stendur yfir. Þó er síldarsöltunin á sumrin aðalatvinnurekstur staðarins næst á eftir rekstri síldarverksmiðja, þar sem þær eru. Er það ljóst öllum, að mjög bagalegt er fyrir viðkomandi bæjar- og sveitarfélög að geta ekki lagt útsvör á höfuðatvinnurekstur staðarins. Rétturinn til skiptingar á útsvari þessara manna kemur ekki að sama haldi og réttur til að leggja á þá beint, enda eðlilegast, að svo þýðingarmikill atvinnurekstur sem síldarsöltun er fyrir bæina og þorpin norðanlands hafi þar útsvarsskyldu.

Frv. þetta felur ekki í sér neina aðra breyting á útsvarslögum en þá, að leyfa álagningu á síldarsöltunaratvinnurekstur utan heimilissveitar. En ef það yrði leyft með lögfestingu þessa frv., væri ráðin allmikil bót á útsvarslöggjöfinni til samræmis við útsvör bæjar- og sveitarfélaganna norðanlands.

Ed. 748. Lög [139. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 638.

Ed. 749. Lög [147. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 578.

Nd. 750. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Einari Olgeirssyni.

Í stað „20 þúsund“ á tveim stöðum í fyrri málsgrein 1. greinar komi: 24 þúsund.

Sþ. 751. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (18. gr.) Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn fyrir ágangi búfjár af viðkomandi úttektarmönnum, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins láta rannsaka, hverjir eru eigendur fjárins, og láta merkja það. Síðan skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eru eigendur fjárins og hvernig féð var merkt, en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum. Skal eigendum gefinn kostur á að vitja fjárins, ef fært þykir að áliti hreppstjóra.

Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni og óvenjulegum snjóalögum, sbr. þó ákvæði 3. málsgr., eigi um kennt, að dómi úttektarmanna hreppsins, getur hlutaðeigandi umsjónarmaður skógræktarsvæðisins afhent fénaðinn hreppstjóra með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunum og koma þeim í verð. Við þeirri kröfu er hreppstjóra skylt að verða, en skógareigandi er skyldur að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir skepnur sínar. Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi, að dómi úttektarmanna, að féð komst inn í hana.

Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að skógræktargirðingu fenni í kaf. Skal þá girðingareigandi eða eftirlitsmaður hans tilkynna fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar hættu þá, er af þeim stafar, og ber þá þeim fjáreigendum, er slíka viðvörun hafa fengið, að hafa gætur á fé sínu og halda því frá viðkomandi girðingu.

Nú rís ágreiningur um það, hver á sök á, að fé kemst í skógræktargirðingu og spillir gróðri, svo og um bætur, og skulu þá tveir dómkvaddir menn skera úr ágreiningi og meta bætur. Er hlutaðeigendum skylt að hlíta þeim dómi.

Séu hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

b. (19. gr.) Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjárækturreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 752. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 15 millj. króna“ í 2. gr. komi: allt að 46 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 753. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Frá Emil Jónssyni og Sigurði Guðnasyni.

Á undan 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:
Aftan við 1. gr. laganna bætist:
Áður en verksmiðjunni er valinn staður, skal leitað umsagnar Verkfræðingafélags Íslands, og skal staðsetningin eingöngu við það miðuð, að framleiðslukostnaður, að öllum flutningskostnaði meðtöldum, verði sem lægstur.

Nd. 754. Breytingartillögur [141. mál]

við rökstudda á dagskrá á þskj. 717 [Verðjöfnun á benzíni].

Frá Finni Jónssyni.

1. Á eftir orðinu „við“ í 3. línu komi: fjárhagsráð og.
2. Fyrir orðin „þau hagi“ komi: haga.

Ed. 755. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um manntal.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin tók málið til umræðu á þremur fundum. Eftir fyrsta fundinn sendi hún frumvarpið hagstofustjóra til umsagnar, og barst henni ýtarlegt svar hans í bréfi, dags. 6. maí síðastl. Er niðurstaða hagstofustjóra sú, að hann geti ekki mælt með því, að frumvarpið verði gert að lögum.

Eru sjónarmið hagstofustjóra og rök hans hin athyglisverðustu, og telur nefndin því sjálfsagt að birta bréf hans sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Þar sem ekki var samkomulag í nefndinni um að mæla með frumvarpinu óbreyttu og komið fast að þingslitum, svo að einsætt þótti, að málið gæti með engu móti hlotið afgreiðslu á þessu þingi, en málið hins vegar hið mikilsverðasta, varð eftir atvikum samkomulag um að afgreiða það með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að fyrir næsta þing verði látin fara fram gaumgæfileg athugun á því, hvort t. d. sjónarmið hagstofustjóra á framkvæmd þessa mikilsverða og vandasama máls muni ekki leiða til heppilegri niðurstöðu en fyrirkomulag það, sem frumvarpið gerir nú ráð fyrir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1950.

Lárus Jóhannesson, form. Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
Karl Kristjánsson. Brynjólfur Bjarnason.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Allsherjarnefnd efri deildar hefur sent Hagstofunni til umsagnar frumvarp til laga um manntal, sem lagt hefur verið fyrir Alþing það, sem nú situr, sem stjórnarfrumvarp. Frumvarp þetta hafði og að tilhlutun ríkisstjórnarinnar verið lagt fyrir næsta Alþing á undan, en þá ekki komizt lengra en til nefndar. En það hefur ekki fyrr en nú verið borið undir álit Hagstofunnar.

Í 1. gr. frv. segir, að semja skuli skrá um alla þá, sem heimili eiga eða dveljast á Íslandi, og í 9. og 10. gr. segir, að oddvitar skuli gera slíkar skrár, hver fyrir sinn hrepp, en bæjarstjórar og sýslumenn fyrir kaupstaði og sýslur.

Í athugasemdum við frumvarpið segir, að það sé tilgangur þess að láta semja allsherjarmannskrár og halda þeim við. Enda þótt það sé hvergi beinlínis tekið fram, hlýtur hér að vera átt við spjaldskrár, þar sem sérstakt spjald er fyrir hvern mann og á það skráð öll hin helztu einkenni hans sem þjóðfélagsborgara, svo sem nafn, fæðingarár og dagur, fæðingarstaður, þjóðerni, heimili, stétt og atvinna, hjúskapur o. s. frv. Ef breyting verður á einhverjum þessara einkenna, færist breytingin jafnharðan inn á spjaldið, sem þannig sýnir æviferil mannsins frá vöggu til grafar, innan þeirra takmarka, sem form spjaldsins setur. Erlendis hefur slíkt skrásetningarform verið tekið upp á ýmsum sviðum. Í Danmörku voru slíkar fólkskrár (folkeregister) teknar upp um land allt fyrir aldarfjórðungi síðan, en í Noregi voru þær aðeins haldnar á sumum stöðum samkvæmt heimildarlögum, þangað til þær voru lögboðnar um land allt fyrir fáum árum. Það liggur í augum uppi, að slíkar skrár eru afar merkilegar heimildir, ef þær eru í góðu lagi, og geta stjórnarvöld landsins haft margvísleg not af þeim. Ég tel, að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða, að það beri að taka til rækilegrar íhugunar, á hvern hátt því verði bezt komið í framkvæmd. Þess er þó ekki að dyljast, að hér er um mikið og engan veginn vandalaust verk að ræða, sem hlýtur að hafa töluverðan kostnað í för með sér, en notin af því ættu líka að geta orðið mikil.

Um tveggja alda skeið hefur það verið einn þáttur í embættisstarfi prestanna að taka árlega manntal í prestakalli sínu og gera skrá um alla sóknarmenn sína (sálnaregistur). Aðeins hefur verið gerð undantekning um Reykjavík, þar sem árlegt manntal er tekið á vegum borgarstjóra. Samkvæmt þessum manntalsskrám sínum gefa prestarnir stjórnarvöldunum (bæði ríkis og sveita) ýmisleg vottorð og skýrslur um mannfjöldann í prestakalli sínu eða hluta þess, og yfirlit um mannfjöldann frá þeim fær Hagstofan, sem hún, að viðbættum upplýsingum frá manntalsskrifstofu Reykjavíkur, byggir á hið árlega yfirlit um mannfjöldann á öllu landinu. Þegar um það er að ræða að gera spjaldskrá um alla landsmenn, þá virðist liggja nokkuð nærri að byggja á þeirri skipan, sem fyrir er og hefur aldagamla hefð að styðjast við.

Hvernig manntalsskrám presta skuli haga í einstökum atriðum, er auðvitað fyrirkomulagsatriði, sem gera mætti breytingar á, jafnvel án lagabreytingar. Það virðist því ekkert því til fyrirstöðu að breyta hinum árlegu sálnaregistrum prestanna í áframhaldandi spjaldskrár, og væri langeðlilegast að fara þá leið, ef taka á upp slíka nýbreytni. Virðist mér sú leið hafa marga kosti fram yfir þá, sem valin hefur verið í frumvarpinu, auk þess, sem þegar er getið, að hún byggir á þeirri heilbrigðu íhaldsreglu, að breyta eigi meiru en þörf gerist. Skal ég nú geta um nokkur atriði þessu til styrktar.

Breytingin á sálnaregistrum prestanna í spjaldskrárform og stöðugt viðhald spjaldskránna mundi að vísu hafa í för með sér aukna vinnu fyrir prestana, en þeir eru embættismenn ríkisins, sem taka laun sín m. a. fyrir að halda skrár um mannfjöldann og breytingar hans og verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar eru á fyrirkomulagi þeirra. Getur það því síður talizt ósanngjarnt, þar sem launakjör prestanna hafa verið bætt á síðari árum og aðbúnaður allur (svo sem með byggingu

prestssetra), en kröfur til þeirra af opinberri hálfu ekki auknar að sama skapi. Hins vegar mundi varla geta farið hjá því, að töluvert meiri kostnaður yrði við skrásetningu þá, sem frumvarpið stingur upp á, og laun prestanna lækkuðu ekkert, þótt þeir væru losaðir við þessi störf.

Um það skal að vísu ekkert fullyrt, hvorir hæfari séu, prestar eða oddvitar, til þess að halda slíkar spjaldskrár, því að í báðum þessum stéttum munu vera margir ágætir menn, sem fyllilega er trúandi til þess að leysa það prýðilega af hendi, og líka einhverjir, sem mundi vera mjög ósýnt um það. En mér virðist samt ýmislegt mæla með því að taka prestana fram yfir oddvitana til þess. Starf þetta er einn þáttur í ævistarfi prestanna, sem þeir búa sig undir með löngu námi, og ætti það að vera allmikil trygging fyrir því, að þeir ræktu það sómasamlega. Og reynsla Hagstofunnar af prestum sem skýrslugefendum virðist einnig benda til þess. Enda þótt meðal presta finnist einstaka vandræðamaður um skýrslugerð, þá held ég, að mér sé óhætt að segja, að Hagstofan taki hvorki sýslumenn, lækna, hreppstjóra né oddvita fram yfir prestana sem skýrslugefendur. Oddvitastarfið er aftur á móti aukastarf, er menn gegna jafnframt alls konar öðrum störfum, og mun það oft vera allþungur baggi, enda virðist stefnan vera sú að hlaða á oddvitana æ fleiri störfum. Þeir eru valdir til fárra ára í senn, og má því búast við miklu tíðari mannaskiptum við skrásetningarstarfið hjá þeim heldur en prestunum. Allt virðist þetta heldur styrkja þá skoðun, að skrásetningarstarfið væri betur komið hjá prestunum heldur en oddvitunum.

Það er ekki ólíklegt, að það hafi ráðið allmiklu um tillögu frumvarpsins að halda sérstaka skrá í hverjum hreppi og kaupstað, að víða erlendis eru slíkar skrár haldnar fyrir hvert sveitarfélag (kommune), en þar við er athugandi, að bæði eru sveitarfélögin þar venjulega miklu mannfleiri heldur en hrepparnir hér, og hins vegar er skipting manna í trúarflokka víðast hvar miklu meiri en hér, svo að þess vegna er óhentugra að hafa skrásetninguna í höndum prestanna. Meðalmannfjöldi í hreppum hér mun ekki vera nema um helmingur af meðalmannfjölda sveitaprestakallanna, en samt eru sveitaprestaköllin hér miklu fámennari heldur en meðalsveitarfélög á landsbyggðinni í Danmörku og Noregi. Ef prestarnir væru skrásetjarar, mundu því skrárnar verða helmingi færri heldur en frv. gerir ráð fyrir, en samt yfirleitt miklu minni heldur en sveitarfélagsskrárnar í Danmörku og Noregi. Þá mundi og mega sleppa sýsluskránum, sem mundu valda töluverðum tvíverknaði, en prestarnir mundu láta oddvitum og sýslumönnum í té allar þær upplýsingar úr skránum, sem þeir hefðu þörf fyrir.

Í frv. er félagsmálaráðuneytinu heimilað að ákveða, að manntalsskrá í sýslum og kaupstöðum skuli gera í tvíriti og annað eintakið sent ráðuneytinu. Segir í athugasemdum við frv., að þá mundi hægt að fá skýrslu um hvern mann á landinu á sama stað og rannsaka feril hans með samanburði á skrám úr fleirum en einu umdæmi. Kostnaður af þessu ætti ekki að verða mjög mikill, með því að unnt sé að gera tvíritin kostnaðarlítil með þeim tækjum, sem nú má nota. Af þessum ummælum mætti jafnvel ráða, að ekki væri ætlazt til, að héraðsskrárnar væru spjaldskrár, heldur ný manntalsskrá fyrir hvert ár. En þótt þetta sé ekki alls kostar ljóst, þykir mér líklegt, að tilætlunin með þessu sé að stofna eina allsherjarspjaldskrá fyrir alla landsmenn í Reykjavík. Það væri að vísu mjög æskilegt að hafa slíka allsherjarskrá, og með færslu hennar mætti tryggja öruggari og betri færslu á héraðsskránum, en það mundi verða mjög kostnaðarsamt. Það er kostnaðurinn, sem aðallega hefur staðið í vegi fyrir því, að slík allsherjarskrá á einum stað væri starfrækt í Danmörku og Noregi.

Til þess að halda skránum stöðugt við, þarf skrásetjarinn að fá jafnóðum upplýsingar um þær breytingar, sem færa á inn á skrána. Þessar breytingar eru aðallega tvenns konar, annars vegar fæðingar og mannslát og hins vegar flutningar, innflutningur eða útflutningur úr skrásetningarumdæminu eða yfirleitt breytingar á heimilisfangi. Upplýsingar um fyrri flokkinn fá prestarnir nú vegna kirkjubókar-

halds síns, og ef þeir væru skrásetjarar, þyrfti því aðeins að setja fyrirmæli um, að bústaðaskipti skyldi tilkynna prestinum, auk annarra fátíðari atvika, sem geta bæri í skránum. Frumvarpið ætlast aftur á móti til þess, að oddvitarnir séu skrásetjarar og séu þeim því sendar allar tilkynningar um bústaðaskipti og enn fremur um fæðingar og mannslát frá ljósmæðum, læknum o. fl., auk þess sem þær eru sendar prestunum vegna kirkjubókarhaldsins. Er það allt annað en heppilegt fyrirkomulag að tilkynna þannig sömu atvikin í fleiri staði, og ekki er ólíklegt, að það mundi geta valdið ruglingi. Ef prestunum er ekki treystandi til þess að halda skrár um mannfjöldann, svo viðunandi sé, þá mætti ætla, að þeim væri ekki fremur treystandi til þess að halda kirkjubækur um fæðingar og mannslát, og mætti láta sér detta í hug, að flutningurinn á manntalsstörfum prestanna til oddvitanna væri aðeins fyrsta skrefið til þess að losa prestana alveg við skrásetningarstörf sín fyrir ríkið á fæðingum, mannslátum og hjónavígslum og fela þau líka oddvitunum, þar sem fyrirskipað er, að þeir fái tilkynningar um alla þessa atburði. Þetta lokaskref tóku Þjóðverjar í Noregi á hernámsárunum. En hvernig það reyndist, má sjá á eftirfarandi ummælum í bréfi til mín frá undirforstjóra ríkishagstofunnar norsku: „Vi hadde meget dårlige erfaringer fra krigsårene da nasisterne som bekjent skjaltet ut prestene og overdro registreringen av födsler, vigsler og dödsfall til folkeregistrene med den følge at hele den offentlige registrering og med den materialet av vår statistikk over folkemængdens bevægelse ble meget mangelfullt, og det har skaffet Byrået en masse ekstra bryderi etter krigen med å få oppgavene fra folkeregistrene for årene 1942—1945 supplert og kontrollert."

Í frumvarpinu er ekki fyllilega treyst á þær tilkynningar, sem senda ber skrásetjurunum um breytingar á skrásetningarefninu, og því er líka fyrirskipað, að taka skuli almennt manntal á hverju ári og senda eyðublöð undir það inn á hvert heimili á landinu, og á manntalið, sem nú er tekið 10. hvert ár, að verða eitt af þessum árlegu manntölum, þó með þeim mismun, að það skal tekið á einum degi. Ef prestunum væri falið skrásetningarstarfið, hygg ég, að þessi árlegu manntöl mundu víðast hvar á landinu vera alveg óþörf, því að prestarnir hafa víðast svo náin kynni af sóknarbörnum sínum, vegna starfsemi sinnar yfirleitt og þá sérstaklega vegna kirkjubókarhalds og manntalsstarfa, að árlegt manntal mundi lítið þar um bæta, nema ef til vill í stærri kaupstöðunum, og lægi þá nær að veita heimild til slíkrar manntalstöku, þar sem þess væri óskað, heldur en að baka mönnum fyrirhöfn og hinu opinbera kostnað að þarflausu, þar sem vel mætti komast hjá því.

Í frumvarpinu er 10 ára manntalið algerlega tekið undan stjórn og afskiptum Hagstofunnar og fengið í hendur félagsmálaráðuneytinu eins og árlegu manntölin. Það lætur gera eyðublöðin og ákveður, hvað á þau skuli tekið, að svo miklu leyti sem það er ekki lögboðið. Hagstofan á ekkert að hafa með það að gera framvegis. Hins vegar er svo fyrir mælt, að ákvæði 2. málsgr. 17. gr. skuli og eiga við aðalmanntalið, en þar segir, að Hagstofu Íslands skuli heimil afnot af manntalsskrám samkvæmt ákvæðum félagsmálaráðuneytisins. Hagstofan mun því geta fengið að vinna tölfræðilegan fróðleik úr manntalinu með leyfi félagsmálaráðuneytisins og með þeim skilmálum, sem það kann að setja fyrir því. Ekki veit ég, hvaða ástæður hafa valdið því, að frumvarpið setur Hagstofuna undir ráðsmennsku félagsmálaráðuneytisins að því er snertir það starfsvið, sem hingað til hefur verið talið eitt af hennar höfuðstarfsviðum, og þær ástæður eru ekki greindar í athugasemdunum við frumvarpið.

Að allar þessar manntalsskrár og manntöl eru samkvæmt frumvarpinu sett undir stjórn félagsmálaráðuneytisins, stafar að líkindum af því, að frumvarpið gerir ráð fyrir, að oddvitar og bæjarstjórar haldi skrárnar, því að félagsmálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn sveitarstjórnarmála. En ekki er sjálfsagt, að félagsmálaráðuneytið hafi yfirstjórn allra þeirra mála, sem sveitarstjórnir annast, enda er því ekki svo varið. Viðvíkjandi alþingiskosningum hefur t. d. dómsmálaráðuneytið yfirstjórnina, og svo mun vera um fleira. Í Danmörku og Noregi eru manntalsskrárnar (folkeregisteret) á vegum sveitarstjórnanna, en í báðum löndum

hefur ríkishagstofan yfirstjórn og eftirlit með þeirri starfsemi, enda senda skráseln-ingarstofurnar hagstofunni oftsinnis á ári hverju ýmsar upplýsingar úr skránum, og flutningstilkynningarnar eru líka sendar þangað til þess að vinna úr þeim skýrslur um mannflutningana innanlands.

Af því, sem að framan er sagt, má það vera ljóst, að ég get ekki mælt með því, að frumvarp það, sem hér er um að ræða, verði gert að lögum. En ég tel þó, að ef það er megintilgangur þess að koma á fót manntalsskrám um alla landsmenn í spjaldskrárformi, þá sé hann mjög lofsverður og eigi skilið fullan stuðning. En ég hygg, að honum verði betur náð með því að fara aðra leið en frv. leggur til, svo sem ég hef skýrt frá hér að framan. Ég veit ekki, hvort frumvarp þetta hefur verið borið undir sveitarstjórnir landsins. Þess er að minnsta kosti ekki getið í athuga-semdunum við það. En mér virðist, að það væri ekki óviðeigandi, þar sem um það er að ræða að fela þeim nýja starfsemi, sem þær hafa ekki áður haft með höndum. Þá væri og líka vel viðeigandi að leita álits prestastéttarinnar um þetta mál, þar sem um er að ræða breytingu á starfi, sem hún hefur hingað til haft með höndum. Væri æskilegt að fá að vita, hvernig hún lítur á þetta starf, hvort hún er ekki fús til að stuðla að öllum breytingum á því, er miða til bóta, eða hvort hún telur, að það ætti helzt að skilja það frá prestsstarfinu.

Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 756. Nefndarálit [107. mál]

um till. til þál. um réttarrannsókn á slysum, sem orðið hafa á íslenzkum togurum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Þingsályktunartillögu þessari var vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings 8. febr. Nefndin hefur ekkert sinnt tillögunni fyrr en föstudaginn 12. maí, þrem mánuðum eftir að hún fékk tillöguna til afgreiðslu, og verður þó ekki sagt, að óhæfilegar annir tefji fyrir störfum þessarar nefndar. Á þessum fundi var loks ákveðið að senda tillöguna nokkrum aðilum til umsagnar, og treystist meiri hlutinn ekki til að taka nokkra afstöðu fyrr en svör hefðu borizt, þannig að tryggt yrði, að tillagan næði ekki afgreiðslu á þessu þingi.

Ég tel hins vegar, að þetta alvarlega mál liggi svo ljóst fyrir, að ekki þurfi sér-staka könnun til að taka afstöðu til þess. Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt, og ég tel, að Alþingi taki á sig alvarlega samábyrgð með því að tefja afgreiðslu hennar.

Alþingi, 13. maí 1950.

Magnús Kjartansson.

Nd. 757. Frumvarp til laga [170. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá efnahagssamvinnustjórninni í Washington.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkissjórninni er heimilt að taka allt að 2 millj. dollara lán, sem efnahagssam-vinnustjórnin í Washington veitir fyrir milligöngu Export Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra, og fylgir því svo hljóðandi athugasemd:

Framlag efnahagssamvinnustofnunarinnar til Íslands fyrir tímabilið 1. júlí 1949 til 30. júní 1950 er 7 millj. dollara, eða um 114 millj. kr. með núverandi gengi. Af þessum framlögum eru 2 millj. dollara veitt sem lán, en afgangurinn verður væntanlega veittur sem óafturkræft framlag. Lán þetta verður veitt með sömu kjörum og lán það, sem efnahagssamvinnustjórnin veitti Íslandi árið 1848, þ. e. til 33½ árs með 2½% vöxtum, en afborganir hefjast ekki fyrr en 30. júní 1956 og vaxtagreiðslur ekki fyrr en 30. júní 1952. Með þessu frumvarpi er leitað heimildar handa ríkisstjórninni til þess að taka lán þetta, en gert er ráð fyrir, að virkjanir Sogs og Laxár njóti lánsins.

Nd. 758. Frumvarp til laga [171. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni í Þingeyjarsýslu allt að 2 millj. Bandaríkjadollara af framlögum frá efnahagssamvinnustjórninni í Washington með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlega, og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 26 millj. króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin tekur gildar.

Lánveiting til Laxárvirkjunar er þó bundin því skilyrði, að samningar um sameign og framkvæmd viðbótarvirkjunar Laxár takist milli ríkisstjórnarinnar og Akureyrarbæjar á sama grundvelli og samið hefur verið milli ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkurbæjar um viðbótarvirkjun Sogsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra, og fylgja því svo hljóðandi athugasemdir:

Ríkisstjórnin hefur gert ráðstafanir til að afla fjár hjá efnahagssamvinnustjórninni í Washington til kaupa á vélum og öðru efni til viðbótarvirkjunar Sogsins og Laxár í Þingeyjarsýslu, og er með þessu frumvarpi leitað heimildar Alþingis til að lána þessum fyrirtækjum fjárhæð þá, sem um ræðir í 1. gr. frv.

Þá hefur ríkisstjórnin talið nauðsynlegt að afla viðbótarlánsheimildar, að fjárhæð 26 millj. kr., sem lánað yrði til sömu framkvæmda, svo sem tilgreint er í 2. gr. frv. Þykir ríkisstjórninni heppilegra að hafa lántökuheimild fyrir ríkið í þessu skyni, ef ríkið þyrfti að vera lántakandi. Nægi hins vegar ríkisábyrgð, eru ábyrgðarheimildir þegar fyrir hendi.

Þá hefur einnig þótt rétt að setja sem skilyrði fyrir lánveitingu til viðbótarvirkjunar Laxár, að sams konar samningar takist um viðbótarvirkjun Laxár og þegar hafa verið gerðir milli ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkurbæjar um viðbótarvirkjun Sogsins. Samningur sá er birtur sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um, að Sogsvirkjunin verði sameign þeirra.

1. gr.

Frá undirskrift samnings þessa er Sogsvirkjunin sameign ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Sogsvirkjunin skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, ákvæðum þessa samnings og reglugerð, er ráðherra setur samkvæmt tillögu stjórnar Sogsvirkjunarinnar með samþykki beggja samningsaðila.

3. gr.

Sogsvirkjunin selur Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitum ríkisins raforku við kostnaðarverði að viðbættum allt að 5%.

4. gr.

Allur tekjuafgangur, er verða kann af rekstri Sogsvirkjunarinnar, rennur í varasjóð hennar.

5. gr.

Eignarhlutföll Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs í Sogsvirkjuninni skulu vera sem hér segir:

Við undirskrift samnings þessa verður Reykjavíkurbær eigandi að 85 hundraðshlutum, en ríkissjóður að 15, og skal svo haldast þar til lokið er næstu framhaldsvirkjun. Þegar henni er lokið, verður Reykjavíkurbær eigandi að 65 hundraðshlutum, en ríkissjóður að 35, og skal svo haldast þar til lokið er næstu aukningu virkjunarinnar þar á eftir. Þegar henni er lokið, verður Reykjavíkurbær eigandi að 50 hundraðshlutum og ríkissjóður að 50 og skal svo haldast áfram.

Ríkissjóður verður eigandi að mannvirkjum þeim, sem fyrir eru í fyrirtækinu í framangreindum hlutföllum, þegar hann hefur tekið á sig þá ábyrgð, er segir í 7. gr., og aðrar þær skuldbindingar, sem ríkið gengst undir með samningi þessum.

6. gr.

Ríkissjóður og bæjarstjórn Reykjavíkur bera sameiginlega báðir fyrir annan og annar fyrir báða („in solidum") ábyrgð gagnvart þriðja manni á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar.

7. gr.

Sín á milli bera ríkissjóður og Reykjavíkurbær ábyrgð á lánum og öðrum greiðsluskuldbindingum Sogsvirkjunarinnar í sama hlutfalli og eignin skiptist þeirra á milli, sbr. 5. gr. Meðan á framkvæmd nýrrar aukningar stendur, skulu þó aðilar bera jafna ábyrgð á lánum, sem tekin eru til þeirrar aukningar, og framlögðum kostnaði til hennar.

8. gr.

Næstu framhaldsvirkjun Sogsins skal hraðað svo sem kostur er og virkjun þess síðan aukin svo ört sem þörf verður talin, til þess að eftirspurn eftir rafafli á orkuveitusvæði Sogsvirkjunarinnar verði fullnægt, allt að fullvirkjun Sogsins, nema samkomulag verði milli aðila um að fullnægja rafaflsþörfinni á annan hátt.

9. gr.

Ef takmarka þarf sölu rafmagns eða leggja hömlur á rafmagnsnotkun á orkuveitusvæði Sogsvirkjunarinnar í því skyni að draga úr álagi eða hindra vöxt álags á orkuver hennar, ákveður stjórn fyrirtækisins, á hvern hátt takmarkanirnar skulu framkvæmdar á hverjum tíma, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar, en ávallt skal hún gæta þess, að þær verði að sem minnstum baga fyrir notendur.

10. gr.

Sogsvirkjunin selur báðum aðilum það afl, sem þeir þurfa til þess að fullnægja raforkuþörf hvor á sínum hluta orkuveitusvæðisins, meðan afl virkjunarinnar endist.

Þegar Sogið er fullnotað og farið er að afla viðbótarafls frá öðrum orkuverum, skal afl Sogsvirkjunarinnar skiptast á milli samningsaðila í sömu hlutföllum sem eignin skiptist milli þeirra, nema samkomulag verði um annað.

Hvorugum aðilanum skal þó skylt að láta af hendi það afl, sem hann hefur fest kaup á og tekið í notkun, fyrr en Sogið er fullvirkjað og nægilegt afl hefur verið fengið annars staðar frá. Áður en Sogið er orðið fullnotað, skulu samningsaðilar athuga möguleikana á samstarfi um öflun viðbótarafls á grundvelli þessa samnings.

11. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar skipa 5 menn.

Þar til ríkissjóður er orðinn meðeigandi að helmingi Sogsvirkjunarinnar (sbr. 5. gr.), tilnefnir bæjarstjórn 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2.

Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, skipar bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn.

Stjórnin skal skipuð til 3 ára í senn.

12. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar hefur á hendi stjórn og starfrækslu hennar, undirbúning og framkvæmd aukninga og breytinga á mannvirkjum hennar.

Hún skal veita ríkisstjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand Sogsvirkjunarinnar, og leggja fram ársreikning hennar fyrir ríkisstjórn og bæjarstjórn til úrskurðar hvors aðila fyrir sig. Hvor aðili getur látið framkvæma endurskoðun fyrir sig.

Stjórnin getur eigi skuldbundið samningsaðila að því er snertir ábyrgð á lánum og greiðsluskuldbindingum til aukinna framkvæmda eða breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. Stjórnin skipar framkvæmdastjóra, sem skal vera rafmagnsverkfræðingur.

Framkvæmdastjóri Sogsvirkjunarinnar stjórnar daglegri starfrækslu, reikningshaldi og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur Sogsvirkjunarinnar skulu sett í reglugerð (sbr. 2. gr.).

Reykjavík, 30. júlí 1949.

Sþ. 759. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um sparnað á útgerðarkostnaði dýpkunarskipsins Grettis.

Frá Gísla Jónssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar raunhæfar ráðstafanir til þess að draga verulega úr rekstrarkostnaði dýpkunarskipsins Grettis og að skipuleggja þannig verkefni skipsins, að hafnarframkvæmdir þær, sem skipið vinnur að, verði sem allra ódýrastar fyrir viðkomandi aðila.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hefur þörfin fyrir hafnar- og lendingarbætur víðs vegar um landið verið svo aðkallandi, að fjöldi bæjar- og sveitarfélaga hafa tekið á sig þungar fjárhagslegar byrðar til þess að koma sem fyrst í framkvæmd því, sem mest þörf er á og nauðsynlegast er að bæta úr. Er ástandið í hafnarmálunum víða þannig, að framtíð héraðanna veltur beinlínis á því, hvort unnt er á skömmum tíma að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum með hóflegum tilkostnaði. Alþingi hefur á undanförnum árum sýnt sterkan vilja á því að bæta úr þessum vanda og hefur lagt fram til hafnarmálanna um og yfir 6 millj. kr. á ári um nokkurt tímabil, og átti þó ríkissjóður ógreitt um síðustu áramót um 6 millj. af lögbundnum framlögum til hafnarsjóða víðs vegar á landinu. Sýnir þessi áhugi héraðanna, sem flest verða að greiða 50—60% af kostnaðinum, hversu gífurleg þörf er þessara framkvæmda.

Til þess að flýta fyrir þessum framkvæmdum og til þess jafnframt að gera þær mun ódýrari, var ákveðið, að ríkissjóður skyldi láta smíða dýpkunarskip, er miðað væri alveg sérstaklega við alla staðhætti hér á landi. Hefur nú skip þetta, Grettir, starfað hér um nokkur ár og sá háttur verið hafður á rekstri þess, að vitamálastjórnin hefur annazt hann að öllu leyti án íhlutunar annarra aðila, sem þó verða að greiða 50—60% af rekstrarkostnaði hans, eins og hann er á hverjum tíma. Er dagleiga skipsins, sem eðlilegt er, miðuð við það, að allur rekstrarkostnaður þess fáist að fullu endurgreiddur. Það varðar því afar miklu, bæði fyrir ríkissjóðinn og þá ekki síður fyrir héruðin, sem greiða verða meiri hluta kostnaðarins og eru í hinni mestu fjárþröng, að rekstri skipsins sé hagað þannig, að hann komi að sem beztum notum og verði sem allra ódýrastur. Kemur þá ekki einasta til greina að stilla öllum útgjöldum í hóf, heldur og að skipuleggja þannig verkefnin, að skipið liggi sem fæsta daga verklaust, þar sem kostnaðinum við hvern verklausan legudag er skipt á þá leigudaga, sem skipið er við störf. Þá er og jafnáríðandi, að skipið sé í verkhæfu ásigkomulagi, er það er sett til starfa, en á því mun hafa verið nokkur misbrestur, sem bakað hefur viðkomandi héruðum allverulegt tjón og margvíslega erfiðleika.

Sem dæmi um það, hversu lítillar hagsýni hefur verið gætt í rekstri þessa skips, skal bent á, að samkvæmt rekstrarreikningi þess á s. l. ári, sem birtur er hér með sem fylgiskjöl I. og II., eru vinnulaun til 14 skipverja 609 þús. kr. á árinu, eða sem svarar rúml. 43 þús. kr. á mann að meðaltali. Af þessu eru skipstjóralaun nærri 86 þús., 1. vélstjóra um 50 þús., matsveins yfir 40 þús. og háseta um og yfir 40 þús., allt auk margvíslegra hlunninda, svo sem trygginga, orlofs, fæðis, sjúkrasamlagsgjalda o. fl. Er þó vitað, að skipið hefur á því ári engan veginn verið að starfi alla daga, heldur legið athafnalaust allverulegan tíma. Þá má enn fremur benda á, að lítt skiljanlegt er, að skip, sem mestallan tímann liggur við land og er notað miklu meira sem áhald en sem fljótandi far, skuli þurfa að hafa 14 manna áhöfn, þar með taldir tveir matsveinar til þess að matreiða fyrir aðeins 14 menn. Rétt þykir einnig að benda á, að matvörur eða fæðiskostnaður er rúmar 148 þús. kr. á árinu fyrir aðeins 14 menn, eða rúmlega 10 þús. kr. á hvern mann. Er þá ekki reiknað með öðru en efninu í matinn. Sé við þetta bætt launum og fríðindum matsveina, eldsneytis- og áhaldakostnaði og öðru, sem til heyrir, en sá kostnaður nemur a. m. k. 60 þús. kr., er fæðiskostnaðurinn orðinn á þriðja hundrað þúsund króna fyrir þessa 14 manna fjölskyldu, eða um 15 þús. kr. á mann. Er hér um slíka ofrausn að ræða, að full ástæða er að spyrja um, hvað valdi. Má nærri geta, hvaða launakjör þyrfti almennt í þessu landi, ef hverri 5 manna fjölskyldu ætti að tryggja 75 þús. kr. eingöngu til fæðisútgjalda. Loks má benda á, að dráttarkostnaður sýnist vera allhár, eða nærri ¼ millj. kr., og svo er um marga aðra liði í rekstrarreikningi skipsins.

Þau héruð, sem af mikilli fátækt verða að standa undir slíkum útgjöldum, eiga heimtingu á því, að gerð sé grein fyrir því hvers vegna þetta þarf að kosta

slíkar upphæðir, sem fáir munu trúa, að séu raunverulegar, og að allt sé gert til þess að bæta það fyrirkomulag, sem sýnist ríkja hér að óþörfu.

Fylgiskjal I.

Reksturskostnaður dýpkunarskipsins Grettis 1949.

1. Vinnulaun:			
Skipverjar:	Föst laun	Aukavinna	Samtals
1. Skipstjóri	61404.14	24487.85	85891.99
2. Stýrimenn	34332.75	21070.74	55403.49
3. Vélstjórar	84707.28	„	84707.28
4. Hásetar	129101.17	129363.16	258464.33
5. Matsveinar	40407.54	11625.21	52032.75
6. Kyndarar	39411.86	33479.45	72891.31
	389364.74	220026.41	609391.15
÷ hluti af aukavinnu færður á hafnir	„	110266.58	110266.58
	389364.74	109759.83	499124.57
Aðkeypt vinna			29519.34
			528643.91
2. Tryggingar:			
v/skips og pramma		59359.00	
v/skipverja		14177.05	
			73536.05
3. Matvörur (fæðiskostn.)			148207.69
4. Kol		164410.13	
÷ seld kol frá árinu '48		17520.00	
			146890.13
5. Olía			15454.53
6. Rekstursvörur og viðhald			117646.85
7. Viðgerðir á skipi og prömmum		177448.32	
÷ Tjónabætur		42500.00	
			134948.32
8. Dráttur á skipi og prömmum og bátaaðstoð			227451.06
9. Hafnargjöld skoðunargjald o. fl.			1939.00
10. Akstur			15472.08
11. Símakostnaður o. fl.			2040.57
12. Þvottur og hreinlætisvörur			1434.80
13. Sjúkrasaml.gjöld og sjúkrakostn.			2366.85
14. Ýmislegt			8017.90
Samtals reksturskostnaður brúttó			1424049.74
15. Reksturshalli 1947 og 1948			643600.02
			2067649.76
÷ Leiga á skipinu við dýpkun			1468500.00
Reksturshalli samtals kr.			599149.76

Fylgiskjal II.

Dýpkunarskipið Grettir.

Launa- og aukavinnuskrá 1949.

	Fast kaup	Aukavinna	Einstakl. samtals
Guðjón Guðbjörnsson, skipstjóri	38584.14	12945.23	51529.37
Friðfinnur Kærnested, skipstj.	22820.00	11542.62	34362.62
	61404.14	24487.85	
Sami, stýrim.	16670.45	9520.19	26190.64
Guðjón Finnbogason, stýrim.	17662.30	11550.55	29212.85
	34332.75	21070.74	
Guðm. Valgrímsson, I. vélstj.	17268.23	„	17268.23
Sigm. Guðbjörnsson, I. vélstj.	32286.00	„	32286.00
Sigurgeir Jónsson, II. vélstj.	35153.05	„	35153.05
	84707.28	„	
Sigurbj. Árnason, matsv.	28757.23	11303.68	40060.91
Lárus Ingólfsson, aðst. matsv.	11650.31	321.53	11971.84
	40407.54	11625.21	
Sveinbj. Guðlaugsson, kyndari	10001.22	8552.54	18553.76
Óskar Arngrímsson, kyndari	22281.84	19692.95	41974.79
Einar Brynjólfsson, kyndari	7128.80	5233.96	12362.76
	39411.86	33479.45	
Grettir Guðmundsson, háseti	27616.37	18786.34	46402.71
Halldór Kristjánsson, háseti	1855.45	1838.98	3694.43
Rögnv. Ólafsson, háseti	11811.77	14644.98	26456.75
Hákon Pétursson, háseti	19056.87	20725.71	39782.58
Hólmfreð Magnússon, háseti	18632.54	20147.26	38779.80
Jóhann Þórlindsson, háseti	11406.53	13827.61	25234.14
Magnús Einarsson, háseti	16433.13	19380.10	35813.23
Bjarni Magnússon, háseti	7986.21	6163.04	14149.25
Hallgr. Sigurðsson, háseti	7416.80	7390.67	14807.47
Haukur Gunnlaugsson, háseti	6885.50	6458.47	13343.97
	129101.17	129363.16	
		Kr.	609391.15

Skipstjórar	85891.99
Stýrimenn	55403.49
Vélstjórar	84707.28
Matsveinar	52032.75
Kyndarar	72891.31
Hásetar	258464.33
Kr.	609391.15

Ed. 760. Frumvarp til laga [110. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Að fengnum meðmælum viðkomandi hreppsnefndar og sýslunefndar heimilast ríkisstjórninni að selja eftirtaldar jarðir:

1. Þjóðjörðina Bakka í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Þór Vilhjálmssyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943.
2. Eyðijörðina Fagranes í Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu Rúti Þorsteinssyni bónda í Engimýri.
3. Eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi, enda sé við söluna tekið tillit til þeirrar greiðslu, er ríkissjóði hefur verið gert að greiða fráfarandi ábúanda.

Söluverð jarðanna skal ákveðið af dómkvöddum mönnum. Við mat Granda skal taka tillit til þess, að ríkissjóði hefur við úttekt verið gert að kaupa hús og mannvirki fráfaranda á kr. 6875. Við mat á Fagranesi skal taka tillit til, hversu semst við Brunabótafélag Íslands um greiðslu vegna brunatjóns, sem jarðareigandi á á hendur félaginu, og haga matinu í samræmi við það.

Ríkisstjórninni heimilast að hafa skipti á jörðinni Klettakoti, sem er eign ríkisins, og jörðinni Straumi, sem Edilon Guðmundsson bóndi í Stóra-Langadal er eigandi að. Báðar þessar jarðir eru í Skógarstrandarhreppi í Snæfellssýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 761. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Þrír nefndarmenn, Kristín L. Sigurðardóttir, Gylfi Þ. Gíslason og Ólafur Björnsson, leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ásmundur Sigurðsson telur sig eigi geta mælt með frv. óbreyttu, en vill, að athugað sé, hvort eigi muni kleift að afla lánsfjár til greiðslu skulda þjóðleikhússins. Páll Þorsteinsson telur sig eigi geta mælt með frv. óbreyttu.

Alþingi, 13. maí 1950.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr.	Kristín L. Sigurðardóttir.
	Ásmundur Sigurðsson.	

Sþ. 762. Breytingartillaga [151. mál]

við till. til þál. um friðun Faxaflóa.

Frá Pétri Ottesen.

Á eftir orðunum „frá Reykjanestá“ í tillgr. bætist: í Geirfuglasker og þaðan.

Ed. 763. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. Komu fram í þeim umræðum ákveðnar óskir um að fá upplýst í þinginu, hvernig þeim 10 millj. kr. hefur verið varið, sem þegar hefur verið eytt í landshöfnina. Hefði verið æskilegt, að sundurliðun á þessu hefði legið fyrir, svo að unnt hefði verið að birta þetta með nál. sem fylgiskjal, en vegna þess að ekki er tími til þess að afla þeirra upplýsinga nú, ef málið á að ná samþykki þessa þings, er þess vænzt, að ráðherra upplýsi þetta við 2. umr. í þessari deild.

Vegna þess, sem fram er sett í síðustu málsgrein í greinargerð frv., vill n. taka fram, að henni finnst eðlilegast, að stjórn landshafnarinnar, vitamálastjóri og ráðuneytið ákveði það sameiginlega á hverjum tíma, til hvers því fé er varið, í samræmi við fyrirmæli laganna sjálfra, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, hvort heldur um er að ræða framlag frá ríkissjóði á fjárlögum eða lánsté, er ríkissjóður kann að taka samkvæmt heimild laganna.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Jóh. Þ. Jósefsson.
Hannibal Valdimarsson. Steingrímur Aðalsteinsson.

Nd. 764. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þessu var vísað til nefndarinnar hinn 20. marz s. l. Var málið rætt á nokkrum fundum, og virtust góðar horfur á, að samkomulag yrði um afgreiðslu frv., enda hafði það verið samþykkt samhljóða í efri deild. Nefndarmenn höfðu tekið nokkurn þátt í meðferð málsins í heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar og voru því þess vegna kunnugir í einstökum atriðum. Samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar var endanlegri afgreiðslu málsins þó frestað, meðan unnið var að fjárlögum. Nú er hins vegar orðið kunnugt um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að stuðla ekki að framgangi frumvarpsins. Nefndin hefur því klofnað um málið. Undirritaður minni hluti hennar vill láta samþykkja frv., en áskilur sér þó rétt til þess að flytja breytingartill. um einstök atriði eða að fylgja slíkum till. Meiri hlutinn, þau Kristín Sigurðardóttir, Jónas Rafnar og Páll Þorsteinsson, hefur hins vegar ekki viljað mæla með samþykkt þess.

Frv. þetta hafði hlotið rækilegan undirbúning. Það var samið af stjórnskipaðri nefnd, sem var sammála um það í öllum meginatriðum, en í lögum voru fyrirmæli um endurskoðun tryggingalaganna. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar ræddi málið mjög ýtarlega, og var þar enginn ágreiningur um aðalatriði þess, enda mælti nefndin öll með samþykkt frv., þótt einstakir nefndarmenn flyttu breytingartillögur eða fylgdu slíkum tillögum. Að lokum var frv. og samþykkt samhljóða í efri deild, eins og þegar hefur verið getið. Þegar þessa er gætt, hlýtur það að valda þeim, sem láta sér annt um almannatryggingarnar, sérstökum vonbrigðum, ef svo ætti nú að

fara, að stuðningsflokkar núverandi ríkisstjórnar treystu sér ekki til þess að samþykkja frv.

Í frv. þessu eru fólgnar verulegar endurbætur á gildandi lögum um almannatryggingar, og eru þessar helztar:

1) Sett eru ákvæði um nýjan bótaflokk, mæðralaun til einstæðra mæðra, sem hafa 2 börn eða fleiri á framfæri sínu. Enn fremur er heimilað að greiða dánarbætur til ekkna og ekkla, sem náð hafa 67 ára aldri, þegar makinn fellur frá.

2) Heimildir gildandi laga til að hækka lögboðnar bótagreiðslur eru auknar og rýmkaðar. Taka ákvæði frv. fyrst og fremst til þeirra, sem njóta lágra eftirlauna úr opinberum sjóðum, eignalausra einstaklinga og fólks, sem þarfnast sérstakrar hjúkrunar og umönnunar, og enn fremur til hjóna, sem geta ekki búið saman af heilsufarsástæðum, og til ekkna, er hafa fyrir mörgum börnum að sjá.

3) Felldar eru niður takmarkanir, sem nú gilda um greiðslu sjúkrahúsvistar fyrir gamalmenni, sem haldin eru ellikröm eða slíkum krankleika. Enn fremur eru sett ákvæði um hækkun á framlagi ríkissjóðs og sveitarfélaga til sjúkrasamlaga vegna hækkunar á kostnaði við sjúkrahúsvist, verði lyfja o. fl.

4) Lagt er til, að greiddar verði 10% uppbætur á ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrki og makabætur frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950.

Undirritaður minni hluti nefndarinnar telur allar þessar endurbætur á almannatryggingalögunum bráðnauðsynlegar og sjálfsagðar og mælir því eindregið með því, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 15. maí 1950.

Gylfi Þ. Gíslason, form., frsm. Jónas Árnason.

Sþ. 765. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um yfirfærslu á smávægilegri skuld við Danmörk og viðskiptasamninga á milli ríkjanna.

Frá Gísla Jónssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, að hún beiti sér fyrir því við gjaldeyrisyfirvöldin og bankana, að yfirfærð verði hið allra fyrsta hin smávægilega skuld, sem Íslendingar hafa stofnað til í Danmörku á s. l. ári og enn er óyfirfærð, en torveldað hefur samkomulag um viðskipti á þ. á., samkvæmt tilkynningu frá ríkisstjórninni, enda verði síðan engir viðskiptasamningar gerðir á milli ríkjanna, nema sem tryggja það örugglega, að Danir kaupi rúmlega 6-falt meira verðmæti í vörum af Íslendingum en þeir selja þeim á sama tíma.

Greinargerð.

Samkvæmt tilkynningu, sem ríkisstjórnin hefur gefið út opinberlega og birt er í dagblöðunum þ. 12. þ. m., hefur umræðum um viðskiptasamning milli Íslendinga og Dana verið frestað samkvæmt uppástungu Dana, þar sem ekki hefur náðst samkomulag um yfirfærslu á smávægilegri skuld, sem Íslendingar hafa stofnað til á árinu og enn er óyfirfærð. Í tilkynningunni er þess einnig getið, að samkvæmt viðskiptasamningi frá f. á. hafi verið til þess ætlazt, að Danir keyptu vörur af Íslendingum fyrir 22 millj. króna á árinu, en Íslendingar keyptu vörur af Dönum á sama tíma fyrir 20 millj. Niðurstaða viðskiptanna hafi hins vegar verið sú, að Íslendingar keyptu vörur af Dönum á árinu fyrir 44 millj. króna eða fyrir rúmlega 6-falt meira verðmæti en Danir keyptu vörur fyrir héðan, sem nam aðeins um 7 millj. króna. Þegar litið er á

þessi mjög svo hagstæðu viðskipti fyrir Danmörk, er torvelt að skilja, að smávægileg upphæð, sem enn er óyfirfærð, sumpart vegna aflabrests, en langmest vegna þess, hversu viðskiptin hafa verið Dönum hagkvæm en Íslendingum óhagkvæm, skuli geta valdið þeim ágreiningi í umræðum um framtíðarviðskipti milli ríkjanna, sem fram kemur í tilkynningunni.

Síðan ófriðnum lauk hafa Íslendingar keypt skip af dönskum smíðastöðvum fyrir tugi milljóna króna. Mun allverulegur hluti andvirðisins hafa verið greiddur í dollurum. Öll þessi skip hefði mátt byggja hjá vinveittari viðskiptaþjóðum og greiða að fullu í gjaldeyri, sem ekki var þjóðinni jafndýrmætur og dollarar. Engin viðleitni sýnist þó hafa verið af Dana hálfu að jafna þessi viðskipti með auknum vörukaupum héðan eða á þann hátt að taka sem greiðslu gjaldeyri frá löndum, sem Íslendingar gátu selt afurðir sínar í en áttu örðugt með að greiða í sterlingspundum, svo sem Ítalía o. fl. Sýnist þetta benda til þess, að Danir óski því aðeins eftir viðskiptum við Ísland, að þeir einir hafi af því allan hag. Ríkisstjórn og gjaldeyrisyfirvöldum er að sjálfsögðu skylt að stuðla að því, að viðskiptaskuldir, sem stofnað er til, verði greiddar sem fyrst, svo að slík vanskil torveldi ekki hagkvæmustu samninga, en þeim er einnig jafnskylt að stuðla að því, á meðan þeir fara með viðskiptamál þjóðar á þann hátt sem nú er, að gerðir séu jafnvirðisviðskiptasamningar um út- og innflutning eftir því sem frekast er unnt, og að þeim samningum sé í hvívetna framfylgt. Það verður því að vera ófrávíkjanleg krafa af hálfu Íslendinga, að viðskipti við Danmörk séu færð í jafnvirðishorf engu síður en við aðrar þjóðir, er vér skiptum við.

Frelsisbarátta Íslendinga hafði staðið í aldir, er henni lauk að fullu með stofnun lýðveldisins 17. júní 1944. Alla tíð síðan hafa Íslendingar gert allt sitt til þess að treysta frjálst viðskipta- og vináttusamband við Danmörk, eins og sést bezt á niðurstöðutölum viðskiptanna, sem að framan greinir. Af Íslands hálfu hefur í hvívetna verið sýnd full vinátta síðan sambandinu lauk. Íslendingar geta ekki gert sér það að góðu, að hún sé goldin á þann hátt, sem fram kemur í tilkynningu ríkisstjórnarinnar. Dönum verður að skiljast það að fullu, að án jafnréttis í viðskiptum mega og eiga engin viðskipti að halda áfram á milli ríkjanna, og að yfirstjórnartímabili þeirra á Íslandi er lokið að fullu og öllu. Í tveimur síðustu heimsstyrjöldum gátu Íslendingar lifað og bætt hag sinn án aðstoðar Dana. Á friðartímum ætti þetta að vera miklu auðveldara, enda er það ljóst, að það léttir á engan hátt baráttu Íslendinga fyrir bættum kjörum að innleiða þann sið á ný, að Íslendingar framfleyti í stórum stíl dönskum kaupmönnum og framleiðendum, án þess að jafnvirðisviðskipti komi á móti.

Nd. 766. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi. Engin skilríki um málið umfram frv. sjálft lágu fyrir nefndinni, hvorki um ástæður fyrir því, að byggingarkostnaður þjóðleikhússins hefur farið svo langt fram úr áætlun sem raun er á, né um það, hvaða aðilum þjóðleikhúsið skuldar.

Ég get ekki mælt með samþykkt þessa frv., en legg til, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að lausaskuldum þjóðleikhússins verði breytt í fast lán samkvæmt heimild í lögum nr. 53 1949 og að ríkisstjórnin láti jafnframt fyrir næsta reglulegt

Alþingi endurskoða og samræma ákvæði laga um skemmtanaskatt, telur deildin ekki rétt að samþykkja þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. maí 1950.

Páll Þorsteinsson.

Nd. 767. Breytingartillaga [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

6. gr. laganna orðist svo:

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal mánaðarlega hækka laun og lækka í samræmi við breytingu vísitölunnar.

Nd. 768. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. hefur verið í höndum nefndarinnar frá því í þingbyrjun, og hefur nefndin rætt málið við stjórn bankanna og þrjár ríkisstjórnir.

Núverandi atvinnumálaráðherra, Ólafur Thors, hefur eftir ýtarlega athugun og í samráði við fjármálaráðherra, Landsbankann og Útvegsbankann lagt fyrir nefndina svofellda greinargerð:

1. Nauðsyn þykir bera til, að fjárhagur síldveiðimanna verði sannreyndur með almennri innköllun krafna áður en ákvarðanir verða teknar um eftirgjöf á síldaraðstoðarlánum ríkissjóðs.

2. Skilanefndin skal þegar hefjast handa um afgreiðslu á aðstoðarbeiðnum síldveiðimanna skv. II. kafla laga nr. 100/1948, og haga störfum sínum þann veg, að sem fyrst verði gengið úr skugga um það, hvort síldarútgerðarmaður geti náð samkomulagi við lánardrottna sína, sbr. 1. mgr. 18. gr. l. nr. 100/1948, og verði jafnframt birt innköllun til skuldheimtumanna.

3. Ríkisstjórninni hefur þegar verið veitt heimild í fjárlögum fyrir 1950 til eftirgjafa á síldarlánum bankanna sumurin 1948 og 1949, sem ríkissjóður hefur ábyrgzt, og enn fremur á lánum, sem veitt verða til innlausnar á sjóveðskröfum frá síðasta sumri (kr. 1½ milljón).

4. Innköllunarfrestur skal renna út það snemma, að athugun skilanefndar á hag útvegsmanna sé lokið að fullu fyrir 1. október n. k.

5. 1. október 1950, en þá er komið á daginn, hver verður afkoma sumarsíldveiðanna, og eins hitt, hvort síldarútgerðarmenn eiga kost á frjálsum skuldaskilum, skal taka ákvörðun um það, hvort nauðsynlegt verður að teljast að þvinga fram skuldaskil með lögum. Þá skal og ákveða, hvort lengri frestur skuli veittur á afborgunum af lánum úr stofnlánadeild og fiskveiðasjóði og um lenging lánstíma.

6. Ríkisstjórn og bankastjórar Landsbankans hafa fallizt á, að dráttarvextir stofnlánadeildar verði lækkaðir úr 1% á mánuði í ½% á mánuði, enda verði það síðar staðfest með lögum.

7. Atvinnumálaráðuneytið mun gefa út auglýsingu um, að skuldaskilum síldarútvegsmanna skuli lokið á næsta hausti, sbr. 17. gr. laga nr. 100/1948.

Fjárhagsnefnd fellst eftir atvikum fyrir sitt leyti á þessa meðferð á skuldaskilum síldarútvegsins og telur vart tímabært að setja frekari ákvæði en þau, sem eru í II. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna o. fl., eða breyta þeim fyrr en skilanefnd er komin lengra áleiðis í athugunum sínum og séð er fyrir um afkomu næstu síldarvertíðar. Jafnframt vill nefndin mæla með því, að fyrirtæki, sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum vegna aflabrests síldarútvegsins, fái að njóta sama frests á afborgunum til stofnlánadeildar og fiskveiðasjóðs og útgerðin.

Leggur því nefndin til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 13. maí 1950.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm.	Skúli Guðmundsson, fundaskr.	Einar Olgeirsson.
Jóhann Hafstein.	Jón Pálmason.	

Sþ. 769. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um innflutning erlendra bóka og tímarita.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að leyfður verði nægilegur innflutningur erlendra bóka og tímarita til þess að fullnægja eðlilegri eftirspurn.

Greinargerð.

Um alllangt skeið undanfarið hefur verið mikill skortur erlendra bóka og tímarita í bókaverzlunum landsins. Getur varla heitið, að ný erlend bók hafi sézt í bókaverzlun í Reykjavík í marga mánuði, og utan Reykjavíkur hefur ástandið varla verið betra. Þarf ekki að orðlengja um það, að við slíkt er ekki unandi til lengdar. Íslendingar eru bókhneigðir, og erlendar bækur og erlend tímarit hafa jafnan verið mikið lesin á Íslandi til fróðleiks og skemmtunar. Fjölmörgum er og ókleift að sinna störfum sínum svo vel sem skyldi, nema eiga greiðan aðgang að erlendum bókum og tímaritum til þess að geta aukið þekkingu sína og kynnzt nýjungum. Því smærri sem þjóð er, þeim mun nauðsynlegra er henni að vera í sem nánustum menningartengslum við umheiminn. Þau tengsl verða á engan einn hátt betur tryggð en þann, að þjóðin eigi sem greiðastan aðgang að bókum og tímaritum annarra menningarþjóða.

Flm. þessarar tillögu er ljóst, að hæpið er fyrir Alþingi að ætla sér að hafa afskipti af því í einstökum atriðum, hvað flutt sé til landsins. Öðrum stofnunum hefur verið falið það hlutverk að taka ákvörðun um það. Hins vegar hafa verið fluttar á Alþingi og samþykktar tillögur, þar sem látin er í ljós ósk um aukinn innflutning á vörutegundum, sem skortur hefur verið á. Með tilliti til þess getur það ekki talizt óeðlilegt, þótt lagt sé til, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að hlutast til um, að bætt verði úr þeim brýna skorti erlendra bóka og tímarita, sem ríkt hefur í landinu.

Tillaga þessi er heldur ekki fram borin fyrir þá sök, að flm. hennar telji ástæðu

til að ætla, að þau yfirvöld, sem ákvörðun taka um þessi efni, hafi ekki nægilegan skilning á nauðsyn innflutnings erlendra bóka og tímarita. Hitt er vitað, að meðan jafnmikill skortur er á erlendum gjaldeyri og nú á sér stað, knýja margir á dyr innflutningsyfirvaldanna og fleiri en unnt er að sinna. En ef Alþingi samþykkti ályktun þessa, yrði yfirvöldunum væntanlega auðveldara að láta bókainnflutning njóta þess forgangsréttar umfram annan miður þarfari innflutning, sem fyllsta ástæða er til, að hann njóti.

Ed. 770. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 54 25. maí 1949, um Laxárvirkjunina.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 22 milljónum króna“ í 2. gr. laganna komi: allt að 38 milljónum króna.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður getur hvenær sem er gerzt meðeigandi að Laxárvirkjuninni. Frá því lög þessi ganga í gildi og þar til lokið er næstu framhaldsvirkjun á hann rétt á að gerast eigandi að 15 hundraðshlutum, að 35 hundraðshlutum, þegar henni er lokið, en að helmingi, þegar lokið er næstu aukningu virkjunarinnar þar á eftir. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu. Kaupverðið eða hluta þess má ríkissjóður inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi, skal, ef samkomulag fæst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja, sem gerð eru eftir þann tíma, skal vera kostnaðarverð þeirra, að frá dreginni eðlilegri fyrningu.

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni, framkvæma Akureyrarkaupstaður og ríkissjóður í félagi aukningar virkjunarinnar og kosta þær að réttri tiltölu við eignarhlutdeildir þeirra, unz fallið við Brúar er fullvirkjað, nema samkomulag verði milli aðila um aðra tilhögun. Ríkisstjórnin getur þá heimilað stjórn Laxárvirkjunarinnar að ráðast í virkjunaraukningar, þegar þeirra er þörf að dómi ríkisstjórnarinnar, og tekið til þess lán eða ábyrgzt lán, sem stjórn Laxárvirkjunarinnar tekur í því skyni, að upphæð allt að 45 milljónum króna.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni, skal stjórn fyrirtækisins falin nefnd 5 manna, sem nefnist stjórn Laxárvirkjunarinnar. Þar til ríkissjóður er orðinn eigandi að helmingi Laxárvirkjunarinnar, tilnefnir bæjarstjórn Akureyrar 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2. Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, tilnefnir bæjarstjórn 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá 5. manninn. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Stjórn Laxárvirkjunarinnar hefur á hendi stjórn og rekstur hennar, undirbúning og framkvæmd aukninga og breytinga á mannvirkjum hennar. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir ábyrgð á lánum og greiðsluskuldbindingum til aukinna framkvæmda eða breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig.

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni, skulu nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur virkjunarinnar sett í reglugerð, sem stjórn Laxárvirkjunarinnar setur með samþykki beggja eigenda og ráðherra staðfestir, sbr. og 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hæstv. landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur um einstök atriði. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Lög um Laxárvirkjunina, nr. 54 25. maí 1949, gera ráð fyrir því, að Akureyrarkaupstaður muni sjálfur annast þá viðbótarvirkjun, sem nú er fyrirhuguð, og er í lögunum ekki um annan stuðning frá hendi ríkisins til þeirrar framkvæmdar að ræða en ábyrgð ríkissjóðs á lánum, sem Akureyrarkaupstaður tæki til virkjunarinnar, allt að 85% af kostnaðarverði hennar. Hafði Akureyrarkaupstaður þá leitað nokkuð fyrir sér um öflun nauðsynlegs fjár til framkvæmdanna, en þó var enn allt í óvissu, á hvern hátt það mætti takast.

Ríkisstjórnin hefur síðan unnið að öflun fjár bæði til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar, og hefur í því efni ávallt verið látið eitt yfir báðar virkjanirnar ganga. Er nú svo komið, að tryggð eru ECA-lán til þeirra beggja fyrir andvirði meiri hluta þess efnis, sem kaupa þarf frá útlöndum, og má telja líklegt, að með tilstilli Alþingis og ríkisstjórnarinnar takist að tryggja virkjununum það, sem á vantar fyrir erlenda kostnaðinum og fyrir innlendum kostnaði, að því leyti er kaupstaðirnir ekki sjá fyrir fé til virkjananna, en sem stendur er gert ráð fyrir, að kaupstaðirnir annist útvegun á sem nemur um 9 hundraðshlutum af heildarfjárþörfinni.

Með því breytta viðhorfi, sem verður við þetta, þykir eðlilegt að gera ráð fyrir því, að framhald samvinnu ríkis og Akureyrarkaupstaðar um framkvæmd viðbótarvirkjunar í Laxá verði einnig með sama hætti og er milli ríkis og Reykjavíkur við Sogsvirkjunina, en sem kunnugt er hefur ríkið gerzt meðeigandi í Sogsvirkjuninni og samningur verið gerður milli Reykjavíkurkaupstaðar og ríkisstjórnarinnar um sameignina og reksturinn. Nú heimila lögin um Laxárvirkjunina ekki, að ríkissjóður gerist meðeigandi að henni fyrr en síðar, og þarf því að gera á þeim lögum nokkra breytingu til þess að sams konar samvinna geti orðið um hina fyrirhuguðu aukningu Laxárvirkjunarinnar sem um Sogsvirkjunina. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er gerð sú breyting á lögum nr. 54 1949, um Laxárvirkjunina, sem nauðsynleg er til þess að nú þegar sé hægt að ganga til samninga um sameign og samvinnu um framkvæmdirnar.

Bæjarstjórn Akureyrar er kunnugt um aðalefni frumvarps þessa.

Um 1. gr.

Enda þótt gert sé ráð fyrir því, að samningar verði gerðir um sameign kaupstaðarins og ríkissjóðs á Laxárvirkjuninni, þykir ekki ástæða til að láta 2. gr. laganna falla niður, en upphæð ábyrgðarheimildarinnar er hækkuð til samræmis við kostnaðaráætlanir um virkjunina eftir gengisfellinguna úr 22 millj. í 38 millj. kr.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar um eignarhlutföll aðilanna í Laxárvirkjuninni svara til þess, er samið hefur verið um við Sogsvirkjunina. Ákvæðin um ákvörðun kaupverðs eru orðrétt hin sömu sem nú eru í lögunum um Laxárvirkjunina. Ákvæði síðustu málsgreinar veita ríkisstjórninni hina nauðsynlegu heimild til að ráðast í þessa og síðari viðbótarvirkjanir í Laxá, ef ríkið verður meðeigandi, en upphæð lántöku-

eða ábyrgðarheimildarinnar er sett aðeins hærra en stofnkostnaður þessarar viðbótarvirkjunar er nú áætlaður.

Um 3. gr.

Fyrsta málsgreinin er samhljóða tilsvarandi ákvæðum Sogsvirkjunarlaganna.

Önnur og þriðja málsgreinin eru óbreyttar frá því, sem nú er í lögunum um Laxárvirkjunina.

Sþ. 771. Nefndarálit [154. mál]

um till. til þál. um vélræna upptöku á þingræðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og telur þingskriftir, svo sem þeim nú er hagað, eigi koma að því gagni, sem æskilegt væri. Þá hefur nefndin einnig athugað breytingartillögu á þskj. 707 viðvíkjandi útgáfu umræðna frá Alþingi. Þar eð nefndin álítur fyrirkomulag það, sem stungið er upp á í aðaltillögunni um vélræna upptöku á þingræðum, munu verða til mikilla bóta, svo og æskilegt, að breytt verði til um útgáfu umræðna, þótt eigi sé víst, að unnt verði að koma hinu síðarnefnda við nú þegar á næsta hausti, leggur hún til, að aðaltillagan verði samþykkt og einnig brtt. á þskj. 707 með þeirri breytingu, að fyrir orðin „hlutast til um það“ komi: undirbúa, ef fært þykir.

Alþingi, 12. maí 1950.

Ingólfur Jónsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.	Stefán Stefánsson.
Jón Sigurðsson.	Skúli Guðmundsson.	Magnús Kjartansson.	

Ed. 772. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í 8. gr. laganna komi orðið „vélanefnd“ á tveim stöðum í stað orðsins verkfæranefnd.

2. gr.

a. Fyrir „allt að 3 millj. kr.“ í 9. gr. laganna komi: allt að 6 milljónum kr.
b. Í stað orðsins „verkfæranefnd“ í sömu lagagrein komi: vélanefnd.

3. gr.

a. Í stað orðsins „Verkfæranefnd“ í byrjun 2. málsl. 10. gr. laganna komi: Vélanefnd.
b. Í stað tveggja síðustu málsgr. sömu lagagreinar komi:

Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóðum eða bönkum, er starfandi

eru á svæðum viðkomandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal senda Búnaðarfélagi Íslands skilagrein fyrir fyrningargjaldinu í lok hvers reikningsárs.

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

Nú hefur ræktunarsamband ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir, og er þá stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að halda eftir þeirri upphæð, sem vangreidd er, af jarðræktarstyrk þeim, sem greiða ber vegna jarðabóta í hlutaðeigandi ræktunarsambandi.

4. gr.

a. Í stað orðanna „Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með“ í upphafi 11. gr. laganna komi: Vélanefnd ríkisins skal í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með.

b. Í stað orðanna „að dómi verkfæranefndar“ í sömu lagagrein komi: að dómi vélanefndar.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands og vélanefnd ríkisins skulu halda námskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda hafa þeir menn einir rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af vélanefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12. gr. greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 773. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 12. gr. laganna komi 5 nýjar greinar (verða 13.—17. gr.), svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (13. gr.) Skylt er að skrásetja allar dráttarvélar og festa á þær spjald með einkennisstöfum þeirra á líkan hátt og bifreiðar, eftir því sem við á. Skrásetninguna annast sýslumenn með aðstoð hreppstjóra, bæjarfógetar og lögreglustjórar, og halda þeir skrásetningarbók yfir allar dráttarvélar í umdæminu og einkennisstafi þeirra. Dráttarvélareiganda ber að tilkynna um vélina, tegund og gerð hennar, og greiðir fimmtung gjalds þess, sem á hverjum tíma er ákveðið fyrir skrásetningu bifreiða.

Skrásetningarskrifstofum er skylt að láta úthlutunarnefnd í té um hver áramót skýrslu um dráttarvélar og jeppabifreiðar, er taldar eru stunda landbúnað í umdæminu.

b. (14. gr.) Stjórnir hreppabúnaðarfélaga taka á móti umsóknum bænda um heimilisdráttarvélar, hver af sínu svæði, og fer með þær eins og fyrir er mælt í 5. gr., eftir því sem við á. Stjórnir búnaðarfélaga skulu afgreiða umsóknir til úthlutunarnefndar fyrir hver áramót og sundurgreina, hverja tegund dráttarvélar um-

sækjandi óskar. Úthlutunarnefnd skal hafa sent fjárhagsráði umsóknir í síðasta lagi 15. febrúar, því til hliðsjónar við veitingu innflutningsleyfa dráttarvéla.

Þegar fjárhagsráð hefur ákveðið tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem til landsins verði fluttar og að öðru leyti líklegt um innflutning þeirra, skiptir úthlutunarnefndin vélunum milli umsækjenda. Skal við úthlutunina meðal annars taka tillit til umsagnar búnaðarfélagsstjórna, dráttarvélakost og landbúnaðarjeppa á búnaðarfélagssvæðinu, nauðsyn umsækjanda og aðstöðu að öðru leyti.

Nefndin gerir lista yfir þá menn, er pantað hafa dráttarvélar, og í hvaða röð skal afhenda vélarnar, sem til úthlutunar koma á því ári, og er innflytjanda og þeim, er vél hlýtur, tilkynnt, þegar fullvíst er, að vélarnar koma til landsins.

c. (15. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.

Dráttarvélum má ekki úthluta til annarra en þeirra, sem landbúnað stunda.

d. (16. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

e. (17. gr.) Gjaldeyrisyfirvöldin skulu kosta kapps um að veita innflytjendum gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegum verkfærum og varahlutum tilheyrandi dráttarvélum þeim, sem í notkun eru í landinu.

Nd. 774. Breytingartillaga [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá viðskiptamálaráðherra.

Aftan við 3. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

a. Síðasti málsliður 8. málsgreinar 12. gr. laganna orðist svo: Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda fasteignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.

b. Aftan við fyrsta málslið 9. málsgreinar sömu lagagreinar bætist: þar með talin hlutafjár- og stofnfjáreign.

Nd. 775. Breytingartillaga [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Áka Jakobssyni.

1. (Varatillaga við brtt. 767). Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   Á eftir orðunum „og fiskflutningaskipum“ í 2. málslið 6. mgr. 6. gr. komi: annarra en háseta, kyndara og matsveina.
2. Við 2. gr. Fyrir „3 kr.“ í fyrstu málsgr. komi: kr. 3.08.

Ed. 776. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur á tveimur fundum sínum athugað frv. þetta og hefur gert allverulegar breytingar á því. Telur hún nauðsyn á, að nú þegar verði allar dráttarvélar skrásettar og fái sína einkennisstafi.

Leggur nefndin til, að þær breytingar verði samþykktar á frv., sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. maí 1950.

Páll Zóphóníasson, form. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
H. Guðmundsson. F. R. Valdimarsson.

Sþ. 777. Nefndarálit [145. mál]

um till. til þál. um sérfræðilega aðstoð vegna sauðfjársjúkdóma.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna og sent hana sauðfjársjúkdómanefnd og rannsóknastofu háskólans á Keldum til umsagnar. Eru umsagnir þessara aðila birtar hér með sem fylgiskjöl. Mælir sauðfjársjúkdómanefnd eindregið með því, að tillagan verði samþykkt og þá einnig framkvæmd hið allra bráðasta, en forstjóri rannsóknastofunnar á Keldum telur tillöguna óþarfa og að ýmsu leyti varhugavert að samþykkja hana.

Með tilvísun til þessara ósamstæðu umsagna leggur nefndin til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 15. maí 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Hannibal Valdimarsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Helgi Jónasson. Pétur Ottesen. Jónas G. Rafnar.
Ásmundur Sigurðsson. Ingólfur Jónsson. Halldór Ásgrímsson.

Fylgiskjal I.

TILRAUNASTÖÐ HÁSKÓLANS Í MEINAFRÆÐI

6. maí 1950.

Með bréfi yðar frá 5. maí s. l. beiðizt þér umsagnar okkar um tillögu til þingsályktunar um sérfræðilega aðstoð vegna sauðfjársjúkdóma.

Sjúkdómar þeir, sem um ræðir, eru aðallega:

1. Þingeyska mæðiveikin: Hún er ekki þekkt annars staðar, a. m. k. ekki í líku formi og hér. Erlend reynsla um varnir gegn henni er þess vegna ekki fyrir hendi og þess vegna því miður enginn, sem geti kennt okkur þær. Almenn epidemiologisk lögmál, sem gera má ráð fyrir að gildi um hana á sama hátt og aðra hliðstæða sjúkdóma, eru hins vegar að sjálfsögðu jafnvel kunn hér á landi sem annars staðar.

Útlendingur, sem ætlaði að leggja á ráðin um varnir gegn þessum sjúkdómi hér, yrði þess vegna að byrja á að rannsaka hann hér, sem tæki mjög langan tíma og mikið fé, eða þá hins vegar að hann tæki skoðanir okkar og niðurstöður til grundvallar áliti sínu, en þá er náttúrlega ekki mikið við það unnið að fá erlendan mann til þess.

2. Garnaveiki: Við þekkjum mjög vel útbreiðsluhætti garnaveikinnar. Í öðrum löndum er henni haldið í skefjum með hreinlæti, útrýmingu smitbera og húðprófunum. Um allar þessar aðferðir er mikil reynsla hér á landi. Eitt árið var notað blóðpróf til að greina smitberana. Það reyndist mjög vel, en var þó hætt.

Það er ekki líklegt, að útlendingur, ókunnur staðháttum, geti orðið að liði við varnir gegn þessum sjúkdómi.

Þess má geta, að unnið er hér að tilraunum til bóluefnisframleiðslu gegn þessum sjúkdómi.

Sérfræðileg aðstoð, svo sem um ræðir í tillögunni, kemur fyrst og fremst að haldi:

1. Hjá frumstæðum þjóðum, þar sem innlend þekking og reynsla á meinafræði, epidemiologi o. s. frv. er ekki fyrir hendi, svo sem hjá sumum þjóðum Afríku, Asíu og ef til vill í Suður-Ameríku.

2. Ef sérfræðingur með sérstaka reynslu af einhverjum tilteknum sjúkdómi og aðferðum, sem beita má gegn honum, er sendur til að vekja áhuga starfsbræðra sinna í móttökulandinu á þeim og miðla þeim af persónulegri reynslu sinni.

3. Heimsóknir erlendra sérfræðinga geta haft vekjandi áhrif á stjórnarvöld lands og hvatt þau til framkvæmda á ráðstöfunum, sem að vísu var fyrir fram ljóst að væru réttmætar.

Ekkert þessara þriggja skilyrða virðist mér vera fyrir hendi í þessu máli.

Um hið varhugaverða við þvílíkar heimsóknir verður ekki rætt hér.

Þess má geta, að við höfum margrætt öll þessi mál við útlenda sérfræðinga, sem vinna að skyldum verkefnum, og heyrt skoðanir þeirra.

Í stuttu bréfi er að sjálfsögðu ekki hægt að gera neina fullnægjandi grein fyrir sjónarmiðum okkar í þessu efni, en ef fjárveitinganefnd hefur áhuga fyrir þeim, væri ég reiðubúinn að koma til viðtals við nefndina, ef þess væri óskað.

Virðingarfyllst,

Björn Sigurðsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Fylgiskjal II.

SAUÐFJÁRVEIKIVARNIRNAR

Reykjavík, 8. maí 1950.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur á fundi, þann 7. þ. m., gert eftirfarandi bókun:

„Fjárveitinganefnd óskar með bréfi, dags. 5. maí, umsagnar um tillögu til þingsályktunar um sérfræðilega aðstoð vegna sauðfjársjúkdóma á þskj. 562.

Nefndin mælir með því, að þessi tillaga verði samþykkt og þá einnig framkvæmd hið allra bráðasta. Nefndin vill vekja athygli á því, að réttara mundi vera að láta tillöguna taka til búfjársjúkdóma almennt. Enda þótt sjúkdómar geri hér mestan skaða á sauðfé, er það vitað, að garnaveikin getur einnig orðið hættuleg fyrir nautgripi.“

Virðingarfyllst,

Sæm. Friðriksson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Sþ. 778. Nefndarálit [150. mál]

um till. til þál. um framkvæmd laga nr. 32 1946, um Austurveg.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur tekið tillögu þessa til umræðu, en nefndarmenn gátu ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. nefndarinnar, þeir Ingólfur Jónsson og Helgi Jónasson, leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, og mun gefa út sérstakt nefndarálit, en meiri hl. nefndarinnar gat ekki á þetta fallizt af eftirfarandi ástæðum:

Með lögum nr. 32 frá 1946 er ákveðið, að leggja skuli Austurveg og verkinu að fullu lokið á næstu 7 árum, enda verði nægilegt vinnuafl fáanlegt svo og stórvirkar vinnuvélar. Samkvæmt 6. gr. laganna er ríkisstjórninni heimilað að taka allt að 20 milljón króna lán til þessara framkvæmda. Þessi ákvæði eru svo skýr, að ekki verður um villzt.

Núverandi ríkisstjórn og flokkar þeir, sem hana styðja, hafa tekið að sér það verkefni að draga úr dýrtíðinni í landinu, eftir því sem unnt er, og koma fjárhagskerfi þjóðarinnar á fastan og öruggan grundvöll. Eitt aðalskilyrðið til þess að ná því marki er að draga úr fjárfestingu í landinu, meðan verið er að ná því marki, eftir því sem unnt er, og að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög.

Til fjárveitinganefndar barst erindi frá þingmönnum Árnesinga um að taka upp á fjárlög ákveðna upphæð til þessara framkvæmda, sem meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallizt á, að gert yrði. Í fjárlögum fyrir 1950, sem nú hafa verið afgreidd, er því ekkert fjárframlag ætlað til þessa mikla mannvirkis. Engar breytingartillögur voru bornar fram um þetta atriði af nefndinni, eða einstökum nefndarmönnum né öðrum við afgreiðslu fjárlaganna. Nefndin lítur svo á, að fjöldamörg önnur verkefni í samgöngumálum þjóðarinnar séu engu síður aðkallandi en Austurvegur, enda hefur nú með lagningu Krýsuvíkurvegar verið allverulega bætt úr samgönguþörfinni milli héraðanna austan fjalls og Reykjavíkur. Meiri hlutinn getur því meðal annars af þeim ástæðum ekki lagt til, að tillagan verði samþykkt. Hann lítur einnig svo á, að ríkisstjórnin verði sjálf að meta það, hvort rétt sé að nota lánsheimildina á þessu ári eða fresta framkvæmdum til samræmingar þeirri stefnu í fjármálum, sem talin er nauðsynleg í sambandi við baráttuna við dýrtíðina. Fyrir því leggur meiri hluti nefndarinnar til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 15. maí 1950

Gísli Jónsson, form., frsm.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.
Karl Kristjánsson.	Jónas G. Rafnar.	Pétur Ottesen.
	Halldór Ásgrímsson.	

Ed. 779. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Upphaf 6. gr. laganna orðist svo:

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal sleppt broti úr stigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í heilt stig. Skal hækka laun ....

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi:

Ekki skal það varða missi vísitöluuppbótar, þótt verkalýðsfélag færi kauptaxta sinn til móts við vegið meðaltal kauptaxta félaga ófaglærðra verkamanna, þó ekki yfir 3 kr. grunnkaup á klukkustund.

Standi yfir vinnudeila eða samningaumleitanir við gildistöku laganna, skal það talið jafngilt kjarasamningi fyrir 19. marz 1950, ef deiluaðilar semja síðar um kaupgjald, sem sannanlega lá fyrir sem fast tilboð frá atvinnurekendum fyrir þann dag.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. 11. gr. laganna komi:

Heimilt er ráðherra að fella niður gjald þetta af þeim hluta aflans, sem látinn er til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju beint úr skipi eða til framleiðslu annarra afurða í sambandi við nýjan iðnað.

4. gr.

a. Síðasti málsl. 8. mgr. 12. gr. laganna orðist svo: Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda fasteignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.
b. Aftan við fyrsta málsl. 9. mgr. sömu lagagreinar bætist: þar með talin hlutafjár- og stofnfjáreign.

5. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, önnur en þau, sem 15. gr. tekur til, skulu varða sektum allt að 50 þús. kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skulu sektirnar renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 780. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Páli Zóphóníassyni.

4. efnismálsgr. 1. gr. orðist svo:

Rísi ágreiningur um bætur samkvæmt grein þessari, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær. Rétt er aðilum að krefjast yfirmats, er þrír dómkvaddir menn framkvæma. Ákvörðun yfirmatsmanna um bætur og kostnað verður eigi skotið til dómstóla.

Ed. 781. Breytingartillaga [49. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

Við 7. gr. Við greinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, skal heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk íbúða.

Enn fremur skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir, svo sem bygging útihúsa í sveitum og verbúða, séu heimilar án fjárfestingarleyfis.

Ed. 782. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá Hannibal Valdimarssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við 4. gr. laganna bætist:
   Þegar leigutaki leigir íbúð öðrum en skyldmennum sínum, sbr. 1. gr., skulu fjölskyldur með börn á framfæri sínu innan 16 ára aldurs hafa forgangsrétt að húsnæðinu.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Við 12. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Hámark þeirrar húsaleigu, að viðbættri vísitöluuppbót samkv. 6. gr., sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, má vera 5 krónur á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarherbergja, séu húsin byggð fyrir ársbyrjun 1940, og 7 kr. á mánuði fyrir hvern fermetra íbúðarherbergja, ef húsin eru byggð síðar.
   Nú er lofthæð íbúðar minni en 2.5 metrar og lækkar þá hámark þetta hlutfallslega, sem því nemur, er lofthæðin er minni. Nú kemur í ljós, að hærri húsaleiga er greidd en ákvæði þessi heimila, og skal leigan þá lækkuð samkvæmt hámarksákvæðum þessarar greinar.

Nd. 783. Lög [106. mál]

um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 639.

Ed. 784. Lög [110. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 760.

Sþ. 785. Nefndarálit [132. mál]

um till. til þál. um ljósvita og skýli á Faxaskeri.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent hana vitamálastjóra til umsagnar. Er umsögnin birt hér með sem fylgiskjal. Telur vitamálastjóri, að aðrar framkvæmdir í vitamálunum séu meira aðkallandi en þetta verk, enda sé það einnig álit þeirrar nefndar, sem samkvæmt lögum gerir tillögur um vitabyggingar í landinu á hverjum tíma.

Það er ljóst, að slys það, sem nýlega varð við Faxasker, stafaði ekki af því, að viti var ekki á staðnum, heldur af allt öðrum ástæðum, og hefði viti þar ekki getað

á neinn hátt fyrirbyggt slysið. Hitt má vel vera, að skipbrotsmannaskýli hefði getað orðið þeim mönnum til bjargar, sem komust þar lifandi á land, ef það hefði verið þar til staðar.

Samkvæmt lauslegri áætlun vitamálastjóra er talið, að framkvæmd þáltill. í heild mundi kosta 300—350 þús. kr. Hins vegar liggja engar upplýsingar fyrir um það, hver kostnaður myndi verða af því að byggja aðeins skipbrotsmannaskýli á Faxaskeri. Nú er það vitað, að Slysavarnafélag Íslands hefur sýnt mjög lofsverðan áhuga á því að koma upp skipbrotsmannaskýlum víðs vegar á landinu, og væri æskilegt, að haft væri samráð við þá stofnun um þetta mál, áður en ákvörðun sé tekin af Alþingi um það atriði.

Jafnfjarstætt virðist að leggja 300—400 þús. kr. í vitabyggingu á þessum stað án meðmæla vitamálastjóra.

Nefndin leggur því til, að þáltill. verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á því, hvað kosta muni að koma upp fullnægjandi skipbrotsmannaskýli á Faxaskeri, og hafi fullt samráð við Slysavarnafélag Íslands um allt það, er snertir undirbúning málsins, og leggi síðan niðurstöður þeirra athugana fyrir næsta Alþingi, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. maí 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Hannibal Valdimarsson, fundaskr. Ásmundur Sigurðsson.
Jónas G. Rafnar. Helgi Jónasson. Halldór Ásgrímsson.
Pétur Ottesen. Karl Kristjánsson.

Fylgiskjal.

VITA- OG HAFNARMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 9. maí 1950.

Með bréfi dags. 19. f. m. hefur háttvirt fjárveitinganefnd Alþingis óskað umsagnar minnar um tillögu til þingsályktunar um ljósvita og skýli á Faxaskeri við Vestmannaeyjar, á þskj. 478, og skal ég í tilefni af því leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Í lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og vitabygginga, er gert ráð fyrir, að viti verði reistur á Faxaskeri.

En samkvæmt heimild í 10. gr. þessara sömu laga var á sínum tíma ákveðið, að vitinn, sem ákveðið var að reisa á Faxaskeri og að verulegu leyti átti að vera til að lýsa leiðina vestur með eyjunum, yrði reistur á Þrídrang, og tel ég mig mega fullyrða, að allir aðilar hafi unað þeim málalokum vel, þar sem vitinn á Þrídrang fullnægði miklu betur þessari leið vestur fyrir eyjar en Faxaskersviti hefði gert. Síðan hefur enginn orðað vita á Faxaskeri fyrr en nú eftir hið hörmulega sjóslys, er varð við skerið í vetur. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, virðist sem þetta slys mundi jafnt hafa átt sér stað, hvort sem viti hefði verið á skerinu eða ekki. Hitt virðist aftur líklegt, að þeir menn, sem upp á skerið björguðust úr hinu sökkvandi skipi, mundu ef til vill hafa komizt lífs af, ef skýli eða afdrep, hefði þar verið með sæmilegum búnaði, og hefði það því — í þessu tilfelli — komið að meiri notum en vitaljósið eitt.

Nú stendur þannig á, að vitamálaskrifstofan á í smíðum fjölda vita, sem ljóstæki hafa ekki fengizt í, og tel ég það þurfa að ganga fyrir öllu að fá þessi tæki heim og koma þeim fyrir, svo að þessir vitar komi að gagni. Þessi tæki kosta samtals um 400 000 sænskar krónur, svo að upphæð sú, sem nú er ætluð til vitabygginga á fjárlagafrumvarpinu hrekkur hvergi nærri til þess.

Vitanefndin hefur nýlega haldið fund og orðið sammála um að leggja til, að öflun þessara tækja verði látin ganga fyrir öllu. Verði hins vegar veitt svo mikið fé til vitabygginga, að afgangur verði, þegar þessi tæki hafa verið keypt, leggur nefndin til, að næst þar á eftir komi bygging radíóvita á Dalatanga og síðan endurbygging Langanesvitans.

Faxaskersvitinn sem slíkur er því ekki í fremstu röð hvað vitabyggingar snertir samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Kostnaðaráætlun hefur ekki verið gerð fyrir vita á Faxaskeri, en ætla má samkvæmt reynslu, að vitinn mundi ekki kosta undir 300—350 þús. kr. með ljóstækjum, því að allhár þyrfti hann að vera til að koma að fullum notum.

Emil Jónsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Ed. 786. Frumvarp til laga [6. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 7 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Lög þessi ná til sérhverrar starfrækslu, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.

Undanþegin lögum þessum eru:

1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða,
4. allur almennur búrekstur í sveitum.

Ráðherra getur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, skuli þó vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

3. gr. hljóðar svo:

Sérhvert fyrirtæki, sem lög þessi ná til (sbr. 1. gr.), skal tilkynna öryggiseftirlitinu starfrækslu sína áður liðinn er hálfur mánuður frá því hún hófst. Tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfræksluna, hvers konar og hve mikil orka er notuð, hve margir verkamenn vinni þar að jafnaði og annað það, er máli kann að skipta og krafizt verður.

Þegar gerð er breyting á fyrirtæki, skal senda öryggiseftirlitinu sams konar tilkynningu og um getur í 1. málsgr. þessarar greinar strax og breytingum er lokið.

9. gr. hljóðar svo:

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma til muna.

11. gr. hljóðar svo:

Sérhver, sem ætlar að reisa eða starfrækja meiri háttar verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, er máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.

Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.

Vilji hlutaðeigandi ekki una úrskurði öryggismálastjóra, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar öryggisráðs.

12. gr. hljóðar svo:

Um verksmiðjur, verkstæði, verzlunarstaði og skrifstofur gilda eftirfarandi ákvæði, enda séu þessi fyrirtæki starfrækt að staðaldri á sama stað:

1. *Lofthæð.* Þar, sem unnið er, skal eigi vera lægra undir loft en 2.5 m, en sé hiti mikill, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, sem eigi er hægt að fjarlægja, skal lofthæð vera a. m. k. 3 m.
2. *Loftrúm.* Við vinnu skal hver verkamaður hafa a. m. k. 15 m^3 loftrúm. Þó má minnka loftrúmið niður í 10 m^3 fyrir hvern verkamann, ef sérstök loftræsting er fyrir hendi, enda samþykki öryggismálastjóri það. En sé hins vegar óhjákvæmilega mikill hiti á vinnustaðnum, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, getur öryggismálastjóri krafizt þess, að loftrúmið sé aukið allt upp í 25 m^3. Þegar reiknað er út loftrúm, skal eigi taka tillit til hæðar, sem er yfir 4 m.
3. *Gólf.* Á vinnustað skulu gólfin vera úr því efni, er bezt hentar hverju sinni, og efnisvalið fara eftir vinnu þeirri, sem að er unnið.
4. *Þak, veggir og loft.* Á vinnustað skal þak, veggir og loft vera nægilega þétt og hlý. Málningu skal haldið vel við, þar sem málað er, en sé vinnustaðurinn kalkaður, skal kalka á hæfilegum fresti. Öryggismálastjóri getur bannað að nota veggfóður á loft og veggi, ef hann telur það óhentugt af heilbrigðis- eða hreinlætisástæðum.
5. *Lýsing.* Sérhver verkamaður skal hafa þá birtu við vinnu sína, er bezt hentar hverju sinni, svo að sjón hans sé ekki hætta búin.
6. *Hreingerning.* Vinnustaðir skulu vera tilhlýðilega hreinsaðir.
7. *Hiti.* Upphitun skal vera nægileg á vinnustað og í matstofu að dómi trúnaðarmanns verkamanna og öryggismálastjóra, og fari eftir því, hver vinna er stunduð.
8. *Drykkjarvatn.* Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilegu og góðu drykkjarvatni, og skal svo vera um búið, að hægt sé að gæta nægilegs hreinlætis, þegar þess er neytt.
9. *Handþvottur og böð.* Á sérhverjum vinnustað skulu vera nægilega margar handlaugar eða annar hentugur útbúnaður með sápu eða öðru þvottaefni fyrir verkamenn til að þrífa sig. Skal handlaugum haldið tilhlýðilega hreinum. Handlaugarnar skulu vera í eða fast við búningsherbergi, ef það er fyrir hendi, en annars í vinnuherbergi. Telji öryggismálastjóri það nauðsynlegt af þrifnaðar- eða heilbrigðisástæðum, getur hann krafizt þess, að heitt vatn sé tiltækilegt til notkunar við þvottinn. Af sömu ástæðum getur hann krafizt þess, að sérstök bað- eða þvottaherbergi séu til afnota, og eru verkamenn þá skyldugir að nota þau.
10. *Búningsherbergi o. fl.* Þegar vinnu er þannig háttað, að nauðsynlegt sé að hafa fataskipti áður en vinna hefst og að henni lokinni, skulu verkamenn hafa aðgang að búningsherbergi, er sé nálægt vinnustað þeirra og hæfilega útbúið,

m. a. að því leyti, að hægt sé að geyma fatnaðinn, svo að vel fari. Eigi má geyma fatnaðinn þar, sem matazt er, nema öryggismálastjóri hafi gefið leyfi til þess, eigi heldur í vinnuherbergjum verkstæða og verksmiðja, nema í skápum, sem til þess eru sérstaklega gerðir. Hægt er að krefjast þess, að fatnaður sá, sem verkamenn nota við vinnu sína, sé geymdur annars staðar en fatnaður sá, sem þeir nota ekki við vinnu, enda sé vinnu þannig háttað, að eigi verði hjá því komizt, að vinnufatnaður óhreinkist verulega. Reiðhjól og önnur svipuð farartæki, sem verkamenn nota til og frá vinnu, skal vera hægt að geyma á tryggum og hagkvæmum stað, meðan á vinnu stendur. Frá þessu síðastnefnda ákvæði getur öryggismálastjóri þó gefið undanþágu þeim fyrirtækjum, sem tekin eru til starfa, er lög þessi öðlast gildi, enda sé það verulegum vandkvæðum bundið að koma slíku skýli fyrir.

11. *Vinnufatnaður o. fl.* Verkamenn skulu vera í vinnufötum, sem vel henta fyrir vinnuna. Verði ekki hjá því komizt að vinna í miklum hita eða raka, getur öryggismálastjóri lagt svo fyrir, að verkamönnum sé gefinn kostur á því að skipta um föt og fá fatnað sinn þurrkaðan.
12. *Matstofa og dvalarstofa.* Verkamenn skulu hafa aðgang að matstofu eða öðrum hentugum stað til að matast. Þar skal vera hægt að hita upp mat og drykk. (Sbr. enn fremur síðustu málsgr. 6. gr.)
13. *Salerni.* Hæfilega mörg salerni skulu vera til afnota fyrir verkamenn. Þau skulu vera nálægt vinnustað og tilhlýðilega frá þeim gengið. Þar sem 5 kvenmenn eða fleiri vinna að staðaldri, skal þeim ætlað sérstakt salerni.
14. *Stólar.* Þegar verkamönnum er ætlað að vinna sitjandi, skulu þeir hafa til afnota hentuga stóla.
15. *Loftræsting.* Á vinnustað skal andrúmsloftið endurnýjað nægilega og á þann hátt, er bezt hentar viðkomandi starfrækslu. Þó skal þess gætt, að skaðlegur súgur sé ekki, þar sem unnið er.
16. *Reykur, gufa, eitraðar og sprengifimar gastegundir o. fl.* Gastegundir, sem óhollusta eða sprengihætta stafar af, svo og reykur, gufa, hitasvækja og óþefur, sem myndast í einstökum vinnustofum, skal leitt burt frá stað þeim, þar sem það myndast, eftir því sem frekast er unnt, en þess ætíð gætt, að það berist ekki í aðrar vinnustofur. Þar sem ekki er hægt að komast hjá óhreinindum í andrúmsloftinu, sem hætta stafar af, skal verja verkamenn gegn áhrifum þeirra á viðeigandi hátt. Verkamenn skal verja eftir megni gegn áhrifum mikils hita.
17. *Skaðlegur raki.* Ef vinnuaðferðin hefur í för með sér, að hið venjulega rakastig loftsins breytist til muna, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn áhrifum rakans.
18. *Ryk.* Aðferðum við vinnuna skal eftir mætti hagað þannig, að ryk myndist ekki. Verði ekki hjá því komizt, að ryk berist í andrúmsloftið, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þess.
19 *Eitruð efni og önnur efni hættuleg heilsu manna.* Alls staðar þar, sem framleidd eru eitruð efni eða önnur efni, sem eru hættuleg heilsu manna, slík efni myndast, eru notuð, vegin, búið er um þau eða með þau farið á annan hátt, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þeirra. Sé þess nokkur kostur, skal nota miður hættuleg efni eða hættulaus efni í stað hinna hættulegu, enda hafi það ekki verulegt óhagræði í för með sér fyrir starfræksluna. Í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð getur ráðherra bannað framleiðslu eða notkun sérstaklega hættulegra efna eða sett þau skilyrði fyrir leyfi á notkun þeirra, að sérhvert ílát eða umbúðir, sem efnin eru í hrein eða blönduð öðrum efnum, beri þess greinileg merki.
20. *Smithætta.* Ef sérstök hætta er á, að verkamenn geti smitazt af sjúkdómum við vinnu sína, skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að verja þá smitun.

21. *Hlífðarútbúnaður verkamanna o. fl.* Verkamönnum skal látinn í té sérstakur hlífðarútbúnaður, svo sem grímur, hanzkar, gleraugu, eyrnahlífar og öndunaráhöld, þeim til varnar gegn skaðlegum áhrifum, ef ekki er á annan hátt hægt að verja þá gegn þeim. Kostnaðinn af slíkum hlífðarútbúnaði ber vinnuveitandinn. Verkamönnum ber að nota þennan hlífðarútbúnað, þegar þeir eru við slíka vinnu.
22. *Náttból.* Ef vinnustaður er svo afskekktur, að örðugt sé fyrir verkamenn að útvega sér náttból, skal vinnuveitandi láta verkamönnum í té tilhlýðilegan og ef þörf krefur upphitaðan næturdvalarstað, þar sem karlar og konur geta dvalið hvort í sínu lagi.

29. gr. hljóðar svo:

Komi fyrir slys á vinnustað, svo að dauði verkamanns hljótist af, eða verði verkamaður fyrir slysi, sem er þess eðlis, að gera megi ráð fyrir að dómi læknis, að Almannatryggingarnar verði bótaskyldar, skal vinnuveitandi tilkynna það öryggiseftirlitinu svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en að einum sólarhring liðnum. Öryggiseftirlitið skal láta framkvæma rannsókn á orsökum slyssins.

Verði verkamaður veikur af sjúkdómi, sem stafar af atvinnu hans, skal tilkynna það á sama hátt og þegar um slys er að ræða (sbr. 1. málsgr. þessarar greinar).

Ed. 787. Lög [157. mál]

um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 653.

Sþ. 788. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um skipun milliþinganefndar til þess að athuga rekstur útflutningsatvinnuveganna.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jóh. Stefánsson, Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Hannibal Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna milliþinganefnd til þess að athuga skipulag og rekstur útflutningsatvinnuveganna og gera tillögur um, á hvern hátt hægt sé að lækka rekstrarkostnað þeirra með breyttum skipulagsháttum og vinnuaðferðum. Fjórir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, en einn án tilnefningar. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það er nú orðið augljóst mál, að ráðstafanir þær, sem gerðar voru í marz síðastliðnum af stuðningsflokkum núverandi ríkisstjórnar til þess að rétta við hag útflutningsatvinnuveganna og koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn, ná engan veginn þeim tilgangi, sem þeim var ætlað að ná. Höfundar og málsvarar gengislækkunarlaganna töldu þau eiga að hafa tvenns konar hlutverk fyrst og fremst. Í fyrsta lagi var tilgangur þeirra sá að tryggja rekstur bátaútvegsins, án þess að hann nyti nokkurrar aðstoðar eða hlunninda af hálfu hins opinbera. „Gengislækkunin er miðuð við

það, að bátaútvegurinn verði rekinn án styrkja", segir í athugasemdum ríkisstjórnarinnar við gengislækkunarfrumvarpið. Í öðru lagi átti gengislækkun sú, sem samþykkt var, að nægja til þess að koma jafnvægi á utanríkisverzlunina og gera kleift að létta höftum af henni. Í álitsgerð þeirri, sem frv. fylgdi, sagði m. a. um þetta efni: „Gengislækkunin er miðuð við það, að hún sé nægileg til þess að létta höftunum af verzluninni, þeim höftum, sem nú eru í gildi vegna jafnvægisleysisins í þjóðarbúskap Íslendinga."

Engum, sem þekkir til þessara mála, getur blandazt hugur um, að hvorugt þessara markmiða hefur náðst. Afkomuhorfur í bátaútveginum eru ekki betri nú en þær voru á síðastliðnu ári. Alger óvissa er ríkjandi um fiskverðið. Í álitsgerð hagfræðinga þeirra, sem undirbjuggu frv., var ráð fyrir því gert, að fiskverðið gæti hækkað í 93 aura við gengislækkunina. Engu að síður hafa ýmsir fiskkaupendur ekki talið sig geta hækkað fiskverðið frá því, sem það var ákveðið í síðustu ábyrgðarlögum, þ. e. úr 75 aurum, þrátt fyrir gengislækkunina, og hafa þó engar gerbreytingar orðið á markaðsaðstæðum á þeim tæpum tveim mánuðum, sem liðnir eru, síðan gengislækkunarlögin voru sett, þótt segja megi, að miklar breytingar hafi orðið á því sviði síðan í fyrra. Hækki fiskverðið ekki úr 75 aurum, er augljóst, að hagur bátaútvegsins rýrnar verulega við gengislækkunina, þar eð mikil hækkun hefur orðið á ýmsum rekstrarvörum hans, auk þess sem hlunnindi honum til handa hafa verið felld niður.

Það er og kunnara en frá þurfi að segja, hversu því fer fjarri, að gengislækkunin hafi gert það kleift að létta höftum af innflutningsverzluninni. Af hálfu ríkisstjórnar og gjaldeyrisyfirvalda hefur verið frá því skýrt, að horfur í gjaldeyrismálum séu nú dekkri en nokkru sinni fyrr, gjaldeyrisskortur gífurlegur og óvissa ríkjandi um innflutning til landsins á næstu mánuðum. Meðan þannig háttar, hefur ríkisstjórnin varla í hyggju að létta höftum af innflutningsverzluninni og gera hana frjálsa, og er raunar ekki við því að búast. Yfirlýsingar þær, sem gefnar hafa verið nú nýlega af hálfu ríkisstjórnar og gjaldeyrisyfirvalda, verða varla skildar á annan hátt en þann, að fremur megi búast við því, að hert verði á innflutningshöftunum en á þeim slakað. Og þó eru ekki nema 2½ mánuður síðan þáverandi ríkisstjórn lagði fram gengislækkunarfrumvarpið og sagði í athugasemdum við það: „Jafnframt er að því miðað, að skapa skilyrði til frjálsrar verzlunar, sem yrði almenningi til mikilla hagsbóta", en í hagfræðilegu álitsgerðinni, sem fylgdi, sagði m. a.: „Einn höfuðtilgangurinn með tillögum okkar er þó ótalinn, en hann er sá að gera kleift að létta höftunum af innflutningsverzluninni. Mundi þá draga úr hinum óeðlilega dreifingarkostnaði og braskstarfsemi, sem nú þróast í skjóli haftanna og jafnvægisleysisins."

Svo sem þegar hefur verið getið, er því augljóst, að gengislækkunin hefur ekki skapað það ástand, sem málsvarar hennar töldu, að hún mundi skapa. Kemur þetta flm. þessarar tillögu að vísu engan veginn á óvart. Andstaða þeirra gegn gengislækkuninni grundvallaðist einmitt á því, að þeir höfðu ekki trú á, að þessar ráðstafanir kæmu að tilætluðum notum, auk þess sem þeir töldu þær koma ranglátlega niður. Sannleikurinn er sá, að til þess gat aldrei staðið nokkur von, að hægt væri að leysa öll vandamál útflutningsatvinnuveganna og koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn með gengislækkun einni saman. Hagfræðingarnir, sem undirbjuggu gengislækkunarfrumvarpið, bentu réttilega á, að stefna ríkisvaldsins í fjármálum og fjárfestingarmálum skipti miklu máli í þessu sambandi, þótt ríkisstjórnin hafi hins vegar ekki fylgt öllum tillögum þeirra í þeim efnum og ýmislegt bendi til þess, að hún muni heldur ekki gera það framvegis. Aftur á móti vanræktu hagfræðingarnir að benda á nauðsyn þess, að gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir til þess að bæta skipulagshætti og vinnuaðferðir í útflutningsatvinnuvegunum og auka þannig sparneytni í rekstrinum, og hafa engar ráðstafanir verið gerðar í þá átt. Flm. þessarar tillögu telja víst, að bæta mætti afkomu útflutningsatvinnuveganna og samkeppnishæfi þeirra á erlendum markaði verulega með slíkum ráðstöfunum. Skipulagshættir í þessum atvinnuvegum eru þannig, að framleiðslukostnaður og stjórnarkostnaður

er mun meiri en nauðsynlegt og óhjákvæmilegt er. Fyrirtækin eru of mörg og of smá, og væri án efa hægt að koma við betri hagnýtingu tækja og vinnuafls með betri heildarskipulagningu atvinnugreinanna. Í innkaupum útflutningsatvinnuveganna á rekstrarvörum þeirra ríkir skipulagsleysi, og búa þeir vafalaust ekki við jafnhagstætt verðlag á þessu sviði og unnt væri, ef innkaup þeirra á rekstrarvörunum væru skipulögð sérstaklega í því skyni að tryggja sem hagkvæmust kaup og sem lægstan dreifingarkostnað. Á það má enn fremur benda, að ýmsar þær atvinnugreinar, sem starfa í þágu útflutningsatvinnuveganna, hafa á undanförnum árum hagnazt mjög verulega, þótt hagur hinna síðarnefndu hafi verið bágur, og má þar nefna veiðarfæragerðir, vélsmiðjur, ýmis viðgerðarverkstæði o. fl. Virðist sjálfsagt, að ráðstafanir séu til þess gerðar, að slík fyrirtæki inni af hendi þjónustu sína í þágu útflutningsatvinnuveganna fyrir svo lágt verð sem frekast er unnt.

Það er fyrirsjáanlegt, að gera verður nýjar ráðstafanir til þess að tryggja afkomu bátaútvegsins og ýmissa annarra greina útflutningsframleiðslunnar, þótt afkoma sumra þeirra virðist góð og ástæða virðist jafnvel til að athuga, hvort þær hafi ekki hagnazt óeðlilega vegna gengislækkunarinnar, og enn fremur til þess að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn. Þar eð ljóst er, að gengislækkunarlögin hafa ekki náð tilgangi sínum, telja flm. þessarar tillögu, að Alþingi megi ekki ljúka svo, að ekkert sé aðhafzt til undirbúnings þeim ráðstöfunum, sem fyrirsjáanlega verður að grípa til. Þeir álíta, að ekki komi til mála að halda áfram á þeirri braut, sem farið var út á með gengislækkunarlögunum, og efna til nýrrar lækkunar á gengi krónunnar. Þeir telja þvert á móti nauðsynlegt að gera öflugar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir gerist aftur. Í því sambandi hlýtur skipulagning á rekstri útflutningsatvinnuveganna að koma til sérstakrar athugunar. Þess vegna er hér lagt til, að skipuð verði milliþinganefnd til þess að athuga skipulag og rekstur þessara atvinnuvega og gera tillögur um, á hvern hátt hægt sé að lækka rekstrarkostnað þeirra með breyttum skipulagsháttum og vinnuaðferðum.

Ed. 789. Breytingartillaga [65. mál]

við brtt. á þskj. 773 [Jeppabifreiðar til landbúnaðarþarfa o. fl.].

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Í stað „Dráttarvélum“ í c-lið (15. gr.) komi: Heimilisdráttarvélum.

Ed. 790. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Meðan innflutningur og gjaldeyrisleyfi er háð ákvörðun ríkisvaldsins, skal úthlutunarnefnd jeppabifreiða, sem um ræðir í 2. gr., einnig úthluta til bænda þeim heimilisdráttarvélum, sem til landsins eru fluttar.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi 5 nýjar greinar (verða 13.—17. gr.), svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (13. gr.) Skylt er að skrásetja allar dráttarvélar og festa á þær spjald með einkennisstöfum þeirra á líkan hátt og bifreiðar, eftir því sem við á. Skrásetninguna annast sýslumenn með aðstoð hreppstjóra, bæjarfógetar og lögreglustjórar, og halda þeir skrásetningarbók yfir allar dráttarvélar í umdæminu og einkennisstafi þeirra. Dráttarvélareiganda ber að tilkynna um vélina, tegund og gerð hennar og greiðir fimmtung gjalds þess, sem á hverjum tíma er ákveðið fyrir skrásetningu bifreiða.

Skrásetningarskrifstofum er skylt að láta úthlutunarnefnd í té um hver áramót skýrslu um dráttarvélar og jeppabifreiðar, er taldar eru stunda landbúnað í umdæminu.

b. (14. gr.) Stjórnir hreppabúnaðarfélaga taka á móti umsóknum bænda um heimilisdráttarvélar, hver af sínu svæði, og fer með þær eins og fyrir er mælt í 5. gr., eftir því sem við á. Stjórnir búnaðarfélaga skulu afgreiða umsóknir til úthlutunarnefndar fyrir hver áramót og sundurgreina, hverja tegund dráttarvélar umsækjandi óskar. Úthlutunarnefnd skal hafa sent fjárhagsráði umsóknir í síðasta lagi 15. febrúar, því til hliðsjónar við veitingu innflutningsleyfa dráttarvéla.

Þegar fjárhagsráð hefur ákveðið tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem til landsins verði fluttar og að öðru leyti líklegt um innflutning þeirra, skiptir úthlutunarnefndin vélunum milli umsækjenda. Skal við úthlutunina meðal annars taka tillit til umsagnar búnaðarmálastjóra, dráttarvélakosts og landbúnaðarjeppa á búnaðarfélagssvæðinu, nauðsyn umsækjanda og aðstöðu að öðru leyti.

Nefndin gerir lista yfir þá menn, er pantað hafa dráttarvélar, og í hvaða röð skal afhenda vélarnar, sem til úthlutunar koma á því ári, og er innflytjanda og þeim, er vél hlýtur, tilkynnt, þegar fullvíst er, að vélarnar koma til landsins.

c. (15. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.

Heimilisdráttarvélum má ekki úthluta til annarra en þeirra, sem landbúnað stunda.

d. (16. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

e. (17. gr.) Gjaldeyrisyfirvöldin skulu kosta kapps um að veita innflytjendum gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegum verkfærum og varahlutum tilheyrandi dráttarvélum þeim, sem í notkun eru í landinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lögin gefin út samkvæmt því í einu lagi með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Ed. 791. Lög [49. mál]

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 658.

Ed. 792. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni, Brynjólfi Bjarnasyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

Í stað „20 þúsund“ á tveim stöðum í fyrri málsgrein 1. greinar komi: 24 þúsund.

Ed. 793. Lög [15. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 752.

Sþ. 794. Breytingartillaga [154. mál]

við till. til þál. um vélræna upptöku á þingræðum.

Frá Jóhanni Hafstein.

Fyrri málsgr. tillögunnar orðist svo:

Alþingi skorar á forseta Alþingis og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til, að umræður á Alþingi verði teknar á vélrænan hátt, þannig að þingskriftir hverfi að mestu eða öllu leyti. Undirbúningi sé lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi, ef þess er nokkur kostur.

Sþ. 795. Lög [103. mál]

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (18. gr.) Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn fyrir ágangi búfjár af viðkomandi úttektarmönnum, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins láta rannsaka, hverjir eru eigendur fjárins, og láta merkja það. Síðan skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eru eigendur fjárins og hvernig féð var merkt, en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum. Skal eigendum gefinn kostur á að vítja fjárins, ef fært þykir að áliti hreppstjóra.

Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni og óvenjulegum snjóalögum, sbr. þó ákvæði 3. málsgr., eigi um kennt, að dómi úttektarmanna hreppsins, getur hlutaðeigandi umsjónarmaður skógræktarsvæðisins afhent fénaðinn hreppstjóra með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunum og koma þeim í verð. Við þeirri kröfu er hreppstjóra skylt að verða,

en skógareigandi er skyldur að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir skepnur sínar. Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi, að dómi úttektarmanna, að fé komst inn í hana.

Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að skógræktargirðingu fenni í kaf. Skal þá girðingareigandi eða eftirlitsmaður hans tilkynna fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar hættu þá, er af þeim stafar, og ber þá þeim fjáreigendum, er slíka viðvörun hafa fengið, að hafa gætur á fé sínu og halda því frá viðkomandi girðingu.

Rísi ágreiningur um bætur samkvæmt grein þessari, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær. Rétt er aðilum að krefjast yfirmats, er þrír dómkvaddir menn framkvæma. Ákvörðun yfirmatsmanna um bætur og kostnað verður eigi skotið til dómstóla.

Séu hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

b. (19. gr.) Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjárækturreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 796. Breytingartillögur [168. mál]

við till. til þál. um heimild til að greiða uppbætur á ellilífeyri o. fl.

Frá Magnúsi Kjartanssyni, Einari Olgeirssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

1. 2. málsgr. orðast svo:
   Uppbætur þessar mega nema allt að 17% fyrir allt tímabilið.
2. Við 3. málsgr. bætist: en þó greiði ríkissjóður það, sem er fram yfir 10%.

Nd. 797. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Árið 1948 voru samþykkt á Alþingi lög um innflutning búfjár. Hafði frumvarp að þeim verið undirbúið í Búnaðarfélagi Íslands og hlotið samþykki búnaðarþings. Þar eru í lögfest heildarákvæði um innflutning erlendra búfjárkynja og annarra alidýra og varúðarráðstafanir í sambandi við hann.

Í lögum þessum er svo fyrir mælt, að ríkið eitt skuli hafa heimild til þessa innflutnings og eiga þá gripi, sem inn eru fluttir, og annast tilraunastarfsemi með þá, og skal hún fara fram í eyju í námunda við Reykjavík. Þar skal og ríkið koma upp og starfrækja sóttvarnarstöð. Aldrei má flytja hið erlenda búfé í land samkvæmt ákvæðum laganna, en aðeins sæði úr því, er sannað þykir samkvæmt áliti sérfróðra manna, að ekki stafi af því sýkingarhætta fyrir hinn innlenda búfjárstofn.

Síðan lög þessi voru samþykkt hefur enginn undirbúningur hafizt um framkvæmd þeirra, svo sem um sóttvarnarstöð, af þeirri einföldu ástæðu, að ekki hefur fengizt fé til þess frá ríkinu sökum erfiðra fjárhagsástæðna þess hin síðari árin, en framkvæmdir þessar eru allkostnaðarsamar. Hins vegar bauðst landbúnaðarráðuneytinu þegar árið 1948 aðstoð til framkvæmda á vissum þætti málsins frá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, sem hafði ákveðið að beita sér fyrir aðgerðum í málinu, ef leyfi fengist, og heimilað fjárgreiðslu í þessu skyni. Það, sem S. Í. S. vildi beita sér fyrir, var innflutningur á erlendum holdanautum til framræktunar innanlands og kynblöndunar með innlendum nautgripastofni. Hafði það tryggt sér umráð yfir Þerney á Kollafirði og hugðist láta þessa starfsemi fara þar fram. Þá kom og búnaðarráðunautur Reykjavíkurbæjar á fund ráðuneytisins og kvað mikinn áhuga með bæjaryfirvöldunum fyrir því að gera tilraunir með innflutning á erlendum mjólkurkúakynjum.

Þar sem nú þótti sýnt samkvæmt framansögðu, að lítt yrði hafizt handa í máli þessu af hálfu ríkisins fyrst um sinn, taldi ráðuneytið rétt að taka á móti hinum framboðna stuðningi við mál þetta frá áðurnefndum aðilum, ef unnt væri að tryggja það, að öllum varúðarráðstöfunum, sem lögin tilskilja, yrði fylgt jafnt fyrir því. En til þess að unnt væri að þiggja aðstoð framannefndra aðila, þurfti að fá lögunum breytt í þá átt, að aðrir en ríkið mættu leggja fram fé til framkvæmdanna og eiga hina erlendu gripi, án þess þó að ríkið sleppti úr hendi sinni nokkru af því valdi, sem það hafði til að segja fyrir um allar varúðarráðstafanir og fylgjast með þeim.

Á þinginu 1949 var svo borið fram af ráðuneytinu frumvarp til laga um breytingu á lögunum, þar sem svo var fyrir mælt, að veita mætti S. Í. S. og Reykjavíkurbæ að annast vissa þætti þessa innflutnings innan þess ramma, er lögin settu um varúðarráðstafanir. Var heimild þessi bundin því skilyrði, að inn yrði aðeins flutt sæði úr hinum erlendu gripum til framtímgunar með íslenzku búfé.

Frumvarp þetta var samþykkt með nokkrum breytingum í neðri deild, en varð ekki útrætt í efri deild sökum þess, hve mjög var liðið á þingtímann, er þangað kom. Þó hafði landbúnaðarnefnd efri deildar afgreitt málið og meiri hluti hennar (4 af 5 nefndarmönnum) mælt með samþykkt þess, svo að miklar líkur voru til, að það hefði náð samþykki deildarinnar og orðið að lögum, ef tími hefði enzt til. Af þessum sökum samþykkti ríkisstjórnin sumarið 1949 að gefa út um þetta bráðabirgðalög, byggð á frumvarpinu eins og það hafði verið samþykkt í neðri deild, og var þá einnig tekið tillit til bendinga, sem fram höfðu komið frá minni hluta landbúnaðarnefndar Ed. (PZ). Þar var framangreindum aðilum gert að skyldu að setja upp sóttvarnarstöð þá, er lögin tilskilja, sem starfrækt yrði undir umsjá yfirdýralæknis ríkisins. En efnisbreyting frá frumvarpinu var í bráðabirgðalögunum, sem sé sú, að leyfi til framannefndra aðila skyldi ekki einskorðað við innflutning búfjársæðis, heldur mætti og veita leyfi til innflutnings nautgripa. Ástæðan fyrir þessari breytingu var sú, að á það hafði verið bent af Páli A. Pálssyni dýralækni, sem er lærðastur í búfjársjúkdómafræði allra hérlendra manna, að ekki þyrfti að vera meiri hætta á, að erlendir sjúkdómar flyttust inn með nýfæddum kálfum, ef fyllstu varúðar yrði gætt um alla meðhöndlun þeirra, frá því að þeir fæddust og þangað til að þeir væru fluttir út, heldur en við sæðisflutninga, sem hlytu að standa yfir að staðaldri í 6—8 ár, ef þeir ættu að ná þeim árangri að koma hinum erlenda stofni upp hreinræktuðum eða því sem næst. Kálfana þyrfti hins vegar ekki að flytja inn nema í eitt skipti fyrir öll. Auk þess hafði þessi aðferð þann kost að flýta mjög fyrir fullum árangri af framkvæmdum þessum, þar sem hreinræktun erlends búfjárstofns með sæðisflutningaaðferðinni, fyrst frá útlöndum í eyju hér við land og síðan úr eyjunni á meginlandið, mundi taka 12—16 ár. Innflutningur kálfa mundi stytta þennan tíma til hálfs.

Bráðabirgðalögin voru svo lögð fyrir öndvert þetta Alþingi og vísað til landbúnaðarnefndar neðri deildar. En þá bregður svo við, að þau mæta þar mótspyrnu

og það meðal þm., sem þó fylgdu áðurnefndu frv. á síðasta þingi. Stjórn Búnaðarfélags Íslands tjáði sig að vísu meðmælta frv., en meiri hluti hennar var þó mótfallinn því ákvæði þess, sem að því laut, að flytja mætti inn kynbótakálfana. Má ætla, að andstaða landbúnaðarnefndar Nd. sé og að einhverju leyti af því sprottin. Það var nú þegar sýnt, eftir þær móttökur, er frv. fékk í hv. Nd., og þar sem vitað var um sams konar andstöðu innan landbúnaðarnefndar Ed., að því yrði ekki fram komið á þessu þingi og því síður þegar svo var á þingtímann liðið, er það var tekið til meðferðar í nefndinni. Við, sem skrifum undir álit þetta, vildum þá marka stefnu okkar til málsins með því að óska afgreiðslu þess í landbn. og með því áliti okkar, er hér fer á eftir:

Það má telja víst, að aðalandstaða gegn frumvarpi þessu (eða bráðabirgðalögum) stafi af áhugaleysi fyrir því, að hér séu gerðar tilraunir með innflutning erlendra búfjárkynja, eða beinni andspyrnu gegn því, vegna þess að í frv. gætir engrar stefnubreytingar frá gildandi löggjöf, heldur er þar aðeins að því stefnt að flýta fyrir sjálfri framkvæmd málsins. Við teljum því rétt að gera nokkra grein fyrir skoðunum okkar á því máli.

Einn höfuðkostur Íslands sem landbúnaðarlands eru hin feikna víðáttumiklu beitilönd þess, bæði í byggð og í óbyggðum. Þó að ræktun landsins verði fram haldið með eðlilegum hætti, eins og nú er að stefnt, má telja víst, að ekki verði um ófyrirsjáanlegan tíma unnt að brjóta til ræktunar nema lítinn hluta þeirra landfláka.

Hins vegar mætti búast við því, að með stefnu þeirri, sem nú hefur verið tekin í ræktunarmálunum, hinum aukna stuðningi ríkisins við framræsluna og hinum mörgu stórvirku vélgröfum, sem þjóðin hefur eignazt, að verulegur árangur náist á nálægum tíma um framræslu landsins í byggðunum. En framræslan ein mun víða geta gert landið stórum verðmætara til beitar. Það er því höfuðnauðsyn fyrir bændur og þjóðina í heild að geta fullnýtt hin ágætu beitilönd sín, á meðan þau eru ekki tekin til annarrar notkunar. Þetta teljum við að verða muni árangsfast með því að koma hér upp harðgerðum holdanautastofni við hliðina á sauðfjárræktinni. Þó að sauðfjárstofninn verði að sjálfsögðu aukinn aftur, ef sú tilraun heppnast, sem nú er unnið að, þ. e. útrýming sauðfjárpestanna, þá háttar víða svo til, að beitilöndin nýtast ekki til fulls með sauðfénu einu, og hentar sums staðar betur að hafa í stað þess eða jafnframt því annan búfénað, sem meira þol hefur til beitar og útigangs en undaneldisær og framfleytt verður á léttara fóðri.

Til þessa hefur það nær eingöngu verið hesturinn, sem þessu hlutverki hefur sinnt hér, a. m. k. á síðari öldum. Þó nú að telja megi víst, að hlutverki hestsins ljúki seint eða aldrei til fulls í íslenzkum landbúnaði við það, sem nú eru kölluð hin léttari dráttarstörfin, svo og til reiðar, þá má búast við, að það dragist nokkuð saman frá því, sem var, og að uppeldi vinnuhestsins byggist meir á ræktun hans og eldi en verið hefur. Um hestauppeldi til útflutnings er allt í óvissu. Þá er eftir síðasta atriðið, útigangsuppeldi hestsins til afsláttar og kjötframleiðslu. Þó að allmikið sé gert að því hér enn þá, teljum við það engan búhnykk til framtíðar. Því hlutverki í framleiðslunni teljum við fortakslaust, að holdanautin eigi að gegna. Það eru til nautakyn, sem lítið eða ekkert gefa hestunum eftir um harðfengi til beitar og útigöngu. En hestakjötið hefur alltaf verið talið annars og þriðja flokks kjöt og verðlagt eftir því, en aftur á móti er kjöt af góðum holdanautum fyrsta flokks vara og verðlagt samkvæmt því. Nautakjöt mundi geta orðið útflutningsvara, hestakjöt ekki, nema til fóðurs. Nautið er kjötsöfnunardýr, hesturinn ekki. Við teljum því, að holdanautið eigi hér að leysa hestinn af hólmi.

Nú er þannig háttað í framleiðslumálum þjóðarinnar, að mikið skortir á, að hún sé sjálfbirg um smjörframleiðslu. Hins vegar eru víða á landinu sveitir vel fallnar til nautgriparæktar, þar sem eru takmörkuð skilyrði til mjólkursölu eða engin. Á þessum stöðum lægi vel við að hefja aukna smjörframleiðslu. En þá vantar markað fyrir undanrennuna. Þar færi því vel saman að nota hana til uppeldis kálfa

til kjötframleiðslu. En þeir þurfa að vera af holdakyni, til þess að góður árangur náist af slíkum búskap.

Af framangreindum ástæðum o. fl. teljum við rétt að fylgja eftir tilraunum um að koma hér upp nautastofni af holdakyni.

Með undirtektum þeim, sem frv. þetta hefur fengið hjá landbn. að þessu sinni, hefur verið hafnað aðstoð þeirri, er ríkinu bauðst til að hrinda máli þessu í framkvæmd. Eftir standa þó lögin óhögguð um heimild til að hefja innflutning þennan og gera nauðsynlegar ráðstafanir málinu til framdráttar, og enn stendur óuppfyllt skylda ríkisins til að koma hér upp sóttvarnarstöð vegna innflutnings ýmiss konar húsdýra, sem öðru hvoru á sér stað. Er þess að vænta, að þing og stjórn sjái sér fært hið fyrsta að standa a. m. k. undir skyldum sínum samkvæmt gildandi löggjöf af eigin rammleik, úr því að neitað hefur verið stuðningi þeim, er það átti kost á með því að samþykkja frv. þetta.

Alþingi, 16. maí 1950.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 798. Breytingartillaga [151. mál]

við till. til þál. um friðun Faxaflóa.

Frá atvinnumálaráðherra.

Fyrir orðin „að ákveða með reglugerð“ í tillgr. kemur: að athuga, hvort auðið sé að ákveða nú þegar með reglugerð.

Sþ. 799. Þingsályktun [151. mál]

um friðun Faxaflóa.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga, hvort auðið sé að ákveða nú þegar með reglugerð samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, að Faxaflói allur, innan línu, sem dregin er frá Reykjanestá í Geirfuglasker og þaðan að Öndverðarnesi, verði friðaður fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum.

Sþ. 800. Þingsályktun [159. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um félagafrelsi og verndun þess.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 670.

Sþ. **801. Breytingartillaga** [168. mál]

við till. til þál. um heimild til að greiða uppbætur á ellilífeyri o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

2. málsgr. tillgr. orðist svo:
Uppbætur þessar mega nema allt að 10%.
Til vara:
Í stað „5%“ í 2. málsgr. tillgr. komi: 7%.

Sþ. **802. Þingsályktun** [168. mál]

um heimild til að greiða uppbætur á ellilífeyri o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 743.

Ed. **803. Lög** [163. mál]

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 779.

Ed. **804. Lög** [164. mál]

um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 708.

Ed. **805. Lög** [170. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá efnahagssamvinnustjórninni í Washington.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 757.

Nd. **806. Lög** [93. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 772.

Ed. 807. Lög [171. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 758.

Nd. 808. Breytingartillögur [165. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálaráðherra.

1. Við 1. gr. Í stað „45%“ í b-lið komi: 35% — og í stað „20%“ í c-lið komi: 30%.
2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi, (er verði 2. gr., og breytist tala greinanna samkvæmt því):

   Heimilt er ríkisstjórninni að innheimta skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi, er renni í byggingarsjóð þjóðleikhússins, þangað til byggingin er að fullu greidd.

Nd. 809. Frumvarp til laga [165. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að innheimta skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi, er renni í byggingarsjóð þjóðleikhússins, þangað til byggingin er að fullu greidd.

2. gr.

Byggingarnefnd þjóðleikhússins er heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, enda skal lánið endurgreitt af tekjum þjóðleikhússins.

3. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. júní 1950 og þangað til byggingarkostnaður þjóðleikhússins er að fullu greiddur.

Nd. 810. Breytingartillögur [165. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálaráðherra.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   6. gr. laganna orðist svo:
   Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkv. lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:
   a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
   b. 35% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.
   c. 32% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
   d. 8% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal ⅓ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ⅔ til kennslukvikmyndasafns.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi gilda frá og með 1. júní 1950 og þangað til byggingarskuld sú, er á þjóðleikhúsinu hvílir nú, er að fullu greidd. Um sama tíma skal frestað framkvæmd laga nr. 85/1947. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 53/1949.

Nd. 811. Lög [175. mál]

um breyting á lögum nr. 54 25. maí 1949, um Laxárvirkjunina.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 770.

Nd. 812. Breytingartillögur [165. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Landsbanki Íslands skal greiða 10% af árlegum rekstrarhagnaði seðladeildarinnar til ríkisins, og renni helmingur gjaldsins til þjóðleikhússjóðs, en helmingur til félagsheimilasjóðs.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og um gjald af rekstrarhagnaði seðladeildar Landsbanka Íslands.

Nd. 813. Breytingartillaga [165. mál]

við brtt. á þskj. 810 [Skemmtanaskattur og þjóðleikhús].

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. Síðari málsl. í d-lið orðist svo:
Skal helmingur þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga og helmingur til kennslukvikmyndasafns.

Ed. 814. Breytingartillögur [165. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálaráðherra.

1. Á undan 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   6. gr. laganna orðist svo:
   Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:
   a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
   b. 32% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.
   c. 35% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
   d. 8% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal ⅓ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ⅔ til kennslukvikmyndasafns.
2. Á eftir 1. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkv. því:
   Hagnaður viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1950, 1951 og 1952 skal renna í byggingarsjóð þjóðleikhússins. Um sama tíma frestast framkvæmd síðari málsgreinar 14. gr. l. nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi gilda frá og með 1. júní 1950 og þangað til byggingarskuld sú, er á þjóðleikhúsinu hvílir nú, er að fullu greidd. Um sama tíma skal frestað framkvæmd laga nr. 85/1947. Frá 1. júní 1950 eru úr gildi numin lög nr. 53/1949.
4. Aftan við fyrirsögn frumvarpsins bætist: o. fl.

Ed. 815. Breytingartillaga [165. mál]

við brtt. á þskj. 814 [Skemmtanaskattur og þjóðleikhús].

Frá menntamálaráðherra.

d-liður 1. tölul. breytist þannig, að í stað „⅓“ komi: ½ — og í stað „⅔“ komi: ½.

Ed. 816. Frumvarp til laga [165. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
b. 32% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.
c. 35% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
d. 8% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal ½ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ½ til kennslukvikmyndasafns.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að innheimta skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi, er renni í byggingarsjóð þjóðleikhússins, þangað til byggingin er að fullu greidd.

3. gr.

Hagnaður viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1950, 1951 og 1952 skal renna í byggingarsjóð þjóðleikhússins. Um sama tíma frestast framkvæmd síðari málsgreinar 14. gr. l. nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

4. gr.

10. Stykkishólmsbátur. Oddur Valentínusson fer þess á leit, að styrkur til hans vegna reksturs flóabáts á leiðinni Stykkishólmur—Skógarströnd—Langeyjarnes—Hnúksnes verði í fjárl. fyrir árið 1950 hækkaður í 13—14 þús. kr. — Bréf 4. apríl. (Db. 556).
11. Suðurlandsskip. Jón Gíslason, þm. V-Sk., fer fram á, að 80 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til Suðurlandsskips. — Bréf 10. febr. (Db. 357).

Flugfélagið Vængir h.f. Samgmrn. sendir til umsagnar erindi h.f. Vængir, dags. 2. jan., þar sem það fer fram á 70 þús. kr. styrk til flugstarfsemi sinnar. — Bréf 18. jan. (Db. 251).

Flugmál.
1. Flugmrh. sendir áætlun flugráðs um nauðsynlegar fjárveitingar í fjárl. fyrir árið 1950 til flugmála. — Bréflaust. (Db. 737).
2. Flugráð sendir skýrslu um úthlutun styrkja til námsmanna og starfsemi áhugamanna í flugi á árunum 1948 og 1949. — Bréf 2. febr. (Db. 328).

— Sjá einnig Flugfélagið Vængir h.f.

Flugnám, sjá Flugmál 2.

Flugráð, sjá: Flugmál 1—2, Flutningur loftskeytastanganna á Melunum 1, Tillögur.

Flutningur loftskeytastanganna á Melunum.
1. Samgmrn. sendir erindi flugráðs, dags. 2. nóv., um flutning loftskeytastanganna á Melunum vegna öryggis fyrir flugvélar, sem fljúga til og frá Reykjavíkurflugvelli. — Bréf 16. jan. (Db. 247).
2. Samgmrn. sendir greinargerð um flutning loftskeytastanganna á Melunum. — Bréf 27. febr. (434).

Forföll þingmanns. Gísli Jónsson, þm. Barð., tilkynnir, að hann þurfi nauðsynlega að fara skyndiferð til Bretlands. — Bréf 17. nóv. (Db. 35, 36).

Formaður fjárskiptafélagsins á Snæfellsnesi, sjá Fjárskipti 6.

Fornihvammur, sjá Gistihúsið í Fornahvammi.

Forsetar Alþingis, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3.
Forseti írska þingsins, sjá Fullveldisbarátta Íra.
Forseti Íslands, sjá: Eiðstafur forseta Íslands, Kjörbréf forseta Íslands.
Forseti lávarðadeildar brezka þingsins, sjá Heimsókn brezkra þingmanna 2.
Forseti neðri deildar brezka þingsins, sjá Heimsókn brezkra þingmanna 3.
Forseti ráðs alþjóðaþingmannasambandsins, sjá Alþjóðaþingmannasambandið.
Forsætisráðuneytið, sjá: Húsnæði þingmanna, Tillögur, Vegamál 6.
Fólksflutningabifreiðar póststjórnarinnar, sjá Sérleyfisferðir póststjórnarinnar.
Framkvæmdanefnd fjárskiptanna í Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu, sjá Vegamál 7.
Framkvæmdastjóri íþróttasambands Íslands, sjá Íþróttasamband Íslands.
Framkvæmdastjóri Njarðar h.f., sjá Grænlandsveiðar 1.
Framkvæmdir á fjárskiptasvæðinu í Skagafirði austan Héraðsvatna, sjá Fjárskipti 11.
Framleiðsluráð, sjá Iðnaðarmálastjóri.
Framræsla á löndum ríkisins á Eyrarbakka. Oddviti Eyrarbakkahrepps fer fram á, að 30 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til framræslu á löndum ríkissjóðs á Eyrarbakka. — Bréf 19. apríl. (Db. 598).
Framræsla á löndum ríkisins á Stokkseyri.
1. Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps fer fram á, að 100 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til framræslu á löndum ríkisins á Stokkseyri. — Bréf 28. nóv. (Db. 68).
2. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., fer fram á, að 50 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til þurrkunar á löndum ríkisins á Stokkseyri. — Bréf 8. maí. (Db. 641).
3. Oddviti Stokkseyrarhrepps fer fram á, að 50 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til framræslu á löndum ríkisins á Stokkseyri. — Bréf 8. maí. (Db. 700).

— Sjá einnig Ræktunarvegur á Stokkseyri.
Framsagnarkennsla.
1. Fjmrn. sendir bréf Sigurðar Skúlasonar, dags. 6. ágúst, um 9 þús. kr. fjárveitingu til framsagnarkennslu. — Bréf 12. des. (Db. 158).
2. Sigurður Skúlason fer fram á, að honum verði í fjárl. fyrir árið 1950 veittur 9 þús. kr. styrkur til framsagnarkennslu. — Bréf 11. apríl. (Db. 558).

Freymóður Jóhannsson, sjá: Byggingarstyrkur til Freymóðs Jóhannssonar, Leiktjaldamálarastarf við þjóðleikhúsið.
Friðun Faxaflóa.
1. Bæjarráð Keflavíkur skorar á Alþingi að samþykkja till. Péturs Ottesens, þm. Borgf., um friðun Faxaflóa, með þeirri breytingu, samkvæmt óskum sjómanna og útgerðarmanna á Suðurnesjum, að flóinn verði friðaður innan línu frá Geirfuglaskerjum að Öndverðarnesi í stað línu frá Reykjanestá að Öndverðarnesi. — Bréf 6. maí. (Db. 651).
2. Hreppsnefnd Gerðahrepps skorar á Alþingi að samþykkja sömu þáltill. — Bréf 4. maí. (Db. 628).
3. 119 sjómenn og útgerðarmenn á Akranesi skora á Alþingi að samþykkja sömu þáltill. með þeirri breyt., að friðunarlínan verði dregin frá Geirfuglaskeri að Öndverðarnesi í stað línu frá Reykjanestá að Öndverðarnesi. — Bréf 6. maí. (Db. 671).

Friðun rjúpu.
1. Sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skorar á Alþingi að alfriða rjúpuna um nokkurra ára skeið. — Bréf 5. júlí. (Db. 8).
2. Umsögn menntmrn. um till. til þál. um friðun rjúpu. — Bréf 3. apríl. (Db. 551).

Friedlaender, Heinz Karl, sjá Ríkisborgararéttur.
Frílisti, sjá Aðstoð við bátaútveginn 1.
Fræðimannastyrkur. Arnór Sigurjónsson, bóndi á Þverá, sækir um 15000.00 kr. styrk til fræðistarfa. — Bréf 5. maí. (Db. 698).
Fræðslumálastjóri, sjá: Akstur skólabarna, Farkennaralaun 1, Skólabyggingar, Tillögur.
Fræræktt, sjá Kornyrkja.
Fulltrúaráð sjómannadagsins, sjá: Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Sjómannadagurinn 1.
Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík, sjá Gengisskráning 8.
Fullveldisbarátta Íra. Forseti írska þingsins sendir ályktun þess, samþykkta 10. maí 1949, um baráttu írsku þjóðarinnar gegn framhaldandi skiptingu Írlands. — Bréf 26. maí. (Db. 5).
Fundur norrænnar síldarmálanefndar. Atvmrn. sendir skýrslu Árna Friðrikssonar, fiskifræðings, um fund norrænu síldarmálanefndarinnar, er haldinn var í Kaupmannahöfn í nóvembermánuði s. l. — Bréf 24. febr. (Db. 422).
Fyrirhleðsla í Héraðsvötn, sjá Héraðsvatnafyrirhleðsla.
Fyrirhleðsla í Jökulsá í Lóni.
1. Samgmrn. sendir erindi vegamálastjóra, dags. 11. febr., um endurveitingu í fjárl. fyrir árið 1950 á 150 þús. kr. til fyrirhleðslu í Jökulsá í Lóni. — Bréf 3. marz. (Db. 451).
2. Vegamálastjóri sendir afrit af bréfi sínu til samgmrn., dags. 23. jan., um fjárveitingu til fyrirhleðslu í Jökulsá í Lóni. — Bréf 11. febr. (Db. 363).

Fyrirhleðsla í Meðallandi.
1. Jón Gíslason, þm. V-Sk., fer fram á, að 30 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til þess að endurbyggja stíflu í afrennslisskurð vatnanna hjá Steinsmýri í Meðallandi í V.-Skaftafellssýslu. — Bréf 3. marz. (Db. 447).
2. Vegamálastjóri svarar bréfi fjvn. varðandi erindi Jóns Gíslasonar, þm. V-Sk., um 30 þús. kr. fjárveitingu til þess að endurbyggja stíflu í afrennslisskurð vatnanna hjá Steinsmýri í Meðallandi í Vestur-Skaftafellssýslu. — Bréf 26. apríl. (Db. 604).

Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljót. Vegamálastjóri sendir skýrslu um kostnað við fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts árin 1936—49. — Bréflaust. (Db. 739).
Fyrirvinnumissir, sjá Lífeyristryggingar vegna fyrirvinnumissis.

Gagnfræðanám. Sýslunefnd Strandasýslu skorar á Alþingi að breyta lögum um gagnfræðanám í það horf, að ríkissjóður taki að sér rekstur héraðsskólanna að öllu leyti. — Bréf 9. maí. (Db. 687).
Garðyrkjuskólinn á Reykjum, sjá: Brunatjón nemenda garðyrkjuskólans á Reykjum, Tillögur.
Gengisskráning.
1. Alþýðusamband Íslands sendir ályktun þá, er samþykkt var á verkalýðsráðstefnu alþýðusambandsins, er haldin var dagana 12.—14. marz, varðandi dýrtíðarmál, launakjör, svo og frv. það til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., er nú liggur fyrir Alþingi. — Bréf 16. marz. (Db. 486).
2. Alþýðusamband Íslands tilkynnir, að það geti ekki í dag látið í té umsögn sína um sama frv., en segir, að Alþingi muni bráðlega fá að heyra frá verkalýðssamtökunum varðandi frumvarpið. — Bréf 1. marz. (Db. 435).
3. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir ályktun bæjarstjórnar, er samþykkt var með 5:1 atkv., þar sem mótmælt er sama frv. og skorað á Alþingi að fella það. — Bréflaust. (Db. 449).
4. Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur mótmælir 12. gr. sama frv.. — Bréf 17. marz. (Db. 493).

5. Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda skorar á Alþingi að breyta 11. gr. sama frv. þannig, að framleiðslutollurinn verði ekki innheimtur af taprekstri. — Símskeyti 17. marz. (Db. 491).
6. Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík mótmælir sama frv. — Bréf 14. marz. (Db. 480).
7. Fiskiðjuver ríkisins leggur til, að gerð verði breyting á sama frv., þess efnis, að síldarafurðir, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, verði undanþegnar framleiðslugjaldi. — Bréf 15. marz. (Db. 481).
8. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík mótmælir sama frv. og skorar á Alþingi að fella það. — Bréf 25. febr. (Db. 433).
9. Iðja, félag verksmiðjufólks, mótmælir sama frv. og skorar á Alþingi að fella það. — Bréf 18. marz. (Db. 494).
10. Landsbanki Íslands gerir grein fyrir tillögum sínum um greiðslu bóta á sparifé samkv. sama frv. — Bréf 16. marz. (Db. 483).
11. Nefnd, kosin á stjórnarfundi L. Í. Ú. 1. marz 1950, sendir tillögur til breytinga á sama frv. — Bréf 2. marz. (Db. 471).
12. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf., sendir ályktun iðnnemasambands Íslands, þar sem mótmælt er sama frv. og skorað á Alþingi að fella það. — Bréf 3. marz. (Db. 521).
13. Stéttarfélag barnakennara mótmælir sama frv. og skorar á Alþingi að fella það. — Bréf 12. marz. (Db. 473).
14. Umsögn bandalags starfsmanna ríkis og bæja um sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 442).
15. Umsögn félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda um sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 445).
16. Umsögn Landsbanka Íslands um sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 444).
17. Umsögn landssambands íslenzkra útvegsmanna um sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 439).
18. Umsögn stéttarsambands bænda um sama frv. — Bréf 2. marz. (Db. 446).
19. Umsögn sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 443).
20. Umsögn sölusambands ísl. fiskframleiðenda um sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 438).
21. Umsögn Útvegsbanka Íslands h.f. um sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 440).
22. Verkamannafélagið Dagsbrún mótmælir sama frv. og skorar á Alþingi að fella það. — Bréf 9. marz. (Db. 462).

— Sjá einnig: Áburðarverksmiðja 3, Námsmenn í Ameríku og Sviss, Námsmenn í Frakklandi, Námsmenn í Gautaborg, Námsmenn í Noregi, Námsmenn í Sviss, Strandferðir 1.

Gerðahreppur, sjá Sjóvarnargarður í Gerðahreppi 1.
Gerður Helgadóttir, sjá Námsstyrkir 3.
Gestsstaðir, sjá Þjóðjarðasala.
Gistihúsið í Fornahvammi. Samgmrn. sendir bréf vegamálastjóra, dags. 13. marz, um, að veittur verði 17 þús. kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1950 vegna rekstrar gistihússins í Fornahvammi. — Bréf 13. marz. (Db. 496).
Gísli Guðmundsson, sjá: Brúargerðir 5—6, Hraðfrystihús á Þórshöfn.
Gísli Jónsson, sjá Forföll þingmanns.
Gjaldeyrir til námsmanna, sjá: Námsmenn í Ameríku og Sviss, Námsmenn í Frakklandi, Námsmenn í Gautaborg, Námsmenn í Noregi, Námsmenn í Sviss.
Glímufélagið Ármann, sjá Fimleikaför til Svíþjóðar, Íþróttahátíð í Stokkhólmi 1, Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 7.
Góðtemplararegla í Reykjavík, sjá Templarahús í Reykjavík.
Grafarnes, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 3.

Grasafræðingur við Náttúrugripasafnið, sjá Jón biskup Arason.
Greindarþroski skólabarna, sjá Rannsókn á greindarþroska skólabarna.
Grettir, sjá Dýpkunarskipið Grettir.
Grjótaþorpið í Reykjavík, sjá Bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar.
Grænlandsveiðar.

1. Framkvæmdastjóri Njarðar h.f., Ísafirði, sendir greinargerð um fiskveiðar m/s Hafdísar við Grænland s. l. sumar og fer fram á, að skipverjum og eigendum þessa skips verði veitt sams konar aðstoð og síldarútvegsmönnum. — Bréf 16. jan. (Db. 333).
2. Ólafur Magnússon frá Ísafirði sendir afrit af bréfi sínu, dags. 20. jan., til ríkisstjórnarinnar, um þátttöku v/b Hafdísar, Ís 75, í Súðarleiðangrinum til Grænlands sumarið 1949, og brtt. 242 við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2250000.00 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar sumarið 1949. — Bréf 20. jan. (Db. 277, 278).

Grænmetisverzlun ríkisins, sjá Tillögur.
Guðmundur Björnsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 10.
Guðmundur Elíasson, sjá Námsstyrkir 4.
Guðmundur Gamalíelsson, sjá Leiðbeining íslenzkra ferðamanna í Kaupmannahöfn.
Guðmundur Í. Guðmundsson, sjá Varaþingmenn 1—3, 7, 9.
Guðmundur Jósafatsson, sjá Landbrot á ríkisjörð í Húnavatnssýslu 1.
Guðmundur Pálmason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 11.
Guðmundur Torfason, sjá Eftirgjöf á sölugjaldi af bifreið.
Guðný G. Jónsdóttir, sjá Kennarastyrkur.
Guðrún Á. Símonardóttir, sjá Námsstyrkir 5.
Gufunes, sjá Vegamál 18.
Gylfi Þ. Gíslason, sjá Íslenzk þjóðlög.
Gærur, sjá Verðuppbætur á gærur.

Hafnarbótasjóður.

1. Fjmrn. sendir greinargerð um viðskipti ríkissjóðs við hafnarbótasjóð til ársloka 1948. — Bréf 12. des. (Db. 158).
2. Samgmrn. sendir skrá um greiðslur úr hafnarbótasjóði árið 1949. — Bréflaust. (Db. 736).

Hafnargerðir og lendingarbætur.

1. Akranes. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á, að 640 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til hafnargerðarinnar á Akranesi, svo og að innt verði af hendi ógreidd framlög ríkissjóðs til hafnarinnar frá fyrri árum. — Bréf 9. febr. (Db. 364).
2. Eyrarbakki. Oddviti Eyrarbakkahrepps fer fram á, að 35 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til lendingarbóta á Eyrarbakka. — Bréf 16. apríl. (Db. 597).
3. Grafarnes. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf., sendir erindi hreppsnefndar Eyrarsveitar, dags. 10. jan., þar sem skorað er á Alþingi að veita í fjárl. fyrir árið 1950: 1) 250 þús. kr. til hafnargerðar í Grafarnesi, og 2) ríflega fjárhæð til Eyrarsveitarvegar. — Bréflaust. (Db. 396).
4. Haganesvík. Oddviti Haganeshrepps fer fram á, að veitt verði í fjárl. fyrir árið 1950 rífleg fjárhæð til lendingarbóta í Haganesvík. — Bréf 14. apríl. (Db. 584).
5. Hindisvík. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv., sendir erindi frá hafnarnefnd Hindisvíkur, dags. 3. jan., þar sem farið er fram á, að 80 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til bryggjugerðar í Hindisvík. — Bréf 20. jan. (Db. 268).

6. Hjallanes. Oddviti Fellsstrandarhrepps fer fram á, að 25 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til lendingarbóta á Hjallanesi þar í hreppi. — Bréf 6. des. (Db. 234).
7. Húsavík. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu fer þess á leit f. h. hreppsnefndar og hafnarnefndar Húsavíkurhrepps, að 300 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1950 til hafnargerðarinnar í Húsavík. — Bréf 10. jan. (Db. 209).
8. Siglufjörður. Áki Jakobsson, þm. Siglf., sendir erindi bæjarstjórans í Siglufirði, dags. 18. apríl, þar sem farið er fram á, að 300 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til hafnargerðarinnar í Siglufirði. — Bréf 22. apríl. (Db. 588).
9. Stjórn landshafnar Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa fer fram á, að í fjárl. fyrir árið 1950 verði veitt ríflég fjárhæð til landshafnarinnar. — Bréf 25. jan. (Db. 295).
10. Stokkseyri. Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps fer fram á, að 50 þús. kr. verði í fjárl. fyrir árið 1950 veittar til lendingarbóta á Stokkseyri. — Bréf 28. nóv. (Db. 67).
11. Stykkishólmur. Oddviti Stykkishólmshrepps sendir ályktun hreppsnefndar, þar sem skorað er á Alþingi að veita 200 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1950 til hafnargerðarinnar þar. — Bréf 14. apríl. (Db. 581).
12. Vestmannaeyjar. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að veita á þessu ári ríflegan styrk til hafnarframkvæmda þar og bent er sérstaklega á nauðsyn þess að dýpka innsiglinguna í höfnina. — Bréf 27. marz (Db. 541).
13. Vestmannaeyjar. Jóhann Þ. Jósefsson, þm. Vestm., sendir ályktanir bæjarstjórnar Vestmannaeyja, þar sem skorað er á Alþingi: 1) að veita ríflega fjárhæð til hafnargerðarinnar þar, 2) að taka Höfðaveg og veginn kringum Helgafell í tölu þjóðvega. — Bréf 29. marz. (Db. 543).
14. Vestmannaeyjar. Jóhann Þ. Jósefsson, þm. Vestm., sendir útskrift úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyja og fer fram á, að í fjárl. fyrir árið 1950 verði veitt ríflég fjárhæð til hafnargerðarinnar þar. — Bréf 24. apríl. (Db. 589).
15. Vita- og hafnarmálastjóri sendir tillögur um fjárveitingar í fjárl. fyrir árið 1950 til hafnargerða. — Bréf 17. marz. (Db. 738).
16. Vita- og hafnarmálastjórinn spyrst fyrir um fyrirkomulag skiptingar á framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta. — Bréf 13. jan. (Db. 252). — Sjá einnig Vegamál 7.

Hafnarlög.
1. Umsögn vita- og hafnarmálastjóra um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur. — Bréf 25. marz. (Db. 529).
2. Umsögn vita- og hafnarmálastjóra um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur. — Bréf 28. apríl. (Db. 622).

Hafnarnefnd Hindisvíkur, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 5.
Hafursá, sjá Tilraunastöðin á Hafursá.
Haganesvík, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 4.
Hagfræðingur Reykjavíkurbæjar, sjá Bygging íbúðarhúsa í Reykjavík.
Hagstofa Íslands, sjá Tillögur.
Halldóra Bjarnadóttir, sjá: Heimilisiðnaður, Tóvinnuskóli á Svalbarði.
Hallfríður Finnbogadóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 12.
Hallgrímur Helgason, sjá Íslenzk þjóðlög.
Handíða- og myndlistarskólinn. Fjmrn. sendir erindi menntmrn., dags. 9. maí, þar sem lagt er til, að veitt verði nokkurt fé í fjárl. fyrir árið 1950 til handíða- og myndlistarskólans, handíðadeildarinnar. — Bréf 9. maí. (Db. 724). — Sjá einnig: Kennaradeild handíða- og myndlistarskólans, Tillögur.
Hannibal Valdimarsson, sjá: Varaþingmenn 1—3, 7, 9.

Haraldur Ásgeirsson, sjá Sementsverksmiðja 3.
Haubold, Jóhanna, sjá Ríkisborgararéttur.
Haubold, Werner, sjá Ríkisborgararéttur.
Háskólalögin. Háskóli Íslands sendir eftirrit af bréfi, dags. 27. febr., til menntmrn. um tiltekna breytingu á háskólalögunum og fer fram á, að menntmn. Nd. flytji á yfirstandandi þingi frv. um það efni. — Bréf 13. marz. (Db. 484).
Háskóli Íslands. Háskólaritari sendir sundurliðun á öðrum gjöldum Háskóla Íslands samkvæmt reikningi fyrir árið 1949. — Bréflaust. (Db. 596). — Sjá einnig: Háskólalögin, Íslenzk orðabók, Landskiptalög, Tillögur.
Hegningarhúsið í Reykjavík, sjá Tillögur.
Heilaritunartæki.
1. Dómsmrn. sendir erindi dr. Helga Tómassonar, dags. 8. nóv., um 50—60 þús. kr. fjárveitingu í fjárl. fyrir árið 1950 til kaupa á heilaritunartæki. — Bréf 8. marz. (Db. 455).
2. Heilbrmrn. ítrekar fyrri tilmæli um, að 60 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til kaupa á heilaritunartæki. — Bréf 9. maí. (Db. 646).

Heilbrigðismálaráðuneytið, sjá Daggjaldahækkun ríkisspítalanna, Dánarvottorð og dánarskýrslur, Heilaritunartæki, Hjúkrunarskóli Íslands 1.
Heilbrigðismálastofnunin. Utanrrn. fer fram á, að framlag til heilbrigðismálastofnunarinnar verði hækkað í kr. 27500.00. Rn. leggur til, að gerðar verði tilteknar orðalagsbreytingar á 10.—12. lið 10. gr. III. í fjárlfrv. fyrir árið 1950. — Bréf 3. des. (Db. 83).
Heilsuhælið í Kristnesi, sjá Tillögur.
Heimilisiðnaður. Halldóra Bjarnadóttir sendir skýrslu um starfsemi sína í þágu heimilisiðnaðar á árinu 1949. — Bréf í jan. (Db. 400).
Heimilisvélar, sjá Hjálparstúlkur á heimilum.
Heimsókn brezkra þingmanna.
1. Forseti Ed. Alþingis tilkynnir, að Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv., hafi verið valinn af Framsóknarflokknum til Bretlandsferðar í boði brezka þingsins. — Bréf 18. maí. (Db. 714).
2. Forseti lávarðadeildar brezka þingsins býður Alþingi að senda tvo þingmenn í heimsókn til Bretlands. — Bréf í apríl. (Db. 695).
3. Forseti neðri deildar brezka þingsins sendir Alþingi kveðju málstofunnar í tilefni af heimsókn brezkra þingmanna til Íslands. — Bréf 7. júlí. (Db. 9).
4. Forseti neðri málstofu brezka þingsins býður Alþingi að senda tvo þingmenn í heimsókn til Bretlands. — Bréf í apríl. (Db. 694).
5. Utanrrn. sendir afrit af bréfi sendiráðs Íslands í London, dags. 20. okt., um þakkarbréf frá Alexander Anderson, M. P., fyrir bókagjafir frá Alþingi. — Bréf 24. okt. (Db. 26).
6. Utanrrn. sendir afrit af bréfi sendiráðsins í London, dags. 13. maí, þar sem spurzt er fyrir um það, hverja Alþingi hafi valið til að fara til Bretlands í boði brezka þingsins. — Bréf 17. maí. (Db. 712).
7. Utanrrn. sendir eftirrit af bréfi sendiráðs Íslands í London, dags. 19. ágúst, um þakkarbréf frá sir Basil Neven-Spence og bókasafni brezka þingsins. — Bréf 25. ágúst. (Db. 17).

Heimsókn Íslendinga í Danmörku, sjá Þorfinnur Kristjánsson.
Hekluferðir til Skotlands. Samgmrn. sendir erindi Skipaútgerðar ríkisins, dags. 30. des., um siglingar Heklu milli Glasgow og Reykjavíkur á næsta sumri og ferðaleyfi Íslendinga í því sambandi. — Bréf 18. jan. (Db. 248).
Helgafellssveitarvegur, sjá Vegamál 17.
Helgi Tómasson, sjá Heilaritunartæki.
Helicopterflugvél.
1. Dómsmrn. endursendir skjöl varðandi rekstur helicopterflugvélar. — Bréf 17. febr. (Db. 377).

2. Dómsmrn. sendir erindi Slysavarnafélags Íslands, dags. 17. sept., þar sem farið er fram á, að ríkið taki að sér rekstur helicoptervélar gegn því, að félagið kaupi hana. Rn. leggur til, að tilboðinu verði tekið. — Bréf 3. des. (Db. 75).
3. Elding Trading Company skrifar um afnot af helicoptervél til reynslu. — Bréf 17. jan. (Db. 239).
4. Skipaútgerð ríkisins sendir skýrslu um kostnað við reynslu á helicopterflugvél á árinu 1949. — Bréf 17. jan. (Db. 238).
5. Slysavarnafélag Íslands sendir afrit af skýrslu fulltrúa félagsins í slysavörnum á landi um nothæfni helicopterflugvélar og afrit af bréfi félagsstjórnar, dags. 15. sept., til ríkisstjórnarinnar um kaup flugvélarinnar. — Bréf 12. jan. (Db. 378).

Helsingfors, sjá Listsýning í Helsingfors.
Hermann Pálsson, sjá Námsstyrkir 6.
Hermóður, sjá Dýpkunarskipið Grettir.
Héraðsrafmagnsveitur ríkisins. Raforkumálastjóri sendir reikninga héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir árið 1949. — Bréflaust. (Db. 742).
Héraðsskólar, sjá Gagnfræðanám.
Héraðsvatnafyrirhleðsla.
1. Fjmrn. sendir bréf samgmrn., dags. 4. nóv., um 50 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til Héraðsvatnafyrirhleðslu. — Bréf 12. des. (Db. 158).
2. Samgmrn. sendir erindi vegamálastjóra, dags. 10. nóv., um 70 þús. kr. fjárveitingu til þess að framkvæma aðgerðir og styrkingu á Héraðsvatnafyrirhleðslunni hjá Vindheimum. — Bréf 18. nóv. (Db. 45).
3. Samgmrn. sendir erindi vegamálastjóra, dags. 23. jan., þar sem farið er fram á, að 120 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til Héraðsvatnafyrirhleðslu. — Bréf 24. jan. (Db. 290).

Hildur Jónsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 13.
Hindisvík, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 5.
Hinz, Elisabeth Dorothea Martha Auguste, sjá Ríkisborgararéttur.
Hirst, Karl Heinrich Moritz, sjá Ríkisborgararéttur.
Hitaveita fyrir Sauðárkrók. Þingmenn Skagfirðinga senda ályktun sýslunefndar, þar sem skorað er á Alþingi að hlutast til um, að á þessu ári verði veitt gjaldeyrisleyfi til byggingar hitaveitu fyrir Sauðárkrókskaupstað. — Bréflaust. (Db. 627).
Hjallanes, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 6.
Hjaltadalsá, sjá Brúargerðir 1.
Hjálmar Guðjónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 14—15.
Hjálparstúlkur á heimilum. Aðalfundur bandalags kvenna í Reykjavík skorar á Alþingi og ríkisstjórn: 1) að setja lög um störf, kjör og undirbúningsmenntun hjálparstúlkna á heimilum, 2) að láta nú þegar koma til framkvæmda l. nr. 44 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þá lýsir fundurinn ánægju sinni yfir frv. Kristínar Sigurðardóttur, 9. landsk. þm., um afnám skatta á heimilisvélum og skorar á Alþingi að afnema þá nú þegar og stuðla að innflutningi heimilisvéla. — Bréf 12. des. (Db. 113). — Sjá einnig Vinnuhjálp húsmæðra.
Hjúkrunarkonur, sjá Læknisvitjanastyrkir í sveitum 2.
Hjúkrunarkvennaskóli Íslands.
1. Heilbrmrn. sendir bréf landlæknis, dags. 14. marz, ásamt fundargerð skólanefndar hjúkrunarkvennaskólans um byggingu hjúkrunarkvennaskóla og leggur til, að 500 þús. kr. verði veittar í þessu skyni í fjárl. fyrir árið 1950. — Bréf 14. marz. (Db. 478).

2. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv., fer þess á leit, að 2500000.00 kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til byggingar hjúkrunarkvennaskóla. — Bréf 10. jan. (Db. 210).
3. Umsögn landlæknis um till. til þál. um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands. — Bréf 7. febr. (Db. 346).

Hljómsveitarstjórn. Jóhann Tryggvason sækir um styrk á fjárl. fyrir árið 1950 til þess að kynna sér hljómsveitarstjórn. — Bréf 23. marz. (Db. 564).

Hlutafélagið Shell, sjá Verðjöfnun á benzíni 2.

Hlutasjómenn, sjá Skattaívilnun fyrir hlutasjómenn.

Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins.
1. Atvmrn. leggur til, að framlag ríkissjóðs til hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins verði í fjárl. fyrir árið 1950 1300000.00 kr. — Bréf 12. des. (Db. 111).
2. Umsögn Fiskifélags Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. — Bréf 27. apríl. (Db. 609).

— Sjá einnig Aðstoð til síldarútvegsmanna.

Hlutatryggingasjóður sjómanna og útvegsmanna í Bolungavík.
1. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., fer fram á, að ríkisstjórninni verði í fjárl. fyrir árið 1950 heimilað að greiða hlutatryggingasjóði sjómanna og útvegsmanna í Bolungavík allt að 12 þús. kr. — Bréf 8. maí. (Db. 647).
2. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., sendir ályktun aðalfundar hlutatryggingasjóðs sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja fram komið frv. Sigurður Bjarnasonar, þm. N-Ísf., um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1948, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, þess efnis, að sjóðurinn í Bolungavík geti starfað áfram næstu 3 ár á sama grundvelli og undanfarið. — Bréf 2. maí. (Db. 652).
3. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., sendir ályktun aðalfundar hlutatryggingasjóðs sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík, þar sem skorað er á Alþingi að veita fé í fjárl. fyrir árið 1950 til tryggingasjóðsins á móti framlögum sjómanna og útgerðarmanna á árunum 1939—1943 og á yfirstandandi ári. — Bréf 2. maí. (Db. 653).

Holbæk, Sigrid Johanne Emilie, sjá Ríkisborgararéttur.

Hornafjarðarfljót, sjá Ferja á Hornafjarðarfljót.

Hornafjörður, sjá Ferjuhöfn í Hornafirði.

Hóladómkirkja, sjá Orgel í Hóladómkirkju.

Hólmsá, sjá Brúargerðir 2.

Hótel á Reykjavíkurflugvelli. Samgmrn. sendir bréf Ferðaskrifstofu ríkisins, dags. 18. jan., varðandi rekstur hótelsins á Reykjavíkurflugvelli ásamt bráðabirgðarekstrarreikningi hótelsins árið 1949. — Bréf 19. jan. (Db. 271).

Hraðfrystihús á Raufarhöfn, sjá Hraðfrystihús á Þórshöfn.

Hraðfrystihús á Þórshöfn.
1. Atvmrn. mælir með því, að orðið verði við beiðni Gísla Guðmundssonar, þm. N-Þ., í bréfi, dags. 30. jan., um að heimila í fjárl. fyrir árið 1950 að lána eða ábyrgjast lán, að upphæð 1220000.00 kr., til þess að fullgera hraðfrystihús Kaupfélags Langnesinga á Þórshöfn og hraðfrystihús h.f. Frosta á Raufarhöfn. — Bréf 22. febr. (Db. 406).
2. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ., fer fram á, að ríkisstjórninni verði í fjárl. fyrir árið 1950 heimilað að lána fé eða ábyrgjast 1220 þús. króna lán til þess að fullgera hraðfrystihús Kaupfélags Langnesinga á Þórshöfn og hraðfrystihús h.f. Frosta á Raufarhöfn. — Bréf 30. jan. (Db. 336).

Hrefna Ingimarsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 16—17.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, sjá Sveitarráðsmenn 1.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 3.

Hreppsnefnd Gerðahrepps, sjá Friðun Faxaflóa 2.

Hreppsnefnd Grafningshrepps, sjá Brúargerðir 9.
Hreppsnefnd Hrunamannahrepps, sjá Vegamál 8.
Hreppsnefnd Húsavíkur, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 7.
Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, sjá Vegamál 14.
Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps, sjá Sjóvarnargarður í Keflavík.
Hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps, sjá Vegamál 16.
Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, sjá Útsvör 2.
Hreppsnefnd Staðarsveitar, sjá Vegalög 1.
Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, sjá: Framræsla á löndum ríkisins á Stokkseyri 1, 3, Hafnargerðir og lendingarbætur 10, Sjóvarnargarður á Stokkseyri, Sveitarráðsmenn 2.
Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 11, Sveitarráðsmenn 3, Vegamál 10.
Hreppstjóri Súðavíkurhrepps, sjá Eftirlaun og styrktarfé 11.
Hrunamannahreppsvegur, sjá Vegamál 8—9.
Huginn h.f., sjá Útflutningur veiðiskipa.
Húsabætur á ríkisjörðum. Dómsmrn. sendir skýrslu yfir greiðslur til húsabóta á ríkisjörðum af fjárveitingu fjárl. 1949. — Bréf 31. des. (Db. 164).
Húsaleiga.
1. Umsögn fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um frv. Jörundar Brynjólfssonar, 1. þm. Árn., og Páls Þorsteinssonar, þm. A-Sk., um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu. — Bréf 17. febr. (Db. 427).
2. Umsögn leigjendafélags Reykjavíkur um sama frv. — Bréf 27. apríl. (Db. 731).

— Sjá einnig: Húsaleiga þingmanns, Húsnæði o. fl.
Húsaleiga þingmanns. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm., fer fram á, að þingfararkaupsnefnd úrskurði húsaleigureikning sinn fyrir októbermánuð. — Bréf 10. febr. (Db. 359).
Húsaleigunefnd Akureyrar, sjá Stóríbúðaskattur 3.
Húsaleigunefnd Ísafjarðar, sjá Stóríbúðaskattur 4.
Húsaleigunefnd Neskaupstaðar, sjá Stóríbúðaskattur 5.
Húsaleigunefnd Ólafsfjarðar, sjá Stóríbúðaskattur 6.
Húsaleigunefnd Reykjavíkur, sjá Stóríbúðaskattur 7.
Húsaleigunefnd Sauðárkróks, sjá Stóríbúðaskattur 8.
Húsaleigunefnd Seyðisfjarðar, sjá Stóríbúðaskattur 9.
Húsameistarafélag Íslands, sjá Skipulag kaupstaða og kauptúna 1—5.
Húsameistari ríkisins, sjá Tillögur.
Húsavík, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 7.
Húsmæðrafélag Reykjavíkur, sjá Vinnuhjálp húsmæðra 1.
Húsmæðrakennaraskólinn, sjá Tillögur.
Húsmæðraskólinn á Hallormsstað, sjá Læknisvitjanastyrkir í sveitum 2.
Húsmæðraskólinn í Hveragerði. Árný Filippusdóttir fer fram á, að henni verði í fjárl. fyrir árið 1950 veittur 25 þús. kr. styrkur til að standast kostnað af viðbyggingu við húsmæðraskólann í Hveragerði. — Bréf 12. jan. (Db. 220).
Húsnæði o. fl. Umsögn fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um frv. til l. um húsnæði o. fl. — Bréf 25. febr. (Db. 426).
Húsnæði þingmanna. Forsrn. svarar fyrirspurnum um leigu á herbergjum á Hótel Borg áður en þingmenn koma til þings og í þinghléi. — Bréf 13. jan. (Db. 242).
Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum.
1. Alþýðusamband Íslands svarar bréfi sjútvn. Nd., dags. 9. febr., um tiltekin atriði varðandi frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum. — Bréf 23. febr. (Db. 402).

2. Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda svarar bréfi sjútvn. Nd., dags. 9. febr., um tiltekin atriði varðandi sama frv. — Bréf 23. febr. (Db. 403).
3. Sjómannadeild verkalýðsfélags Akraness skorar á Alþingi að gera sama frv. að lögum á þessu þingi. — Bréf 8. apríl. (Db. 569).
4. Sjómannafélag Reykjavíkur sendir ályktanir aðalfundar félagsins, þar sem skorað er á Alþingi: 1) að samþykkja á yfirstandandi þingi sama frv., 2) að samþykkja fram komið frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, og 3) að láta undirbúa frv. til l. um vinnuvernd fyrir sjómannastéttina. — Bréf 1. febr. (Db. 326).

Hvítá á Hvítársíðu, sjá Brúargerðir 3.
Hækkun tolla af hýðislausum korntegundum, sjá Afnám tolla af heilum korntegundum.
Hæli fyrir börn og ungmenni á glapstigum. Fjmrn. sendir bréf menntmrn., dags. 7. nóv., um 400 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til byggingar hæla fyrir börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. — Bréf 12. des. (Db. 158).
Hæstiréttur, sjá: Meðferð einkamála í héraði 1, Tillögur.
Höfðavegur, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 13.

Iðja, félag verksmiðjufólks, sjá Gengisskráning 9.
Iðnaðarmannafélag Ísfirðinga, sjá Verðjöfnun á benzíni 1.
Iðnaðarmálastjóri.
1. Félag íslenzkra iðnrekenda sendir ályktanir ársþings félagsins: 1) þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja fram komið frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð, 2) þar sem talið er að senda beri félaginu til umsagnar mikilsverð lagafrumvörp, 3) um vöruvöndun iðnaðarins. — Bréf 15. maí. (Db. 704).
2. Samgmrn. tilkynnir, að það hafi skipað 5 manna nefnd til að athuga og gera tillögur um breytingar á frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð. — Bréf 14. marz. (Db. 476).
3. Umsögn samgmrn. um sama frv. — Bréf 1. febr. (Db. 323).

Iðnfræðsluráð. Samgmrn. sendir áætlun um kostnað við iðnfræðsluráð á árinu 1950. — Bréf 21. jan. (Db. 274).
Iðnnemasamband Íslands, sjá Afnám lögbindingar vísitölunnar 1.
Iðnskólar. Samgmrn. sendir iðnn. Nd. frv. til l. um iðnskóla og fer fram á, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 23. febr. (Db. 410).
Iðnskóli í Reykjavík, sjá Bygging iðnskóla í Reykjavík.
Ingibjörg Jónsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 18.
Ingólfur Arnarson, sjá Bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar.
Innflutningsáætlun, sjá Fjárfestingaráætlun.
Innflutningur búfjár.
1. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um viðauka við l. nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár. — Bréf 6. febr. (Db. 341).
2. Umsögn Dýralæknafélags Íslands um sama frv. — Bréf 29. nóv. (Db. 84).
3. Umsögn meiri hl. tilraunaráðs búfjárræktar um sama frv. — Bréf 20. des. (Db. 142).
4. Umsögn minni hl. tilraunaráðs búfjárræktar um sama frv. — Bréf 20. des. (Db. 143).

Innflutningur heimilisvéla.
1. J. Þorláksson & Norðmann svara fyrirspurn allshn. Sþ. um innflutning og dreifingu heimilisvéla. — Bréf 12. jan. (Db. 230).
2. Magnús Kjaran svarar fyrirspurn allshn. Sþ. um innflutning og dreifingu heimilisvéla. — Bréf 6. jan. (Db. 246).

3. Raftækjasalan h.f. svarar fyrirspurn allshn. Sþ. um innflutning og dreifingu heimilisvéla. — Bréf 13. jan. (Db. 225).
4. Samband íslenzkra samvinnufélaga svarar fyrirspurn allshn. Sþ. um innflutning og dreifingu heimilisvéla. — Bréf 17. jan. (Db. 244).
5. Umsögn Innkaupastofnunar ríkisins um brtt. á þskj. 104 við till. til þál. um innflutning heimilisvéla. — Bréf 23. jan. (Db. 284).

— Sjá einnig Hjálparstúlkur á heimilum.

Innflutningur nauðsynja. Aðalfundur Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, haldinn 23. apríl, skorar á Alþingi að samþykkja nú þegar lög, er tryggi neytendum frjálst val um það, hvar þeir kaupi nauðsynjar sínar. — Bréf 25. apríl. (Db. 600).

Innkaupastofnun ríkisins, sjá: Innflutningur heimilisvéla 5, Tillögur.

Íbúðarhús í Reykjavík, sjá Bygging íbúðarhúsa í Reykjavík.

Íbúðarhúsabyggingar Reykjavíkurbæjar. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi að veita íbúðarhúsabyggingum bæjarins fjárhagslegan stuðning eins og gert er ráð fyrir í l. nr. 44 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. — Bréf 3. sept. (Db. 19). — Sjá einnig Bygging íbúðarhúsa í Reykjavík.

Írland, sjá Fullveldisbarátta Íra.

Ísafjörður, sjá Vatnsveita Ísafjarðar.

Ísafoldarprentsmiðja, sjá Dansk-islenzk orðabók.

Íslandsdeild norræna búfræðifélagsins, sjá Búnaðarþing fyrir Norðurlönd.

Íslandshús í Osló. Utanrrn. sendir afrit af bréfi sendiráðs Íslands í Osló, dags. 31. jan., varðandi Íslandshús í Osló. — Bréf 7. febr. (Db. 345).

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn fer þess á leit, að félaginu verði í fjárl. fyrir árið 1950 veittur styrkur til starfsemi sinnar. — Bréf 10. jan. (Db. 325).

Íslenzk endurtrygging, sjá Lífeyristryggingar vegna fyrirvinnumissis.

Íslenzk orðabók. Menntmrn. sendir erindi háskólarektors, dags. 14. apríl, þar sem farið er fram á, að framlag ríkisins til samningar vísindalegrar orðabókar íslenzkrar verði hækkað í fjárl. fyrir árið 1950. — Bréf 3. maí. (Db. 630).

Íslenzk þjóðlög. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm., fer þess á leit, að Hallgrími Helgasyni, tónskáldi, verði í fjárl. fyrir árið 1950 veittur 12500 kr. styrkur til að safna íslenzkum þjóðlögum. — Bréf 20. marz. (Db. 511).

Íslenzkir ferðamenn í Kaupmannahöfn, sjá Leiðbeining íslenzkra ferðamanna í Kaupmannahöfn.

Ítök. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um ítök. — Bréf 3. apríl. (Db. 549).

Íþróttabandalag Reykjavíkur, sjá Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 2.

Íþróttafélag Reykjavíkur, sjá Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 7.

Íþróttafulltrúi, sjá: Íþróttasjóður 1, Tillögur.

Íþróttahátíð í Stokkhólmi.
1. Fjmrn. sendir afrit af erindi íþróttakennaraskóla Íslands og glímufélagsins Ármanns, dags. 17. apríl, þar sem farið er fram á, að 10 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 vegna þátttöku í Linghátíð í Stokkhólmi. — Bréf 8. maí. (Db. 729).
2. Sigríður Valgeirsdóttir fer þess á leit fyrir hönd skólastjóra íþróttakennaraskóla Íslands, að 9150.00 kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 vegna þátttöku kvennemenda íþróttakennaraskólans í Linghátíð í Svíþjóð sumarið 1949. — Bréf 4. maí. (Db. 666).

Íþróttakennaraskóli Íslands, sjá Íþróttahátíð í Stokkhólmi.

Íþróttanefnd ríkisins, sjá Íþróttasjóður 2—3.

Íþróttasamband Íslands fer fram á, að því verði veittur 20 þús. kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1950 til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra. — Bréf 20. jan. (Db. 291). — Sjá einnig: Fimleikaför til Svíþjóðar, Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 8, Sundmeistaramót Evrópu.

Íþróttasjóður.
1. Íþróttafulltrúi sendir tillögur um fjárveitingar í fjárl. 1950 til íþróttamála, svo og skýrslu um styrki úr íþróttasjóði árið 1949. — Bréf 18. okt. (Db. 24).
2. Íþróttanefnd ríkisins leggur til, að 970 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til íþróttasjóðs. — Bréf 25. apríl. (Db. 730).
3. Íþróttanefnd ríkisins sendir skýrslu um störf nefndarinnar og framkvæmd íþróttalaganna á árunum 1946—49. — Bréf 14. febr. (Db. 383).

Jakob Sigurðsson, sjá Leiðbeining íslenzkra ferðamanna í Kaupmannahöfn.
Jarðasala. Kirkjumrn. sendir erindi frá ábúendum nokkurra ríkisjarða um kaup á ábúðarjörðum þeirra. — Bréf 3. apríl. (Db. 553).
Jarðræktarlagafrumvarp. Landbrn. sendir tvö fjölrituð eintök af frv. til jarðræktarlaga ásamt greinargerð eins og nefnd sú, er skipuð var 11. júní 1947, skilaði því til rn. 11. des. s. á. — Bréf 3. des. (Db. 82).
Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Nd. brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og fer fram á, að nefndin flytji hana. — Bréf 8. marz. (Db. 460).
Jarðvinnsluvélar, sjá Landbúnaðarvélar.
Jóhann Jósefsson, sjá: Afnám skömmtunar á byggingarvörum, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, Fiskveiðaréttindi Færeyinga 1, Hafnargerðir og lendingarbætur 13—14, Skipbrotsmannaskýli á Faxaskeri 4—5.
Jóhann Tryggvason, sjá: Hljómsveitarstjórn, Tónlistarnám Þórunnar Jóhannsdóttur.
Jóhannes Bjarnason, sjá Áburðarverksmiðja 2.
Jóhannes Friðlaugsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 19.
Jóhannes Guðmundsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 20.
Jón E. Bergsveinsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 21.
Jón biskup Arason. Fjmrn. sendir: 1) erindi dóms- og kirkjumrn., dags. 25. nóv., um 10 þús. kr. fjárveitingu í tilefni af 400 ára dánarafmæli Jóns biskups Arasonar og sona hans, 2) erindi sama rn., dags. 29. nóv., um 100 þús. kr. hækkun á fjárveitingu til byggingar embættisbústaða dómara, 3) erindi menntmrn., dags. 25. nóv., um fjárveitingu til að launa grasafræðing við Náttúrugripasafnið. — Bréf 6. des. (Db. 89).
Jón Dúason, sjá Rit Jóns Dúasonar.
Jón Gíslason, sjá Áburðarverksmiðja 3, Eftirlaun og styrktarfé 13, Flóabátaferðir 11, Fyrirhleðsla í Meðallandi, Sandgræðsla í Meðallandi.
Jón Guðmundsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 22.
Jón Pálmason, sjá Borgarvirki.
Jón Sigurðsson, sjá: Brúargerðir 1, 7, Bygging barnaskóla í Lýtingsstaðahreppi, Fjárskipti 11, Hitaveita fyrir Sauðárkrók, Mjólkurbú á Sauðárkróki, Sýsluvegasjóðir, Vegamál 16.
Jón Stefánsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 23.
Jón H. Þorbergsson, sjá Bann gegn minkaeldi.
J. Þorláksson & Norðmann, sjá Innflutningur heimilisvéla 1.
Jökulsá hjá Brú, sjá Brúargerðir 4.
Jökulsá í Lóni, sjá Fyrirhleðsla í Jökulsá í Lóni.
Jörundur Brynjólfsson, sjá Framræsla á löndum ríkisins á Stokkseyri 2.

Karl Einarsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 24—25.
Kaupfélag Eyfirðinga, sjá: Mjólkursamlag Kaupfélags Eyfirðinga, Veitingaskattur.
Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, sjá Innflutningur nauðsynja.

Kaupfélag Skagfirðinga, sjá Mjólkursamlag á Sauðárkróki.
Kaupfélag Stykkishólms, sjá: Bjargráðasjóður, Flóabátaferðir 1.
Kaupfélag Stöðfirðinga, sjá Afnám skömmtunar á matvörum 2.
Kaupfélag Suður-Borgfirðinga, sjá Mjólkurbú á Akranesi.
Keflavík, sjá Sjóvarnargarður í Keflavík.
Keflavíkursamningurinn. Kvennafundur, haldinn á Akureyri 8. marz 1950, skorar á Alþingi og ríkisstjórn að segja upp Keflavíkursamningnum strax og ákvæði hans leyfa. — Bréf 9. marz. (Db. 526).
Keil, Max Robert Heinrich, sjá Ríkisborgararéttur.
Kennaradeild handíða- og myndlistarskólans. Skólastjóri handíða- og myndlistarskólans fer fram á, að 50 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til annarrar starfsemi skólans en kennaradeildanna. — Bréf 8. maí. (Db. 699). — Sjá einnig Handíða- og myndlistarskólinn.
Kennaraskóli Íslands, sjá: Stundakennsla í kennaraskólanum, Tillögur.
Kennarastyrkur. Guðný G. Jónsdóttir, fyrrv. kennslukona, spyrst fyrir um það, hvort það sé lögum samkvæmt að draga kennarastyrk þann, er henni hefur verið veittur, frá ellilífeyri hennar. — Bréf 23. des. (Db. 155).
Kirkjumálaráðuneytið, sjá Jarðasala.
Kjaran, Magnús, sjá Innflutningur heimilisvéla 2.
Kjerúlf, Sigríður, sjá Eftirlaun og styrktarfé 26.
Kjörbréf.
1. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., sendir kjörbréf sitt. — Bréf 4. jan. (Db. 174).
2. Erlendur Þorsteinsson, annar varauppbótarþingmaður Alþýðuflokksins, sendir kjörbréf sitt. — Bréf 5. des. (Db. 88).
3. Guðmundur Í. Guðmundsson, fyrsti varaþingmaður Alþýðuflokksins, sendir kjörbréf sitt. — Bréflaust. (Db. 216).
4. Magnús Kjartansson, fyrsti varaþingmaður Sameiningarflokks alþýðu — sósialistaflokksins —, sendir kjörbréf sitt. — Bréf 4. jan. (Db. 175).
5. Ólafur Björnsson, prófessor, sendir kjörbréf sitt. — Bréflaust. (Db. 690).
6. Símskeyti yfirkjörstjórnar N.-Múlasýslu um kosningu Sigurðar Vilhjálmssonar, 1. (vara)þm. N-M. — Símskeyti 8. marz. (Db. 513).

Kjörbréf forseta Íslands. Hæstiréttur sendir kjörbréf forseta Íslands, Sveins Björnssonar. — Bréf 18. ágúst. (Db. 16).
Knattspyrnufélag Reykjavíkur, sjá Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 7.
Knattspyrnufélagið Fram, sjá Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 7.
Knattspyrnufélagið Valur, sjá Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 7.
Knattspyrnufélagið Víkingur, sjá Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 7.
Kol h.f., sjá Kolaleit á Skarðsströnd.
Kolaleit á Skarðsströnd.
1. Kol h.f. fer þess á leit, að 150 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til þess að bora eftir kolum á Skarðsströnd. — Bréf 31. marz. (Db. 563).
2. Umsögn rannsóknaráðs ríkisins um styrkbeiðni h.f. Kol til borunar eftir kolum á Skarðsströnd. — Bréf 2. maí. (Db. 624, 727).

Kornyrkja. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings, þar sem skorað er á Alþingi að styrkja bændur, er hefja vilja kornyrkju eða frærækt, til kaupa á nauðsynlegum áhöldum í því skyni. — Bréf 12. ágúst. (Db. 14).
Kópavogshreppur, sjá Vatnsveita Kópavogshrepps.
Kreppulánasjóður bæjar- og sveitarfélaga. Búnaðarbanki Íslands fer fram á, að í fjárl. fyrir árið 1950 verði veitt 5477.22 kr. tillag til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga. — Bréf 17. apríl. (Db. 577).
Kristfjárjarðir. Umsögn félmrn. um till. til þál. um kristfjárjarðir. — Bréf 11. apríl. (Db. 560).
Kristín Sigurðardóttir, sjá: Hjálparstúlkur á heimilum, Kvenréttindafélag Íslands.

Kristjana V. Hannesdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 27.
Kristján Karlsson, sjá Orgel í Hóladómkirkju.
Kvenfélagasamband Íslands, sjá: Áfengisbann, Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 5, Vinnuhjálp húsmæðra 2.
Kvenfélagið Snót í Kaldrananeshreppi, sjá Áfengisbann.
Kvennafundur á Akureyri, sjá Keflavíkursamningurinn.
Kvenréttindafélag Íslands. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv., og Kristín Sigurðardóttir, 9. landsk. þm., fara þess á leit, að styrkur til Kvenréttindafélags Íslands verði í fjárl. fyrir árið 1950 hækkaður í 25 þús. kr. — Bréf 14. apríl. (Db. 575). — Sjá einnig: Almannatryggingar 2, Vinnuhjálp húsmæðra 3.

Lagadeild háskólans, sjá: Aukakennari við lagadeild háskólans, Byggingarlán, Landskiptalög.
Landbrot á ríkisjörð í Húnavatnssýslu.
1. Atvmrn. sendir erindi Guðmundar Jósafatssonar, dags. 27. des., um fjárveitingu í fjárl. fyrir árið 1950 til varnar landbroti af völdum Vatnsdalsár á ríkisjörðinni Saurbæ í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. — Bréf 21. febr. (Db. 394).
2. Umsögn vegamálastjóra um erindi atvinnumálaráðuneytisins, dags. 21. febr., þar sem farið er fram á, að 15—20 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til varnar landbroti af Vatnsdalsá á landi Saurbæjar í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. — Bréf 2. maí. (Db. 623).

Landbúnaðarráðuneytið, sjá: Brunatjón nemenda garðyrkjuskólans á Reykjum, Búfjártryggingar, Búrekstur og framkvæmdir í Skálholti, Jarðræktarlagafrumvarp, Landbúnaðarvélar, Staðarfellsskólinn, Tilraunabúið á Sámsstöðum, Trésmiðja ríkisins, Ættaróðal og erfðaábúð.
Landbúnaðarvélar.
1. Landbrn. leggur til: 1) að 500 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til kaupa á jarðvinnsluvélum og verkfærum, og 2) að veittur verði styrkur til skurðgröfukaupa. — Bréf 22. febr. (Db. 420).
2. Landbrn. vísar til fyrra bréfs þess til fjvn. um framlög úr ríkissjóði til kaupa ræktunarvéla og telur, að framlögin þurfi allt að því að tvöfaldast eins og nú sé komið verðlagi og gengi. — Bréf 13. apríl. (Db. 571). — Sjá einnig Áburðarverksmiðja 3.

Landhelgi, sjá Stækkun landhelginnar.
Landhelgisgæzla, sjá: Afskrift síldarverksmiðjunnar á Skagaströnd, Björgunarbátur við Norðurland, Strandferðir 3, Stækkun landhelginnar, Tillögur.
Landlæknir, sjá: Byggingarframkvæmdir ríkisspítalanna, Byggingarstyrkur til sjúkrahúsa, Hjúkrunarkvennaskóli Íslands 1, 3, Læknisbústaður á Reykhólum, Læknisvitjanastyrkir í sveitum 1, Skipun læknishéraða, Tillögur.
Landnámsstjóri, sjá Límvatn sem áburður 2.
Landsbanki Íslands, sjá: Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna 6, Gengisskráning 10, 16, Stofnlánadeild sjávarútvegsins 4.
Landsbókasafn Íslands, sjá Tillögur.
Landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 9.
Landskiptalög. Umsögn lagadeildar Háskóla Íslands um frv. til l. um breyt. á landskiptalögum, nr. 46 27. júní 1941. — Bréf 20. febr. (Db. 407).
Landssamband iðnaðarmanna sendir Alþingi til athugunar og fyrirgreiðslu tillögur varðandi gjaldeyris- og innflutningsmál, og tillögur um útvegun efnis og áhalda, er samþykktar voru á 11. iðnþingi Íslendinga. — Bréf 23. jan. (Db. 297). — Sjá einnig: Endurgreiðsla tolla af tilbúnum timburhúsum 2, Tillögur.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna, sjá: Aðstoð til síldarútvegsmanna, Aðstoð við bátaútveginn, Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna 4, 7, Gengisskráning 11, 17.
Landssíminn. Póst- og símamálastjórnin sendir afrit af bréfi, dags. 5. maí, til póst- og símamálaráðherra um eignabreytingar landssímans. — Bréflaust. (Db. 636).
Landssmiðjan, sjá Tillögur.
Landsútgáfan h.f., sjá Ríkisútvarpið 1.
Landþurrkun í Vestur-Landeyjum. Þorvaldur Jónsson fer fram á, að 10 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1950 til landþurrkunar og samgöngubóta í Vestur-Landeyjum. — Bréf 20. apríl. (Db. 590).
Lange, Jóhannes Magnússon, sjá Ríkisborgararéttur.
Laugarás í Biskupstungum, sjá Sumardvalarheimili fyrir börn.
Laun farkennara, sjá Farkennaralaun.
